

**ÚRSKURÐARNEFND
Í
VÁTRYGGINGAMÁLUM**

Samantekt úrskurða 2017

Síðast uppfært 4. júní 2018

Mál nr. 1/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar hestamannafélagsins L.

Kona datt af hestbaki 6.4.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11
2. Bréf V dags. 12.1.2017

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að hún hafi komið ríðandi á hesti út úr reiðhöll L þegar hesturinn beygði skyndilega og M datt af baki. M segist hafa verið að æfa sig að skeiðleggja hest í gegn um reiðhöll L og hafi æfingin verið skipulögð af L og starfsmenn félagsins séð um æfinguna. M segir að venjan sé sú að settar séu línur fyrir utan reiðhöllina til að vísa hestunum beina leið út úr höllinni á braut sem ætluð sé til niðurbætur, en í umrætt sinn höfðu engar slíkar línur verið settar upp og því hafi hesturinn beygt strax til hægri sem varð til þess að M féll af baki. M krefst bóta úr fjálsri ábyrgðartryggingu L hjá V vegna slyssins vegna vanbúnaðar á æfingu svo sem lýst er hér að framan. Af hálfu M er vísað til 1.mgr. 54.gr. reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 varðandi rekstur íþróttahúsa og lög og reglugerðir Landsambands hestamanna. Af hálfu M er m.a. byggt á því að það sé skylda starfsmanna L að setja tilskyldar línur við reiðhöll en þar sem þeir hafi ekki gert það beri þeir alla ábyrgð á slysi M. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til saknæmrar eða ólögætrar háttsemi L eða starfsfólks L. Þá mótmælir V því að umrædd æfing sem M tók þátt í hafi verið haldin eða skipulögð af L, en reiðhöllin hafi verið opin frá 19-22 á slysdegi og fólki í sjálfsveld sett hvort það nýtti sér þessa opnun eða ekki. L segir að um hafi verið að ræða lán á húsinu en ekki skipulagða æfingu á vegum L. Þá mótmælir L því að línur fyrir utan reiðhöllina séu settar upp og beri að setja upp við æfingar eins og þá sem M tók þátt í. Þá hafnar V því að ákvæði laga og reglugerða Landsambands hestamanna hafi verið brotnar. Loks vísar V til þess að M hafi sjálf sagt að umræddur hestur eigi það til að hlaupa út undan sér og fyrir liggja að M sé vanur hestamaður og reiðkennari að mennt og hafi áður notað reiðhöllina og sé kunnug aðstæðum.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að aðstæður hafi verið með þeim hætti að bótaskylda vegna þess að M datt af baki í umrætt sinn verði rakin til vanbúnaðar sem að L eða starfsfólk hans ber ábyrgð á. M hefur ekki sýnt fram á að S hafi borið að leggja línur fyrir utan reiðhöllina svo sem byggt er á í málsskoti eða að slíkar línur hefðu ráðið úrslitum til að koma í veg fyrir að hesturinn, sem M lýsir að eigi það til að hlaupa út undan sér, hefði ekki gert það í umrætt sinn með fyrrgreindum afleiðingum. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 7.2.2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 2/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er píanóleikari féll fram af sviði.****Gögn.**

1. Málskot, móttakið 3.1.2017, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 19.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 2. júní 2015 um kl. 11 að morgni gekk M, píanóleikari, um starfsmannainngang upp á svið í X til að búa sig undir tónleika sem áttu að hefjast í salnum kl. 12:15 á vegum A. Skuggsýnt mun hafa verið í salnum og tröppur sem hún gekk upp á sviðið munu vera færanlegar. Hún kvaðst hafa heilsað ljósamanni sem þarna var staddur og gengið áfram, en skyndilega hafi hún fallið fram af sviðinu um 1 m og hlotið við það áverka á öxl og baki.

M kveður að sérstaka viðvörunarborða, skærilitaða eða sjálflýsandi, hafa vantað á brún sviðsins. Telur M að A, vinnuveitanda hennar, hafi borið að sjá til þess að vinnustaður hennar væri þannig úr garði gerður að gætt væri fyllsta öryggis, góðs aðbúnaðar og hollustuhátta, sbr. nánar tilgreind ákvæði í lögum nr. 46/1980 um sama efni og tiltekin ákvæði í reglum nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. A hafi ekki tilkynnt um slysið til Vinnueftirlits ríkisins eins og bar að gera skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut við slysið. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Af fyrirliggjandi gögnum verður ekki ráðið að M hafi verið óvinnufær í kjölfar slyssins þannig að stofnast hafi skylda af hálfu A til tilkynna um slysið á grundvelli lagaákvæðis þessa. Skortur á fullnægjandi upplýsingum um tildrög slyssins og orsök þess verður því ekki metinn A í óhag fyrir þær sakir að slysið var ekki tilkynnt.

Engra viðhlítandi gagna nýtur við í málinu um verklag við lagningu viðvörunarborða á brún sviðsins í tengslum við æfingar á því eða þegar einhver viðburður fer þar fram. Þannig eru engin gögn um það í hvers verkahring það er að setja slíka borða eða hvenær þeir skulu settir. Að þessu virtu og gögnum málsins að öðru leyti verður ekki séð að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. Af því leiðir að tjón M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 3/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.

Maður slasaðist við vinnu sína þegar stigi brotnaði undan honum 23.3.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 3.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr.1-9
2. Bréf V dags. 23.1.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M sem er starfsmaður A var sendur til að sinna verkefni á Fáskrúðsfirði. Til að vinna það verk, sem hann var sendur til að vinna, þurfti hann að fara upp á loft og notaði til þess tréstiga sem var til staðar í húsinu. Við verkið brotnaði stigin undan M og hann slasaðist á öxl og upphandlegg. M krefst skaðabóta og byggir á því að A vinnuveitandi hans sé skaðabótaskyldur vegna þess tjóns sem hann varð fyrir skv. sakarreglunni og reglunni um vinnuveitendaábyrgð og vísar til ákvæða laga nr. 46/1980 varðandi skyldur atvinnurekanda í tengslum við öryggi starfsmanna. M bendir á að hann hafi í umrætt sinn verið undir boðvaldi A. M byggir jafnframt á því að hann hafi í umrætt sinn verið staddur á vinnustað þegar slysið varð sbr. 41. gr. laga nr. 46/1980.

V hafnar bótaskyldu og segir A ekki hafa neinn umráðarétt yfir húsnæðinu þar sem M var að vinna og geti ekki borið ábyrgð á vanbúnaði stigans sem um ræðir. M hafi sjálfur tekið þá ákvörðun að nota umræddan stiga án þess að vera undir fyrirmælum frá A. A segist ekki hafa haft neitt forræði á staðnum. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins og segir A að það skipti ekki máli þar sem ekki sé ágreiningur um málavexti.

Álit.

M var sendur á verkstað af vinnuveitanda sínum A til að sinna störfum sem rafvirki og þurfti M að nota stiga til að komast upp á háaloft í húsnæðinu til að huga að raflögnum. Stiginn sem M notaði var í ólagi og brotnaði undan M. Skyldur vinnuveitanda skv. VI. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum lúta m.a. að því að tryggja að vinnustaður sé öruggur og aðstæður góðar. A hafði engan umráðarétt yfir húsnæðinu þar sem M var að vinna í umrætt sinn og bar því ekki ábyrgð á þeim aðstæðum sem þar voru fyrir hendi, t.d. hvað varðar öryggi starfsmanna þar eða þeim tækjum sem þar voru fyrir hendi og M tók sjálfur ákvörðun um að nota. Þar sem A hafði ekkert með aðstæður á vinnustað að gera og það var ákvörðun M sjálfs að nota umræddan stiga þá ber A ekki ábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.2 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 4/2017**M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við þrif á heitu grilli í eldhúsi veitingastaðar þann 26. maí 2016.****Gögn.**

1. Málskot móttækið þann 9. janúar 2017 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V frá 11. janúar 2017, ásamt fylgiskjölum.
3. Tölvupóstur frá lögmanni M 31. janúar 2017.

Málsatvik.

M kveðst þann 26. maí 2016 hafa verið að þrifa grill á veitingastaðnum X í lok vaktar í samræmi við fyrirmæli sem hún fékk frá yfirmanni sínum. Hellti M blöndu af sápu og vatni á heita grillið með þeim afleiðingum að heitt vatn og sápa skvettist í andlit M. M leitaði á slysadeild Landspítalans eftir að hafa kælt andlit sitt vel í um hálf tíma. Var M greind með annars stigs bruna á höfði og hálsi.

M krefst skaðabóta úr hendi X á grundvelli sakarreglu skaðabótaréttar og meginreglunni um vinnuveitandaábyrgð, þ.e. að líkamstjóni M hafi verið valdið með saknæmri háttsemi af hálfu X og/eða starfsmanna X. Bendir M í fyrsta lagi á að öryggisráðstöfunum, verkstjórn og skipulagi hafi verið verulega áfátt. Í öðru lagi er á það bent að M hafi verið látin vinna við hættulegt tæki án nægilegrar þjálfunar og í þriðja lagi að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlits ríkisins. Því fór ekki fram nein rannsókn á aðstæðum á vettvangi. Lögreglan var heldur ekki kölluð á vettvang.

V hafnar skaðabótaskyldu X. Er vísað til þess að hefðbundið verklag sé að láta grillið kólna áður en þrifin hefjast. Þá sé sett ákveðið magn af hreinsiefni á grillið og óhreinindi nudduð af með viðeigandi búnaði. Leiðbeiningar um þrifin séu fyrir ofan grillið og fékk M leiðbeiningar frá samstarfsmönnum um verklag við þrif á grilli. Á staðnum sé að finna hlífðarbúnað sem nota á við þrifin, námskeið séu haldin reglulega og leiðbeiningar um notkun efnanna séu aðgengilegar öllum starfsmönnum. Verður því ekki fallist á að X beri ábyrgð á líkamstjóni M vegna slyssins.

Álit.

Það er meginregla í skaðabótarétti að sá sem krefst skaðabóta frá öðrum aðila vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir verður að færa sönnur á saknæma og ólögmetta háttsemi þess sem hann telur bera ábyrgðina.

X tilkynnti ekki um slysið til Vinnueftirlits ríkisins eða til lögreglunnar. Engar myndir eru af vettvangi til að styðjast við þegar framburðir eru metnir. Tvær yfirlýsingar frá starfsmönnum benda til þess að starfsmönnum, auk M, hafi verið kennt að þrifa grillið á meðan það var enn heitt. Hafi viðkomandi starfsmönnum verið kennt að þrifa grillið á einni vakt og eftir það var talið að þeir kynnu að þrifa grillið með fullnægjandi og öruggum hætti. Í báðum yfirlýsingunum er því haldið fram að engar leiðbeiningar hafi verið fyrir ofan grillið. Þessar tvær yfirlýsingar, svo og framburður M, eru í mótsögn við málatilbúnað X, en þar sem X sinnti ekki lögbundinni skyldu sinni um að tilkynna Vinnueftirlitinu um slysið fór engin rannsókn fram á orsökum þess. Verður X að bera hallann af því. Þar af leiðandi er lagt til grundvallar að M hafi ekki hlotið nægilega þjálfun við þrif á grillinu og það hafi leitt til þess að M varð fyrir líkamstjóni.

Samkvæmt framangreindu verður að teljast sannað að X eigi að bera bótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X.

Reykjavík, 7. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 5/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A.

Krafa um bætur úr slysatryggingu ökumanns vegna umferðaróhapps 5.5.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 18.9.2016 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðarinnar A á leið frá Neskaupsstað til Fáskrúðsfjarðar og misst stjórn á bifreiðinni og hún lenti utanveggar og segist M hafa slasast og leitað til læknis síðar sama dag og slysið varð. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A og segir að þrálátir bakverkir sem hann sé haldinn séu vegna umferðaróhappsins, en fyrir það hafi hann verið við góða heilsu. Augljóst sé að orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra bakverkja sem hrjá M nú. V hafnar bótaskyldu og telur ekki vera orsakatengsl á milli slyssins og bakverkja M. V vísar til umsagnar læknis sem M leitaði til, en í álitni læknisins kemur fram eftirfarandi: “Hryggskekkja á líklega stærstan þátt í hans bakverkjum. Bílslysið hefur mögulega gert einkenni verri. Það er þó ekkert myndrænt að finna sem bendir til þess.” V segir að M kvarti í fyrsta sinn yfir bakverkjum 9 mánuðum eftir slysið og sé hryggskekkja þá talin aðalorsök verkja M. Af hálfu V er einnig vísað til þess að engin samtímalæknisgögn liggi fyrir í málinu sem sýni hvenær þau einkenni sem eru að hrjá M í baki hafi fyrst komið fram.

Álit.

M krefst bóta úr slysatryggingu eiganda og ökumanns bifreiðarinnar A og byggir á því að hann sé með verki í baki sem hafi komið til eða magnast vegna slyssins sem hann lenti í þ. 5.5.2014. Fyrir liggur að M hefur verið greindur með hryggskekkju og hann leitar sannanlega ekki til læknis vegna bakverkja fyrr en um 9 mánuðum eftir slysið. Þá segir í umsögn læknis sem skoðaði M og lét taka röntgenmyndir af baki hans, að bílslysið hafi mögulega gert einkenni M verri, en það sé ekkert myndrænt að finna sem bendi til þess. Ekki er heldur að finna í umsögn læknisins neina sérstaka fullyrðingu um orsakasamband milli slyss M og þeirra verkja sem eru að hrjá hann nú. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er ekki sýnt fram á orsakatengsl á milli þeirra bakverkja, sem eru að hrjá M í dag og slyssins 5.5.2014. M á því ekki rétta á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A.

Reykjavík 14.2. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 6/2017**M/M1 og M/M2****og****vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar lögmanns.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tafa við þinglýsingu skjala í tengslum við sölu fasteignar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með bindandi kauptilboði, dags. 13. mars 2015, festu hjónin K1 og K2 kaup á einbýlishúsi (A) í eigu M. Fasteignasalan F annaðist milligöngu um sölu eignarinnar. Gengið var frá kaupsamningi vegna sölunnar 4. júní 2015. Með tölvubréfi M1 til lögmannsins L 2. júní 2015 fór M1 þess á leit við L að hann mætti með M2 á fyrirhugaðan fund 4. júní hjá F og yrði „henni til trausts og halds“ við undirritun kaupsamningsins, en M1 mun þá hafa verið fjarstaddur. L féllst á bón M1 og mætti hann á fundinn með M2. Á fundinum var auk undirritunar kaupsamnings m.a. gengið frá undirritun tveggja veðskuldabréfa útgefnum af K, hvoru að fjárhæð 28.350.000 krónur, og skilyrtu veðleyfi í tengslum við veðsetningu A fyrir skuldabréfunum. Á fundinum mun hafa komið í ljós að undirritun bankans B vantaði á veðleyfið. Daginn eftir, 5. júní, mun F hafa óskað eftir því við B að hann gæfi út veðheimild fyrir veðsetningunni. B mun hafa óskað eftir frekari upplýsingum hjá F varðandi útgáfu heimildarinnar en af ókunnum ástæðum dróst til 23. júlí að B veitti veðheimild fyrir sitt leyti. Hinn 29. júní var fyrrgreindum veðskuldabréfum vísað frá þinglýsingu af þeirri ástæðu að K sem þinglýstir eigendur A hafi ekki veitt samþykki sitt fyrir veðsetningu eignarinnar. Bréfunum mun svo hafa verið þinglýst 14. júlí eftir að K höfðu samþykkt veðsetninguna. Hinn 4. ágúst 2015 mun svo hafa verið gengið frá þeim kaupsamningsgreiðslum sem stöfuðu af útgáfu veðskuldabréfanna.

M telja að L hafi orðið á mistök í lögmannsstörfum sínum með því að hann hafi ekki gætt þess á kaupsamningsfundinum 4. júní 2015 að K undirrituðu veðskuldabréfin með fullnægjandi hætti þannig að þau væru tilbúin til þinglýsingar og að fullklárað veðleyfi hafi ekki legið fyrir, þar sem veðheimild af hálfu B hafi vantað. Kom M1 kvörtun á framfæri við úrskurðarnefnd lögmanna 14. apríl 2016. Með úrskurði nefndarinnar 23. september 2016 var komist að þeirri niðurstöðu að aðfinnsluvert hafi verið af L að gæta ekki að því að undirskriftir vantaði á skuldabréf á kaupsamningsfundi sem hann sótti fyrir hönd M1 ásamt eiginkonu hans. Í forsendum úrskurðarins kemur og fram að á téðum kaupsamningsfundi hafi komið í ljós að eftir væri að afla veðleyfis frá B og ekki hefði verið rétt af L að setja fundinn í uppnám eða óska eftir frestun hans þar til veðleyfið lægi fyrir.

Með bréfi 16. október 2016 var af hálfu M krafist bóta úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V vegna þess tjóns sem þau telja sig hafa orðið fyrir vegna mistaka þeirra mistaka sem L hafi orðið á við frágang veðskuldabréfanna og veðleyfisins á kaupsamningsfundinum 4. júní 2015 eins áður er getið. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að á margnefndum kaupsamningsfundi 4. júní 2015 lá fyrir að hið skilyrta veðleyfi var ekki fullfrágengið að því leyti að samþykki B vantaði. F tók að sér að afla samþykkisins og hóf það verk strax daginn eftir. L hafði enga ástæðu til að vantreysta starfsmönnum F, þ. á m. löggiltum fasteignasölum hennar, til að afla samþykkis B án ástæðulausrar tafar án þess að það myndi valda M óþægindum eða tjóni. Er því ekki tilefni til að virða það L til sakar þótt samþykki B hafi ekki legið fyrir þegar kaupsamningurinn var undirritaður. Á hinn bóginn verður að telja það til yfirsjónar af hálfu L að hafa ekki gætt þess þegar gengið var frá kaupsamningnum og öðrum skjölum í tengslum við kaupsamninginn að þau væru undirrituð af öllum aðilum þannig að þau væru tilbúin til þinglýsingar athugasemdalaust. Kann L því að bera skaðabótaábyrgð gagnvart M svo fremi að þau hafi orðið fyrir tjóni af völdum þessarar yfirsjónar. Telja verður ljóst samkvæmt gögnum málsins að M hafi undirritað fyrrgreind skuldabréf og þau legið fyrir þinglýst án

athugasemda 14. júlí 2015 eða níu dögum áður en samþykki B fékkst fyrir hinu skilyrta veðleyfi. Sú töf var ekki á ábyrgð L. Að öllu athuguðu verður ekki séð að sú töf sem varð á þinglýsingu veðskuldabréfanna og rekja má til framangreindrar yfirsjónar L hafi valdið M fjártjóni sem L getur borið ábyrgð á. Af þeim sökum eiga M ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V..

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála vegna ágreinings um ákvarðanir um greiðslu meðlags.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 2.1.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 17.1.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M eigi í ágreiningi við Innheimtustofnun sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins vegna ákvarðana um meðlagsgreiðslur hans vegna dóttur hans. Upphaflega var gert samkomulag milli M og barnsmóður hans á árinu 2006 um forsjá og meðlagsgreiðslur. Á árinu 2011 breyttust forsendur þess samkomulags og í október það ár var gerð sértök áætlun í samráði við barnaverndaryfirvöld um að dóttir M myndi búa hjá honum og að móðir greiddi meðlag til M á meðan. Frekari ágreiningur átti sér síðan stað um lögheimili barnsins sem leiddi til þess að umræddar stofnanir litu svo á að M væri skylt að greiða meðlag á sama tíma og dóttir hans bjó hjá honum. Telur M að umræddar ákvarðanir þeirra stofnana hafi ekki verið lögmætar, þær hafi m.a. ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni og önnur atvik sem ekki er ástæða til að rekja frekar.

M telur að greiðsluskylda vegna málskostnaðar í máli sem hann hyggst höfða sé þess eðlis að hann falli undir gildissvið fjölskyldutryggingar V. M bendir á að ekki sé um að ræða ágreining vegna hjónaskilnaðar eða sambúðarslita eins og orðalag undanþáguákvæðis í gr. 25.4 vísi til heldur sé um að ræða ágreining um stjórnvaldsákvörðun.

V telur að sá ágreiningur sem krafa M byggir á sé þess eðlis að hann falli undir gildissvið undanþáguákvæðis í gr. 25.4 þar sem komi fram eftirfarandi orðalag: „*Váttryggingin bætir ekki málskostnað sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Sama gildir um mál vegna sambúðarslita og önnur mál sem varða ágreining um forræði barna, umgengnisrétt og fadernismál.*“ Þar sem ágreiningur sé um meðlagsgreiðslur sé slíkur ágreiningur alltaf í samhengi við sambúðarslit og ágreiningum forsjá barns. Þess vegna geti V ekki fallist á greiðsluskyldu í málinu.

Álit.

Í inngangi fyrir málskostnaðartrygginguna í váttryggingarskilmálum V segir í upphafi að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Þá segir í gr. 25.1 í skilmálunum að váttryggingin bæti málskostnað sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í greinum 25.2 til 25.14 eru tilgreind tilvik sem eru undanþegin bótaskyldu úr váttryggingunni, sbr. orðalag gr. 25.4 hér að ofan. Þegar lítið er til atvika þessa máls verður ekki annað séð en að aðstæður þær er leiddu til þess að meðlagsgreiðslur frá M til barnsmóður sinnar áttu að falla niður hafi verið á grundvelli sérstakrar áætlunar á vegum barnaverndaryfirvalda, en ekki vegna ágreinings um forræði. Ekki verður heldur séð að hjónaskilnaður eða eftir atvikum sambúðarslit sem virðast hafa átt sér stað á árinu 2006 hafi verið grundvöllur þess fyrirkomulags sem komið var á á árinu 2011 og leiddi af sér samskipti M við þær stofnanir sem hann hyggst nú höfða mál gegn. Í ljósi þess að um undanþáguákvæði váttryggingarskilmála er að ræða verður það ekki túlkað með víðtækari hætti en orðalag þess nær til. Brestur V skilyrði til að beita gr. 25.4 gagnvart M í málinu og á hann því rétt til bóta úr málskostnaðartryggingu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Tjón á bifreið 28.1.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 10.1.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 12.1.2017, ásamt tjónstilkynningu, tölvupóstsamskiptum starfsmanna V og X og tölvupóstsamskiptum starfsmanna V og X.

Ódagsettar athugasemdir M.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að bifreið M var ekið inn á Kringlumýrarbraut frá bílplani framan við Grand hótél, þegar bifreiðin lenti ofan í holu á bílplaninu og skemmdist.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið sinni þar sem hola sú sem bifreið M var ekið í hafi verið margviðgerð og starfsmenn X hafi því átt að hafa vitað af holunni og þeirri hættu sem af henni skapaðist fyrir umferð bíla. Þess vegna hafi verið um vanrækslu starfsmanna X að ræða að hafa ekki gert nægar ráðstafanir til að tryggja að hægt væri að aka um bílplanið án hættu.

V bendir á að veghaldari vegar beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni vegfarenda heldur sé kveðið á um bótaábyrgð veghaldara í 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 þar sem komi fram að ábyrgðin stofnist ekki nema veghaldari hafi sýnt gáleysi við veghaldið og sannað sé að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. V telur að M beri sönnunarbyrði um að slíkt gáleysi hafi verið til staðar hjá starfsmönnum X og að slík sönnun hafi ekki tekist.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst um það hvort aðstæður á bílplani við hótélbyggingu X hafi verið þannig að X hafi bakað sér skaðabótaábyrgð þegar M ók ofan í holu á bílplaninu sem leiddi til tjóns á bifreið hennar. Í málinu liggur fyrir að forsvarsmenn X segjast ekki hafa vitað af umræddri holu, það hafi verið snjór yfir öllu umræddan dag og í tjónstilkynningu eru myndir af aðstæðum á vettvangi þann 28. janúar 2016 sem staðfesta snjóinn. Sá sem heldur því fram að annar beri skaðabótaábyrgð á tjóni hans verður að sýna fram á að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu uppfyllt. Í þessu tilviki er það M sem ber sönnunarbyrðina fyrir því að aðstæður hafi verið ófullnægjandi á bílplani hans. Verður slík ábyrgð ekki byggð á almennum ályktunum um ástand gatna í höfuðborginni eða óstaðfestum upplýsingum um vitneskju starfsmanna. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M hallann af sönnunarskortum um að aðstæður hafi verið ófullnægjandi. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 9/2017
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar

Gildissvið fasteignatryggingar vegna tjóns á óskráðri viðbyggingu.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 25.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5

Málsatvik.

M tók fasteignatryggingu hjá V og þá hafði verið byggð 20 fermetra viðbygging við fasteignina. M segir í gögnum málsins að það hafi verið gert með vitneskju stjórnvalda en gögn varðandi stækkunina hafi vegna mistaka ekki verið send Þjóðskrá, sem sjái um skráningu gagna í fasteignaskrá. Vatnstjón varð á húsnæði M og náði það tjón til umræddrar viðbyggingar. Bætti V tjónið á húsinu sjálfu en neitaði að greiða fyrir tjón sem varð á viðbyggingunni og taldi viðbygginguna ekki rúmast innan brunabótamats eignarinnar en það sé það sem skilgreini gildissvið fasteignatryggingar.

M telur að fasteignatrygging hans nái til alls húsnæðisins, einnig til viðbyggingarinnar, enda hefði matsmaður frá V skoðað húsið og viðbygginguna áður en V samþykkti að selja honum fasteignatryggingu og vátryggingarsamningur taki því til alls húsnæðisins.

V hafnar bótaskyldu hvað varðar viðbygginguna en viðurkennir bótaskyldu hvað varðar aðalbygginguna og vísar til gildissviðs í vátryggingarskilmálum þar sem vísað er til þess gildissviðs lögboðinnar brunatryggingar fasteigna. Það þýði að gildissvið fasteignatryggingar sé það sama og umræddrar brunatryggingar og það nái til þess hluta fasteignar sem falli undir brunabótamat, eins og það sé skráð hjá opinberum aðilum eins og í fasteignaskrá Þjóðskrár. V segir að þó svo að matsmaður frá félaginu hafi skoðað húsnæðið og viðbygginguna þá sé slíkt almenn skoðun á ástandi fasteignar og V treysti opinberum upplýsingum um stærð og gerð fasteignar og M hafi borið skylda til að skrá umrædda viðbyggingu til þess að hún væri hluti af brunabótamati eignarinnar og upplýsa V um hana til þess að fasteignatryggingin taki til hennar.

Álit.

Í inngangi vátryggingaskilmála fasteignatryggingar V er gildissviði vátryggingarinnar lýst þannig að þar segir að vátryggingin taki „*til húseignar þeirrar eða hluta húseignar sem skráð er á vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun ásamt fylgifé, sem fellur undir lögboðna brunatryggingu húseignarinnar, þó ekki til girðinga né loftneta.*“ Við túlkun á orðalagi þessa ákvæðis verður að líta til þess að ekki er skýr tilvísun til þess að gildissvið vátryggingarinnar sé afmarkað við þann hluta húseignarinnar sjálfrar sem fellur undir lögboðna brunatryggingu heldur verður að skilja orðalagið þannig að sú tilvísun sé einungis bundin við fylgifé húseignarinnar. Með hliðsjón af þessu orðalagi er ekki hægt að túlka vátryggingarsamning M við V öðruvísi en svo að umrædd viðbygging, sem var skoðuð sérstaklega án athugasemda fyrir töku tryggingarinnar af matsmanni á vegum V, sé hluti af húseign M sem slíkri. Orðalag vátryggingarskilmála um að fylgifé húseignarinnar þurfi að vera þess eðlis að það falli undir lögboðna brunatryggingu breytir þessu ekki og verður V að bera hallann af því orðalagi vátryggingarskilmálanna. Ekki verður heldur séð að tjón það sem varð á húseign M verði rakið til utanaðkomandi breytinga á vátryggðri áhættu sbr. 24. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M á því rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fasteignatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.2. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 10/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.

Fyrning bóta kröfu vegna umferðarslyss 25.11.2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.1.2016 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 24.1.2017

Málsatvik.

M krefst bóta vegna slyss sem hún varð fyrir sem farþegi í lítilli hópferðabifreið, þar sem öryggisbelti var í ólagi. Bifreiðin lenti utan vegar og segist M hafa kastast til og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A. V bendir á að í matsgerð sem fyrir liggur í málinu dags. 25.7.2016 komi fram að hægt hefði verið að meta afleiðingar slyssins ári eftir slysið eða 25.11.2010. V vísar til 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem segir að allar bóta kröfur eins og þær sem hér ræðir um fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. V segir að hægt hefði verið að meta afleiðingar slyssins 25.11.2010 og því hafi fyrningarfrestur byrjað að líða um áramótin 2010/2011 en í síðasta lagi 2011/2012 og krafan því fyrnd í síðasta lagi um áramótin 2015/2016. V segir að slysið hafi fyrst verið tilkynnt félaginu 11.12.2015, en slík tilkynning rjúfi ekki fyrningarfrest með sama hætti og málshöfðun. V telur því að atvikið sé fyrnt og M eigi ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Í matsgerð þeirra Ingvars Sveinbjörnssonar hrl. og Leifs N. Dungal læknis kemur fram að tímabært hefði verið að meta afleiðingar slyss M ári eftir annað slys sem hún lenti í á árinu 2010. Í 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að kröfur fyrnist á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem tjónþoli fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Verður sá tímunktur talinn vera í allra síðasta lagi um áramótin 2011/2012, eða 5. júní 2011, sem er ári eftir það slys sem vísað er til hér að ofan. Krafa M fyrnist því í síðasta lagi fjórum árum seinna, eða um áramótin 2015/2016. Af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík 14.2 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 11/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar líkamsræktarstöðvar (A).****Kona varð fyrir meiðslum er trissa á „gravity bekk“ féll á enni hennar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 12. maí 2016 var M í líkamsrækt í líkamsræktarstöðinni A og lá í svokölluðum „gravity bekk“. Unnt er stilla halla bekksins með því að stilla hæð höfðalags bekksins í þremur hæðum á einhvers konar standi sem er komið fyrir aftan sjálfan bekkinn. Er þá höfðalaginu lyft upp eða niður og það fest í ákveðinni stöðu með því að skorða það ofan í sérstöku haki fyrir hverja hæðarstillingu. Mun bekkurinn hafa fallið niður og við féll 250 gr þungt hjól eða trissa niður á enni M og varð hún fyrir meiðslum.

M kveðst hafa verið í hóptíma þegar slysið varð og leiðbeinandi hafi verið til staðar. Hún hafi mátt treysta því að bekkurinn væri í lagi og ekki þurft að vænta þess að tæki sem er notað undir stjórn og undir handleiðslu þjálfara falli niður og valdi líkamstjóni. A taki gjald fyrir aðgang líkamsræktarstöðinni. Því sé eðlilegt að gerðar séu ríkar kröfur til slíkra rekstraraðila um að viðhafa ráðstafanir til að hindra að viðskiptavinir slasi sig í tækjum stöðvarinnar. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sem hún hlaut við atvikið úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu V er því haldið fram að höfðalagið hafi í umrætt sinn ekki verið skorðað nógu vel ofan í hakinu og af þeim sökum hafi bekkurinn fallið niður. Við það hafi trissan sem er notuð í ákveðnum æfingum hrokkið upp úr sérstakri rauf að ofanverðu á fyrrgreindum standi og fallið ofan á enni M. Hefur V hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin rannsókn liggur fyrir um orsakir þess að bekkurinn féll niður og trissan datt á enni M. Hvað sem því líður verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins að tilefni sé til að ætla að slysið verði rakið til bilunar í tækinu eða skorts á eftirliti af hálfu leiðbeinanda eða annarra starfsmanna A með notkun tækisins. Eins og mál þetta liggur fyrir þykir ekki hafa verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 13/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við grisjun skógar 15.6.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 3.1.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 19.1.2017, ásamt tímaskýrslu og athugasemdum X.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningum sem liggja fyrir í málinu til Sjúkratrygginga Íslands og Vinnueftirlits ríkisins er atvikum slyss M lýst þannig að hann hafi fengið trjábol í bakið. Í málskoti er haft eftir M að hann hafi verið að bera 40 kg. trjádrumb með samstarfsmanni sínum hjá X og hafi þeir verið að leggja trjádrumbinn á kerru þegar samstarfsmaðurinn hafi misst drumbinn úr höndunum þannig að hann hafi runnið úr kerrunni og á M, sem þá hafi staðið um tvo metra frá kerrunni. Í málinu liggur einnig fyrir að M leitaði til læknis um viku eftir umrætt atvik og lýsti atvikum þá á svipaðan hátt.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyssins þar sem óforsvaranlegt hafi verið af hálfu X að láta starfsmenn bera svona þungar byrðar auk þess sem slysið megi rekja til aðgæsluleysis samstarfsmanns M og verkstjóra. Einnig telur M að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu til Vinnueftirlitsins skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 og skv. dómaframkvæmd verði því að leggja lýsingu M af atvikum málsins til grundvallar við mat á sönnun atvika.

V telur að lýsing M á atvikum málsins geti vart staðist og sé ólíklegt að trjádrumbur hafi getað lent á baki M ef hann stóð í tveggja metra fjarlægð frá kerrunni. Það séu því engin efni til þess að ætla að X beri skaðabótaábyrgð vegna slyss M. Einnig bendir V á að M hafi mætt til vinnu eftir atvikið og þannig hafi tilkynningarskylda til Vinnueftirlitsins ekki stofnast.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlitsins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Ekki liggur fyrir að M hafi orðið óvinnufær strax og af læknisvottorðum verður ekki annað séð en að hann leiti fyrst til læknis nokkrum dögum eftir atvikið. Eins og hér stendur á verður ekki talið að X hafi vanrækt skyldur sínar samkvæmt nefndu lagaákvæði þannig að á hann verði felld sönnunarbyrði um málsatvik að því marki sem þau kunna að vera umdeild. Þegar litið er til atvika í heild og þeirra athafnaskyldna sem hvíldu á X skv. lögum nr. 46/1980 og reglum þeim tengdum, verður ekki séð að óhapp það, sem virðist hafa leitt til þess að M fékk trjádrumb í bakið, hafi verið vegna vanrækslu á skyldum X eða gáleysi samstarfsmanns M heldur vegna óhappatilviks sem X ber ekki ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við útkeyrslu á vörum á veitingastað 9.12.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 11.1.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 23.1.2017, ásamt mynd úr Austurstræti.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var að keyra út vörur fyrir vinnuveitanda sinn, sem er heilðsölufyrirtæki ásamt samstarfsmanni sínum. M kveðst nýlega hafa hafið störf og hafi því notið leiðsagnar umrædds samstarfsmanns sem hafi vísað honum á að fara með vörur sem tilheyrðu veitingastaðnum X niður stiga inni í húsnæði X og inn í eldhús. Þegar M hafi verið á leið niður stiganum með stóran brúsa af matarolíu í fanginu hafi hann runnið í bleytu í stiganum og hlotið líkamstjón.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum tjóns M þar sem aðstæður hafi verið ófullnægjandi og að starfsmenn X hafi ekki gætt að almennum fyrirmælum laga nr. 46/1980 varðandi öryggi og hættulausar aðstæður á vinnustöðum. Umræddur stigi hafi verið hættulegur og hafi starfsmaður X borið á vettvangi um að kvartað hafi verið yfir stiganum áður. Einnig bendir M á að þær leiðbeiningar sem M fékk um að nota stiganum, en ekki vörulyftu væri vegna þess að hann hefði fengið upplýsingar um að vörulyftan bilaði gjarnan og hafi starfsmenn X ekki gert athugasemdir við að M notaði stiganum í greint sinn. M bendir einnig á að forsvarsmenn X hafi ekki gert ráðstafanir til að tilkynna slys M til Vinnueftirlitsins og verið því að bera hallann af sönnunarskorti vegna atvika málsins.

V telur ósannað að aðstæður hafi verið ófullnægjandi af hálfu X og vísar sérstaklega til þess að ekki sé ætlast til þess að vöruflytningar um þann stiga sem M féll í heldur með sérstakri vörulyftu sem ætluð er til slíks. Aðgengi að vörulyftunni sé auðvelt og ekki komi fram staðfestar upplýsingar um að hún hafi verið ónothæf. V bendir einnig á að ekki sé sannað að starfsmenn X hafi vitað um bleytu í umræddum stiga eða að sýnt sé að stigin sé of brattur eða ekki í samræmi við lög og reglur. V hafnar því greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst aðallega um það hvort aðstæður til vöruflytninga í veitingastað X hafi verið þannig að það hafi skapast sérstök hættu fyrir starfsmenn annarra fyrirtækja að skila af sér vörum til X. Í gögnum málsins er vísað sérstaklega til þess að X hafi gert þannig ráðstafanir að hægt væri að nota vörulyftu þegar verið væri að flytja vörur inn á veitingastaðinn. Verður ekki annað ráðið en að sú aðferð hafi verið tæk fyrir M og leiðbeiningar um að fara um stiga með byrði hafi ekki komið frá starfsmönnum X. Verður ekki séð að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 15/2017
M
og
vátryggingafélagið V v/ greiðslukortatryggingar.

Hvarf muna úr golfbíl á golfvelli erlendis.

Gögn.

Málskot, móttakið 9.1.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 20.1.2017.

Málsatvik.

Að morgni 30. október 2016 var M við golfiðkun á golfvelli nálægt Torreveja á Spáni. Í lokuðu hólfu í golfpoka sínum geymdi M m.a. armbandsúr sitt, farsíma og fjarlægðarmæli (Golf Buddy), en pokann hafði hún í golfbíl sem hún hafði til afnota. Að leik loknum hafi hún uppgötvað að þessir munir voru horfnir úr pokanum. M vissi ekki hvenær munirnir hafi horfið úr pokanum eða hver hafi gert það. Sést hafi til manns á 14. holu sem grunur lék á að hefði verið að verki án þess þó að nokkuð væri hægt að fullyrða um það. Kveður M að golfvöllurinn sé lokaður og aðeins þeim sem hafa greitt vallargjald er heimill aðgangur að vellinum.

M hefur krafist bóta vegna þeirra muna sem stolið var úr golfpokanum úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar sem hún hafði í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í gr. 5.1 í vátryggingarskilmálum greiðslukortatryggingarinnar segir að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum m.a. af völdum þjófnaðar, en einnig segir í ákvæði þessu að skilyrt sé að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða. Í gr. 5.5 er kveðið á um sérstakar varúðarreglur sem gilda um þennan lið vátryggingarinnar og þannig segir í gr. 5.5.2 að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Þá er þess getið í gr. 5.6 í skilmálunum að skylt sé að fara eftir varúðarreglum sem mælt er fyrir um í skilmálunum. Sé varúðarreglunum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt þessu ákvæði laga nr. 30/2004 getur félagið þó ekki borið fyrir sig að varúðarreglu hafi ekki verið fylgt ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari lagagrein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í gögnum málsins var munum stolið úr lokuðu hólfu í golfpoka M sem hún hafði komið fyrir í golfbíl sem hún hafði til umráða á golfvellinum. Hún vissi ekki hvar á golfvellinum þjófnaðurinn átti sér stað og hann uppgötvaðist ekki fyrr en að leik loknum. Þótt golfvöllurinn kunni að hafa verið lokaður verður ekki fram hjá því litið að talsverður fjöldi fólks hefur verið á ferli innan vallarins. Jafnframt verður við það að miða að golfpokinn hafi ekki verið í auglýsni M þegar mununum var stolið. Í ljósi þessa verður að telja að M hafi skilið hina stolnu muni eftir eftirlitslausa á almannafæri og af þeim sökum tókst þjófnum að fremja brot sitt. M braut því gegn fyrrgreindri varúðarreglu í gr. 5.5.2 í vátryggingarskilmálunum og telst sök hennar vera nokkur. Samkvæmt þessu og með vísan til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 373/2015 getur V takmarkað ábyrgð sína að fullu. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr farangurstryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr farangurstryggingarlið greiðslukortatryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 16/2017**M og
vátryggingafélagið V v. farangurstryggingar****Tjón á farangri 4.9.2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 11.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
2. Bréf V dags. 30.1.2017 ásamt fylgiskjölum 1-5.
3. Tölvupóstur V dags. 13.2.2017 ásamt tjónstilkynningu M og kvittunum.

Málsatvik.

M ferðaðist með fjögur svokölluð lithium-batterí í farangri sínum þegar hann var á leið heim frá Kanada. Tollurinn í Kanada skildi eftir miða á tösku M um að þeir hefðu skoðað tösku hans og eftir það voru batteríin ekki lengur í töskunni.

M krefst bóta úr farangurstryggingu sinni hjá V og segir að ekkert liggi fyrir um að batteríin hafi verið fjarlægð af yfirvöldum og engin þar hafi kannast við að svo hafi verið gert og því sé ósannað að batteríin hafi verið fjarlægð af tollayfirvöldum.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að skv. tilkynningu kanadískra tollyfirvalda á töskunni komi fram að innihald tösku M hafi verið skoðað og eftir skoðun hafi heimill farangur verið settur í töskuna aftur. V segir að almennt gildi takmarkanir á að hafa lithium-batterí í farangri í flugsamgöngum. V telur að þetta tilvik falli undir gr. 16.13 í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin bæti ekki tjón vegna eignaupptöku, kyrrsetningar og svipaðra aðgerða opinberra aðila. Í þessu tilviki hafi batterí verið fjarlægð en annar farangur látinn ósnertur og því sé augljóst að aðgerðir kanadískra tollyfirvalda, sem opinberra aðila, hafi verið þær að fjarlægja batteríin úr töskunni. Umrædd undanþága eigi því ótvírætt við.

Álit.

Í tjónstilkynningu sem M undirritar segir að tollurinn í Kanada hafi farið í tösku hans og fjögur lithium-batterí hafi verið fjarlægð úr töskunni. Ekki er staðfest í skýrslu eða yfirlýsingu frá kanadískum yfirvöldum um að þau hafi fjarlægt batteríin. Hins vegar verður að líta til þess að M segir í tjónstilkynningu sinni að opinberir aðilar hafi fjarlægt batteríin úr tösku sinni og miðað við gögn málsins er ekki öðrum aðilum til að dreifa hvað það varðar. Engin önnur skýring liggur fyrir á því að batteríin hurfu úr farangri M. Eins og gögn málsins liggja fyrir verður því ekki annað séð en að um sé að ræða atvik sem falli undir eignaupptöku og/eða kyrrsetningu opinberra aðila, í þessu tilviki kanadískra tollyfirvalda, og á M því ekki rétt á bótum úr farangurstryggingu sinni hjá V sbr. undanþáguákvæði í gr. 16.13 í vátryggingaskilmálum farangurstryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr farangurstryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 21.2. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 17/2017
M
og
vátryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóra.

Ágreiningur um fyrningu bótakröfu á hendur byggingarstjóra.

Gögn.

Málskot, móttakið 12.1.2017, ásamt fylgigögnum og tölvupósti dags. 27.1.2017.

Bréf V, dags. 26.1.2017, ásamt fokheldisúttekt dags. 18.8.2006, dómi Hæstaréttar í máli nr. 1/2015 og úrskurði nefndarinnar í máli nr. 178/2016.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins keypti M húseignina Finnsbúð 11 í Þorlákshöfn á árinu 2014 og eftir það hafi hann orðið var við galla í húseigninni vegna uppsetningar steinklæðningar sem hann hyggst krefja byggingarstjóra um skaðabætur vegna. Í málinu liggur einnig fyrir fokheldisúttekt dags. 18. ágúst 2006 þar sem kemur fram að húsið hafði þá verið í byggingu og metið fokhelt. Byggingarstjóri við bygginguna var S sem hafði lögmælt starfsábyrgðartryggingu hjá V. Lokaúttekt vegna byggingarinnar virðist ekki hafa farið fram í kjölfar þess að húsið var tekið í notkun.

M telur að hann eigi rétt á skaðabótum vegna þeirra framkvæmda sem hann þarf að fara í til að lagfæra húseign sína og vísar hann til matsgerðar sem gerð hafi verið um sams konar húseign þar sem S hafi einnig verið byggingarstjóri. M telur að ákvæði laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda eigi við um kröfu hans en ekki eldri lög nr. 14/1905 þar sem hann hafi ekki haft vitneskju um kröfu sína fyrir en í fyrsta lagi á árinu 2014 þegar hann keypti húseignina. Einnig vísar M til þess að hann hafi verið í samskiptum við starfsmann V vegna málsins og hafi félagið ekki borið fyrir sig fyrningu í þeim samskiptum og sé því of seint að gera það nú.

V hefur hafnað bótakröfum M m.a. á grundvelli fyrningar þar sem húseign M hafi verið byggð á árinu 2006 eða fyrir og metin fokheld í ágúst það ár. Þá hafi lög nr. 14/1905 gilt um fyrningu bótakrafna og nái gildissvið þeirra því til þeirra skaðabótakrafna sem M telur sig eiga í lögmælt starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Álit.

Svo sem áður greinir mun húseign M hafa verið byggð þannig að hún var fokheld á árinu 2006 og tekin þá í notkun. Samkvæmt 3. mgr. 51. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, sem í gildi voru þegar byggingarframkvæmdirnar stóðu yfir, bar byggingarstjóri ábyrgð á því að byggt væri í samræmi við samþykktu uppdrætti, lög og reglugerðir. Af dómaframkvæmd, sbr. m.a. 118. gr. þág. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, mátti ráða að jafnframt hvíldi á byggingarstjóra skylda til að hafa yfirumsjón og eftirlit með byggingarframkvæmdunum, sem hann stýrði, þar á meðal með því að iðnmeistarar, sem komu að verkinu fyrir atbeina hans, sinntu skyldum sínum og að framkvæmdin væri tæknilega og faglega fullnægjandi. Með saknæmri vanrækslu á þessum skyldum félli skaðabótaábyrgð á byggingarstjóra. Þó ekki liggi formlega fyrir lokaúttekt verður ekki annað ráðið en þær framkvæmdir sem ábyrgð S sem byggingarstjóra kann að taka til hafi farið fram í síðasta lagi á árinu 2006 er húseignin var tekin í notkun, auk þess sem á sama tíma mátti það, sem úrskaiðis fór við byggingarframkvæmdirnar og ábyrgð S gat tekið til, vera húseigendum ljóst. Skaðabótakrafa á hendur S fynnist á 10 árum, sbr. 2. tölul. 4. gr. þág. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Skaðabótakrafa M á hendur V er því fallin niður og hefur tilkynning til V um mögulega kröfu ekki þau áhrif að fyrningarrestur rofni.

Samskipti þau sem M átti við starfsmann V áður en formleg krafa var sett fram virðist snúast að málskostnaðartryggingu fjölskyldu- eða fasteignatryggingar og hafa þau samskipti ekki áhrif á niðurstöðu nefndarinnar.

Niðurstaða.

Krafa M um skaðabætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans S hjá V er fyrnd.

Reykjavík, 14. febrúar 2017

Bóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2) v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða við Borgarveg - Spöngina, Reykjavík 15.01.2017.

Gögn.

1. Málskot, mótttekið 15.1.2017 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V-2, dags. 18.1.2017
3. Bréf V-1, dags. 30.1.2017 ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið inn í hringtorgið frá Spönginni og út á fyrstu útkeyrslu vestur Borgarveg. Bifreið B var ekið á undan. Árekstur varð er ökumaður B tók u-beygju strax eftir að hann var kominn út úr hringtorginu í því skyni að snúa við. Ók ökumaður A aftan á B er B hemlaði til að taka u-beygjuna.

Ökumaður A kveðst hafa ekið sömu leið og B, sem hafi hægt skyndilega á sér um leið og komið var út úr hringtorginu og tekið u-beygju. Hann hafi því lent með hægra framhorn sitt á vinstra afturhorni B. M, sem var ökumaður B, kveðst hafa áttað sig á því að vera á rangri leið og hafi því tekið u-beygju strax er hann kom út úr hringtorginu. Hann hafi ekki séð nein ökutæki vera að koma úr gagnstæðri átt og heldur ekki fyrir aftan sig. Skyndilega hafi A verið ekið á vinstra afturhorn B. Telur M að A hafi verið ekið gríðarlega nálægt sér. Í málskoti M kemur jafnframt fram að hann telji það vítavert gáleysi af hálfu ökumanns A að aka svo nálægt B. Alltaf eigi að halda góðu bili á milli bifreiða. Telur hann að alla sök eigi að leggja á ökumann A.

Í bréfi V-2 til nefndarinnar kemur fram að félagið telji að rétt sé að leggja alla sök á ökumann A þar sem A hafi verið ekið allt of nálægt B, sbr. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í bréfi V-1 til nefndarinnar kemur fram að þar sem áreksturinn hafi orðið séu akreinar aðgreindar með svokölluðu bannsvæði, sem er svæði á vegi eða götu sem ekki er ætlað umferð eða stöðu ökutækja, sbr. 30. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995. Í kjölfar bannsvæðisins sé svo að finna heila óbrotna miðlínu sem gefur til kynna að hættuleg sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til., sbr. 24. gr. a í framangreindri merkjareglugerð. V-1 telur að M hafi snúið ökutæki sínu án þess að ganga úr skugga um að það hafi verið unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra og hafi því brotið gegn 1. og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Hann hafi jafnframt ekið yfir svokallað bannsvæði milli akreina við enda umferðareyju og ekið yfir óbrotna hindrunarlínu, sem hvort tveggja er brot á framangreindum ákvæðum merkjareglugerðar. Þá hafi ökumaður A hagað akstri sínum með þeim hætti að ekki verði sýnt fram á að áreksturinn megi rekja til sakar hans. Því sé rétt að leggja alla sök á M.

Álit.

M tók u-beygju strax eftir að hann kom út úr hringtorgi. Við það hemlaði hann skyndilega og ók yfir bannsvæði og óbrotna hindrunarlínu, sem er óheimilt nema brýna nauðsyn beri til, sbr. 24. og 30. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995. Jafnframt gætti M ekki nægjanlega að umferð sem á eftir kom en honum bar að ganga úr skugga um að u-beygjan væri möguleg án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 58/1987. Ekki hefur verið sýnt fram á að áreksturinn verði rakinn til atvika sem ökumaður B ber ábyrgð á og því ber að leggja alla sök á M, sem var ökumaður B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 21.2.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar fjölskylduþryggingar.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna líkamstjóns 19.12.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 11.1.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 31.1.2017, ásamt gögnum.

Tölvupóstur M, dags. 16.2.2017.

Málsatvik.

M ritaði undir tjónstilkynningu til V 12. janúar 2016 þar sem eftirfarandi kemur fram: „Fékk aðsvif og datt fram fyrir sig, m.a. á andlitið.“ Í slysavottorði tannlæknis dags. 19. janúar 2016 kemur fram að M hafi fengið aðsvif og dottið á andlitið.

M gerir kröfu um bætur úr slysátryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V og telur að ekkert í gögnum málsins bendi til einhvers konar innri veiklunar. Auk þess bætir M við í skýringum í tölvupósti dags. 16. febrúar sl. að orsakir falls síns séu óljósar og hún hafi ekki sjálf fyllt út tjónstilkynningu til V heldur dóttir hennar. Einnig bendir M á að hún eigi enga sögu um að hafa fengið aðsvif oft og eigi því frekar að njóta vafans vegna atvika málsins en V og vísar til langrar viðskiptasögu við félagið. Auk þess gagnrýnir M mistök sem V varð á í bréfasendingum V til sín.

V telur að sannað sé af gögnum málsins að orsök þess að M hafi fallið hafi verið sú að hún fékk aðsvif. Slíkan atburð telur V ekki falla undir skilgreiningu í vátryggingarskilmálum slysátryggingar fjölskylduþryggingar M. Þar komi fram skilgreining á slysi sem felur í sér að það þurfi að vera um að ræða skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða og atvik þau sem leiddu til meiðsla á líkama M hafi ekki verið vegna utanaðkomandi atburðar heldur megi rekja þau til innra ástands í líkama M sem leitt hafi til aðsvifs. Það sé almennt ekki talið til utanaðkomandi atburðar í skilgreiningu á umræddu slyshugtaki og því falli atvikið utan vátryggingaverndar M hjá V.

Álit.

Í 4. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um þá slysátryggingu sem hér er til skoðunar segir að félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, ef það m.a. leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Þá kemur fram í 3. gr. skilmálanna að með huktakinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Í máli þessu snýst ágreiningur aðila um það hvort M hafi fallið í gólfið og orðið fyrir meiðslum af völdum utanaðkomandi atburðar þannig að um slys hafi verið að ræða í skilningi vátryggingarskilmálanna.

M segist sjálf ekki skýringu á því hvers vegna hún féll í gólfið, en í tjónstilkynningu kemur fram að hún hafi fengið aðsvif. Í læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki ráðið með ótvíræðum hætti hver hafi verið orsök fallsins en þó er einnig vísað til aðsvifs í þeim gögnum. Þá verður ekki annað ráðið en M hafi ekki verið með yfirliðatilfinningu í aðdraganda þess að hún féll eða haft önnur einkenni sem gátu verið fyrirboðar fallsins. Ekki verður fram hjá því horft að M varð fyrir meiðslum er hún skyndilega féll í gólfið og náði ekki að bera hendur fyrir sig og sjálf hefur hún gefið þá skýringu að trúlega hafi hún fengið aðsvif. Þegar til þessa er litið verður að telja líkur þess að fallið megi rekja til ástands í líkama hennar svo yfirgæfandi að nægilega telst sannað að fallið verði rakið til þess. Að svo vöxnu verður ekki talið að M hafi fallið í gólfið af völdum utanaðkomandi atburðar. Hún hefur því ekki hlotið meiðslin vegna slyss í skilningi vátryggingarskilmálanna. Hún á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 24/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar launþega X.****Hugtakið „slys“ vegna líkamstjóns 26. nóvember 2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 17.1.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 13.2.2017, ásamt gögnum, þ.m.t. höfnunarbréf V dags. 18.4.2016, tjonstilkynning dags. 26.1.2016 og skýrsla vinnuveitanda dags. 26.3.2016.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjonstilkynning til V, undirrituð af M, dags. 26.1.2016, þar sem atvikum að líkamstjóni hans er lýst þannig: „Var í vinnu við steypu – teygir sig í ca 30 kg fötu og virðist hafa slitið short-head á h-beseyps vöðva.“ Í skýrslu vinnuveitanda dags. 26.3.2016 kemur fram svipuð lýsing af atvikum. Í síðari tjonstilkynningu, sem lögmaður M sendi til V með tölvupósti, kemur fram sú lýsing að M hafi verið staðsettur á vinnupalli og hafi verið að taka á móti fötu sem var í steypa og þegar samstarfsmaður M hafi rétt M fötuna þá hafi komið slinkur á handlegg M, með þeim afleiðingum að sin í vöðva hægri handleggjar slitnaði.

M telur að enginn vafi leiki á því að hann hafi slasast í skilningi váttryggingarskilmála V og vísar til þess að sá utanaðkomandi atburður sem leitt hafi til líkamstjónsins hafi verið sá slinkur sem komið hafi á handlegg hans vegna um 30 kg steypufötu sem hann hafi tekið við. Vegna þessa þunga hafi leysts úr læðingi kraftur sem hafi leitt til þess að fatan leitaði niður til jarðar. M telur að leggja eigi lýsingu hans af atvikum til grundvallar en ekki þá lýsingu sem vinnuveitandi hans sendi inn til V.

V telur að leggja verði fyrstu lýsingar af atburðinum til grundvallar við sönnun atvika og telur ekki sýnt að utanaðkomandi atburður hafi leitt til líkamstjóns M. V telur auk þess ekki sýnt að nokkuð óvænt hafi komið upp í atburðarásinni þegar M hafi átt að taka við steypufötunni sem vísað sé til.

Álit.

Í váttryggingarétti er orðið slys gjarnan skýrt sérstaklega í váttryggingarskilmálum váttryggingafélaga með þeim hætti að atvik þurfi að vera þannig að um sé að ræða skyndilegan, utanaðkomandi atburður sem valdi meiðslum á líkama váttryggðs og gerðist án vilja hans. Slík skilgreining kemur fram í gr. 1.2 í skilmálum slysáttryggingar launþega hjá V. Í þessu máli verður ekki litið framhjá tilkynningu sem M skrifar undir um að hann hafi verið að teygja sig þegar hann hlaut líkamstjón. Sú lýsing sem síðar kemur til hnekkir ekki umræddri lýsingu atvika, enda liggur ekki fyrri önnur lýsing atvika, t.d. frá þeim sem voru á staðnum þegar M varð fyrir líkamstjóni. Verður, við þessar aðstæður og þau gögn sem liggja fyrir, ekki annað séð en að líkamstjón M hafi orðið vegna innra ástands í líkama hans en ekki vegna utankomandi atburðar. Atvikið fellur því ekki undir hugtakið slys í skilningi váttryggingarskilmálanna og telst því ekki bótaskyld úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 25/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna greiðslukortatryggingar.****Gildissvið forfallatryggingar vegna forfalla í ferð 10.-20. október 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 16.1.2017, ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V, dags. 25.1.2017.

Málsatvik.

M greiddi staðfestingargjald til ferðaskrifstofu þann 18. september 2016 vegna fyrirhugaðar ferðar erlendis með brottfarardegi 10. október 2016. Ferðin var afþöntuð 3. október sama ár vegna veikinda M. Í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar um að M hafi leitað til kvensjúkdómalæknis í byrjun ágúst sama ár vegna óþæginda í grindar- og kviðarholi og farið í viðtal hjá öðrum kvensjúkdómalækni í byrjun september, auk þess sem tími í tiltekna aðgerð hafi verið pantaður, vegna grunar um að orsakir óþæginda M hafi verið svokallað Rectotale (endaþarmssig). Í váttryggingarskilmálum greiðslukortatryggingar M kemur fram í gr. 6.2.1 að félagið bæti ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem váttryggður þjáðist af og/eða var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

M telur að gildissvið forfallatryggingar hennar eigi að ná til endurgreiðslu ferðakostnaðar og vísar til þess að hún hafi ekki verið í meðferð vegna þeirra veikinda sem leiddu til forfalla í ferð þegar staðfestingargjald í ferðina var greitt. Enginn sjúkdómur hafi verið greindur hjá henni þó grunsemdir hafi verið um tiltekna ástæður óþæginda og hún hafi verið einkenna laus þegar umrædd ferð hafi verið þöntuð. Einnig bendir M á að þó tími í aðgerð hafi verið pantaður í ágúst hafi það verið gert til öryggis vegna langs biðtíma en ekki vegna þess að sjúkdómur hafi verið greindur eða slík meðferð hafi í raun verið ákveðin. Einnig bendir M á að hún hafi farið í umrædda aðgerð í nóvember sl. og komið hafi í ljós að hún breytti því ekki að svipuð einkenni séu enn til staðar. M telur því að undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum eigi ekki við.

V vísar til fyrrnefnds undanþáguákvæðis og telur að læknisheimsóknir M í byrjun ágúst og september, áður en staðfestingargjald var greitt, sýni að hún hafi átt við veikindi að stríða.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M leitaði til lækna vegna óþæginda í byrjun ágúst og september 2016. Hún pantaði ferð til útlanda 18. september sama ár, sem þurfti svo að afpanta 3. október. Af læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að þau óþægindi sem M leitaði læknis vegna áður en hún pantaði ferðina hafi verið sambærileg þeim sem leiddu til þess að hún gat ekki ferðast á þeim tíma sem fyrirhugað var, auk þess sem gerðar voru frekari ráðstafanir til að greina og/eða koma í veg fyrir einkenni með því að panta tíma í tiltekna skurðaðgerð. Verður af því ekki annað séð en að undanþáguákvæði gr. 6.2.1 í váttryggingarskilmálum eigi við í máli M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 21. febrúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 26/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega L.

Maður snérist illa á ökkla þegar hann var við vinnu sína 30.5.2012

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11
2. Bréf V dags. 2.2.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Málskot M er dagsett 16.1.2012 en ekki verður annað séð en þar sé um ranga dagsetningu að ræða miðað við gögn sem fylgdu málskotinu og eru dagsett síðar auk þess sem gögn málsins bárust ekki til nefndarinnar fyrr en síðari hluta janúarmánaðar 2017. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega L hjá V vegna líkamstjóns sem hann kveðst hafa orðið fyrir við vinnu sína 30.5.2012. Samkvæmt tjónstilkynningu var M að vinna í rofareit Kolviðarhólslínu þegar hann snéri sig illa á ökkla. Í læknisvottorði segir að M hafi verið að stökkva ofan af bíl og misstigið sig illa á hægri ökkla. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki orðið fyrir slysi í skilningi skilmála tryggingarinnar þar sem tjón hans varð ekki af utanaðkomandi atburði eins og áskilið sé í vátryggingarskilmálum. Þá telur V að tilkynningarfrestur hafi verið liðinn skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og segir að jafnvel þó að atvikið hafi verið tilkynnt félaginu með tjónstilkynningu dags. 18.10.2012 hafi ekki verið gerð krafa um bætur í þeirri tilkynningu. V telur að tilkynningarfresturinn hafi hafist í síðasta lagi 14.8.2014. Þá segir V að þriggja ára frestur í vátryggingarskilmálum til að láta örorkumat fara fram sé liðinn.

Álit.

Ekki verður á það fallist með V að tilkynning frá L til félagsins um hugsanlegt tjón M, með tjónstilkynningu dags. 18.10.2012, hafi ekki þýðingu sem tilkynning í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga, þó ekki hafi þá verið sett fram töluleg krafa frá vátryggðum um bætur. Umrætt ákvæði laganna mælir fyrir um tilkynningarfrest en ekki fyrningarfrest. Verður því að ætla að V hafi verið tilkynnt með nægilega skýrum hætti um tjón M í október 2012 og var það vel innan þess ársfrests sem kveðið er á um í 1. mgr. 124. gr. laganna.

Það sem stendur því eftir er að taka afstöðu til þess ágreinings sem uppi er um tjónsatvikið sem slíkt, þ.e. hvort líkamstjón M sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar. Af gögnum málsins verður ekki talið sýnt fram á það af hálfu M að utanaðkomandi atburður hafi orðið þess valdandi að hann snérist illa á hægri ökkla, heldur benda lýsingar á atvikum frekar til þess að hann hafi misstigið sig. Verður misstig eitt og sér ekki metið sem utankomandi atburður í skilningi vátryggingarskilmála og verður líkamstjón M því helst rakið til innri veikleika hans sjálfs. M á þegar af þeirri ástæðu ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega L hjá V.

Reykjavík 21.2. 2017.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega R.

Kona hrasaði á bílaplani þegar hún steig út úr rútu og hlaut líkamstjón 20.8.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 2.2.2017.
3. Bréf lögmanns M dags. 3.2.2017.

Málsatvik.

M segist hafa verið að stíga út úr rútu á bílaplani og við það fengið högg á hægri hné og slasast. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega hjá R og byggir á því að hún hafi orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarréttarins þar sem M hafi hrasað og fengið högg/hnykk á hægri hné. Slysi M hafi því verið skyndilegt og utanaðkomandi. Einnig hafi verið fallist á bótaskyldu úr slysatryggingum almannatrygginga hjá Sjúkratryggingum Íslands, þar sem um sömu slysatryggingarskilgreiningu sé að ræða og í vátryggingarétti.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að M hafi sjálf lýst atvikum, fljótlega eftir að þau áttu sér stað, þannig í tölvupósti: „Ég var að stíga út úr rútu með þeim afleiðingum að ég missteig mig, fékk heiftarlegan verk í fótinn og gat ekki stigið í hann. Sem betur fer var kona þarna rétt hjá sem ég gat gripið í, svo ég dytti ekki.“ V telur að um álagsmeiðsli hafi verið að ræða en ekki utanaðkomandi atburður í skilningi skilgreiningar á orðinu slysi í vátryggingarskilmálum og því sé bótaskylda ekki fyrir hendi. V telur sig ekki bundið af afstöðu Sjúkratrygginga Íslands vegna slysatrygginga almannatrygginga.

Álit.

Frásögn M af atburðinum og aðrar lýsingar sem fyrir liggja í málinu, m.a. á eðli líkamstjóns M, benda ekki til að skyndilegur og utanaðkomandi atburður hafi valdið því að M hlaut meiðsli á líkama þegar hún steig út úr rútnni. Verður ekki annað séð en að um hafi verið að ræða afleiðingar innri veiklunar í líkama M og telst hún því ekki hafa orðið fyrir slysi í skilningi vátryggingarskilmála V og á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega R hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega R hjá V.

Reykjavík 7.3.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 28/2017**M og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum bruna í bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttækið 19.1.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Árla morguns 28. desember 2016 kviknaði eldur í bifreiðinni A þar sem hún stóð kyrrstæð og mannlaus á bifreiðastæði við Hraunbæ í Reykjavík. Barst eldurinn í bifreiðina B sem er í eigu M, en framandar þeirra sneru hvor á móti öðrum. B eyðilagðist af völdum eldsvoðans.

Í skýrslu tæknideildar lögreglu segir um eldsupptök: „Enginn grunur er um íkveikju af mannavöldum. Að líkindum hefur kviknað í út frá rafmagni. Eldsupptök ókunn.“

M hefur krafist bóta vegna tjónsins á B úr lögmaeltri ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 91. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ábyrgðartrygging sem tekin er á grundvelli laganna vera til greiðslu á bótakröfu vegna tjóns, sem hlýst af notkun skráningarskylds vélknúins ökutækis.

Samkvæmt því sem fyrir liggur mun eldur hafa kviknað í A þar sem hún stóð kyrrstæð og mannlaus á bifreiðastæðinu. Jafnvel þótt líkur hafi verð taldar á að kviknað hafi í bifreiðinni út frá rafmagni samkvæmt niðurstöðu tæknideildar lögreglunnar á brunanum er ekkert sem bendir til að bifreiðin hafi þá með einhverjum hætti verið í notkun í skilningi fyrrgreinds lagaákvæðis. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2017**M vegna ökutækis A
og
váttryggingafélagið V1 vegna ökutæki B og váttryggingafélagið V2.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

1. Málskot, dags. 24.01.2017 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 09.02.2017 ásamt fylgigögnum.
3. Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 26.01.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi verið að bakka út úr stæði við verslunina Iceland í Engihjalla. M kveðst hafa verið komin út úr stæðinu og við það að aka af stað þegar ökutæki B hafi verið ekið út úr stæði á bifreið hans. Þá kemur fram að ökumenn hafi verið sammála um aðdraganda árekstursins á tjónsstað sbr. tjónstilkynningu.

Tjónanefnd váttryggingafélaganna skipti sök til helminga miðað við gögn málsins þar sem hvorugur ökumanna hafi gætt nægjanlega að sér í akstri afturábak.

M telur afstöðu tjónanefndar ranga þar sem hann hafi ekki verið að aka afturábak við áreksturinn heldur hafi verið komin út úr stæðinu.

Váttryggingafélagið V1 telur að það skipti ekki máli þótt önnur bifreiðin hafi verið kyrrstæð þar sem kyrrstaðan hafi ekki varað það lengi að það skipti máli við sakarskiptingu.

Váttryggingafélagið V2 gerir ekki athugasemdir í málinu.

Álit.

Í tjónstilkynningu um áreksturinn sem báðir aðilar skrifa undir kemur fram að ökutækið A hafi verið komið út úr stæði og M hafi verið að rétta af bifreiðina til að aka af stað þegar ökutækið B ók á ökutæki A.

Með vísan til þess telur úrskurðarnefndin ljóst að ökutæki B hafi ekið á ökutækið A og beri þar af leiðandi alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður ökutækisins B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 21. mars 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 30/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bílastæði við Arnarhraun 9.1.2017.

Gögn.

1. Málskot móttækið 26.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
2. Bréf V-1 dags. 13.2.2017.
3. Bréf V-2 dags. 1.2.2017.

Málsatvik.

A var ekið úr bílastæði og á sama tíma bakkaði B úr öðru bílastæði og varð árekstur með bifreiðunum þannig að hægri hlið A og hægri afturhorn B lentu saman. Ökumaður A segist hafa verið að bíða og síðan ekið af stað áfram, án þess að sjá að ökumaður B var að bakka bifreiðinni. Ökumaður A segist hafa náð að flauta á sama tíma og B lenti á A. Ökumaður B segist hafa litið niður eftir veginum og beðið eftir bifreið sem hafi verið að aka upp og ekki séð neina hreyfingu á bifreiðinni og þá byrjað að bakka og fundið þegar B lenti á A og hafi þá heyrt flautað á sama tíma.

Álit.

Hvorugur ökumaður gætir nægjanlega vel að aðstæðum áður en þeir hefja akstur. Ökumaður A ók úr kyrrstöðu án þess að gæta nægjanlega að umferð og sá ekki að B var að bakka fyrir en rétt í þann mund að árekstur varð. Ökumaður B gætti ekki nægjanlega að aðstæðum þegar B var bakkað úr bílastæði. Við mat á sök og sakarskiptingu er ekki forsenda til að leggja sök á annan ökumanninn umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 14.3.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 31/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.
Uppgjör skaðabóta vegna slyss 6. júní 2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 31.1.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 13.2.2017, ásamt gögnum, þ.m.t. tölvupóstsamskiptum starfsmanna V og M, bréf V til M dags. 17.11.2016 og kvittanir fyrir greiðslu bóta dags. 17. og 25. nóvember 2016.

Tölvupóstur M, dags. 13.2.2017 ásamt fylgiskjali

Tölvupóstur M, dags. 1.3.2017.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir að V hefur greitt bætur úr ábyrgðartryggingu X vegna slyss sem M varð fyrir 6. júní 2014. Ágreiningur er um hvort M eigi rétt á frekari bótagreiðslum vegna slyssins.

M rekur atvik hvað varðar uppgjör bóta í málskoti og telur að V hafi ekki tekið tillit til röksemda hans varðandi framtíðarsjúkrakostnað við greiðslu bóta. M telur að vangreiddar séu bætur vegna kostnaðar hans til framtíðar við að kaupa sérstök augnlyf og telur að það eigi að taka tillit til hækkandi kostnaðar við kaup slíkra lyfja við ákvörðun bóta. M vísar til þess að í læknisvottorði, sem lagt sé fram af hans hálfu, komi fram röksemdir sem styðji kaup hans á umræddu augnlyfi til framtíðar og komi það einnig fram í matsgerð vegna slyssins. Einnig vísar M til þess að hann hafi gert fyrirvara við tímasetningu mats á afleiðingum slyssins og gerir athugasemdir við starfshætti V.

V telur að samkomulag um bætur hafi verið gert milli V og M og hafi M samþykkt bótatilboð félagsins í nóvember sl. án allra fyrirvara. Málið sé því uppgert og þegar af þeirri ástæðu komi ekki til frekari bótagreiðslna. V tekur sérstaklega fram í bréfi sínu til nefndarinnar dags. 13. febrúar 2017 að það samþykki ekki að nefndin fjalli um bótafjárhæðir.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, starfar úrskurðarnefnd í vátryggingamálum samkvæmt samkomulagi viðskiptaráðuneytisins (nú Fjármála- og efnahagsráðuneytisins), Neytendasamtakanna og Sambands íslenskra tryggingafélaga (nú Samtaka fjármálafyrirtækja). Þá segir í 1. mgr. 3. gr. samþykktanna að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt segir að nefndin úrskurði um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í 2. mgr. 3. gr. er tekið fram að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Í málinu er ágreiningur um hvort fullnaðaruppgjör hafi farið fram vegna slyss M og hvort hafi verið miðað við réttar forsendur við ákvörðun á greiðslu skaðabóta vegna sjúkrakostnaðar. Í því felst að ágreiningur er um hvaða bótafjárhæð V eigi endanlega að greiða til M. Í bréfi V, dags. 13. febrúar sl., kemur skýrt fram að samþykki liggi ekki fyrir af hálfu félagsins að nefndin fjalli um ágreining um bótafjárhæðir. Nefndin er bundin af samþykktum sínum þeim sem hún starfar eftir og hefur ekki heimild til að fara gegn ákvæðum þeirra. Það liggur ekki fyrir samþykki allra málsaðila, eins og áskilið er til þess að fjalla um ágreining um bótafjárhæðir í þessu máli, og hefur nefndin ekki annan kost en að vísa málinu frá með vísan til 3. mgr. 3. gr. fyrrnefndra samþykktu.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 7. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 32/2017

M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
sama vátryggingafélag v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Arnarnesvegi í Garðabæ á gatnamótum við Hafnarfjarðarveg þann 16.12.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 19.1.2017, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 22.2.2017.

Málsatvik.

A var ekið austur Arnarnesveg og beygt til vinstri áleiðis norður tengibraut í átt að Hafnarfjarðarvegi. Í sömu andrá var B ekið vestur Arnarnesveg hægra megin fram með röð kyrrstæðra bifreiða, sem voru á akbrautinni til vesturs austan gatnamótanna. Á gatnamótunum rákust saman hægra framhorn A og framendi B. Myrkur var og þurrt færi þegar áreksturinn varð. Umferð um gatnamótin er stjórnað með umferðarljósum.

Ökumaður A kvaðst hafa komið að gatnamótunum og ætlað að beygja til vinstri í átt að Hafnarfjarðarvegi. Grænt ljós hafi logað á umferðarljósunum og ökumaður kyrrstæðrar bifreiðar á móti af vinkað sér til að beygja. Hann hafi ekið af stað áleiðis yfir nyrðri akbraut vegarins, en þá hafi B komið hægra megin við kyrrstæðu bifreiðina og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið vestur Arnarnesveg og röð bifreiða hafi verið við hliðina á sér á gatnamótunum til að beygja til vinstri áleiðis suður Hafnarfjarðarveg. Hafi hann ekið fram með röðinni og lent á A á gatnamótunum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 má eigi má aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Heimilt er þó að aka fram úr öðru ökutæki ef skilyrði til framúraksturs eru að öðru leyti fyrir hendi og

- ökutækin eru á akbraut með tveimur eða fleiri akreinum í akstursstefnu þeirra,
- aka skal hægra megin fram úr vegna ökutækis sem beygt er til vinstri,
- umferð á vegamótum er stjórnað af lögreglu eða með umferðarljósum, eða
- umferð hefur forgang gagnvart umferð af hliðarvegi, sbr. 2. mgr. 25. gr. laganna.

Aðstæður á vettvangi hafa verið kannaðar af hálfu nefndarinnar. Þegar ekið er vestur Arnarnesveg í átt að gatnamótunum, þar sem áreksturinn varð, er skömmu áður komið að tengibraut til hægri fyrir umferð áleiðis norður Hafnarfjarðarveg. Ljóst er að einungis ein akrein er á Arnarnesvegi til vesturs frá tengibrautinni að gatnamótunum. Á þessari akrein var röð kyrrstæðra bifreiða á leið til vinstri suður Hafnarfjarðarveg á næstu gatnamótum vestan við árekstrarstaðinn. Óumdeilt er að ökumaður B ók hægra megin fram með þessum kyrrstæðu bifreiðum þótt einungis sé ein akrein á vegarkaflanum frá tengibrautinni að gatnamótunum. Það fór í bága við þá meginreglu 1. mgr. 22. gr. ufl. um að óheimilt sé að aka fram úr öðru ökutæki rétt áður en komið er að vegamótum eða á þeim. Við þær aðstæður sem þarna voru verður ekki talið að þær undanþágur sem getið er í a.-d. liðum málsgreinarinnar hafi veitt ökumanni B heimild til að aka fram með hinum kyrrstæðu ökutækjum eins og hann gerði. Verður áreksturinn rakinn til þessa. Ökumaður A þurfti ekki að búast við ferðum bifreiða hægra megin fram með kyrrstæðu bifreiðunum sem voru á móti honum. Mátti hann treysta því að hann gæti tekið beygjuna áhættulaust þegar ökumaður fremstu bifreiðarinnar á móti hafði gefið honum merki í þá veru. Er því ekki efni til að leggja sök á ökumann A. Verður ökumanni B einum gefin sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B, TT-821.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 33/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið slysáttryggingar vegna slyss 13. mars 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 2.2.2017, ásamt fylgiskjölum og bréfi dags. 15.2.2017.
Bréf V, dags. 14.2.2017.

Málsatvik.

M býr á sveitabæ og vísar til þess að eiginmaður hennar starfi þar við búrekstur. Í málinu liggur fyrir lýsing af atvikum slyss M þar sem hún var að ganga um í fjósi til að þrifa þegar ein kýrin dettur ofan á M með þeim afleiðingum að hún fótbrotnar.

M telur að slysáttrygging fjölskyldutryggingar V nái yfir slys sitt þar sem hún starfi ekki við búreksturinn. M vísar til þess að hún sé óvinnufær vegna örorku og tekjur hennar séu fyrst og fremst bætur frá almannatryggingum vegna þess, auk þess sem skattframtöl hennar sýni að hún hafi ekki fengið laun fyrir bústörf á þeim tíma sem slysið varð. Þess vegna telur M að hún hafi orðið fyrir slysi í frítíma sínum.

V telur að lýsing M á atvikum feli í sér að hún hafi verið að stunda vinnu, bústörf, þegar hún slasaðist. V vísar til þess að störfin séu arðbær í þágu búins og atvinnuslyshætta fylgi þeim, auk þess sem M hafi geta tryggt sig sérstaklega vegna slíkra starfa. V telur því að slysið falli ekki undir gildissvið váttryggingarskilmála, sbr. gr. 4.1 þeirra, en þar komi fram að váttryggingin nái eingöngu til slysa sem váttryggðir verða fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir. Ekkert af þessu eigi við um aðstæður M og því eigi hún ekki rétt á bótum.

Álit.

Í 4. gr. váttryggingarskilmála sem gilda um þá slysáttryggingu sem hér er til skoðunar segir að félagið greiðir bætur vegna slyss er váttryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, ef það m.a. leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Um er að ræða skilgreiningu á gildissviði váttryggingarinnar og hvílir sönnunarbyrði um að atvik eigi undir umrædda grein almennt á váttryggðum.

Þegar litið er til þess hvort M hafi slasast í frístundum eða við heimilisstörf verður að líta til þess að þegar M slasaðist var hún að þrifa fjós. Um er að ræða fjós sem er hluti af búrekstri eiginmanns hennar, en M fær ekki greidd laun úr búinu sérstaklega og telur að hún sé ekki starfsmaður búins. Það eitt getur þó ekki haft sjálfkrafa þau áhrif að M hafi slasast í frístundum sínum eða við heimilisstörf. Þegar litið er til þess að það sem M var að gera er almennt hluti af bústörfum við rekstur kúabúa verður ekki litið svo á að um hafi verið að ræða frístundir hennar eða heimilisstörf. Slys M fellur því ekki undir slysáttryggingu í frítíma í fjölskyldutryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2017
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar

Bótaskylda vegna vatnsleka 18.-19.8.2016. Ágreiningur um bótafjárhæð. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.2.2017 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 6.2.2017
3. Bréf M dags. 12.2.2017

Málsatvik.

Vatnsleki kom upp í húsi M og segir M að í ljós hafi komið að ofn í risi hafi gefið sig og segir M að tjónið hefði orðið til muna minna ef brugðist hefði verið strax við af hálfu V. M segir að verklag V hafi verið með þeim hætti og aðgerðir hafi valdið því að tjónið varð meira en þurft hefði að vera. Þá segir M að málið hafi ekki verið klárað og tjónið ekki að fullu bætt. M segir að viðgerð hafi ekki verið fullnægjandi og lýsir því að bunga sé á einum stað á parketi eftir viðgerð og krefst bóta vegna þess, sem og bóta vegna þess tíma sem íbúðin var óíbúðarhæf sem og bóta vegna miska.

V hefur viðurkennt bótakröfu vegna vatnslekans úr húseigendatryggingu M hjá V, en segir að ágreiningur sé um hvort tjónið sé að fullu bætt. V hefur einnig viðurkennt kröfu M um leigu vegna afnotamissis frá 18.8.-26.9.2016. V segir að bunga á parketi sé vegna mismunandi þversniðs burðarbita en stafi ekki af lekanum. V segir ágreining í málinu því ekki varða annað en bótafjárhæðir þ.e. hvort tjón hafi verið að fullu bætt og samþykkir ekki að nefndin fjalli um þann ágreining. Þá segir V að ágreiningur sé einnig um hvort M geti krafist miskabóta úr hendi V, en V segir engan bótalið í húsnæðistryggingunni sem kveði á um miskabætur.

Álit.

Samkvæmt 3. gr. samþykkta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090/2005 segir m.a. „Nefndin úrskurðar um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Nefndin úrskurðar hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.”

V hefur viðurkennt bótaskyldu vegna vatnslekans sem olli tjóni á húseign M, sem og leigu fyrir afnotamissi. Ágreiningur er um það hvort V hafi bætt M tjónið að fullu eða ekki, en nefndin úrskurðar ekki um bótafjárhæðir nema að fengnu samþykki málsaðila, en V samþykkir ekki að nefndin fjalli um þann ágreining og er því ágreiningi um það efni vísað frá nefndinni. Hvað varðar ágreining um kröfu M um miskabætur, þá hefur M hvorki sýnt fram á miska né eru ákvæði í fasteignatryggingu M hjá V sem kveða á um bótaskyldu úr tryggingunni vegna miska. Kröfu M um miskabætur er því einnig vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá sbr. 2. og 3. mgr. 3. gr. samþykkta nefndarinnar nr. 1090/2005.

Reykjavík 7.3.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 37/2017 - ENDANLEGUR ÚRSKURÐUR**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A.****Árekstur bifhjóla í mótorkrosskeppni 10. júlí 2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 30.1.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V, dags. 14.2.2017 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns M, dags. 16.3.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2.
4. Bréf V, dags. 24.3.2017.
5. Viðbótarathugasemdir M, dags. 7. apríl 2017.
6. Yfirlýsing Arnar Sævars Hilmarssonar, dags. 6.4.2017.

Málsatvik.

M segir málsatvik vera þau að ökumaður A hafi ekið á ökutæki sitt í miðri mótorkrosskeppni með þeim afleiðingum að M slasaðist. M segist hafa ekið framúr A eftir fyrsta hring í keppninni og tekið hægri beygju í gegnum tímahlið sem M segir að keppendur hafi þurft að fara í gegn um, en ökumaður A hafi gleymt tímahliðinu og ekið í hægri hlið ökutækis M. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V með vísan til ákvæða umferðarlaga nr. 50/1987 og almennra reglna skaðabóta- og váttryggingaréttar. M byggir m.a. á því að ökumaður A hafi gerst brotlegur við keppnisreglur og beri alla ábyrgð á árekstrinum. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að ökumaður A beri, að A og hjól M hafi lent í árekstri í mótorkrossbrautinni við tímatökumhliðið og ekkert meira sé um málið að segja. V segist hafi leitað eftir ítarlegri skýringum frá ökumanni A en ekki fengið. V segir að ekki hafi verið sýnt fram á að bótaskylda sé til staðar úr ábyrgðartryggingu A eða ökumaður A hafi gert saknæm mistök eða brotið keppnisreglur. V segir að sé um sök að ræða þá sé það frekar M sem beri sök þar sem að áreksturinn hafi orðið þegar M reyndi að aka vinstra megin fram úr A og beygt í veg fyrir A og ekki gætt ákvæða 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga um forgang umferðar sem kemur frá hægri. Í tölvubréfi frá ökumanni A dags. 15.3.2017 sem lagt var fram með bréfi lögmanns M dags. 16.3.2017 segir ökumaður A að hann hafi ruglast á merkingum og stokkið óvart á M. V segir í andsvari að ekki sé mark takandi á yfirlýsingu ökumanns A sem sé gefin mörgum mánuðum eftir að atvikið átti sér stað eftir að málinu hafi verið vísað til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum og sé ekki í samræmi við fyrri yfirlýsingu ökumanns A í málinu. Þá vísar V til þess að ökumaður A hafi ekki sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með akstri sínum í keppni eins og um var að ræða, en M hafi gengið sjálfviljugur til leiks í umræddri keppni vitandi um mikla slyshættu í keppnum sem þessum.

Álit.

Úrskurður vegna ágreinings í máli þessu var undirritaður af hálfu nefndarinnar 4. apríl 2017. Upplýsingar sem lögmaður M hafði lýst yfir að M vildi koma að við afgreiðslu nefndarinnar voru þá ekki komnar fram. Upplýsingar um að þeirra væri að vænta bárust ekki til nefndarinnar vegna misskilmings. Vegna þess var málið tekið fyrir á ný í ljósi nýrra gagna og mögulegra áhrifa þeirra á afgreiðslu nefndarinnar. Niðurstaða nefndarinnar var sú að umrædd gögn breyttu ekki efnislegri niðurstöðu sem hér fer eftir með sama hætti og áður.

Upplýst er og ágreiningslaust í málinu að M var að aka framúr ökutæki A í mótorkrosskeppni bifhjóla. Af hálfu M er haldið fram að ökumaður A hafi ekki fylgt keppnisreglum og þess vegna

hafi slysið orðið, en á það fellst ökumaður A ekki sbr. tölvupóst dags. 7.11.2016 þar sem ökumaður A segir

„Við Jói lentum saman í brautinni það er á hreinu rétt fyrir tímatökuhliðið. Það er ekkert annað um það að segja.“ Í tölvubréfi dags. 16.3.2017 segir ökumaður A að atvikið hafi átt sér stað þannig að M hafi verið að aka brautina eins og hún var lögð, en hann hafi ruglast á merkingum og stokkið óvart á M. Þessar yfirlýsingar ökumanns A verða ekki samrýmdar þar sem hann segir í fyrri yfirlýsingu sinni að áreksturinn hafi orðið rétt fyrir tímatökuhliðið og því ekki um að ræða að ökumaður A hafi á þeim tíma ruglast á merkingum, sem hann segist hafa gert miðað við síðari yfirlýsingu sína í tölvubréfi dags. 16.3.2017. Miðað við atvikalýsingu M þá varð áreksturinn eftir að ökutæki hans ekur í gegnum tímatökuhliðið og tók hægri beygju. Ekkert liggur frekar fyrir um árekstur ökutækjanna og miðað við aðstæður verður að leggja fyrri yfirlýsingu ökumanns A til grundvallar málavöxtum hvað hann varðar enda síðari yfirlýsingin tilkomin eftir að málinu hafði verið vísað til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Ekki liggja fyrir aðrar frásagnir af árekstri ökutækjanna en yfirlýsingar ökumanna og engar upplýsingar eru til staðar frá þeim sem stóðu fyrir umræddu móti um atvikið. Árekstur ökutækjanna átti sér stað í aksturskeppni mótörhjóra og ákveðin áhætta fylgir jafnan slíkum keppnum. Báðir ökumenn voru meðvitaðir um þá áhættu sem þeir tóku sjálfviljugir. Ekki er sýnt fram á það í málinu að ökumaður A hafi gerst sekur um vítaverða vanrækslu á keppnisreglum eða öðru sem varðar akstur í umræddri keppni. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur því ekki verið sýnt fram á sök ökumanns A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 10.4. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 38/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Bifreið ekið í veg fyrir bifhjól á Skúlagötu 17.6.2016.
Krafa um bætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 7
2. Bréf V dags. 16.2.2017.

Málsatvik.

M segist hafa ekið bifhjóli eftir Sæbraut í Reykjavík þegar bifreiðinni A var ekið í veg fyrir bifhjólið þannig að M slasaðist á gatnamótum Sæbrautar og Skúlagötu. A hafi verið með fyrirhugaða akstursstefnu af Sæbraut inn á Skúlagötu og verið kyrrstæð við beygjuljós inn á Skúlagötu þegar ökumaður A ók skyndilega á stað gegnt rauðu ljósi og þvert yfir Sæbrautina og yfir gatnamótin, en grænt ljós logaði fyrir akstursstefnu til vesturs Sæbrautina. M tókst ekki að stöðva bifhjól sem hann ók þegar hann sá A aka þvert í veg fyrir hann og árekstur varð með þeim afleiðingum að M slasaðist.

M krefst bóta vegna líkamstjóns á grundvelli a-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. M byggir á því að með akstri sínum hafi ökumaður A sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sem hafi orðið þess valdandi að M hlaut alvarlegt líkamstjón. M segir að háttalag ökumanns A hafi verið með þeim hætti að hann hafi brugðið verulega frá því sem almennt megi vænta af öikumönnum, þá hafi hann ekki sýnt næga aðgæslu við aksturinn. Ökumaður A segist hafa verið kyrrstæður við gatnamótin og hugðist aka af Sæbraut og inn á Skúlagötu. Ökumaður A sagðist hafa séð bifreiðar og bifhjól koma á eftir sér, en sagðist hafa metið það svo að hann gæti ekið þvert yfir götuna og inn á bifreiðastæði við Sólfarið áður en bifhjólið og bifreiðarnar kæmu, en það hefði ekki dugað til. Ökumaður A viðurkennir að hafa ekið gegn rauðu ljósi.

V telur að slysið verði rakið til gáleysis ökumanns A og vanmats hans á aðstæðum og hraða hinna ökutækjanna og brots á ákvæðum umferðarlaga. V telur hins vegar að gáleysi ökumanns A sé ekki á því stigi að það teljist stórfellt og talsvert meira þurfi til að koma að mati V til að bótaréttur stofnist skv. 26. gr. skaðabótalaga. V segir að A hafi verið ekið úr kyrrstöðu við stöðvunarlínu gegn rauðu beygjuljósi, en það ljós mæli fyrir um bann við vinstri beygju inn á Skúlagötu. V segir að ökumaður A hafi hins vegar skipt um akrein yfir óbrotna deililínu við gatnamótin til að aka vestur Sæbraut gegn grænu ljósi. V segir að því hafi verið um óheimil akreinaskipti að ræða í veg fyrir umferð en ekki stöðvunarskyldubrot. V segir að vanmat ökumanns A í umrætt sinn feli ekki í sér svo mikið frávik frá því sem búast megi við af öikumönnum að það teljist stórfellt gáleysi. Þá fellst V ekki á að úrskurðarnefndin fjalli um fjárhæð miskabótakröfunnar.

Álit.

Ökumaður bifreiðar A hafði stöðvað bifreið sína gegn rauðu ljósi á beygjuakrein á Sæbraut með fyrirhugaða akstursstefnu til vinstri inn á Skúlagötu. Hann ákvað skyndilega að aka úr kyrrstöðu yfir óbrotna deililínu, til hægri, með fyrirhugaðan akstur yfir tvær akreinar og inn á bílastæði norðan við Sæbraut. Þetta gerði ökumaður A vitandi af umferð um Sæbraut og vitandi af bifhjóli því sem M ók og bifreiðum sem óku eftir akreinum vestur Sæbraut. Í þeirri háttsemi ökumanns bifreiðar A felst verulegt gáleysi en sá hinn sami taldi sig komast yfir götuna á undan þeim og sýndi þar mikið vanmat á aðstæðum með þeim afleiðingum að hann ók í veg fyrir M og varð valdur að því að M slasaðist. Með þessu aksturslagi sínu sýndi ökumaður A af sér háttsemi sem

felur í sér verulegt frávik frá því sem til er ætlast af ökumönnum og hagaði akstri sínum með þeim hætti sem aðrir ökumenn sem óku um Sæbraut gátu ekki átt von á eða máttu gera ráð fyrir. Vegna þessa einstæða aksturslags, þar sem ökumaður A stefndi ótilgreindum fjölda ökumanna í stórfellda hættu, telst hann hafa sýnt stórfellt gáleysi í skilningi a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og er því fallist á bótaskyldu V vegna greiðslu miskabóta skv. þeirri grein.

Niðurstaða.

V ber að greiða M miskabætur skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Reykjavík 14.3.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sjúkraþjálfunarstöðvar.****Kona klemmdist á fæti er meðferðarbekkur sem hún var á féll niður.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M, sem er parkisonsjúklingur, var hinn 31. mars 2016 í sjúkraþjálfunarmeðferð hjá sjúkraþjálfunarstöðinni A. Eftir æfingar í sal án sjúkraþjálfara mun hafa staðið til að M færi í meðferð hjá tilteknum sjúkraþjálfara á þar til gerðum meðferðarbekk. Hæð bekkisins er stjórnað með lofti þar sem honum er lyft og látinn síga eftir óskum. Takkar sem ætlast er til að stigið sé á til að stilla hæð bekkisins eru undir honum. Áður en sjúkraþjálfarinn kom til M hafði hún sest upp á bekkinn og teygt sig með vinstri fæti í umrædda takka til að lækka hæð bekkisins. Seig þá bekkurinn niður á hælinn á vinstri fæti M og klemmdist fóturinn milli takkans og bekkisins svo hún hlaut talsverð meiðsl af.

Í greinargerð sjúkraþjálfara M um atvikið kemur fram að bekkurinn hafi verið í notkun í 26 ár og vitað sé um tvö tilfelli þar sem fólk hafi slasast við notkun hans. Í bæði skiptin hafi það gerst með þeim hætti að viðkomandi hafi setið á bekknum og teygt fótinn í takkann sem hækkar og lækkar bekkinn „þannig að neðsti hluti fótar er í lóðréttri stöðu og klemmist því á milli grindarinnar og plötunnar sem setið er á, í staðinn fyrir að fara af bekknum til að breyta“ hæðinni. Bekkurinn mun enn þá vera í notkun þó án þess að hægt sé að hækka hann eða lækka.

Í skýrslu lögreglu um slysið segir að í hönnun bekkisins sé „ekki ætlast til þess að sá sem er að nota bekkinn stjórni hæð bekkisins heldur á sjúkraþjálfarinn, í þessu tilviki, að sjá um það.“

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna þess líkamstjóns sem hún hlaut í slysinu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Klemmihætta var fyrir hendi þegar hæð meðferðarbekkjans var stillt af þeim sem var á bekknum og slys hafði áður orðið við hann. Samkvæmt því sem fram kom í lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að sá sem liggur eða situr á bekknum á ekki að stilla hæð hans heldur sá sem stendur við bekkinn, eftir atvikum sjúkraþjálfarinn sem sinnir sjúklingi á bekknum. Á hinn bóginn virðist það hafa viðgengist að þeir sem eru á bekknum hafi verið að stíga á takkann undir bekknum til að stilla hæðina. Í því hefur falist slysaætta sem A átti að bregðast við með því að vara sérstaklega við því að hæð bekkisins sé stillt af þeim sem liggur á bekknum. Með því að hafa ekki brugðist við þessari hættu telst A bera skaðabótaábyrgð á tjóni M. Eins og málið liggur fyrir er ekki efni til að skerða bætur vegna meðábyrgðar M. Líkamstjón hennar telst því vera að fullu bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M, á óskoraðan bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 7. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 40/2017**M og
vátryggingafélagið V v/launþegatryggingar A.****Tognun á hægri rist 13. janúar 2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.2.2017, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

M, sem starfaði við aðhlyningu hjá A, var að ganga eftir gangi þegar hjúkrunarfræðingar á vakt kallar í hana. Sneri M sér snögglega við með þeim afleiðingum að hún féll og bögglaði hægri fót undir sér en lent svo með mjöðmina á gólfinu. Við þetta tognaði M á hægri rist. M krafði V um viðurkenningu á bótaskyldu á grundvelli slysathlyningar launþega sem A var með hjá félaginu. Þeirri kröfu var hafnað þar sem V taldi skilryði slyshugtaksins ekki uppfyllt, þ.e. að ekki hafi verið um neinn utanaðkomandi atburð sem olli tjóninu að ræða.

M telur að líkamstjón sitt hafi orsakast vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar, þ.e. þegar líkami hennar snertir gólfíð þegar hún fellur. Vitnar hún til dóms héraðsdóms Reykjavíkur nr. E-2470/2015 þar sem fram kemur að ef snerting einhvers utan líkama veldur meiðslum skyndilega teljir það vera slys.

Í bréfi V, dags. 22.2.2017, kemur fram að félagið telji ljóst af tilkynningum um atvikið til Vinnueftirlitsins, Sjúkrathlyningar Íslands og til V, að líkamstjónið megi rekja til þess að M hafi misstigið sig en ekki til þess að hún hafi fallið í gólfíð. Sama atvikalýsing kemur fram öllum vottorðum. Hvergi sé minnst á áverka eftir fall, en M féll á vinstri mjöðm í kjölfar misstigsins. V telur því ljóst af gögnum málsins að fallið í kjölfar misstigsins olli ekki tjóninu heldur væri um að ræða álagsmeiðsl vegna misstigsins. Það sé ekkert í gögnum málsins sem bendi til þess að eitthvað utanaðkomandi hafi valdið misstiginu. Álagsmeiðsli og meiðsli sem eiga sér stað inna líkama hins vátryggða séu almennt ekki talin vera slys í skilningi slyshugtaksins. Þá telur V að framangreindur dómur fjalli ekki um sambærilegt atvik og í þessu máli þar sem óumdeilt er í því máli að líkamstjón megi rekja til falls í jörðina en þar var aðallega deilt um orsök fallsins.

Álit.

Ósannað er að M hafi meiðst á hægri rist við fall og þar með skyndilega snertingu við gólfíð á vinnustaðnum. Gögn málsins bera þvert á móti með sér að meiðslin hafi orðið áður en M skall í gólfinu og lenti á vinstri mjöðm. Þegar af þeirri ástæðu verður að líta svo á að ekki sé um slys að ræða í skilningi slyshugtaksins í vátryggingarskilmálum V, þar sem ekki er um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða. M á því ekki rétt á bótum frá V úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 41/2017**M
og
vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu vegna frítímaslysatryggingar.****Gögn.**

Málskot, dags. 03.02.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 15.02.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa misstigið sig í janúar 2016. M leitaði til læknis á heilsugæslu í Reykjavík 5. febrúar 2016 vegna bólgu og verkja í ökkla hægra megin. Þá leitaði M til læknis á heilsugæslu í Rangárþingi í júní 2016 og í kjölfarið fór hún í myndatöku þar sem niðurstaðan var sú að margt benti til tognunar og viðarvarandi verkjavandamála.

V synjaði bótaskyldu þar sem ósannað þótti að orsakatengsl séu á milli atvika í tjónstilkynningu og áverka sem munu hafa verið greindir í júní. Fram kom að enginn samtímagögn staðfesti að einkenni M frá hægri ökkla hafi komið í kjölfar slyss og ekki verði byggt á frásögn M einnar sér þar sem hún hafi ekki stoð í gögnum þar sem einkenni eru tengd við tjónsatburð.

Álit.

Í málinu hefur komið fram hjá M að hún hafi misstigið sig í janúar 2016. M leitar á heilsugæsluna í Lágmúla í febrúar 2016 vegna verkja í fæti en ekki kemur fram að um slys hafi verið að ræða. Í sjúkraskrá heilsugæslunnar er skráð að M hafi verið bólgin og með verki innanvert neðan við ökkla hægra megin. Það er ekki fyrir en við komu á heilsugæslu í Rangárþingi sem fram kemur að M hafi misstigið sig fyrir nokkrum mánuðum síðan. Það líða þannig tæpir fimm mánuðir áður en tilgreint er hjá lækni að verkirnir séu tilkomnir vegna þess að M hafi misstigið sig.

Sannfærandi líkur þurfa að vera fyrir því að orsakatengsl séu milli einkenna og tjónsatviks með framlagningu sönnunargagna og eftir atvikum framburði vitna. Í málinu eru engin haldbær gögn sem styðja fullyrðingu M um að verkir og bólga í fætinum við hafi komið vegna ætlaðs slyss en þegar óhöpp verða er mikilvægt að sá sem fyrir því verður tryggi sönnun á því hvað gerðist og hvernig.

Með vísan til framangreinds og fyrirbyggjandi gögn málsins er ekki talið nægilega sannað að M hafi orðið fyrir slysi sem veiti rétt til bóta úr frítímaslysatryggingu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysatryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2017
M og
vátryggingafélagið V v. barnatryggingar X.

Gildissvið barnatryggingar vegna andláts barnsins 3.4.2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið 6.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9
2. Bréf V dags. 22.2.2017 ásamt fylgiskjölum 1-7.

Málsatvik.

Dóttir M (sem hér verður nefnd X) fæddist í lok desember 2012 og var með heilasjúkdóminn lissencephaly, flogaveiki, öndunar og meltingarvandamál. Skv. læknisvottorði dags. 17. maí 2016 andaðist hún hinn 3. apríl 2016 vegna sýkingar sem leiddi til öndunarbílunar, nánar tiltekið hafi hún látist vegna öndunarbílunar, lungnasýkingar og blóðsýkingar.

M hafði keypt barnatryggingu þar sem X var vátryggð hjá V frá gildistöku tryggingarinnar 21. apríl 2016. M segir í málskoti að ítrekað hafi verið gengið á eftir sér að taka barnatryggingu fyrir stúlkuna frá því á árinu 2014. M hafi fyrst afþakkað, þar sem hún hafði heyrt um að ekki væri hægt að tryggja barn sem fæddist með eins alvarlegan og langvarandi sjúkdóm og dóttir M var haldin. M segir að í byrjun árs 2015 hafi á ný verið haft samband við sig og henni sagt að í fyrsta skipti á Íslandi væri verið að selja tryggingar fyrir öll börn og ekki þyrfti að gefa upp heilsufarsupplýsingar. M fékk sent kynningarefni og sá að ekki væri hægt að tryggja X fyrir þeim sjúkdómum sem þegar höfðu komið fram, en þar sem M var bent á að dóttir hennar gæti hæglega veikst af einhverju öðru þá ákvað M að kaupa trygginguna. Dóttir M, X, lést eins og fyrir segir 3. apríl 2016 og gerði M kröfu um bætur fyrir aðhlyningarvernd og dánarbætur úr barnatryggingunni hjá V. Kröfuna byggir M á andlátinu og veikindum þar á undan og bendir á að dóttir hennar hafi látist af völdum blóðsýkingar og öndunarfærasýkingar. M segir að lungu dóttur hennar hafi vissulega verið veik fyrir en blóðsýkingin hafi ekki tengst undirliggjandi sjúkdómi hennar með beinum hætti.

V hafnar bótaskyldu og telur að andlát X megi rekja til veikinda sem hún var haldin fyrir töku tryggingarinnar. Eftir að hafa fengið sérfræðiráðgjöf ráðgefandi læknis V, byggir félagið höfnun sína á að bein tengsl hafi verið á milli fyrra heilsufars og andláts dóttur M. V vísar til 21.gr. vátryggingaskilmála þar sem segir að tryggingin taki ekki til sjúkdóma eða afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þess sýnt sig áður en tryggingin tók gildi. V segir að ekki verði horft framhjá því að dánarorsök stúlkunnar hafi verið lungnabólga og öndunarbílun enda þótt blóðsýking hafi verið samverkandi þáttur. V segir það mikla einföldun að halda því fram að stúlkan hafi látist af völdum tveggja vírusa og blóðsýkingar enda séu umræddir vírusar algengir og almennt ekki banvænir nema hjá fólki með veiklað ónæmiskerfi. V vísar til þess að M geri athugasemd við það hvernig umrædd trygging var kynnt og síðan seld og segist V hafa gripið til viðeigandi ráðstafana vegna þess og endurgreitt M iðgjald tryggingarinnar án viðurkenningar á bótarétti. V segir að athugasemdir við tryggingasölu og söluaðferðir leiði ekki sjálfkrafa til bótaréttar og af gögnum málsins verði ekki séð að félagið eða sölumenn á þess vegum hafi brotið gegn ákvæðum laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 svo sem um upplýsingaskyldu eða um bótatakmarkanir.

Álit.

Einu læknisfræðilegu samtímagögnin sem liggja fyrir í málinu er læknisvottorð Sigurðar Einars Marelssonar sérfræðilæknis dags. 17.5.2016 þar segir m.a. „Ástæða þess að hún dó (þ.e. X) var af völdum sýkingar sem leiddi til öndunarbilunar. Hún lagðist inn vegna lungnabólgu sem var vegna humanmetapneumovirus og adenoveirusýkingar. Reynt var að meðhöndla þessar sýkingar hjá [X] en þrátt fyrir það leiddi sýkingin til versnandi lungnabólgu og blóðsýkingar. [X] lést því í kjölfar öndunarbilunar, lungnasýkingar og blóðsýkingar.”

Af ofangreindu læknisvottorði verður ekki annað ráðið en að X hafi fengið lungnabólgu vegna tveggja ofangreindra veirusýkinga og sýkingin í lungum hafi leitt til versnandi lungnabólgu og blóðsýkingar, sem var banamein hennar ásamt öndunarbílun. Af þessu læknisvottorði að ráða sem eru einu læknisfræðilegu samtímagögnin sem að liggja fyrir í málinu verður ekki annað ráðið en að sjúkdómarnir sem leiddu til andláts X hafi verið bakteríu- og veirusýkingar auk blóðsýkingar, sem ekki hefur sýnt fram á að hafi verið til staðar þegar M keypti barnatryggingu hjá V vegna X. Fyrir liggur að X var langveikt barn og ekki var dregin dul á það við meðferð tryggingaumsóknar vegna barnatryggingar. Söluaðferð söluaðila á vegum V byggði á að bótaréttur úr tryggingunni væri til staðar vegna annarra sjúkdóma en þeirra sem til staðar væru við töku tryggingarinnar. Verður að gera þær kröfur til undanþáguákvæða vátryggingar sem þessarar, í þessu tilviki 21. gr. vátryggingarskilmála, að þau séu skýr um þau atvik sem vátryggingarfélagið undanþiggur sig ábyrgð vegna. Þar sem er um undanþáguákvæði að ræða ber vátryggingafélagið sönnunarbyrði um að skilyrði þess eru uppfyllt. Eins og gögnum er háttað í þessu máli og á meðan ekki liggur fyrir ítarlegri rökstuðningur um tengsl umræddra sýkinga við fyrri veikindi X, verður ekki talið fyllilega sannað að skilyrði 21. gr. séu uppfyllt. Hallann af því ber V. Verður því lagt til grundvallar að ekki sé nægilega skýrlega sýnt fram á að M hafi látist vegna veikinda sem voru til komin áður en barnatrygging tók gildi. Á þeim forsendum verður að telja að M eigi rétt á bótum úr barnatryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr barnatryggingu hjá V vegna aðhlyningarverndar og dánarbóta.

Reykjavík 21.3. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 43/2017
M og
V-1 v. óþekkts ökutækis og
vátryggingafélagið V-2 vegna slysatryggingar launþega.

Umferðaróhapp Háagerði og Hlíðargerði í Reykjavík þ. 24.2.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V-1 dags. 23. 2. 2017
3. Bréf V-2 dags. 22.2.2017

Málsatvik.

M segist hafa verið á leið til vinnu á reiðhjóli og skyndilega orðið var við kyrrstæða bifreið sem tók af stað í veg fyrir M sen hafi því hjólað upp á gangstétt og lent á snjóskafli nokkrum tugum metra síðar og dottið fram fyrir sig og slasast. M krefst viðurkenningar á bótaskyldu V-1 vegna óþekkrar bifreiðar. Þá krefst M að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr launþegatryggingu vinnuveitanda hans hjá V-2 verði ekki fallist á bótaskyldu V-1. V-1 hafnar bótaskyldu og segir enga lýsingu til í skýrslutöku lögreglu og engin vitni séu að atburðinum. Þá segir V-1 að skv. atvikalýsingu hafi hið óþekkta ökutæki ekki skapað þannig hættu fyrir M að hann hafi ekki getað tekið aðra ákvörðun en hjóla með þeim hætti sem hann lýsir. Þá segir V-1 að M hafi ekkert gert til að afla sönnunar á því að atvik hafi gerst með þeim hætti sem hann lýsir. Afstaða V-2 er sú að komist nefndin að þeirri niðurstöðu að ekki sé um bótaskyldu V-1 að ræða af völdum óþekkts ökutækis, þá viðurkenni V-2 bótaskyldu úr launþegatryggingu vinnuveitanda M til handa M.

Álit.

M heldur því fram að tjón hans stafi af völdum óþekkrar bifreiðar sem hafi ekið í veg fyrir hann þegar hann var á reiðhjóli á leið til vinnu. Atvikið var ekki tilkynnt lögreglu og engra sönnunargagna nýtur við hvað varðar hina óþekktu bifreið. Miðað við lýsingu M á atvikinu þá verður heldur ekki séð að beint orsakasamband sé á milli þess að óþekkta bifreiðin ók í veg fyrir ætlaða akstursleið M og þess að hann ók inn í snjóskafli nokkrum tugum metra frá þeim stað skv. lýsingu M sjálfs. Í málinu er því ósannað að óþekkt bifreið hafi ekið í veg fyrir M og akstur hennar hafi leitt til þess tjóns sem M varð fyrir. Ágreiningslaust er að M á rétt á bótum úr launþegatryggingu V-2 vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum frá V-1 vegna óþekkts ökutækis. M á rétt á bótum úr launþegatryggingu vinnuveitanda M hjá V-2

Reykjavík 14.3 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 44/2017
M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar dýralæknastofu.

Kona féll um þrep á leið inn í afgreiðslusal dýralæknastofu.

Gögn.

Málskot, móttakið 7.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir hádegi 9. júní 2015 var M á leið úr anddyri inn í afgreiðslusal eða þjónusturými dýralæknastofunnar A. Féll hún þá um þrep á milli anddyrisins og afgreiðslusalarins og hlaut brot á vinstri úlnlið og vinstri lærleggshálsi.

Telur M að aðstæður hafi verið þannig að sami litur hafi verið á gólfinu í anddyrinu og í afgreiðslusalnum og þrepið sé í hurðaropi. Þegar slysið varð hafi þrepið ekki verið merkt svo fullnægjandi geti talist. Aðstæður í húsnæðinu hafi að þessu leyti verið óviðunandi og hafi A vanrækt að tryggja nægilega að ekki stafaði hætta af fasteigninni. Telur M að A beri skaðabótaábyrgð á því líkamstjóni sem hún varð fyrir umrætt sinn og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í fyrirliggjandi bréfi fyrirvarsmanns A, dags. 27. janúar 2017, kemur fram að viðkomandi húsi hafi á árinu 2000 verið breytt í þjónustuhús fyrir starfsemi A og breytingin verið teiknuð og hönnuð af verkfræðistofu og teikningar samþykktar af skipulags- og byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags. Skammt innan við aðaldir á vegg við hlið þrepsins sé 40x30 cm hvítt skilti þar sem standi með stórum rauðum stöfum „Varúð þrep niður“. Eftir slysið hafi verið settur gulur límborði á brún þrepsins.

Í tölvupósti skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins 5. júlí 2016 segir að breytingar hafi verið unnar á húsinu fyrir dýraspítala í mars 2000 og þær verið gerðar í samræmi við þágildandi byggingarreglugerð nr. 441/1998. Starfsleyfi hafi verið veitt fyrir húsnæðið og það tekið út af Vinnueftirlitinu. Samkvæmt tölvupósti frá byggingarfulltrúanum 6. júlí 2016 hafi aðstaðan í húsnæði A verið skoðuð að beiðni lögmanns M. Segir í tölvupóstinum að á samþykktum aðalteikningum fyrir breytingu á húsnæðinu séu ekki gefnir upp kótar á gólfi í anddyri eða á gólfinu innan við anddyrið. Ein trappa sé frá anddyrinu niður í þjónusturýmið. Hæðin á uppstiginu sé 17 cm, breidd á hurðaropi 90 cm og hæð á því 200 cm. Þar kemur einnig fram að á vegg hægra megin við hurðaropið sé skilti sem vari við að þrep sé niður á gólfið fyrir innan. Þá er þess enn fremur getið að húsið hafi verið tekið út af Vinnueftirlitinu og byggingarfulltrúa í samræmi við hönnun frá mars 2000 og í samræmi við byggingarreglugerð nr. 441/1998. Ekki hafi verið gerð athugasemd við að þrep sé frá anddyri niður á gólfið í þjónusturýminu, enda ábending þar um fyrir þá sem ganga þarna um. Þá liggja fyrir þrjár ljósmyndir af aðstæðum við umrætt hurðarop og þrepinu úr anddyrinu niður í afgreiðslusalinn.

Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu um aðstæður í húsnæði A, þar sem M slasaðist, og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á slysið megi rekja til vanbúnaðar eða ófullnægjandi frágangs húsnæðisins. Þessu getur heldur ekki breytt þótt límborði til frekari viðvörunar hafi verið settur á brún þrepsins eftir að slysið varð. A verður því ekki talin bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 45/2017**M og
vátryggingafélagið V v/fjölskyldutryggingar – innbúskaskó.****Tjón á heyrnartæki 22. desember 2015.****Gögn.**

Málskot, móttækið 9.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 20.2.2017

Málsatvik.

M, var að gera við ljósaseríur fyrir utan heimili sitt. Komið var myrkur og á leiðinni inn í húsið rak hann fótinn í blómaker fyrir fram húsið með þeim afleiðingum að hann skall fram fyrir sig og bar fyrir sig vinstri hendi. Við fallið losnuðu heyrnartæki úr erum M og féllu á stéttina og brotnuðu. M slasaðist á fæti og hendi og leitaði á slysadeild. Þar sem heyrnartækin voru ónýtt eftir fallið henti M þeim fljótlega eftir slysið. Gerð var krafa í innbúskaskótryggingu, sem M var með hjá V, vegna tjónsins á heyrnartækjunum. V hafnaði bótaskyldu, með bréfi dags. 10.2.2016, á þeirri forsendu að tryggingin taki ekki til þess þegar hið vátryggða týnist, gleymist, misleggst eða er skilið eftir á almannafæri.

M telur að framangreint ákvæði eigi ekki við um þetta tilfelli þar sem tjónið hafi ekki orðið vegna þess að hið vátryggða hafi týnst, gleymst, verið mislagt eða skilið eftir á almannafæri heldur hafi heyrnartækin skemmst við slysið.

Í bréfi V frá 20.2.2017, er vísað til framangreinds ákvæðis um týnda og mislagða hluti. Fyrir liggir að M hafi hent heyrnartækjunum í kjölfar atburðarins og því eigi V þess ekki tök á að skoða tækin og sannreyna að þau séu í reynd ónýtt. Líta megi svo á að heyrnartækin séu týnd. M hafi því ekki tekist að sanna tjón sitt.

Álit.

Höfnun V á bótaskyldu í máli þessu byggir aðallega á því að heyrnartækin séu týnd í skilningi undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálum og því sé tjónið ekki bótaskyldt. Ekki er unnt að fallast á það þar sem enginn ágreiningur er um að heyrnartækjunum var hent eftir tjónsatburðinn sjálfan og getur hann þar af leiðandi ekki verið sá að heyrnartækin hafi týnst. Til viðbótar byggir V á því að tjónið sé ósannað þar sem V fékk ekki tækifæri til að sannreyna tjónið. Frásögn M af slysi sínu og afleiðingum þess fyrir heyrnartækin er trúverðug. Þá var það ekki fyrr en með bréfinu frá 20.2.2017 sem V byggði fyrst á þessari málsástæðu þar sem upphafleg höfnun byggði eingöngu á því að tækin væru týnd. Telst því nægilega sannað að tækin hafi orðið fyrir tjóni vegna skyndilegs og ófyrirséðs atburðar við slysið og á M rétt á bótum frá V þar sem gildissvið innbúskaskótryggingar er þar með uppfyllt. .

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu – innbúskaskó hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 46/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 21. maí 2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 9.2.2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 27.2.2017, ásamt myndum.

Málsatvik.

M hlaut líkamstjón í vinnu sinni hjá X þar sem hún starfaði við þrif á fimleikasal. Í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins dags. 12.6.2014 lýsir fulltrúi A atvikum þannig að M hafi verið að fara niður af uppblásinni dýnu þegar hún missteig sig og fann til óþæginda í fótum. Í skýrslu vinnuveitanda til V dags. 25.11.2014 kemur fram að M hafi verið að stíga niður af dýnu þegar brot hafi komið á dýnuna með þeim afleiðingum að M sneri sig. Í tjónstilkynningu sem lögmaður M skrifar undir dags. 4.11.2014 kemur fram efnislega svipuð lýsing en til viðbótar að M hafi þurft að ganga yfir dýnuna til að geta þrifið á þeim stað sem hún þurfti að þrifa á.

M telur að aðstæður á vinnustað hennar hafi verið ófullnægjandi, ekki hafi verið tilkynnt um slysið á tilætluðum tíma til Vinnueftirlitsins og að A beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar. M vísar til þess að hún hafi þurft að ganga yfir umrædda dýnu og það hafi skapað þær óviðunandi vinnuaðstæður sem X hafi borið skylda til að koma í veg fyrir. M telur einnig að myndir sem liggja fyrir af vettvangi hafi ekki verið teknar á slysdegi og hafi því ekki sönnunargildi vegna atvika sem leiddu til tjóns hennar.

V vísar til þess að við þrif á fimleikasal þurfi almennt að fara vítt og breitt um salinn og það geti valið í sér að það þurfi að fara yfir dýnur og yfir og framhjá tækjum í salnum. Ekki hafi verið um að ræða aðstæður sem fölu í sér sérstaka hættu auk þess sem M hafi verið von aðstæðum. V hafnar einnig að ágreiningur sé um málsatvik þannig að áhrif hafi á sönnunarmat í tengslum við það að tilkynning hafi ekki borist til Vinnueftirlitsins í tæka tíð fyrir skoðun á vettvangi.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að efnislegur ágreiningur sé um málsatvik. M kveðst hafa þurft að stíga niður af dýnu til að sinna starfi sínu og því er ekki mótmælt af hálfu X eða V. Það stendur eftir að taka afstöðu til þess hvort gögn málsins sýni að aðstæður hafi verið ófullnægjandi m.t.t. almennra eða sérstakra reglna um aðstæður á vinnustað M. Þrif á fimleikasal fela í sér að umgangast þarf tæki og aðstæður sem ekki eru á öllum vinustöðum. Verður ekki lagt til grundvallar að það eitt að starfsmenn þurfi að ganga yfir fimleikadýnur og stíga af þeim séu aðstæður sem eru ófullnægjandi eða sýnt sé að öðru hafi verið ábótavant hjá X. Verður því ekki fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 21. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 47/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Suðurlandsvegi vestan Hestagerðis í Hornafjarðarbæ 22.12.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.2. 2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
2. Bréf V dags.

Málsatvik.

Árekstur varð á Suðurlandsvegi vestan Hestagerðis í Hornafjarðarbæ. Í lögregluskýrslu segir að það hafi verið hálka og frost. Ökumaður A segist hafa verið að aka bifreiðinni til vesturs og séð að farangurslúgan að aftan á B, sem ók á undan A hafi verið opin og hafi hann ekið framúr rúttunni og kveikt viðvörunarljós til að vekja athygli ökumanns B á að eitthvað væri að og hafi síðan hægt of fljótt á sér og séð þegar B lenti aftan á A, sem hafi runnið út af veginum hægra megin. Ökumaður B segir að A hafi hægt skyndilega á sér og hafi hann hemlað en ferðin það mikil að B hafi lent aftan á A og runnið síðan út af veginum vinstra megin.

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur fram að það hafi verið hálka á veginum þegar árekstur varð. Ökumaður A ók fram úr B og hægði síðan ferðina með þeim afleiðingum að ökumaður B náði ekki að stöðva B og árekstur varð með bifreiðunum. Ástæða árekstursins er því sú að ökumaður A hægir á sér eftir að hafa ekið fram úr B. Öll sök verður því lögð á ökumann A, sem gætti ekki nægjanlegrar varkárni þegar hann ók fram úr og í veg fyrir B og hægði síðan skyndilega á hraða A með þeim afleiðingum að ökumaður B náði ekki að stöðva bifreiðina og árekstur varð.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 21.3. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 48/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 31. janúar 2015

Gögn.

Málskot málskotsaðila, dags. 13.2.2017, ásamt fylgiskjölum og bréfi dags. 10. mars 2017.
Bréf V, dags. 24.2.2017.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá X, við að reisa stálgrind á viðbyggingu við hús skipasmíðastöðvar, þegar hann slasaðist á hendi. Af lögregluskýrslu má ráða að verkið hafi gengið út á að setja þverstífu milli þaksperra í um 10 metra hæð frá jörðu. M fór upp í skæralyftu til að festa bolta í svokallað auga á eyra þverstífunnar sem soðið er við þaksperruna. Var M einn við norð-austurenda stífunnar og samstarfsmaður hans við suð-vesturendann. Það gekk vel hjá samstarfsmanninum að festa boltann þeim megin en það gekk illa hjá M að ná að setja bolta í augað á þverstífunni norð-austanmegin. Stuttu síðar klemmdist hendi M þegar bolti sá sem átti að festa fór úr gati því sem hann átti að vera í.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins þar sem samstarfsmaður hans hafi stýrt lyftara með þeim hætti að hendi M klemmdist, röng tæki hafi verið notuð við verkið og að X beri sönnunarbyrði um að hafa viðhaft réttar aðferðir við verkið. M mótmælir einnig lýsingum starfsmanns X á atvikum, en ekki þykir nauðsynlegt að rekja þær lýsingar í þaula hér. V telur hins vegar að X beri ekki skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M þar sem ekki sé sýnt að rangar aðferðir hafi verið notaðar við verkið. Um hafi verið að ræða óhappatívik þegar losnaði skyndilega um spennu milli þaksperra eftir að reynt hafi verið að koma bolta í þar til gert auga, án árangurs.

Álit.

Nokkur ágreiningur er um málsatvik milli aðila máls, en sá ágreiningur lýtur fyrst og fremst að því hvort stjórnandi lyftara hafi stýrt honum með þeim hætti að hönd M klemmdist eða hvort lyftarinn hafi einungis verið notaður eftir að hönd M klemmdist. Þó þetta atriði, í lýsingum á þeim atvikum sem leiddu til þess að M slasaðist í greint sinn, sé ekki alveg ljóst verður hins vegar að líta til þess álits sem Vinnueftirlitið setti fram eftir rannsókn á orsökum slyssins. Þar kemur fram það mat Vinnueftirlitsins að vinnubrögð hafi ekki verið fullnægjandi. Það hafi myndast mikil spennu á milli þaksperra og þverstífu sem hafi svo losnað snögglega úr læðingi með þeim afleiðingum að hönd M klemmdist. Þegar litið er til málsatvika í heild, og þess að M var ekki sá sem stjórnaði framkvæmd verksins, verður að taka undir mat Vinnueftirlitsins hvað það varðar að slys M sé hægt að rekja til þess að ekki var réttilega brugðist við þeim vandkvæðum sem voru á því að koma bolta í auga í greint sinn, þar sem M var einn við vinnu upp í sperrunni. Verður slysið ekki rakið til háttsemi hans sjálfs sem metin er til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993. Á M því fullan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 49/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.****Gildissvið vátryggingarskilmála vegna fósturmissis kúa í desember 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 12.2.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 21.2.2017, ásamt tónstilkynningu frá M, höfnunarbréfi V, vátryggingarskírteini og vátryggingarskilmálum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að V seldi M ábyrgðartryggingu sem nær til tjóns sem verður til vegna skaðabótaábyrgðar sem fellur á M, sbr. 2. gr. vátryggingarskilmálanna. Í 6. gr. sömu skilmála koma fram nokkuð víðtækar undanþágur frá bótaskyldu vegna tjóns sem verður á munum sem vátryggður er að vinna við með einhverjum hætti. Þessu til viðbótar er síðan samið sérstaklega með áritun í vátryggingarskírteini um að V greiði „bótakröfur vegna tjóns er verður á dýrum þeim sem vátryggingartaki hefur stundað sem dýralæknir enda valdi tjónið dauða dýranna.“

Í málskoti M kemur fram að hún telur að röng meðhöndlun dýralæknis á tveimur kúm hafi leitt til þess að þær misstu fóstur og hafi það leitt til tjóns fyrir eiganda þeirra. M telur að gildissvið ábyrgðartryggingar fyrirtækisins eigi að ná til tjóns eiganda kúnna enda felist tjónið í því að fóstur hafi dáið. M vísar til þess að hvergi komi fram í sérskilmálum að dauði fóstura eða fósturvísa sé ekki tryggður. Auk þess bendir M á að þegar dýralæknir sé að meðhöndla kvenkyns dýr sem er með fósturi verði að líta á báða sem sjúklinga dýralæknisins. Röng lyfjagjöf hafi haft þau áhrif að fósturin dóu og nái ábyrgðartryggingin því yfir tjónið.

V telur í fyrsta lagi að gögn málsins séu mjög takmörkuð, bæði um atvik og mögulegt fjártjón eiganda þeirra kúa sem hafi verið til meðferðar hjá M. V vísar til þess að gildissvið ábyrgðartryggingarinnar sé takmarkað vegna undanþága í 6. gr. vátryggingarskilmála og sú útvíkkun sem samið hafi verið sérstaklega um í vátryggingarskírteini sé takmörkuð við tjón á sjálfum dýrunum sem dýralæknir hafi til meðferðar. Tjónið, sem M lýsi, sé ekki þess eðlis og verði því ekki fellt undir gildissvið ábyrgðartryggingar V.

Álit.

Eins og lýst hér að ofan nær gildissvið ábyrgðartryggingar M hjá V til skaðabótaábyrgðar sem leiðir til bótakrafna vegna tjóns sem verður á dýrum þeim sem M stundar sem dýralæknir, enda hafi tjónið leitt til dauða dýranna. Að öðru leyti nær vátryggingin ekki til tjóns sem verður á munum sem M er að vinna við með einhverjum hætti. Þau dýr sem M hefur til meðferðar teljast almennt til muna sem M vinnur við með einhverjum hætti. Verður því að taka afstöðu til þess hvort sú útvíkkun, sem samið hefur verið um í vátryggingarskírteini, á gildissviði ábyrgðartryggingarinnar geti tekið til atvika, eins og þeim er lýst í gögnum málsins. Þegar litið er til orðalagsins í sérskilmála í vátryggingarskírteini verður ekki annað séð en að áskilið sé að það þurfi að koma til dauða þeirra dýra sem M hefur stundað sem dýralæknir. Ljóst er að þær kúr sem M hafði til meðferðar dóu ekki. Verður orðalag sérskilmálanna ekki skilið þannig að það geti náð til dauða fóstura eða fósturvísa þeirra dýra sem M hafði til meðferðar. Verður því ekki fallist á bótaskyldu miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu.

Niðurstaða.

Ekki er fallist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 50/2017**M og
V vegna bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Sönnun áreksturs 12.10.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 13.2.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 27.2.2017.

Tölvupóstur V, dags. 27.2.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi komið á lögreglustöð til að tilkynna árekstur á Miklubraut. Í skýrslu ökumannsins kemur fram að hún taldi að bifreið A hafi verið ekið utan í hlið sinnar bifreiðar þannig að tjón varð á henni. Ökumaður bifreiðar B sagði ökumann bifreiðar A ekki hafa stöðvað bifreið sína og því hafi hún tilkynnt málið til lögreglu. Í lögregluskýrslu kemur enn fremur fram að lögreglumaður hafi hringt í ökumann bifreiðar A og í því símtali hafi ökumaður bifreiðar A viðurkennt að hafa verið að skipta um akrein á Miklubraut og að hún hafi orðið vör við að hún ók utan í bifreið B og hafi ekki stöðvað þar sem hún taldi sig í rétti. Síðar gaf ökumaður bifreiðar A skýrslu hjá lögreglu þar sem hún neitar því að hafa ekið utan í bifreið B.

M (eigandi bifreiðar A) telur að það sé ósannað að það hafi orðið árekstur með bifreiðunum og vísar til skýrslu ökumanns bifreiðar A hjá lögreglu og þess að ekki sé ákoma á bifreið A. Einnig vísar M til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekki verið strax viss um hvaða bifreið hafi ekið á hennar.

ABÍ telur, með vísan til gagna málsins, hafið yfir vafa að árekstur hafi orðið með bifreiðum A og B og ökumaður bifreiðar A beri ábyrgð á þeim árekstri. Sama afstaða kemur fram á hjá V.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sannað teljist að bifreið A hafi verið ekið utan í bifreið B við akstur á Miklubraut. Við mat á því verður að líta að einhverju leyti til þess sem kemur fram um samskipti ökumanns bifreiðar A og lögreglumanns strax eftir áreksturinn, þar sem ökumaður bifreiðar A viðurkennir að hafa lent í árekstri. Þó það fari í bága við upplýsingar sem hún gefur sjálf í síðargefinni lögregluskýrslu verður að líta til þess að ákoma á bifreið B passar við að dekk á bifreið A hafi lent utan í bifreið B. Þegar litið er til atvika og gagna málsins í heild lítur nefndin svo á að nægileg sönnun sé komin fram um að ökumaður bifreiðar A hafi ekið utan í bifreið B þann 12.10.2015. Eigandi bifreiðar B á því rétt á bótum hjá ABÍ vegna notkunar bifreiðar A.

Niðurstaða.

V ber að greiða bætur til eiganda bifreiðar B vegna notkunar bifreiðar A.

Reykjavík, 28. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 51/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar X.****Gildissvið málskostnaðartryggingar vegna ágreinings um
skilyrði til greiðslu miskabóta í dómsmáli.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 10.2.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 22.2.2017, ásamt tjónstilkynningu dags. 22.3.2016 og fylgiskjali með henni, fylgipósti vegna tjónstilkynningar, samskipti aðila vegna málsins, höfnunarbréfi V og ítrekun þess, dómi máls og stefnu, váttryggingarskirteini og váttryggingarskilmálum.

Athugasemdir og fylgiskjöl frá M með tölvupósti dags. 27.2.2017, ásamt reikningi dags. 15.5.2015.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M höfðaði mál, með stefnu birtri 6. nóvember 2014, gegn fyrrum vinnuveitanda sínum og krafðist þar greiðslu miskabóta vegna eineltis af hálfu fyrrum yfirmanns síns. Þeim ágreiningi lauk með dómi Hæstaréttar í máli nr. 475/2015. Lagt er til grundvallar að ágreiningur hafi komið upp í málinu nokkru fyrir þingfestingu stefnu eða á árinu 2013. Af gögnum málsins má ráða að á þeim tíma hafi X, núverandi eiginmaður M, verið váttryggingartaki fjölskyldutryggingar hjá V og hefur V lagt fram váttryggingarskirteini og váttryggingarskilmála því til staðfestingar.

M krefst greiðslu bóta úr svokallaðri réttaraðstoðartryggingu (málskostnaðartryggingu) fjölskyldutryggingar X vegna þess ágreinings sem leiddi til dóms Hæstaréttar í máli réttarins nr. 475/2015. M vísar til þess að hún hafi verið í sambúð með X á þeim tíma sem ágreiningur kom upp og þó þau hafi ekki verið skráð formlega í sambúð hafi hún haft sama lögheimili á tímabilinu. Einnig vísar M til meiðyrðamáls sem virðist hafa verið höfðað þar sem V hafi fallist á greiðslu bóta úr sömu réttaraðstoðartryggingu án ágreinings um hvort hún hafi verið váttryggð í fjölskyldutryggingu X. Einnig vísar M til þess að hún telji undanþáguákvæði 39. gr. váttryggingarskilmála V ekki eiga við vegna málsins þar sem hún hafi farið fram á miskabætur vegna eineltis og líta beri á slíkan ágreining með sama hætti og meiðyrðamál sem V hafi fallist á bótaskyldu vegna áður. M telur að undantekningarákvæði í váttryggingarskilmálum beri að túlka þröngt og að ágreiningur um greiðslu miskabóta vegna eineltis sé ekki til kominn vegna atvinnu eða embættisreksturs hennar.

V vísar til inngangsorða váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar sinnar þar sem kemur fram að váttryggðir í þeirri váttryggingu séu váttryggingartaki og fjölskylda hans. Einnig komi fram að með fjölskyldu sé átt við maka, sambúðarmaka og ógift börn sem eigi sameiginlegt lögheimili á Íslandi, sameiginlegt heimilishald og búi á stama stað. V telur að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi í raun haft sama lögheimili og váttryggingartakinn X á þeim tíma sem ágreiningur í máli hennar kom upp. Í 38. gr. váttryggingarskilmála komi auk þess fram að váttryggingu þurfi að vera í gildi hjá váttryggðum þegar ágreiningur kemur upp og hafa verið í gildi í tvö ár þar á undan. V telur M ekki hafa sýnt fram á að þetta skilyrði sé uppfyllt. Auk þess vísar V til þess að eðli ágreinings þess sem M höfðaði dómsmál vegna sé þannig að það falli undir undanþáguákvæði í b.lið 39. gr. váttryggingarskilmála, en þar komi fram að váttryggingin taki ekki til ágreinings máls eða málsbeiðni sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs. V telur að ágreiningur M við vinnuveitanda sinn í máli Hæstaréttar nr. 475/2015 hafi verið í beinum og órjúfanlegum tengslum við atvinnu M og falli því utan gildissviðs váttryggingarinnar.

Álit.

Í fyrsta lagi er deilt um hvort M var váttryggð í fjölskyldutryggingu núverandi eiginmanns síns þegar ágreiningur kom fyrst upp í máli sem hún höfðaði gegn vinnuveitanda sínum í nóvember 2014. Í 38. gr. váttryggingarskilmála kemur fram að váttryggður geti óskað eftir réttaraðstoð ef fjölskyldutrygging er í gildi þegar ágreiningur kemur upp og hefur þá verið í gildi í tvö samliggjandi ár. Í inngangi á fyrstu síðu sömu váttryggingarskilmála kemur síðan fram að váttryggðir séu váttryggingartaki og fjölskylda hans. Til skýringa er tekið fram að „til fjölskyldu váttryggingataka telst maki hans eða sambúðarmaki og ógift börn þeirra sem hafa skráð sameiginlegt lögheimili á Íslandi, sameiginlegt heimilishald og búa á sama stað.“

Í málskoti og síðar tilkomnum gögnum frá M kemur fram sú frásögn hennar að hún hafi verið sambúðarmaki váttryggingartaka síðan í ágúst 2012, en þau munu hafa tekið upp samband fyrr það sumar. M vísar til skattframtals vegna tekjuársins 2013 þar sem lögheimili hennar er tilgreint og segir í skýringum að um sama lögheimili sé að ræða og núverandi eiginmaður hennar hafi haft á sama tíma. Þannig telur hún að skilyrði váttryggingarskilmála séu uppfyllt.

Við skoðun þeirra gagna verður ekki séð með skýrum hætti að M hafi haft skráð lögheimili á sama stað og váttryggingartaki X þegar ágreiningur í máli hennar kom upp. Ekki liggja t.d. fyrir staðfest gögn frá t.d. þjóðskrá um lögheimilisskráningar þeirra beggja frá árinu 2013 eða sambærileg staðfesting. Í ljósi þess að sett er fram skilyrði í váttryggingarskilmálum um sameiginlegt lögheimili sambúðarmaka og váttryggingartaka, til þess að sambúðarmaki geti talist váttryggður sem fjölskylda váttryggingartaka, verður að leggja hallann af sönnunarskorti um þetta atriði á M.

Í öðru lagi er síðan deilt um hvort ágreiningurinn sem leiddi til dómsmáls M gegn fyrrum vinnuveitanda sínum, sem leitt var til lykta með ofangreindum dómi Hæstaréttar í máli nr. 475/2015, sé þess eðlis að hann falli undir undanþáguákvæði b.liðar 39. gr. váttryggingarskilmála. Þar kemur fram að að váttryggingin taki ekki til ágreinings máls, eða málsbeiðni „sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs, þar með talið vegna vinnuslysa.“

Eðli ágreinings M við vinnuveitanda sinn laut að því að krafa um miskabætur var sett fram á hendur vinnuveitandanum vegna yfirmanns sem M taldi að hefði lagt sig í einelti á vinnustaðnum. Verða þær aðstæður og málsatvik í dómi Hæstaréttar í máli nr. 475/2015 ekki skilin öðruvísi en að ekki sé hægt að líta fram hjá því að M var starfsmaður umrædds vinnuveitanda þegar sú háttsemi átti sér stað. Háttsemin varðaði starfsaðstæður og framkomu yfirmanns við starfsmann (M) vegna starfs hennar og stöðu á vinnustaðnum. Verður ágreiningurinn því metinn þannig að hann hafi verið í beinum tengslum við atvinnu M.

Þegar af þeirri ástæðu að M hefur ekki sýnt með nægilega skýrum hætti fram á að hún hafi verið váttryggð í fjölskyldutryggingu X á árinu 2013, skv. skýrum ákvæðum váttryggingarskilmála verður ekki fallist á bótaskyldu vegna réttaraðstoðar sem M greiddi fyrir vegna þess ágreinings sem leiddi til dómsmáls gegn vinnuveitanda hennar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 52/2017
M
og
vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar ökumanns.

Ágreiningur um hvort bótaréttur sé fallinn niður með því að tjón var tilkynnt of seint.

Gögn.

Málskot, dags. 15.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.2.2017.

Málsatvik.

Hinn 27. júní 2013 var M í ökukennslu á bifhjól og hafði stöðvað bifhjól á rauðu ljósi á gatnamótum Suðurlandsbrautar og Grensásvegar í Reykjavík. Rann hún þá af kúplingu hjólsins með þeim afleiðingum að hjólið fór af stað inn á gatnamótin þar sem það rakst á kyrrstæða bifreið. Við áreksturinn féll M af hjólinu og brotnaði á hægri handlegg. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Hún mun tvívegis hafa þurft að fara í aðgerð vegna áverkans.

Ökukennari M og eigandi bifhjólsins fyllti út tjónstilkynningu sem er dagsett 27. júní 2013, eða sama dag og slysið varð. Þar kemur fram að M hafi slasast og leitað á bráðamóttöku LSH. Í kjölfarið mun tjónstilkynningin hafa verið send V, vátryggjanda bifhjólsins.

M veitti lögmanni umboð til að gæta hagsmuna sinna vegna slyssins gagnvart bótaskyldum aðilum. Með bréfi lögmannsins til V, dags. 2. júní 2016, tilkynnti lögmaðurinn félaginu að M hafi falið lögmannsstofu hans að gera kröfu á hendur félaginu, þ.m.t. í skilningi ákvæða 51. og 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Með tölvubréfi 5. júlí 2016 hafnaði V bótaskyldu á þeim forsendum að samkvæmt læknisvottorði 28. júní 2013 hafi M þann sama dag fengið upplýsingar um að hún hafi hlotið kurlbrot á hægri úlnlið og upphaf ársfrests samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. beri að miða við það tímamark. Tilkynning M um tjónið hafi því ekki borist V innan ársfrestsins. Þá er tekið fram í athugasemdum V vegna málskotsins að engu breyti þótt ökukennari M hafi tekið það fram á ökutækjatjónstilkynningu að hún hafi slasast í árekstrinum þar sem 1. mgr. 51. gr. vsl. tilgreini vátryggðan sem þann sem skal tilkynna tjón sitt. Einnig er tekið fram að það standi M næst að gera sér grein fyrir hvort afleiðingar slyssins hafi orðið varanlegar eða ekki.

Álit.

Um frest til að krefjast bóta úr slysátryggingu ökumanns skv. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 fer eftir 1. mgr. 124. gr. vsl., sbr. m.a. dóm Hæstaréttar 21. maí 2015 í máli nr. 10/2015. Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá rétti til bóta samkvæmt slysátryggingu ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Jafnvel þótt ákvæði þetta beri að skýra efnislega á sama veg og hliðstætt ákvæði í 1. mgr. 51. gr. laganna, er varðar skaðatryggingar, er engu að síður sá orðalagsmunur á þessum tveimur ákvæðum að í 1. mgr. 124. gr. laganna er enginn áskilnaður um hver tilkynni félaginu um kröfu þess sem á rétt til bóta. Tjónstilkynning sú sem fyllt var út af hálfu ökukennara M og eiganda bifhjólsins er ekki einasta tilkynning um tjón á þeim ökutækjum sem hlut eiga að máli þegar umferðaróhapp hefur orðið. Í henni felst einnig tilkynning um slys á fólki og tjón á eignum eins og skýrlega kemur fram í tölulíðum 32 og 33 í tilkynningunni. Ekki virðist um það deilt að tjónstilkynningin barst V í kjölfar slyssins. Þá fékk V upplýsingar um að M hafði slasast og þurft á leita á sjúkrahús, en þær upplýsingar áttu að vera fullnægjandi fyrir V til að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna tjónsatburðarins. Þegar af þessari ástæðu hefur M ekki glatað rétti til bóta úr umræddri slysátryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 53/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala og
starfsábyrgðartryggingar lögmans (X).****Skaðabótaábyrgð lögmans og fasteignasala vegna sölu á fasteign
og samkomulags um fjárskipti í maí 2013.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 14.2.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 3.3.2017, ásamt váttryggingarskilmálum, bréfum X dags. 30.8.2013 og 5.8.2016 og höfnunarbréfi V dags. 19.8.2016.

Málsatvik.

M telur að X hafi sem löggiltur fasteignasali og lögmaður sýnt saknæma háttsemi við gerð fjárskiptasamnings milli M og fyrrverandi eiginkonu hans og að þau fjárskipti hafi tengst kaupsamningi um fasteign. M telur að X hafi ekki sinnt hlutverki sínu um ráðstöfun greiðsla skv. kaupsamningi um umrædda fasteign auk þess sem afsal hafi ranglega verið gefið út vegna eignarinnar. Í málskoti koma auk þess fram lýsingar á samskiptum M við X, verðmæti sem M telur að hafa átt að koma í hans hlut og lýsingar hans á því hvernig hann telur það hafa komið til að afsal var gefið út til kaupanda fasteignar sem fyrrverandi eiginkona M var ein skráð fyrir.

V telur að vísa eigi máli M frá nefndinni með vísan til 2. og 3. mgr. 3. gr., sbr. og e.-liðar 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Að öðru leyti telur félagið að ekki sé sannað að X hafi sýnt saknæma háttsemi sem lögmaður eða fasteignasali þannig að gildissvið starfsábyrgðartrygginga V sé uppfyllt. Til dæmis hafi ekki legið fyrir samningur um störf hans sem lögmaður og ekki hafi verið krafist nokkurrar greiðslu fyrir slík störf.

Álit.

Í málskoti er byggt á því að X hafi með saknæmri háttsemi, ýmist sem fasteignasali eða lögmaður, valdið M fjárhagstjóni. Er vísað annars vegar til þess að X hafi vanrækt skyldur sínar í tengslum við útgáfu afsals og hins vegar að hann hafi sem lögmaður séð til þess að fjárskipti milli M og fyrrverandi eiginkonu hans væru leidd til lykta með þeim hætti sem M telur að þau hafi átt að vera. Hvorki röksemdir M né gögn sem lögð eru fram eru skýr um hvaða skyldur X gat haft eftir undirritun kaupsamnings um fasteign, sem var þó eingöngu í eigu fyrrverandi eiginkonu M, og þeirra skjala sem undirrituð voru í tengslum við þann samning.

Í samþykktum úrskurðarnefndar í váttryggingamálum kemur fram að nefndin fjalli ekki um „mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar“, sbr. e-liður 4. gr. samþykktanna. Þegar litið er til málatilbúnaðar M verður ekki séð með glöggum hætti hvort og þá hvernig samningssamband hafi mögulega verið milli M og X á árinu 2013 og eftir það. Ekki verður heldur séð glögglega hvaða aðkomu M hefði átt að hafa af útgáfu afsals fyrir fasteign í eignum fyrrverandi eiginkonu sinnar og fara upplýsingar ekki í öllum tilvikum saman hvað það varðar í málatilbúnaði hans, til dæmis með vísan til uppgefninga afsals/afsala sem gefin voru út. Einnig er óljóst hvaða fasteignasala hafði söluumboð vegna fasteignar á þeim tíma sem M kveðst hafa orðið fyrir tjóni. Tímasetning þess er reyndar heldur ekki alveg ljós.

Verður, með vísan til ofangreinds, telur nefndin að málið sé óljóst og illa upplýst að það sé ekki tækt til úrskurðar. Verðu því með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar að vísa málinu frá.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 21. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 54/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Krafa um miskabætur skv. a.lið 1. mgr. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993
vegna umferðarslyss 7.7.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr.1-10.
2. Bréf V dags. 20.2.2017.

Málsatvik.

M lentu í umferðarslysi 7.7.2014 þegar bifreiðinni A var ekið yfir á öfugan vegarhelming á Bústaðarvegi og lenti í árekstri við bifreið sem M voru í. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður A vissi ekki á hvaða hraða hann ók, en telur sig hafa ekið á umferðarhraða og muni ekki til að hafa verið að nota farsíma. Í lögregluskýrslu er vísað til framburðar tveggja vitna, sem bera bæði að A hafi ekki verið ekið hratt.

M krefjast bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og byggja á því að ökumaður A hafi valdið M líkamstjóni með stórfelldu gáleysi. M telja að ökumaður A hafi verið í farsíma og ekki fylgst með akstrinum eða verið með augun á veginum. Auk þess telja M að A hafi verið ekið allt of hratt miðað við aðstæður og yfir leyfilegum hámarkshraða. Af hálfu M kemur fram í lögregluskýrslu að ökumaður A hafi lotið höfði þegar A fór yfir á rangan vegarhelming.

V hafnar bótaskyldu og telur að telur að ökumaður A hafi ekki sýnt af sér stórfellt gáleysi í skilningi skaðabótalaga. V bendir á að skv. framburði tveggja vitna og M þá hafi A verið ekið á um 50 km. hraða, en hámarkshraði á akbraut sé 60 km. V segir ósannað að ökumaður A hafi verið í farsíma.

Álit.

Árekstur varð þegar A var ekið yfir á öfugan vegarhelming og M urðu fyrir líkamstjóni við áreksturinn. Af lögregluskýrslu og öðrum gögnum málsins verður ekki talið sannað að A hafi verið ekið yfir löglegum hámarkshraða og vitnisburður tveggja vitna á vettvangi er með þeim hætti að frekar má ætla að A hafi verið ekið undir leyfilegum hámarkshraða í greint sinn. Þá verður heldur ekki af gögnum málsins talið sannað að ökumaður bifreiðar A hafi verið að nota farsíma fyrir eða þegar áreksturinn varð. Ökumaður A sýndi af sér nokkuð gáleysi þegar hann ók A yfir á öfugan vegarhelming, en til að gáleysi teljist stórfellt þarf það að vera á mjög háu stigi og fela í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt er. Við mat á aðstæðum öllum verður ekki á það fallist með M að ökumaður A hafi gerst sekur um stórfellt gáleysi þannig að leiði til bótaskyldu skv. a.lið 1. mgr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á miskabótum skv. skaðabótalögum úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík 28.3. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 56/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Hjólreiðamaður féll af hjóli þegar hann bremsaði vegna aðvífandi bifreiðar 15.6.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 3.3.2017.

Málsatvik.

M hjólaði á reiðhjóli eftir Mýrarvegi á Akureyri til norðurs, og var m.a. í gulu endurskinsvesti, með fyrirhugaða stefnu yfir gatnamótin við Skógarlund. Þegar M var kominn að gatnamótunum sá hann bifreiðina A koma austur Skógarlund og lýsir M atvikum þannig að A hafi verið ekið ákveðið inn á gatnamótin og yfir stöðvunarlínu. M segir að honum hafi brugðið við þetta og tekið í handbremsur á hjólinu með þeim afleiðingum að hann datt fram fyrir sig. M segist hafa hjólað hægra megin á akrein með akstursstefnu yfir gatnamót, þar sem engin biðskylda er og talið að A yrði ekið alla leið yfir gatnamótin. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V og telur líkamstjón sitt rakið til notkunar bifreiðarinnar A í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður A segist hafa ekið ákveðið að gatnamótunum og örlítið inn á Mýrarveg eða um 1.5 metra, þar sem hann stöðvaði vegna hjólreiðamannsins. Vitni segir að M hafi verið vel sýnilegur í vesti og með hjálm. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að engin snerting hafi orðið milli A og reiðhjólsins og ósannað sé að slysið verði rakið til notkunar A eða saknæmrar háttsemi ökumanns A. V segir að þótt ökumaður A hafi e.t.v. séð seint til ferða M þá hafi hann stöðvað í tæka tíð og allnokkur fjarlægð sé frá þeim stað sem A stöðvaði og þeim stað þar sem M féll af hjóli sínu og hafi M haft nægjanlegt ráðrúm og pláss til að hægja ferðina og stöðva örugglega eða aka yfir gatnamótin.

Álit.

Fram kemur að A var ekið ákveðið að gatnamótunum gegn biðskyldu og inn á þau þegar M hugðist aka á reiðhjóli sínu um gatnamótin og var komin að þeim. Við þær aðstæður einkum að því virtu að ökumanni bifreiðar A bar að veita umferð um gatnamótin forgang þá verður ekki talið óeðlilegt að M hafi gripið til þess ráðs að nauðhemla með þeim afleiðingum að hann datt af hjólinu og slasaðist. Ökumaður A ber ábyrgð á að haga aksturslagi sínu í umrætt sinn með þeim hætti að veruleg ógn var af fyrir M og verður því rakið til notkunar bifreiðarinnar A. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 21.3. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 57/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Starfsmaður í fiskvinnslu skarst á fingri við störf við færiband.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16.2.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Að morgni 26. nóvember 2014 var M að störfum í fiskvinnslu hjá fyrirtækinu A. Vann hann við að flaka fisk á færibandi. Samkvæmt því sem greinir í málskoti kom tímabil þar sem enginn fiskur kom á færibandinu. Ákvað M að nota tímann til að þrifa gólfíð undir færibandinu, en þar hafði fiskúrgangur safnast fyrir og það hafi verið í hans verkahring að halda vinnuumhverfinu hreinu til að geta athafnað sig almennilega við störf sín. Við þrifið hafi hann sett hægri hönd á færibaldið og notað þá vinstri til að þurrka gólfíð. Festist þá langatöng hægri handar í „plastflipa sem hólfar fiskana“ á færibandinu og skarst hann illa á fingrinum.

Telur M að slysið megi rekja til ófullnægjandi aðbúnaðar og vinnulags á vinnustaðnum. A hafi vanrækt að þjálfra starfsfólk og skipuleggja öruggt vinnulag í tengslum við þrif á færibandinu og við það, en starfsmenn athafna sig og þrifa meðan það var enn í gangi. Auk þess hafi færibaldið og vinnuástaða verið ófullnægjandi, hentað afar illa til verksins og skapað slyshættu. Þá hafi færibaldið ekki verið ætlað fyrir þá starfsemi sem fram fór á því. Af hálfu M er vísað til nánar tilgreindra ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja og reglum nr. 851/1995 um húsnæði vinnustaða. Þá hafi slysið verið fyrst tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins átta dögum eftir slysið og því hafi slysið ekki verið rannsakað af eftirlitinu. Slysið hafi því ekki verið tilkynnt eins og bar að gera skv. 79. gr. laga nr.46/1980 og því beri A hallann af því að ekki hafi verið gerð viðhlítandi rannsókn á slysinu og jafnframt beri að leggja til grundvallar framburð M málsatvik, aðstæður á vinnustað, aðbúnað og vinnulag. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í málskoti hefur M lýst nánar búnaði og virkni færibandsins. Segir þar að „[f]liparnir rísa upp við endann þegar þeir hafa farið sína leið „undir“ bandinu, en þar festist fingurinn og skarst illa.“ Ekki verður ráðið að ágreiningur sé með aðilum um það hvernig slysið bar að höndum. M hefur ekki tilgreint á hvern hátt færibandinu eða vinnuástöðu við það hafi verið áfátt né heldur með hvaða móti slysið verði rakið til þess að þjálfun starfsfólks eða skipulagi vinnu hafi verið áfátt. Þessu breytir ekki, eins og hér á stendur, þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu eins og lög kveða á um. Af gögnum málsins þykir því ekki hafa verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 59/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á bifreiðaplani á 2. hæð Kringlunnar 19.1.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 13.2.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 24.2.2017, ásamt fylgiskjölum, þ.á.m. lögregluskýrslu, myndum, greinargerðum og tjónstilkynningum M sem og samskiptum M og V vegna málsins.

Tölvupóstur V2 dags. 6.3.2017 ásamt greinargerð eiganda bifreiðar B.

Ódags. greinargerð M sem viðbrögð við bréfi V2.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna áreksturs bifreiðanna A og B kemur fram að bifreið A hafi verið ekið beint áfram til norðurs um bifreiðastæðið þegar bifreið B hafi verið ekið í vinstri beygju inn á akstursleið bifreiðar A, en inn á þá akstursleið hafi bifreið B komið frá hægri með fyrirhugaða akstursstefnu suður bifreiðastæðið.

Þegar röksemdir M eru teknar saman úr öllum þeim gögnum sem M leggur fyrir nefndina verður að leggja til grundvallar að M telur að ranglega hafi verið haft eftir ökumanni bifreiðar A í lögregluskýrslu að hún hafi ætlað að aka beint áfram norður bifreiðastæðið heldur hafi hún ætlað að aka til hægri þar sem bifreið B hafi verið ekið út. M telur auk þess að bifreið B hafi verið ekið ranglega í vinstri beygju þar sem bifreiðin hafi verið á röngum vegarhelmingi og árekstur hafi án þess að ökumaður bifreiðar A hafi getað brugðist við þar sem leiðir bifreiðanna hafi ekki átt að skerast m.v. það sem M lýsir sem raunverulegri fyrirhugaðri akstursstefnu bifreiðar A. Einnig bendir M á að þó akstursstefna ökumanns bifreiðar A hefði verið beint áfram á bifreiðastæðinu hefði henni ekki verið gert kleift að virða forgang frá hægri þar sem staðsetning bifreiðar B hafi verið þannig á akstursleið bifreiðastæðisins að ekki hafi verið komið að því því augnabliki að ökumaður bifreiðar A hefði getað stöðvað bifreið sína. Undir þessi sjónarmið er tekið í bréfi V1 dags. 24. febrúar 2017 og telur félagið að bifreið B ber alla sök þar sem ökumaður bifreiðarinnar hafi tekið vinstri beygju með röngum hætti.

V2 telur að ökumaður bifreiðar A verði að bera alla sök á árekstrinum þar sem henni hafi borið að veita umferð frá hægri forgang. Ökumaður bifreiðar B vísar einnig til forgangs umferðar frá hægri og vísar því á bug að hafa verið ranglega staðsett á bifreiðastæðinu.

Álit.

Í málinu liggja fyrir ítarlegar lýsingar á atvikum, bæði frá ökumönnum bifreiða A og B sem og M sem er eigandi bifreiðar A. Þegar litið er til ljósmynda af vettvangi árekstursins og annarra gagna sem liggja fyrir um akstursstefnu bifreiða A og B þegar árekstur varð, verður ekki annað séð en að á ökumanni bifreiðar A hafi ríkt skylda til að veita umferð frá hægri forgang eins og kveðið er á um í háttarnisreglu sem fram kemur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar sérstaklega er litið til staðsetningu áreksturs, eins og hún kemur fram á myndum af vettvangi og merkjum eftir bifreiðarnar verður möguleg fyrirhuguð akstursstefna ökumanns bifreiðar A ekki talin upphéfa þann forgang sem hún átti að veita við þessar aðstæður. Ber ökumaður A því meginábyrgð á árekstrinum.

Þegar litið er til sömu gagna og sömu ljósmynda af vettvangi verður hins vegar ekki hjá því litið að staðsetning bifreiðar B, m.t.t. fyrirhugaðrar vinstri beygju var þannig að fyrirmælum um hvernig skal haga vinstri beygju skv. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga var ekki fylgt að öllu leyti. Telst það hafa áhrif á sakarskiptingu milli ökumanna.

Með hliðsjón af ofangreindum sjónarmiðum verður sök skipt þannig að ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber $2/3$ hluta sakar en ökumaður bifreiðar B ber $1/3$ hluta sakar.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 62/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Sönnun orsakatengsla líkamstjóns við árekstur 2.11.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 22.2.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 8.3.2017, ásamt frekari gögnum.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 9.3.2017.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 4.8.2017 ásamt matsgerð dags. 31.7.2017.

Bréf V, dags. 4.8.2017.

Tölvupóstur lögmans M, dags. 14.8.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins liggur fyrir að M var farþegi í bifreið sem ekið var utan í við inn- og útkeyrslu bifreiðastæðis við Völvufell í Reykjavík 2.11.2015. M tilkynnti um líkamstjón til V með tjónstilkynningu dags. 11.11. 2015, en hafði áður leitað á heilsugæslu vegna verkja í mjóbaki 3.11.2015. V hefur hafnað bótaskyldu vegna líkamstjónsins á þeim grundvelli að ekki sé sannað að árekstur sá sem M lenti í sé orsök þeirra mjóbaksverkja sem hún hafi fengið í kjölfarið.

M telur að sýnt sé af gögnum málsins að hún hafi leitað strax til læknis vegna þess og það liggi nú fyrir matgerð tveggja matsmanna dags. 31.7.2017 þar sem matsmenn komast að þeirri niðurstöðu að orsakatengsl séu sönnuð og komist jafnframt að niðurstöðu um varanlegan miska og varanlega örorku M. Í því ljósi telur M að tjón sitt sé sannað og að matsgerð sú sem lögð sé til grundvallar hafi ótvírætt sönnunargildi, þar sem V hafi verið upplýst um gerð hennar strax og beiðni var send til matsmanna, auk þess sem matsmenn hafi gefið bæði lögmanni M og starfsmönnum V færi á að gera athugasemdir í málinu á matsfundi.

V telur, þrátt fyrir umrædda matsgerð, að ósannað sé að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum 2.11.2015. V telur að sönnunargildi matsgerðarinnar sé takmarkað þar sem hennar hafi verið aflað einhliða og það séu fullyrðingar um heilsufar M í matsgerðinni sem séu rangar um að hún hafi verið einkennalaus frá mjóbaki fyrir umferðarslysið 2.11.2015. Einnig vísar V til þess að einkenni þau sem M lýsi séu ekki sértæk fyrir afleiðingar slysa, matsgerðin byggir á einhliða frásögn M og í því felist ekki næg sönnun fyrir orsakatengslum. Einnig vísar V til útreiknings á þeim þyngdarkrafti sem talinn er hafa myndast í árekstrinum. Í skýrslum sem V leggur fram um slíkan útreikning kemur fram að kraftar á bifreiðina, sem M var farþegi í hafi einungis verið 0,77 g. Þannig kraftar bendi til þess að almennt séu mjög litlar líkur á því að það verði líkamstjón við slíkar aðstæður. Eins og áður segir hefur V því hafnað greiðsluskyldu bóta til M vegna umferðaróhappsins.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón vegna áreksturs 2.11.2015. Meta verður öll gögn málsins í heild. Í málinu liggur fyrir að M leitaði til læknis vegna mjóbaksverkja eftir árekstur í síðasta lagi daginn eftir að árekstur varð og tilkynnti til V um slík meiðsl rétt um viku síðar. Í framkominni matsgerð dags. 31.7.2017 kemur fram að matsmenn telji meiri líkur en minni á að M hafi hlotið líkamstjón við áreksturinn. Nefndin telur unnt að leggja matsgerð til grundvallar við mat á gögnum málsins, en sýnt er af tölvupóstum bæði lögmans M og annars matsmanna og V var gefinn kostur á að gera athugasemdir vegna málsins þegar unnið var að matinu. Einnig verður litið til skýrslu sem V lét einhliða gera um þyngdarkrafta sem leystust úr læðingi við áreksturinn þó hennar hafi verið einhliða aflað af hálfu V.

Þó gera megi athugasemdir við að forsendur fyrir því mati séu ekki ítarlega rökstuddar verður ekki litið hjá því að matið byggir á gögnum málsins, sem og læknis- og líkamsskoðun á M, auk þess sem

matsmenn líta til umræddrar skýrslu um þyngdarkrafta. Verður matið ekki talið byggt á röngum eða ómálefnalegum sjónarmiðum og því hefur að því leyti til ekki verið hnekkt. M.v. gögn málsins í heild verður því talið sannað að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Nefndin tekur hins vegar ekki afstöðu til umfangs líkamstjónsins sérstaklega, enda felur slíkt í sér ágreining um bótafjárhæðir sem, skv. samþykktum fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005, þarf sérstakt samþykki aðila máls til að nefndin geti fjallað um.

Niðurstaða.

Viðurkennd er greiðsluskylda V úr ábyrgðartryggingu bifreiðar vegna líkamstjóns M í árekstri 2.11.2015.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2017

M
og

váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar fasteignasala.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum galla í fasteign.**Gögn.**

Málskot, móttakið 17.2.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 2.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með kaupsamningi 22. október 2015 keyptu M tiltekið einbýlishús, A, í Kópavogi sem byggt var 1976. Fasteignasalan B hafði milligöngu um söluna. Samkvæmt óundirrituðu og ódagsettu söluyfirliti segir að „húsið hefur fengið gott viðhald“. Af gögnum málsins má ráða að söluyfirlitið hafi verið sent M með tölvubréfi 19. apríl 2015. Samkvæmt kaupsamningi skyldi eignin afhent samkvæmt samkomulagi en þó eigi síðar en 15. desember 2015.

Í tölvubréfi seljanda til starfsmanns B, dags. 11. mars 2015, segir að A hafi verið málað árið 2000. Einnig er tilgreind verklýsing sem mun hafa verið fylgt við málningarvinnuna. Þá segir svo í tölvubréfinu, orðrétt: „Þakið var líka allt yfirfarið og lagað það sem þurfti og svo málað samhliða málningu á húsinu. Samhliða þessu var skipt um viðinn framan á þakkantinum allan hringinn og það var líka skipt um nokkra gluggalista. Það þurfti samt að „fiffa“ eitthvað þakkantinn að neðanverðu – fyrri eigandi hafði ekki skilið vel við smíði á því. Þakrennur voru líka endurnýjaðar og lagaðar. Á allt tréverk var borin grunnolía og málaðar tvær til þrjár umferðir (t.d. framan á þakskegg voru málað þrjár). Ég myndi samt segja að það væri komi að viðhaldi á þessu öllu aftur. Það rennur t.d. vatn af þakinu sjálfu sums staðar en fer ekki í rennurnar – veit ekki hvað veldur því. Enda tæp 15 ár síðan þetta var allt gert. Við höfum passað uppá að þakrennulagnirnar virki – höfum fengið „stíflulosunaraðila“ til að spúla þau rör reglulega. Það leka samt engir gluggar né „veggir“, ég hef aldrei séð neitt vatn komast inn að utan.“

Í málinu hefur verið lagt fram af hálfu V tölvubréf starfsmanns B frá 6. maí 2015 kl. 09:26 til M, þar sem framangreindum upplýsingum komið á framfæri við þau. Segir í tölvubréfinu svo, orðrétt: „Sæl, þetta er það sem eigendur hafa gert við húsið frá því þau keyptu. Húsið var málað árið 2000.“ Í framhaldinu er gerð grein fyrir verklýsingunni sem fylgt var við málningarvinnuna. Síðan segir svo í bréfinu: „Þakið var líka allt yfirfarið og lagað það sem þurfti og svo málað samhliða málningu á húsinu. Samhliða þessu var skipt um viðinn framan á þakkantinum allan hringinn og það var líka skipt um nokkra gluggalista. Það þurfti samt að „fiffa“ eitthvað þakkantinn að neðanverðu – fyrri eigandi hafði ekki skilið vel við smíði á því. Þakrennurnar voru líka endurnýjaðar og lagaðar. Á allt tréverk var borin grunnolía og málaðar tvær til þrjár umferðir (t.d. framan á þakskegg voru málað þrjár).“

Sama tölvubréf hefur verið lagt fram í málinu af hálfu M, en í því bréfi kemur ekki fram setningin „Húsið var málað árið 2000.“

Fljótlega eftir afhendingu A í desember 2015 kváðust M hafa orðið vör við leka frá þaki og að frágangi þess hafi að mörgu leyti verið ábótavant. Af því tilefni öfluðu þau matsgerðar dómkvadds matsmanns. Í matsgerðinni, sem er dagsett í júlí 2016, kemur fram að húsið sé 40 ára gamalt og þakið sé upprunalegt, þó sé búið að skipta út þaksaum að hluta og gera við þakkant að því er virðist. Um þakið að innanverðu segir að hægt sé að komast inn í þakrýmið úr rými sem er nýtt sem búr. Loftun þaksins sé engan veginn nægileg og úr því þurfi að bæta. Þegar upp í þakrýmið er komið blasi við miklar skemmdir í þakklæðningu og sperrum að hluta. Borðaklæðningar séu myglaðar og fúnar eftir endilöngu mænissvæðinu og víðar um þakið. Þakið sé þó ekki myglað eða fúíð um allt. Mestur hafi fúinn verið um miðbikið og á svæðum þar í grenndinni og borðum á milli, en svo komi nær óskemmd svæði inn á milli. Á hinn bóginn sé ástandið oft verra ofan á borðunum en undir vegna þess að raki þéttist undir bárujárninu. Kveður matsmaður að orsakir fúa- og mygluskemmdanna séu

tvíþættar: Annars vegar megi sjá ummerki leka víða innan á þakinu og ummerki viðgerða víða að utan. Hér sé því um lekaskemmdir að ræða. Hins vegar sé loftun í gegnum rýmið allt of lítil, raunar nær engin og það eigi á sinn þátt í skemmdunum. Telur matsmaður að þakið hafi byrjað að fúna og mygla fyrir nokkuð löngu síðan og því sé ekki um nýlegar skemmdir að ræða.

M hafa krafði seljendur um skaðabætur eða afslátt vegna þeirra galla sem þau töldu vera á eigninni. Jafnframt telja M að í tölvubréfinu sem starfsmaður B sendi M 6. maí 2015 hafi verið felldar út mikilvægar upplýsingar úr tölvubréfinu sem seljendur sendu starfsmanninum og ekki verði annað ráðið en umræddar upplýsingar hafi vísitandi verið felldar út. Þannig hafi ártal málningarframkvæmda á húsinu verið fellt, álit seljenda að komið væri að nýju að viðhaldi. Af hálfu B hafi því ekki verið gætt að lögmæltum skyldum fasteignasölnunnar við sölu eignarinnar. Hafa M krafði V, ábyrgðartryggjanda B, um bætur vegna þess tjóns sem þau telja að rekja megi til gallans í þakinu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 11. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, sem höfðu öðlast gildi þegar samningur um fasteignakaupin var gerður, skal fasteignasali gæta þess vandlega að á söluyfirliti komi fram öll grundvallaratriði um eiginleika og ástand eignarinnar sem, ásamt skoðun kaupanda á eign þegar við á, má ætla að geti verið grundvöllur ákvörðunar hans um hvort hann kaupir eignina og hvaða verð hann er tilbúinn að greiða fyrir hana. Auk almennrar lýsingar á fasteign skulu í söluyfirliti m.a. koma fram upplýsingar um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign, sbr. c. lið 2. mgr. sömu lagagreinar. Enn fremur skal fasteignasali, sbr. 15. gr. laganna, í hvívetna leysa af hendi störf sín svo sem góðar viðskiptavenjur og siðareglur bjóða. Hann skal liðsinna báðum aðilum, seljanda og kaupanda, og gæta réttmætra hagsmuna þeirra.

Eins og að framan getur liggja fyrir í málinu tvær útgáfur af tölvubréfi því sem starfsmaður B sendi M að morgni 6. maí 2015. Skiptir í því sambandi helst máli hvort þess hafi verið getið í tölvubréfinu að húsið hafi verið málað á árinu 2000. M byggja á því í málinu að þessar upplýsingar hafi ekki komið fram í tölvubréfinu sem starfsmaður B sendi þeim. Verður að telja að þau hafi sönnunarbyrðina um að svo hafi verið. Þá er þess einnig að gæta að þegar sú setning sem hefur að geyma umræddar upplýsingar hefur verið felld úr texta tölvubréfsins verður samhengi textans og efni bréfsins afar óskýrt. Gefur það frekar tilefni til að ætla að í upphafi bréfsins hafi þess verið getið hvenær málningarframkvæmdirnar fóru fram fremur en að því hafi verið sleppt. Þegar til þessa er lítið og þess hvernig sönnunarbyrðinni er háttáð verður að telja ósannað, eins og málið liggur fyrir, að þess hafi ekki verið getið í tölvubréfinu að húsið hafi verið málað á árinu 2000. Að öðru leyti verður ekki ráðið af gögnum málsins að starfsmenn B hafi af sjálfsdáðum átt tök á því að komast að hinu bága ástandi þaksins í tengslum við gerð söluyfirlits. Að öllu virtu verður ekki talið að starfsmenn B hafi brotið gegn ákvæðum 11. gr. eða 15. gr. laga nr. 70/2015 er B annaðist milligöngu við sölu eignarinnar. Skaðabótaábyrgð verður því ekki felld á B vegna gallans í þaki A. Af því leiðir að M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M eiga ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 65/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðarliðar húseigandatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum leka úr miðstöðvarlögnum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.2.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 10.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M er eigandi kjallaraíbúðar að D30 í Kópavogi, en hann keypti íbúðina á árinu 2016 og fékk hana afhenta 26. maí á því ári. Skömmu eftir að M fékk íbúðina afhenta mun hann hafa orðið var við rakaskemmdir í íbúðinni. Nokkurn tíma tók að finna orsök rakaskemmdanna en þær mátti rekja til bilunar í vatnslögnum í gólfi í aðliggjandi kjallaraíbúð að D32. Húseignin að D32 er vátryggð samkvæmt húseigandatryggingu hjá V, sem er samsett vátrygging og er ábyrgðartrygging húseiganda einn liður vátryggingarinnar. Að tilhlutan V var mats- og viðgerðaraðili fenginn til að skoða aðstæður. Í skýrslu hans kemur fram að töluverðar skemmdir séu í íbúð M og að lekinn komi frá kjallaraíbúðinni að D32 eða nánar tiltekið frá bakrás miðstöðvarlagnar í gólfinu.

M krefst í máli þessu annars vegar viðurkenningar á rétti til bóta úr ábyrgðartryggingunni hjá V vegna tjónsins í íbúð hans og hins vegar að nefndin ákvarði um greiðslu kostnaðar úr hendi V vegna málskotsins. V hefur hafnað bótaskyldu. Ber V því við að samkvæmt skilmálum ábyrgðartryggingarinnar taki vátryggingin eingöngu til tjóns sem rekja megi til mistaka eða vanrækslu vátryggðs, þ.e. hefðbundinnar sakarábyrgðar, en sök vátryggingartaka sé ósönnuð. Hlutlæg ábyrgð falli hins vegar samkvæmt skilmálunum ekki undir vátrygginguna. Bætur vegna tjóns samkvæmt 3. tölul. 51. gr. laga nr. 26/1994 verði M að sækja til húseigandans sjálfs. Hefur V í þessu efni vísað til fyrstu fjögurra málsliða í 1. gr. skilmála ábyrgðartryggingarinnar þar sem segir: „Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakaregla og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Vakin er athygli á að húseigendur bera víðtækari bótaábyrgð en að ofan greinir vegna bilana á búnaði séreignar og lagna.“ Að auki byggir V höfnun sína á því að um langvarandi leka hafi verið að ræða, en samkvæmt gr. 3.8 í vátryggingarskilmálunum bætir félagið ekki tjón sem stafar af langvarandi raka eða leka.

Álit.

Í 3. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús er kveðið á um þau hús og tegundir húsa sem lögin taka til. Samkvæmt 4. tölul. ákvæðisins gilda lögin um raðhús og önnur sambyggð og samtengd hús, bæði eingöngu til íbúðar og að einhverju leyti eða öllu til annarra nota, allt eftir því sem við getur átt. Í athugasemdum við 1. gr. frumvarps þess sem varð að lögum nr. 26/1994 segir m.a. svo: „Gildissvið frumvarpsins er mjög víðtækt og rúmt og þau hús, sem falla undir ákvæði þess, eru mjög mismunandi að stærð, eðli og gerð. Ákvæði frumvarpsins eiga jafnt við um tvíbýlishús og stórhýsi upp á tugi hæða og allt þar á milli, auk þess atvinnuhúsnaði, húsnaði til annarra nota og blandað húsnaði. Einnig taka þau til raðhúsa og annarra sambyggðra og samtengdra húsa, bæði til íbúðar og annarra nota.“ Í 3. gr. laganna er hugtakið hús skilgreint. Þar segir svo: „Með húsi í lögum þessum er átt við byggingu sem varanlega er skeytt við land og stendur sjálfstæð og aðgreind frá öðrum húsum eða skilur sig þannig frá þeim þótt sambyggð eða samtengd séu að eðlilegt og haganlegt sé að fara með hana samkvæmt lögum þessum sem sjálfstætt hús.“ Við athugun á vettvangi má sjá að D30 og D32 eru algjörlega sambyggð hús, mynda eina samfellda heild og með einu sameiginlegu þaki. Þykir mega slá föstu að D30 og D32 teljist vera eitt hús í skilningi laga nr. 26/1994, sbr. fyrrgreind ákvæði þeirra.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en miðstöðvarlögn sú sem lak og olli tjóninu í íbúð M hafi verið í gólfí kjallaraíbúðarinnar að D32. Nánari upplýsingar liggja ekki fyrir um lögnina. Verður að ætla að hún tilheyri sameign hússins, sbr. 7. tölul. 8. gr. laga nr. 26/1994. Í 1. mgr. 51. gr. laganna er mælt fyrir um ábyrgð eiganda séreignar gagnvart öðrum eigendum hússins eða afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af nánar tilgreindum tjónsorsökum. Í 52. gr. er mælt fyrir um ábyrgð húsfélags með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 51. gr. gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum þegar tjón stafar m.a. af bilun á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt, sbr. 3. tölul. lagagreinarinnar.

Líkt og að framan greinir varð tjónið í íbúð M í sama húsi í skilningi fjöleignarhúsagagna og vatnslekinn átti upptök sín í. Þar sem um var að ræða bilun á sameiginlegri lögn ber húsfélagið að D30-32 hlutlæga ábyrgð á tjóni M, sbr. 3. tölul. 51. gr. V telur að ábyrgðartryggingin taki einungis til sakarábyrgðar en ekki hlutlægrar ábyrgðar með vísan til fyrstu fjögurra málsliða 1. gr. ábyrgðartryggingarskilmálanna. Í næstu tveimur málsliðum sömu greinar skilmálanna segir svo: „Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi vátryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem vátryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.“ Í gr. 2.1 þessara sömu skilmála er nánar mælt fyrir um gildissvið ábyrgðartryggingarinnar, en samkvæmt því er vátryggt gegn þeirri skaðabótaskyldu sem fellur á vátryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta er vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun greinir. Þegar litið er til þessa ákvæðis skilmálanna, svo og 5. og 6. málsliðar 1. gr., er engum vafa undirorpið að ábyrgðartryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem vátryggður hefur bakað sér samkvæmt íslenskum lögum jafnvel þótt um hlutlæga bótaábyrgð sé að tefla. V getur því ekki hafnað ábyrgð ganvart M á þeim grundvelli að vátryggingin taki einvörðungu til sakarábyrgðar.

Í 3. gr. vátryggingarskilmálanna eru talin upp tilvik þar sem V undanþiggur sig bótaábyrgð, þ. á m. þegar tjón stafar af langvarandi raka eða leka, sbr. gr. 3.8. Þar sem um undanþáguákvæði er að ræða hefur V sönnunarbyrði um að fyrrgreint undanþáguákvæði eigi við. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hefur sú sönnun ekki tekist og getur V ekki firrt sig bótaábyrgð á grundvelli þessa skilmálaákvæðis.

Samkvæmt 56. gr. laga nr. 26/1994 eru húsfélög í öllum fjöleignarhúsum í krafti ákvæða laganna og ekki þarf að stofna þau sérstaklega og formlega. Allir eigendur og aðeins þeir eru félagsmenn í húsfélagi viðkomandi fjöleignarhúss. M á skaðabótakröfu á húsfélagið sem samsvarar öllum eignarhlutum í húsfélaginu að frátöldum hans eigin eignarhluta.

Ekki liggur fyrir í gögnum málsins hversu margir eigendur eru í húsfélaginu að D30-32 né heldur hver sé hlutfallstala eignarhluta sérhvers eiganda. Þá verður ráðið að einungis íbúðaeigendur að D32 séu vátryggðir samkvæmt ábyrgðartryggingunni hjá V, en ekki liggur fyrir hvert sé hlutfall þeirra eignarhluta af öllum eignarhlutum innan húsfélagsins. Samkvæmt gr. 2.2 í téðum ábyrgðartryggingarskilmálum V getur félagið því aðeins orðið bótaskyldt að tjónið baki vátryggðum fébótaábyrgð sem eiganda hússins eða sameiganda þess með öðrum, og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans. Með vísan til þessa takmarkast því ábyrgð V á tjóni M við hlutfall eignarhluta þeirra sem eru vátryggðir samkvæmt vátryggingunni af heildareignarhlutum í húsfélaginu.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090 í B-deild Stjórnartíðinda, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining, sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Að auki úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málskotsaðila. Önnur ágreiningsmál milli málskotsaðila og vátryggingafélags en hér hafa verið talin upp falla utan starfssviðs nefndarinnar, þ. á m. krafa M um að nefndin úrskurði um greiðslu til M vegna kostnaðar hans við málskot til nefndarinnar. Er þeirri kröfu M því vísað frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V, sem takmarkast við hlutfall eignarhluta þeirra sem vátryggðir eru samkvæmt vátryggingunni af heildareignarhlutum í húsfélaginu D30-32.

Kröfu M um að úrskurðað verði um greiðslu vegna kostnaðar við málskotið er vísað frá.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 66/2017
M v. tjóns á bifreiðinni A og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar E.

Innkaupakerra rann á bifreið sem var kyrrstæð í bílastæði 4.7.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3
2. Bréf V dags. 24.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2

Málsatvik.

M segir að hafi verið fyrir utan Rúmfatalagerinn í Skeifunni með innkaupakerru og staldrað við fyrir utan verslunina og síðan sleppt tókum á innkaupakerrunni, sem hafi runnið í nokkrum halla á A og valdið tjóni á bifreiðinni. Ökumaður A segir að E hafi tekið barn sitt úr innkaupakerrunni og hún þá runnið á stað og á farþegahurð A. E segist hafa tekið barn sitt úr kerrunni og ekki náð að grípa kerruna áður en hún rann á A en fram að því að hún tók barnið hafi hún alltaf verið með tak á kerrunni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar E hjá V og segir að hún hafi sýnt af sér sök þegar hún sleppti tókum á kerru þar sem töluverður halli sé á gangstéttinni. V hafnar bótaskyldu úr heimatryggingu E hjá V og telur að um óhappatílik sé að ræða en E hafi ekki sýnt af sér gáleysi, hirðuleysi eða ámælisverða háttsemi.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á það að E hafi gerst sek um háttsemi sem leiði til bótaskyldu úr heimatryggingu hennar hjá V. E segist hafa verið að taka barn sitt úr innkaupakerru þegar innkaupakerran rann af stað frá henni og hún ekki náð að stöðva hana áður en hún rann á A. Ekki er sannað að E hafi í umrætt sinn sýnt af sér slíkt gáleysi í umrætt sinn að leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hennar hjá V vegna umrædds atviks.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar E hjá V.

Reykjavík 4.4.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 67/2017

**M vegna ábyrgðartryggingar ökutækis A
og
vátryggingafélagið V1 og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækis B.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.

Gögn.

Málskot, dags. 24.02.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, vátryggingafélag, dags. 08.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, vátryggingafélag, dags. 09.03.2017.

Málsatvik.

Gögn málsins bera með sér að báðar bifreiðarnar hafi verið á leið suður Reykjanesbraut og hafi A verið á hægri akrein en B á mið akrein. Umferðaróhapp varð á þeirri akrein sem A ók og skipti ökumaður A því um akrein. Ökutæki B var svo ekið aftan á ökutæki A.

Í málskoti kemur fram að M telji að ökumaður A hafi ekki ekið í veg fyrir ökutæki B heldur hafi hann skipt um akrein með eðlilegum hætti.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna lagði alla sök á ökumann A þar sem talið var að ökumaður A hafi ekið í veg fyrir ökutæki B.

Vátryggingafélagið V1 gerir ekki athugasemdir í málinu en sendi framburð vitnis þar sem fram kom að vitnið hefði heyrt þegar áreksturinn varð og síðan hefði hann séð ökutækið sem var keyrt á og hefði því kannað aðstæður þegar það ökutæki nam staðar. Að öðru leyti tjáði vitnið sig ekki um atvik málsins.

Vátryggingafélagið V2 telur að ökumaður A beri sönnunarbyrði um það að akreinaskiptin hafi gerst það löngu fyrir áreksturinn að það skipti ekki máli við sakarskiptingu. Enn fremur er vísað til 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ökumaður skuli áður en hann skiptir um akrein ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra.

Álit.

Þegar litið er til gagna málsins og 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 telur úrskurðarnefndin að ökumaður A hafi ekki gætt þess nægilega þegar hann skipti um akrein að það væri án hættu vegna umferðar á mið akrein.

Með vísan til þess er öll sök lögð á ökumann ökutækis A.

Niðurstaða.

Ökumaður ökutækisins A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 68/2017
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um bótaskyldu úr kaskótryggingu vegna tjóns 7.1.2016. Samsömun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.2.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
2. Bréf V dags. 15.3.2017 ásamt fylgiskjölum 1-10.

Málsatvik.

Af hálfu M er því haldið fram að hún eigi bifreiðina A og bróðir hennar X hafi fengið bifreiðina lánaða einstöku sinnum, enda hafi hann lánað M til kaupa A. Þegar bifreiðin hafi orðið fyrir tjóni segir M að bróðir hennar hafi verið með bifreiðina A í láni en hún hafi ekki samþykkt að hann lánaði þriðja aðila bifreiðina. M krefst bóta úr kaskótryggingu A hjá V og M sem vátryggingataki hafi ekki valdið tjóni því sem varð á A af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Þá byggir M á því að ekki liggur fyrir samþykki bróður M á því að annar ökumaður æki A í umrætt sinn og því ekki um samsömun að ræða milli ökumanns og vátryggingartaka. Þá er byggt á því að sönnunarbyrði varðandi helstu ágreiningsatriði í málinu hvíli á V.

Skv. lögregluskýrslu kom Z til lögreglumanna og sagðist hafa ekið A, þegar atvikið átti sér stað og segist hann hafa misst stjórn á A sem hafi kastast á aðra bifreið og sú bifreið kastast á enn aðra bifreið. Vitni sagðist hafa séð fjóra menn koma út úr A og þeir sem voru í framsætunum hefðu hlaupið hvor í sína áttina, en annar þeirra sem var í aftursætinu hafi sest í bílstjórásætið og hinn aðilinn sem sat aftur í hafi einnig hlaupið af vettvangi. Í lögregluskýrslu kemur fram að haft var samband við M sem sagði að hún væri bara skráð fyrir A að nafninu til, en bróðir hennar X væri með A. Við athugun lögreglu kom í ljós að önnur bifreiðin sem ekið var á er í eigu manns að nafni Y og segist lögreglan hafa fengið upplýsingar um að Y hafi verið ökumaður á A í umrætt sinn og átt aðra bifreiðina sem A ók á. V hafnar bótaskyldu og segir að ofangreindur Y hafi viðurkennt í skýrslutöku hjá lögreglu að hafa ekki ekið A í umrætt sinn, en ökumaður A hafi sagt sér að hann ætlaði að skemma ákveðna bifreið auk A til að fá peninga úr tryggingum, en alls hafi þeir verið fjórir í A þegar áreksturinn varð. Í skýrslutöku hjá lögreglu sagðist X vera umráðamaður og eigandi A, en að systir hans væri skráð fyrir A og hafi hann lánað vini sínum Y A í umrætt sinn.

V hafnar málatilbúnaði M og telur sannað að tjóninu hafi verið valdið af ásetningi fyrir tilstilli eða af umráðamanni A og vátryggðum verði samsamað við þá háttsemi og því falli niður bótaréttur. V byggir á því að upphaflegur framburður M og X um eiganda og umráðamann A verði að leggja til grundvallar þar sem bæði segja að X sé í raun eigandi og umráðamaður A þrátt fyrir að M sé skráð eigandi bifreiðarinnar. V byggir á því að X, raunverulegur eigandi A, hafi afhent ökumanni bifreiðarinnar í umrætt sinn Y umráð og vörslur A. V vísar til a-liðar 2. mgr. 29. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 sbr. 9. gr. vátryggingaskilmála kaskótryggingar A og telur V að skilyrði séu uppfyllt til þess að V beri fyrir sig háttsemi Y sem með samþykki vátryggðs hafi verið ábyrgur fyrir A. Þá byggir V á því að verði ekki á það fallist að X hafi verið raunverulegur eigandi og umráðamaður A að þá hafi skráður eigandi þ.e. M veitt X umráð og vörslur yfir bifreiðinni með varanlegum hætti. Sá umráðaréttur hafi verið ótakmarkaður og falið í sér heimild fyrir X til að lána þriðja manni bifreiðina A. V telur að A hafi af ásetningi verið ekið á aðrar bifreiðar í umrætt sinn af Y og vísar til framburða og gagna málsins í því sambandi og segir V ljóst að A hafi verið ekið á aðrar bifreiðar í umrætt sinn af ásetningi og vátryggðum hvort heldur það sé M eða X verði samsamað með þeirri háttsemi og á þeim grundvelli falli bótaréttur niður úr kaskó-

ökutækjatryggingu A hjá V að fullu niður sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingasamninga og 8. gr. sameiginlegra skilmála V nr. YY10.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að X, bróðir M, hafi haft varanleg umráð bifreiðarinnar A og ótakmarkaðar vörslur hennar. Bæði bera þau við skýrslutöku hjá lögreglu að X hafi verið hin raunverulegi eigandi bifreiðarinnar þó að M væri skráð fyrir bifreiðinni. Þá liggur ekki fyrir að M hafi greitt kaupverð bifreiðarinnar, en í málskoti er fullyrt að X bróðir M hafi lánað henni fyrir kaupverðinu. Verður því lagt til grundvallar að samsömun sé milli M og X, sbr. a.lið 2. mgr. 29. gr. laga um váttryggingarsamninga. Þá verður heldur ekki annað ráðið af gögnum málsins en að X hafi lánað Y, þeim sem ók A í umrætt sinn, bifreiðina og hann valdið árekstrinum sem hér ræðir um af ásetningi. Jafnvel þó að M sé skráður eigandi A þá er ljóst að hún veitti bróður sínum X full umráð og vörslur A ótímabundið. Sá umráðaréttur var ótakmarkaður og fól í sér fulla heimild fyrir Garðar Árnason til að lána þriðja manni bifreiðina og því einnig samsömun milli hennar sem váttryggingartaka og þess sem með samþykki Garðars var ábyrgur fyrir bifreiðinni. Y sem fékk A lánaða frá X olli tjóni því sem um ræðir af ásetningi skv. 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingasamninga og verður þeirri háttsemi hans samsamað með váttryggingartaka, sbr. a.lið 2. mgr. 29. gr. sömu laga. Fellur bótaréttur úr kaskó- og ökutækjatryggingu A hjá V að fullu niður.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík 4.4. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 69/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna umönnunartryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um gildissvið undanþáguákvæðis váttryggingarskilmála vegna tjóns 4.2.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 21.2.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 12.4.2017, ásamt viðbótargögnum.

Tölvupóstur málskotsaðila, dags. 18.4.2017

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að sonur M fékk heilablæðingu 4. febrúar 2016 og þurfti að vera á sjúkrahúsi til 11. mars sama ár, til endurhæfingar fram í júlí og þurfti auk þess að gagnast undir aðgerð í ágústmánuði. Í læknisvottorði dags. 2. desember 2016 kemur fram að heilablæðingin hafi komið frá æðaflækju í heila og sé það yfirleitt meðfætt ástand.

M gerir kröfu um greiðslu bóta úr svokallaðri umönnunartryggingu sem hann nýtur í fjölskyldutryggingu V. Nánar tiltekið er kveðið á um þá tryggingu í V. kafla váttryggingarskilmála. M telur að gildissvið tryggingarinnar taki til umönnunar sonar hans þar sem ekki sé ljóst hvort sjúkdómur hans hafi verið meðfæddur og ekki liggja fyrir að æðaflækja hafi verið til staðar við fæðingu sonarins. M telur því að V geti ekki borið fyrir sig undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálum um að það greiðist ekki bætur vegna sjúkdóma sem eru til staðar við fæðingu eða greinast á fyrstu þremur mánuðum eftir það.

V vísar til gr. 2.2 í V. kafla váttryggingarskilmála, þar sem segir að félagið greiði ekki bætur: „Vegna sjúkdóma sem eru fyrir hendi við fæðingu eða greinast innan þriggja mánaða frá fæðingu.“ V telur ljóst af gögnum málsins, sérstaklega þeim læknisfræðilegu gögnum og vottorðum sem liggja fyrir, að æðaflækja sé venjulega meðfætt ástand en geti líka verið vegna heilaáverka eða heilaæxlis. Ekkert hafi komið fram um áverka eða æxli í gögnum um son M og því verði að leggja til grundvallar að um meðfæddan sjúkdóm hafi verið að ræða og greiðist því ekki bætur, sbr. áður nefnd gr. 2.2.

Álit.

Í læknisfræðilegum gögnum málsins kemur skýrt fram að sonur M hafi fengið heilablæðingu og það ástand hafi leitt til sjúkrahúsvistar hans. Þegar metið er hvort gildissvið gr. 2.2. í V. kafla váttryggingarskilmála V eigi við verður ekki hjá því litið að æðaflækja í heila, sem V telur yfirgnæfandi líkur á að hafi verið meðfædd hjá syni M, er ekki sjálfur sjúkdómurinn sem leiddi til sjúkrahúsvistar hans, heldur var það heilablæðing. Verður undanþáguákvæði váttryggingarskilmála, eins og er í fyrrnefndri gr. 2.2, ekki túlkað með það viðtækum hætti að um hafi verið að ræða einn og sama sjúkdóm þó annar hafi mögulega aukið líkur á hinum. Telst M því eiga rétt á bótum úr umönnunartryggingu barna hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr umönnunartryggingu barna í fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 70/2017

M
og
ABÍ v/ ábyrgðar á bifhjólinu B
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á húsagötu við Suðurlandsbraut 32 og 34, Reykjavík, þann 7.7.2016.

Gögn.

Málskot, móttakið í febrúar 2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags 3.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið til austurs eftir húsagötu sem liggur samsíða Suðurlandsbraut meðfram húsum nr. 18 til 32 við austurenda götunnar að austanverðu við hús nr. 32 var henni beygt til vinstri og ekið áleiðis að Suðurlandsbraut þar sem ökumaður bifreiðarinnar hugðist aka inn á Suðurlandsbraut til austurs. Bifreiðastæði (stöðureitir) eru á húsagötunni á milli akbrauta til austurs og vesturs. Þá var A ekið til vesturs eftir bifreiðastæði við hús nr. 34 (Orkuhúsið) og inn á húsagötuna sem B var ekið eftir og árekstur varð þá með ökutækjunum.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að koma frá bifreiðastæði við Suðurlandsbraut 32 og verið að fara inn á Suðurlandsbraut. Hann hafi verið að fylgjast með umferðinni þegar B hafi lent á A og séð er stjórnandi þess hafi runnið eftir A.

Stjórnandi B kvaðst hafa komið frá bifreiðastæðinu við Suðurlandsbraut 34 og ætlað beint áfram. Hafi hann séð A koma undan trjám sem þarna voru á mótunum, en ekki náð að hemla og árekstur orðið. Hann hafi snúist til og farið með hlið A og í framhaldinu fallið á vinstri hliðina.

Álit.

Á mótum bifreiðastæðisins við Suðurlandsbraut 34, sem B var ekið eftir, og húsagötunnar, sem A var ekið eftir, er biðskyldumerki af venjulegri stærð en í minni hæð frá jörðu en almennt gildir um hæð slíkra umferðarmerkja. Hæð merkisins kann að stafa af því allhár trjágróður er þétt upp við það hægra megin miðað akstursstefnu B.

Húsagatan sem A var ekið eftir er notuð til almennrar umferðar og telst því vera vegur í skilningi 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. laganna skal ökumaður, sem ætlar að aka inn á veg eða yfir veg, veita umferð ökutækja á þeim vegi úr báðum áttum forgang, ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu eða stöðvunarskyldu. Með því að biðskyldumerki var á bifreiðastæðinu við Suðurlandsbraut 34 bar stjórnanda B að veita A forgang á leið hennar eftir húsagötunni. Hvorki af gögnum málsins né athugun á vettvangi, jafnvel þótt sú athugun hafi farið fram á öðrum árstíma en þegar áreksturinn varð, verður ekki ráðið að biðskyldumerkið hafi verið svo hulið trjágróðri að það hafi ekki verið sýnilegt og stjórnandi B hafi því ekki þurft að taka tillit til þess. Að framangreindu virtu verður áreksturinn rakinn til þess að stjórnandi B virti ekki forgang A og telst hann því eiga sök á árekstrinum. Ekki er efni til að leggja sök á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á stjórnanda bifhjólsins B.

Reykjavík, 28. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 71/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar.****Meiðsli á fótboltaæfingu 16.12.2013.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 24.2.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 6.3.2017 ásamt tjónstilkynningu M til V dags. 26.10.2015, ákverkavottorði dags. 17.11.2015, úrskurði í máli nr. 179/2013 og dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2108/2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V dags. 16.10.2015 kemur fram að 16.12.2013 hafi hann hlotið meiðsli á fótboltaæfingu. Nánar tiltekið er atvikinu lýst svona: „Tjónþoli var á hlaupum á fótboltaæfingu og ætlaði að sparka í bolta í burtu sem hann gerði. Eftir það steig hann niður og ætlaði að stoppa og snúa í sömu hreyfingu, þá heyrðist smellur í hné og eftir það gat tjónþoli ekki stigið í fótinn og var leiddur af velli.“ Í málskoti og læknisvottorði kemur fram að fremra krossband í hægri hné hafi slitnað.

M telur að atvikum sé ekki nægilega vel lýst í tjónstilkynningu og telur að meiðsli hans sé hægt að rekja til skyndilegs, utanaðkomandi atburðar m.t.t. gildissviðs slysatryggingar hans hjá V. M telur að meiðsli hans hafi komið fram þegar hann sparkaði í bolta og boltinn sé þar með sá utanaðkomandi þáttur sem valdið hafi meiðslunum. Einnig bendir M á að V hafi ekki sýnt fram á að meiðsli hafi komið til vegna einhvers sem gerðist vegna innra ástands líkama hans. Vísar M að auki til Hrd. 412/2011 máli sínu til stuðnings.

V telur að um álagsmeiðsli hafi verið að ræða en ekki utanaðkomandi atburð sem olli meiðslunum. Þá vísar V til þess að niðurstaða félagsins sé sú sama hvort sem skýring í tjónstilkynningu í upphafi sé lögð til grundvallar um að M hafi verið að stoppa og snúa í sömu hreyfingu eða seinni skýringar sem byggja á því að hann hafi verið að sparka í bolta. V telur að meiðsli M hafi komið til vegna rangrar hreyfingar hans en ekki til utanaðkomandi atburðar. Einnig vísar V til máls sem nefndin afgreiddi með úrskurði í máli nr. 179/2013 og dóms Héraðsdóms Reykjavíkur í máli E-2108/2016, til stuðnings niðurstöðu sinni.

Álit.

Í málinu liggur fyrir atvikalýsing frá M um að hann hafi hlotið meiðsli eftir að hann sparkaði í bolta á fótboltaæfingu. Ekkert liggur fyrir um að M hafi fallið og hlotið þannig meiðsli, eins og stefnandi í máli Hæstaréttar nr. 412/2011 eða að þess háttar eða nokkur utanaðkomandi atburður hafi leitt til meiðsla hans. Er því ekki hægt að álykta með öðrum hætti en að meiðsli M séu rakin til innra ástands líkama hans en ekki til utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 2.2 í vátryggingarskilmálum slysatryggingar hjá V, en þar er slys skýrt þannig að það þurfi að vera um skyndilegan, utanaðkomandi atburða að ræða sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 72/2017**M
og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna tjóns á hjólhýsi.****Gögn.**

Málskot, móttækið 1.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1. júlí 2016 urðu skemmdir á hjólhýsi í eigu M af völdum bifreiðar sem var ábyrgðartryggð hjá V. Ekki er ágreiningur um að tjónið sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingunni. Að beiðni V var hjólhýsið skoðað á nafngreindu viðgerðarverkstæði og lagt mat á hver viðgerðarkostnaður væri vegna tjónsins.

Kveðst M hafa haft samband við V þar sem honum hafi verið tjáð að tjónið væri metið á um 970.000 krónur. Síðar hafi hann óskað eftir því að fá bæturnar greiddar út, en þá hafi V boðið 450.000 krónur í samkomulagsbætur sem síðar hafi verið hækkað í 500.000 krónur. Hann hafi verið ósáttur við þessa fjárhæð og óskað skýringa á því hvernig fjárhæðin væri fundin út. Hafi hann fengið þau svör að það væri ekki gefið upp – „nema það að þeir lækkuðu alla stuðla við útreikninginn og þannig fengist þessi tala.“ Hann hafi jafnframt óskað eftir afriti af þeirri tjonamatsskýrslu sem unnin var af fyrrgreindu viðgerðarverkstæði en verið synjað um það. Fyrir úrskurðarnefnd kvartar M undan höfnun V á að afhenda afrit af tjonamatinu sem það lét framkvæma, svo og undan höfnun V að greiða bætur samkvæmt matinu án rökstuðnings og án þess að rökstyðja þann mun sem hafi verið á viðgerðarkostnaði samkvæmt matinu og þeim bótum sem V hafi boðið í samkomulagsbætur.

V kveðst hafa boðið M að láta gera við tjónið á verkstæði honum að kostnaðarlausu. M hafi ekki fallist á það og farið fram að fá greiddar samkomulagsbætur vegna tjónsins og hafi V boðið í því skyni 500.000 krónur í bætur, en M hafi ekki sætt sig við þá fjárhæð. V kveðst ekki samþykkja að úrskurðað verði um fjárhæð bóta, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina. Þá telur V að það falli utan starfssviðs nefndarinnar að úrskurða um það hvort því beri að afhenda tjonamat það sem unnið var fyrir V. Með vísan til þessa krefst V þess að málinu verði vísað frá.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Með því að V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um fjárhæð bóta í máli þessu er vísað frá kvörtunum M um er lúta að fjárhæðum bóta fyrir tjónið, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Samkvæmt síðari málslið 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina úrskurðar nefndin um ágreiningur sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Að því marki, sem ágreiningur málsaðila varðandi upplýsingar um fjárhæð þeirra bóta sem V hefur boðið M, kann að snerta lög um váttryggingarsamninga úrskurðar nefndin um ágreininginn. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2004 skulu váttryggingafélög sjá til þess að tjonþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar. Ljóst þykir að ágreiningur málsaðila varðar upplýsingaskyldu V á grundvelli þessa ákvæðis laganna um váttryggingarsamninga. Af gögnum málsins verður að telja ljóst að V hefur boðið M bætur að fjárhæð 500.000 krónur fyrir tjon á hjólhýsi M án þess að gera skýra grein fyrir því hvernig fjárhæðin er fundin út og hvernig hún kunnir að samrýmast því tjonsmati sem V aflaði hjá áður nefndu verkstæði auk þess sem V hefur synjað M um afrit af matinu. Telja verður að M hafi ríka þörf fyrir ítarlegar upplýsingar um þær bætur sem V hefur boðið honum, þ. á m. hvort eða hvernig bæturnar taki mið af því tjonsmati sem V aflaði. Þær upplýsingar sem V veitti M í þessu sambandi voru af skornum skammti og fullnægðu ekki þeim skyldum sem hvíldu á V samkvæmt téðu ákvæði 2. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

Vísað er frá kröfu M varðandi ágreining um fjárhæð bóta vegna tjóns á hjólhýsi hans.

Upplýsingagjöf V í tengslum við ákvörðun þess um bætur fyrir tjón á hjólhýsinu samrýmdist ekki ákvæðum 2. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2017

M
og
váttryggingafélagið V vegna húseigendatryggingar A.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns á skemmtistað.

Gögn.

Málskot, dags. 02.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.03.2017.

Málsatvik.

M var staddur á skemmtistaðnum B, sem er staðsettur í tiltekinni húseign í miðborg Reykjavíkur og er í eigu A, þar sem hann fór út á pall annarrar hæðar. Hann hallaði sér að háu hliði á pallinum sem opnaðist og við það féll hann aftur fyrir sig niður stiga af pallinum og til jarðar. M var fluttur á slysadeild Landspítalans þar sem í ljós kom að tveir hryggjarliðir höfðu brotnað við fallið. Samkvæmt vottorði læknis á slysadeild gróa slík brot að mestu á 6 vikum og að fullu á 12 vikum.

M gerir þær kröfur að bótaskylda vegna slyssins verði viðurkennd úr húseigendatryggingu A. M byggir á því að eigandi fasteignarinnar hefði átt að sjá til þess að gestir skemmtistaðarins ættu ekki að geta gengið út á pallinn þar sem aðbúnaður hans var hættulegur, pallurinn í mikilli hæð og án fullnægjandi fallvarna. Þá hafi aðbúnaðurinn ekki verið eins traustur og ætlast mátti til miðað við þá starfsemi sem fram fór í húsnæðinu. Umrætt hlið hafi ekki verið nægilega lokað þegar M hallaði sér upp að því og auðvelt hefði verið fyrir váttryggingartaka að auka öryggi gesta með því að setja upp skilti sem að minnsta kosti varaði við umferð um pallinn og tröppurnar. Rík aðgæsluskyldu hvíli á fasteignareiganda vegna aðbúnaðar fasteigna og sérstaklega þegar um er að ræða húsnæði sem leigt er út undir þjónustustarfsemi. Fasteignareigandi hefði mátt gera sér grein fyrir því að ölvað fólk gengi um staðinn og hefði því átt að gera viðeigandi öryggisráðstafanir. Það styðji kröfu M að eftir slys hans hafi verið sett upp trégrind með vírneti ofarlega í tröppunum rétt fyrir neðan umrætt hlið.

Í bréfi V kemur fram að staðhæfing M um að umrætt hlið hafi ekki verið nægilega lokað sé einhliða og ekki studd neinum gögnum. Einnig sú staðhæfing að aðbúnaðurinn við hliðið hafi ekki verið viðunandi vegna starfseminnar í húsinu. Hvorki Eldvarnareftirlitið né Heilbrigðiseftirlitið geri athugasemdir við aðbúnað húsnæðisins eins og hann var þegar slysið varð. Þá sé um að ræða neyðarútgang sem þurfi að vera opin svo unnt sé að yfirgefa húsnæðið vegna hættuástands og því sé eðli málsins samkvæmt ekki unnt að koma í veg fyrir að gestir skemmtistaðarins gangi út á pallinn og út um hliðið. Þegar slysið varð hafi M verið staddur á svæði sem hann hafði ekki erindi á og gestum sé meinaður aðgangur að nema í neyð. Váttryggingartaki hafi því ekki getað búist við því að gestir skemmtistaðarins gengju um neyðarútganginn og svæðið þar fyrir utan eins og aðra hluta húsnæðisins sem eru opnir gestum. Jafnvel þótt váttryggingartaki hafi komið upp rimlahliði eftir slysið hafi það ekki mátt vera þegar slysið varð því flóttaleiðin þurfi að vera opin. Með vísan til framangreinds sé það afstaða V að ekkert bendi til þess að tjónið megi reka til skaðabótaskyldrar háttsemi A. Þá þurfi að greina á milli ábyrgðar húseigenda annars vegar og ábyrgðar rekstraraðila hins vegar. Eðli málsins samkvæmt geti húseigandi sem er leigusali ekki borið skaðabótaábyrgð á háttsemi leigusala, þ.e. rekstraraðila skemmtistaðarins. Hafi leigutaki breytt húsnæðinu eða notað það á annan hátt en eðlilegt geti talist geti húseigandi ekki borið ábyrgð á því. Vakin er athygli á því að undir váttrygginguna fellur einungis skaðabótaábyrgð sem fellur á váttryggðan sem eiganda fasteignarinnar, sbr. 2. gr. 2. kafla skilmálans. Með vísan til alls ofangreinds sé ljóst að M hafi ekki tekist að sýna fram á meintan vanbúnað fasteignarinnar og því sé það afstaða V að váttryggingartaki beri ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni málskotsaðila.

Álit.

Samkvæmt bréfi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 23. febrúar 2015 var niðurstaðan sú að M hafði hallað sér að neyðarútgangi sem hafi reynst vera hálf opinn og því dottið niður stigann og slasast. Við eftirlit á staðnum eftir slysið hafi neyðardyr lokast alveg. Komið sé rimlahlið bakvið dyrnar er ekki hafi verið til staðar þegar slysið varð. Í bréfinu kemur fram að Eldvarnareftirlitið hafi tekið út B eftir slysið og talið ástandið í lagi á staðnum og í samræmi við teikningar. Eldvarnareftirlitið benti á að sett hafi verið rimlahlið við stigann sem er flóttaleið bakatil sem á að vera opin meðan starfsemi er í húsinu. Þótt sett hafi verið vírnet til viðbótar við rimlahurðina þýðir það ekki að aðbúnaði hafi verið áfátt með rimlahurðinni einni til staðar.

Hvorki Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur né Eldvarnareftirlitið gerðu athugasemdir við aðbúnað við neyðarútganginn eins og hann var þegar slysið varð. Miðað við gögn málsins telur úrskurðarnefndin að húseigandi hafi ekki sýnt af sér vanrækslu vegna aðbúnaðar við neyðarútganginn. Af þeim sökum beri V ekki ábyrgð á tjóni M vegna slyssins.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bætt úr húseigendatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 13. júní 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Hrannar Már Gunnarsson lögfr.

Mál nr. 74/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar launþega X.****Líkamsmeiðsli starfsmann í tengslum við ógnandi hegðun barns í skóla 13.1.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 1.3.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 17.3.2017, ásamt váttryggingarskilmálum og höfnunarbréfi V dags. 13.7.2016.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M og X til Sjúkratrygginga Íslands dags. 26.2.2015 kemur fram eftirfarandi lýsing atvika: „Atvikið varð með þeim hætti að Lína var að róa niður barn í 2. bekk hann sýndi ógnandi hegðun og hún snýr sér frá honum og þá meiðir hún sig í bakinu við hreyfinguna/átökin.“

M telur að líkamstjón hennar hafi komið til vegna slyss í skilningi váttryggingarskilmála V. Sá utanaðkomandi atburður sem leitt hafi til líkamstjónsins hafi verið háttsemi drengsins sem hún var að reyna að róa niður. Einnig bendir M á að ekki sé sýnt að líkamsmeiðsli hennar séu til komin vegna sjúkdóms innra með henni og vísar til nýlegrar dómaframkvæmdar varðandi slíka túlkun. Þessu til viðbótar vísar M til niðurstöðu Sjúkratrygginga Íslands um bótaskyldu en í þágildandi 27.gr. laga um almannatryggingar nr. 100/2007 sé um að ræða sama slyshugtak og í váttryggingarskilmálum V.

V telur ekki sýnt að meiðsli M sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 1.2 í váttryggingarskilmálum slysáttryggingar launþega, heldur til rangrar líkamsbeitingar eða álags. Ekkert bendi til þess að M hafi orðið fyrir utanaðkomandi höggi og hafnar skilningi M á nýlegri dómaframkvæmd.

Álit.

Hvað málsatvik varðar liggur nokkuð skýrt fyrir í gögnum málsins að líkamsmeiðsli M komu til þegar hún sneri sér við eftir samskipti við barn sem þurfti að róa niður. Ekkert kemur fram í gögnum málsins um að sá snúningur hafi verið sem slíkur þvingaður vegna háttsemi barnsins eða að barnið hafi gert eitthvað sem framkallaði þessa hreyfingu sérstaklega. Ekki er því hægt að leggja annað til grundvallar en að meiðsli M við umræddan snúning séu fyrst og fremst hægt að rekja til innra ástands í líkama M, en ekki til utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 1.2 í váttryggingarskilmálum.

Niðurstaða

M á ekki rétt á bótum úr slysáttryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 75/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Tjón á bifreið í þvottastöð 6.1.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 1.3.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 14.3.2017, ásamt afriti ódags. tjónstilkynningar og höfnunarbréfi V dags. 30.1.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að starfsmaður M fór með bifreið í eigu M í þvottastöð X og þar hafi orðið tjón á bifreiðinni, nánar tiltekið á toppi bifreiðarinnar og loftneti hennar.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið M þar sem starfsmenn X hafi hleypt bifreiðinni inn í þvottastöð sína, þrátt fyrir að hún hafi verið of há fyrir þvottastöðina. M segir í málskoti að starfsmenn M hafi farið með umrædda bifreið áður í gegnum sömu þvottastöð án vandræða. Starfsmenn X hafi hins vegar sagt starfsmanni M að nýlega hafi verið skipt um kústa í þvottastöðinni og þeir nýju séu lægri en þeir eldri. Þær upplýsingar hafi hins vegar ekki komið fyrir en eftir að tjónið varð og starfsmanni M hafi verið hleypt inn í þvottastöðina við greiðsluhlið sem og eftir að tjöruleysi hafi verið úðað á bifreiðina, án þess að hann hafi verið varaður við að hæð bifreiðarinnar væri of mikil.

V telur að upplýsingar frá um um málsatvik séu ekki réttar og hefur eftir starfsmönnum X að starfsmaður M hafi verið varaður við því í greiðslulúgu að bifreiðin væri of há. Starfsmaður M hafi hins vegar hunsað ábendingar starfsmanns L. V vísar auk þess til þess að X beri ekki hlutlæga ábyrgð á tjóni sem verður í starfsemi fyrirtækisins og að M hafi ekki sýnt að tjón hans hafi komið til vegna gáleysis starfsmanna X eða annarra atvika sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik. Engin skrifleg skýrsla liggur fyrir af hálfu X um málsatvik heldur heldur leggur V til grundvallar lýsingu sem „félagið hefur aflað sér hjá X“ í höfnunarbréfi til M dags. 30.1.2017. Verður að líta til þess við mat á atvikum málsins sem og þess að það verður að ætla í starfsemi sem þeirri sem X stundar að starfsmenn X geti stýrt því hvaða bifreiðar fari í gegnum þvottastöðvar þeirra. Í fyrsta lagi sé hægt að gera það þegar greiðsla á sér stað í greiðslulúgu og síðan við tjöruleysisúðun áður en bifreið er ekið inn í þvottastöðina. Lýsing M á málsatvikum bendir til þess að starfsmaður M hafi ekki fengið nægilega skýrar leiðbeiningar þegar hann kom með bifreið M í þvott hjá X og áður en bifreiðinni var ekið inn í þvottastöðina. Verður X að bera hallann af þeim ágreiningi sem er um málsatvik að þessu leyti, í ljósi þeirra gagna sem hafa verið lögð fyrir nefndina. Telst M því eiga rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V vegna skaðabótaábyrgðar X á tjóni M. Ekki er tilefni til þess að M beri einnig ábyrgð á tjóninu vegna meðábyrgðar.

Niðurstaða.

M á á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 76/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar sjómanna.****Ágreiningur um hvort bótaskyلت slys hafi orðið um borð í flutningaskipi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.2.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 27.3.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Málsatvik.

M var háseti um borð í flutningaskipinu A sem gert er út af B. Að morgni 22. mars 2016 um kl. 7 mun M hafa komið í brú skipsins og er þá skráð í leiðabók að hann hafi tilkynnt vakt hafandi stýrimanni að bakverkir hafi hrjáð hann þennan túrinn. A var þá á leið til hafnar í Reykjavík þar sem það lagðist að bryggju um kl. 15 sama dag. Samkvæmt vinnutímaskráningu umræddan dag mun M hafa verið á vakt frá kl. 4:00 um morguninn til 8:30 og aftur frá 12:30 til 15:30. Þennan dag mun hafa verið unnið við þrif, aflestur af frystigámum, sjóbúning eða losun keðja af gámum, svo og við landfestar. Daginn eftir, 23. mars, er að sjá að M sé í vinnutímaskráningu skráður veikur.

Hinn 23. mars 2016 leitaði M til læknis og í vottorði læknisins, dags. 18. ágúst 2016, segir að M hafi lent í vinnuslysi úti á sjó í mars og hitt lækninn fyrrgreindan dag. M hafi fengið bylту og mikið högg á vinstri mjöðm og bak. Hann hafi verið mjög verkjaður síðan og ekki vinnufær. Samkvæmt vottorði bæklunarlæknis, dags. 11. ágúst 2016, virðist sem M hafi leitað til læknisins 7. júní 2016 og nánar segir í vottorðinu M hafi dottið um borð og lent á mjöðm og baki. Síðan hafi hann verið með verki, stirðleika og eymsli kringum mjóbak og mjöðm. Varðandi niðurstöðu skoðunar og rannsókna segir að hann sé stífur í mjaðmarliðnum, verkir og sársauki við hreyfingar. Slitbreytingar hafi komið fram við röntgenrannsókn.

Sumarið 2016 og fram á haust var þáverandi lögmaður M í tölvubréfasamskiptum við B einkum í því skyni að fá tilkynningu um slysið sem undirrituð væri af skipstjóra A. Í svarbréfum B segir m.a. að ekkert hafi komið fram sem bendi til þess að M hafi orðið fyrir slysi um borð í A í mars 2016. Það eina sem sé skráð sé það sem skráð var í leiðabókina og fyrr er getið. Kannað hafi verið hjá vitnum sem M hafi tilgreint og náðst hafi í, en þau hafi ekki kannast við að það atvik hafi átt sér stað sem M nefnir.

D, sem var stýrimaður um borð í A í umræddri sjóferð undirritaði yfirlýsingu 30. ágúst 2016 þess efnis að M hafi greint honum frá því að 22. mars 2016 hafi hann verið að vinna við að setja keðjur á 70 tonna kassa og verið að strekkja keðjurnar með átaksskafti þegar það hrökk skyndilega af og við það hafi hann dottið og lent illa á mjöðminni. Þeir hafi verið að vinna saman á vakt þegar þetta gerðist og hafi M látið hann vita um slysið á sömu vakt.

B hafði í gildi slysatryggingu sjómanna fyrir áhöfn A hjá V. Hinn 19. október 2016 tilkynnti M til V um að hann hafi orðið fyrir slysi um borð í A að morgni 22. mars 2016. Er tildrögum slyssins lýst svo að hann hafi verið að setja keðjur á 70 tonna kassa og verið að strekkja keðjurnar með átaksskafti er það hrökk af, en við það hafi hann dottið og lent illa á mjöðminni. Með bréfi 7. nóvember 2016 hafnaði V bótaskyلتu úr vátryggingunni.

Í málskoti er þess krafist að viðurkennd verði bótaábyrgð V á grundvelli slysatryggingar sjómanna sem B hafði í gildi hjá félaginu er slys M gerðist og er slysdagur tilgreindur 22. mars 2016. Í athugasemdum V við málskotið kom fram að sú vinna sem M kvaðst hafa verið að vinna við þegar slysið varð, þ.e. „að setja keðjur á 70 tonna kassa“, hafi ekki verið meðal þeirra verka sem unnin voru um borð í A hinn tilgreinda slysdag er það var á leið til hafnar. Í kjölfar þessa undirritaði D nýja yfirlýsingu 3. mars 2017 þar sem hann kvaðst leiðrétta fyrri yfirlýsingu frá 30. ágúst 2016. Innihald hennar væri rétt að mestu leyti nema rangt sé farið með dagsetningu atviksins. Kvað hann M hafa greint sér frá því að hann hafi í upphafi sjóferðar í mars 2016 verið að setja keðjur í kassa. Eftir atvikið hafi M stöðugt verið að kvarta undan verkjum vegna atviksins og verið allan túrinn mjög

verkjaður. Hinn 3. mars 2016 undirritaði E, sem var háseti um borð í A í umræddri sjóferð, einnig yfirlýsingu þar sem fram kom að hann hafi ásamt M verið að sjóbúa A þegar skipið lagði úr höfn í byrjun mars 2016. Hafi sú vinna m.a. falist í því að setja keðjur utan um stóran 70 tonna kassa sem hafi verið um borð.

Álit.

Engin vitni voru að því slysaatviki sem M kveðst hafa orðið fyrir um borð í A. Í gögnum málsins var í fyrstu á því byggt af hálfu M að slysið hafi gerst 22. mars 2016 og í því efni var m.a. byggt á yfirlýsingu skipsfélaga M um það hvenær slysið hafi gerst og hvernig það atvikaðist. Þegar fram kom í athugasemdum V við meðferð málsins fyrir úrskurðarnefnd að sú vinna sem M kvaðst hafa verið að sinna er hann slasaðist hafi ekki verið unnin umræddan dag var aflað nýrrar yfirlýsingar frá fyrrgreindum skipsfélaga þar sem fram kom að það hafi verið í upphafi ferðar í mars sem M hafi tjáð viðkomandi að hann hefði slasast við vinnu sína og eftir það hafi M stöðugt verið að kvarta undan verkjum og verið verkjaður allan túrinn. Þá var aflað yfirlýsingar frá öðrum skipsfélaga M þar sem fram kom að það hafi verið í upphafi sjóferðar í byrjun mars, þegar skipið lagði úr höfn í Reykjavík sem M hafi verið að snjóþúa skipið og það hafi m.a. falist í því setja keðjur á umræddan kassa. Samkvæmt því sem bókað var í leiðabók A 22. mars var þess ekki getið að bakverkir sem hafi verið að hrjá M í túrnum mætti rekja til slysaatviks. Þegar til þessa er litið og hins mikla ósamræmis sem gætir í gögnum málsins um það hvenær M átti að hafa orðið fyrir slysinu verður að telja að ekki hafi tekist að sýna fram á að einkenni M í baki og mjöðm megi rekja til slyss. Þessu breytir heldur ekki þótt M hafi getið þess í viðtölum hjá tveimur læknum að hann hafi dottið og við það orðið fyrir meiðslunum. Að öllu virtu telst M því ekki eiga rétt á bótum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 77/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Ekið á gangandi vegfaranda 28.11.2016., krafa um bætur
skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 17.3.2017.
3. Bréf lögmanns M dags. 20.3.2017 og taugasálfræðileg athugun dags. 27.3.2017.
4. Tölvupóstur V dags. 6.4.2017, svar við fyrirspurn úrskurðarnefndar um framburðarskýrslu ökumanns bifreiðarinnar BL K59.

Málsatvik.

M var að ganga yfir götu við gatnamót Sóleyjargötu og Bragagötu þegar A var ekið á hana og M slasaðist. Gatnamótunum er stýrt með umferðarljósum og kemur fram í framburði vitnis í lögregluskýrslu að rautt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu bifreiðarinnar A þegar henni var ekið á M.

M krefst bóta skv. a.lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og byggir á því að bílstjóri A hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi þegar hann ók á M, en þá hafi hann ekið bifreiðinni A gegnt rauðu ljósi á mikilli ferð. V segist ekki hafa tekið afstöðu í málinu og hafnar að úrskurðarnefnd um vátryggingamál taki málið til úrskurðar, en geri hún það, þá sé ekkert í málinu sem bendi til stórfellds gáleysis ökumanns A, um sé að ræða umferðaróhapp og einfalt gáleysi og því ekki um bótaskyldu að ræða af hálfu V á grundveli a.liðar 1. mgr. 26.gr. skaðabótalaga. Lögmaður M bendir á að krafa hafi verið send til V 20.1.2017 eða sex vikum áður en málinu var skotið til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum en engin svör hafi borist frá V.

Álit.

Lögmaður M sendi kröfu til V með bréfi dags. 20.1.2017 um afstöðu til bótaskyldu vegna kröfu skilyrða a.liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í samþykktum nefndarinnar sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005, er gert ráð fyrir því í 3. mgr. 5. gr. að málskotsaðila sé heimilt að leita beint til nefndarinnar með mál ef vátryggingafélag hefur ekki brugðist við skriflegri kröfu hans innan þriggja vikna frá móttöku hennar. Þegar málskot til nefndarinnar var móttakið 3.3.2017 voru meira en þrjár vikur liðnar frá dagsetningu kröfubréfs M til V og er málið því tækt til efnismeðferðar hjá nefndinni.

Ökumaður A ók á M þar sem hún var að ganga yfir götu á gangbraut þar sem rautt umferðarljós logaði fyrir akstursstefnu A og ætla má að grænt ljós hafi logað fyrir gangandi vegfarendur á sama tíma. Í lögregluskýrslu er framburðar ökumanns bifreiðarinnar ekki tilgreindur um atvik og aðdraganda slyssins. Nefndin óskaði sérstaklega eftir þeim gögnum málsins hjá V en með tölvupósti dags. 6.4.2017 kom fram að V hefði ekki aðgang að öllum gögnum málsins hjá lögreglu. Ekki liggur heldur fyrir framburðarskýrslu ökumanns í þeim gögnum sem M leggur fram með málskot sínu.

Af framburði vitnis og M sjálfrar í lögregluskýrslu verður ekki annað ráði en að hún hafi gengið út á akbraut þegar rautt ljós logaði fyrir umferð um akbrautina. Ekkert liggur hins vegar fyrir um hraða bifreiðarinnar A eða háttsemi ökumanns að öðru leyti en því að ætla má að hann hafi ekið

gegn rauðu ljósi. Í framburði M og vitnis er þess ekki getið að bifreiðinni hafi verið ekið hratt eða að öðru leyti óvarlega umfram það að hafa verið ekið gegn rauðu ljósi. Verður það að aka gegn rauðu ljósi metið ökumanni bifreiðarinnar A til nokkur gáleysis. Miðað við fyrirbyggjandi gögn og það að framburðarskýrslur liggja ekki fyrir í heild, verður hins vegar ekki fullyrt að það gáleysi, sem ökumaður A sýndi, hafi falið í sér það verulega frávik sem til þarf svo um stórfellt gáleysi sé að ræða. Verður því ekki að svo stöddu, m.v. fyrirbyggjandi gögn, fallist á að skilyrði til greiðslu miskabóta skv. a.lið 1. mgr. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu uppfyllt.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum skv. a.lið 1. mgr. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 miðað við fyrirbyggjandi gögn.

Reykjavík 10.4. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 80/2017**M og
váttryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar A.****Tjón á ökutæki 7. nóvember 2014.****Gögn.**

Málskot, móttækið 6.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur V, dags. 8.3.2017

Tölvupóstur M, dags. 14.3.2017

Málsatvik.

M var að aka bifreið sinni vestur Laugaveg. Við hús númer 19 fauk auglýsingaskilti á bifreiðina í vindkviðu og olli skemmdum á henni. M fór út úr ökutækinu og færði skiltið upp á gangstétt en hafði ekki tök á að hafa uppi á eigandanum strax og ók að Smáragötu 11, þar sem hún hringdi í Aðstoð og öryggi til þess að taka tjónaskýrslu. Í kjölfar skýrslugerðar fór starfsmaður Aðstoðar og öryggis að Laugavegi 19 til að athuga með skiltið en búið var að fjarlægja það og engin sambærileg skilti að sjá. M fór daginn eftir aftur á staðinn þar sem tjónið gerðist til að leita að mögulegum eiganda skiltisins, en hún hafði tekið ljósmynd af skiltinu þegar hún setti það upp á gangstéttina. Skiltið var merkt kaffitegundinni Chaqwa og bentu nokkrir starfsmenn á svæðinu á fyrirtækið A, sem staðsett er að Laugavegi 18B. Að sögn M talaði hún við fjármálastjóra A, sem gaf henni nafnspjald sitt, og baðst afsökunar á því að hafa sett skiltið út í svona miklu roki, eins og var þennan morguninn. Fjármálastjórinn hafi bent á V sem sitt tryggingafélag og að henni þætti þetta leitt.

V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 17.5.2016, á þeirri forsendu að starfsmenn A hafi hvorki séð bifreiðina né skiltið og miðað við fyrirliggjandi gögn hafi það verið mat félagsins að ósannað þætti að A beri ábyrgð á umræddu tjóni.

Álit.

Þrátt fyrir trúverðuga frásögn M af atburðum er ekki hægt að líta fram hjá því að um einhliða frásögn er að ræða. Þar sem viðurkenning á bótaskyldu liggur ekki fyrir af hálfu A, eða önnur gögn sem staðfesta að skiltið sem fauk á bifreið M hafi komið frá A, er því ekki annað hægt en að líta svo á að ósannað sé að A beri ábyrgð á tjóninu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 81/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðar (A).****Maður féll af palli vörubifreiðar og slasaðist.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.3.2017, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 20.3.2017.

Málsatvik.

Að morgni 1. október 2015 vann M ásamt samstarfsmanni við að draga rafmagnslínuvír inn á tromlu á sérstöku spili sem staðsett var uppi á palli A. M mun hafa verið uppi á pallinum. Spilið var laust á pallinum og þegar vírinn af einhverjum ástæðum festist kom slinkur á spilið með þeim afleiðingum að það slóst í M sem við það féll niður af pallinum og slasaðist.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins um slysið er atvikum nánar lýst svo: „Pallbíll með ásettum hleðslukrana stóð á vegslóða og sneri afturendi hans í átt að rafmangsvírum sem var verið að draga/spila inn. Á palli bílsins var glussadrifið spil með stórrí tromlu sem togaði vírinn til sín og vafði upp á tromluna. Spilið var tengt við glussakerfi bílsins/kranans og því stjórnað með fjarstýringu kranans. Spilið hafði ekki verið fest á pallinn og því togaðist spilið af pallinum undan eigin krafti, þegar vírinn festist einhvers staðar á leiðinni.“

M kveður A hafa verið í notkun umrætt sinn í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hefur hann krafist bóta úr lögmaeltri ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns.

A var kyrrstæð þegar slysið varð, en spilið hafði verið tengt glussakerfi A til að knýja það áfram. Í dómaframkvæmd hefur verið litið svo á að kyrrstæð vörubifreið teljist vera í notkun þegar unnið er við lestun eða losun hennar og búnaður sem tengist slíku verki er tengdur eða knúinn af aflvél bifreiðarinnar, sbr. t.d. Hrd. 1962 bls. 907, Hrd. 1997 bls. 1071 og Hrd. 21. september 2001 í máli nr. 77/2001. Ef bifreiðin telst ekki hafa verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið þegar slysið varð kann niðurstaðan að verða önnur, sbr. t.d. Hrd. 1998 bls. 3378.

Í máli því sem hér er til úrlausnar liggur ekkert fyrir um að það hafi verið liður í lestun A þótt spilið hafi verið staðsett uppi á pallinum þegar unnið var við að draga vírinn inn á tromluna. Er því ósannað að A hafi verið í venjulegri og eðlilegri notkun sem vörubifreið þegar M slasaðist. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu vörubifreiðarinnar A hjá V..

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 82/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar sjómanna.****Sönnun orsakatengsla líkamstjóns vegna slyss um borð í skipi 24.11.2013.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið í byrjun mars 2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 22.3.2017.

Málsatvik.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um vinnuslys M sem varð 24.11.2013 og liggur fyrir tjónstilkynning vegna atvika þeirra sem leiddu til slyssins sem dags. er 29.9.2014. Í þeirri tjónstilkynningu kemur fram að M hafi skrikað fótur og lent með fót út af brún palls þannig að hann hafi snúið sig illa. Í málinu liggja einnig fyrir læknisvottorð vegna einkenna M, en hann leitaði fyrst til læknis í maí 2014.

M telur að hann hafi hlotið líkamstjón við slysið 24.11.2013, sem greiða eigi bætur vegna úr slysatryggingu sjómanna hjá V. M vísar til læknisfræðilegra gagna varðandi sönnun orsakatengsla og telur að þó að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en um sex mánuðum eftir slysið sé ótvírætt að einkenni hans í dag tengist slysinu. Auk þess bendir M á að túlka eigi gögn um sönnun líkamstjóns, þegar ekki er ágreiningur um sönnun málsatvika, tjónþola í dag. Einnig vísar M til gr. 5.7 í vátryggingarskilmálum þar sem komi fram að V eigi að standa að mati á afleiðingum slysa.

V hefur hafnað bótaskyldu og greiðslu kostnaðar vegna sérstakrar matsgerðar og telur ósannað að orsakatengsl séu milli þess atviks sem lýst er sem slys M 24.11.2013 og þeirra einkenna sem hann lýsir fyrst hjá lækni um sex mánuðum síðar. Einnig vísar V til upplýsinga í læknisfræðilegum gögnum um fyrri sögu M vegna meiðsla á vinstri ökkla, sama ökkla og hann lýsir að hafa snúið sig á 24.11.2013.

Álit.

Í málinu er ekki ágreiningur um að M hafi slasast 24.11.2013. Þegar metið er hvort ætla megi að hann hafi hlotið þannig meiðsla á líkama að réttur hafi stofnast til greiðslu bóta fyrir varanlega örorku í skilningi vátryggingarskilmála, eða aðra bótaþætti eftir atvikum, verður að líta til þess hvort sannað sé að umræddur slysaatburður hafi einn og sér leitt til slíkra meiðsla. Þegar litið er til þess að M tryggði sér ekki sönnun einkenna sinna strax eftir atburðinn og leitaði ekki læknis fyrr en sex mánuðum síðar verður ekki útilokað að aðrar ástæður en þessi tiltekni atburður hafi getað leitt til líkamlegra einkenna þeirra sem hann lýsir hjá lækni í maí 2014 og síðar. Ekki síður þegar kemur síðan fram í læknisfræðilegum gögnum að M hafi fundið fyrir svipuðum einkennum áður. Miðað við þau gögn sem lögð hafa verið fram teljast orsakatengsl því ekki nægilega sönnuð milli slysaatburðar 24.11.2013 og þeirra einkenna sem M telur að tengist þeim atburði. Ákvæði gr. 5.7. í vátryggingarskilmálum verður ekki túlkað með þeim hætti sjálfstætt að þrátt fyrir ofangreinda niðurstöðu hafi myndast réttur til greiðslu matskostnaðar.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 83/2017**M
og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið M.****Gögn.**

Málskot, dags. 02.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélag, dags. 28.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreið M varð fyrir hnjaski þar sem henni var lagt í stæði við Básbryggju í Reykjavík. M telur að skemmdirnar megi rekja til ákomu við bifreiðina sem hafi við lagningu nuddast við bifreið M. Þá telur M að tjónið passi við bifreið A sem lagt hafi verið bifreið M.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna taldi ósannað að virtum gögnum málsins að bifreið A hafi verið ekið á bifreið M.

Í bréfi V kemur fram að ekki hafi verið unnt að bera saman ákomur á bifreiðunum eins og venjan sé í svona málum þar sem engar ákomur hafi verið á þeim. Mjög óljóst sé hvaða tjón M telji vera á bifreið sinni og telur V ósannað að tjón á bifreið M megi rekja til bifreiðarinnar A.

Álit.

Míðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu og gegn mótmælum ökumanns bifreiðarinnar A sem ber ekki þess merki að hafa farið utan í bifreið M telur úrskurðarnefndin ósannað að tjón M megi rekja til bifreiðarinnar A. Af þeim sökum er ber V ekki ábyrgð á tjóninu.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 84/2017
M og
vátryggingafélagið V v. brunatryggingar lausafjár vélsmiðjunnar J.

Vélsleði sem var til viðgerðar brann og eyðilagðist þ. 9.8.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.2.2017 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-6.
2. Bréf V dags. 20.3.2017.

Málsatvik.

Vélsleði M var til viðgerðar hjá J og brann til kaldra kola í bruna í vélsmiðju J. M krefst bóta úr brunatryggingu lausafjár hjá V og byggir á 5. gr. vátryggingaskilmála og einnig vísar M til upplýsinga á heimasíðu V. M segir einnig að vátryggingataki sé jafnan með lausafé í sínum vörslum sem sé eign þriðja aðila og ein af meginástæðum þess að J hafi ákveðið að tryggja sig umfram lögboðnar tryggingar hafi verið til að tryggja skaðleysi þriðja manns ef kæmi upp bruni í húsakynnum hans. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M sé ekki vátryggingataki eða vátryggður í brunatryggingu lausafjár. Af hálfu V er vísað til greinar 4.1. í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin taki til lausafjár í eigu vátryggingataka sjálfs. Það sé því ljóst að vátryggingin taki ekki til lausafjár í eigu þriðja aðila. Þá bendir V á að í vátryggingaskírteini sé tæmandi talning á þeim munum sem falli undir gildissvið tryggingarinnar og þar sé hvergi nefndur vélsleði M eða aðrir munir í eigu þriðja aðila.

Álit.

Í gr. 4.1 í vátryggingarskilmálum sem gilda um brunatryggingu lausafjár hjá V kemur fram að vátryggingin taki einungis til lausafjár í eigu J sem vátryggingataka. Verður að meta önnur ákvæði, t.d. ákvæði 5. gr. sömu vátryggingarskilmála, í samræmi við það. Ekki er stoð fyrir ályktun um að 5. gr. vátryggingarskilmála vikki gildissvið 4. gr. hennar með einhverjum hætti þannig að munir í eigu M séu sjálfkrafa vátryggðir, eins og vélsleði í eigu M sem varð fyrir tjóni í húsnæði J. Munir í eigu þriðja aðila eru ekki tryggðir skv. vátryggingunni nema um það sé sérstaklega samið og ekkert liggur fyrir í gögnum málsins að þannig hafi vátryggingarsamningur J og V verið. Á M því ekki rétt á bótum úr brunatryggingu lausafjár J hjá V vegna tjóns á vélsleða M sem var til viðgerðar hjá J í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr brunatryggingu lausafjár J hjá V.

Reykjavík 10.4.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 85/2017
M og
vátrygingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar A
og vátrygingafélagið V -2 vegna ábyrgðartryggingar B.

Vinnuslys þann 25. janúar 2017 við byggingaframkvæmdir á Brynjólfsgötu í Reykjavík.

Gögn.

Málskot frá M ásamt fylgiskjölum.
Bréf V-1 frá 21. mars 2017.
Bréf V-2 frá 22. mars 2017 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að engin vitni urðu að slysinu sjálfu en að a.m.k. einn verkstjóri hafi verið þar rétt hjá og heyrði að eitthvað alvarlegt hafði gerst. Túlkaði verkstjórinn fyrir hinn slasaða M á vettvangi. Fram kemur í lögregluskýrslunni að M hafi verið að ganga upp fimm metra langan álstiga, frá plötu á 2. hæð upp á 3. hæð, þegar slysið varð. Var stiganum tyllt við plötubrún. Mun hann hafa verið kominn efst í stigann þegar stiginn rann til með þeim afleiðingum að M féll rúmlega þrjá metra niður á steinsteypt gólfíð með hendurnar fram fyrir sig. Talsverð hálka virðist hafa verið. Það var nýbúið að slá mótaflekum frá og ekki búið að setja upp varanlegan stiga.

M telur að slysið megi rekja til vanbúnaðar á vinnustað og að A og B beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir í slysinu á grundvelli sakarreglu íslensk skaðabótaréttar. Aðal málsástæður M er að A eða B hafi átt að tryggja að búið væri að festa álstigann eins og reglur kveða á um.

V-1 hefur hafnað skaðabótaskyldu A, vinnuveitanda M, og vísar m.a. til þess að álstiginn hafi ekki verið í eigu eða á ábyrgð verktakans A, heldur yfirverktakans B. Samkvæmt A voru starfsmenn á vegum B að færa aðalstigann, þ.e. fasta stigann, þegar slysið átti sér stað, og notuðust því við lausa stiga í millitíðinni. Fram kemur í máli A að enginn hafi fyrirskipað M að nota þennan álstiga. A hafi einungis verið undirverktaki og borið ábyrgð á afmörkuðum verkþáttum, en ekki heildarverkinu.

V-2 hefur einnig hafnað skaðabótaskyldu B og vísar m.a. til þess að A hafi borið ábyrgð á sínum öryggismálum, eins og allir aðrir undirverktakar, og hafi það verið afar skýrt, m.a. komið fram á reglulegum örygisfundum. A hafi verið með eigin verkstjóra yfir umræddu verki og getur B ekki fallist á að það sé á þess ábyrgð að sjá til þess að stigar séu festir með fullnægjandi hætti.

Álit.

Samkvæmt umsögn Vinnueftirlitsins, sem kom á slysstaðinn sama dag og slysið varð, er það mat eftirlitsins að rekja megi slysið til þess að notaður hafi verið hár stigi sem ekki var festur. Fram kemur í gögnum málsins að nýbúið hafi verið að slá mótaflekum frá eftir steypuvinnu og að ekki hafi verið búið að setja upp varanlegan stiga eins og ávallt er gert. Í svari B til V-2 kemur fram að á þessum tíma framkvæmdar, þ.e. rétt eftir að búið er að slá mótaflekum frá, séu notaðir álstigar sem festir eru við plötubrúnir sem umferðarleið á meðan verið er að járnabinda plötur og bita. Eftir að búið er að rífa mótafleka frá sé settur upp timburstigi en á þessum tíma hafi það ekki verið tímabært.

M kveðst hafa verið fyrirskipað af hálfu yfirmanns síns hjá A að sækja vír sem var tveimur hæðum fyrir ofan, þ.e. á hæðinni fyrir ofan slysstað. Samkvæmt M var búið að tylla umræddum álstiga upp á næstu plötu, en hann ekki festur.

Samkvæmt gögnum málsins hélt yfirverktakinn B reglulega öryggisfundi og var með virka öryggisstjórnun. Þann 2. september 2015 var á slíkum öryggisfundi lagður fram bæklingur um öryggismál á pólsku, þar sem farið var sérstaklega yfir stiga. M sat þann fund og staðfesti fundargerð með undirskrift sinni. Á öryggisfundi þann 20. janúar 2016, sem M sat og staðfesti svo fundargerð með undirskrift sinni, var sérstaklega fjallað um að festa skyldi alla lausa stiga.

Auðvelt var fyrir M að kanna áður en hann fór upp stigann hvort hann væri laus eða ekki. Það virðist hann ekki hafa gert. Ekki verður séð að A eða B hafi á þessum tíma framkvæmdar átt að vera búnir að útbúa varanlegan stiga. Til þess að leggja skaðabótaábyrgð á A og B þarf að sýna fram á þeir eigi sök á því líkamstjóni sem M varð fyrir. Verður eigi talið að slík sönnun hafi tekist með þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í málinu.

Samkvæmt þessu verður hvorki lögð skaðabótaábyrgð á A né B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V-1 eða B hjá V-2.

Reykjavík 23. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á hringtorgi við Nýbýlaveg 14.2.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 7.3.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V1, dags. 20.3.2017.

Bréf V2, dags. 28.3.2017, ásamt tjónstilkynningu.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning vegna áreksturs bifreiðanna A og B í hringtorgi við Nýbýlaveg. Þar kemur fram að bifreið A var ekið Kársnesbraut í austurátt með fyrirhugaða akstursstefnu úr innri hring hringtorgsins strax til hægri út úr hringtorginu við fyrsta útakstur um Nýbýlaveg. Bifreið B, sem er strætisvagn, var ekið í ytri hring hringtorgsins frá Skeljabrekku og framhjá fyrsta útakstri við Nýbýlaveg með fyrirhugaða akstursstefnu um Kringlumýrarbraut í norðurátt. Áreksturinn varð þegar bifreið A var ekið til hægri í átt að Nýbýlavegi og bifreið B var ekið yfirakreinalínu framhjá þeim útakstri.

Af málskoti verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar A telji sig ekki bera sök á árekstrinum. Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji meginsök hvíla á ökumanni bifreiðar A þar sem hann hafi ekið út úr hringtorgi við fyrsta útakstur af vinstri akrein og þannig tekið hægri beygju á rangan hátt m.t.t. fyrirmæla í 1., sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þar komni fram að ökumaður skuli taka hægri beygju þannig að hann færi sig í tæka tíð á akrein sem er lengst til hægri og halda bifreið sinni sem mest til hægri á akbrautinni. Þetta hafi ökumaður bifreiðar A ekki gert réttilega. V telur að skipta eigi sök eftir venju sem V telur hafa skapast við svipaðar aðstæður þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar. Í tölvupósti V1 til nefndarinnar er einungis vísað til gagna málsins án þess að félagið taki sérstaka afstöðu til sakarskiptingar.

Álit.

Í 1., sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram hvernig haga skal akstri á gatnamótum þegar fyrirhugað er að taka hægri beygju. Í þeim lögum eru ekki sérstök ákvæði um akstur á hringtorgum og verður því að líta til ofangreindra ákvæða í 15. gr. vegna aðstæðna sem eru uppi í hringtorginu við Nýbýlaveg. Ökumaður bifreiðar A (M) gætti þess ekki að velja þá akrein sem var lengst til hægri á akbrautinni vegna fyrirhugaðrar hægri beygju strax á fyrstu gatnamótum. Í því felst sök af hálfu ökumanns bifreiðar A og verður einnig að ætla að sá ökumaður hafi getað séð til ferða strætisvagnsins B á hægri akrein, sökum stærðar hans, og þannig átt að gæta enn meiri varúðar við þá hægri beygju sem tekin var ranglega út úr hringtorginu. Verður einnig vísað til ákomu á strætisvagninum því til stuðnings. Telst ökumaður bifreiðar A því bera meginsök á árekstrinum.

Hvað varðar háttsemi ökumanns strætisvagnsins B verður að líta til þess að í b-lið 24.gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra kemur fram að sá sem ekur yfir brotna deililínu megi aka yfir hana, enda sé gætt fyllstu varúðar. Við athugun á vettvangi árekstursins er ljóst að ökumaður strætisvagnsins B ók yfir slíka deililínu sem er merkt með yfirborðsmerkingum á hringtorginu og bar því að gæta fyllstu varúðar. Verður að meta honum það til sakar að hafa ekki gætt nægilega vel að annarri umferð um hringtorgið.

Við mat á sakarskiptingu skv. 89. gr. umferðarlaga ber að líta til atvika hvers máls og gagna, til að mynda upplýsinga um framburði ökumanna og eftir atvikum vitna sem og ákomustaði bifreiða og annað sem skiptir máli við sakarskiptingu. Með hliðsjón af öllum aðstæðum þessa tiltekna máls og röksemda hér að ofan verður sök skipt þannig að ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 1/ 3 hluta sakar.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur við bílastæði hjá Borgarholtsskóla í Reykjavík

Gögn.

1. Málskot móttækið þann 8. mars 2017, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 28. mars 2017.
3. Tölvupóstur E dags. 25. mars 2017.
4. Tölvupóstur f.h. Bifreiðastöðvar Þórðar Þ. Þórðarsonar

Málsatvik.

Árekstur varð við innkeyrslu að bifreiðastæði við Borgarholtsskóla í Reykjavík, þann 15. febrúar 2017. Ökumaður bifreiðar B segist hafa gefið stefnuljós og beygt til vinstri inn á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla þegar bifreið A var samtímis ekið framúr vinstra megin með þeim afleiðingum að árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður bifreiðar A heldur því fram að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gefið stefnuljós í aðdraganda þess að hann sveigði bifreið sinni til vinstri, þ.e. inn á umrætt bifreiðastæði við Borgarholtsskóla. Á vettvangi er hálfbrotni miðlína. Í tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður bifreiðar B hafi ekki gefið stefnumerki.

Álit.

Það er varhugavert er að fara framúr bifreið þar sem heimilt er að beygja til vinstri yfir hálfbrotna miðlínu án þess að gætt sé nægilegrar varúðar. Á sama hátt er mikilvægt að ökumaður sem hyggst beygja til vinstri við slíkar aðstæður veiti umferð sem á eftir kemur upplýsingar um breytingu á akstursstefnu með því að gefa stefnumerki. Í tjónstilkynningu kemur fram að stefnumerki hafi ekki verið gefið umrætt sinn. Í ljósi þess sem fram kemur í gögnum málsins telur nefndin að rétt sé að skipta sök vegna árekstrarins þannig að ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar fyrir ógætilegan framúrakstur yfir hálfbrotna miðlínu. Ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar fyrir að hafa ekki gætt nægilega að umferð fyrir aftan sig.

Niðurstaða.

Sök skiptist þannig að ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 9. maí 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 88/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðasala.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum galla í bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.3.2017.

Málsatvik.

Með afsali 25. apríl 2014 keypti M húsbíl (A) af gerðinni Fiat 230, árgerð 1995, af B. Milligöngu um söluna annaðist D) löggiltur bílasali hjá nafngreindri bifreiðasölu. Skömmu eftir kaupinn varð M var við galla í A sem m.a. lýstu sér í því að verulegar rakaskemmdir voru í lofti, hliðum og gólfi yfirbyggingar og burðarbitar, grind og allt sjáanlegt tréverk var rakt og fúíð. Fór svo að kaupunum var rift samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 9. október 2015. Hinn 18. ágúst 2016 var gert árangurslaust fjárnám hjá B vegna dómkröfunnar.

Fyrir liggur í málinu að áður en B seldi M bifreiðina hafði hann selt hana öðrum aðila og við þá sölu naut B liðsinnis D og þeirrar bifreiðasölu sem hann starfaði hjá. Þeim kaupum mun einnig hafa verið rift vegna sömu galla og komu í ljós eftir að M keypti A. Við skýrslutöku fyrir héraðsdómi vegna fyrrgreinds dómsmáls kom fram hjá D að hann hafi vitað áður en M keypti A að fyrri sölunni hafði verið rift vegna þeirra galla sem komið höfðu í ljós í A, en kvað B hafa látið gera við hana áður en hún var svo seld M.

M telur að D hafi vanrækt skyldur sínar sem bifreiðasala með því að hafa ekki upplýst hann um þá galla sem hann vissi að A var haldin þegar hún var seld í fyrra skiptið. Hefur M því krafist bóta fyrir tjón sitt úr lögmaeltri starfsábyrgðartryggingu D hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu skal bifreiðasali í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn hans njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að aðila séu eigi settir ólögmaetir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Einnig er þess getið í þessari málsgrein að bifreiðasali skal, áður en gengið er frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda með sannanlegum hætti frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt skoðunarverkstæði. Ef bifreiðasali hefur ástæðu til að ætla að ástandi ökutækis sé ábótavant, ber honum að vekja athygli kaupanda á þeim annmarka, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar.

D vissi að A hafði fyrir söluna til M verið haldin alvarlegum göllum þannig að seljandi þurfti að sæta riftun frá hendi fyrri kaupanda. Í ljósi eðlis og umfangs þeirra galla sem voru í A verður að telja að D hafi borið að upplýsa M um þá galla sem höfðu verið í bifreiðinni jafnvel þótt hann hafi talið að B haf reynt að lagfæra þá. Að öðrum kosti gætti hann þess ekki að viðskiptamenn nytu jafnræðis um upplýsingar varðandi ásigkomulag A. Í þessu sambandi verður einnig að horfa til þeirrar skyldu bifreiðasala að vekja athygli kaupanda á ástandi ökutækis ef hann hefur ástæðu til að ætla að því sé ábótavant. Að þessu virtu verður að telja að D hafi ekki sinnt lögmaeltum starfsskyldum sínum í tengslum við sölu A til M og að tjón M verði rakið til þessa. Þessu fær ekki breytt þótt í afsalinu hafi athygli M verið vakin á skoðunarskyldu hans sem og rétti hans til að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. M á því rétt á bótum fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2017

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Áreksur á bifreiðastæði við Ölduselsskóla í Reykjavík þann 22.11.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 8.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 20.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags 3.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A og B voru kyrrstæðar hlið við hlið á bifreiðastæði við Ölduselsskóla og sneri vinstri hlið A að hægri hlið B.

Ökumaður A kvaðst hafa gengið að bifreið sinni og opnað vinstri afturhurð. Hann hafi gætt þess að reka ekki hurðina í hlið B. Ökumaður B hafi svo sest inn í bifreið sína og ekið af stað. Hafi hann þá fundið að hurðin og B snertust þegar hurðarhúnn vinstri afturhurðar B rakst í hornið á hurðinni á A.

Á vettvangi er haft eftir ökumanni B að hann hafi sest inn í bifreið sína og ekið af stað út úr bifreiðastæðinu. Hann hafi heyrt ískur þegar hurðir bifreiðanna rákust saman. Í viðbótarskýrslu kvaðst ökumaðurinn hafa litið í báða hliðarspegla á bifreið sinni og séð að ökumaður A hafi verið búinn að opna hurð á bifreið sinni og séð að gott bil var á milli bifreiðanna. Hann hafi ekið beint af stað úr stæðinu er hann fann að hurð á A hafi rekist í afturhurð B þannig að rispa myndaðist fyrir framan hurðarhúnninn.

Álit.

Ökumaður B vissi að vinstri afturhurð A stóð opin í átt að hægri hlið B áður en hann ók af stað. Hann vissi svo ekki fyrr en hann heyrði að snerting varð með bifreiðunum. Hann ók því af stað án þess að gæta nægilega að því að hurð A væri ekki of nálægt þannig að tjón myndi hljóta af. Eftir atvikum öllum verður sök felld á ökumann B. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi sýnt slíka vangæslu þannig að sök verði lögð á hann. Öll sök verður því lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 9. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 90/2017**M****og****vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot, dags. 13.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélag, dags. 29.03.2017.

Málsatvik.

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) höfðaði mál gegn kæranda (M) og móður hans (K) á árinu 2014. Málið var fellt niður í lok árs 2015. LÍN var gert að greiða M og K málskostnað að fjárhæð kr. 550.000. Raunverulegur málskostnaður þeirra var kr. 1.155.970 og óskaði M eftir því að V greiddi mismuninn eða kr. 605.970. V neitaði að greiða allan mismuninn og greiddi hluta M í eftirstöðvum málskostnaðarins að frádreginni eigin áhættu eða kr. 242.385.

M telur að hann eigi rétt á greiðslu alls málskostnaðarins úr heimilistryggingu hjá V. Honum hafi verið nauðsynlegt að taka til varna í dómsmálinu og hann hafi greitt allan málskostnaðinn þar sem K hafi verið alvarlega veik og síðan látist í lok apríl 2015. M beri gagnvart lögmanni sínum ábyrgð á öllum málskostnaðinum og þar sem ekkert samkomulag hafi verið um skiptingu ábyrgðar beri M in solidum ábyrgð með K á málskostnaðinum. M vísar í að í vátryggingaskilmálunum komi fram að vátryggður eigi að fá greiddan málskostnað sem hann geti ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Það sé því ekki kveðið á um það að aðild annars aðila að máli kunni að skerða rétt vátryggðs til greiðslu bóta. Því séu engin ákvæði í vátryggingaskilmálunum sem takmarki greiðslur málskostnaðar vegna aðildar annars aðila í sama máli. M áréttar að ákvæði staðlaðra skilmála í vátryggingasamningum sem undanþiggja vátryggingafélög ábyrgð þurfi að vera skýrt orðuð og vísar í því sambandi til Hæstaréttardóma í málum nr. 343/2000, 225/2007 og 266/2008.

V tekur undir að skilmálar félagsins taki ekki á beint á því atviki sem hér um ræðir enda gefi augaleið að vátryggingin gildi bara fyrir málskostnað M en ekki annarra sem komi að málaferlunum. Mörg fordæmi séu fyrir því að svo sé túlkunin í málum þar sem fleiri en einn séu saman í málaferlum. V ítrekar að því sé með öllu óviðkomandi hvernig samningi milli M og K hafi verið háttað um greiðslu lögmannskostnaðar og einnig hvernig samningur hafi verið gerður við lögmanninn. Félagið lítur því svo á að með greiðslu helmings kostnaðar þá hafi félagið greitt að fullu kostnað M vegna málaferlanna.

Í bréfi V til úrskurðarefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki vera til staðar ágreiningur um bótaskyldu þar sem félagið hafi samþykkt bótaskyldu úr málskostnaðartryggingunni heldur sé ágreiningur um bótafjárhæð sem félagið samþykki ekki að nefndin úrskurði um.

Álit.

Fyrir liggur að V hefur greitt helming útistandandi málskostnaðar eða þann hluta sem V telur sig eiga að greiða fyrir M vegna réttaraðstoðartryggingar hans sem er hluti af heimilisvernd 3, skilmála E-33. Í skilmálanum kemur fram að vátryggingin gildir fyrir vátryggðan sem einstakling. Þá kemur fram að félagið greiði vegna hvers tjóns, nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Einnig liggur fyrir að M og K tóku bæði til varna í dómsmálinu. Skilmálinn er skýr um að vátryggingin gildir fyrir vátryggðan. Vátryggður er vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald. Í þessu máli er ekki fjallað um bótafjárhæðir málskostnaðar heldur snýr málið að því hvort bótaskylda V nái yfir málskostnað K í dómsmálinu. Úrskurðarnefndin telur því að ágreiningur málsins snúist um bótaskyldu.

Í dómsmálinu var bæði M og K stefnt og bæði tóku til varna. Þau höfðu sama lögmann og báru bæði ábyrgð á málskostnaðinum. Að öllu jöfnu má ganga út frá því að hver aðili fyrir sig greiði sinn hluta

vegna sameiginlegs málskostnaðar. Skilmáli heimilisverndar er skýr um að réttaraðstoðartrygging geti aðeins gilt fyrir vátryggðan einstakling. Af þeim sökum telur úrskurðarnefndin að vátryggður aðili geti einungis fengið sinn hluta í málskostnaði greiddan úr réttaraðstoðartryggingu vegna heildarmálskostnaðar í dómsmáli.

Með vísan til framangreinds á M einungis rétt á greiðslu málskostnaðar vegna hans hluta í málskostnaði vegna dómsmálsins.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu málskostnaðar vegna hans hluta í málskostnaði dómsmálsins.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 91/2017**M****og****vátryggingafélagið V vegna fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot, dags. 13.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélag, dags. 29.03.2017.

Málsatvik.

Lánasjóður íslenskra námsmanna (LÍN) höfðaði mál gegn kæranda (M) og móður hans (K) á árinu 2014. Málið var fellt niður í lok árs 2015. LÍN var gert að greiða M og K málskostnað að fjárhæð kr. 550.000. Raunverulegur málskostnaður þeirra var kr. 1.155.970 og óskaði M eftir því að V greiddi mismuninn eða kr. 605.970. V neitaði að greiða allan mismuninn og greiddi hluta M í eftirstöðvum málskostnaðarins að frádreginni eigin áhættu eða kr. 242.385. Með stefnu 20. maí 2016 höfðaði LÍN nýtt mál gegn M og L, sem situr í óskiptu búi eftir andlát K vegna sömu kröfu.

M telur að seinna dómsmálið sé nýtt mál og því eigi hann rétt á greiðslu málskostnaðar úr réttaraðstoðartryggingu hjá V vegna þess. V hafi ekki vísað til neinnar heimildar fyrir því að um sama mál sé að ræða og engin heimild sé til að ákveða að tvö mál séu í raun eitt. Fyrra málið sé endanlega lokið með dómi og fimm mánuðum síðar hafi verið höfðað nýtt mál.

M hafi tekið til varna í fyrra dómsmálinu og hafi greitt allan málskostnaðinn þar sem K hafi verið alvarlega veik og síðan látist í lok apríl 2015. M beri gagnvart lögmanni sínum ábyrgð á öllum málskostnaðinum og þar sem ekkert samkomulag hafi verið um skiptingu ábyrgðar beri M in solidum ábyrgð með K á málskostnaðinum. M vísar í að í vátryggingaskilmálunum komi fram að vátryggður eigi að fá greiddan málskostnað sem hann geti ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Það sé því ekki kveðið á um það að aðild annars aðila að máli kunni að skerða rétt vátryggðs til greiðslu bóta. Því séu engin ákvæði í vátryggingaskilmálunum sem takmarki greiðslur málskostnaðar vegna aðildar annars aðila í sama máli. M áréttar að ákvæði staðlaðra skilmála í vátryggingasamningum sem undanþiggja vátryggingafélög ábyrgð þurfi að vera skýrt orðuð og vísar í því sambandi til Hæstaréttardóma í málum nr. 343/2000, 225/2007 og 266/2008.

V tekur undir að skilmálar félagsins taki ekki á beint á því atviki sem hér um ræðir enda gefi augaleið að vátryggingin gildi bara fyrir málskostnað M en ekki annarra sem komi að málaferlunum. Mörg fordæmi séu fyrir því að svo sé túlkunin í málum þar sem fleiri en einn séu saman í málaferlum. V ítrekar að því sé með öllu óviðkomandi hvernig samningi milli M og K hafi verið háttáð um greiðslu lögmannskostnaðar og einnig hvernig samningur hafi verið gerður við lögmanninn. Félagið lítur því svo á að með greiðslu helmings kostnaðar þá hafi félagið greitt að fullu kostnað M vegna málaferlanna.

Í bréfi V til úrskurðarefndarinnar kemur fram að félagið telji ekki vera til staðar ágreiningur um bótaskyldu þar sem félagið hafi samþykkt bótaskyldu úr málskostnaðartryggingunni heldur sé ágreiningur um bótafjárhæð sem félagið samþykki ekki að nefndin úrskurði um. Þá sé um sama mál að ræða sem LÍN stefndi síðar. Stefnufjárhæð og málsástæður séu þær sömu. Fram komi í grein 6.2. í skilmálum félagsins að ef vátryggður eigi í fleiri ágreiningsmálum skuli slík mál talin eitt tjón svo fremi að kröfur þær sem uppi eru hafðar séu í meginatriðum af sömu rót. Í dómsmálunum hafi verið uppi sömu kröfur á hendur kæranda og að skuld hans við LÍN teljist vera rót kröfunnar.

Álit.

Fyrir liggur að V hefur greitt helming útistandandi málskostnaðar eða þann hluta sem V telur sig eiga að greiða fyrir M vegna réttaraðstoðartryggingar hans sem er hluti af heimilisvernd 3, skilmála E-33. Í skilmálanum kemur fram að vátryggingin gildir fyrir vátryggðan sem einstakling. Þá kemur fram að félagið greiði vegna hvers tjóns, nauðsynlegan og eðlilegan lögmanns- og málskostnað sem vátryggður getur ekki fengið greiddan frá mótaðila eða hinu opinbera. Einnig liggur fyrir að M og K

tóku bæði til varna í dómssálinu. Skilmálinn er skýr um að vátryggingin gildir fyrir vátryggðan. Vátryggður er vátryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn, enda eigi þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald. Í þessu máli er ekki fjallað um bótafjárhæðir málskostnaðar heldur snýr málið að því hvort bótaskylda V náí yfir málskostnað K í dómssálinu. Úrskurðarnefndin telur því að ágreiningur málsins snúist um bótaskyldu.

Í dómssálinu var bæði M og K stefnt og bæði tóku til varna. Þau höfðu sama lögmann og báru bæði ábyrgð á málskostnaðinum. Að öllu jöfnu má ganga út frá því að hver aðili fyrir sig greiði sinn hluta vegna sameiginlegs málskostnaðar. Skilmáli heimilisverndar er skýr um að réttaraðstoðartrygging geti aðeins gilt fyrir vátryggðan einstakling. Af þeim sökum telur úrskurðarnefndin að vátryggður aðili geti einungis fengið sinn hluta í málskostnaði greiddan úr réttaraðstoðartryggingu vegna heildarmálskostnaðar í dómssáli.

Með vísan til framangreinds á M einungis rétt á greiðslu málskostnaðar vegna hans hluta í málskostnaði vegna dómssálsins.

Dómssálið var fellt niður í desember 2015 og síðara dómssálið höfðað í maí 2016. Fjárhæð dómskröfunnar er sú sama í báðum málunum og krafan er tilkomin vegna sama skuldabréfs hjá LÍN. Í skilmálum V um réttaraðstoðartryggingu kemur fram að um eitt tjón sé að ræða ef kröfur í fleiri málum séu í meginatriðum af sömu rót. Af þeim sökum telur úrskurðarnefndin að um sama vátryggingaáburð sé að ræða í báðum dómssálmunum og því eitt tjónstilvik sem málskostnaður úr réttaraðstoðartryggingu sé greiddur fyrir.

Niðurstaða.

M á rétt á greiðslu málskostnaðar vegna hans hluta í málskostnaði beggja dómssálanna sem líta skal á sem eitt tjón.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 92/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna greiðslukortatryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála vegna kostnaðar við ferðarof í febrúar 2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 13.3.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 16.3.2017.

Bréf málskotsaðila dags. 17. mars og 20. mars 2017 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var í þriggja vikna skíðaferð (frá 4.-25. febrúar 2017) á Ítalíu þegar hann slasaðist við skíðaiðkunina 8. febrúar 2017. M lýsir því að skíðaferðin hafi verið hluti af fyrirhuguðum undirbúningi hans fyrir gönguskíðakeppni í Svíþjóð 5. mars 2017. M lýsir síðan aðstæðum þannig að hann hafi verið fluttur á sjúkrahús með þyrlu þegar hann slasaðist og meiðsli hans hafi falist í því að hann hafi farið úr axlarlið og liðurinn hafi auk þess skaddast. Á sjúkrahúsi á Ítalíu hafi M verið kippit í liðinn handleggur settur í fatla auk þess sem læknir hefði talið hann ófæran um skíðaiðkun í einhverjar vikur. Sami læknir hafi ráðlagt M að leita til sérfræðings á Íslandi varðandi frekari meðferð. M kvaðst þá hafa gert ráðstafanir til að breyta flugfari sínu og flaug hann heim 11. febrúar í stað 25. febrúar 2017. Á Íslandi leitaði M til sérfræðilæknis, fór í aðgerð 23. febrúar 2017 og er í endurhæfingu vegna afleiðinga meiðslanna.

M hefur krafist þess að V greiði þann kostnað sem hlaust af því að breyta ferðatilhögun vegna þeirra meiðsla sem M hlaut. M kveðst hafa haft samband við V og greiðslukortafyrirtæki sitt daginn eftir tjónsatvikið og í kjölfarið fengið sambandi við neyðarþjónustuna SOS International. Áður en M hafi síðan náð að senda gögn til SOS hafi því verið hafnað að um ferðafor væri að ræða og hefði fyrirtækið ekki skoðað læknisfræðileg gögn málsins áður en sú ákvörðun hafi verið tekin. M tilgreinir einnig að V hafi ekki litið til þeirra læknisfræðilegu gagna sem hann hafi lagt fram auk þess sem félagið hafi ekki óskað eftir upplýsingum frá lækni hér á landi.

V telur að gildissvið váttryggingarskilmála þeirra sem gilda um greiðslukortatryggingu M nái ekki til þess kostnaðar sem hann þurfti að leggja út vegna breytinga á ferðatilhögun sinni. V vísar til gr. 4.6.1 í váttryggingarskilmálum, en þar komi fram að endurgreiðsla félagsins á kostnaði sé háð því að váttryggður þurfi skv. skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS International að rjúfa ferð sína og fara heim, eða að hann þurfi að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi. V telur að þessi skilyrði séu ekki uppfyllt í máli M, gögn málsins sýni ekki að M hafi þurft að fara heim skv. skriflegu læknisráði auk þess sem samþykki þess og SOS hafi ekki legið fyrir.

Álit.

Ágreiningur M og V snýr aðallega að því hvort skilyrði váttryggingarskilmála um endurgreiðslu ferðakostnaðar séu uppfyllt. Í gr. 4.6.1 í váttryggingarskilmálum segir: „*Félagið endurgreiðir hlutfallslega allt að kr. 440.000 af óafturkræfum ferðakostnaði váttryggðs, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem váttryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf samkvæmd skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð og fara heim eða hann þarf að liggja á liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.*“

Þó markmið ferðar M hafi verið undirbúningur fyrir skíðagöngukeppni taka váttryggingarskilmálar hans, skv. orðanna hljóðan, ekki til þess sérstaklega að slíkt markmið náist ekki. Tilvitnað ákvæði váttryggingarskilmála varðandi endurgreiðslu kostnaðar krefst þess að ferð heim þurfi að eiga sér stað skv. skriflegu læknisráði og áskilur einnig samþykki V og neyðarþjónustufyrirtækis sem þjónustar þá sem eru trygðir hjá V.

Í máli þessu liggur ekki annað fyrir um ráðleggingar lækna en frásögn M um að honum hafi verið ráðlagt munnlega að leita til sérfræðings í sínu heimalandi varðandi frekari greiningu og meðferð vegna þess áverka sem hann hlaut 8. febrúar 2017. Læknisfræðilegar ástæður þeirrar ráðleggingar eru óljósar, en þar sem áverkar M voru þess eðlis að hann var nokkuð fljótt útskrifaður af sjúkrahúsi, verður ekki ályktað annað af umræddum ráðleggingum en að það sé almennt þægilegra fyrir ferðamenn, sem almenn stoppa stutt á skíðasvæðum, að fá frekari læknismeðferð í sínu heimalandi sem og tækifæri til að sinna mögulegri endurhæfingu. Ekki er hægt að sjá af læknisfræðilegum gögnum málsins að umræddar ráðleggingar hafi verið gefnar skriflega eða falið í sér að heimför væri nauðsynleg fyrir áætlaðan heimferðardag. Auk þess liggur heldur ekki fyrir samþykki V eða SOS, eins og áskilið er vegna gildissviðs tryggingarinnar í gr. 4.6.1 í váttryggingarskilmálum. Teljast þau því ekki uppfyllt varðandi endurgreiðslu ferðakostnaðar og hefur því ekki stofnast réttur hjá V til greiðslu bóta til M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna ferðarofs úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 4. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 93/2017
Damian Dobrowolski (M) og
Vátryggingafélagið hf. (V) v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A og frjálsrar
ábyrgðartryggingar E.

Hurð á flutningabíl féll á höfuð bílstjóra þ. 5.9.2016.

Gögn.

1. Málskot móttækið 14.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
2. Bréf V dags. 30.3.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M er bílstjóri hjá E og var að aka flutningstæki með vörum inn á flutningabílinn A, þegar efri hurðarfleki aftan á A lokaðist rétt framan við M með þeim afleiðingum að hurðarflekinn féll ofan á höfuð M, sem slasaðist. M krefst bóta og byggir á því að slysið hafi hlotist af ökutæki í notkun sbr. 1.mgr. 88.gr. umfl. nr. 50/1987, í beinum tengslum við fermingu A. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu E fáist tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A, enda aðbúnaður verið óforsvaranlegur. M segir að pumpur á hurðarhlera bifreiðarinnar hafi verið lélegar og skipt hafi verið um þær eftir slysið, en einungis hafi verið pumpa öðrum megin við hurðarhlerann á A og hún brotin. M bendir á að A hafi verið notuð af öðrum en honum við vinnu hjá E. V hafnar bótaskyldu og bendir á að A hafi verið fermd eða affermd án þess að notaður væri sérstakur útbúnaður bifreiðarinnar við framkvæmd verksins. V segir að orsök slyssins verði því hvorki rakin til sérstaks búnaðar né annarra sérstakra eiginleika A. V segir að það hafi verið á ábyrgð M að sjá um að pumpur á hurðarhlerum þeirrar bifreiðar sem hann ók væru í ásættanlegu ástandi. V tekur fram að M hafi starfað við akstur vörubifreiða hjá E í mörg ár og því fullkunnugt um þetta verklag. V segir óumdeilt að pumpur á hurð A hafi verið lélegar og skipt hafi verið um þær á árinu 2016, en hafi pumpurnar verið jafnslæmar og M lýsir þá hafi M þurft að sýna sérstaka aðgæslu, sem hann hafi ekki gert. Þá byggir V á því að verði fallist á bótaskyldu þá beri að skerða bætur til M vegna stórkostlegs gáleysis hans sbr. 1.mgr. 23.gr.a skaðabótalaga nr. 50/1987.

Álit.

Miðað við lýsingu í málskoti og önnur gögn málsins verður slysið ekki rakið að neinu leyti til aksturs A, sérstaks búnaðar A eða eiginleika A sem ökutækis. Slysið á á því ekki rætur að rekja til vélknúins ökutækis í notkun. M á því ekki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V. M hefur ekki sýnt fram á að aðstæður á vinnustað hafi verið óforsvaranlegar og/eða að E eða starfsfólk E eða einhver sem E ber ábyrgð á beri sök á slysi M. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu E hjá V.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A né frjálsri ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 13.6.2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 94/2017

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á gatnamótum á Gvendargeisla í Reykjavík við hús nr. 17-21 þann 3.3.2017.**Gögn.**

Málskot, móttakið 15.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 3.4.2017.

Bréf V2, dags 30.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið suður Gvendargeisla og beygt til hægri áleiðis vestur sömu götu. Í sömu andrá var B ekið austur Gvendargeisla og beygt til vinstri áleiðis norður götuna, þ.e. í sömu átt og A kom úr. Rákust þá saman vinstra framhorn A og vinstri hlið B fyrir miðju. Á gatnamótunum, þar sem áreksturinn varð, eru svokölluð T-gatnamót. Biðskylda hvíldi á umferð eftir Gvendargeisla úr norðri fyrir umferð á sömu götu til austurs og vesturs. Bjart var af degi en hálka á akbraut þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa beygt til hægri en fundist frekar þröngt til að mætast við gatnamótin. En ökumaður B hafði samt beygt til vinstri inn í götuna og árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa beygt til vinstri á gatnamótunum og á sama tíma hafði A verið beygt inn á götuna og árekstur orðið.

Álit.

Biðskylda hvíldi á ökumanni A fyrir umferð á Gvendargeisla úr þeirri átt sem B kom úr. Af gögnum málsins verður ráðið að A hafi verið komin nokkuð inn á götuna þegar áreksturinn varð. Verður áreksturinn rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki virt biðskyldu gagnvart B. Ósannað verður að teljast samkvæmt gögnum málsins að ökumaður B hafi tekið svo þrönga beygju að á hann verði felld sök. Öll sök verður því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A..

Reykjavík, 16. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hrl.

Mál nr. 96/2017**M****og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns við árekstur.****Gögn.**

Málskot, dags. 14.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélag, dags. 30.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M sat heima hjá nágranna sínum 8. apríl 2016 þar sem drukku bjór. Vinur nágrannans og ökumaður bifreiðarinnar A kom við hjá þeim og bauð þeim í bíltúr á bíl sem hann hafði nýlega keypt. M þekkti ekki ökumann A. Þeir fóru allir í ökuferð og lá leiðin yfir á Álftanes. Þar jók ökumaður A hraðann og lenti svo í árekstri við aðra bifreið. M slasaðist við áreksturinn í andliti og fékk brot í processus transversus C-5-T1 og var frá vinnu í fjórar vikur.

V neitaði fullri bótaskyldu á þeim grundvelli að ökumaður A hefði verið ölvaður við aksturinn. Áfengismagn hans hefði mælst 1,69‰ hálf tíma eftir aksturinn og klukkutíma síðar 1,57‰. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu séu áhrif áfengis með 1,5‰ í blóði veruleg og valdi erfiðleikum með að standa, ganga og tala. Áfengisáhrif ökumanns A hefðu því átt að vera M ljós og þar með hafi hann sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og eigi að bera 2/3 hluta tjóns síns sjálfur.

M byggir bótaskyldu sína á því að hann hafi ekki þekkt ökumann A fyrir ökuferðina og hann hafi ekki vitað um drykkju hans. Það að þiggja far með ökumanni óafvitandi um ölvun hans eigi ekki að nægja til að litið sé á að um stórkostleg gáleysi sé að ræða. Bent er á að það sé fyrst á slysadeild sem lögregla verður var við ölvun ökumanns A.

Álit.

Samkvæmt 3. mgr. 45. gr. laga umferðarlaga nr. 50/1987 telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki ef vínandamagn í blóði hans nemur 1,20‰ eða meira. Samkvæmt því var ökumaður A óhæfur til að aka bifreið þegar áreksturinn varð. Samkvæmt dómaframkvæmd taka aðilar á sig ábyrgð ef þeir setjast upp í bifreið með ölvuðum ökumanni ef þeim má vera ljóst að ökumaðurinn er ölvaður.

Í þessu máli liggur fyrir að M þekkti ekki ökumann A fyrir ökuferðina. Í lögregluskýrslu er fyrst minnst á ölvun ökumanns þegar rætt er við hann á slysadeild. Það liggur því ekki ljóst fyrir að ölvun ökumanns hafi verið með áberandi hætti. Ördugt er að staðhæfa samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi vitað eða mátt vita að ökumaðurinn hafi verið ölvaður þegar hann settist upp í bifreiðina og fór í ökuferðina. Það eitt að taka far með ölvuðum ökumanni getur ekki eitt og sér leitt til þess að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða sem leiði til þess að tjónþoli beri eigin áhættu á tjóni. Með vísan til þess vafa að sést hafi á ökumanni A að hann hafi verið ölvaður þykir rétt að V bæti að fullu tjón M vegna slyssins.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er að fullu bótaskyld úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 97/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.****Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags vegna stórkostlegs gáleysis
í tengslum við umferðarslys 22.1.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 15.3.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 23.3.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekið bifreiðinni X aftan á aðra bifreið á Reykjanesbraut við Breiðhóltsbraut. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi verið að aka eftir hægri akrein Reykjanesbrautar þegar farsími hans hafi hringt. Farsíminn hafi legið í klofi M og hann kveðst hafa litið í augnablik niður á símann og þegar hann hafi litið upp aftur hafi umferð fyrir framan hann verið stopp og hann hafi nauðhemað og beygt til hægri en ekki náð að stöðva í tæka tíð fyrir árekstur. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að M hafi verið sviptur ökuréttindum þegar árekstur varð.

M telur að háttsemi hans við aksturinn sé ekki hægt að meta til stórkostlegs gáleysis eins og V haldi fram. Það að líta á síma þegar hann hringir séu ósjálfráð viðbrögð og þau verði ekki metin þannig að M hafi sýnt stórkostlegt frávik frá því sem hann átti að gera við aksturinn. Auk þess telur M að ekki hafi verið brotið gegn varúðarreglu váttryggingarskilmála um ökuréttindi þar sem það sé ekki hægt að fullyrða að akstur án ökuréttinda sé sjálfkrafa háttsemi sem hægt sé að meta til stórkostlegs gáleysis. Einnig vísar M til þess að takmörkun ábyrgðar váttryggingafélagsins vegna stórkostlegs gáleysis sé bundin við að um aðra váttryggingar en ábyrgðartryggingar, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. M telur að slysatrygging ökumanns sé í raun ábyrgðartrygging og þannig geti V ekki takmarkað ábyrgð sína vegna stórkostlegs gáleysis. Til viðbótar við þetta hafi V bætt við rökstuðning höfnunar um ári eftir að hún kom fyrst fram og sé það ekki í samræmi við 31. gr. laga um váttryggingarsamninga.

V telur að háttsemi M við aksturinn, þ.e. að líta af vegi til að horfa á síma hafi farið gegn 1. mgr. 47. gr. a í umferðarlögum nr. 50/1987 þar sem M hafi ekki notað handfrjálstan búnað við farsíma sinn. Einnig vísar V til þess að M hafi brotið gegn fyrirmælum 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga með því að hafa ekki gilt ökuskírteini meðferðis. Þessu til viðbótar hafi M brotið gegn varúðarreglu í váttryggingarskilmálum sem lúti að því að váttryggður skuli hafa ökuréttindi og kunnáttu til aksturs bifreiðar. V telur að þegar þetta sé vegið saman teljist háttsemi M til stórkostlegs gáleysis. Vísað er til heimildar til að takmarka ábyrgð vegna stórkostlegs gáleysis bæði í 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga, auk 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga. V vísar því á bug að slysatrygging ökumanns sé ábyrgðartrygging þannig að orðalag 2. mgr. 27. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem snertir ábyrgðartryggingar, eigi við. Auk þess hafnar V því að hafa tilkynnt M of seint um ástæður þess að félagið takmarkaði ábyrgð sína að fullu.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvernig eigi að meta háttsemi M við akstur bifreiðar sem hann ók aftan á aðra bifreið. Þegar litið er eingöngu til þeirrar háttsemi sem M viðhafði við aksturinn verður að ætla að ástæða þess að hann ók bifreið sinni aftan á bifreið fyrir framan hafi verið verið sú að hann leit á síma sinn þegar hann hringdi og þannig af því sem fyrir framan hann var á akbrautinni. Ekki liggur fyrir hversu lengi M leit niður og er ekki hægt að álykta af framburði annarra eða öðrum sönnunargögnum að það hafi verið í lengri tíma en það augnablik sem M ber um. Þó M hafi sýnt gáleysi með umræddri háttsemi verður ekki litið svo á, m.v. upplýsingar í gögnum málsins, að V hafi náð að sýna fram á að sú háttsemi hafi falið í sér verulegt frávik frá því sem ætlast mátti til af M við aksturinn. Ekki liggur fyrir notkun handfrjálsts búnaðar hefði breytt háttseminni og þar af leiðandi verður ekki lagt til grundvallar að þessi háttsemi M við aksturinn ein og sér hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi.

Gögn málsins sýna einnig að M hafi ekið bifreið í greint sinn þrátt fyrir að vera sviptur ökuréttindum ævilangt. Í váttryggingarskilmálum V koma fram þau fyrirmæli, í formi varúðarreglu, til váttryggðra að þeir skuli hafa gild ökuréttindi og kunnáttu til aksturs. Verður ekki annað séð en að M hafi haft gildi ökuréttindi áður en hann var sviptur þeim og hafi haft kunnáttu til aksturs. Verður því ekki séð að orsakatengsl séu með beinum hætti á milli brots á varúðarreglu um akstur án ökuréttinda og líkamstjóns þess sem M hlaut við áreksturinn, þar sem ekki er hægt að skilja varúðarregluna þannig að það að aka sviptur ökuréttindum feli í sjálfu sér í sér endilega meiri hættu á að tjón verði, þ.e. ef kunnáttu til aksturs er á annað borð fyrir hendi. Verður að ætla að hún sé fyrir hendi þegar ökumenn hafa einhvern tíma öðlast ökuréttindi. Þó refsivert sé að aka bifreið eftir að hafa verið sviptur ökuréttindum verður sú refsiverða háttsemi ekki lögð til grundvallar sem orsök árekstursins sem slíks. Verður því ekki fallist á að V hafi náð að sýna fram á ástæður til takmörkunar ábyrgðar vegna slyss M og á hann því rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 98/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um greiðslu bóta vegna líkamstjóns 5. júní 2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 16.3.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Tölvupóstur V, dags. 29.3.2017, ásamt váttryggingarskilmálum og matsbeiðni dags. 6.9.2016.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hlaut líkamstjón í tveimur slysum, hið fyrra 3. janúar 2015 og hið seinna 5. júní 2015. Afleiðingar hafa verið metnar með sjálfstæðri matsgerð dags. 28. nóvember 2016. Í þeirri matsgerð kemur fram að afleiðingar fyrra slyssins hafa verið metnar til 15% læknisfræðilegrar örorku og þess seinna til 10% læknisfræðilegrar örorku.

M krefst þess að V greiði bætur í einu lagi, eða fyrir 25% læknisfræðilega örorku, þar sem áverkar atvika þeirra sem leiddu til líkamstjóns M á árinu 2015 hafi verið sams konar. Stutt hafi verið á milli slysa og bæði slysin hafi falið í sér brot á hægri upphandlegg. M vísar til 35. gr. laga um váttryggingarsamninga og matsgerðar um að í heild hafi M verið metin til 25% læknisfræðilegrar örorku.

V telur að greiða eigi bætur vegna hvors slyss um sig m.v. niðurstöðu fyrrnefndrar matsgerðar. Greiddar hafi verið bætur að fullu vegna fyrra slyssins þar sem M hafi verið metin til 15% læknisfræðilegrar örorku. Hins vegar verði að líta til gr. 33.2 í váttryggingarskilmálum fjölskyldutryggingar vegna seinna slyssins þar sem afleiðingar voru metnar til 10% örorku. Í umræddu ákvæði komi með skýrum hætti fram að lægri varanleg örorka en 15% bætist ekki. V vísar til þess að um tvö mismunandi slys hafi verið að ræða og sé það staðfest í læknisfræðilegum gögnum sem og matsgerð og hafi M því einungis öðlast rétt til bóta vegna fyrra slyssins.

Álit.

Af gögnum málsins er alveg ljóst að líkamstjón M verður rakið til tveggja slysaatburða, 3. janúar og 5. júní 2015. Í gr. 33.1 í váttryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði örorkubætur ef slys veldur váttryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því slys varð. Í gr. 33.2 kemur síðan fram takmörkun á greiðsluskyldu félagsins við að afleiðingarnar séu metnar til 15% örorku eða meira. Fyrra slys M uppfyllir þessi skilyrði en hið seinna gerir það ekki, sbr. niðurstöðu í matsgerð upp á 10% örorku. M á því einungis rétt á bótum vegna 15% örorku sem hún hlaut vegna slyss 3. janúar 2015 og greiddar hafa verið nú þegar af hálfu V. M á ekki rétt á frekari greiðslum vegna slyssins 5. júní 2015.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 99/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og ábyrgðartryggingar H.

Bifreiðastjóri rútu slasaðist þegar farangurshurð féll á hann 9.10.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7.
2. Bréf V dags. 28.3.2017.
3. Bréf lögmanns M dags. 31.3.2017.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi við vinnu sína á rútuplani við flugstöð Leifs Eiríkssonar 9.10.2014. M var að taka farangur farþega út úr rútubifreiðinni A þegar farangurshurð á utanverðri rútunni féll niður og á höfuð M þannig að hann slasaðist. M krefst bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A þar sem slysið hafi átt sér stað við notkun bifreiðarinnar sbr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M krefst einnig bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns H og byggir M á í því sambandi að um vanbúnað hafi verið að ræða á atvinnutæki sem M vann við í umrætt sinn og H bar ábyrgð á. M telur að H beri saknæma ábyrgð á slysi M þar sem að A hafi verið vanbúin með tilliti til öryggis, en í ljós hafi komið við skoðun eftir slysið að loftpumpur, sem halda áttu farangurshurðinni voru í bágbornu ástandi og héldu lítið sem ekkert á móti. M vísar í því sambandi til 13. gr. laga nr. 46/1980 um góðan aðbúnað og hollustuhætti á vinnustað.

V hafnar bótaskyldu og telur að slysið verði ekki rakið til notkunar á sérstökum búnaði A við affermingu/fermingu og ákvæði 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga eigi því ekki við þar sem vélarafi A eða sérstakur búnaður sem tengist því hafi ekki verið í notkun þegar slysið varð. V hafnar einnig bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu H hjá félaginu og segir að tjóni M hafi ekki verið valdið með saknæmri eða ólögumætri háttsemi H. V segir að eftir slysið hafi A verið sett í reglubundið eftirlit á verkstæði og engar athugasemdir hafi verið gerðar við gaspumpur eða farangurshurðar. Þá telur V að lögregluskýrsla í málinu hafi ekki sönnunargildi um ástand pumpunnar sem halda átti farangurshurðinni. V vísar einnig til þess að M hafi töluverða þekkingu á útbúnaði eins og hér ræðir um og sé með meirapróf. V telur að um óhappatívik eða eigin sök M sé að ræða. Af hálfu M er síðan eftir það vísað til þess að skoðun á pumpum í A, á eigin verkstæði H hafi takmarkað sönnunargildi um ástand þeirra og ítrekar þá skoðun sína að ferming og afferming bifreiða teljist vera notkun í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Álit.

Farangurshurðin sem féll á M þannig að hann slasaðist var lyft upp með handafla og sérstakar pumpur áttu að halda henni opinni meðan ferming og/eða afferming á farangri fór fram. M telur að orsök slyssins hafi verið sú að pumpurnar hafi ekki haldið nægjanlega við farangurshurðina þannig að hún féll í höfuð M. Farangurshurðin var ekki tengd vélarafli bifreiðarinnar eða tengd því með einum eða öðrum hætti. Bifreiðin var kyrrstæð og sérstakur vélbúnaður hennar til aksturs eða annarra sambærilegra hluta var ekki í notkun. Ekki verður því á það fallist að um bótaskylda vegna slyss M sé um að ræða á grundvelli notkunar bifreiðarinnar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá liggur ekkert fyrir um það að forráðafólk H hafi vitað af því að eitthvað hafi getað verið ábótavant hvað varðar pumpur til að halda uppi umræddri farangurshurð. Ekkert liggur því fyrir í málinu sem bendir til saknæmrar háttsemi forráðafólks H eða að um vanbúnað á A hafi verið að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A og M á heldur ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 10.4.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 100/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs F.****Ágreiningur um bótskyldu vegna vinnuslyss****Gögn.**

1. Málskot móttakið dags. 17. mars 2017, ásamt fylgiskjöllum
2. Bréf V dags. 30. mars 2017 ásamt fylgiskjöllum

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M var að vinna við að setja upp brunavörn í tveggja hæða einbýlishúsi þann 10. desember 2013, þegar stigi sem hann stóð í rann til með þeim afleiðingum að M féll niður úr stiganum og hafnaði á borðbrún. M var í kjölfarið færður í sjúkrabifreið á bráðadeild Landsspítalans. Slysið átti sér stað meðan M var við störf hjá fyrirtækinu F. Með matsgerð dags. 10. ágúst 2015 voru afleiðingar slyssins metnar sem 17% læknisfræðileg örorka.

M telur að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi vinnuveitanda síns og gerði því kröfu í greiðslu úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá V. Kröfu sína byggir M m.a. á ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þ.e. einkum 1. mgr. 13 gr. sbr. 37. gr. 14. gr, 42. gr. og 46. gr. Þá er krafa M einnig byggð á ákvæðum reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja sem sett var með heimild í framangreindum lögum, en þar segir m.a. í ákvæði. V hafnaði greiðsluskyldu.

Samkvæmt gögnum málsins kemur fram að M hafi verið að vinna við að koma upp reykskynjara í íbúð á 2. hæð. M hafði reist stiga utan á steiptan vegg í stofunni til þess að vinna verkefnið. Stiginn var útdreginn þannig að hann náði ca. 3.5. metra upp á vegginn. Fjarlægð frá gólfi og upp í loftdós, þar sem skynjarinn átti að vera, var ca. 4.20 metrar. Samkvæmt gögnum málsins var M kominn langleiðina upp stigann þegar hann rann undan honum. Að mati Vinnueftirlitsins verður slysið hugsanlega rakið til þess að endatappar á stiganum hafi verið blautir en ástæða þess kann að vera sú að stiginn var fluttur ofan á bíl M á þann stað þar sem slysið varð. Í skýrslu Vinnueftirlitsins er tekið fram að endatappar stigans sem hvíldu á gólfinu hafi verið í góðu lagi.

Á heimasíðu fyrirtækisins F kemur fram að F býður upp á heildarlausnir í öryggisbúnaði og myndavélakerfum. Samkvæmt upplýsingum frá F úthlutar það verkum á einstaka starfsmenn sem sinna uppsetningu á kerfum. Starfsmennirnir taka þá þann búnað sem þarf með sér í hvert sinn, þar á meðal stiga. Fyrir liggur að M voru ekki veitt nein frekari fyrirmæli eða leiðbeiningar um verkefnið og eðli þess áður en hann lagði af stað til að sinna því. Að mati Vinnueftirlitsins verður slysið hugsanlega rakið til þess að F hafi ekki gert skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði, auk þess sem engin áætlun hafi legið fyrir um það verk sem M hafi verið falið að vinna.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að líkamstjón M verður rakið til slysaatburðar. Fyrir liggur að fyrirtækið hefur ekki látið vinna áhættumat um öryggi og heilbrigði starfsmanna, sem er ætlað að taka til áhættuþátta í vinnuumhverfi ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir, þrátt fyrir ákvæði laga þar um. Í umræddu tilviki lá engin áætlun um vinnutilhögun fyrir vegna verkefnisins. Það

liggur í hlutarins eða að það að vinna verkefni í stiga í ríflega fjögurra metra hæð er áhættusamt. Fyrirtækið gerði því hvorki ráðstafanir til að tryggja M sérstaka aðstoð við vinnslu verkefnisins með því að senda aukamann til að halda við stigann né lagði það til sérstaka vinnutilhögun til að takmarka áhættu við vinnslu þess, hvort heldur með því að skipuleggja umrætt verk eða setja almennar reglur um áhættumat vegna vinnslu slíkra verka sem hefði verið hægt að fara eftir. Verður að telja það vanrækslu af hálfu F. Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi sýnt af sér nokkra háttsemi sem uppfyllir skilyrði 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993 um að hann beri hluta af tjóni sínu sjálfur. M á því rétt á því að V bæti að fullu tjón M úr ábyrgðartryggingu F.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er að fullu bótaskyld úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 16.5.2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, hdl.

Lúðvík Bergvinsson, hdl.

Mál nr. 101/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur á Reykjanesbraut 24.3.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þann 17. mars 2017, ásamt fylgiskjölum.
2. Tölvupóstur V dags. 30. mars 2017.
3. Tölvupóstur M dags. 3. apríl 2017.

Málsatvik.

Bifreiðinni A, sem M ók, var ekið suður Reykjanesbraut þann 24. mars 2016 þegar hann mætti bifreiðinni B, sem ekið norður Reykjanesbraut á sama tíma. Bifreiðarnar rákust saman. Ágreiningur er um það milli ökumanna bifreiðanna hvor þeirra hafi ekið bifreið sinni yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að árekstur varð.

Vitni, sem ók á eftir bifreið B norður Reykjanesbraut umrætt sinn, og gaf sig á tal við lögreglu á vettvangi, lýsti atburðinum á þann hátt að bifreið A hafi skyndilega tekið beygju yfir á rangan vegarhelming í átt að bifreið B með þeim afleiðingum að þær lentu saman. Hann telur að líklegt að sprungið hafi á bifreið A með þeim afleiðingum að bifreiðin fór yfir á rangan vegarhelming. Við skoðun á bifreiðinni A á vettvangi kom fram að afturdekk vinstra megin á bifreiðinni var sprungið.

Ökumaður bifreiðar A hafnar því að sprungið hafi á bifreiðinni þar sem hann hafi ekki fundi fyrir neinu óeðlilegu við aksturinn og telur að ökumaður bifreiðar B hafi valdið árekstrinum með því að aka yfir á rangan vegarhelming.

Í viðbótarskýrslu hafnaði ökumaður bifreiðar B alfarið þeirri fullyrðingu ökumanns bifreiðar A að hann hafi ekið bifreið sinni yfir á rangan vegarhelming umrætt sinn.

Álit.

Að virtum gögnum málsins, þar sem m.a. kemur fram í vitnisburði hjá einstaklingi sem ók á eftir bifreið A í umrætt sinn, að þeirri bifreið hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming með tilgreindum afleiðingum, verður að líta verður að líta svo á að ökumaður bifreiðar A hafi ekið yfir á rangan vegarhelming og að það hafi verið orsök árekstrarins.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík 9. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 102/2017

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur í Akurgerði á Akurevri til móts við hús nr. 9 þann 25.2.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 8.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 10.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 5.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A var ekið austur Akurgerði og B vestur sömu götu. Bjart var af degi en hálka og snjóþekja á akbraut. Bifreiðirnar rákust saman þegar þær mættust. Lítið sjáanlegt tjón er sagt hafa orðið á bifreiðunum.

Ökumaður A kvaðst hafa verið kominn fram hjá snjóskafli á götunni og hafa reiknað með að ökumaður B myndi stöðva en ökumaður þeirrar bifreiðar hafi „troðið sér á milli“ A og snjóskafilsins.

Ökumaður B taldi að ökumaður A myndi víkja betur þegar bifreiðirnar mættust, en þær hefðu runnið saman.

Samkvæmt mælingum lögreglu daginn eftir áreksturinn mældist breidd á eknum hluta götunnar 5,2 m, þar sem áreksturinn varð. Skráð breidd A er sögð vera 1,85 m og breidd B 1,73 m.

Álit.

Erfitt er að átta sig af lögregluskýrslu og ljósmyndum sem henni fylgdu hver nákvæm staða bifreiðanna hafi verið á akbrautinni þegar árekstur varð. Síðari gögn eru ekki til þess fallin að varpa skýrara ljósi á stöðu ökutækjanna á árekstraraugnablikinu. Nokkur þrengsli virðast hafa verið í götunni vegna snjóruðninga og snjóalaga sem gerðu ökumönnum erfitt um vik að mætast. Ökumenn greinir á um tildrög árekstrarins og orsök hans. Engum vitnum er til að dreifa. Eins og málið liggur fyrir verður ekki ráðið hvor ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því, sbr. og 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þykir rétt að hvor ökumanna beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 103/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna fasteignatryggingar.****Tjón á fasteign 24.8.2016 og réttur til greiðslu húsaleigubóta.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 20.3.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Tölvupóstur V, dags. 4.4.2017, ásamt viðbótargögnum þ.á.m. masgerðum pípara og samskiptasögu málskotsaðila og V.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram tilkynnt hafi verið um vatnstjón í íbúð M 24. ágúst 2016 og fallist hafi verið á bótaskyldu úr fasteignatryggingu M hjá V í kjölfarið.

Ágreiningur er um rétt til greiðslu bóta vegna húsaleigu skv. 10. gr. váttryggingarskilmála, auk þess sem ágreiningur er um tilhögun greiðslu vegna kostnaðar við hreinsun og frágang.

M telur að V eigi að greiða bætur vegna húsaleigu í 11 vikur þar sem hann hafi ekki getað búið í íbúð sinni þann tíma og telur einnig að hann eigi að fá greiddar frekari bætur fyrir þrif á gólfi og gerir hann nokkrar athugasemdir við afgreiðslu V á máli sínu vegna þessa sem og annarra atvika sem rakin eru í greinargerð hans. Kemur þar fram að M telur að máli hans hafi ekki verið sinnt með fullnægjandi hætti af hálfu starfsmanna V og hafi bæði orðið tafir á því að nauðsynlegar viðgerðir hafi verið framkvæmdar sem og að samskipti hafi verið slæm.

V telur í fyrsta lagi að í málskoti M felist í raun ágreiningur um greiðslu bóta, félagið hafi ekki veitt samþykki fyrir afgreiðslu nefndarinnar á slíkum ágreiningi. V vísar til 3. gr. samþykktta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum um að nefndin geti ekki afgreitt ágreining um bótafjárhæð án samþykkis þess og telur að það eigi að vísa máli M frá nefndinni. Að öðru leyti telur V að M hafi ekki sýnt fram á það að hann hafi þurft að flytja út úr íbúð sinni í 11 vikur vegna tjónsins og vísar til þess að M beri sönnunarbyrði um það. Einnig telur V að kostnaður við hreinsun vegna ófullnægjandi frágangs undir parketi sé ekki hluti af tjóni M.

Álit.

Í gögnum málsins má sjá samskiptasögu M og V og að framkvæmdum vegna viðgerða á heimili hans eftir vatnstjón sé ekki að öllu leyti lokið. Ekki er þó hægt að líta öðruvísi á en að það sé óumdeilt að parket hafi ekki verið lagt á íbúðina fyrir en í nóvember 2016, en tjónið varð í lok ágúst sama ár. Við mat á því hvort um sé að ræða ágreining um bótafjárhæð verður að líta til þess að réttur til greiðslu bóta er þannig orðaður í 10. gr. váttryggingarskilmála að með því að taka afstöðu til gildissviðs þess ákvæðis í máli M telur nefndin að hún sé að taka afstöðu til bótaskyldu en ekki bótafjárhæðar. Þegar lítið er til orðalags umræddrar 10. gr. váttryggingarskilmála má sjá að skilyrði greiðslu bóta vegna eðlilegrar húsaleigu er bundin við að nauðsynlegt sé að flytja úr húsnæði vegna tjóns sem bótaskyldt sé samkvæmt váttryggingarskilmálum. Ekki virðist ágreiningur um að M hafi þurft að flytja út heldur miðast hann við hversu lengi það tímabil varði. Í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram um framkvæmdir á heimili M verður ekki annað séð en að meginhluta nauðsynlegra framkvæmda hafi tekið 11 vikur og þá er sérstaklega lítið til eins veigamikils þáttar og lögn parkets. Telst M því að hafa mætt sönnunarbyrði sinni þannig að hann hafi ekki getað búið í íbúð sinni fyrir en gólfefni var komið á hana með fullnægjandi hætti. Verður því lagt til grundvallar að bótaskylda sé fyrir hendi hjá V með vísan til 10. gr. váttryggingarskilmála vegna 11 vikna eðlilegrar húsaleigu í skilningi 10. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar V. Ágreiningur um fjárhæð bótagreiðslu vegna hreinsunar eða málningarvinnu fellur utan starfssviðs nefndarinnar með vísan til 3. gr. samþykktta fyrir hana, sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum skv. 10. gr. váttryggingarskilmála fasteignatryggingar hjá V í samtals 11 vikur. Ágreiningi um frekari bóta er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 104/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar (A).****Ágreiningur um hvort bótakrafa vegna umferðarslyss sé fallin niður vegna fyrningar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 23.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 24. október 2011 varð M, sem þá var 14 ára gamall, fyrir bifreiðinni A á Löngulínu í Garðabæ. Daginn eftir leitaði M á slysa- og bráðadeild LSH. Í læknaþréfi frá deildinni kemur fram að hann hafi fengi högg á vinstri fótlegg og dottið í götuna. Hann hafi strax fengið verk í fótlegginn en síðar að kvöldi slysdagsins hafi hann einnig fengið verk í vinstri upphandlegg og í mjóbak. Við lækni skoðun hafi hann m.a. haft þreifiefymsli yfir vöðvum „paravertebralt“ í mjóbaki, meira vinstra megin. Engin bankeymsli hafi verið yfir hrygg og ekki þreifiefymsli yfir hryggjartindum. Þegar hann sneri höfði hafi tekið aðeins í vöðva í hálsinum og hann hafi fundið til í mjóbakinu við að beygja sig fram og snúa sér til vinstri.

M leitaði til heimilislæknis 17. febrúar 2012. Í lækni svottorði heimilislæknisins, dags. 16. ágúst 2016, segir að í lækniheimsókninni í febrúar 2012 hafi M verið með verk í mjóbaki og vinstri öxl af og til. Við skoðun hafi hann verið svolítið stírdur í mjóbaki. Eymsli hafi verið við þreifingu yfir lendhryggnum og „paraspinal“ vöðvum á því svæði. Hann hafi verið með ágætis hreyfingu í háls hryggnum og hvergi sérstaklega aumur þar. Örvæg eymsli hafi verið yfir vöðvafestum í vinstri öxl en með fulla hreyfigetu og „isometrskar“ hreyfingar verið eðlilegar. Vísaði læknirinn M til sjúkrahjálfa.

M mun svo hafa verið til meðferðar hjá sjúkrahjálfa í 15 skipti fram í desember 2012.

Samkvæmt símtali við heimilislækninn 15. ágúst 2013 var M enn þá slæmur í bakinu. Hann hafi verið í sjúkrahjálfun en ekki gengið nógu vel. Vildu foreldrar að hann hittu B, nánar tilgreindan bæklunarskurðlækni.

Samkvæmt fyrirliggjandi göngudeildarnótu kom M til skoðunar hjá B 17. október 2013 í fylgd móður sinnar. Við skoðun hreyfði M sig algerlega eðlilega. Í standandi stöðu hafi hryggstaðan verið bein, „engin eymsli í miðlínu og ef nokkuð aðeins yfir aftari mjaðmarkömbum beggja vegna kannski ívið meira hæ. megin en vi. megin með aðeins aukinni spennu í paravertebral vöðvum lumbalt þeim megin.“ Taldi læknirinn allar líkur á að um væri að ræða „functionel“ óþægindi, sennilegast tengd baktognun í slysinu í október 2011. Hafi hann veitt M ráðleggingar á hans eigin forsendum. Kemur fram í nótunni að M hafi reynt sjúkrahjálfun með takmörkuðum árangri og ekki sé mælt til frekari slíkrar meðferðar. Frekara eftirlit hjá B var ekki fyrirhugað.

Síðar var M til rannsóknar hjá barnalækni og taugalækni vegna einkenna frá baki.

Samkvæmt matsgerð tveggja lækna, dags. 25. janúar 2017, var M metinn með 15 stiga varanlegan miska og 15% varanlega örorku af völdum slyssins. Heilsufar eftir slysið taldist hafa verið orðið stöðugt 24. janúar 2012. Þá var talið fyrst tímabært að meta afleiðingar slyssins 24. október 2012 eða réttu ári eftir að það bar að höndum.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr lögmæltri ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til þess að tímabært hafi verið að meta afleiðingar slyssins 24. október 2012 eins og fram komi í fyrrgreindri matsgerð. Fjögurra fyrningarfrestur samkvæmt 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 hafi því byrjað að líða um áramótin 2013/2013 og því sé bótakrafan nú fyrnd.

Álit.

Samkvæmt 99. gr. umferðarlaga fynrast allar bótakröfur samkvæmt XIII. kafla laganna, þar á meðal bótakröfur á grundvelli 88. gr. laganna, bæði á hendur þeim sem ábyrgð ber og vátryggingafélagi, á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fynrast þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði.

Í fyrirbyggjandi matsgerð segir það eitt að 24. október 2012 hafi fyrst verið tímabært að meta afleiðingar slyssins fyrir M. Ekki verður séð að í matsgerðinni sé nánari grein gerð fyrir því hvað búi að baki þessari dagsetningu. Eru ekki næg efni til að byggja á matsgerðinni einni og sér að út frá þessu tímamarki megi fullyrða að í lok árs 2012 hafi M fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess kost að leita fullnustu hennar.

M leitaði til heimilislæknis í febrúar 2012 og var í kjölfarið í meðferð hjá sjúkrahjálfa í 15 skipti til loka þess árs. Í ágúst 2013 var þess óskað að M kæmist til skoðunar hjá bæklunarskurðlækni og gekk það eftir í október sama ár. Því sem fram kom við þá skoðun hefur verið lýst hér að framan. Verður að telja samkvæmt gögnum málsins að það hafi verið fyrst eftir þá skoðun sem M hafi fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Í ljósi þessa telst krafa M ekki vera fyrnd og á hann því rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A, hjá V.

Reykjavík, 10. apríl 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna húseigendatryggingar A og
váttryggingafélagið V2 vegna húseigendatryggingar M.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.03.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélag, dags. 22.05.2017.

Bréf V2, váttryggingafélag, dags. 05.05.2017.

Málsatvik.

Skemmdir komu fram á baðherbergi M meðal annars á flisum og glugga sem M telur stafa af leka frá baðherbergi á hæðinni fyrir ofan og krefst M bóta úr húseigendatryggingu A hjá V1.

Váttryggingafélagið V1 telur ósannað að A beri ábyrgð á tjóninu og hafnar bótaskyldu. Fram kemur hjá V1 að sönnunarbyrði hvíli á tjónþola að sanna að tjónvaldur hafi valdið tjóni með saknæmri háttsemi. Ekkert liggja fyrir um að A hafi vitað um ástandið og jafnvel þótt svo væri sé ekkert sem bendi til þess að A hafi vitað að ástandið gæti ollið tjóninu.

M er með húseigendatryggingu hjá V2 og barst því félagi tilkynning um tjónið. V2 telur að tjónstilvikið falli ekki undir skilmála þeirrar tryggingar heldur sé eigandi efri hæðar, A, ábyrgur fyrir tjóninu þar sem ljóst varð við skoðun þeirrar íbúðar að frágangi í og við sturtu var verulega ábótavant. Veggir sturtunnar hafi verið málaðir og hafi málningin verið illa farin og flögnuð og geri megi ráð fyrir að vatn hafi átt greiða leið inn í vegginn. Auk þess hafi kítispétting milli sturtubotns og veggjar bersýnilega verið óþétt.

Álit.

Af myndum sem fylgja gögnum málsins sést að skemmd er í ofanverðum glugga og flisum í baðherbergi M. Baðherbergi A liggur fyrir ofan og myndir úr því sýna verulegar rakaskemmdir í veggjum sturtunnar. Samkvæmt 51. gr. laga nr. 26/1994, um fjöleignarhús, ber eigandi séreignar ábyrgð gagnvart öðrum eigendum hússins vegna fjártjóns sem stafar af vanrækslu á viðhaldi séreignarinnar, búnaði hennar og lögnum. Samkvæmt gögnum málsins er ljóst að frágangur í og við sturtu í íbúð A var verulega ábótavant og yfirgnæfandi líkur eru á því að tjón M stafi af vanrækslu A við frágang á sturtu og veggjum. Af þeim sökum ber A ábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

Tjón M skal bætt úr húseigendatryggingu A hjá V1.

Reykjavík, 13. júní 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 106/2017**M
og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar A
og
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar B.****Bifreið varð fyrir skemmdum er henni var ekið ofan í holu í malbiki eftir skurðgröft.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.3.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V1, dags. 4.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 4.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 20:00 að kvöldi 13. febrúar 2017 var bifreið í eigu M ekið Seljaveg til norðurs í átt að Mýrargötu. Skammt sunnan Mýrargötu var bifreiðinni ekið ofan í holu í yfirborði götunnar með þeim afleiðingum að skemmdir urðu á bifreiðinni. Seljavegur er hluti af gatnakerfi B. Umrædd hola var eftir skurðgröft þvert yfir götuna vegna fráveitutenginga fyrir nýbyggingu austan götunnar, en sú nýbygging var á vegum byggingarverktakans A. A fékk leyfi, svonefnt afnotaleyfi, hjá B fyrir skurðgreftrinum 6. desember 2016 og lauk framkvæmdum vegna skurðgraftrarins degi síðar, eða 7. desember 2016.

M hafa krafist bóta vegna skemmda á bifreiðinni úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 og ábyrgðartryggingu B hjá V2. Bæði V1 og V2 hafa hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í skilmálum fyrir fyrrgreindu afnotaleyfi kemur fram að leyfishafi skuli að verktíma loknum flytja allan aðfluttan búnað burtu og óska eftir endurgerð á landi og mannvirkjum. Gera skal við allar skemmdir m.a. á götum í nánasta umhverfi, sem framkvæmdin kann að valda. Þurfi að lagfæra yfirborð, malbik, steypu, hellulögn eða gróið svæði skal slíkt unnið af starfsmönnum Umhverfis- og skipulagssviðs B nema samkomulag sé gert um annað, en allur kostnaður við verkið skal greiddur af leyfishafa. A hafði samkvæmt þessum skilmálum skyldu til að sjá um að gatan yrði lagfærð eftir skurðgröftinn. Þá var það samkvæmt þessum sömu skilmálum í verkahring starfsmanna B að lagfæra malbikað yfirborð götunnar.

Umræddur skurðgröf var að öllu leyti í þágu byggingaframkvæmda A við götuna. Þótt það hafi ekki verið beinlínis í verkahring A að annast malbikun yfirborðs götunnar eftir skurðgröftinn verður engu að síður að líta svo á að honum hafi borið að sjá til þess að yfirborð götunnar væri þannig frá gengið að aka mætti um götuna af fullu öryggi jafnvel þótt malbikun yfirborðsins hafi dregist á langinn.

Seljavegur telst til sveitarfélagsvega í skilningi 9. gr. vegalaga nr. 80/2007 og telst B vera veghaldari götunar skv. 13. gr. sömu laga. Skv. 12. gr. laganna ber B sem veghaldari ábyrgð á veghaldi götunnar og við veghaldið skal B gæta umferðaröryggis og að umferð eigi greiða og góða leið um götuna. Þá ber B sem veghaldari, með vísan til 1. og 2. mgr. 43. gr. vegalaga, ábyrgð á því að götunni sé við haldið með eðlilegum hætti miðað við þá umferð sem um hana fer og skal B svo fljótt sem við verður komið eftir að það hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Jafnframt ber B sem veghaldari ábyrgð á því að téð gata uppfylli kröfur sem gerðar eru með tilliti til öryggis umferðar, ástands vega, merkinga og annarra þátta sem kveðið er á um í lögnum, sbr. 46. gr. þeirra. Þá ber B ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni, sbr. 56. gr. laganna.

Af gögnum málsins er ljóst að þegar óhappið varð 13. febrúar 2017 var frágangur götunnar óforsvaranlegur og í reynd hættulegur fyrir umferð um hana. Má rekja það til skurðgraftrarins rúmmum tveimur mánuðum fyrr. B sem veghaldari götunnar framselur ekki veghald sitt né þá ábyrgð sem á henni hvílir samkvæmt vegalögum varðandi viðhald götunnar og að gatan uppfylli kröfur með tilliti til öryggis umferðar. Starfsmenn B vissu af ástandi götunar án þess að gera viðgeigandi ráðstafanir þannig að vegfarendur gætu farið um hana af öryggi. B brást þannig lagalegum skyldum sínum og ber ábyrgð á tjóni M, sbr. 56. gr. vegalaga, enda verður að telja nægilega sannað að ökumaður bifreiðarinnar hafi umrætt sinn sýnt af sér eðlilega varkárni.

Eins og að framan greinir var skurðgröfturinn framkvæmdur á vegum A og í hans þágu. Hann vissi mætavel af hinu hættulega ástandi götunnar og þrátt fyrir lagaskyldu S að sjá um að gatan væri örugg til umferðar getur A, eins og hér stóð á, ekki fríað sig ábyrgð á ástandi götunnar. A telst því einig ábyrgur fyrir tjóni M.

Samkvæmt framangreindu bera A og B óskipta ábyrgð á tjóni M og eiga þau rétt á bótum óskipt úr ábyrgðartryggingu A hjá V1 og úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M eiga óskiptan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V2 og ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 16. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 107/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiðanna A og B á Víkurvegi

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.03. 2017, ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V dags. 7.04.2017

Málsatvik.

Árekstur varð á Víkurvegi þann 27. febrúar 2017. M, ökumaður bifreiðarinnar A, kveðst hafa ekið Víkurveg til norðurs þegar bifreiðarnar mættust. Kveðst M, ökumaður bifreiðarinnar A, hafa fært bifreið sína eins utarlega út í vegarkant og mögulegt var vegna snjóruðninga sem voru á veginum og stöðvað bifreið sína þar. Kveður M ökumann bifreiðarinnar B ekki hafa hægt á ferð sinnar bifreiðar þegar þær mættust á þröngum veginum með þeim afleiðingum að bifreiðin B var ekið utan í vinstri hlið bifreiðarinnar A. Fyrir liggur að ökumaður bifreiðarinnar B kýs að tjá sig ekki um málið og vísar til ljósmynda af vettvangi þegar umræddur atburður átti sér stað.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að þrenging hafi verið á Víkurvegi umrætt sinn vegna snjóruðninga þegar umræddar bifreiðar mættust. Við slíkar aðstæður ber að aka varlega og sýna öðrum vegfarendum tillitssemi og nema staðar ef nauðsyn ber til, sbr. 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Gögn málsins bera með sér að M hafi uppfyllt þær skyldur sem tilgreind varúðarregla umferðarlaga leggur öikumönnum á herðar við sambærilegar aðstæður. Ljósmyndir sem liggja fyrir í gögnum málsins af vettvangi benda ekki til annars en að frásögn M sé í samræmi við fyrirliggjandi gögn. Þá liggur fyrir að ökumaður B mótmælir ekki frásögn M og gefur engar frekari skýringar á atvikum. Í ljósi þessa verður öll sök á árekstrinum lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík 16.5.2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson, hdl.

Lúðvík Bergvinsson, hdl.

Mál nr. 108/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða á hringtorgi á Réttarholtsvegi í Reykjavík 26.1.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11
2. Bréf V dags.15.2.2017.

Málsatvik.

Bifreiðarnar A og B lentu í árekstri á hringtorgi á Réttarholtsvegi í Reykjavík. Ökumaður A ók inn á hringtorgið frá Fákafeni á ytri akrein með fyrirhugaða akstursstefnu út á fyrsta útakstri hringtorgsins áfram Réttarholtsveg til suðurs og ökumaður B ók inn á hringtorgið frá Suðurlandsbraut í vestur inn í innri akstursrein hringtorgsins og ætlaði að aka út úr hringtorginu við þriðja útakstur inn á Réttarholtsveg. Árekstur varð við útakstur Réttarholtsvegar í suður þegar A ók með vinstra framhorn í hægri hlið B. Ökumaður A segir að hún hafi ekið inn á hringtorgið á ytri hring þegar B hafi verið beint fyrir framan sig og farið beint í beygjuna inn á Réttarholtsveg og þá hafi B farið yfir á akrein A og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa verið í innri hring og séð ökumann A aka hægt og hafi ökumaður B þá farið í beygjuna og sér hafi fundist líða langur tími þangað til að árekstur varð.

Álit.

Nokkur ágreiningur er með ökumönnum um málsatvik og af gögnum málsins verður ekki að fullu ráðið hvar nákvæmlega áreksturinn varð við útakstur úr hringtorginu. Af gögnum málsins og framburði ökumanna virtum verður ekki annað séð en hvorugur ökumaður hafi sýnt nægjanlega aðgát og varúð við aksturinn. Ekki eru efni til að leggja sök á annan ökumanninn umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 23.5.2017.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 109/2017

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við Grillhúsið Sprengisandi, Bústaðavegi 154, þann 10.3.2016.**Gögn.**

Málskot, móttakið 24.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 4.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags 10.4.2017.

Málsatvik.

A var ekið eftir bifreiðastæði við Grillhúsið áleiðis að Bústaðavegi. Í sömu andrá var B ekið vinstra megin fram með A. Rákust þá saman vinstra framhorn A og hægri hlið B. Bjart var af degi og þurrt færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið löturhægt upp að Bústaðavegi og allt í einu hafi B komið og farið utan í framhorn A. Hann kvaðst aldrei hafa séð B koma.

Ökumaður B kvaðst hafa séð A kyrrestæða til hliðar við sig og því hafi hann ekið fram hjá henni. Þá hafi A lent í hægri hlið B.

Álit.

Ökumenn greinir á um tildrög árekstursins. Eins og málið liggur fyrir verður ekki séð hvort áreksturinn megi rekja til þess að ökumaður A hafi ekið af stað án þess að gæta þeirrar varúðar sem af honum mátti krefjast ellegar að ökumaður B hafi ekið óþarflega nálægt A er hann ók fram með henni og þannig ekki gætt fyllstu varúðar. Samkvæmt þessu og með vísan til 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður ekki hjá því komist að skipta sök að jöfnu á milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 110/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna árangurs tannréttingameðferðar sem gekk til baka.**

Málskot, móttakið 15.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Frá október 2010 til febrúar 2012 gekkst M undir tannréttingameðferð hjá tannlækninum A, sérfræðingi í tannréttingum. Í málinu liggur fyrir vottorð B, tannlæknis og sérfræðings í tannréttingum, dags. 25. september 2015. Þar er vikið að tannréttingameðferð M hjá A og segir að meðferðin hafi ekki heppnast sem skyldi og að því er virðist hafi meðferðin gengið til baka að fullu. M sé því komin í endurmeðferð hjá B „með föstum tækjum vegna Angle Class II subdiv. bitskekkju, apIASIU 45 og þrengsla“.

M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu A hjá V. Af hálfu V og M var aflað sameiginlega álitsskýrslu tannlæknisins D, sérfræðings í tannréttingum, en í álitsskýrslunni, sem er dagsett 19. maí 2016, er svarað nánar tilgreindum spurningum sem lagðar voru fyrir D. Þar kemur fram það álit D að í september 2015 hafi staða tannréttinga hjá M verið svipuð því sem hún var áður en meðferðin hófst árið 2010. Hafi meðferðin gengið til baka á tímabilinu 2012 til 2015 og það stafi trúlega af því að stoðtæki hafi ekki verið notuð. Kveður D að svonefndur „Myobrace gómur“ hafi verið notaður sem „retainer“ og með honum hafi væntanlega staðið til að lagfæra „opna vararstöðu“ M. Kvaðst D ekki hafa unnið með þessa tegund góma og leggi því ekki mat á árangur af slíkri meðferð. Hins vegar hafi fljótlega komið í ljós að M hafi ekki getað notað góminn og þá hefði þurft að setja annars konar stoðtæki upp. Sé það mat D að í þessu tilviki hefði verið best að setja upp fasta stoðvira aftan á framtennur og augntennur í báðum gómum auk stoðboga á „svæði 45“ þar sem meðfædd tannvöntun er. Auk þess hefði hún þurft lausa stoðplötu í efri góm. Ef engin stoðtæki eru notuð sé afar líklegt að meðferðin gangi að einhverju leyti til baka. Þá var meðal spurninga sem beint var til D hvort önnur meðferðaraðferð eða -tækni hafi verið til þegar tannréttingameðferðin fór fram 2010 til 2012 og gert sama gagn og sú meðferð sem M fékk. Svar D var á þann veg að álykta að ástæða þess að meðferðin gekk til baka hafi verið sú að hefðbundin stoðtæki hafi ekki verið notuð og þau hafi verið til í febrúar 2012 og þá hafi verið kostur á að nota þau. Þau hefðu komið alveg að sama gagni og sú meðferð sem notuð var.

V hefur ekki fallist á bótaskyldu úr sjúklingatryggingu A. M hafi ekki getað andað með nefinu og þróað með sér munnöndun að álit A. A hafi ráðlagt M að leita til háls-, nef- og eyrnalæknis þegar í ljós kom að hún átti örðugt með að anda með nefinu. Það hafi hún ekki gert fyrr en tveimur árum síðar jafnframt því sem hún hafi ekki notað fyrrgreindan „Myobrace góm“. Af þessum sökum hafi árangur tannréttingameðferðarinnar enginn orðið þar sem hann hafi gengið til baka. M hefur andmælt því að hún hafi ekki notað góminn eftir að tannréttingameðferðinni lauk.

Álit.

Engar sjúkraskýrslur liggja fyrir meðan M var í tannréttingameðferðinni hjá A, né heldur liggja fyrir greinargerð eða annars konar upplýsingar beint frá hans hendi um þá tannréttingameðferð sem hann veitti M eða hvernig frekari meðferð var háttáð eða skyldi vera háttáð eftir að hinni eiginlegu tannréttingameðferð lauk í febrúar 2012. Gegn andmælum M verður að telja ósannað að árangur meðferðarinnar hafi gengið til baka vegna atvika sem M verður kennt um.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, rétt til bóta samkvæmt lögnum sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildinguna landlæknis til starfans. Samkvæmt 3. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum

skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til þess að mat sem síðar er gert leiðir í ljós að komast hefði mátt hjá tjóni með því að beita annarri meðferðaraðferð eða -tækni sem vól var á og hefði frá læknisfræðilegu sjónarmiði gert sama gagn við meðferð sjúklings. Ekki verður séð að ágreiningur sé með aðilum um að M hafi orðið fyrir tjóni í skilningi 1. gr. laganna eftir tannréttingameðferðina hjá A. Í athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 111/2000 segir að 3. tölul. 2. gr. varði tjón sem ekki verður séð fyrir en eftir á að unnt hefði verið afstýra með því að velja aðra aðferð eða tækni til meðferðar og ætla má að ekki hefði leitt til tjóns. Með vísan til þess sem fram kemur í álitsgerð D verður ekki annað ályktað en að með því að setja upp annars konar stoðtæki og setja upp fasta stoðvíra aftan á framtennur og augntennur í báðum gómum auk stoðboga á „svæði 45“ og lausrar plötu í efri góm hafi falist önnur meðferðaraðferð sem vól var á, gert sama gagn og sú meðferðaraðferð sem beitt var og eftir á hafi verið leitt í ljós að með beitingu hennar hefði ekki komið til þess tjóns sem M varð fyrir. Verður því að telja að fullnægt sé skilyrðum bótaskyldu skv. 3. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 og M eigi því rétt til bóta úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 111/2017**M****og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við flugafgreiðslu 12.3.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.3.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 10.2(sic).2017, ásamt tölvupósti V til lögmanns M dags. 24.1.2017, athugasemdir X dags. 1.12.2016, áhættumati dags. 3.3.2015 og veðurmælingar á slysdegi.

Málsatvik.

Í frumskýrslu lögreglu vegna slyss M kemur fram að hann hafi verið við störf sín við flugafgreiðslu hjá X. Þau störf fela í sér að svokölluðum „cateringtrukk“ er komið fyrir við hlið flugvélar og er hann notaður til að ferma og afferma vélina. Umræddur trukkur er vinnuvél sem búin er stórum kassa (litlum gámi) sem situr á skæralyftum og er kassinn færður upp og niður eftir þörfum með lyftunni. M var í einum slíkum kassa, að láta hann síga niður, þegar slysið varð. Haft er eftir M í frumskýrslu lögreglunnar að lyftan hafi stöðvast áður en kassinn var kominn alveg niður og hafi M því stigið út úr honum til að kanna hvað ylli. Þá hafi lyftan sigið og M lent með annan fótinn undir kassanum og þannig slasast. Í málskoti kemur fram af hálfu M að hann hafi ekki vitað hvort kassinn hafi verið kominn alveg niður eða ekki þegar hann steig út og hann hafi talið sig vera að stíga á bita sem hafi verið áfastur grind kassans og að hann hafi ekki haft mikinn tíma til að athafna sig.

M telur að það tæki sem notað var í greint sinn hafi verið vanbúið og að það hafi ekki þolað þann vind sem var á vettvangi. M vitnar til þess sem kemur fram í skýrslu, sem undirrituð er af starfsmanni X, um að vindur hafi leitt til þess að kassinn settist ekki rétt þegar verið var að láta hann síga niður. M bendir á viðauka 2 við reglugerð nr. 367/2006 þar sem fyrirmæli séu um að gæta sérstakrar varúðar við notkun tækja þegar veður spillist. Einnig telur M að rannsókn Vinnueftirlitsins hafi verið ófullnægjandi þar sem aðstæður á vettvangi hafi ekki verið teknar út fyrir en tveimur dögum eftir slysið og verði X að bera hallann af því. Einnig bendir M á að hvorki hafi verið til verklagsreglur ná áhættumat fyrir þann verkþátt sem M var að vinna að og farið það gegn fyrirmælum í vinnuverndarlögum og reglum. Að lokum vísar M til þess að það sé ekki hægt að byggja bókstaflega á því sem haft er eftir honum á vettvangi slyssins þar sem hann hafi verið illa áttaður og alvarlega slasaður.

V telur að það hafi ekki verið sýnt fram á skilyrði skaðabótaábyrgðar af hálfu X. V telur að það liggi ekki fyrir að vinnuvél sú sem M notaði hafi verið vanbúin eða veðuraðstæður hafi verið þannig að ekki hafi átt að vinna verkið. Auk þess leggur V fram sérstakt áhættumat ásamt upplýsingum frá X um að starfsmönnum hafi verið kynnt efni þess. Auk þess vísar V til þess að vinnuvélin hafi verið skoðuð af hálfu Vinnueftirlitsins bæði rétt áður en M slasaðist, sem og eftir slysið og ekkert hafi komið fram í þeim skoðunum sem styðji fullyrðingar M um vanbúnað vélarinnar. Auk þessa vísar V til þess að M hafi verið vanur því að nota umrædda vél, hann hafi verið kunnugur aðstæðum og að hann hefði átt að gæta betur að staðsetningu sinni þegar hann fór að kanna hvað olli því að lyftan stoppaði í greint sinn. Auk þess bendir V á að skv. framburði M í frumskýrslu lögreglu hafi hann verið í góðri trú um að lyftan/lyftibúnaðurinn hafi ekki verið kominn alveg niður þegar hann steig út úr kassanum.

Álit.

Í gögnum málsins er ljóst að M slasast við það að strax í kjölfar þess að hann stígur út úr kassa þess „cateringtrukks“ sem hann er að vinna við færist hann til og fellur á fót M. Skoðun Vinnueftirlitsins á vettvangi hefði ekki varpað skýrara ljósi á þau málsatvik í sjálfu sér, en mat á veðuraðstæðum hefði

mögulega getað farið fram. Á móti verður að líta til þess að vinnuvélin sem „cateringtrúkkurinn“ í raun er var tekin út af hálfu Vinnueftirlitsins bæði rétt fyrir og rétt eftir slysið án athugasemda um búnað og verður ekki byggt á því að vélin sem slík hafi verið vanbúin þegar af þeirri ástæðu að hún var ekki skoðuð á slysdegi. Hvað varðar veðuraðstæður hafa verið lögð fram gögn um veðurhæð á slysdegi. Af þeim verður ekki ráðið að aðstæður hafi verið hættulegar fyrir umrætt verk. Er því hvorki hægt að leggja til grundvallar að slys M hafi orðið vegna vanmats á aðstæðum eða vanbúnaðar tækis. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að önnur atvik eða atriði séu fyrir hendi sem sýna fram á skaðabótaábyrgð X og verður því lagt til grundvallar að um óhappatívik hafi verið að ræða sem X ber ekki ábyrgð á. M á því ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.

Háttsemi ökumanns við akstur og áhrif á bótarétt vegna umferðaróhapps 10.11.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 3.4.2017.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni suður Sólvangsveg í Hafnarfirði og fékk sér sopa af skyrdrykk, ætlaði að leggja hann frá sér en tókst það ekki þannig að umbúðir lentu á gólfi bifreiðarinnar. M teygði sig eftir umbúðunum en missti við það stjórn á bifreiðinni sem rakst við það á vegkant og lenti síðar á ljósastaur. M krefst bóta úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda hjá V og hafnar því að V sé heimilt að skerða bætur til hans. M segist ekki hafa ekið á miklum hraða og ekki sýnt af sér mikla sök þó hann hefi teygt sig eftir hlut á gólfinu. Þá krefst M þess, að verði bætur til hans skertar þá verði ekki um helmingsskerðingu að ræða og telur með vísan til dómaframkvæmdar að skerðing geti aldrei orðið annað en lægri en sem nemur 1/3 skerðingar. V telur að sú háttsemi M að teygja sig með höndina niður í gólf til að sækja eitthvað sem hann missir, án þess að stöðva bifreiðina hafi verið stórkostlega gálaus og M hafi brotið gegn 4. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þannig telur V að heimild í 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sé fyrir hendi fyrir V til að skerða bætur til M um helming. Báðir aðilar M og V vísa til dómaframkvæmdar í málum sem þessum.

Álit.

Ágreiningslaust er að M horfði ekki á veginn þegar hann missti stjórn á ökutæki sínu sem var ekið á 40-50 km.hraða, þegar M var að teygja sig eftir umbúðum skyrdrykks sem voru á gólfi bifreiðarinnar. Með því háttalagi sýndi M af sér stórkostlegt gáleysi. Að virtum gögnum málsins og með vísan til dóma Hæstaréttar Íslands í svipuðum málum telst sök M og aðstæður allar þannig að V geti takmarkað ábyrgð sína sem nemur 1/3 hluta tjóns M.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda bifreiðar sinnar, en ber 1/3 tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis við akstur.

Reykjavík 23.5.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 113/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (A).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss við lestun álbolta um borð í skip.****Gögn.**

Málskot, móttakið 29.3.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30. júlí 2014 vann M, sumarstarfsmaður hjá A, við að lesta álbolta um borð í flutningaskip. Af gögnum málsins má ráða að umræddir álboltar séu sívalir, nokkuð langir og festir saman í búntum eða stæðum þannig að 25 boltar séu í hverri stæðu, fimm á breidd og fimm á hæð. Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, sem undirrituð er af M og A, segir að M hafi verið að vinna við lestun boltanna í lest skipsins. Loftbelgir hafi verið notaðir til að sjóbúa álið í lestinni og þá sé bil á milli stæðanna þar sem loftbelgir eru. M hafi verið að bera timbur sem er notað samhliða belgjunum og stigið niður í geil á milli belgjanna og fallið 1,6-1,7 metra niður og orðið fyrir meiðslum á höfði og baki.

Telur M að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.

M vann umrætt verk við erfiðar aðstæður þar sem sýna þarf fyllstu aðgæslu, enda erfitt um vik að koma að búnaði eða gera aðstæður í lestinni þannig að slyshætta sé ekki fyrir hendi. Sjálft verkið var að öðru leyti tiltölulega einfalt í sniðum. Ekkert haldbært hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að mistök hafi átt sér stað við að koma stæðunum fyrir í lest skipsins. Ekki verður heldur séð að slysið megi rekja til skorts á leiðbeiningum eða ófullnægjandi verkstjórnar. Að öllu virtu verður að telja ósannað að slysið megi rekja til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 114/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða gatnamótum Norðurfells og Jórufells 3.3.2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 29.3.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 18.4.2017.

Bréf V2, dags. 2.5.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiðanna A og B á götunni Norðurfelli, en í aðdraganda áreksturs hafði bifreið A verið ekið frá Jórufelli gegn biðskyldu inn á Norðurfell en bifreið B var ekið eftir Norðurfelli. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðar A telur að hann hafi verið kominn inn á „sína“ akrein þegar hann sá bifreið B „skransa“ og lenda í kjölfarið á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B kvaðst hafa verið að aka á c.a. 30 km/klst hraða þegar bifreið A hafi verið ekið í veg fyrir hann og hafi hann þá ekið til vinstri til að reyna að forðast árekstur en ekki tekist það.

M var ökumaður bifreiðar A og telur að hann hafi virt biðskyldu þegar ekið var inn á Norðurfell og árekstur hafi orðið á hægri akrein hans þannig að ökumaður bifreiðar B hafi farið inn á öfugan vegarhelming og ekið á bifreið A. M telur að ökumaður bifreiðar B hafi auk þess ekið allt of hratt miðað við aðstæður og það fái einnig stoð í staðsetningu bifreiða eftir árekstur.

V1 gerir ekki efnislegar athugasemdir vegna málsins en í bréfi V2 kemur fram að það telji að ökumaður bifreiðar A eigi að bera alla sök vegna árekstursins með því að hafa ekið af biðskyldu í veg fyrir ökumann bifreiðar B.

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur skýrt fram að M, sem ökumaður bifreiðar A, ók í aðdraganda áreksturs af biðskyldu við Jórufell inn á Norðurfell þar sem bifreið B var ekið. Í 1. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram að sá sem ekur inn á veg gegn biðskyldu skuli veita umferð um þann veg forgang. Það bar M, sem ökumanni bifreiðar A, að gera gagnvart bifreið B. Vegna þeirrar skyldu ber hann sönnunarbyrði fyrir því að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á annan hátt gegn fyrirmælum umferðarlaga eða þannig að hann beri einnig sök á árekstrinum. Í gögnum málsins er ekki getið um vitni af atburðinum sem taka undir lýsingu M af aðstæðum eða önnur sönnunargögn sem sýna með ótvíráðum hætti að hann hafi veitt bifreið B forgang við akstur gegn biðskyldu Jórufells. Hallann af slíkum sönnunarskorti ber ökumaður bifreiðar A sem, að ofansögðu, telst bera alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ekið á hross við Vatnsdalshól í Húnavatnssýslu 26.9.2016.****Gögn.**

Málskot, dags. 28.3.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 7.4.2017, ásamt viðbótargögnum; lögregluskýrslu og tölvupóstsamskipti V og M.

Tölvupóstur lögmanns M, dags. 12.4.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður bifreiðarinnar X hafði samband við lögreglu aðfararnótt 26.9.2016 og tilkynnt að hann hefði ekið á hross á Norðurlandsvegi. Ökumaður kvaðst skyndilega hafa séð hrossið á veginum og ekki hafa komist hjá því að aka á það. Í skýrslunni kemur einnig fram að myrkur hafi verið á vettvangi og gengið á með mikilli rigningu.

M er eigandi hrossins sem ekið var á og telur að V eigi að greiða bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X vegna þess tjóns sem hann varð fyrir. M vísar til þess að hrossið hafi átt að vera í öruggri girðingu, en hann hafi samið við bónda á öðrum bæ, samhliða sínum um að sjá um framkvæmd girðingarvinnu rétt áður. Það hafi komið í ljós eftir óhappið að við enda þeirrar girðingar hafi verið mögulegt fyrir hross að komast á milli og í annað hólfi og úr því hólfi hafi verið opið hlið út á veg. Það hafi ekki verið sök M, sem eiganda hrossins og M telur að V hafi ekki mætt sönnunarbyrði sinni um slíkt þannig að skerða beri bætur til hans.

V vísar til 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og telur að bætur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X eigi að falla niður vegna gáleysis M sem eiganda hrossins sem ekið var á. V vísar einnig til þess að á svæðinu sé bann við lausagöngu búfjár skv. 50. gr. vegalaga nr. 80/2007, þar sem girt sé beggja vegna vegar. V vísar einnig til upplýsinga í lögregluskýrslu frá M um að hross hafi getað farið úr einu hólfi í annað eftir „sérstakri leið“ og það teljist M til gáleysis.

Álit.

Ágreiningur málsins felst í því hvort M, sem eigandi hross sem bifreiðinni X var ekið á, hafi sýnt gáleysi við vörslur hrossins, en við þær aðstæður getur V takmarkað ábyrgð sína á grunvelli heimildar í 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga. Þegar litið er til þess sem fram kemur í gögnum málsins telst ljóst að við Norðurlandsveg sé girt beggja vegna vegar. Þegar þannig háttar er lausaganga búfjár bönnuð skv. 50. gr. vegalaga, óháð samþykktum sveitarfélags. Við slíkar aðstæður ber eigendum búfjár að tryggja vörslur þess sérstaklega með það fyrir augum að búfé sleppi ekki inn á veg. Með lýsingu M sjálfs á aðstæðum í lögregluskýrslu verður ekki annað séð en að hross í hans eigu hafi átt leið úr sérstöku hólfi inn í annað hólfi þar sem leið hafi verið út á þjóðveg í gegnum hlið sem hann sjálfur fylgdist ekki reglulega með hvort væri lokað. Telst slík háttsemi til gáleysis við vörslur hrossins og telst bótaréttur því hafa fallið niður með vísan til 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 117/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Hagkaup á Eiðistorgi, Seltjarnarnesi 4.3.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31.3.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V-1 dags. 10.4.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 19.4.2017

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á bílastæði Hagkaup við Eiðistorg á Seltjarnarnesi. Á framhlið tónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita merkja báðir ökumenn við tl. 4,13 og 14 þ.e. ók út úr bílastæði, beygði til vinstri og ók aftur á bak. Hvorugur ökumaður merkir við þar til gerðan reit á framhlið tónstilkynningar um að ökutæki hans hafi verið kyrrstætt þegar árekstur varð. Ökumaður B hefur haldið því fram síðar að bifreið hans hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð.

Álit.

Leggja verður til grundvallar það sem ökumenn skrá á vettvangi á tónstilkynningu um málsatvik nema ótvírætt verði sannað, að atvik hafi að einhverju leyti verið með öðrum hætti. Báðir ökumenn bera skv. merkingum á tónstilkynningu að þeir hafi ekið aftur á bak úr stöðureit þegar árekstur varð. Leggja verður þann framburð til grundvallar og skv. honum sem og öðrum gögnum málsins er ekki forsenda til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 23.5.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2017**M****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda (A).****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður féll ofan af forsteyptri loftaplötu.****Gögn.**

Málskot, móttækið 3.4.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 7.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 28. janúar 2016 vann M, flokksstjóri, ásamt öðrum starfsmönnum A við að koma forsteyptum loftaplötum fyrir í nýbyggingu er hann féll af plötunni um 2,65 m niður á gólf næstu hæðar fyrir neðan og slasaðist. Samkvæmt því sem fram kom í lögregluskýrslu var búið að koma einni loftaplötu fyrir og hafi M ásamt einum vinnufélaga sínum farið upp á loftaplötuna til að stilla hana af í sæti sínu. M hafi svo ætlað niður á stiga á eftir vinnufélaga sínum, en er hann tyllti fæti sínum á burðarbita undir loftaplötunni féll hann niður á gólfi fyrir neðan. Eftir M er haft í lögregluskýrslunni að burðarbitinn undir loftaplötunni hafi ekki verið settur rétt undir því hann hafi ekki náð nógu langt inn undir loftaplötuna og því hafi ekki verið nægur þrýstingur til að halda burðarbitanum. Eftir vinnufélaga M er haft í lögregluskýrslunni að ísing hafi verið á burðarbitanum.

Í umsögn Vinnueftirlitsins um slysið segir í niðurstöðukafla um rannsókn þess á slysinu að orsök slyssins megi rekja til þess að M hafi stigið út fyrir loftaplötuna á hálan burðarbitann, runnið til og fallið niður á gólf. Einnig hafi enginn fallvarnarbúnaður verið notaður við verkið. Þá hafi meðvirkandi þáttur í slysinu verið að ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat né áætlun um fornvarnir er varða umrædda vinnu.

Hefur M krafist bóta vegna líkamstjóns síns úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M var á leið ofan af loftaplötunni niður stiga þegar hann féll niður og slasaðist. Við þessar aðstæður verður ekki séð að fallvarnir gætu hafa komið að haldi er hann féll, enda engin rökstuðningur í umsögn Vinnueftirlitsins hvað þennan þátt varðar. Þegar litið er til menntunar M og stöðu hans hjá A sem flokksstjóra verður ekki talið að slysið verði rakið til þess skriflegt áhættumat hafi skort. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem A ber skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega

Starfsmaður meiddist þegar hann tók upp kassa 24.11.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-13.
2. Bréf V dags. 2.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M lýsir atvikum með þeim hætti í málsskoti að hann hafi verið að aðstoða viðskiptavin við að ná profukössum úr gámi og skriðið á fjórum fótum inn í gáminn og lyft upp kassa, en þá runnið til og fengið hnykk í bakið og fundið smell í mjóhryggnum. M segir að umræddur kassi, sem sé venjulega 30 kg, hafi verið tæplega 90 kg. M telur engum vafa undirorpið að hann hafi orðið fyrir slysi skv. skilmálum slysatryggingar launþega enda hafi hann fengið áverka á bakið þegar hann rann til og fékk hnykk á bakið. M vísar auk þess til þess að miða eigi upphaf ársfrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga varðandi tilkynningu um atvikið í fyrsta lagi við 3.11.2015 þegar M leitaði á nýjan leik til nafngreinds læknis vegna áframhaldandi verkja þrátt fyrir meðferð hjá sjúkráþjálfara.

V hafnar bótaskyldu og telur að M hafi ekki orðið fyrir slysi í umrætt sinn skv. skilmálum í slysatryggingu launþega og telur að meiðsl M verði ekki rakin til utanaðkomandi atburðar heldur sé um innri meiðsl að ræða sem rakin verði til rangrar beitingar og/eða ofreynslu og álags. V vísar til þess að í samtímagögnum vegna atviksins komi fram að M hafi verið að lyfta þungri fiskblokk þegar hann fann fyrir verk í baki og leiðni niður í hægri fót og það hafi ekki verið fyrr en í umboði til lögmanns M og tilkynningu til V dags. 7.7.2016, sem að lýsing á atvikinu breytist en þá hafi M átt að hafa runnið til þegar hann lyfti þungum kassa og fengið hnykk á bakið. V telur að frekar eigi að byggja á lýsingu M á atvikinu fljótlega eftir að atvikið átti sér stað en síðari tíma lýsingu á atvikinu. Þá vísar V til þess að tjónsatvikið hafi átt sér stað 24.11.2014, en fyrst hafi verið tilkynnt um það til V 16.8.2016. V bendir á að M hafi leitað til læknis 27.11.2014 og lýst þar máttarminnkun í hægri fæti og verkjum og 1.4.2015 hafi M aftur leitað til læknis og lýst þar að hann teldi hægri fóturinn styttri eftir atvikið og telur V að á fyrri tímamarkum, eða 27.11.2014 hafi M mátt vera ljós atvik að baki kröfu sinni og árstilkynningafrestur til félagsins hafi þá verið liðinn þegar tilkynning barst til V 16.8.2016.

Álit.

Af fyrstu lýsingu M á atburðinum 24.11.2014, sem leggja verður til grundvallar, verður ekki ráðið að M hafi orðið fyrir slysi, heldur megi frekar rekja líkamstjón hans til innri veikleika í líkama hans skyndilegs utanaðkomandi atviks. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýna eða leiða líkur að því að M hafi runnið til í umrætt sinn þegar hann var að lyfta kassanum í umrætt sinn eða að líkamsmeiðsl hans séu vegna utanaðkomandi atburðar í skilningi vátryggingarskilmála V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 30.5.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 120/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða við gatnamót Birkigrundar og Furugrundar 6.2.2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 30.3.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 12.4.2017, ásamt viðbótargögnum; tjónstilkynningu og niðurstöðu tjónanefndar.

Bréf V1, dags. 19.4.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreiðanna A og B þegar bifreið A var ekið í vesturátt út af Furugrund inn á Birkigrund áleiðis í vinstri beygju en bifreið B var ekið beint áfram norður Birkigrund. Af myndum í tjónstilkynningu má ráða að biðskylda hafi verið í akstursstefnu PV 591 af Furugrund inn á Birkigrund.

M, sem ók bifreið A, segir í málskoti að árekstur hafi átt sér stað þegar hann hafi verið kominn inn á hægri akrein suður Birkigrund og því ekki á þeirri akrein sem bifreið B hafi átt að aka á norður sömu götu. Einnig telur M að bifreið B hafi verið ekið of hratt og henni hafi verið sveigt til vinstri framhjá bifreið sem hafi verið á undan og ekið inn Furugrund til hægri. M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla sök á árekstrinum.

V2 telur að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi ekið gegn biðskyldu í veg fyrir bifreið B og þannig brotið gegn fyrirmælum 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ósannað sé að bifreið B hafi verið ekið of hratt eða þannig að ökumaður hennar hafi sýnt af sér sök. V1 tekur ekki efnislega afstöðu til málsins í bréfi sínu.

Álit.

Í tjónstilkynningu kemur skýrt fram að M ók bifreið A gegn biðskyldu af Furugrund inn á Birkigrund. Við það átti hann að gæta fyrirmæla 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga og veita umferð um Birkigrund forgang. Af gögnum málsins telst ekki sannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður eða að árekstur hafi orðið á þeim stað á akbrautinni að honum verði metið það sérstaklega til sakar. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M, sem ökumaður bifreiðar A og ber hann því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar verktaka.****Ágreiningur um bótaskyldu er hjólreiðamaður hjólaði á malarlag á gangstíg.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 19.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 10. nóvember 2016 féll M af reiðhjóli og slasaðist er hann var að hjóla eftir gangstíg efst í Elliðaárdal skammt norðan Breiðholtsbrautar. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu segir að sjá hafi mátt um 30 cm malarlag á göngustíg. M hafi verið að hjóla eftir göngustíg sem hafi farið þvert yfir göngustíg sem framkvæmdir hafi verið við. M hafi verið á keppnisreiðhjóli með mjóum dekkjum. Ætla megi að M hafi hjólað upp á malarlagið og misst stjórn á hjólinu með þeim afleiðingum að hann féll af því.

Eftir M er haft í lögregluskýrslunni að hann hafi verið að hjóla á göngustígnum og skyndilega misst stjórn á reiðhjólinu og dottið.

Eftir vitni er haft að það hafi verið að vinna við vegaf framkvæmdir á göngustígnum og hann hafi verið að bera mól í stígin skömmu áður. Það hafi orðið vart við M þar sem hann lá. Það hafi farið úr bifreið sinni til að hlúa að M.

Af skýrslu A, verktaka við að lagningu malarinnar, má ráða að þar sem slysið varð mætast malbikaður göngu- og hjólastígur og malborinn reiðstígur og að unnið hafi verið við að leggja mól á reiðstígin.

M telur að slysið megi rekja til ófullnægjandi merkinga við lagningu malarinnar og hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Álit.

Af fyrirbyggjandi ljósmyndum verður ekki annað ráðið en sjá hafi mátt malarlagið á gangstígnum með nokkrum fyrirvara áður en komið var að því. M telur að hann hafi hjólað á rúmlega 20 km hraða á klst. í þann mund sem slysið varð. Með þeirri aðgæslu sem krefjast mátti af M er hann nálgast malarlagið átti hann að geta séð það í tæka tíð og farið yfir það án þess að þurfa að falla af hjólinu, svo sem með því að fara af hjólinu og leiða það yfir mölina. Verður ekki talið, eins og hér stóð á, að slysið verði rakið til ófullnægjandi merkinga á gangstígnum vegna lagningu malarinnar á reiðstígnum eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 122/2017
M (vátryggingafélag) vegna endurkröfu og
vátryggingafélagið V2 v. ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.

Endurkrafa vátryggingafélags á hendur öðru vátryggingafélagi.
Starfssvið úrskurðarnefndar í vátryggingamálum.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
2. Bréf V dags. 25.4.2017.
3. Bréf lögmanns M dags. 2.5.2017.

Málsatvik.

Bílkranari var húftryggður hjá vátryggingafélaginu M og varð bílkraninn fyrir tjóni þegar verið var að vinna með kranann og greiddi M bætur úr húftryggingunni. M gerir í máli þessu endurkröfu á hendur öðru vátryggingafélagi, V, og telur að V beri að endurgreiða M tjónabætur, sem M hefur greitt á grundvelli húftryggingarinnar. M telur að fyrirtæki sem vátryggt er með frjálsri ábyrgðartryggingu hjá V beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem varð á krananum og gerir kröfu um að V endurgreiði það sem M hefur þurft að greiða á grundvelli húftryggingar kranans. V hafnar bótaskyldu og hafnar því að úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurði í málinu og telur fráleitt að vátryggingafélag geti haft uppi endurkröfu á hendur öðru vátryggingafélagi jafnvel þó að í höfnunarbréfi V hafi verið bent á möguleika til málskots til nefndarinnar. V vísar til samþykktu úrskurðarnefndar nr. 1090/2005 einkum 1. gr. og 3. gr. og upplýsinga um nefndina þar sem segir að nefndin fjalli um ágreining um bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli neytenda og vátryggingafélags og segir V að M geti ekki talist neytandi á þann hátt að vátryggingafélagið M sé málskotsaðili og telur úrskurðarnefndinni ekki hafa verið ætlað það hlutverk að leysa úr ágreiningi á milli vátryggingafélaga og telur því að vísa eigi málinu frá nefndinni. V færir síðan rök fyrir því að V beri ekki að endurgreiða M það tjón sem M bætti úr frjálsri ábyrgðartryggingu vátryggingartaka síns.

Álit.

Mál þetta snýst um endurkröfu vátryggingarfélags á hendur öðru vátryggingafélagi. Slíkri kröfu hefur ekki verið beint fyrr til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum, þá rúmu tvo áratugi sem nefndin hefur starfað. Tilurðarsaga nefndarinnar og samþykktir bera það með sér, svo og skipan nefndarinnar, að miðað er við að nefndin fjalli um ágreining á milli neytenda annars vegar og vátryggingafélags hins vegar. Í 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir nefndina, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, er fjallað um starfssvið nefndarinnar og þar segir að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi og jafnframt úrskurði nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Ekki fór á milli mála við stofnun nefndarinnar að málskotsaðili væri neytandi sem gerði kröfu á hendur vátryggingarfélagi en ekki kom til álita að nefndin fjallaði um endurkröfur vátryggingafélaga á hendur öðrum vátryggingafélögum.

Í 5. gr. samþykktu nefndarinnar er vísað til þess í 1. mgr. að málskotsaðili geti verið vátryggingartaki, vátryggður, þar með talinn meðvátryggður, rétthafi bóta, tjónþoli og hver sá annar er telur sig eiga rétt til bóta úr vátryggingu eða á annarra hagsmuna að gæta vegna vátryggingarsamnings samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga. Ekki kemur fram frekari

skilgreining á orðinu málskotsaðili í umræddri grein eða annars staðar í samþykktunum. Þegar samþykktirnar eru virtar í heild kemur þó berlega í ljós að jafnan er miðað við að aðilar máls fyrir úrskurðarnefndinni eru annars vegar neytendur og hins vegar váttryggingafélag eða váttryggingafélög. Sá skilningur fær m.a. stoð í lokamálslið 1. mgr. 5 .gr. samþykktu fyrir nefndina þar sem segir: „Váttryggingafélög skulu kynna viðskiptavinum sínum með tryggilegum hætti möguleika þeirra á að skjóta málum til nefndarinnar.” Þá er þess getið í 5. mgr. sömu greinar að nefndin útbúi sérstakt eyðublað sem auðveldi málskot til nefndarinnar og þau skuli vera fánleg m.a. hjá Neytendasamtökunum. Orðalag þessara ákvæða vísar til þess að aðilar að málum fyrir úrskurðarnefnd séu annars vegar neytandi og hins vegar váttryggingafélag.

Líta verður til þess, miðað við orðalag samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, að það hafi ekki verið ætlunin að nefndin úrskurðaði í ágreiningsmálum á milli váttryggingafélaga, en hefði það verið ætlunin að nefndin færi með slík mál, þá hefði þurft að taka það ótvírætt fram í samþykktum fyrir nefndina. Það er hins vegar ekki gert.

Að öllu framangreindu virtu telur úrskurðarnefnd í váttryggingamálum að endurkrafa váttryggingafélagsins M á hendur váttryggingafélaginu V heyri ekki undir starfssvið nefndarinnar og er málinu vísað frá.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 30.5.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 124/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða gatnamótum Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar 25.2.2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.4.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 18.4.2017, ásamt lögregluskýrslu, matsgerð lögreglu og niðurstöðu tjónanefndar.

Tölvupóstur V1, dags. 21.4.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna áreksturs bifreiða A og B kemur fram að ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið af Kringlumýrarbraut til norðurs að Bústaðavegi gegn grænu ljósi og því ekið inn á gatnamótin viðstöðulaust og ekki séð bifreið B fyrir en árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B sagðist hafa komið að grænu ljósi og verið á um 5 km/klst hraða þegar bifreið A hafi verið ekið gegn rauðu ljósi. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar B hafi verið handtekinn vegna gruns um að hann væri ekki hæfur til aksturs og á lögreglustöð hafi verið framkvæmt hæfnispróf af hálfu héraðslæknis. Niðurstaða þess var sú að ökumaður bifreiðar B var ekki talinn hæfur til aksturs bifreiðar auk þess sem niðurstaða matsgerðar rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði var sú að þau lyf sem mældust í blóði og þvagi ökumannsins hefðu þau áhrif að hann gat ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti.

M (ökumaður bifreiðar B) vísar til þess í málskoti að það sé tilkomið þar sem váttryggingafélagið V1 hafi ekki viljað greiða bætur skv. niðurstöðu tjónanefndar váttryggingafélaganna, þar sem sök hafi verið skipt til helminga.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi verið óhæfur til aksturs. V2 telur hins vegar að þau lyf sem mælst hafi hjá ökumanni bifreiðar B hafi verið þau lyf sem honum hafi verið ávísað vegna sjúkdóms og ekki unnt að líta með öðrum hætti á hans framburð þess vegna eða að hann hafi verið óhæfur til aksturs vegna þeirra.

Til upplýsinga má geta þess að málskot í máli nr. 127/2017 varðar sömu atvik. Greitt var fyrir málskotin sama dag og verður því litið svo á að þau hafi borist samtímis og þannig kveðinn upp úrskurður í báðum málunum.

Álit.

Í málinu liggur fyrir framburður beggja ökumanna um að þeir hafi ekið inn á gatnamót Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar gegn grænu ljósi. Ljóst er að m.v. akstursstefnu þeirra gat ekki verið grænt ljós hjá báðum á sama tíma. Í lögregluskýrslu kemur skýrt fram að niðurstaða hæfnisprófs ökumanns bifreiðar B, sem framkvæmt var í kjölfar áreksturs, var sú að hann væri, af héraðslækni, ekki talinn hæfur til aksturs. Því til viðbótar liggur fyrir niðurstaða rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði um að lyf sem fundust bæði í blóð- og þvagsýnum hafi verið þess eðlis að ökumaður bifreiðar B hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Þegar framburður beggja ökumanna er metinn verður að taka mið af því að ekkert hefur komið fram um að ökumaður bifreiðar A hafi verið óhæfur til aksturs, öfugt við ökumann bifreiðar B. Verður ekki litið framhjá því við mat á aðstæðum að ökumaður bifreiðar A hafi því verið í betri aðstöðu til að meta aðstæður og verður hans framburður, um að hann hafi ekið gegn grænu ljósi inn á Bústaðaveg því lagður til grundvallar. Ekki verður því komist hjá því að gagnálykta að ökumaður bifreiðar B hafi ekki lagt rétt mat á aðstæður í greint sinn og að hann hafi ekið gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin. Verður því öll sök lögð á málskotsaðila, ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2017
M og
vátryggingafélagið V v. umönnunartryggingar barna í fjölskyldutryggingu.

Krafa um bætur vegna umönnunar barns.
Tilkynningafrestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið 16.3.2017 ásamt fylgiskjali nr. 1.
2. Bréf V dags. 21.4.2017.

Málsatvik.

M gerir kröfu um bætur úr umönnunartryggingu barna í fjölskyldutryggingu hjá V, en í málskoti kemur fram að sonur hennar hafi verið mjög alvarlega veikur og verið á gjörgæslu. Eftir eina viku hafi sonur M farið í aðgerð aftur. Í gögnum málsins kemur fram að V hafnaði bótaskyldu með bréfi til M dags. 19.10.2015 með vísan í grein 2.2. í IV. kafla vátryggingaskilmála. Þar kemur fram að félagið greiði ekki bætur vegna sjúkdóma sem fyrir hendi eru við fæðingu eða greinast innan þriggja mánaða frá fæðingu. V vísar einnig til 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 þar sem segir: „Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar máls fyrir úrskurðarnefnd skv. 141.gr. innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina.” V vísar til þess að M hafi borist formleg höfnun með bréfi dags. 19.10.2015 og telur V ljóst að þeirri ákvörðun félagsins var ekki vísað til úrskurðarnefndar innan þess frests sem kveðið er á um í 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga og hafi bótaréttur því fallið niður.

Álit.

M var tilkynnt um þá afstöðu V með bréfi dags. 19.10.2015, að félagið hafnaði kröfu um bætur úr umönnunartryggingu barna í fjölskyldutryggingu vegna veikinda sonar hennar. Málskot M barst nefndinni 16.3.2017 þá var meira en ár liðið frá því að M varð sannanlega kunnugt um að V hafnaði kröfu um bætur. Í bréfi V til M dags. 19.10.2015 kemur skýrt fram að bótaréttur geti fallið niður ef máli sé ekki vísað til úrskurðarnefndar eða mál höfðað fyrir dómstólum innan eins árs. Sá frestur rann út í október 2016 og verður því að líta svo á, með vísan til 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga að M hafi glatað rétti til bóta með því að hafa ekki rofið þann frest með málskoti til nefndarinnar eða málshöfðun fyrir dómstólum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr umönnunartryggingu barna í fjölskyldutryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 30.5. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 126/2017**M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á gatnamótum Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis í Reykjavík.****Gögn.**

Málskot, móttækið 5.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 12.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 19.4.2017.

Málsatvik.

Laust fyrir kl. 4 aðfaranótt sunnudagsins 27. febrúar 2016 var A ekið eftir Skólavörðustíg til norðvesturs og B var ekið eftir Bergstaðastræti til norðausturs áleiðis yfir Skólavörðustíg. Árekstur varð með bifreiðunum á gatnamótunum. Myrkur var og þungfært vegna snjókomu.

Í skýrslu lögreglu, sem kvödd var á vettvang, er ekkert haft eftir ökumanni A um áreksturinn og tildrög hans. Á hinn bóginn er frá því greint að ökumaðurinn hafi verið látinn blása í áfengismæli og áfengismagn hafi mælst 1,1 prómill. Mál ökumannsins var svo tekið til frekari meðferðar á grundvelli þessarar niðurstöðu. Eftir tveimur farþegum í A er heldur ekkert haft um áreksturinn.

Eftir ökumanni B er haft að hann hafi ekið eftir Bergstaðastræti að Skólavörðustíg en þurft að nema staðar á gatnamótunum vegna fjölda vegfarenda sem hafi verið á akbrautinni. Hann hafi þá séð A koma akandi niður Skólavörðustíg og hafi hún verið bæði ljóslaus og framrúðan hulin snjó svo ökumaður hafi líklega ekki séð mikið hvað var framundan. Hann hafi því ekið inn í hægri hlið B en ekki á mikilli ferð. B var ókufær eftir áreksturinn þar sem hjólabúnaður hafi að líkindum skekkst.

Fyrir liggur í málinu stutt myndbandskeið þar sem maður sést hreinsa snjó af framrúðu A hægra megin á árekstrarstað, en talsverðan snjó mátti einnig sjá á þaki bifreiðarinnar og vélarhlíf.

Álit.

Á Bergstaðastræti hvílir stöðvunarskylda gagnvart umferð á Skólavörðustíg. B var kyrrstæð þegar áreksturinn varð að sögn ökumanns hennar. Mikil snjócoma hafði verið um nóttina og þung færð sem torveldaði ferðir ökutækja um götur borgarinnar. Þegar til þessa er litið og hvenær áreksturinn varð verður að telja líklegt að nokkuð hafi verið um gangandi vegfarendur á götum borgarinnar og ekki hvað síst í miðborginni þar sem áreksturinn varð. Ökumönnum bar að haga akstri sínum með tilliti til þessa. Þykir því mega leggja til grundvallar að ökumaður B hafi orðið að nema staðar á leið sinni yfir Skólavörðustíg vegna gangandi vegfarenda. Með vísan til þess vándamagns í lofti, sem ökumaður A andaði frá sér við athugun á árekstrarstað, taldist hann óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum. Samkvæmt þessu og þegar litið er til hinna sérstöku aðstæðna sem voru á vettvangi hefur ökumaður A og eftir atvikum M sem eigandi A sönnunarbyrði um það að áreksturinn verði rakinn til þess ökumaður B hafi ekki virt forgangsrétt A þar sem henni var ekið niður Skólavörðustíg. Sú sönnun hefur ekki tekist og telst ökumaður A eiga alla sök á árekstrinum en að öllum málsatvikum virtum eru ekki efni til að leggja sök á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 127/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða gatnamótum Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar 25.2.2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.4.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 18.4.2017, ásamt lögregluskýrslu, matsgerð lögreglu og niðurstöðu tjónanefndar.

Tölvupóstur V1, dags. 21.4.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna áreksturs bifreiða A og B kemur fram að ökumaður bifreiðar A kveðst hafa ekið af Kringlumýrarbraut til norðurs að Bústaðavegi gegn grænu ljósi og því ekið inn á gatnamótin viðstöðulaust og ekki séð bifreið B fyrir en árekstur varð. Ökumaður bifreiðar B sagðist hafa komið að grænu ljósi og verið á um 5 km/klst hraða þegar bifreið A hafi verið ekið gegn rauðu ljósi. Í lögregluskýrslu kemur einnig fram að ökumaður bifreiðar B hafi verið handtekinn vegna gruns um að hann væri ekki hæfur til aksturs og á lögreglustöð hafi verið framkvæmt hæfnispróf af hálfu héraðslæknis. Niðurstaða þess var sú að ökumaður bifreiðar B var ekki talinn hæfur til aksturs bifreiðar auk þess sem niðurstaða matsgerðar rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði var sú að þau lyf sem mældust í blóði og þvagi ökumannsins hefðu þau áhrif að hann gat ekki stjórnað bifreið með öruggum hætti.

M telur í málskoti að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hann hafi verið óhæfur til aksturs og telur það ekki geta staðist að ökumaður bifreiðar A hafi ekið gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin. M telur að það sé ekki hægt að leggja framburð ökumanna bifreiðanna að jöfnu þar sem annar hafi verið metinn óhæfur til aksturs.

V1 telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum þar sem hann hafi verið óhæfur til aksturs. V2 telur hins vegar að þau lyf sem mælst hafi hjá ökumanni bifreiðar B hafi verið þau lyf sem honum hafi verið ávísað vegna sjúkdóms og ekki unnt að líta með öðrum hætti á hans framburð þess vegna eða að hann hafi verið óhæfur til aksturs vegna þeirra.

Til upplýsinga má geta þess að málskot í máli nr. 127/2017 varðar sömu atvik. Greitt var fyrir málskotin sama dag og verður því litið svo á að þau hafi borist samtímis og þannig kveðinn upp úrskurður í báðum málunum.

Álit.

Í málinu liggur fyrir framburður beggja ökumanna um að þeir hafi ekið inn á gatnamót Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar gegn grænu ljósi. Ljóst er að m.v. akstursstefnu þeirra gat ekki verið grænt ljós hjá báðum á sama tíma. Í lögregluskýrslu kemur skýrt fram að niðurstaða hæfnisprófs ökumanns bifreiðar B, sem framkvæmt var í kjölfar áreksturs, var sú að hann væri, af héraðslækni, ekki talinn hæfur til aksturs. Því til viðbótar liggur fyrir niðurstaða rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði um að lyf sem fundust bæði í blóð- og þvagsýnum hafi verið þess eðlis að ökumaður bifreiðar B hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Þegar framburður beggja ökumanna er metinn verður að taka mið af því að ekkert hefur komið fram um að ökumaður bifreiðar A hafi verið óhæfur til aksturs, öfugt við ökumann bifreiðar B. Verður ekki litið framhjá því við mat á aðstæðum að ökumaður bifreiðar A hafi því verið í betri aðstöðu til að meta aðstæður og verður hans framburður, um að hann hafi ekið gegn grænu ljósi inn á Bústaðaveg því lagður til grundvallar. Ekki verður því komist hjá því að gagnálykta að ökumaður bifreiðar B hafi ekki lagt rétt mat á aðstæður í greint sinn og að hann hafi ekið gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 129/2017
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar X.

Starfsmaður segist hafa runnið til og fengið slink á bakið 24.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-15.
2. Bréf V dags. 18.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.

Málsatvik.

M var að koma kössum með gosdrykkjum í verslun og hélt á þremur dósakössum þegar hann segist hafa runnið til þegar hann steig á plast. M telur að það hafi verið skilið eftir á gólfinu eftir starfsmenn verslunarinnar H. M segist hafa náð að bjarga sér frá falli en við það fengið slink á mjóbackið og slæman verk með verkleiðni niður í mjöðm. M leitaði til læknis daginn eftir og var óvinnufær í kjölfar ofangreinds atviks. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M byggir á því að H beri ábyrgð á því tjóni sem hann varð fyrir með því að skilja eftir plast á gangvegi birgðaaðstöðu og hafi starfsfólk H vanrækt skyldur sínar varðandi það að gæta fyllsta öryggis á vinnustað. Þá telur M að ekki hafi verið gætt ákvæða reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þá vísar M til reglu um nafnlaus mistök og dóms Hæstaréttar frá árinu 2003, sem birtur er í dómasafni á bls. 231.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að málskot M hafi ekki borist úrskurðarnefndinni innan árs frá því að M fékk skriflega tilkynningu frá V um að kröfu hans væri hafnað, en höfnun V hafi verið dagsett 7.4.2016 og því hafi fresturinn runnið út í lok dags. 6. 4.2017. Auk þess telur V að ekki sé um bótaskyldu að ræða og segir að engin starfsmaður H hafi vitað af þessum atburði fyrr en daginn eftir að tilvikið átti sér stað. Af hálfu V er á það bent að starfsfólk gosdrykkjaframleiðandans sem M vann hjá hendi iðulega plasti á gólfid meðan þeir vinni við áfyllingu eins og M var að gera í umrætt sinn. V vísar til þess að framburður vitnisins Guðna Þórs Guðnasonar hafi verið aflað eftir að afstaða V lá fyrir og hafi litla þýðingu við úrlausn málsins. V telur að ósannað sé að plastið sem M segist hafa runnið um sé komið frá starfsfólki verslunar H.

Álit.

Af 2. mgr. 51. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 verður ekki annað ráðið en að vátryggður þurfi, innan eins árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans hafi verið hafnað, að skjóta máli til úrskurðarnefndar eða höfða mál, annars falli bótaréttur hans niður. Í þessu máli er um að ræða kröfu M sem tjónþola í ábyrgðartryggingu Haga hf. (X) sem er hinn vátryggði í vátryggingunni og á umræddur ársfrestur því ekki við um M.

Af hálfu M er ekki gerð nein tilraun til að afla upplýsinga um plastið sem byggt er á að hafi valdið því að M rann til eða sýna fram á að það stafi frá starfsfólki H. Engar upplýsingar liggja fyrir um þessi atriði í málinu og því ósannað að starfsfólki H verði um það kennt eða beri sök í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 30.5. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 131/2017
M og
vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar lögmanns L.

Ágreiningur um skaðabótaskyldu lögmanns vegna starfa sinna.

Gögn.

1. Málskot móttakið 10.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
2. Bréf V dags. 8.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M gerði 24.2.2015 „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ við fyrirtækið Verk Vissa ehf. (síðar Háhús ehf.) sem L kom fram fyrir sem lögmaður og undirritaði fyrir þess hönd. Ágreiningur aðila var m.a. um magntölur og aukaverk, sem aðilar komu sér saman um í samkomulaginu að láta sannreyna og Verk Vissa ehf. skuldbatt sig til að lækka lokauppgjör um kr. 1.500.000.- í sama samkomulagi. Ágreiningur M og Háhús ehf. var borinn undir dómstóla og í dómi Hæstaréttar í málinu segir „Að öllu þessu virtu og með vísan til 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga hefur „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ ekkert gildi í lögskiptum aðila.“

M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu L vegna þess tjóns sem M hafi orðið fyrir vegna þess að L undirritaði „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ án þess að hafa til þess fullnægjandi umboð. M telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna þess að samkomulagið um bráðabirgðauppgjör tók ekki gildi vegna þess að L hafði ekki fullnægjandi umboð til að undirrita það. M sundurliðar tjón sitt þannig að M hafi verið dæmt til að greiða Verk Vissu ehf. kr. 8.045.465 ásamt dráttarvöxtum að frádregnum 4.500.000 auk þess að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. M krefst þess að viðurkennd verði greiðsluskylda V úr starfsábyrgðartryggingu L þar sem hann hafi komið fram f.h. Verk Vissu ehf. og undirritað samkomulag án þess að hafa fullnægjandi umboð en vegna þess að samkomulagið gekk ekki í gildi hafi M orðið fyrir ofangreindu tjóni. Þá vísar M til 25.gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

V hafnar bótaskyldu og segir ágreining í málinu snúast um það hvort M hafi orðið fyrir bótaskyldu fjártjóni vegna þess að L hafði ekki umboð til að undirrita samkomulag um bráðabirgðauppgjör f.h. Verk Vissu ehf. V telur að umræddur samningur hafi ekki haft nein áhrif á skuld M eða greiðsluskyldu M til Háhús ehf. og því hafi M ekki orðið fyrir almennu fjártjóni vegna umboðsleysis L. V segir að ágreiningur aðila um magntölur og aukaverk hafi ekki verið til lykta leiddur í ofangreindu samkomulagi. Það að aðilar hafi ekki náð slíku samkomulagi á síðari stigum sé ekki á ábyrgð L og engin orsakatengsl séu á milli umboðsleysis L við samningsgerðina og þess að ekki náðist samkomulag um magntölur milli aðila. V telur því ljóst að L hafi ekki valdið M tjóni með því að semja um að ágreiningur um magntölur yrði leystur síðar.

Álit.

Fyrir liggur í dómi Hæstaréttar í málinu 369/2016 í máli M gegn Háhús ehf. (áður Verk Vissa ehf.) að „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ var ekki skuldbindandi fyrir Háhús ehf., þar sem þáverandi lögmaður Háhús ehf. hafði ekki fullnægjandi umboð til að undirrita slíkt uppgjör. Því liggur fyrir að L undirritaði „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ án fullnægjandi umboðs. Starfsábyrgðartrygging L nær til þess tjóns sem M kann að hafa orðið fyrir vegna þess að það samkomulag tók ekki gildi að því marki sem M getur sýnt fram á að hann hafi orði fyrir tjóni. Í gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi orðið fyrir fjártjóni umfram það sem rekja

má til óvissu um frekara samkomulag um magntölur og annað sem títtnefnt „samkomulag um bráðabirgðauppgjör“ gerði ráð fyrir. Nefndin tekur þó ekki afstöðu til bótafjárhæðar, enda liggur ekki fyrir skýrt samþykki beggja málsaðila til þess, sbr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005 í B-deild Stjórnartíðinda.

Niðurstaða.

Viðurkennd er bótaskylda vegna fjártjóns M úr ábyrgðartryggingu L.

Reykjavík 28.6 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2017

og

vátryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.**Gildissvið undanþáguákvæðis vátryggingarskilmála vegna ágreinings við skattyfirvöld.****Gögn.**

Málskot, dags. 6.4.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 18.4.2017.

Tölvupóstur lögmanns M dags. 25.4.2017.

Málsatvik.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi fengið bætur á árinu 2012 vegna fallréttinda (vatnsréttinda) sem fylgdu jörð hans á Jökuldal skv. sérstakri lagaheimild vegna byggingar Kárahnjúkavirkjunar. Fyrir andvirði bótanna keypti M íbúð og kveðst hafa fengið ráðgjöf frá endurskoðanda um að sú kaup væru til þess fallin að fresta skattskyldu á ófyrnanlegum náttúruauðæfum á bújörðum í skilningi 4. mgr. 15. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Skattyfirvöld gerðu athugasemdir við skattframtal M þessa efnis og skv. úrskurðum bæði ríkisskattstjóri og yfirsattanefndar hefur því verið hafnað að hægt sé að líta á kaup á umræddri íbúð með þeim hætti að þau fresti skattskyldu. M hyggst höfða mál til þess að fá þeirri niðurstöðu hnekkð og hefur krafið V um bætur vegna málskostnaðar úr þess háttar vátryggingu fjölskyldutryggingar hans hjá V.

V hefur hafnað greiðsluskyldu með vísan til undanþáguákvæðis gr. 25.9 þar sem segir að vátryggingin greiði ekki málskostnað „vegna ágreining sem varðar vátryggðan sem eiganda fasteignar“. V vísar til þess að umrætt undanþáguákvæði sé skýrt og þar sem hann snúist um hvernig eigi að skattleggja bótagreiðslur sem hann fékk vegna fasteignar sinnar þá eigi ákvæðið við. V vísar einnig til úrskurða nefndarinnar í málum 368/2015 og 455/2015.

M telur að ágreiningurinn snúist hins vegar um túlkun á skattalögum og skyldu hans til að greiða skatt en ekki fasteignina sem slíka. M bendir á að ákvörðun um bótaskyldu eigi ekki að geta byggst á því sem hann keypti fyrir bótagreiðslu, enda hafi hann allt eins getað keypt hlutabréf eða aðrar eignir og átt í sama ágreiningi við skattyfirvöld þess vegna.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í vátryggingarskilmálum kemur fram að vátryggingin taki til ágreinings sem snertir vátryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í vátryggingunni eru síðan nokkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ágreiningur M við skattyfirvöld varði í grunninn skattalega meðferð bóta sem hann fékk vegna eignarhalds á fasteign (jörð) og hvort kaup á annarri fasteign (íbúð) geti frestað skattskyldu slíkra bóta. Samkvæmt skýru undanþáguákvæði gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum V kemur fram að félagið greiði ekki málskostnað vegna mála sem varða vátryggðan sem eiganda fasteignar. Ágreiningur M við skattyfirvöld tengist tveimur fasteignum í hans eigu og hefði hann vart komið til nema M hefði fengið greiddar þær bætur sem hann telur sig geta frestað skattskyldu á og M hefði ekki fengið slíkar bætur nema vegna eignarhalds á umræddri fasteign (jörðinni). Verður því að teljast ljóst að undanþáguákvæði gr. 25.9 í vátryggingarskilmálum eigi við atvik málsins og V stætt á því að bera það fyrir sig.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 23. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 134/2017
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar.

Krafa um greiðslu ferðakostnaðar vegna mistaka við tannréttingarmeðferð á árinu 2012.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.4.2017 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 24.4.2017

Málsatvik.

M fór í tannréttingameðferð í Portúgal á árinu 2012 þar sem sérstakri tækni var beitt og leitaði síðan til tannlæknis á Íslandi til að halda áfram meðferðinni. V hefur fallist á bótaskyldu úr sjúklingatryggingu tannlæknisins vegna líkamstjóns M. Ágreiningur er um greiðslu ferðakostnaðar til Portúgals í tengslum við meðferðina og hefur M skotið honum til nefndarinnar. V telur að ágreiningur aðila sé um bótafjárhæð og hafnar því að úrskurðarnefndin fjalli um málið þar sem V veiti ekki samþykki sitt til þess og án slíks samþykkis sé nefndinni ekki heimilt að fjalla um mál eða kveða upp úrskurði og vitnar til samþykktá fyrir nefndina máli sínu til stuðnings.

Álit.

Í málinu er ekki deilt um ákvæði vátryggingarsamnings, ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 eða bótaskyldu úr sjúklingatryggingu. Ágreiningur aðila varðar það hvort V beri að greiða ákveðinn tilgreindan kostnað M vegna málsins og byggir M kröfur sínar um slíka greiðslu á 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Í 2. mgr. 3. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru með auðlýsingu nr. 1090/2005, segir: „Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.“ Ágreiningur um greiðslu skv. 1. gr. skaðabótalaga felur í sér ágreining um bótafjárhæð, þ.e. hvaða greiðslu eigi að fallast á skv. ákvæðinu. Í bréfi V dags. 24.4.2017 kemur fram að V fellst ekki á að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu og liggur því ekki fyrir samþykki allra málsaðila í skilningi samþykktanna. Verður því að vísa málinu frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 23.5. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 135/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingarliðs húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnsleka á milli hæða í fjöleignarhúsi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð M vör við leka í íbúð sinni á 7. hæð í fjölbýlishúsi hinn 13. janúar 2017. Skoðunarmaður frá V kom 16. janúar til að meta aðstæður þ. á m. í íbúðinni á 8. hæð fyrir ofan íbúð M. Þar kom í ljós að klæðning í sturtu var illa farin og vatn undir þvottavél. Hafi skoðunarmaðurinn talið að bæði sturtan og þvottavélin hafi valdið lekanum niður í íbúð M og þetta væri langvarandi leki. Eigandi íbúðarinnar á 8. hæð hafi kallað til fagaðila til að meta aðstæður og 6. mars hafi sá aðili hafið vinnu í baðherbergi íbúðarinnar. Þá hafi komið í ljós vatnslögn sem hafi legið úr baðherberginu yfir í eldhús og þaðan niður í íbúð M á 7. hæð. Hafi vatnið lekið niður í íbúðina meðfram þessari lögn.

Kveður M vera spurningu hversu lengi hafi lekið niður í íbúð hennar. Eigandi íbúðarinnar á 8. hæð hafi vitað að hann þyrfti að skipta um klæðningu í sturtunni og verið að skoða hvernig og hvað hann þyrfti að gera. Hann hafi ekki gert sér grein fyrir hversu alvarlegt málið var orðið og 15. janúar hafi hann tekið eftir því að klæðningin hafði losnað talsvert frá veggnum frá því sem verið hafði 13. janúar eða tveimur dögum áður. Verður ráðið að M hafi krafist bóta vegna skemmda af völdum vatnslekans í íbúð sinni úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar hjá V.

V kveður að ekki hafi komið fram hvernig vatn hafi komist bak við klæðningu í sturtunni og runnið niður í íbúð M. Á fyrirleggjandi ljósmyndum megi sjá að klæðning í sturtunni hafi verið laus. Klæðningin sé límd á vegginn og hún losni ekki nema raki liggi lengi í lími klæðningarinnar og að tveir daga séu langt frá því að vera nægilega langur tími til að klæðningin losni. Því sé ljóst að um langvarandi leka hafi verið að ræða og með vísan til ákvæða í gr. 17.9 í skilmálum vátryggingarinnar bætist tjónið ekki úr vátryggingunni. Þá sé heldur ekki sýnt fram á saknæma háttsemi íbúðareigandans á 8. hæð og því beri hann ekki ábyrgð á tjóni M.

Álit.

Í máli þessu er krafist bóta úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar hjá V. Í 17. gr. í vátryggingarskilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda er fjallað um bótasvið ábyrgðartryggingarinnar. Samkvæmt gr. 17.1 bætir vátryggingin beint líkams- og munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann sem eiganda húseignar eða húseignarhluta sem tilgreindur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun vegna skaðabótaábyrgðar samkvæmt íslenskum lögum. Í gr. 17.2 til 17.10 er svo fjallað um tilvik sem eru undanþegin bótasviði vátryggingarinnar. Þannig bætir vátryggingin ekki tjón vegna langvarandi raka eða vatnsleka, sbr. gr. 17.9. Hér er um undanþáguákvæði að ræða sem skýra ber þröngt auk þess sem það er V að sýna fram á að ákvæði þetta eigi við ef bótaskilyrði eru að öðru leyti fyrir hendi.

Þótt gögn málsins séu um margt fátækleg, verður engu að síður að telja ljóst að vatn hafi lekið í íbúð M frá baðherbergi í íbúðinni fyrir ofan. Einnig verður að telja ljóst að klæðning í sturtu eða sturtuklefa í síðastgreindu íbúðinni hafi um einhvern tíma ekki verið svo þétt að varnað hafi leka niður í íbúð M. Þetta mátti eiganda íbúðarinnar vera ljóst um einhvern tíma án þess að hann hafi gert ráðstafanir til að lagfæra ástandið í sturtuklefanum fyrr en ljóst var að vatn var farið að leka í íbúð M. Verður að virða þessa yfirsjón íbúðareigandanum til sakar. Hann ber því skaðabótaábyrgð gagnvart M.

Ekki er skýrt í váttryggingarskilmálum V hvað nákvæmlega sé átt við með langvarandi raka eða vatnsleka í skilningi gr. 17.9. Þótt umræddur leki hafi átt sér stað um einhvern tíma hefur ekki verið sýnt fram á að um langvarandi vatnsleka hafi verið að ræða þannig að V geti borið fyrir sig téð undanþáguákvæði í váttryggingarskilmálunum. Tjón M fellur því undir bótasvið ábyrgðartryggingarinnar hjá V og telst hún því eiga rétt á bótum úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingarlið húseigendatryggingar íbúðarhúsnæðis hjá V.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða við einstefnumerki 6.3.2017.****Gögn.**

Málskot, dags. 12.4.2017, ásamt fylgiskjölum og tölvupósti M dags. 30.4.2017.

Tölvupóstur V1, dags. 18.4.2017.

Bréf V2, dags. 26.4.2017, ásamt myndbandsupptöku og gögnum sem lögð voru fyrir tjónanefnd váttryggingarfélaganna í máli nr. 148/17.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að árekstur varð milli bifreið A, sem var með fyrirhugaða akstursleið inn á Dalveg, og bifreiðar B sem var ekið frá Dalvegi inn að húsi nr. 16. Einstefna er frá Dalvegi inn að húsi nr. 16 og var bifreið B ekið í samræmi við við þau akstursfyrirmæli. Ágreiningur er um stöðu bifreiðar A þegar árekstur varð.

M, sem ökumaður bifreiðar A, telur að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á bifreið A af ásetningi og vísar til deilna þeirra á milli fyrr á árinu. M segir bifreið A hafa verið kyrrstæða þegar árekstur varð og þó hann hafi mögulega verið við einstefnumerki til þess að kanna hvort hann gæti ekið út á akbraut þá feli það ekki í sér rétt af hálfu ökumanns bifreiðar B að aka á bifreið A. M telur að myndbandsupptaka sýni ekki rétta mynd af aðstæðum m.a. hvað varðar staðsetningu einstefnumerkis.

V1 gerir ekki efnislegar athugasemdir vegna málsins en V2 telur í bréfi sínu að alla sök verði að leggja á ökumann bifreiðar A þar sem bifreið hans hafi verið ekið gegn einstefnu og þannig gegn bannmerki í skilningi 5. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995. V2 vísar einnig til myndbandsupptöku af árekstrinum þar sem komi fram að báðar bifreiðar hafi verið á ferð þegar árekstur varð.

Álit.

Ágreiningur er í málinu um stöðu ökutækja og háttsemi ökumanna. Þegar myndbandsupptaka af vettvangi áreksturs er skoðuð með hliðsjón af öðrum gögnum málsins, þ.á.m. myndum í tjónstilkynningu af bifreiðunum eftir árekstur, verður ekki um villst að fyrirhuguð akstursstefna M hafi verið þannig að hann hafi farið gegn skýru umferðarmerki sem sýnir einstefnu í skilningi 5. gr. merkjareglugerðar. Ekki er nægilega sannað að bifreið A, sem M ók, hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð eða að ökumaður bifreiðar B hafi ekið á bifreið A af ásetningi. Verður öll sök lög á ökumann bifreiðar A (M).

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 137/2017
M og
vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar H.

Fall viðskiptavinar í verslun 3.11.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
2. Bréf V dags. 4.5. 2017 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M segist hafa verið í verslun H þegar hún sá flík sem hún ætlaði að kaupa. M segist hafa þurft að fara inn fyrir fatarekka sem var fyrir framan þann rekka sem flíkin sem hún hugðist kaupa var og þegar hún var á leiðinni til baka hafi hún fest fótinn í rekkanum með þeim afleiðingum að hún datt í gólfið ásamt rekkanum og varð M fyrir meiðslum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur að um óhappatilvik sé að ræða og því ekki um atvik að ræða sem H beri skaðabótaábyrgð á enda séu fatarekkarnir eða slárnar mjög áberandi og ekkert sem bendi til sakar starfsfólks H.

Álit.

M hefur ekki sýnt fram á skaðabótaskyldu H, starfsfólks H eða einhvers sem H ber ábyrgð á. Ekki verður séð að staðsetning fatarekka hafi skapað sérstaka hættu fyrir viðskiptavini H og verða meiðsli M því rakin til óhappatilviks sem H ber ekki ábyrgð á. Þegar af þeirri ástæðu er ekki um bótaskyldu að ræða úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 30.5.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 138/2017

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur á Fróðengi í Reykjavík við innakstur að bifreiðastæðum við Borgarholtsskóla þann 22.3.2017.

Gögn.

Málskot, móttakið 17.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 26.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags 5.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu sem báðir ökumenn hafa undirritað kemur fram að A hafi verið kyrrstæð og verið á öfugum vegarhelmingi. Í viðbótarupplýsingum kemur fram hjá ökumanni A að hann hafi verið búinn að stöðva bifreiðina og verið kyrrstæður að leita að bílastæði þegar B hafi verið ekið framana á A.

Samkvæmt sömu tjónstilkynningu mun B hafa verið beygt til vinstri. Í viðbótarupplýsingum kvaðst ökumaður B hafa ekið í átt að bílastæðunum og beygt til vinstri. Þá hafi A verið á hans akrein og sé ökumaður A að leita að bílastæði á mjög lítilli ferð. Hann kveðst hafa reynt að bremsa en vegna hálfu hafi hann rekist á A.

Eitt vitni kvaðst hafa verið á leið úr skólanum og séð til ferða B sem hafi verið ekið í átt að Borgarholtsskóla á hraða sem klárlega hafi verið yfir hámarkshraða.

Ákoma var á vinstra framhorni A beggja bifreiðanna.

Álit.

Ekki verður séð að aðrar upplýsingar en þær sem að framan greinir hafi þýðingu fyrir úrslit málsins. A var á röngum vegarhelmingi og kvaðst ökumaður hafa verið að leita að stæði. Ökumaður B ber að A hafi verið á lítilli ferð. Á hinn bóginn kemur fram í sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð. Verður við það að miða að svo hafi verið á árekstraraugnablikinu. Hins vegar verður ekki horft fram hjá því að A var þá á röngum vegarhelmingi án þess að haldbær skýring hafi komið fram á því hvers vegna svo hafi verið. Með tilliti til þessa verður að telja að ökumaður A hafi sönnunaryrðina um það að A hafi verið kyrrstæð á öfugum vegarhelmingi í það langan tíma að ökumaður B hafi átt að geta varast hana í tæka tíð áður en árekstur varð. Sú sönnun hefur ekki tekist. Samkvæmt því, og eins og mál þetta horfir við að öðru leyti, verður að telja að ökumaður A eigi sök á árekstrinum. Ekki eru næg efni til að leggja sök á ökumann B. Verður því öll sök lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 139/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys á veitingastað 16.1.2014.****Gögn.**

Málskot, móttækið 17.4.2017, ásamt fylgiskjölum, auk tölvupósta lögmanns M, dags. 2. og 3.5.2017.

Bréf V, dags. 2.5.2017, ásamt starfslýsingu dags. 14.8.2013, bréfi V til X dags. 2.1.2017, svör X til V dags. 17.1.2017, yfirlýsing vitnis dags. 28.5.2014 og bréf lögmanns M til V dags. 20.10.2016, auk tölvupósta til nefndarinnar dags. 3.5.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið við vinnu sína á veitingastað X þann 16.1.2014, þegar hún steig á appelsínubita á gólfi með þeim afleiðingum að hún féll og hlaut líkamstjón. Í gögnum málsins kemur fram að umrætt atvik hafi átt sér stað að morgni til, áður en veitingastaðurinn var opnaður. Ekki eru í gögnum málsins samtímagögn um atvik málsins fyrir utan yfirlýsingu samstarfskonu M dags. 28.5.2014 um að hún hafi séð M renna til á gólfi og detta á umræddum tíma.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjónsins þar sem gólf veitingastaðarins hafi ekki verið nægilega vel þrífín, en M telur að það hafi verið í verkahring samstarfsmanna M að fjarlægja matarleifar og aðra aðskotahluti á gólfi og að það hafi átt að vera búíð að gera það áður en M kom til vinnu að morgni.

V telur að það hafi eins verið í verkahring M sem veitingastjóra hjá X að sjá til þess að hreint væri á veitingastaðnum og sé ekki sýnt að aðstæður hafi verið þannig að samstarfsmenn M hefðu átt að bregðast sérstaklega við, en slysið hafi orðið á gönguleið við eldhús og M hafi sjálf borið ábyrgð á því að veitingasalur væri tilbúinn þegar opnað væri.

Í gögnum málsins kemur fram að lögmaður M telji ekki unnt að byggja á kröfubréfi dags. 20.10.2016 vegna misskilnings. Við skoðun á gögnum málsins í heild verður ekki séð að efni þess bréfs skipti sérstaklega máli við úrlausn þessa máls.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr fyrst og fremst að því hvort aðstæður á vinnustað M hafi verið þess eðlis að þær hafi skapað sérstaka hættu fyrir hana og hvort samstarfsmenn M hafi vanrækt starfsskyldur sínar við þrif á staðnum. Af starfslýsingu M dags. 14.8.2013 verður ekki annað ráðið en að hún sjálf hafi meðal annars borið ábyrgð á daglegum þrifum í sal. Verður ekki litið svo á að M geti því haldið því fram að aðrir en hún hafi átt að tryggja að þau færu fram. Þess þá heldur er sýnt fram á að samstarfsmenn hennar hafi sýnt af sér gáleysi við störf sín eða X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar vegna annarra atvika eða aðstæðna. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 30. maí 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ferða-, sjúkra- og ferðarorlofstryggingar erlendis í
fjölskyldutryggingu

Maður var lagður inn á sjúkrahús erlendis 18.3.-22.3.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.4.2017.
2. Bréf V dags. 3.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

M var lagður inn á sjúkrahús erlendis og varð fyrir margvíslegum kostnaði að eigin sögn og gerir kröfu til að fá bætur úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V. M segir að hann hafi farið að svima þegar hann var staddur erlendis og verið sendur á sjúkrahús með sjúkrabíl. M segir að hann hafi síðan verið í margvíslegum rannsóknum um nokkurra daga skeið og af þessu hafi hann orðið fyrir óvæntum kostnaði vegna heilsubreysts, sem hann eigi rétt á að fá bættan úr ofangreindri tryggingu sinni hjá V. Af hálfu M fylgdu reikningar og önnur gögn með tjónstilkynningu hans til V og eru þau gögn lögð fram í máli þessu. V hafnar bótaskyldu og segir málsatvik í engu samræmi við gögn málsins, þá hafi M sent V reikninga en engin lækisfræðileg gögn. V telur því málsatvik með öllu ósönnuð og kostnaður sem M vill fá greiddan til baka sé ekki studdur neinum rökum auk þess sem gögn málsins séu í miklu ósamræmi hvert við annað.

Álit.

Í t.l. e í 1. mgr. 4. gr. samþykka fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sem birtar eru í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, segir að nefndin fjalli ekki um mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar.

Við skoðun á gögnum þessa máls telur nefndin það vera óljóst og illa upplýst. Mjög takmörkuð lækisfræðileg gögn fylgja málskoti og ekki er skýrlega gerð grein fyrir kostnaði M með heildstæðum hætti auk þess sem meginhluti gagna sem M leggur fram er á, að því er virðist, rússnesku. Það er því hvorki nægjanlega upplýst af hálfu M hvað gerðist og hvers vegna, hvaða aðgerðir og/eða rannsóknir hann þurfti að gangast undir og heldur ekki hvaða kostnaður hafi fylgt því. Á meðan málalíbúnaður er ekki skýrari er málinu því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 30.5. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 142/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna kaskótryggingar ökutækis.****Ágreiningur um greiðslu bóta fyrir tjón á ökutæki vegna veltu 3.3.2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 17.4.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 9.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur M, dags. 14.5.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreið M valt hinn 3. mars sl. og varð við það nokkuð tjón á henni. V hefur viðurkennt bótaskyldu en ágreiningur er um með hvaða hætti eigi að gera tjón á bifreiðinni upp. Nánar tiltekið er af hálfu M, í málskoti, óskað eftir afstöðu nefndarinnar til beitingar 14., 16. og 17. gr. vátryggingarskilmála kaskótryggingar hjá V. M telur að ekki hafi verið gildur samningur um hámarksvátryggingarfjárhæð auk þess sem gerðar eru athugasemdir við upplýsingagjöf af hálfu V varðandi sundurliðun bóta. Einnig bendir M á að skv. mati sem lagt er fram af hans hálfu komi fram að viðgerðarkostnaður sé lægri en vátryggingarfjárhæð bifreiðarinnar og raunvirði bifreiðarinnar sé óhrakið af hálfu V. M leggur einnig áherslu á að ekki hafi verið samið sérstaklega við hann um að hámarksbótafjárhæð væri sjö milljónir króna, heldur hafi það verið viðmiðunarmat á verðmæti þegar bifreiðin var keypt. Ef semja hefði átt um slíkt verðmæti sem hámarksverð hefði þurft að gera það sérstaklega að mati M.

V vísar til gr. 14.1.1. í vátryggingarskilmálum kaskótryggingar þar sem kemur fram að vátryggingarverðmæti þess sem tryggt er geti aldrei orðið hærri fjárhæð en kemur fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Einnig vísar V til þess að í 35. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sé heimild til að ákveða hvernig greiða skuli bætur með samningi vátryggingafélags og vátryggingartaka. V telur að gr. 14.1.1 í vátryggingarskilmálum sé í samræmi við það ákvæði laganna og vísar auk þess til endurnýjunarkvittana síðustu þriggja vátryggingartímabila, sem V sendi til M, hafi borið með sér hver hámarksbótafjárhæð hafi verið. V vísar einnig til gr. 16.1 í vátryggingarskilmálum um að bætur séu greiddar fyrir algert tjón á bifreiðinni ef skemmdir eru það miklar að félagið telur að viðgerð borgi sig ekki. V vísar í þessu samhengi til mats á viðgerðarkostnaði sé að mati þess 6-8 milljónir en í mati sem M hafi lagt fram sé hann metinn 5,8 milljónir. Þegar tekið sé tillit til að vátryggingarverðmæti bifreiðarinnar sé í mesta lagi 7 milljónir, sbr. gr. 14.1.1 í vátryggingarskilmálum og flakvirði bifreiðarinnar, sem V metur á um 3,5 milljónir, er dregið frá sé augljós niðurstaða að ekki borgi sig að gera við bifreiðina. V vísar til þess að það hafi boðið M greiðslu bóta annað hvort með því að greiða hámarksbætur gegn afsali bifreiðarinnar og hins vegar þannig að M fái greiddar hámarksbætur að frádregnu áætluð hrakvirði og þá haldi M bifreiðinni. Hvor leiðin um sig feli í sér uppgjör sem sé í fullu samræmi við gr. 16 í vátryggingarskilmálum, en félagið hafi ákvörðunarvald um þá leið sem farin sé skv. orðalagi skilmálanna. Hvað varðar upplýsingaskyldu vátryggingafélaga vísar V til 2. mgr. 69. gr. laga um vátryggingarsamninga og telur að ítarlegar upplýsingar hafi verið gefnar af þess hálfu til M um bótarétt hans og aðferð til að greiða bætur. Ekki þurfi hins vegar að sundurliða viðgerðarkostnað þegar hann fari langt yfir þær bætur hægt sé að greiða út skv. 16., sbr. 14. gr. vátryggingarskilmála.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýr fyrst og fremst að uppgjöri og fjárhæð vátryggingarbóta vegna tjóns á bifreið M sem er kaskótryggð hjá vátryggingafélaginu V. Í málinu hefur V ekki með beinum hætti samþykkt að nefndin fjalli um bótafjárhæðir, en skv. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda. Nefndin telur þó unnt að taka afstöðu til málsins hvað varðar efnislegan ágreining um gildi ákvæða í vátryggingarsamningi aðila, þá fyrst og fremst hvert gildissvið ákvæðis gr. 14.1.1 sé í samanburði við önnur ákvæði vátryggingarsamningsins.

Í gögnum málsins kemur fram að umræður hafi átt sér stað um verðmæti bifreiðar M þegar hún var fyrst vátryggt með kaskótryggingu og þá hafi það verið um 7 milljónir króna. Þegar litið er til gagna sem tengjast endurnýjun vátryggingarsamningsins verður ekki litið framhjá því að fyrir síðustu þrjú vátryggingartímabil var skýrlega greint í svokallaðri endurnýjunarkvittun að hámarksvátryggingarverðmæti væri 7 milljónir króna. Þegar litið er til vátryggingarskilmálar þeirra sem gilda um vátrygginguna þá kemur fram að þeir hafi gilt frá 3. ágúst 2010. Verður að ætla að vátryggingartaki hafi með þeim upplýsingum haft næg tækifæri til að semja öðruvísi um hámarksvátryggingafjárhæð, hafi hann talið hana ekki vera í samræmi við raunvirði. Auk þess er ekki hægt að líta öðruvísi á að fyrst ekki voru gerðar athugasemdir við þá fjárhæð, sem kemur skýrlega fram í endurnýjunargögnum, hafi V ekki getað litið öðruvísi á en að gildur samningur hafi verið um umrædda hámarksvátryggingafjárhæð.

Í 35. gr. laga um vátryggingarsamninga er kveðið á um að sé ekki samið um annað í vátryggingarsamningi eigi vátryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt. Í vátryggingarskilmálum V eru ákvæði í 14. – 17. gr. um greiðslu bóta og verður ekki litið öðruvísi á vátryggingarsamning M og V en að þeir skilmálar gildi um þann samning, enda vísað til þeirra við gerð vátryggingarsamnings og við endurnýjun hans. Í gr. 14.1.1 kemur skýrlega fram að vátryggingarvermæti geti aldrei orðið hærra en sú upphæð sem kemur fram í vátryggingarskírteini og endurnýjunarkvittun, ef hún er tilgreind þar. Eins og áður segir var 7 milljóna króna fjárhæð skýrlega tilgreind í endurnýjunarkvittunum síðustu þriggja ára vegna kaskótryggingar bifreiðar M. Ekki eru efni til að túlka vátryggingarsamning M og V öðruvísi en svo að það ákvæði feli í sér hámarksbótafjárhæð til M.

Hvernig sú hámarksbótafjárhæð greiðist til M verður að taka mið af því hvort eignarhald á bifreiðinni færist til V eða er áfram hjá M, en ekki liggur þó fyrir sértakt mat á hrakvirði bifreiðar M, annað en það mat V sem það visar til í bréfi sínu. Nefndin hefur ekki forsendur til að taka afstöðu til þess sérstaklega, enda fæli það með beinum hætti í sér afstöðu til bótafjárhæðar sem báðir aðilar málsins þyrftu að samþykkja að nefndin fjallaði um.

Hvað varðar upplýsingaskyldu vátryggingafélags til vátryggingartaka vegna tjóna er vísað til 2. mgr. 9. gr. laga um vátryggingarsamninga, sem gildir um skaðatryggingar, þar sem segir að vátryggingafélög skuli sjá til þess að tjónþolar fái fullnægjandi upplýsingar um bótarétt sinn og sundurliðun á því hvernig bætur til þeirra eru ákveðnar. Nefndin leggur áherslu á að vátryggingafélög virði umræddan rétt en sér ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við afgreiðslu V í máli M m.v. þau gögn sem lögð hafa verið fram.

Þetta leiðir af sér þá niðurstöðu að M eigi rétt á bótum úr kaskótryggingu bifreiðar sinnar að hámarki sem nemur vátryggingarverðmæti bifreiðarinnar, 7 milljónir króna, gegn afsali hennar til V. Nefndin tekur ekki afstöðu til annarrar mögulegrar útfærslu bótagreiðslu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu að hámarki 7 milljónir króna gegn afsali bifreiðar sinnar til V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 143/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartrygginga bifreiðanna A og B.

Árekstur bifreiða í Ártúnsbrekku í Reykjavík 14.2.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
2. Bréf V dags. 21.3.2017.
3. Bréf ökumanns A dags. 9.3.2017.

Málsatvik.

Báðum bifreiðum var ekið til austurs Ártúnsbrekku. Lögregla lýsir aðkomu með þeim hætti, að A hafi verið stödd við vegrið en B á miðri akrein 40 metrum frammar. Ökumaður A og farþegi í A segja að A hafa verið ekið eftir akrein lengst til vinstri þegar B sem ekið var eftir miðakrein var skipt yfir á vinstri akrein í veg fyrir A með þeim afleiðingum að árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður B segist hafa ekið eftir miðakrein þegar óþekktri bifreið var ekið framúr B og hafi hann þá hægt ferðina og ekki vitað fyrir en A hafi ekið aftan á B. Ökumaður B segist ekki hafa skipt um akrein til vinstri.

Álit.

Af lögregluskýrslu verður ekki ráðið með fullri vissu hver aðdragandi árekstursins var. Ökumenn greinir á um aðdragandann og ekkert liggur fyrir í málinu sem réttlætir að sök verði lögð á annan ökumann umfram hinn miðað við fyrirbyggjandi gögn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður um sig ber helming sakar.

Reykjavík 13.6.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 145/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við flutning á vörum í verslun 1.11.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.4.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 2.5.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína þar sem hann hafi verið að sækja vörur í kæli verslunar sem hann starfaði í. Slys M varð þegar hann datt um kassa í versluninni.

M telur að starfsmaður X, sem hafi verið að afhenda vörur í versluninni sem M starfaði í, hafi staðsett umræddan kassa þannig að slyshætta var af og X verði að bera skaðabótaábyrgð á þeirri háttsemi starfsmannsins á grundvelli reglunar um vinnuveitendaábyrgð og/eða sakarreglu skaðabótaréttar. M telur að X hafi átt að sjá til þess að umferðarleiðir á vinnustað M væru greiðfærar og þannig hefði starfsmaður X ekki átt að leggja frá sér vörur í augljósri gönguleið verslunarinnar. X hafi því haft athafnaskyldur í samræmi við reglur laga nr. 46/1980 og skyldar reglur.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi váttryggingartaka, X, eða saknæman vanbúnað sem hann beri ábyrgð á heldur verði slysið rakið til óhappatilviljunar. V bendir á að skyldu X hafi ekki verið þess eðlis að reglur laga nr. 46/1980 hafi átt við hann að öllu leyti þar sem X hafi ekki haft umráðarétt yfir því verslunarhúsnæði því sem M starfaði í, heldur hafi starfsmaður X einungis verið þar við vöruafhendingu. Ekki hafi verið sýnt fram á að aðferð sú sem starfsmaðurinn notaði hafi falið í sér saknæma háttsemi.

Álit.

Í ljósi þess að gildissvið ábyrgðartryggingar nær til skaðabótaskyldu váttryggingartaka á grundvelli almennra reglna íslensks skaðabótaréttar tekur hún bæði til skaðabótaskyldu X á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð og á grundvelli sakarreglunnar.

Í málinu er upplýst að M var starfsmaður í verslun þegar hann datt um kassa sem nýlega hafði verið skilinn eftir við vöruafhendingu á vegum fyrirtækisins X í verslunina. Verður ekki séð af gögnum málsins að sýnt hafi verið fram á að sú háttsemi að skilja kassa eftir á þeim stað sem hann var skilinn eftir hafi falið í sér saknæma háttsemi af hálfu þess sem annaðist vöruafhendinguna, hvort sem hann telst starfsmaður X eða er samsamaður fyrirtækinu sem eigandi þess. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaskyldu vegna slyss M og því ekki fyrir hendi bótaréttur úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 146/2017**M
og
váttryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er vél bifreiðar bræddi úr sér eftir útafakstur.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðari hluta dags 27. mars 2017 var M á leið um Mikladal á milli Bíldudals og Patreksfjarðar á bifreið sinni, A. Blint var og hálka með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á bifreiðinni og lenti hún út af veginum. Hann gat ekki séð neinar alvarlegar skemmdir á A. Vegfarandi dró bifreiðina aftur upp á veginn og hélt M ferð sinni áfram á A til síns heima. Við nánari skoðun daginn eftir kom í ljós að gat hafði komið á olíuleiðslu og A misst alla olíu af vél ásamt öðrum skemmdum. M.a hafði hlífðarpanna undir A brotnað. Gert var við lekann en nokkrum dögum síðar kom óhljóð í vélina. Var A flutt á bifreiðaverkstæði og vélin tekin í sundur. Mun þá hafa komið í ljós að vélin var að líkindum úrbrædd.

A var kaskótryggð hjá V og hefur M krafist bóta fyrir tjón sem varð á A við fyrrgreint atvik. V hefur viðurkennt bótaskyldu en hafnað bótum fyrir tjón á vélinni sem varð við það að hún bræddi úr sér. M vill ekki una þeirri afstöðu.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.4 í váttryggingarskilmálum kaskótryggingar V bætir váttryggingin „hvers konar önnur tjón á hinu váttryggða ökutæki, sem verður vegna skyndilegra og óvæntra, utanaðkomandi atvika en þó með undanþágum og takmörkunum sem nánar eru tilgreindar í skilmálum þessum.“ Í 3. gr. skilmálanna er kveðið á um undanþágur frá bótaskyldu. Þannig segir í gr. 3.1 m.a. að váttryggingin bæti ekki skemmdir vegna þess að hreyfillinn bráðnar saman óháð því hver tjónsorsökin er. Af þessu undanþáguákvæði leiðir að tjón sem varð sökum þess að vél A bræddi úr sér fæst ekki bætt úr kaskótryggingunni og eins og ákvæðið er orðað skiptir ekki máli hvernig tjónið atvikaðist, þ. á m. við útafakstur. Tjón á A vegna þess að hreyfill hennar bráðnaði saman fæst því ekki bætt úr kaskótryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V sökum þess að hreyfill hennar bráðnaði saman.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 147/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar L.

Kona meiddist við æfingu á líkamsræktarstöð 2.2.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 3.5.2017.

Málsatvik.

M meiddist á brjóstbaki þegar hún var að gera svokallaða “trap bar deadlift”, þegar M var við þjálfun ásamt fleirum hjá einkaþjálfaranum L. M lýsir atvikum með þeim hætti, að hún hafi byrjað í einkaþjálfun hjá L í ágúst 2015 og hafi M verið með 3-4 öðrum konum sem hafi átt við líkamlega veikleika að stríða, en M er með spengdan mjóhrygg frá árinu 1979. M segir að L hafi sagt sér að framkvæma ofangreinda æfingu og þrátt fyrir að M kveðst hafa gert athugasemdir við það, hafi L sagt henni að framkvæma æfinguna. Við það kveðst M hafa fundið að eitthvað gaf sig í brjóstbakinu og hafi hún misst stöng sem hún hélt á við æfinguna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá V og telur að L hafi sýnt af sér saknæma háttsemi þegar hún lét M gera ofangreinda æfingu. M segir að það hafi verið verulegt gáleysi af hálfu L að láta M framkvæma umrædda æfingu þar sem heildarþyngd hafi verið 25 kg, sem reyni einungis á brjóstbak og mjóbak vitandi af veikleikum M enda telur M að umrædd æfing sé ein erfiðasta æfing sem hægt sé að framkvæma í lyftingasal. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi verið í æfingum hjá L í sjö mánuði áður en umrætt atvik átti sér stað. V segir að L hafi alltaf lagt áherslu á það við M að hún færi varlega og passa að ofgera sér ekki. Í umrætt sinn hafi M verið að æfa réttstöðulyftu og segir V að æfingin sé mjög einföld og verði seint talin varasöm eða hættuleg. V segir að vátryggingataki segi að hún hafi ekki orðið vör við að neitt óeðlilegt gerðist á æfingunni 2.2.2016 og hafi M hvorki misst stöngina né kvartað vegna meiðsla. Þá bendir V á að fyrirliggjandi læknisvottorð sé ekki tekin afgerandi afstaða til þess hvort M hafi orðið fyrir meiðslum í umræddum líkamsræktartíma. V telur ósannað að meint tjónsatvik eða meiðsl M megi rekja til saknæmrar ólögætrar háttsemi L.

Álit.

Af hálfu M er því haldið fram að sú æfing sem M var að gera sé sérstaklega varasöm og hættuleg fyrir fólk sem er með spengdan mjóhrygg. Ekki liggja fyrir sérstök gögn eða sönnun þess í málinu að um sértaklega varasama og hættulega æfingu sé að ræða, fyrir aðila eins og M, sem er með þann líkamlega veikleika sem að framan greinir og L var kunnugt um. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki fullyrt um hvort L hafi gerst sek um verulegt gáleysi þegar hún lét M framkvæma umrædda æfingu eða ekki. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að um sök sé að ræða hjá L sem leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu hennar og þá er ekki sýnt fram á að um orsakatengsl sé að ræða milli æfingarinnar sem M framkvæmdi í umrætt sinn og þeirra meiðsla sem hún varð fyrir í brjóstbaki. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 13.6. 2017

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 148/2017

M1
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar
og
M2
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna skemmda er tveir ungir drengir ollu.**Gögn.**

Málskot, móttakið 26.4.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 12.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 10.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 18. mars 23017 ollu tveir drengir, A, 10 ára og rúmlega 11 mánaða, og B, 10 ára og rúmlega 9 mánaða, talsverðum skemmdum á tveimur fólksbifreiðum, tveimur vörubifreiðum og einni dráttarvél, en tæki þessi voru öll í eigu fyrirtækisins D. Eftir móður A er haft í lögregluskýrslu að A hafi ekki getað gefið nákvæma skýringu af hverju þeir hafi valdið skemmdunum, en þeir hafi búist við því að enginn myndi vita að þeir hefðu gert þetta. Þeir hafi haldið að þetta væru ruslahaugar en eitthvað áttáð sig á að svo hafi ekki verið, þar sem þetta hafi ekki verið innan girðingar, og þá hætt. Eftir móður B er haft í lögregluskýrslunni að B hafi sagt að þeir hefðu haldið að þetta væru ruslahaugar því gámasvæði væri þarna og þeir hefðu bara verið að skemma rusl.

Foreldra drengjanna, M1 og M2, hafa krafist þess að tjón það sem D varð fyrir af völdum drengjanna fái bætt úr ábyrgðartryggingarlið fjölskyldutrygginga sem þeir hafa í gildi annars vegar hjá V1 og hins vegar V2. Er einkum á því byggt að A og B hafi sökum ungs aldurs ekki gert sér grein fyrir því hvað þeir voru að gera og er í því sambandi vísað til 4. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Bæði vátryggingafélögin, V1 og V2, hafa hafnað bótaskyldu.

Álit.

A og B teljast vera vátryggðir samkvæmt þeim fjölskyldutryggingum sem foreldrar þeirra höfðu í gildi hjá V1 og V2.

Ljóst er af gögnum málsins að drengirnir unnu af ásettu ráði spjöll á fyrrgreindum tækjum í eigu D. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 ber vátryggingafélag ekki ábyrgð ef vátryggður hefur valdið vátryggingaratburði af ásetningi. Félagið getur þó ekki borið þessa reglu fyrir sig ef vátryggður gat vegna aldurs eða andlegs ástands ekki gert sér grein fyrir afleiðingum háttsemi sinnar. Í athugasemdum við 4. mgr. 27. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 30/2004 kemur fram að umrædd málsgrein feli í sér að vátryggingafélag geti því aðeins borið fyrir sig þær reglur sem mælt er fyrir um í lagagreininni, þ. á m. 1. mgr. sem fyrr getur, að vátryggður hafi vitað að það að vátryggingaratburður yrði væri sennileg afleiðing þeirrar háttsemi sem um ræðir.

Þegar litið er til þess í hverju háttsemi þeirra A og B fólst, svo og aldurs þeirra, áttu þeir að hafa vit og þroska til að gera sér ljósa grein fyrir því tjóni sem fólst í gjörðum þeirra. Að þessu virtu verður að telja að 4. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 girði ekki fyrir að V1 og V2 geti borið fyrir sig 1. mgr. sömu greinar um að þau beri ekki ábyrgð á tjóninu sökum þess að A og B ollu tjóninu af ásettu ráði. M1 og M2 eiga því ekki rétt á að tjón D verði bætt úr ábyrgðartryggingum þeirra hjá V1 og V2.

Niðurstaða.

M1 og M2 eiga ekki rétt á að tjón sem synir þeirra, A og B, ollu á eigum D verði bætt úr ábyrgðartryggingarlið fjölskylduþrygginga sem þau hafa í gildi hjá V1 og V2.

Reykjavík, 13. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 149/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Líkamstjón við fall af hestbaki 29.5.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið 27.4.2017, ásamt fylgiskjölum og tölvupósti dags. 8.5.2017.
Bréf V, dags. 8.5.2017.

Málsatvik.

M var við vinnu sína sem grunnskólakennari í hestaferð með nemendum sínum hjá hestaleigu X. Hún hlaut líkamstjón þegar hún féll af baki hests í eigu X. M byggir á því að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar þar sem hún hafi fengið hest til reiðar sem ekki hafi verið í samræmi við þær upplýsingar sem hún gaf X um að hún væri ekki vön hestum. M lýsir aðstæðum þannig að X hafi valið hest undir hana en ekki gefið nokkrar leiðbeiningar um hvað skyldi gera ef hesturinn yrði erfiður. M lýsir því þannig í málskoti að hún hafi tilkynnt X í miðri ferð að hún væri ekki að ráða við þann hest sem settur var undir hana og hafi fengið þau svör að sá hestur væri ekki notaður í ferðir vegna þess að hann væri sjálfviljugur og kynni ekki að ganga í röð og væri helst notaður til undaneldis. M telur að X hafi sett undir hana hest sem ekki hentaði þeim sem er óvanur að vera á hestbaki, ekki brugðist við kvörtunum hennar á miðri leið og vísar til dóms í máli Hæstaréttar nr. 678/2016 máli sínu til stuðnings. M hafnar því að byggt sé á einhliða frásögn X af atvikum og vísar til undirritunar nemenda á blaði með atvikalýsingu sem sé í samræmi við frásögn M.

V telur að ekki sé sannað að líkamstjón M sé hægt að rekja til skaðabótaskyldrar háttsemi X. Frásögn X af atvikum sé ekki í samræmi við lýsingar M og hafi M ekki náð að sanna að háttsemi X hafi verið saknæm. V vísar til frásagnar X af atburðum þar sem hann heldur því fram að M hafi hrósað hestinum sem henni var fenginn til reiðar auk þess sem hún hafi leiðbeint nemendum sínum um hvernig þau skyldu haga sér á baki. Einnig vísar V því á bug að hesturinn hafi ekki hentað óvönnum hestamönnum, enda hafi hann verið notaður í sambærilegum ferðum bæði fyrir og eftir umrædda ferð án óhappa.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt varðandi mögulega skaðabótaskyldu X vegna líkamstjóns hennar. Í málinu greinir M og X á um atvik og það sérstaklega hvort M hafi tilkynnt X um að hún réði illa við þann hest sem henni var fenginn til reiðar af hálfu X. Þó liggi fyrir atvikalýsing í gögnum málsins, sem nöfn nokkurra nemenda eru skrifuð við, verður ekki talið fyllilega sannað að M hafi tilkynnt X um að hún hafi verið í vandræðum með hest sinn eða að hann hafi ekki hentað til reiðar fyrir óvana hestamenn. Verður M að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og eru málsatvik ekki sambærileg við dóm í máli Hæstaréttar nr. 678/2016. M hefur ekki sýnt fram á að X beri ábyrgð á líkamstjóni hennar og á hún því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 150/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar verslunarinnar B.

Innkaupakerrur fuku á bifreið á bílastæði verslunar 23.3.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.4.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6.
2. Bréf V dags. 3.5.2017 ásamt fylgiskjali.
3. Tölvupóstur lögmanns M dags. 5.5.2017.

Málsatvik.

M segir að innkaupakerrur í eigu B hafi fokið af stað í skarpri vindhviðu á bílastæði verslunarinnar og lent á bifreið sinni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V og segir innkaupakerrur ekki tryggilega geymdar, en skyldur verslunar sé að koma upp aðstöðu til að geyma innkaupakerrur og skyldur starfsmanna að tryggja að innkaupakerrur séu ekki lausar á bifreiðastæði verslunarinnar og ekkert skýli sé fyrir innkaupakerrur sem viðskiptavinir geti skilað innkaupakerrum. V hafnar bótaskyldu og segir að skýli fyrir innkaupakerrur sé til staðar í stóru glerskýli við inngang verslunarinnar. V bendir á að bílastæðið sé þannig að erfitt sé að koma kerruskýli á mitt bílastæðið og þess vegna hafi þetta verið leyst með ofangreindum hætti. V segir að starfsfólk B hafi verið nýbúið að taka lausar kerrur af bifreiðastæðinu þegar óhappið varð og auk þess hafi vegna veðurs verið hengd upp skilti þar sem viðskiptavinir voru beðnir um að fara ekki út með innkaupakerrur vegna veðurs.

Álit.

Af gögnum málsins m.a. ljósmyndum og skoðun á vettvangi liggur fyrir að skýli er við bifreiðastæðið sem ætlað er fyrir innkaupakerrur. Af hálfu B er fullyrt að gerðar hafi verið varúðarráðstafanir vegna þess hve veður var slæmt í umrætt sinn og lausar kerrur hafi verið teknar inn af bílastæðinu nokkru áður en umrætt óhapp varð. Af fyrirliggjandi gögnum er ekki sýnt fram á að aðstaða fyrir geymslu innkaupakerra hafi verið óviðunandi. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að starfsfólk B eða einhver sem B ber ábyrgð á hafi gerst sekur um vanrækslu eða annað sem leiði til bótaskyldu í máli þessu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 13.6. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 151/2017**M
og
váttryggingafélagið V v/ húftryggingar báts.****Ágreiningur um tímagjald vegna eigin vinnu við viðgerð. Starfssvið úrskurðarnefndar.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.5.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. .2017.

Málsatvik.

Í maí-, júlí- og ágústmánuði 2016 varð báturinn A, í eigu M, þrívægis vélarvana á sjó með þeim afleiðingum að draga þurfti bátinn til hafnar og taka á land til viðgerðar á vélinni. B, fyrirsvarsmaður M, vann að viðgerðinni í öll skiptin ásamt öðrum. Af gögnum málsins má ráða að vinnutímar B vegna þessa hafi numið samtals 137 klukkustundum. M hefur krafist að fá þessar vinnustundir greiddar úr hendi V, húftryggjanda bátsins með tiltekinni fjárhæð fyrir hverja klukkustund. V hefur ekki fallist á það tímagjald sem M byggir á í kröfugerð sinni.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir úrskurðarnefnd snýst ágreiningur aðila um fjárhæð bóta fyrir þá vinnu sem fyrirsvarsmaður M lagði til vegna viðgerðar á A. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskostsaðila og váttryggingafélags, sem hefur starfsleyfi hér á landi. Jafnframt úrskurðar nefndin um ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í 2. mgr. sömu gr. segir að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Þá segir m.a. í 3. mgr. greinarinnar að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyrir undir nefndina og telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Ágreiningur málsaðila lýtur að ágreiningi um bótafjárhæð líkt og áður getur. V hefur ekki fallist á að nefndin úrskurði um ágreininginn. Því er ekki fullnægt því skilyrði að samþykki allra málsaðila hafi fengist svo nefndinni sé fært að úrskurða í málinu. Að svo vöxnu heyrir málið ekki undir nefndina og ber að vísa því frá, sbr. fyrrgreint ákvæði 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 13. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Líkamstjón við fall skrifstofustól 28.10.2014.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.5.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 22.5.2017, ásamt fylgiskjölum, m.a. reikningi dags. 24.11.2006, umsögn X ásamt fylgigögnum dags. 6.3.2017, reikningur vegna kaupa á stól dags. 24.11.2006 og myndir af stól.

Málsatvik.

M var við vinnu sína á leikskóla þegar hún féll við að standa upp úr skrifstofustól við að eitt hjól datt undan stólnum.

M telur að X beri, sem vinnuveitandi, ábyrgð á því að sá búnaður sem notaður var á vinnustaðnum sé í lagi. Ekki sé hægt að álykta með öðrum hætti en að hjól stólsins hafi farið undan honum vegna þess að skrúfa sem átti að halda því losnaði. M vísar til fjölda almennra fyrirmæla um starfsleyfi leikskóla og eftirlit með þeim auk fyrirmæla um vinnuaðstæður í vinnuverndarlöggjöfinni sem rök fyrir því að strangari kröfur gildi um aðbúnað í slíku húsnæði en annars staðar og hafi X því átt að gera sérstakar ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna og annarra sem á slíkum stað séu. Engar sérstakar ráðstafanir hafi verið gerðar um viðhald þess stóls sem M féll af í greint sinn og verði X að bera hallann af slíku.

V telur ekki sýnt að X hafi vanrækt skyldur sínar vegna aðbúnaðar á leikskólanum. Engar athugasemdir hafi verið gerðar við reglulegar úttektir á aðbúnaði í húsnæðinu auk þess sem ljóst sé af kvittun sem lögð hafi verið fram hvenær umræddur stóll var keyptur nýr, þ.e. í nóvember 2006. Engar athugasemdir hafi borist frá starfsmönnum, öryggisverði eða öryggistrúnaðarmanni um að umræddur stóll hafi verið í ólagi eða búnaði hans áfátt.

Álit.

M ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt varðandi mögulega skaðabótaskyldu X vegna líkamstjóns hennar. Í málinu liggur ekki fyrir með skýrum sönnunargögnum að X hafi mátt vera ljóst að aðbúnaður á vinnustað M hafi verið ófullnægjandi. Ekki verður heldur sýnt að eftirliti með aðbúnaði hafi verið ábótavant hvorki almennt eða sérstaklega gagnvart þeim stól sem M kveðst hafa fallið af. M hefur því ekki sýnt fram á að X beri ábyrgð á líkamstjóni hennar og á hún því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 154/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysátryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns ökumanns er bifreið hans rakst á brú.****Gögn.**

Málskot, móttakið 4.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 18.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Kl. 11.26 mánudaginn 30. janúar 2017 var lögreglunni á Z tilkynnt um mikið tjón á brúnni X og að tiltekinn aðili hefði fjarlægt bifreið af brúnni. Lögregla hafði samband við þann aðila sem upplýsti að hann hefði fjarlægt bifreið í eigu M af brúnni um kl. 8.00 sunnudagsmorguninn 29. janúar að beiðni föður M. Mun bifreiðin hafa verið flutt að tilteknum bæ þar sem lögregla fann hana þar sem henni hafði verið komið fyrir á bak við traktorsgröfu að því er segir í lögregluskýrslu. Var bifreiðin sögð mjög illa farin bæði að framan, á hægri hlið og á hægri afturhorni.

Lögregla hafði símasamband við M vegna atviksins. Hann kvaðst hafa verið valdur að tjóninu en gaf engar skýringar hvers vegna hann hafi ekki tilkynnt um atvikið til lögreglu. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa verið undir áhrifum áfengis þegar hann ók á brúna, en hann hafi neytt áfengis fyrr um kvöldið. Í framburðarskýrslu hjá lögreglu kvaðst M hafa farið á þorablót á laugardagskvöldinu 28. janúar. Þann dag um kl. 17.00 hafi hann fengið sér einn bjór í félagi við annan mann, annan bjór á leiðinni á þorablótið og þar hafi hann síðan drukkið tvo bjóra. Í öllum tilvikum hafi verið um að ræða bjóra í 330 ml umbúðum. Að loknu þorablótinu hafi hann farið ásamt öðrum á tiltekinn bæ þar sem þeir dvöldust um tvær klukkustundir. Félagi hans hafi þá ekið bifreiðinni en í grennd við brúna X hafi félaginn farið í sína eigin bifreið en M þá tekið við stjórn bifreiðar sinnar. Á leið sinni hafi hann ætlað yfir syðri brúna. Hann hafi hægt á sér því beygja að brúnni sé kröpp, en rétt áður en hann fór inn á brúna hafi bifreiðin farið að skransa enda mikil hálka verið. Hafi framendinn farið inn á brúna en vinstra afturhjóli farið í steiptan kant og við það hafi bifreiðin snúist á brúnni og farið alveg þversum og stöðvast þannig og verið alveg föst.

M kvaðst hafa slasað við atvikið og bein hafi brotnað í hálsi. M leitaði á heilsugæslustöðina á Blönduósi og þaðan hafi hann verið fluttur á bæklunarskurðeild Sjúkrahússins á Akureyri. Í fyrirliggjandi samskiptaseðli frá heilsugæslustöðinni á Blönduósi kemur fram að M hafi komið þangað kl. 7.46 að morgni 29. janúar. Hann hafi meiddst á baki er hann hafi verið í bifreið sem lenti á brúarstólpa um einni klukkustund áður. Hann kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni heldur hafi faðir hans ekið. Við skoðun (obs.) hafi mátt sjá að hann afi verið „aðeins ölvaður“. Í upphafi sjúkraskrár bæklunarskurðeildar SAK segir að M hafi komið á slysadeild sjúkrahússins eftir harðan árekstur við brúarstólpa. Hafi bifreiðinni verið ekið á 70-80 km hraða á klst. „Hann ölvaður, segir að pabbi hafi verið ökumaðurinn og sloppið við alla áverka.“

Bifreið M var vátryggð lögboðnum ökutækjategyggingum hjá V, þ. á m. slysátryggingu ökumanns og eiganda. M hefur krafist bóta úr slysátryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut. V hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að hann hafi valdið tjóninu með háttsemi sem verði virt honum til stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, ef vátryggður hefur í öðrum vátryggingum en líftryggingum valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefðu orðið. Við úrlausn þess hvort heimilt sé að beita þessu ákvæði skal litið til sakar vátryggðs, hvernig vátryggingaratburður bar að, hvort vátryggður var undir áhrifum áfengis eða fíkniefna sem hann hafði sjálfviljugur neytt og atvika að öðru leyti.

M hefur viðurkennt að hafa neytt áfengis um kvöldið áður en slysið varð. Á honum sáust merki um ölvun þegar hann kom á heilsugæslustöð og á sjúkrahús, en á báðum stöðum reyndi hann að leyna því að hann hafi ekið bifreiðinni. Þá hafði hann ekki tilkynnt lögreglu um slysið og þær miklu skemmdir sem höfðu orðið á brúnni þótt honum hafi verið það skylt, sbr. síðari málslið 2. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt 2. mgr. 44. gr. sömu laga má enginn stjórna eða reyna að stjórna ökutæki, ef hann m.a. vegna neyslu áfengis er þannig á sig kominn, að hann er ekki fær um að stjórna ökutækinu örugglega. Þá segir í 1. mgr. 45. gr. laganna að enginn megi stjórna eða reyna að stjórna vélknúnu ökutæki, ef hann er undir áhrifum áfengis. Þótt M hafi komist hjá því, með því að tilkynna ekki um slysið þegar það varð, að áfengismagn í líkama hans væri mælt verður ekki fram hjá því litið að hann mátti ekki aka bifreiðinni umrætt sinn vegna áfengisáhrifa sem hann var undir. Með því sýndi hann stórkostlegt gáleysi og þegar litið er til þess að slysið varð snemma morguns eftir að hann hafði verið á dansleik um kvöldið og síðan gestkomandi í húsi áður en hann hóf aksturinn og síðan látið hjá líða að tilkynna um slysið þykir sök hans svo alvarleg að telja verður rétt að hann hafi fyrirgert rétti sínum til bóta úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 155/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna leka. Frávísun.****Gögn.**

Málskot, dags. 03.05.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélag, dags. 18.05.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að árið 2011 gaf vatnslás sig í baðherbergi M. Miklar rakaskemmdir urðu í vegg milli baðherbergis og stofu og var tjónið bætt af V1 með þeim hætti að allt var endurnýjað á baðinu.

Á árinu 2016 voru aftur komnar rakaskemmdir á sama vegg í stofunni á sama stað og áður og fleiri stöðum. M hafði þá skipt um váttryggingafélag og váttryggingafélagið V2 skoðaði tjónið og taldi að um fúguleka væri að ræða. M telur að V1 eigi að bæta tjónið vegna þess hversu stutt var liðið frá fyrra tjóni.

Í bréfi V1 kemur fram að rakinn sé vegna fúguleka. Hins vegar telur V1 ekki koma til álita að tjónið verði bætt úr húseigendatryggingu sem fallin er úr gildi. Þá falli tjónið ekki undir bótaskyldu tryggingarinnar, sbr. 2. gr. 1. kafla váttryggingarskilmála E-7. Ágreiningur snúist þannig ekki um bótaskyldu félagsins, sök eða sakarskiptingu og falli þannig utan starfssviðs nefndarinnar, sbr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum nr. 1090/2005. Með vísan til þess krefst félagið frávísunar málsins frá nefndinni.

Álit.

Skv. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu, milli málskotsaðila og váttryggingafélags, sem starfsleyfi hefur hér á landi. Þá úrskurðar nefndin hvort ágreiningur aðila heyri undir nefndina og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að unnt sé að úrskurða í málinu. Telji nefndin svo ekki vera vísar hún málinu frá.

Í máli þessu er ágreiningur um hvort váttryggingafélagið V1 eigi að bæta tjón í húsnæði M sem kemur í ljós á árinu 2016. V1 bætti tjón M á árinu 2011 og var það verktakinn L sem sá um framkvæmdina fyrir V1. Ljóst er að M getur ekki sótt bætur vegna tjóns á árinu 2016 til váttryggingafélagsins V1 þar sem engin váttrygging er þá í gildi hjá félaginu. Úrskurður um bætur vegna hugsanlegra mistaka verktakans L á ekki undir nefndina. Með vísan til framangreinds er málinu vísað frá nefndinni, sbr. ofangreind ákvæði samþykktu fyrir nefndina, sbr. auglýsing nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 4. júlí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins X.****Réttur til bóta vegna afleiðinga umferðaróhapps 15.12.2015.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.5.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 10.5.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðinni X var ekið aftur á bak á bifreiðastæði á bifreið sem M ók. Leitaði M á slysadeild um sólarhring síðar eftir að hafa fallið í yfirlíð rekur það til stífni í hálsi og baki sem hún rekur til umferðaróhappsins.

M telur að hún hafi hlotið líkamstjón sem greiða eigi bætur fyrir skv. skaðabótalögum og að hún hafi gefið réttar upplýsingar um afleiðingar þess frá upphafi. M telur að tilvísun V til 2. mgr. 47. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, sbr. bréf félagsins dags. 12.5.2016 eigi ekki við.

V vísar til þess í bréfi sínu til nefndarinnar að höfnun félagsins byggist á því að ekki sé sýnt að M hafi hlotið líkamstjón í umferðaróhappinu, þ.e. að orsakatengsl séu ekki sönnuð milli umferðaróhappsins og þeirra einkenna sem M reki til þess. Sönnunarbyrði um það hvíli á M og gögn málsins séu ekki óyggjandi um orsakatengsl.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að M hafi leitað á slysadeild eftir yfirlíð um sólarhring eftir árekstur þegar bifreið X var ekið á bifreið hennar. Í tjónstilkynningu vegna umferðaróhappsins kemur fram að minniháttar sjáanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum eftir áreksturinn. Í læknisfræðilegum gögnum málsins er almennum einkennum lýst sem nefndin hefur ekki forsendur til að tengja með nægilega skýrum hætti við umræddan árekstur. Sönnunarbyrði hvílir á M um að orsakatengsl séu sönnuð og m.v. fyrirbyggjandi gögn verða þau ekki talin nægilega sönnuð þannig að forsenda sé til bótagreiðslna af hálfu V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.

Starfsmaður slasaðist þegar hann var að þrifa forsjóðara þ. 12.8.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.5.2017. ásamt fylgiskjölum nr. 1-11
2. Bréf V dags. 17.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M kveðst hafa verið við vinnu hjá S við að þrifa forsjóðara og skipta milli rása á vatnslokum þegar krani slóst upp og lenti á hægri handlegg hans, með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu S hjá V og segir að þéttingar með umræddum krana hafi verið orðnar lélegar og skipt hafi verið um þær í kjölfar slyss M. Af hálfu M er á því byggt að S hafi ekki sinnt skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og viðeigandi reglugerðum með lögnum. M vísar til þess að krantar eins og þeir sem slóst upp í hægri handlegg hans hafi verið í notkun í tæp 18 ár og því yfirgnæfandi líkur að þéttingar hafi verið úr sér gengnar. M telur því að S beri ábyrgð á tjóni hans skv. sakarreglunni og segist hafa látið vinnuveitanda sinn vita af slysinu strax og það varð.

V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að tjón M verði rakið til vanbúnaðar sem S beri ábyrgð á eða saknæmrar háttsemi starfsmanna S. V segir sönnunarbyrðina á að umræddur krani og forsjóðari hafi verið vanbúin og orsakatengsl milli þessa vanbúnaðar og tjónsatviksins hvíli á M og hafi honum ekki tekist sönnun á þessu. V vísar til þess að M hafi orðið fyrir slysinu þ.12.8.2014, en ekki misst úr vinnu eða leitað til læknis fyrr en 28.8. s.á. og þá liggi ekkert fyrir um að M hafi tilkynnt S um tjónsatvikið fyrr en í lok ágúst árið 2014 og því hafi S ekki verið í aðstöðu til að kalla til Vinnueftirlitið þegar tjónsatvikið varð. V segir að skipt hafi verið um þéttingar á umræddum krana í venjubundnu viðhaldi.

Álit.

M hefur ekki sýnt fram á að tjónsatvikið sem um ræðir verði rakið til vanbúnaðar á þeim tækjum sem M var að vinna við þegar hann varð fyrir slysinu. Þá hefur ekki verið sýnt fram á af hálfu M að S eða einhver sem S ber ábyrgð á beri ábyrgð á slysi hans vegna saknæmrar háttsemi. Af gögnum málsins er ekki sýnt fram á að M hafi upplýst með skýrum hætti um líkamstjón sitt fyrr en í lok ágúst 2014 eða um hálfum mánuði eftir að slysið varð. S verður því ekki talin bera hallann af því að rannsókn fór ekki fram á aðstæðum á vettvangi sbr. tilkynningaskyldu vinnuveitanda sbr. 79. gr. laga nr. 46/1980 lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M á því ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík 28.6 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 158/2017**M
og****vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á Gamla Álftanesvegi þann 3.4.2016.****Gögn.**

Málskot, móttakið .2017, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 29.5.2017.

Bréf V2, dags 26.5.2017.

Málsatvik.

A og B var ekið eftir Gamla Álftanesveginum og var A ekið á undan B. Er ökumaður A stöðvaði bifreið sína var B ekið aftan á A.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað bifreið sína í vegkantinum þannig að hún hafi að hálfu verið utan vegar og að hálfu inni á akbrautinni. Hann hafi flautað og verið að skrúfa niður rúðu til að spyrja gangandi vegfaranda til vegar. Í þeirri sömu andrá hafi B verið ekið aftan á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 50 km hraða á klst. á eftir A. Hafi ökumaður A stöðvað bifreiðina á miðri akrein án þess að gefa áður nokkurt merki um það, stefnuljós eða þess háttar.

Vitni kvaðst hafa verið á gangi á göngustíg „til hægri við umferðaræðina“ áleiðis að Garðakirkju. Skömmu áður en hann hafi komið að „Hrafnistu-afleggjaranum“ hafi hann heyrt bílflaut á vinstri hönd, litið við og þá séð B aka aftan A. Aðspurt hvort ökumaður A hafi stöðvað skyndilega á miðjum veginum kvað vitnið að þannig hafi það vissulega litið út í fljótu bragði þó hann gæti hafa verið að færa sig út í kantinn.

Álit.

B var ekið aftan á A. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökutæki sem er ekið á eftir öðru ökutæki vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess. Á þessu hefur orðið misbrestur hjá ökumanni B og telst hann því eiga sök á árekstrinum. Hefur hann því sönnunarbyrðina um það að A hafi verið stöðvað skyndilega á akbrautinni þannig að áreksturinn verði að einhverju leyti rakinn til þess að hann hafi ekki haft nægilegt ráðrum til að stöðva B í tæka tíð áður en áreksturinn varð. Af framburði vitnis, sem áður er getið, verður ekki ráðið með nægri vissu að ökumaður A hafi stöðvað bifreið sína svo skyndilega að ökumaður B hafi ekki átt að ráða við aðstæður sem sköpuðust við það á akbrautinni. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður að telja ósannað að áreksturinn megi rekja til skyndilegrar stöðvunar ökumanns A eða aksturslags hans að öðru leyti. Verður því öll sök felld á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X og ábyrgðartryggingar Z.

Ágreiningur um skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 10.3.2016.

Gögn.

Málskot, móttakið 8.5.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 29.5.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína þar sem hann, sem starfsamaður fyrirtækisins Z, vann við að rífa niður bita af röri. Í tjónstilkynningu Z til V dags. 23.5.2016 kemur eftirfarandi fram: „Lyftarinn ýtir (togar) í bitann og við það fellur hann niður og á fót viðkomandi einstaklings sem var í öryggisskóm og með öryggishjálmi.“ Sambærileg lýsing kemur fram í öðrum tjónstilkynningum. Einnig liggur fyrir yfirlýsing vitnis, dags. 14.3.2017, þar sem kemur fram að M hafi farið „upp á pall til þess að losa um bitann og [stjórnanda lyftara] gefin skýr merki bæði með handa merkjum og köllum að hann hætti ekki að hreyfa við neinu fyrr en Guðjón væri kominn niður af pallinum.“ Í lýsingu vitnisins kemur síðan fram að það hafi ekki gengið eftir og M hafi verið rétt lagður af stað niður af pallinum þegar stjórnandi lyftarans hafi rekið bómu í bitann með þeim afleiðingum að bitinn féll á fót M.

M telur sannað með frásögn M og atvikalýsingar vitnis að stjórnandi lyftara hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við stjórn lyftarans og hafi það leitt til slyss hans. Honum hafi borið að sýna aðgát og hlýða fyrirmælum sem gefin hafi verið með skýrum hætti bæði munnlega og með handahreyfingum. Einnig vísar M til þess að ekki hafi farið fram rannsókn á orsökum slyssins af hálfu Vinnueftirlitsins þar sem hvorki X né Z hafi gætt þess að tilkynna um slysið í samræmi við 79. gr. laga nr. 46/1980.

V telur ekki sannað að stjórnandi lyftara hafi sýnt saknæma háttsemi og því sé ekki fyrir hendi skaðabótaábyrgð, hvorki af hálfu fyrirtækjanna X né Z og telur að slysið megi helst rekja til háttsemi M sjálfs.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að ekki hafi verið tilkynnt um slys M til Vinnueftirlitsins þrátt fyrir að hann hafi orðið óvinnufær strax við slysið um óvissan tíma. Af dómaframkvæmd Hæstaréttar verður ekki annað ráðið en að leggja verði frásögn M til grundvallar af atvikum við þær aðstæður. Frásögn M er í samræmi við frásögn vitnis um að stjórnandi lyftara hafi hreyft við bómu hans þrátt fyrir fyrirmæli um að gera það ekki fyrr en M gæfi það til kynna með beinum hætti eins og M og vitni lýs að hann hafi fengið fyrirmæli um. Telst stjórnandi lyftarans því hafa sýnt saknæma háttsemi sem leiddi til tjóns M. Þegar litið er til þess hvort stjórnandi lyftarans hafi unnið í þágu fyrirtækisins X eða Z verður ekki annað séð af gögnum málsins en að boðvald vegna verksins hafi legið hjá fyrirtækinu Z og verkið unnið í þágu þess fyrirtækis. Verður Z því talið bera ábyrgð á háttsemi lyftarastjórnandans á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Ekki er sýnt að háttsemi M sjálfs hafi verið þess eðlis að í henni felist stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 og verður bótaréttur hans því ekki skertur vegna eigin ábyrgðar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Z hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 160/2017**M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á Þjóðvegi 1 sunnan Víðigerðis í Húnaþingi vestra 23.3.2017.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 10.5.2017 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V-1 dags. 26.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3
3. Bréf V-2 dags. 24.5.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli A og B á Þjóðvegi 1 sunnan Víðigerðis í Húnaþingi vestra. Þegar áreksturinn varð var myrkur, ísing og mikil hálka og gekk á með eljum. Ökumaður A segist hafa ekið á 40-50 km. hraða þegar hann sá blikkandi viðvörunarljós hægra megin við vegin utan vegar og síðan hafi hann séð til ferða flutningabíls, sem hann hafi talið á ferð á móti sér enda hafi bifreiðin verið með akstursljós en ekki viðvörunarljós. Ökumaður A segir að þegar nær hafi dregið hafi hann séð að flutningabifreiðin (B) var kyrrstæð á miðjum veginum, en þá hafi hann ekki getað stöðvað A og því reynt að aka vinstra megin framhjá flutningabifreiðina (B). Ökumaður B segist hafa stöðvað vegna bifreiða framan við sig og síðan ekki komist á stað aftur. Setja þurfti keðjur á B áður en hægt var að aka B af slyssað.

Álit.

Ökumaður A sá að bifreið var fyrir framan sig og gætti ekki nægjanlegrar varúðar í framhaldi af því við þær aðstæður og akstursskilyrði sem voru í umrætt sinn. Ökumaður A ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður B var stöðvuð og komst ekki á stað aftur og við þær aðstæður sem fyrir hendi voru var nauðsynlegt að vara ökumenn og vegfarendur við hættu af kyrrstæðu ökutæki á veginum. Það gerði ökumaður B ekki og kveikti ekki viðvörunarljós eða gerði aðrar varúðarráðstafanir. Ber hann því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 28.6.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 161/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu er kennari féll á hálfu á bifreiðastæði við grunnskóla.****Gögn.**

Málskot, móttakið 10.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um morguninn 17. desember 2015 hafði M, kennari við grunnskóla sem rekinn er af A, verið að vinna ásamt nemendum og öðrum kennurum að undirbúningi jólaskemmtunar í íþróttahúsi skólans. Um kl. 13:45 hugðist M fara í bifreið sína á bifreiðastæði skólans til að sækja sér nesti. Á leið yfir bifreiðastæðið rann M á hálfu og datt með þeim afleiðingum að hún handleggsbrotnaði.

Samkvæmt upplýsingum frá skólanum var búið að sanda á gönguleiðum á bifreiðastæðinu en beðið hafði verið eftir frekari þjónustu frá sveitarfélaginu. Hitastig var rúmar 4°C þegar slysið varð og hafði farið lítið eitt hlýnandi um morguninn. Slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins.

M telur að slysið megi rekja til vanrækslu af hálfu A við að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustað og hefur í því sambandi vísað til nánar tilgreindra ákvæða í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Jafnframt hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu eins og skylt hafi verið skv. 79. gr. sömu laga. Telur hún A bera skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Slysið varð um miðjan desember og viðbúið að hálka hafi verið víðsvegar í bæjarfélaginu. Gönguleiðir höfðu verið sandbornar en ekki tekist sandbera sjálft bifreiðastæðið með stórvirkari tækjum en sjálfur skólinn réð yfir. Oft getur reynst erfitt að gera ráðstafanir þannig að hálka sé upprætt algjörlega á stórum svæðum eins og bifreiðastæðum. Eins og aðstæðum var háttað í þessu tilviki verður A ekki kennt um að M hafi dottið á hálfu á bifreiðastæðinu. Engu breytir í þessu sambandi þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirlitinu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 28. júní 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 162/2017**M og
váttryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
váttryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot, dags. 11.05.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 12.05.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, váttryggingafélag, dags. 29.05.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Málsatvik eru þau að bifreiðin B ók inn í hlið bifreiðarinnar A þegar A var að taka hægri beygju. Ökumaður A kærir þá niðurstöðu tjónanefndar váttryggingafélaganna að skipta sök til helminga. Í kæru ökumanns A kemur fram að hann hafi gefið stefnumerki til hægri. Bifreiðin hafi ekki farið yfir á rangan vegarhelming til að taka beygjuna og hafi verið komin með bæði framdekk bifreiðarinnar upp á gangstétt þegar B hafi verið ekið inn í hlið A. A hafi verið búin að taka beygjuna þegar B hafi verið ekið inn í hlið hennar. B viðurkennir að hafa tekið víða beygju.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji að A hafi ekki ekið inn á vinstri akrein og þótt A hafi tekið víða beygju gefi það B ekki leyfi til að taka fram úr A hægra megin. Einungis megi taka hægra megin fram ef ökumaður beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju og í þessu máli hafi A verið að taka hægri beygju. B hafi því virt að vettugi umferðarreglur með því að taka fram úr A með röngum hætti. B eigi því að bera alla sök.

V2 er sammála niðurstöðu tjónanefndar og telur að A hafi verið beygt á rangan hátt, þ.e. tekið of víða beygju. Í framburði ökumanns B kemur fram að hann hafi talið að A væri að taka vinstri beygju.

Álit.

Bifreiðin A ætlaði að taka hægri beygju. Af afstöðumyndum sem fylgja málinu liggur fyrir að B keyrði inn í miðja hlið A og virðist eins og B hafi ætlað að taka hægra megin fram úr A. Á þeim stað þar sem hægri beygjan var tekin liggur ekki vegur til vinstri og því ljóst að A var ekki að taka vinstri beygju.

Samkvæmt umferðarlögum á B að hafa aðgát á bifreiðum fyrir framan sig og A á að taka hægri beygju eins krappa og unnt er. Með vísan til þess telur úrskurðarnefndin að leggja beri 1/3 hluta sakar á ökumann A fyrir að taka ekki eins krappa beygju og unnt var og 2/3 hluta sakar á ökumann B fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar í máli þessu.

Reykjavík, 4. júlí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 163/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Áræktur bifreiða við þvottastöð 4.3.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 21.4.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur framkvæmdastjóra Löðurs dags. 14.5.2017.

Tölvupóstur V1, ódags.

Bréf V2, dags. 31.5.2017

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að áræktur hafi orðið milli bifreiðanna A og B við enda færribands þvottastöðvar sem bifreiðarnar fóru í gegnum, bifreið B fyrst og bifreið A strax þar á eftir. Af athugun nefndarinnar má ráða að ökumenn bifreiða aka bifreiðum sínum inn á færriband þvottastöðvarinnar og þær leiðbeiningar sem ökumenn fá eru að setja bifreiðar sínar í hlutlausan gir og láta færribandi flytja bifreiðarnar í gegnum þvottastöðina. Þegar þvotti er lokið fara dekk bifreiðanna út af færribandinu og þá þarf ökumaður að aka af stað frá þvottastöðinni. Áræktur bifreiða A og B varð þannig að bifreið A var ekið aftan á bifreið B þar sem hún var kyrrstæð við enda umrædds færribands. M, sem var ökumaður bifreiðar A, telur að hún beri ekki sök á árækstrinum heldur megi rekja hann til þess að ökumaður bifreiðar B var fyrir færribandi þvottastöðvarinnar þegar bifreið A var á leið út af því. Hún hafi ekki getað komið í veg fyrir áræktur þar sem færribandið hafi í raun stýrt bifreið hennar. Í tölvupósti V2 og bréfi V1 kemur fram að félögin telji rekstraraðila þvottastöðvarinnar bera ábyrgð á árækstrinum. Í bréfi V1 kemur einnig fram að félagið telur ekki sýnt að ökumenn bifreiðanna hafi sýnt saknæma háttsemi í aðdraganda árækstursins.

Álit.

Ekki verður hjá því litið að meta háttsemi ökumanna með hliðsjón af því fyrirkomulagi sem leiðbeiningar til ökumanna gera ráð fyrir þegar þeir fara í gegnum þvottastöð þá sem bifreiðum A og B var ekið í gegnum. Í málskoti er ekki gerð sérstök krafa í mögulega ábyrgðartryggingu rekstraraðila þvottastöðvarinnar þannig að hér verður ekki frekar fjallað um slíka mögulega greiðsluskyldu. Áræktur varð með bifreiðum A og B og skv. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber að skipta tjóni að tiltölu milli ökumanna og með hliðsjón af atvikum öllum. Í framburðum ökumanna kemur fram að bifreið A var á færribandi þvottastöðvarinnar þegar áræktur varð og ökumaður hennar gat því ekki ekið bifreiðinni framhjá bifreið B sem var kyrrstæð við enda færribandsins. Verður að meta þá háttsemi ökumanns bifreiðar B honum til sakar, þ.e að hafa ekki ekið frá færribandinu í tæka tíð, en með því að hafa sjálfur varið í gegnum þvottastöðina mátti honum vera ljóst að hann þyrfti að gefa öðrum bifreiðum pláss til að komast út af því. Telst ökumaður bifreiðar B því bera alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar B ber alla sök.

Reykjavík, 22. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar fjölskyldutryggingar.

Slysahtak vátryggingaréttar vegna óhapps 30.12.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.5.2017.
2. Bréf V dags. 22.5.2017 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M var að koma út úr verslun og segist í tjónstilkynningu hafa verið að taka af sér bakpoka með matvöru þegar það hafi komið slinkur og hún brotnað við spjaldhrygg. M krefst bóta úr slysatryggingu fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að skv. læknisvottorði Friðriks Sigurbergssonar læknis, dags. 7.1.2017 komi eftirfarandi fram varðandi tjónsatvikið. „Var hún á leið heim úr búðinni, var með bakpoka og hélt einnig á 2-3 kg. þungum pokum í hvorri hendi. Eitthvað virðist hafa komið fyrir á þessari leið, þannig að hún hefur verið með sáran verk á lendhryggjar svæði. Þessi verkur er allt öðru vísi en þeir verkir sem hafa hrjáð hana eftir slysið. Engin áverki í sögunni, nema þessi heimferð með innkaupin.“

V vísar til 19.gr. vátryggingaskilmála slysatryggingarinnar þar sem vísað er til þess að með slysi sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem valdi meiðslum á líkama vátryggðs. V segir að tjónsatvik M verði ekki rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar eða áhrifa eða ákomu utan að og því hafi ekki verið um slys að ræða í skilningi vátryggingaskilmála. V telur að meiðsl M megi rekja til hreyfingar hennar sjálfar en ekki utanaðkomandi atburðar.

Álit.

Gögn málsins sýna ekki með óyggjandi hætti að tjónsatvik M verði rakið til skyndilegs utanaðkomandi atburðar í skilningi þeirra vátryggingaskilmála sem gilda um fjölskyldutryggingu hennar hjá V, en í 19. gr. þeirra skilmála kemur fram að gildissvið slysatryggingarinnar er skilgreint með þeim hætti. Lýsing hennar sjálfar á atvikum bendir hins vegar til þess að hún hafi verið að bera innkaupapoka og slinkur sá sem hún lýsir hafi komið vegna eigin hreyfingar en ekki utanaðkomandi atburðar. Í læknisfræðilegum gögnum málsins verður heldur ekki séð að einkenni þau sem M lýsir séu þess eðlis að þau verði ótvírætt rakin til utanaðkomandi atburðar. M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.6.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 169/2017**M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna áreksturs.****Gögn.**

Málskot, dags. 19.05.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 19.05.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, vátryggingafélag, dags. 02.06.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðin B ók utan í vörulyftu bifreiðarinnar A og skemmdist við það töluvert. A var kyrrstæð þegar áreksturinn varð en verið var að afferma af A og lyfta bifreiðarinnar var niðri. Ökumaður A viðurkennir að hafa séð vörulyftuna en ekki áttað sig á hversu þröngar aðstæður væru.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök til helminga þar sem ökumaður B lét vörulyftuna standa út í umferð og ökumaður A gætti ekki nægjanlega að sér við akstur.

V2 telur að ökumaður B beri alla sök á árekstrinum þar sem hann hafði vitneskju um A og að vörulyftan væri niðri. B hafi ekki áttað sig hversu þröngt væri en hefði átt að velja aðra leið til að forðast að aka framhjá A við þessar aðstæður. Ekki banni A að afferma á þessum stað þar sem beinlínis sé gert ráð fyrir affermingu á svæðinu. Vörulyftan hafi því ekkert með áreksturinn að gera og B hafi vanmetið aðstæður.

V1 telur að A eigi að bera helming eða alla sök því samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 beri að afferma þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Í þessu tilviki hafi A ekki gert neinar varúðarráðstafanir og skapað þannig hættu fyrir aðra vegfarendur.

Álit.

B ekur utan í vörulyftu A sem er kyrrstæð. Verið er að afferma A. B viðurkennir að þröngt hafi verið en ekki áttað sig hversu þröngt er. Það liggur því fyrir að ökumaðurinn sá vörulyftu A en reynir samt sem áður að aka framhjá lyftunni. Með vísan til þess ber B alla sök enda A kyrrstæð.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök í máli þessu.

Reykjavík, 4. júlí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 174/2017**M og
V1 v/ A og
V2 v/ B.****Árekstur þann 7. febrúar 2017.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 26. maí 2017 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 6. júní 2017.
3. Bréf V2 frá 29. maí 2017.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðum A og B þegar þeim var ekið hlið við hlið á beygjuakrein til hægri á Bæjarhálsi þann 7. febrúar 2017.

Samkvæmt framburðarskýrslu M, ökumanns bifreiðar A, ók hún af stað við ljósinn og inn á gatnamótin. Í beygjunni fannst henni að bifreiðin B væri komin of nálægt hennar bifreið og þar sem hún hélt að bifreiðinni yrði ekið á hennar, beygði hún út í kantinn til hægri við Bæjarhálsinn til að forðast árekstur. Einnig flautaði hún en allt kom fyrir ekki og rakst bifreið B á bifreið A.

Í framburðarskýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi farið í beygjuna, hafi verið á stórum bíl og því hugsað um beygjuna, svo heyrði hann flautið í hinni bifreiðinni. Stöðvaði þá bifreiðina í kantinum.

Álit.

Ljóst er að árekstur varð milli bifreiða A og B þann 7. febrúar 2017. Engin vitni að atburðinum gáfu sig fram á árekstrarstað. Samkvæmt atburðarlýsingum reyndi ökumaður bifreiðar A að forðast árekstur með því að aka bifreið sinni út í hægri kant í beygjunni ásamt því að flauta á ökumann bifreiðar B til að láta hann vita að hann væri kominn of nálægt. Ökumaður bifreiðar B virðist ekki hafa tekið eftir neinu í beygjunni. Þetta bendir sterklega til þess að ökumaður bifreiðar B hafi ekki tekið eftir því er hann fór yfir á akreinina sem bifreið A var á. Þykir nægilega sannað með hliðsjón af framburðum beggja ökumanna að bifreið B hafi farið yfir á beygjuakrein bifreiðar A og rekist þar á bifreið A. Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök er lögð á bifreið B

Reykjavík 17. ágúst 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 176/2017
M og
vátryggingafélagið V v. fasteignatryggingar.

Vatnstjón í húsi 2.1.2017, ágreiningur um bótafjárhæð. Frávísun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.5.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 19.6.2017

Málsatvik.

M vísar til vatnstjóns í húseign hans og segir í málskoti að um óviðunandi afgreiðslu sé að ræða á tjóni hans hjá V og ítrekað sé farið með rangt mál. Þá sé vinna húseiganda verulega vanmetin og enginn rökstuðningur fylgi. Þá segir M að verklok hafi tafist úr hófi vegna lélegra vinnubragða sem V beri ábyrgð á. Í málinu leggur M fram tölvupóstsamskipti sín og V þar sem aðallega er fjallað um skemmdir og bótafjárhæðir, en lítið vikið að tjónstilvikinu sjálfu.

V hafnar ekki bótaskyldu en telur málið ekki tækt til umfjöllunar úrskurðarnefndar í vátryggingamálum vegna þess hve kröfugerð M sé óskýr og þá sé M aðallega að fara fram á að nefndin fjalli um bótafjárhæðir málsins, en um það fjalli nefndin ekki nema samþykki aðila liggja fyrir og slíkt samþykki liggja ekki fyrir í málinu. V telur að tjónin séu tvö og ótengd.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar fyrst og fremst bótafjárhæðir, en skv. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum nr. 1090 frá 12. desember 2005 segir „Nefndin úrskurðar um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila.“

Fyrir liggur að V samþykkir ekki að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir í málinu og er málinu því þegar af þeirri ástæðu vísað frá nefndinni sbr. tilvísað ákvæði 3.gr. samþykta fyrir nefndina.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 29.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 178/2017
M og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Vesturlandsvegi þann 30. september 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29. maí 2017 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V1 dags. 30. maí 2017.
3. Bréf V2 frá 31. maí 2017 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreið A og B á Vesturlandsvegi þann 30. september 2017, nánar tiltekið við Hvanneyrarafleggjara í Borgarbyggð.

Samkvæmt framburði ökumanns bifreiðar B, sem var sjúkrabifreið, var hann í sjúkraflutningi og kveðst hafa ekið forgangsakstur suður Vesturlandsveg með sírenur og kveikt á forgangsljósum. Kveðst hann hafa séð að bifreið A hafi verið ekið á undan honum suður Vesturlandsveg. Bifreið A hafi hægt á sér, sveigt til vinstri og gefið stefnuljós til vinstri í átt að Hvanneyrarafleggjaranum. Ökumaður bifreiðar B hafi því talið að bifreið A hafi ætlað að beygja til vinstri eins og hún hafi gefið til kynna. Sveigði hann því bifreið B til hægri til að fara framúr bifreið A hægra megin enda ætlaði bifreið A að beygja til vinstri. Þegar hann var að verða kominn að bifreið A hafi bifreiðinni skyndilega verið sveigt til hægri og í veg fyrir bifreið B með þeim afleiðingum að vinstra framhorn bifreiðar B lenti á hægra afturhorni bifreiðar A.

Samkvæmt framburði ökumanns bifreiðar A ók hann suður Vesturlandsveg umræddan dag og ætlaði að beygja inn á Hvanneyrarafleggjarann til vinstri. Hafi hann því hægt á bifreiðinni og gefið stefnuljós til vinstri. Skyndilega hafi hann tekið eftir sjúkrabifreið í forgangsakstri aftan við sig og þá hafi hann sveigt til hægri til að víkja fyrir sjúkrabifreiðinni. Ekki vildi betur til en að sjúkrabifreiðinni var ekið aftan á bifreið A sem kastaðist út af veginum og á hvolf. Taldi ökumaður bifreiðar A að forgangsljós og hljóðmerki sjúkrabifreiðarinnar, bifreiðar B, hafi ekki verið kveikt fyrr en sjúkrabifreiðin var komin nálægt hans bifreið.

Vitni varð að árekstrinum en hann kveðst hafa ekið norður Vesturlandsveg í umrætt skipti. Mætti hann fyrst bifreið A og svo bifreið B og kveðst hafa séð áreksturinn í baksýnispeglinum. Að sögn vitnisins þá var eins og ökumaður bifreiðar A hafi byrjað að beygja til vinstri að Hvítárvallarvegi (Hvanneyrarafleggjaranum) en hætt skyndilega við og sveigt til hægri aftur í veg fyrir sjúkrabifreiðina. Vitnið gat ekki treyst sér til þess að segja til um hvar bifreið A hafi verið þegar hætt var við að beygja til vinstri. Vitnið segir að forgangsljós hafi verið kveikt á bifreið B en ekki hljóðmerki (sírena).

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga segir að aka skuli vinstra megin fram úr ökutæki. Einnig kemur fram að þó skuli aka hægra megin fram úr ökutæki ef ökumaður þess beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju.

Ljóst er miðað við framburð vitnis að ökumaður bifreiðar A undirbjó með mjög greinilegum hætti beygju til vinstri inn á Hvítárvallarveg (Hvanneyrarafleggjara) en hætti svo skyndilega við með þeim afleiðingum að hann ók í veg fyrir bifreið B, sjúkrabifreið, sem ætlaði sér að fara fram úr hægra megin við bifreið A. Var því háttsemi ökumanns bifreiðar B í samræmi við framangreint ákvæði 20. gr. umferðarlaga.

Ekki þykir nægilega sannað að ökumaður bifreiðar B hafi sýnt af sér saknæma háttsemi, s.s. með of hröðum akstri. Aftur á móti þykir nægilega sannað með hliðsjón af framburðum beggja ökumanna og framburð framangreinds vitnis að bifreið A hafi verið sveigt í veg fyrir bifreið B með þeim afleiðingum að árekstur varð. Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A.

Niðurstaða.

Öll sök er lögð á bifreið A.

Reykjavík 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 181/2017
M
og
V v/frítímaslysaftryggingar.

**Ágreiningur um hvort réttur til bóta væri fallinn niður þar eð frestur til að krefjast
örorkumats væri liðinn.**

Gögn.

3. Málskot, móttakið 30.5.2017, ásamt fylgigögnum.
4. Bréf V, dags. 13.6.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 20. desember 2013 varð M fyrir meiðslum á vinstri hendi er hún datt við blaðaútburð. Hún leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítalans vegna áverkanna þar sem gert var að meiðslunum. Á árinu 2014 leitaði hún til heimilislæknis og bæklunarlæknis og í framhaldi af því var hún í sjúkrahjálfun vegna skertrar hreyfifetu. Einnig leitaði hún til annars bæklunarlæknis í maí 2017.

Á slysdegi hafði M í gildi heimilistryggingu hjá V sem m.a. hafði að geyma sérstaka frítímaslysaftryggingu. Með skriflegri tilkynningu 11. maí 2017 tilkynnti M um tjón sitt til V. V hafnaði bótaskyldu með vísan til ákvæða í skilmálum frítímaslysaftryggingarinnar um að krefjast skuli örorkumats innan þriggja ára frá slysdegi. M vill ekki una afstöðu V og telur hana m.a. fara í bága við 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga og nánar tilgreind ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Álit.

Í 5. gr. í skilmálum V fyrir slysaftryggingu í frítíma er kveðið á um bætur fyrir varanlega örorku. Í gr. 5.3 segir að örorkubætur greiðist á grundvelli þeirrar upphæðar sem í gildi var á slysdegi, ef slys veldur vátryggðum varanlegu líkamstjóni innan þriggja ára frá því að slysið varð. Í gr. 5.6 er gerð grein fyrir reglum sem fylgja skal við ákvörðun örorkubóta. Segir þar að örorkan ákveðst í fyrsta lagi einu ári eftir slysið með hliðsjón af ástandi slasaði þá, annars síðar, þegar læknir telur að varanlegar afleiðingar slyssins hafi komið í ljós, þó ekki síðar en þremur árum eftir slysið. Telji slasaði eða félagið að örorkan geti breyst, getur hvor aðili um sig krafist þess að endanlegu örorkumati verði frestað, þó ekki lengur en í þrjú ár frá slysdegi. Þá segir gr. 5.7 m.a. að undantekningarlaust skuli framkvæma örorkumat í síðasta lagi þremur árum eftir slysið þótt gera megí ráð fyrir að ástand hins slasaða kunni að breytast. Í slíku tilfelli beri að ákveða örorkuna eins og gera megí ráð fyrir að hún verði endanleg.

Með dómi Hæstaréttar 27. maí 2004 í máli nr. 22/2004 var leyst úr ágreiningi um túlkun á efnislega samhljóða skilmálaákvæðum slysaftryggingar og að framan greinir vegna kröfu um örorkubætur á grundvelli örorkumats sem framkvæmt var rúmum þremur árum eftir slysdag. Í dómi réttarins var m.a. á því byggt að tjónþola hafi verið í lófa lagið að kynna sér þá skilmála sem reyndi á í málinu, en þeir hafi markað nánar inntak þess réttar sem tjónþolanum var veittur á grundvelli kjarasamnings. Hafi umrædd skilmálaákvæði hvorki getað talist óeðlileg né óvenjuleg á sínu sviði. Með því að ekki höfðu komið fram haldbær rök fyrir því að tjónþolinn gæti verið óbundinn af hinum umdeildu skilmálaákvæðum var bótakröfu hafnað.

Þegar M tilkynnti um kröfu sína til V 11. maí 2017 voru liðin nærri þrjú ár og nærri fimm mánuðir frá því hún slasaðist. Var þá liðinn sá þriggja ára frestur sem örorkumat skyldi í síðasta lagi framkvæmt, sbr. gr. 5.7 í skilmálum slysaftryggingarinnar og hér að framan greinir. Samkvæmt þessu og í ljósi þess hvernig túlka ber þetta skilmálaákvæði samkvæmt fyrrgreindum dómi Hæstaréttar verður ekki hjá því komist að líta svo á að réttur M til að krefjast örorkubóta sé niður fallinn. Þessu fá þau ákvæði laga nr. 7/1936 og laga nr. 30/2004 og aðrar málsástæður sem M teflir fram ekki haggð. Hún á því ekki rétt á bótum úr slysaftryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu hjá V.

Reykjavík, 4. júlí 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 183/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar fyrirtækisins R.

Maður slasast á hendi við vinnu með slípirokk 2.1.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-25
2. Bréf V dags. 12.7.2017 og 7.7.2017.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi við vinnu sína 2.1.2014 þegar hann vann við að koma rafmagnsvírum í gegn um álbakka og notaði slípirokk til að skera úr bakkanum. Slípirokkurinn festist í bakkanum og skaust síðan til baka í vinstri hönd M þannig að M slasaðist. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V og segir að öryggishlíf hafi vantað á slípirokkinn þegar slysið varð, en hlífín eigi að varna því að slys eins og það sem M varð fyrir eigi sér stað. M segir að öryggishlífin hafi ekki verið nálægt og hann ekki vitað hvar hún var. M hafði starfað hjá R í 4 mánuði þegar slysið varð. M segir að Vinnueftirlitinu hafi ekki verið tilkynnt um slysið fyrir en löngu eftir að það átti sér stað og þess vegna hafi ekki farið fram nein rannsókn á orsökum slyssins. Vinnuveitandi hafi því vanrækt lögboðna tilkynningarskyldu sína til Vinnueftirlits og verði að bera halla af því. V hafnar bótaskyldu og segir rangt og ósannað, að öryggishlíf hafi vantað á slípirokkinn þegar M var að vinna við hann á slysdegi og vísar til mynda af slípirokk sem fylgdu höfnunarbréfi V dags. 7.3.2017 og segir að öryggishlífin sé áföst. Þá hafnar V því að öryggishlíf á slípirokknum komi í veg fyrir að hægt sé að skera sig á honum og M hafi ekki gert fullnægjandi grein fyrir því hvaða þýðingu öryggishlíf hefði haft í þessu tilviki og telur V að öryggishlífin hefði ekki komið að gagni í umrætt sinn þar sem áverkinn sé á innanverðum litlafingur vinstri handar, en M sé rétthendur. V telur því að ekki séu fyrir hendi orsakatengsl á milli slyss M og þess að öryggishlíf hafi vantað á slípirokkinn sem hann vann við.

Álit.

Af gögnum málsins liggur ljóst fyrir að slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrir en löngu eftir að það hafði átt sér stað. R gætti því ekki skyldu sinnar skv. 1.mgr. 79.gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Engin hlutlaus könnun fór því fram á aðstæðum og/eða því tæki sem M var að vinna við þegar slysið varð, sem og aðbúnaði á vinnustað. Ágreiningur er um hvort að öryggishlíf hafi verið á slípirokknum, sem M vann við í umrætt sinn eða hún hafi verið fjarlægð og einnig hvort slík öryggishlíf skipti máli og orsakatengsl séu á milli þess að öryggishlíf kunni að hafa vantað og slyss M. Þar sem R gætti þess ekki að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins svo sem lög kveða á um verðu R að bera hallann af sönnunarskortum um aðstæður, þ.e. hvort öryggishlíf hafi verið á tækinu og hvort orsakatengsl hafi verið milli aðstæðna og slyss M. Miðað við framangreint og gögn málsins að öðru leyti, á M því rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu R hjá V.

Reykjavík 17.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á Austurvegi, Selfossi 19.5.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 7.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 21.6.2017

Bréf V2, dags. 20.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð á Austurvegi, til móts við N1 á Selfossi. Ökumaður A kveðst hafa ekið ausur Austurveg þegar hann hafi gefið stefnuljós til vinstri og hægt á bifreið sinni þar sem hann hugðist taka u-beygju en þá hafi B verið ekið á A. Ökumaður B kveðst hafa ekið Austurveg til austurs þegar hann hafi séð A með stefnuljós til vinstri og verið beygt til vinstri. Kveðst hann ekki hafa náð að hemla nægjanlega mikið til að forða árekstri. Ákomur eru á vinstri afturhurð A og hægra fram horni B.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji að öll sök skuli lögð á ökumann B þar sem A hafi gefið stefnuljós og verið kyrrstæð. Þá viðurkenni ökumaður B að hafa veitt A athygli en of seint og því ekki náð að stöðva í tæka tíð. Einnig séu engar merkingar sem banni u-beygjur á þessum stað.

Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji að ökumaður A hafi brotið gegn ákvæðum umferðarlaga þar sem hann hafi tekið u-beygju með röngum hætti og án þess að gæta að umferð fyrir aftan sig. Ökumaður A hafi brotið gegn 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að taka skuli vinstri beygju sem næst miðju akbrautar en það hafi hann ekki gert. Einnig hafi hann brotið gegn 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga þar sem fram kemur að ökumaður skuli, áður en hann snýr ökutæki, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þá kemur fram að merkjagjöf í aðdraganda áreksturs leysi ökumann ekki undan varúðarskyldum, sem á honum hvíla. Því sé rétt að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum. Ekki séu rök fyrir því að leggja hluta sakar á ökumann B þar sem ekki verði lögð svo rík aðgæsluskylda á hann að með sanngirni megi gera hann ábyrgan fyrir að ná ekki að bregðast við háttsemi ökumanns A.

Álit.

Ökumaður A ók á undan B og ætlaði að taka u-beygju. Bar honum við það að gæta sérstaklega að því að það væri hægt án óþæginda fyrir umferð sem á eftir kom, sbr. 1. mgr. 17. umferðarlaga, sbr. einnig 15. og 16. gr. sömu laga. Ökumaður A gætti ekki nægjanlega vel að þessari skyldu sinni og ber því að leggja megin hluta sakar á hann. Ökumaður B viðurkennir hins vegar að hafa ekki veitt A athygli fyrir en of seint og hafi því ekki náð að hemla í tæka tíð. Með því telst hann hafa brotið gegn 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga og ber hann því hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 186/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins X.****Líkamstjón barns við að renna sér á sleða 21.2.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 9.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 26.6.2017, ásamt fyrirspurnabréfi V til X dags. 29.12.2016 og svör X með bréfi dags. 4.1.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M var að renna sér á snjópotu við raðhúsallengju í sveitarfélaginu X. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hún hafi rennt sér efst úr brekku og hún hafi ekki náð að stoppa vegna hálfu við göngustíg sem hafi verið neðst í brekkunni og hafi þannig runnið yfir hann og niður næstu brekku og endað inni í garði á tréþalli við húseign.

M telur að sveitarfélagið X beri ábyrgð á líkamstjóni M þar sem ekki hafi verið gerðar ráðstafanir sem X hafi verið skylt að gera á grundvelli reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim. M telur að umrætt svæði sem hún var að renna sér á hafi verið leiksvæði í skilningi 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, enda sé um að ræða leiksvæði annarra aðila en sveitarfélagsins þar sem börn eiga greiðan aðgang að eða ætlað börnum svo sem í eða við fjöleignarhús. M telur að starfsmenn X hefðu átt að gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu og sérstaklega í ljósi þess að húsráðandi hússins hvar M lenti á tréþallinum hafði áður haft samband við starfsmenn X og óskað eftir úrbótum á svæðinu til að fyrirbyggja slys. Einnig vísar M til 8. t. II. viðauka fyrrnefndrar reglugerðar um hönnun sleðabrekku, þar sem kemur fram að við hönnun slíkra skuli koma fyrir bólstruðum stöðvunarhindrunum þar sem þörf er á. Það hefi ekki verið gert og séu skýr orsakatengsl á milli vanrækslu starfsmanna X á umræddum skyldum og líkamstjóni M.

V telur að X hafi ekki borið að grípa til sérstakra ráðstafana vegna aðstæðna í sveitarfélaginu á umræddum stað. Ekki hafi verið þekkt slys á umræddum stað áður en M slasaðist og hafi því ekki verið þekkt slyshætta á svæðinu.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að haft hafði verið samband í lok nóvember 2015 við sveitarfélagið X vegna þess svæðis sem er á bak við húseign þá þar sem M slasaðist síðan í febrúar 2016. Verður ekki annað séð en að húseigandi hafi haft áhyggjur af því að hætta væri á að sleðar lentu inni í garði hjá honum ef ekkert væri að gert. Þegar litið er til gagna málsins verður ekki hægt að fullyrða að um leiksvæði hafi verið að ræða í skilningi reglugerðar nr. 942/2002 og verða ákvæði hennar ekki túlkuð þannig að starfsmönnum X hafi borið að gera sérstakar ráðstafanir vegna þeirra tveggja brekkna sem eru fyrir ofan húseignina sem M lenti á, þrátt fyrir almennar athugasemdir húseiganda um tveimur mánuðum fyrr. Verður því ekki fallist á skaðabótaskyldu X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 187/2017
M og
V v. fjölskyldutrygging, réttaraðstoðarlið v. sölu bifreiðarinnar A

Krafa um bætur úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar
v. nauðungarsölu bifreiðar þ. 25.3.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-12
2. Bréf V dags. 27.6.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M gerði kaupleigusamning um kaup á bifreiðinni A og var A seld nauðungarsölu þ. 25.3.2017 vegna vanskila á greiðslum, en M gera kröfu fyrir héraðsdómi um ógildingu uppboðsins auk þess að fá mál vegna bifreiðarinnar endurupptekið. M gerir kröfu um bætur úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar vegna meðferðar málsins vegna nauðungarsölu bifreiðarinnar o.fl. Af hálfu M er því haldið fram að ákvæði í váttryggingaskilmálum um að undanþiggja ágreining sem varðar váttryggðan sem eiganda eða notanda bifreiðar beri að skýra þröngt þar sem um undanþáguákvæði sé að ræða. Þá telja M óeðlilegt að V skuli hafna þessari kröfu, en hafi áður samþykkt aðra sambærilega vegna uppgjörs kröfu vegna bifreiðarinnar. Þá byggja M á því að ákvæði 36. gr. laga nr. 7/1936 laga um samninga, umboð og ógilda löggerninga og l. nr. 30/2004 um váttryggingasamninga valdi því að V geti ekki borið fyrir sig takmörkun á bótaskyldu í málinu. V hafnar bótaskyldu og telur ágreiningin varða M sem eiganda og/eða notanda bifreiðar en slík mál séu undanskilin skv. váttryggingasamningi aðila. V tekur fram að félagið hafi samþykkt bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu vegna mögulegrar endurupptöku máls aðila vegna útreiknings eftirstöðva hins gengistryggða kaupleigusamnings um bifreiðina, en hafi hins vegar hafnað kröfu um bætur vegna nauðungarsölu bifreiðarinnar enda um tvö mál að ræða.

Álit.

Í váttryggingaskilmálum grein 3.7 í 10. kafla er tekið fram að váttryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varði váttryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis o.fl. Mál það sem hér ræðir um er krafa M um ógildingu nauðungarsölu bifreiðarinnar A og varðar þau sem eigendur og/eða notendur vélknúins farartækis og þegar af þeirri ástæðu eiga þau ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðarlið fjölskyldutryggingar sinnar hjá V. Í því sambandi breytir engu þó félagið hafi samþykkt bótaskyldu vegna máls sem varðar endurútreikning á greiðslulið kaupleigusamnings um bifreiðina.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldulið réttaraðstoðartryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 22.8. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 188/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns af völdum bifreiðaáreksturs.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.6.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.6.2017.

Málsatvik.

Hinn 15. september 2015 var bifreiðinni A ekið aftan á bifreið sem M ók vestur Miklubraut í Reykjavík til móts við Stakkahlíð. Skýrsla var gerð um áreksturinn og einhverju síðar gaf M frekari skýrslu þar sem fram kom að hún hafi frá því áreksturinn varð fundið til í baki. Í júlí 2016 leitaði M til heimilislæknis á heilsugæslustöð. Í fyrirliggjandi vottorði læknisins, dags. 14. október 2016, segir að við komuna hafi M verið með mánaðarsögu um versnandi bakverk. Hún hafi lent í aftanákeyrslu 15. september 2015 og fengið í kjölfarið bakverk sem hafi verið undirliggjandi síðan þá. Í fyrstu hafi M ekki tengt þennan versnandi verk sem hún hafi verið með við komuna á heilsugæslustöðina við aftanákeyrsluna en geri það nú, verkurinn sé svipaður en miklu verri og leiði niður hægra læri. Læknirinn hafi hitt M að nýju 31. ágúst sama ár, eða sex vikum síðar. Þá hafi bakverkurinn versnað og enn þá hafi verið leiðni niður í hægra læri. Við skoðun þá hafi þreifiefmsli verið „paraspinalt“ í mjóbaki og taugaskoðun á neðri útlimum verið eðlileg. Fengin var segulómun af lendhrygg sem sýndi „prolapse á liðbili L4-5 fyrir miðlínu og inferiort, engin örugg ratarcompression.“ Fengið hafi verið álit heila- og taugaskurðlæknis sem ekki hafi mælt með aðgerð. M haldi því áfram að styrkja sig og taki verkjalyf eftir þörfum. Engar komur hafi verið á heilsugæslu eða bráðamóttöku beint eftir slysið. Í lok vottorðsins segir að mögulegt sé að slysið hafi valdið þeim einkennum sem M sé með.

M hefur krafist bóta fyrir það líkamstjón sem hún telur sig hafa orðið fyrir við áreksturinn 15. september 2015 úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V telur útilokað að bakeinkennum M megi rekja til árekstursins og hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engum vafa er undirorpið að ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum og því tjóni sem hlaut við hann, þ. á m. því líkamstjóni sem M kann að hafa orðið fyrir af völdum hans. Gögn málsins um líkamstjón M eru af skornum skammti. Engin matsgerð liggur fyrir í málinu um það líkamstjón sem hún telur sig hafa orðið fyrir við áreksturinn. Af fyrirliggjandi gögnum verður ráðið að M hafi fyrst leitað til læknis um tíu mánuðum eftir áreksturinn og kvartað þá undan verkjum í baki með leiðni niður í hægra læri. Þótt ekki sé unnt að slá föstu að hún hafi ekki orðið meiðslum þá verður á hinn bóginn gegn mótmælum V ekki talið nægilega sannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem leiði til bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A. Við svo búið á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 189/2017**M og
vátryggingafélagið V ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við vöruflutninga 30.5.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 14.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 23.6.2017, ásamt afriti af tölvupósti V til lögmanns M dags. 3.3.2017 og tölvupósti vitnis til V dags. 10.2.2017.

Bréf lögmanns M dags. 28.6.2017, ásamt einblöðungi X með yfirskriftinni „Öryggismál“.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram sú lýsing á atvikum að M hafi verið að aflesta vagn með 8 metra rörum og hafi þau lent ofan á hendi hans þannig að hann slasaðist. Nánar er haft eftir M í tjónstilkynningu til V dags. 14.2.2017 að M hafi haldið undir annan endann á vöru sem hann var að afgreiða út en samstarfsmaður hans hafi haldið við hinn endann og misst takið á vörunni með þeim afleiðingum að fingur M varð undir henni. Sama frásögn kemur fram af hálfu M í tilkynningu hans til lögreglu á slysdegi, sbr. bókun úr dagbók hennar frá þeim degi. Í tölvupósti dags. 10.2.2017 kemur fram lýsing samstarfsmanns M á atvikum: „Við ætluðum að lyfta rörabúntinu á lyftaragafflana til að getað komið því útúr vagninum. Það var alveg mjög þungt og ég missti takið þegar við vorum varla búnir að koma því frá gólfinu, [M] hélt á búntinu með krossaða putta (eins og maður gerir þegar maður er að biðja til guðs) þannig að [M] náði ekki að sleppa rörinu áður en bylgjan sló höndunum hans í gólfið á vagninum.“

M telur að líkamstjón hans sé rakið til mistaka samstarfsmanns hans sem hafi misst takið á því sem þeir voru báðir að lyfta. Byrðin hafi verið þung, a.m.k. 60 kg, og telur M að gáleysi samstarfsmannsins felist í því að hafa sleppt byrðinni fyrirvaralaust, án þess að vara M við eða láta vita að hann væri í erfiðleikum með að lyfta þeirri byrði sem þeir voru að lyfta saman. Því til viðbótar telur M að vinnuveitandi hans, X, hafi ekki sinnt þeirri skyldu sinni að tryggja að gætt sé fyllsta öryggis á vinnustað með því m.a. að hafa ekki tryggt M og samstarfsmanni hans viðeigandi búnað til að flytja þá byrði sem þeir áttu að flytja og/eða ganga úr skugga um að þeir hafi haft líkamlegan styrk til verksins ella. Þær skyldur komi fram í almennum ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglum settum á grundvelli þeirra. Einnig bendir M á að slys hans hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins eins og 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 gerir ráð fyrir. M telur að X verði því að bera hallann af skorti á sönnun um málsatvik þar sem rannsókn fór ekki fram af hálfu Vinnueftirlitsins.

V telur að skaðabótaskylda sé ekki fyrir hendi af hálfu X. Ekki sé sýnt fram á að gáleysi samstarfsmanns M hafi leitt til slyssins heldur verði það, að hann missti tak á þeirri byrði sem þeir voru að lyfta sameiginlega, rakið til óhappatilviljunar. Samstarfsmaður M hafi ekki haft ráðrúm til að vara við þegar byrðin féll og ekki sé sýnt að hann hafi borið sig að því að lyfta henni með saknæmum hætti. V telur heldur ekki sýnt að brotið hafi verið gegn vinnuverndarlögum eða reglum að fela M og samstarfsmanni hans flutning á vörum með þeim hætti sem gert var.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að M hafi orðið óvinnufær á slysdegi og að skilyrði 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hafi verið uppfyllt um tilkynningarskyldu X til Vinnueftirlitsins þegar í stað. Tilkynning X til Vinnueftirlitsins er ekki dagsett fyrr en 30.1.2017 og er ekki staðfest í gögnum málsins að X hafi sinnt henni með öðrum hætti en með þeirri tilkynningu. Verður því að leggja frásögn M til grundvallar af atvikum málsins.

Þegar litið er til þeirra frásagnar, sem ekki er að sjá að ágreiningur sé um á milli aðila, verður ekki annað séð en að M og samstarfsmaður hans, báðir starfsmenn X, hafi verið að lyfta um 60 kg byrði þegar samstarfsmaður missir skyndilega tak á byrðinni. Ekki verður annað séð en að atvikið hafi átt sér stað í þann mund sem þeir eru að lyfta byrðinni og að það gerist skyndilega. Eins og frásögn M

liggur fyrir í gögnum málsins er ekki hægt að álykta af henni að samstarfsmaður hans hafi sýnt gáleysi þegar hann lyfti títtnefndri byrði og það hafi leitt til þess að hann missti takið á henni. Verður að líta svo á að meðan slíkt er ekki sannað þá hafi verið um óhappatilviljun að ræða sem X ber ekki skaðabótaábyrgð á. Þegar litið er til laga og reglna á sviði vinnuverndar þá er ljóst að þær skyldur sem X hefur til að tryggja öryggi starfsmanna sinna á vinnustað eru nokkrar. Verður þó ekki heldur séð af frásögn M að slíkar skyldur hafi verið vanræktar þannig að metið sé X til sakar. Verður því ekki heldur fallist á skaðabótaskyldu af hálfu X vegna þess.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 190/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega S.

Kona missti stjórn á hesti og datt af baki og slasaðist 1.3.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-16.
2. Bréf V dags. 23.6.2017 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M segir að hún hafi verið á hestbaki og hesturinn hafi rokið með sig af stað, stjórnlaus, með þeim afleiðingum að hún féll eða hoppaði af baki og slasaðist. Slysið varð 1.3.2015 og það var tilkynnt til V vegna slysatryggingar launþega S 16.3.2017. Ágreiningur í málinu er um hvort að tilkynningafrestur hafi verið liðinn eða ekki skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. M byggir á því að henni hafi ekki orðið ljóst að slysið mundi hafa varanlegar afleiðingar fyrr en í byrjun árs 2017 eftir að hún hafði undirgengist aðgerð á mjöðm. M segist alltaf hafa gert ráð fyrir því að einkennin sem hún hafði eftir slysið myndu ganga til baka.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að eftir að M féll af hestbaki 1.3.2015 hafi hún verið á sjúkrahósti í þrjár vikur og útskrifast þaðan í endurhæfingu á Grensás. Mjaðmagrind M hafi verið svo möskuð að ákveðið hefði verið af læknum að bíða og sjá hvernig brotið mundi gróa. Þá segir V að í lok ágúst 2015 hafi verið ákveðið að setja M á biðlista yfir mjaðmaskiptaaðgerð. V segir að þegar á slysdegi hafi M mátt vera ljós atvik sem krafa hennar um bætur úr tryggingunni byggðust á og í síðasta lagi 11.3.2015 þegar M tilkynnti um slysið til annars tryggingafélags þar sem M var með frítímaslysatryggingu og í allra síðasta lagi 7.5.2015 þegar M sagði heimilislækni sínum að hún þyrfti að fara í mjaðmaskiptaaðgerð.

Álit.

Skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga glatar sá rétti til bóta úr persónutryggingu, ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. M varð fyrir alvarlegum meiðslum vegna hestaslyss 1.3.2015. Ekki er ágreiningur um að tjónstilkynning vegna slyssins barst V ekki fyrr en 16.3.2017. Slysið M var mjög alvarlegt eins og að framan greinir og verður að telja að M hafi verið ljós þau atvik sem krafan er reist á ekki síðar en í maímánuði sama ár og hún slasaðist þegar hún fékk upplýsingar um fyrirhugaða mjaðmaskiptaaðgerð. Tjónstilkynning lögmanns M barst því eftir að tilkynningafrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga var liðinn. M á því ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu S hjá V.

Reykjavík 17.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 191/2017**M
og****Vátryggingafélag Íslands hf. (V) v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um hvort bótaréttur sé fallin niður þar sem tjón hafi verið tilkynnt of seint.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.6.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 19.6.2017.

Málsatvik.

Hinn 30 apríl 2013 var M í svonefndum „lazer tag“ leik í skóla sínum, en í leiknum handleika þátttakendur leikfangabyssur. Rakst þá byssuskefti eins þátttakanda í andlit M með þeim afleiðingum að þrjár tennur brotnuðu. M var til meðferðar hjá A, tannlækni, vegna tannbrotnanna. B, faðir M, hafði í gildi fjölskyldutryggingu hjá V sem meðal annars felur í sér slysáttryggingu í frítíma fyrir þá sem vátryggðir eru samkvæmt vátryggingunni, þ. á m. M. Hinn 14. ágúst 2013 leitaði B, á skrifstofu V á Ísafirði og ræddi við umdæmisstjóra V á svæðinu, þar sem upplýst var um tjónið. Síðar sama dag sendi umdæmisstjórinn svohljóðandi tölvubréf til A: „Varðandi tjónið þá þurfum við formlega tilkynningu, þ.e. fylla þarf út þessa tilkynningu. Eigið þið nokkuð afrit af áverkavottorðinu frá [A]?“

Hinn 10. febrúar 2016 sendi lögmaður M tölvubréf til V þar sem málsatvikum er lýst auk þess sem V var send sérstök tjónstilkynning útfyllt á eyðublaði þess, dags. 17. febrúar 2016. Með bréfi V 20. júní 2016 var bótaskyldu hafnað þar sem eins árs tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga hafi verið liðinn þegar tilkynningin barst 10. febrúar 2016, en upphaf frestsins væri miðaður við daginn þegar tennurnar brotnuðu. Í athugasemdum V vegna málskotsins er við það miðað að upplýsingar þær sem B veitti starfsmanni V um tjónið á skrifstofu þess 14. ágúst 2013 hafi ekki falið í sér fullnægjandi tilkynningu um tjónið þannig að frestur skv. 1. mgr. 124 gr. vsl. hafi þá rofnað. Gera verði ákveðnar lágmarkskröfur til tilkynningar og hún þurfi að vera nægilega skýr og innihalda fullnægjandi upplýsingar svo félagið geti hafið rannsókn og gagnaöflun á vátryggingaratburði og hafið vinnu við að meta tjón og taka ákvörðun um bótaskyldu. Með formlegri tilkynningu fái félagið þær upplýsingar sem þurfi svo hægt sé að skrá tjónið, taka afstöðu til bótaskyldu eða kalla eftir frekari gögnum.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, eins hún var orðuð þegar vátryggingaratburðurinn varð, glatar sá sem rétt á til bóta samkvæmt slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Eins og ákvæðið er orðað eru engar kröfur gerðar til forms tilkynningar né heldur hver skuli tilkynna félaginu um vátryggingaratburð.

Ekki er um það deilt að B, faðir M, kom á skrifstofu V á Ísafirði 14. ágúst 2013 og tilkynnti starfsmanni félagsins um þá tannáverka sem M hafði orðið fyrir 30. apríl sama ár. Jafnvel þótt tilkynningin hafi verið munnleg átti starfsmanninum að vera í lófa lagið að afla allra þeirra upplýsinga sem félaginu voru nauðsynlegar til að gera viðeigandi ráðstafanir vegna tjónsatburðarins, svo sem að skrá tjónið ef því var að skipta. Ekki verður séð að á þessu stigi hafi verið þörf fyrir félagið að fá í hendur gögn í því skyni að geta tekið afstöðu til bótaskyldu og eftir atvikum ákveðið fjárhæð bóta. Að þessu virtu verður að telja að tilkynningarskyldu skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 hafi verið fullnægt þegar B upplýsti starfsmann V um tjónið í ágúst 2013. M hefur því ekki glatað rétti sínum til bóta og telst tjón hennar því bótaskyldt úr slysáttryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frítímaslysaftryggingu hjá vátryggingafélaginu V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 192/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Í.
Vinnuslys þegar maður féll aftur fyrir sig og slasaðist 10.7.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
2. Bréf V dags. 20. 7.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M var að vinna við uppsetningu snjóflóðavarnargirðingar í fjalli, þegar hann féll um 3-4 metra aftur fyrir sig niður fjallið og lenti á undirstöðu fyrir jarðbor og slasaðist. M segist hafa verið að toga í bönd sem voru notuð við að festa jarðbor til að gæta að hvort þau væru tryggilega boruð niður þegar festing gaf sig með þeim afleiðingum að hann féll aftur fyrir sig í miklum halla. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins þrátt fyrir ákvæði 79. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V og byggir á því að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar á verkstað og festingar á jarðbor hafi verið óforsvaranleg og Í beri ábyrgð á þeim vanbúnaði. Af hálfu M er sagt að hann sé ófaglærður launþegi og hafi ekki verið verkstjóri eða stjórnandi og hafi M einungis starfað í mánuð á vinnustaðnum þegar slysið varð. V hafnar bótaskyldu, en verði á hana fallist telur V að M eigi sjálfur að bera hluta sakar. V byggir á því að ekki hafi verið sýnt fram á að óhappið á vinnustaðnum umræddan dag hafi orðið vegna saknæmrar og ólögmætrar háttsemi eða eftir atvikum athafnaleysis Í eða annarra aðila sem Í ber ábyrgð á. V segir að M hafi haft stöðu verkstjóra við umrætt verk. Þá sé M skráður sem borstjóri í öllum verkfundargerðum vegna verksins. V segir að M hafi haft töluverða reynslu og þekkingu af störfum eins og þeim sem hann var að vinna við í umrætt sinn. V segir að þar sem M hafði stöðu verkstjóra hafi honum borið að gæta að öryggi starfsmanna þ.á.m. sjálfs sín og hlutast til um úrbætur eða gera vinnuveitanda viðvart og eftir atvikum stöðva framkvæmdir ef hann hefði talið þess þörf. V segir að M hafi ekki getað togað í böndin án þess að gera ráð fyrir að þau væru laus, þar sem hann var að kanna það hvort svo væri eða ekki.

Álit.

Í ráðningarsamningi milli Í og M dags. 10. júlí 2014 er starfsheiti M verkstjóri. Samkvæmt fundargerðum verkfunda vegna þess verks, sem unnið var að þegar M slasaðist er hann jafnan titlaður borstjóri en aðrir aðilar á þeim fundum eru tilgreindir sem verkstjóri verktaka, fulltrúi verkstjóra á verkstað og öryggisstjóri á verksstað. Miðað við fyrirbyggjandi fundargerðir verkfunda vegna verksins sem um ræðir er óhætt að slá því föstu að M gegndi ekki stöðu verkstjóra og hafði ekki með öryggismál eða starfshætti á vinnustað að gera við umrætt verk þegar hann slasaðist. Slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins þrátt fyrir ótvíræða lagaskyldu Í að gera það þegar slys eins og þau sem hér ræðir um gerast. Rannsókn Vinnueftirlitsins á verkstað svo sem lög gera ráð fyrir hefði átt að leiða í ljós hvernig aðstæður voru og hvort fullyrðing M stæðust eða ekki um að aðstæður hafi verið óforsvaranlegar. Þar sem Í vanrækti skyldu sína að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins verður að leggja frásögn M um aðdraganda að slysinu og aðstæður á verkstað ásamt öðrum fyrirbyggjandi gögnum, til grundvallar í málinu. Af þeirri frásögn verður ekki annað ráði en að aðstæður hafi verið ófullnægjandi í umrætt sinn. Á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V en háttsemi hans sjálfs telst ekki til stórkostlegs gáleysis eða ásetnings í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 29.8. 2017.
Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 193/2017**M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar A.****Brotið glerhlið við Austurkór X, 8. nóvember 2016.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.6.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 20.6.2017, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Þann 8. nóvember 2016 brotnaði glerhlið hjá íbúa við Austurkór X í Kópavogi eftir að sorptunna fauk á það. Sorptunnur við húsið eru festar með keðju upp við vegg hússins svo þær fjúki ekki til og valdi tjóni. M telur að tunnurnar hafi ekki verið festar aftur eftir að sorphirðumenn höfðu tæmt þær. Slíkt hefði gerst margsinnis áður og hafi M oft þurft að tína upp rusl og setja tunnur aftur á sinn stað. Tvívegis hafi verið kvartað til Kópavogsbæjar vegna þessa. A sér um sorplosun og því er gerð krafa í ábyrgðartryggingu A hjá V. V hafnaði tjóninu þar sem það hafi orðið fjórum dögum eftir að starfsmenn A voru að störfum við sorphirðu og gengið hefði verið um tunnurnar milli þess sem þær voru tæmdar og fram að tjónsdegi. M telur hins vegar að ekki sé hægt að ætlast til þess af íbúum að kanna ávallt hvort gengið hafi verið frá tunnnum með réttum hætti eftir sorplosun. Þá hafi umrædd losun átt sér stað í nóvember þegar dimmt er úti mestan part sólarhringsins og M aðeins gengið um ílátin í myrkri fyrir og eftir vinnu og því ekki getað séð að frágangur hafi verið ófullnægjandi.

Í bréfi V kemur fram að umrædd tunna hafi verið losuð þann 4. nóvember en tjónið orðið þann 8. nóvember. Sorp hafi verið í tunnunni þegar hún fauk og því megi ætla að gengið hafi verið um tunnurnar milli þess sem þær voru tæmdar og fram að tjónsdegi. Að mati félagsins sé því ósannað að A beri ábyrgð á tjóninu enda hafi ekki verið staðreynt að ekkert hafi verið aðhafst við tunnurnar frá losun fram að tjónsdegi. Sönnunarbyrði hvíli á tjónþola og honum hafi ekki tekist að sanna sök starfsmanna A.

Álit.

Starfsmenn A losuðu sorpílát við Austurkór X þann 4. nóvember 2016 og fjórum dögum síðar fuku ílátin á glerhlið sem brotnaði við það. M ber sönnunarbyrði fyrir því að tjónið megi rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna A. Þar sem 4 dagar liðu frá losuninni fram að tjónsatburði og gengið var um ílátin á þeim tíma verður að telja að M hafi ekki sýnt fram á með óyggjandi hætti að starfsmenn A beri ábyrgð á tjóninu og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 194/2017**M og
váttryggingafélagið V sumarhúsatryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála vegna vatnsleka 10.5.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 16.6.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 28.6.2017, ásamt tjónstilkynningu, lýsingu M á tjóninu, höfnunarbréfi V, tölvupóstssamskiptum V við M eftir höfnun, myndum M af vettvangi og váttryggingaskilmálum.

Tölvupóstur M dags. 2.7.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi sent rafræna tjónstilkynningu til V um vatnstjón í sumarhúsi þann 16.6.2016. Þar á undan kveðst M hafa haft samband við starfsmann hjá V um leið og tjóns varð varð, eða 10.5.2016 og sjá má lýsingu af hálfu M á ástandi eignarinnar og þeim ráðstöfunum sem gripið var til í tölvupósti til umrædds starfsmanns dags. 6.6.2016. Um var að ræða bleytu sem myndast hafði undir flísunum á baðherbergi og farið undir parket á gangi og fram í stofu. Í lýsingu M kemur fram að pípulagningamaður hafi komið á staðinn og það hafi þá komið í ljós að affalsrör frá niðurfalli í sturtu hafi rofnað frá stamma og vatnið því ekki lekið rétta leið og því valdið tjóni. M telur að sumarhúsatrygging sem í gildi var hjá V eigi að bæta tjónið. M hafi tekið myndir af tjónsvettvangi og óskað eftir aðstoð V strax og tjón hafi komið upp en starfsmenn V hafi ekki komið á staðinn. M kveðst einnig hafa látið starfsmann V vita að gerðar hafi verið ráðstafanir með viðgerð og starfsmaður V hafi ekki gert athugasemdir og hafi M því litið á það sem samþykki. Það hafi síðan ekki verið fyrir en eftir að „formleg“ tilkynning hafi verið send til V og viðgerð átt sér stað að V hafi hafnað að greiða kostnað vegna þess.

V vísar til váttryggingarskilmála sumarhúsatryggingar og þá sérstaklega gildissviðsákvæða vatnstjónstryggingar húseigendahluta hennar í 23. gr. og að umrætt atvik falli ekki undir gildissvið tryggingarinnar eins og það er þar skilgreint. Einnig bendir V á að félaginu hafi ekki verið gefinn kostur á að koma á staðinn og kanna orsök tjónsins og telur ósannað að starfsmaður V hafi gefið vilyrði fyrir viðgerð og kostnaðarþátttöku V. V telur að tjón sem verði vegna þess að ekki sé rétt gengið frá frárænnislögnum falli ekki undir gildissvið sumarhúsatryggingar V og telur að orsök tjóns M sé líklegast sú að frágangi með niðurfalli hafi verið ábótavant auk þess sem lekinn hafi ekki verið skyndilegur og óvæntur.

Álit.

Í 23. gr. váttryggingarskilmálanna kemur fram að váttryggingin bæti skemmdir á váttryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af skyndilegum, óvæntum og ófyrirséðum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárænnislögnum hennar. Váttryggingartaki ber sönnunarbyrði um að gildissvið váttryggingar hans eigi við um tjónsatvik það sem hann krefst bóta vegna. Í málinu liggja ekki fyrir afgerandi gögn um að skemmdir í sumarhúsi M stafi af skyndilegum og óvæntum og ófyrirséðum leka úr vatnsleiðslu, hitakerfi eða frárænnislögnum hennar. Ekki liggur fyrir skýrsla úttektaraðila eða sérstakt mat á orsökum tjónsins.

Þó óheppilegt hafi verið að samskipti M við starfsmann V að því er virðist í maí 2016 hafi leitt til misskilnings um hvort aðrir starfsmenn V þyrftu að koma á tjónsstað áður en viðgerð hófst, liggur ekkert annað en frásögn M fyrir um að gefið hafi verið vilyrði fyrir viðgerð af hálfu V á kostnað þess. Ber M einnig sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni. Í gögnum málsins er ekki að finna staðfestingu þessa og verður því ekki heldur lagt til grundvallar að bótaskylda hafi verið viðurkennd af hálfu V þegar tjónið komi upp eða að gildissvið váttryggingarskilmála sé uppfyllt. M.v. gögn málsins telst M því ekki hafa sýnt fram á að tjón á sumarhúsi í maí 2016 hafi ótvírætt fallið undir gildissvið 23. gr. váttryggingarskilmála V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sumarhúsatryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða í hringtorgi við Dalsmára 7.4.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 15.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V1, dags. 21.6.2017.

Bréf V2, dags. 6.7.2017

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir tjónstilkynning vegna áreksturs bifreiðanna A og B í hringtorgi við Dalsmára. Þar kemur fram að bifreiðunum var ekið samhliða eftir Fífuhvamsvegi og inn í hringtorgið þannig að bifreið A var ekið á vinstri akrein, eða í innri hring hringtorgsins og bifreið B á hægri akrein, eða í ytri hring. Árekstur varð milli bifreiðanna þegar bifreið A var ekið strax til hægri út úr hringtorginu en fyrirhuguð akstursstefna bifreiðar B var framhjá þeim útakstri og áfram að þeim næsta

M telur að umferð í innri hring hringtorgs eigi forgang við akstur úr hringtorgi auk þess sem hún hafi gefið stefnuljós til hægri áður en hún beygði áleiðis út úr hringtorginu og þannig hafi ökumanni bifreiða B mátt vera ljós akstursstefna hennar, auk þess árekstur hafi ekki orðið fyrr en hún var komin langleiðina út úr hringtorginu. Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji meginsök hvíla á ökumanni bifreiðar A þar sem hann hafi ekið út úr hringtorgi við fyrsta útakstur af vinstri akrein og þannig tekið hægri beygju á rangan hátt m.t.t. fyrirmæla í 1., sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þar komni fram að ökumaður skuli taka hægri beygju þannig að hann færi sig í tæka tíð á akrein sem er lengst til hægri og halda bifreið sinni sem mest til hægri á akbrautinni. Þetta hafi ökumaður bifreiðar A ekki gert réttilega. V telur að skipta eigi sök eftir venju sem V telur hafa skapast við svipaðar aðstæður þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar. Í tölvupósti V1 til nefndarinnar er einungis vísað til röksemda málskotsaðila og gagna málsins.

Álit.

Í 1., sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur fram hvernig haga skal akstri á gatnamótum þegar fyrirhugað er að taka hægri beygju. Í þeim lögum eru ekki sérstök ákvæði um akstur á hringtorgum og verður því að líta til ofangreindra ákvæða í 15. gr. vegna aðstæðna sem eru uppi í hringtorginu við Dalsmára. Ökumaður bifreiðar A (M) gætti þess ekki að velja þá akrein sem var lengst til hægri á akbrautinni vegna fyrirhugaðrar hægri beygju strax á fyrstu gatnamótum. Í því felst sök af hálfu ökumanns bifreiðar A Hvað varðar háttsemi ökumanns bifreiðar B verður að líta til þess hvar árekstur verður og að honum bar einnig að sýna aðgát við akstur um gatnamótin. Með hliðsjón af öllum aðstæðum þessa tiltekna máls og röksemda hér að ofan verður sök skipt þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B beri 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B beri 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 22. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.
Vinnuslys á fuglabúi 2. desember 2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 15.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 17.7.2017, ásamt fylgiskjölum, merktum 1-11.

Málsatvik.

Í málinu liggur ekki fyrir sérstök tjónstilkynning með lýsingu á atvikum þess að M hlaut líkamstjón við vinnu sína í fuglahúsi X. Ekki virðist þó vera ágreiningur um að M hafi verið að stíga yfir fóðurlínu í fuglahúsinu þegar hún hafi rekið fótinn í línuna og þá gripið í vir til að forða sér falli og þannig hlotið líkamstjón. Í málskoti kemur fram að M hafi fest fót „í einum upphengivirnum og steiptist fram fyrir sig.“ Þar segir að hún hafi gripið með vinstri hendi um virinn og ríghaldið í hann, „þannig að hún snérist í hálfhring og fékk harðan hnykk á vinstri hlið.“

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem aðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi. Vísar M m.a. til þess að húsnæði X hafi verið vanbúið m.t.t. þess að starfsmenn X hafi margoft þurft að klofa yfir fóðurlínur í fuglahúsum, með tilheyrandi slyshættu. Einnig vísar M til þess að þegar hún slasaðist var nýbúið að setja nýtt fóðurkerfi í það hús sem hún slasaðist í. Það hafi verið þannig að fóðurlína var 47 cm frá gólfi og starfsmenn hafi þurft að klofa ítrekað yfir línuna til að geta sinnt starfi sínu. Einnig er vísað til þess að aðstæður hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli í reglugerð um húsnæði vinnustaða eða að fóðurlínan sjálf hafi verið í samræmi við fyrirmæli í reglugerð um notkun tækja. Ekki hafi heldur legið fyrir áhættumat eða sérstök leyfi til að setja upp starfsemi í umræddu húsi, en rétt fyrir slys M hafði húsnæðinu verið breytt frá því að vera minkaræktunarhús í að vera fuglaræktunarhús. Einnig kemur fram í málatilbúnaði M að hún hafi kvartað við yfirmenn sína hjá X yfir aðbúnaði á vinnustaðnum.

V telur ósannað að vinnuaðstæður þar sem M slasaðist hafi verið ófullnægjandi. V vísar á bug að húsnæði X hafi ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar séu í reglum um húsnæði vinnustaða, sem M vísar til. V vísar til þess að M hafi sjálf verið bústjóri hjá X þegar hún slasaðist og í því starfi felist að bera ábyrgð á daglegum verkum í búinu og skipuleggja vinnu starfsfólks. M hafi því verið öllum hnútum kunnug í húsnæðinu og hún hafi komið að vinnu við uppsetningu nýs búnaðar í títtnefndu húsi stuttu áður. Einnig vísar V til þess með gögnum að leyfi frá viðeigandi yfirlögum hafi legið fyrir þegar húsinu var breytt frá því að vera minkaræktunarhús í fuglaræktunarhús. Líkamstjón M megi rekja til óhapps en ekki atvika eða aðstæðna sem eru á ábyrgð X.

Frekari athugasemdir hafa ekki borist frá lögmanni M þrátt fyrir nokkuð langan frest til að koma þeim á framfæri.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M slasaðist við vinnu sína í tilteknu fuglaræktunarhúsi X, sem nýbúið var að breyta úr því að vera minkaræktunarhús og hafði til þess tilskilin leyfi. Í gögnum málsins liggja fyrir lýsingar á þeim búnaði sem settur var upp í því húsi og aðstæðum við vinnuna. Ekki verður af þeim gögnum talið nægilega sannað að búnaðurinn eða aðstæður í fuglaræktunarhúsi X hafi verið í andstöðu við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eða reglur eða reglugerð um húsnæði vinnustaða eða notkun tækja. Sönnunarbyrði um það hvílir á M. Verður því ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2017
M og
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðar A.

Umferðaróhapp á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar 21.10.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 19.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 30.6.2017.

Málsatvik.

M segir að hann hafi verið á gangi yfir Urðarbraut á gatnamótum Urðarbrautar og Borgarholtsbrautar í Kópavogi gegnt grænu ljósi þegar hópferðabifreiðin A hafi ekið utan í sig. M segist ekki hafa dottið við höggið heldur hrökklast undan. M segist kenna sér meiðsla í mjóbaki eftir slysið og meins í spjaldlið og mjöðm auk þess að hann sé haldinn miklum kvíða og depurð og beri einkenni álagsstreitu og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A vegna þess.

V hafnar bótaskyldu og segir að í framburði vitnis hjá lögreglu segi að vitnið hafi ekki séð að A hafi ekið á M. Þá segir V að ökumaður A segist ekki hafa séð M nálægt A og engar ákomur hafi verið sýnilegar. V telur því ósannað að A hafi ekið á M í umrætt sinn. Ökumaður A segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekki séð neina gangandi umferð, en séð síðan í baksýnispeglinum mann fyrir aftan A, sem hafi gengið í átt að sundlauginni og hafi maðurinn síðan komið og sagt að A hafi verið ekið á sig og hafi sér komið það á óvart. Ökumaður A segir að A hafi verið skítug, en ekki hafi sést á bifreiðinni að henni hafi verið ekið utan í nokkuð og þá hafi ekki verið óhreinindi á fötum M.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um það hvort að A hafi ekið utan í M eða ekki. M heldur því staðfastlega fram að A hafi verið ekið utan í sig, en hann ekki fallið við það, en hlotið tilgreind meiðsli. M leggur hins vegar ekki fram nein heilsufarsgögn, sem rennt gætu stoðum undir þá fullyrðingu hans, að hann hafi orðið fyrir tjóni í umrætt sinn. Ökumaður A neitar eindregið að hafa ekið á eða utan í M. Í málinu er ekkert sem sýnir fram á það með ótvíræðum hætti að A hafi verið ekið utan í M og á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 29.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 198/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar.

Uppgjör bóta fyrir varanlega örorku vegna slyss 4.11.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 20.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-16.
2. Bréf V dags. 4.7.2017.

Málsatvik.

M slasaðist á hendi og var varanleg læknisfræðileg örorka hans vegna slyssins metin 8%. Í matsgerð kemur fram að þegar tekið væri tillit til fyrra örorkumats og hlutfallsreglu beitt á væri varanleg læknisfræðileg örorka M vegna slyssins metin 6%. Uppgjör V við M miðaðist við 6% læknisfræðilega örorku.

M mótmælir því að hlutfallsreglunni sé beitt og þá sé uppgjör til M ekki í samræmi við metna læknisfræðilega örorku vegna slyssins sem vátrygging M taki til og mótmælir rökstuðningi matslæknis um beitingu þess sem hann kalli hlutfallsreglu. Af hálfu M er því haldið fram að ekki sé lagaheimild fyrir beitingu hlutfallsreglunnar auk þess sé það mat ekki nægilega vel rökstutt. Þá vísar M til að hlutfallsreglur séu ekki til í miskatöflum Örorkunefndar frá 2006. M vísar einnig til þess að í lögum nr. 30/2004 um vátryggingasamninga sé hvergi vísað til beitingar hlutfallsreglunnar og heldur ekki í vátryggingaskilmálum V. Af hálfu V er því haldið fram að beita eigi hlutfallsreglu í samræmi við niðurstöðu örorkumats Magnúsar Páls og vísar til niðurstöðu úrskurðarnefndar velferðarmála nr. 347/2016. V telur að um sé að ræða áratuga langa réttarvenju jafnframt því sem hún styðjist við eðli máls. V vísar til skaðabótalaga nr. 50/1993 og miskatöflu örorkunefndar varðandi uppgjör í málinu.

Álit.

Ágreiningur í málinu varðar hvort M eigi rétt á bótum miðað við metna heildarörorku vegna slyssins þ.e. 8% eða sæti frádrætti í samræmi við hlutfallsreglu og bætur miðaðar við 6% örorku. Í matsgerð matlæknis, sem hér liggur til grundvallar, er læknisfræðileg örorka metin 8% vegna daglegra áreynsluverkja með miðlungs hreyfiskerðingu í olnboga eða skertri snúningshreyfingu á framhandlegg eins og það er orðað í matinu vegna þess slyss sem vátrygging M tekur til vegna slyss hans 4.11.2014. M lenti í slysi árið 2005 þegar hann datt af hestbaki og hlaut brot á vinstri mjöðm og vegna afleiðinga þess slyss var varanleg læknisfræðileg örorka hans vegna þess slyss metin 20%. Matið nú varðar því líkamshluta sem hafa ekki áður sætt meiðslum og fyrra örorkumat tekur til annarra líffæra en hið síðara en ekki svokallaðra paraðra líffæra. Þegar af þeim ástæðum verður ekki séð að forsenda sé fyrir hendi til að beita hlutfallslegri skerðingu svo sem V gerir í uppgjöri sínu heldur beri M að fá greitt miðað við niðurstöðu örorkumatsins þ.e. 8% varanlega læknisfræðilega örorku vegna slyssins 4.11.2014. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu V að lagareglur eða réttarvenjur leiði til þess að hlutfallsleg skerðing bóta til M verði réttlætt í þessu tilviki.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum miðað við 8% varanlega örorku án hlutfallslegrar skerðingar sem orðuð er í örorkumati.

Reykjavík 17. 8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á bílaplani bílasölu við Breiðhöfða, Reykjavík 18.5.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 20.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 21.6.2017

Bréf V2, dags. 6.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðaplani bílasölnunnar bilaplan.is við Breiðhöfða í Reykjavík. Ökumaður B kveðst hafa ekið hægt eftir bifreiðastæðinu þegar A hafi verið ekið á mikilli ferð fyrir horn í veg fyrir hann. Kveðst ökumaður B hafa stöðvað áður en árekstur varð. Ekkert er haft eftir ökumanni A en vitni staðfestir framburð ökumanns B.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji að leggja beri alla sök á ökumann B þar sem honum hafi borið að veita umferð frá hægri forgang við akstur um bifreiðaplanið. Ljóst sé að á vettvangi gildi almennur umferðarréttur. Jafnframt mótmælir félagið því sem ósönnuðu að A hafi verið ekið ógætilega og of hratt.

Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji að leggja beri alla sök á ökumann A þar sem A hafi verið ekið á mikilli ferð, m.v. aðstæður. Þá hafi B ekki verið kominn fyrir hornið á akleiddinni og því eigi reglur um hægri varúð ekki við. Jafnframt hafi ökumaður B verið búinn að stöðva ökutækið áður en atvikið átti sér stað. Tjónið megi því rekja til ógætilegs aksturs A.

Álit.

Á bílplaninu gilda almennar umferðarreglur og því ber ökumanni B að veita umferð frá hægri forgang. Það gerði hann ekki og ber hann því megin sök á árekstrinum. Hins er það staðfest með framburði vitnis að A hafi verið ekið of hratt og ógætilega miðað við aðstæður, en um er að ræða bílplan bílasölu þar sem margir bílar eru og útsýni takmarkað. Þykir því rétt að ökumaður A beri hluta sakar. Með hliðsjón af framangreindu sjónarmiðum verður sök skipt þannig að ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 201/2017**M
og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar útgerðar.****Ágreiningur um bótaskyldu er sjómaður varð fyrir meiðslum um borð í fiskiskipi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.6.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.6.2017, ásamt fylgigögnum og gögnum sem síðar voru send nefndinni að hennar beiðni, þ.e. útdráttur úr skipsdagbók og tjónstilkynning til Sjúkratrygginga Íslands.

Málsatvik.

Hinn 11. júlí 2014 varð M fyrir meiðslum á hægri ökkla við störf um borð í fiskiskipinu K. Í skipsdagbók K er skráð að kl. 6:00 hafi einn úr áhöfn skipsins komið og tilkynnt að M hafi misstigið í vinnslu við bretti og ökklinn verið kældur og hlúð hafi verið að honum.

Í tilkynningu um slysið til Sjúkratrygginga Íslands, dags. 15. júlí 2014, sem undirrituð er af M og útgerð K, segir að M hafi verið við vinnu við að stafla bretti í pökkunarrými og hafi verið að stíga niður af stöflunarpalli þegar hann hafi misstigið sig á hægri ökkla á rúllubandi neðan við stöflunaraðstöðu.

Í málskoti er atvikum svo lýst að M hafi verið að störfum við vinnu sína í pökkunarrými K. Klárast hafi af plastrúllu, sem sé algengt og alvanalegt, svo hann hugðist ná í aðra rúllu. Til þess hafi þurft að fara yfir nokkrar torfæur. Hann hafi þurft að byrja á því að stíga á snúningspall, sem notaður er til að snúa brettum til að pakka þeim í plast. Síðan hafi hann þurft að stikla á milli teina fyrir vagna, sem brettin fara á, og járna sem skynjarar fyrir brettin eru fest við. Einnig hafi hann orðið að gæta þess „að stíga það langt að hann kæmist yfir drifkeðjuna, sem var í miðjunni“. Hafi hann rekið fótinn í eitthvað af þessum fyrirstöðum, þ.e. járn, teina eða skynjara. Hann geri sér ekki grein fyrir hvað af þessu það var, en við höggið fípaðist honum, komið illa niður og fóturinn snúist illa um ökkla. Strax eftir slysið hafi M orðið óvinnufær og verið það í töluverðan tíma eftir slysið.

Vinnuveitandi hafi tilkynnt um slysið til Sjúkratrygginga Íslands en ekki til rannsóknarnefndar samgönguslysa og því sé engin rannsóknarskýrsla til um atvikið eða aðstæður fyrir og eftir að það gerðist. Eftir slysið hafi aðstæður á slysstað um borð í K verið lagfærðar með því að trefjaplastgrindur hafi verið settar yfir svæðið til að koma í veg fyrir slysaþættu af völdum áðurnefndra hindrana.

M kveður líkamstjón sitt mega rekja til hættulegra aðstæðna um borð í K sem auðvelt og ódýrt hafi verið að koma í veg fyrir eins og gert var. Útgerð K beri því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans og krefst hann bóta úr ábyrgðartryggingu útgerðar K hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni.

Álit.

M hefur áður skotið ágreiningsefni þessu til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum, en með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 176/2016 var kröfu M um að viðurkenndur yrði réttur hans til bóta úr ábyrgðartryggingunni vísað frá, þar eð hann hafði ekki áður lagt slíka kröfu fyrir V eins og áskilið er svo unnt sé að leita til nefndarinnar, sbr. fyrri málslið 2. mgr. 5. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum nr. 1090/2005.

Ekki virðist um það deilt að M hafi verið við vinnu í pökkunarrými um borð í K er hann hugðist sækja plastrúllu er hann hafi misstigið sig illa og orðið fyrir meiðslum á hægri ökkla. Í skipsdagbók K er um sjálft atvikið einungis skráð að M hafi misstigið sig. Sama máli gegnir í sameiginlegri tjónstilkynningu M og útgerðar K til Sjúkratrygginga Íslands að hann hafi misstigið sig á hægri ökkla á rúllubandi neðan við stöflunaraðstöðu er hann steig niður af stöflunarpalli. Þessa lýsingu á málsatvikum, sem M stendur að ásamt útgerð K, verður að leggja til grundvallar um það hvernig M varð fyrir meiðslunum. Samkvæmt því verður að telja ósannað að slysið hafi orðið vegna þeirra

atvika sem M lýsir í málskoti. Eins og hér stóð hefur það ekki þýðingu fyrir úrslit málsins þótt atburðurinn hafi ekki verið tilkynntur rannsóknarnefnd samgönguslysa. Líkamstjón M verður því ekki rakið til aðstæðna í pökkunarrýminu eins og þær voru þegar slysið varð. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu útgerðar K hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu útgerðar K hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 202/2017**vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys dags. 4.4.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 21.6.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 13.7.2017.

Bréf M dags. 21.7.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna vinnuslyss M kemur fram að hann hafi verið við vinnu sína við að hreinsa deiglu með þar til gerðri stöng sem tengist súr með stálvíraslöngu þegar samsetning stangar og slöngu hafi gefið sig með þeim afleiðingum að gat kom á vinnuhanska M og brenndi vinstri hönd hans. Í lögregluskýrslunni kemur einnig fram að M hafi verið að vinna með gamla slöngu sem hafi verið nokkuð tætt en ný slanga hafi legið á gólfi við hlið þeirrar sem M vann við.

M telur að slys hans verði rakið til þess að M hafi verið látinn ófullnægjandi búnaður í té til verksins sem hann átti að vinna, skýrt komi fram í lögregluskýrslu að sú slanga sem M notaði hafi verið vanbúin og ekki hafi komið fram fullnægjandi skýringar á tilhögun öryggismála hjá X.

V telur hins vegar að ekki sé sannað að sú slanga sem M notaði hafi verið vanbúin þó að í lögregluskýrslu segi að hún hafi verið tætt. Ekki sé sýnt að slangan hafi verið skemmd eða í þannig ástandi að hættulegt hafi verið að nota hana. Einnig bendir V á að M hafi átt þess kost að nota nýrri slöngu og hafi hann sjálfur verið fær um að meta það sökum langrar starfsreynslu hjá X.

Álit.

Í lögregluskýrslu vegna málsins er sérstaklega tekið fram að sú slanga sem M notaði til hreinsunar hafi verið tætt. Þegar litið er til lýsinga af aðdraganda tjónsatviksins verður ekki annað séð en að slangan hafi gefið sig vegna þess ástands og það hafi leitt til líkamstjóns M. X, sem vinnuveitanda M, bar að ganga úr skugga um að sá búnaður sem M hafði til þess verks sem hann innti af hendi væri ekki vanbúinn. Ekki er hægt að skilja athugasemdir í lögregluskýrslu um ástand slöngunnar, þ.e. að hún hafi verið tætt, öðruvísi en að hún hafi verið vanbúin til verksins sem verið var að vinna. Verður X að bera ábyrgð á því. Þó önnur slanga hafi verið á vinnustaðnum telst ekki sýnt að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga að hann beri tjón sitt sjálfur að fullu eða að hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 203/2017

M
og
V v/húseigendatryggingar AÁgreiningur um bótaskyldu vegna leka.**Gögn.**

Málskot, dags. 27.04.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 05.07.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í málinu er um að ræða að fjöleignarhús þar sem lögn sem liggur að ofni íbúð A lak með þeim afleiðinum að tjón varð á íbúð M sem er fyrir neðan íbúð A. M óskaði eftir því að V bætti tjón hans en V neitaði á þeim grundvelli að um sameign væri að ræða og að sakarreglan ætti ekki við. V vísaði í váttryggingaskilmála sína þar sem fram kemur í grein 2.2. að félagið geti aðeins orðið bótaskyldt ef tjón bakar váttryggðum fébótaábyrgð sem eiganda húss eða sameiganda þess með öðrum, og þá í réttu hlutfalli við eignarhluta hans enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki víðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.

Álit.

Samkvæmt 51. gr. laga um fjöleignarhús nr. 26/1994 er eigandi séreignar ábyrgur gagnvart öðrum eigendum hússins og afnotahöfum vegna fjártjóns sem verður á eignum þeirra og stafar af:

1. Vanrækslu á viðhaldi sameignar, búnaði hennar og lögnum.
2. Mistökum við meðferð hennar og viðhald.
3. Bilun á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt.

Samkvæmt 52. gr. er húsfélag ábyrgt með sama hætti og segir í 1. mgr. 51. gr. gagnvart einstökum eigendum og afnotahöfum. Lagnir í máli þessu eru sameiginlegar skv. 7. tölul. 8. gr. laga nr. 26/1994 og á ákvæði 52. gr. því við um þær. Húsfélagið ber því hlutlæga ábyrgð gagnvart M þar sem tjónið stafar af bilum á búnaði sameignar og sameiginlegum lögnum þótt engum sem húsfélagið ber ábyrgð á verði um það kennt, sbr. 3. tölul. 52. gr.

V telur að ábyrgðartryggingin taki einungis til sakarábyrgðar en ekki til hlutlægrar ábyrgðar og vísar til fyrstu fjögurra málsliða 1. gr. í kafla 2 í skilmálum nr. 7 sem gilda um húseigendatryggingu félagsins. V telur að húseigendur beri víðtækari bótaábyrgð en segir í skilmálunum vegna bilana á búnaði séreignar og lagna, þ.e. að slíkt tjón sé ekki greitt úr húseigendatryggingu V.

Í næstu tveimur málsliðum 1. gr. í skilmálunum segir svo: „*Hlutverk ábyrgðartryggingar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi váttryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.*“ Í gr. 2.1. skilmálanna er nánar mælt fyrir um gildssvið ábyrgðartryggingarinnar þar sem segir að *váttryggt sé gegn þeirri skaðabótaskyldu sem falli á váttryggðan samkvæmt íslenskum lögum eða réttarvenjum sem eiganda húseignar þeirrar eða húseignarhluta er váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun greinir.* Þegar litið er til þessa ákvæðis skilmálanna, svo og 5. og 6. málsliðar 1. gr., er engum vafa undirorpið að ábyrgðartryggingin tekur til skaðabótaábyrgðar sem váttryggður hefur bakað sér samkvæmt íslenskum lögum. Í þeirri ábyrgð felst hlutlæg bótaábyrgð. V getur því ekki hafnað ábyrgð gagnvart M á þeim grundvelli að váttryggingin taki einvörðu til sakarábyrgðar.

Samkvæmt 56. gr. laga nr. 26/1994 eru húsfélög í öllum fjöleignarhúsum í krafti ákvæða laganna og ekki þarf að stofna þau sérstaklega eða formlega. Allir eigendur og aðeins þeir eru félagsmenn í húsfélagi viðkomandi fjöleignarhúss. M á því skaðabótakröfu á húsfélagið sem samsvarar öllum eignarhlutum í húsfélaginu að frátöldum hans eigin eignarhluta.

Samkvæmt gr. 2.2. í skilmálum V þar sem segir að félagið geti aðeins orðið bótaskyld í réttu hlutfalli við eignarhlut váttryggðs er félagið þó aðeins bótaskyld í réttu hlutfalli við eignarhluta A í fjöleignarhúsinu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr húseigendatryggingu A hjá V sem takmarkast við hlutfall eignarhluta A í fjöleignarhúsinu.

Reykjavík, 22. ágúst 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 204/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.

Ferðamaður í hópferð varð fyrir slysi í Reynisfjöru 30.10.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9
2. Bréf V dags. 19. júlí 2017 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M keypti sér ferð á vegum S og var m.a. farið í Reynisfjöru og tókst þar á loft í miklum vindi og slasaðist á hendi og víðar. M segir að veðurspá hafi verið slæm og glapræði að leggja í ferðina og senda ferðamenn í fjöruna miðað við veðuraðstæður þegar þangað var komið. M telur að fararstjóri hafi í þessu tilviki orðið sekur um alvarleg afgang og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, sem olli því að hún varð fyrir slysi. Lögmaður M segir að skv. upplýsingum Veðurstofu Íslands hafi vindur verið yfir tuttugu metra á sekúndu þegar M var vísað í fjöruna og farið yfir 35 metra í hviðum og jafnvel meira. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu S hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að bílstjóri í ferðinni hafi hringt í framkvæmdastjóra S vegna stormviðvörunnar þegar hópurinn var staddur við Skógarfoss og varð niðurstaða framkvæmdastjórans að halda ferðinni áfram. Bílstjórinn mat aðstæður þannig þegar komið var í Reynisfjöru að það væri mjög hvasst en ekki ofsaveður og af hálfu V er vísað til þess að bæði bílstjórinn og leiðsögumaður ferðarinnar hafi verið með mikla reynslu, sem leiðsögumenn. V telur að M hafi fyrirgert bótarétti sínum á grundvelli reglna skaðabótaréttar um áhættutöku. Þá telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að óhappið megi rekja til óforsvaranlegrar framkvæmdar ferðarinnar eða annarra atvika sem vátryggingataki beri ábyrgð á. V segir að um óhappatilvik eða aðgæsluleysi M að ræða. V segir að leiðsögumaðurinn í ferðinni þ.e. fararstjórinn hafi kallað á fólk að koma inn í bifreiðina aftur þegar hún hafi gert sér grein fyrir hversu hvasst var. V byggir enn fremur á að M hafi kosið að ganga niður í fjöruna þrátt fyrir viðvaranir. Í lýsingu leiðsögumanns segir að allir farþegar hafi farið niður í fjöruna, en henni hafi ekki litist á blikuna þegar hópurinn kom út úr bílnum og reynt að fá fólk inn í bílinn aftur en án árangurs.

Álit.

Af hálfu V er því haldið fram, að bílstjóri og leiðsögumaður í ferðinni þekki vel til íslenskra aðstæðna og veðurlags. Stormviðvörun hafði verið gefin út fyrir það svæði sem farið var um. Bifreiðastjóri langferðabílsins sem flutti farþegana taldi veður válynd og hringdi því í framkvæmdastjóra S til að inna hann eftir hvort halda skyldi ferðinni áfram og var það mat framkvæmdastjórans, að það skyldi gera, þrátt fyrir slæma veðurspá. Þegar komið var niður í Reynisfjöru mátti bifreiðastjóra og leiðsögumanni vera ljóst að veður var með þeim hætti að vægast sagt óráðlegt væri að hleypa farþegum út úr bílnum og bar leiðsögumanni og eftir atvikum bifreiðastjóra að fara út úr bílnum fyrst til að kanna aðstæður þar sem veðurhamurinn var greinilega töluverður þegar komið var í fjöruna. Leiðsögumaðurinn ber, að henni hafi ekki litist á blikuna þegar hún kom út og reynt að fá fólk inn í bílinn aftur án árangurs og sama kemur fram hjá bifreiðastjóra langferðabílsins. Yfirlýsingar bifreiðastjórans og leiðsögumannsins eru ódagsettar og koma fram eftir að M varð fyrir slysinu og verður að meta sönnunargildið í samræmi við það, en engin önnur gögn í málinu styðja þessa frásögn þeirra. Skipuleggjendur og stjórnendur

ferðarinnar teljast hafa sýnt af sér gáleysi þegar þeir hleyptu ferðafólki út úr langferðabíl niður í Reynisfjöru í miklu roki án þess að kanna aðstæður rækilega áður en farþegum var hleypt út úr bifreiðinni. S ber ábyrgð á gáleysi starfsmanna sinna og á M rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu S hjá V vegna þess tjóns sem hún varð fyrir í umrætt sinn. Í atvikalýsingu er því lýst að samferðamaður fauk til þegar komið var út úr hópferðarbílnum og öllum mátti vera ljós sá veðurhamur sem lýst er í gögnum málsins. Miðað við verklag og venjur í hópferðum verður að ætla að leiðsögumaður hafi varað við aðstæðum þegar M var komin út úr bifreiðinni eins og kemur fram í framburði bifreiðastjóra og leiðsögumanns í gögnum málsins. M kaus að taka áhættuna af því að fara niður í Reynisfjöru þrátt fyrir að henni mátti vera ljóst að það væri ekki áhættulaust. Í þeirri háttsemi felst gáleysi af hennar hálfu og ber því einnig sök. Miðað við aðstæður allar er rétt að hún beri helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V en ber helming tjóns sín sjálf.

Reykjavík 17.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 205/2017**M og
og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar A.****Bifreið ekið á malarbing á Búrfellsvegi við Þingvallaveg þann 13.10.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 20.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 7.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Bifreiðin ON 998 er í eigu X Samkvæmt lögregluskýrslu kvaðst ökumaður hennar hafa verið að aka ferðamönnum aftur heim eftir ferð dagsins og var ekið að Þórsstíg 29 í Prastaskógi. Á leiðinni til baka ók hann eftir Búrfellsvegi við Þingvallaveg en ekur skyndilega á malarhlass sem var á miðjum veginum. Aðspurður um hraða kvaðst ökumaður hafa ekið á um 30 km/klst. Tjón varð á bifreiðinni auk þess sem ökumaður slasaðist.

Í lögregluskýrslunni kemur jafnframt fram að lögreglumenn hafi ekið með ökumanni leiðina sem hann kvaðst hafa ekið og á leiðinni frá Þórsstíg og þar sem malarhlassið var staðsett mátti ekki sjá neinar merkingar eða varúðarskilti þess efnis að vegurinn væri tekinn í sundur eða að malarhlass væri á veginum. Hinsvegar mátti sjá, við gatnamótin Búrfellsvegur/Þingvallavegur, skilti þar sem fram kom að vegaframkvæmdir væru á þessari leið. Lögregla setti umferðarkeilur og lögregluborða við malarhlassið til að vara við framkvæmdunum. Þegar óhappið átti sér stað var mikið myrkur og engin lýsing. Sjá mátti 10 metra bremsuför fyrir framan malarhlassið, en umræddur vegur er malarvegur með mjög lausu yfirborði.

Lögregla hafði samband við verkstjóra framkvæmdanna. Fram kom hjá honum að malarhlassið hefði verið sett sem öryggisráðstöfun þar sem búið var að fjarlægja veginn á þessum umrædda stað.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji ljóst að ökumaður bifreiðarinnar hafði áður ekið um sömu leið um merkt vinnusvæðið á tjónsdegi. Honum hafi því verið fullkunnugt um að um væri að ræða vinnusvæði og að vegurinn hafði verið tekinn í sundur á umræddum stað. Þá komi fram í gögnum málsins að umræddur malarbingur hafi verið settur á aflagðan vegarkafli til að varna því að hægt væri að aka veginn vegna þess að handan við binginn hafi vegurinn verið tekinn í sundur. Af myndum af vettvangi megi sjá að um sé að ræða stóran malarbing utan akbrautar, sem var ekki til þess fallinn að valda hættu ef ekið var um vinnusvæðið með fulla aðgát, innan leyfilegs hámarkshraða. Félagið telur því að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi verktaka, heldur verði það einungis rakið til þess að ökumaður bifreiðarinnar hafi ekið óvarlega í umrætt sinn og án þeirrar aðgæslu sem krefjast má af ökumönnum sem aka um merkt vinnusvæði.

Álit.

Af gögnum málsins má sjá að búið var að grafa upp gamla Búrfellsveginn við tengingu inn á nýjan Búrfellsveg. Þegar komið er að uppgreftrinum liggur nýr tengivegur til vinstri, inn á nýjan Búrfellsveg. Malarbingurinn var settur á miðjan gamla veginn, til þess að koma í veg fyrir að ökumenn haldi áfram gamla Búrfellsveginn og beina þar með umferð til vinstri, inn á tengivegin. Ytri mörk vinnusvæðisins voru merkt en engar merkingar voru á eða við malarbinginn. Um er að ræða malarveg og malarbing á honum miðjum. Malarbingurinn er samlitur veginum og því illsjáanlegur, sérstaklega í myrkri. Ætla verðu að eðlilegt hefði verið að setja viðvörunarmerkingar af einhverju tagi við binginn til að vekja athygli á honum og til að vísa ökumönnum rétta akstursleið til vinstri. Engin gögn liggja fyrir sem staðreyna að ökumaður hafi ekið ógætilega eða of hratt miðað við

aðstæður. Þá liggur ekki fyrir sönnun þess að hann hafi vitað af malarbingnum. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 206/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Fall í verslun 5.11.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 26.6.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 10.7.2017, ásamt fyrirspurnabréfi V til X dags. 3.8.2016 og svör X með tölvupósti dags. 29.11.2016.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið stödd inni í verslun X þegar hún rann á mottu sem var á gólfi verslunarinnar, rétt við afgreiðsluborð hennar, og hlaut af því líkamstjón.

M telur að staðsetning mottunnar hafi verið glæfraleg auk þess sem hún hafi verið laus og þannig valdið hættu fyrir viðskiptavinum verslunarinnar. Strangar kröfur séu gerðar til öryggis viðskiptavina í og við verslanir og vísar M til dómaframkvæmdar Hæstaréttar um slíkar kröfur. M bendir einnig á að hún hafi látið verslunarstjóra verslunar X strax vita um slysið og hafi hún vísað til upptöku sem hafi verið til í versluninni. Þrátt fyrir ítrekaðar fyrirspurnir hafi M þó ekki fengið aðgang að umræddri upptöku og verði X því að bera hallann af sönnunarskorti vegna aðstæðna á vettvangi.

V telur að ósannað sé að mottan sem M kveðst hafa fallið um hafi verið laus eða að slys hennar megi rekja til þess að ekki hafi verið nægilega tryggt undirlag undir mottunni. V vísar til upplýsinga frá X um að í versluninni hafi verið tvær mottur og hafi hvor um sig verið með sérstöku tvöföldu undirlagi sem söluaðili motta hafi komið fyrir þegar motturnar voru keyptar.

Álit.

Í málinu er óumdeilt að M féll í verslun X á eða við mottu sem var á gólfi verslunarinnar. Þó gera verði kröfur til eigenda verslana um að aðstæður á gönguleiðum séu ekki hættulegar viðskiptavinum verður ekki séð af gögnum málsins að aðstæður hafi verið þannig að rekja megi þær til saknæmrar háttsemi eigenda eða starfsmanna verslunarinnar. Þar sem ekki er beinlínis ágreiningur um að M hafi fallið um eða við mottuna verður heldur ekki lagt til grundvallar að sönnunarmat vegna aðstæðna á vettvangi sé með þeim hætti að X verði að bera einhvers konar halla af því að myndbandsupptökur vegna atviksins liggja ekki fyrir. Verður því ekki séð að hægt sé að leggja skaðabótaskyldu á X vegna falls M í verslun fyrirtækisins 5.11.2015.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 207/2017
M og
V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar I

Rafknúin hurð lenti á höfði starfsmanns þ. 23. 7. 2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2
2. Bréf V dags. 5.7.2017 ásamt fylgiskjali

Málsatvik.

M var að fara með töskur inn í annað rými og opnaði stóra rennihurð og skilaði töskunum og tók tvær tómar. Á bakaleiðinni þegar hún gekk undir rennihurðina kom hún í höfuð M og hún slasaðist. I hlutaðist ekki til um að atvikið væri rannsakað af Vinnueftirliti ríkisins. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu I hjá V og vísar til laga nr. 46/1980 um aðbúnað, öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. M vísar einnig til 8.mgr. 44.gr. reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 þar sem segi að hurðir og hlið með vélrænum búnaði skuli vinna þannig að starfsmönnum stafi ekki hættu af. M byggir á því að eitthvað hafi verið athugavert við hurðina, og hún hafi verið hættuleg starfsfólki. M vísar til þess að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins og skoðun I á hurðinni löngu eftir atvikið hafi enga þýðingu. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á bilun, galla eða annan vanbúnað á hurðinni og ósannað sé að búnaður hennar hafi verið ófullnægjandi þegar slysið varð. V segir ekkert benda til þess að slysið verði rakið til vanbúnaðar. V segir óumdeilt að slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins, en það breyti því ekki að M beri sönnunarbyrðina fyrir því að tjón hennar verið rakið til saknæmrar háttsemi I. Í málinu liggur fyrir bréf vinnuverndarfulltrúa I dags. 26.4.2017 um skoðun á umræddri hurð, þar sem fram kemur að hurðin hafi virkað að öllu leyti.

Álit.

Slys M var ekki tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins og engin skoðun fór fram á hurðinni fyrir en tæpum tveim árum eftir að slysið varð. M var óvinnufær í kjölfar slyssins og I bar sbr. lög nr. 46/1980 að kalla til Vinnueftirlitið til að kanna aðstæður á slysstað. Þeirri skyldu sinnti I ekki og verður að bera hallann af því. Engin rannsókn fór fram á hurðinni fyrir en tæpum tveim árum eftir slysið, þegar starfsmaður I gerði athugun á hurðinni. Slík skoðun verður ekki lögð til grundvallar um ástand hurðarinnar þegar slysið varð. Þar sem I sinnti ekki lögboðinni skyldu sinni að tilkynna slysið til Vinnueftirlitsins og lét undir höfuð leggja að afla hlutlægrar sönnunar um ástand hurðarinnar í kjölfar slyssins verður að leggja sönnunarbyrðina um fullnægjandi ástand hurðarinnar á I. Í málinu hefur I ekki sýnt fram á að hurðin sem hér um ræðir hafi unnið þannig að M hafi ekki stafað hættu af henni á slysdagi. M rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu I hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu I hjá V.

Reykjavík 29.8. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 208/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasala og
starfsábyrgðartryggingar lögmanns (X).

Skaðabótaábyrgð lögmanns og fasteignasala vegna sölu á fasteign
og samkomulags um fjárskipti í maí 2013.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttakið 26.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 6.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M telur að X hafi sem löggiltur fasteignasali og lögmaður sýnt saknæma háttsemi við gerð fjárskiptasamnings milli M og fyrrverandi eiginkonu hans og að þau fjárskipti hafi tengst kaupsamningi um fasteign. M telur að X hafi ekki sinnt hlutverki sínu um ráðstöfun greiðslna skv. kaupsamningi um umrædda fasteign auk þess sem afsal hafi ranglega verið gefið út vegna eignarinnar. Í málskoti koma auk þess fram lýsingar á samskiptum M við X, verðmæti sem M telur að hafa átt að koma í hans hlut og lýsingar hans á því hvernig hann telur það hafa komið til að afsal var gefið út til kaupanda fasteignar sem fyrrverandi eiginkona M var ein skráð fyrir.

V telur að vísa eigi máli M frá nefndinni með vísan til 2. og 3. mgr. 3. gr., sbr. og e.-liðar 4. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005. Að öðru leyti telur félagið að ekki sé sannað að X hafi sýnt saknæma háttsemi sem lögmaður eða fasteignasali þannig að gildissvið starfsábyrgðartrygginga V sé uppfyllt.

Álit.

Mál þetta hefur áður komið til kasta úrskurðarnefndar í vátryggingamálum og með úrskurði nefndarinnar 21. mars 2017 í máli nr. 53/2017 var málinu vísað frá með svofelldum rökstuðningi:

„Í málskoti er byggt á því að X hafi með saknæmri háttsemi, ýmist sem fasteignasali eða lögmaður, valdið M fjárhagstjóni. Er vísað annars vegar til þess að X hafi vanrækt skyldur sínar í tengslum við útgáfu afsals og hins vegar að hann hafi sem lögmaður séð til þess að fjárskipti milli M og fyrrverandi eiginkonu hans væru leidd til lykta með þeim hætti sem M telur að þau hafi átt að vera. Hvorki röksemdir M né gögn sem lögð eru fram eru skýr um hvaða skyldur X gat haft eftir undirritun kaupsamnings um fasteign, sem var þó eingöngu í eigu fyrrverandi eiginkonu M, og þeirra skjala sem undirrituð voru í tengslum við þann samning.

Í samþykktum úrskurðarnefndar í vátryggingamálum kemur fram að nefndin fjalli ekki um „mál, sem er það óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óskýr að það sé ekki tækt til úrskurðar“, sbr. e-liður 4. gr. samþykktanna. Þegar litið er til málalíbúnaðar M verður ekki séð með glöggum hætti hvort og þá hvernig samningssamband hafi mögulega verið milli M og X á árinu 2013 og eftir það. Ekki verður heldur séð glögglega hvaða aðkomu M hefði átt að hafa af útgáfu afsals fyrir fasteign í eignum fyrrverandi eiginkonu sinnar og fara upplýsingar ekki í öllum tilvikum saman hvað það varðar í málalíbúnaði hans, til dæmis með vísan til uppgefna tímasetninga afsals/afsala sem gefin voru út. Einnig er óljóst hvaða fasteignasala hafði söluumboð vegna fasteignar á þeim tíma sem M kveðst hafa orðið fyrir tjóni. Tímasetning þess er reyndar heldur ekki alveg ljós.

Verður, með vísan til ofangreinds, telur nefndin að málið sé óljóst og illa upplýst að það sé ekki tækt til úrskurðar. Verðu því með vísan til 3. mgr. 3. gr. samþykktu nefndarinnar að vísa málinu frá.“

Í málskoti því sem fylgir málinu nú er að nokkru ítarlegar gerð grein fyrir málavöxtum og lagarökum frá því sem var í hinu fyrra málskoti auk þess sem eitt nýtt skjal hefur verið lagt fram því til staðfestu að M hafi einn haft prókúru fyrir tiltekinn bankareikning sem leggja átti fé inn á af kaupverði fyrrgreindrar fasteignar. Með umfjöllun í hinu nýja málskoti og með framlagningu hins nýja skjals verður á hinn bóginn ekki séð að bætt hafi verið með fullnægjandi hætti úr þeim ágöllum sem voru á

hinu fyrra málskoti og leiddu til frávísunar. Þannig nýtur til dæmis engra gagna við hvernig endanlegu uppgjöri vegna sölu eignarinnar var háttað, hvernig söluandvirðinu var yfir höfuð ráðstafað og, eftir atvikum, afstöðu fyrrum eiginkonu M til þeirrar ráðstöfunar. Skortir því enn verulega á frekari gögn og útlistun krafna þannig að málið geti talist tækt til úrskurðar. Verður því ekki hjá því komist að vísa því frá.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 209/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar hundaeiganda (X) sem hafa leyfi hjá
sveitarfélaginu Z.****Tjón á bifreið 15.6.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 25.6.2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 12.7.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að tjón varð á bifreið M þann 15.5.2016 þegar hundur, sem er í eigu X, nagaði í sundur öryggisbelti aftan í bifreiðinni þar sem hann var bundinn í skotti bifreiðarinnar. Ekki verður annað séð af frásögnum í gögnum málsins en hundur hafi nagað öryggisbelti í sundur á sama tíma og verið var að setja hesta í kerru sem var aftan í sömu bifreið.

M telur að ábyrgðartrygging M eigi að greiða bætur vegna tjóns á bifreið hans og telur m.a. að V beiti of þröngri skilgreiningu við mat á greiðsluskyldu sinni. Einnig bendir M á að tjóni á öryggisbeltum í bifreið hans hafi orðið vegna skyndilegs og óvænts atburðar sem er ófyrirséður.

V vísar til þess að ekki hafi komið fram í málinu að tjón á hundi M sé vegna saknæmrar háttsemi X, sem er leyfishafi hunds sem vísað er til í tjónstilkynningu. V bendir á að ekki gildi hér á landi hlutlæg bótaábyrgð hundaeigenda og ekki sé hægt að skilja ákvæði 2. mgr. 10. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík með þeim hætti.

Álit.

Ljóst er af 10. gr. samþykktar um hundahald í Reykjavík að skylda til að kaupa ábyrgðartryggingarvernd hvílir á leyfishafa hunds. Ábyrgðartrygging hjá V, sem nær til X sem leyfishafa hundsins, tekur til skaðabótaskyldu X skv. þeim reglum sem gilda um slíkt í íslenskum rétti. X er því vátryggð í ábyrgðartryggingunni vegna tjóns sem hundur hennar kann að valda „mönnum, dýrum, gróðri og munum“, sbr. 2. mgr. 10. gr. samþykktanna en bætur greiðast ekki úr ábyrgðartryggingu nema sýnt sé fram á skaðabótaskyldu eiganda hundsins.

Til þess að háttsemi X sé skaðabótaskyld þarf sá sem verður fyrir tjóni að sýna fram á sök X. Til dæmis að vörslur X vegna hunds hennar hafi ekki verið nægilega tryggar eða að hún hafi sýnt gáleysi sem lýtur að meðferð hundsins. Ekki gildir í íslenskum rétti hlutlæg bótaábyrgð, þ.e. ábyrgð án sakar, um hundaeigendur. Í þessu máli telst ekki sannað, af þeim gögnum sem liggja fyrir, að X hafi getað komið í veg fyrir tjónið eða að hún hafi sýnt gáleysi við vörslur hundsins, en ekki verður annað séð en að það hafi verið M sjálfur sem fór með vörslur hans þegar tjónið varð. M á því ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 210/2017
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar L.

Krafa um bætur úr sjúklingatryggingu vegna aukinna verkja sjúklings eftir aðgerð
29.4.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-7
2. Bréf V dags. 11.7.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3.
3. Bréf lögmanns M dags. 21.7.2017 ásamt fylgiskjali. Andsvar við bréfi V dags. 11.7.2017.
4. Bréf V dags. 17.8.2017 athugasemdir við andsvar lögmanns M

Málsatvik.

M gekkst undir laseraðgerð á báðum augum í nóvember 2012. Eftir aðgerðina sá M rendur með vinstra auganu og þar sem það lagaðist ekki gekkst hún undir aðra aðgerð á vinstra auga í janúar 2014. Örfáum dögum eftir þá aðgerð fór M að finna fyrir verkjum og óþægindum í vinstra auga og leitaði til nokkurra lækna til að fá bót meina sinna, án árangurs. Í desember 2014 leitaði M til L vegna þessa og framkvæmdi L aðgerð á M 28.1.2015, en eftir þá aðgerð fór M að finna fyrir auknum verkjum. L framkvæmdi því aðra aðgerð á M 8.4.2015, en ástand M lagaðist ekki og framkvæmdi L þá þriðju aðgerðina á M 29.4.2015. Eftir aðgerðirnar þrjár hjá L fann M fyrir auknum verkjum í vinstri hluta andlitsins. M leitaði síðan til Hannesar Þ. Hjartarsonar læknis í október 2015 og kemur fram í vottorði hans að hann hefði ekki framkvæmt þá aðgerð á M sem L gerði. M hefur leitað bóta meina sinna, en þrátt fyrir flókna taugaverkjaaðgerð sem Finnboji Jakobsson læknir framkvæmdi á M hefur hún ekki orðið verkjalaus þó að ástand hennar sé annað og betra en það var og skv. lýsingu M orðið stöðugt í stað þess að vera óbærilegt. Viðvarandi er þó þrálátur þungur verkur í vinstri kinn M.

M krefst bóta úr sjúklingatryggingu L hjá V og byggir m.a. á því mati Hannesar Þ. Hjartarsonar læknis, að ekki hafi verið nauðsyn að framkvæma aðgerðirnar sem L framkvæmdi. M vísar til 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar og byggir á því að bætur skuli greiða ef ætla má að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn og meðferð, miðað við þær aðstæður sem um ræðir, hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. M byggir á því að ekki hafi borið nauðsyn til að framkvæma þær aðgerðir sem L framkvæmdi og auk þess sé ljóst að skaði hafi hlotist af þeim og vísar M í því sambandi til læknavottorða sem M leggur fram. Þá telur M að verði ekki fallist á bótaskyldu skv. 1. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 þá eigi M rétt á bótum sbr. 3. tl. og/eða 4. tl. 2. gr. sömu laga.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að það sé rangt sem komi fram í vottorði Finnboja Jakobssonar læknis að verkir í vinstri kinn M hafi hafist eftir aðgerð L, en fyrir liggja í sjúkraskrá LSH frá 7.8.2014 að M hafði verki á þeim tíma sem teygðu sig jafnvel niður að neðri kjálka og einnig komi fram í göngudeildarnótu skurðlækninga frá 1.12.2014 að M hafi komið vegna andlitsverkja aðallega í kringum vinstra auga og hafi haft þessa verki lengi og líklegast hafi þetta byrjað eftir lasik aðgerð í byrjun árs 2014, en M hafi verið með króníska verki síðan. V segir að ljóst sé að einkenni vangahvotar M sé ekki afleiðing af meðferð L og ekki hafi verið leiddar líkur að því að beita hefði mátt annarri aðferð en L beitti.

Í andsvari lögmanns M er krafa um bætur úr sjúklingatryggingu M ítrekuð og vísað sérstaklega til vottorðs Hannesar Þ. Hjartarsonar læknis dags. 3.2.2016 þar sem segir m.a. að miðað við sjúkrasögu og einkenni M hefði hann ekki gert FESS aðgerð á M því aðeins hefði verið um vægar bólgubreytingar að ræða hjá M á þeim tíma sem L framkvæmdi aðgerðina og M hafi í raun og

veru aldrei lýst neinum einkennum sinusitis. Þegar M hafi farið í tölvusneiðmynd 7.4.2015 hafi ekkert verið að vinstri kinnholu M, en í framhaldi af því hafi hún farið í Cald-well luc aðgerð. 29.4.2015 og segist Hannes ekki mundu hafa framkvæmt þá aðgerð miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir um M.

Í andsvari V við andsvari lögmanns M segir að það sé undarlegt að leggja ekki fram vottorð Hannesar Þ. Hjartarsonar lækni fyrir en með bréfi 21.7.2017, en þær upplýsingar sem þar koma fram breyti ekki afstöðu V og mótmælir V sönnunargildi vottorðs Hannesar dags. 3.2.2016 og segir að Hannes hafi verið undir mikilli pressu frá lögmanni M auk þess hafi Hannes gefið það mat sem fram komi í ofangreindu vottorði eingöngu eftir að hafa skoðað tölvusneiðmyndir af M og þess sérstaklega getið í vottorðinu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ráðið að M fékk ekki bót meina sinna við lækniáðgerðir L. Af gögnum málsins verður heldur ekki annað séð, en að nokkur óþægindi hafi komið til viðbótar við þær áðgerðir þær sem L framkvæmdi á M. Telst hún því hafa orðið fyrir líkamstjóni, þó umfang þess sé ekki hér til umfjöllunar.

Þó ekki hafi verið sýnt fram á saknæm mistök L við framkvæmd lækniáðgerða á M verður ekki hjá því litið að bótareglur laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 lúta öðrum lögmaálum en almennar reglur skaðabótaréttar, annars vegar þegar litið er til sönnunarreglna og hins vegar gildissviðs.

Við mat á því hvort að öllum líkindum megi rekja tjón M til þess að ætla megi að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn og meðferð, miðað við þær aðstæður sem um ræðir, hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði, verður ekki litið framhjá því að í gögnum málsins liggur fyrir mat sérfræðings á því. Ekki er hægt að líta framhjá því fortakslausu áliti Hannesar Þ. Hjartarsonar lækni um að miðað við fyrirbyggjandi gögn um heilsufar M þegar L framkvæmdi Cald-well luc aðgerð á M þá hefði ekki átt að framkvæma þá aðgerð. Þrátt fyrir athugasemdir V varðandi lækniáðgerð Hannesar dags. 3.2.2016, þá hefur því sérfræðiáliti ekki verið hnekk og að teknu tilliti til þessa lækniáðgerðs, sem og annarra gagna málsins, verður ekki annað séð, en að M eigi rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L á grundvelli 1. tl. 2.gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 12.9.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 211/2017

M
og
vátryggingafélagið V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 v/ ábyrgðartryggingar vörubifreiðarinnar B.

Árekstur í hringtorgi á gatnamótum Vesturlandsveggar og Þingvallavegar þann 12.4.2017.**Gögn.**

Málskot, móttakið 29.6.2017, ásamt fylgigögnum.

Tölvubréf V1, dags. 11.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 17.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A og B var ekið norður Vesturlandsveggar og inn í hringtorg á gatnamótum Þingvallavegar með fyrirhugaðan akstur áfram norður Vesturlandsveggar. A var ekið á vinstri akrein (innri hring) og B á hægri akrein (ytri hring). Rákust þá saman hægra framhorn A og afturdekk vinstra megin á eftirvagni sem dreginn var af B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið inn á innri akrein torgsins en B hafi farið á ytri akrein. Er hann hafi verið staddur á miðri leið í hringtorginu hafi eftirvagninn sem B dró farið af ytri akreinni og inn á hans akrein og dekk á vagninum farið á A, en hann hafi ekki náð að bjarga sér frá því.

Ökumaður B kvaðst hafa verið að hafa verið að beygja út af hringtorginu. Hann hafi litið í hliðarspegil í þann mund sem A skall á hjóli eftirvagnsins, en ökumaður A hafi verið að reyna að taka fram úr B sem hafi verið óheimilt.

Álit.

Framburður ökumanns B verður ekki skilinn svo að hann hafi andmælt því að hjól eftirvagnsins hafi farið yfir vinstri akrein (innri hring) þar sem áreksturinn varð. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti þykir mega miða við að áreksturinn hafi orðið við það að eftirvagninn sem B dró hafi að hluta farið yfir á vinstri akrein. Ökumaður B ber ábyrgð á að svo skyldi hafa farið og telst hann eiga sök á árekstrinum. Á hinn bóginn verður að telja ósannað að ökumaður A hafi verið á leið fram úr B þegar áreksturinn varð eða ökumaður A hafi að öðru leyti átt sök á því hvernig fór. Öll sök verður því lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 5. september 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 212/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar fjölskyldutryggingar.****Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 29.6.2017, ásamt fylgiskjöllum.
Bréf V, dags. 5.7.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M lenti í slysi heima hjá sér þann 10. júlí 2014. Hún leitaði samdægurs á bráðadeild LSH og var þar greind með liðhlaup í hægri öxl og hafði þá mikla verki við allar hreyfingar. M fékk í kjölfarið tilvísun til sjúkraþjálfara og var í meðferð hjá honum fram í mars 2015 og fékk endurnýjaðar tilvísanir í mars og nóvember 2015 og kveðst hafa verið í sjúkraþjálfun alveg út árið 2016 og á árinu 2017 vegna stoðkerfisvandamála. Slys M var tilkynnt til V þann 5. júlí 2016, en sama dag leitaði M til lögmanns þar sem hún taldi þá að einkenni hennar væru orðið varanleg. M telur að það hafi fyrst verið á árinu 2016 sem henni voru ljós atvik sem krafa hennar um bætur í slysátryggingu fjölskyldutryggingar hennar hjá V er byggð á. Þegar hún hafi tilkynnt um slysið hafi því ekki verið liðið meira en ár í frá því tímamarki í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. M vísar til þess að hún hafi verið í sjúkraþjálfun og ekki mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum atviksins fyrir en þeirri meðferð hafi verið lokið, sem hafi fyrst verið á árinu 2016. V telur að frestur til að tilkynna um tjón M hafi byrjað að líða í mars 2015 og þá hafi M átt að vera ljós atvik sem krafa hennar er byggð á í skilningi fyrrnefndrar 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. V vísar til þess að M hafi verið í viðvarandi sjúkraþjálfun frá því stuttu eftir slysið og fram í mars 2015 vegna áverka sem hún hlaut þá. Ekki sé hins vegar sýnt að sjúkraþjálfun sú sem M var í það sem eftir var ársins 2015 eða á árinu 2016 hafi tengst umræddum áverka.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M leitaði strax á bráðadeild þegar hún slasaðist þann 10. júlí 2014 og fór í kjölfarið í 33 skipti í sjúkraþjálfun skv. vottorði sjúkraþjálfara sem liggur fyrir í málinu, dags. 15. mars 2017. Í því vottorði kemur fram að lok meðferðar vegna axlaráverka M hafi verið í mars 2015 og þá hafi M kvartað um óþægindi og verki við athafnir daglegs lífs. Verður ekki séð að sú sjúkraþjálfun sem M fékk eftir þetta hafi verið til þess fallin eða ætluð að lækna þau einkenni heldur frekar að halda einkennum í lágmarki og færni í hámarki, eins og segir í fyrrnefndu vottorði sjúkraþjálfarans. Af þeim orðum verður ekki annað séð en að M hafi mátt vera það ljóst við lok sjúkraþjálfunarmeðferðar í mars 2015 að einkenni frá öxl væru varanleg. Þá hafði M eitt ár í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga til að tilkynna um tjón sitt. Það gerði hún ekki fyrir en í júlí 2016 og telst tilkynning því hafa borist of seint.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 213/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna.

Sjómaður slasaðist á hendi þegar hann féll 18.11.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 29.6.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-14.
2. Bréf V dags. 17. júlí 2017.

Málsatvik.

M segist hafa hrasað í trolli við velting skips 18.11.2014, fallið og borið fyrir sig vinstri hönd og slasast við það. M leitaði til læknis daginn eftir. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V og telur að árstilkynningafresturinn skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi ekki verið liðinn þegar V var tilkynnt um slysið 24.8.2016. Af hálfu M er því haldið fram að hann hafi ekki vitað hversu alvarlegur áverki hans væri fyrr en í febrúar 2016. V hafnar bótaskyldu og rekur komur M til lækna á árinu 2014 og segir að 23.2.2015 komi M á heilsugæslu vegna handalögmála aðfararnótt 22.2.2015 vegna tognunar á vinstri þumli. V telur að M hafi ekki gætt þess að tilkynna V um slysið innan árs frá því að honum voru ljós atvika að baki kröfunnar sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga. Þá telur V að ekki sé sýnt fram á orsakatengsl atviksins sem M lýsir að hafi átt sér stað 18.11.2014 og óþæginda hans í dag. Því til stuðnings vísar V til komu M á heilsugæslu með óþægindi í vinstri hönd vegna handalögmála 23.3.2015 og í þeirri heimsókn hafi ekki verið minnst á slysið 18.11.2014. M leiti síðan ekki til læknis fyrr en 15.2.2017 þar sem fjallað sé um slysið, en það sé í fyrsta sinn utan þeirra heimsókna til læknis sem M hafi átt á árinu 2014. Þá segir V að M hafi hlotið áverka á miðhandarbeini vinstri handar árið 2010 fyrir utan áverka á vinstri handar þumli eftir slagsmál í ársbyrjun 2015 og telur V að orsakatengsl séu því ekki fyrir hendi hvað varðar það sem er að hrjá M nú og slyssins 18.11.2014.

Álit.

M ber sönnunarbyrði fyrir því að orsakatengsl séu á milli tjónsatviksins og þeirra einkenna sem hann tilkynnir um til V í ágúst 2016. Af hálfu M er ekki sýnt fram á þau óþægindi sem M á við að etja nú og leitar m.a. til læknis vegna á árinu 2017 tengist ótvírætt slysaatviki því sem vátrygging V tekur til og átti sér stað 18.11.2014. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V og þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort tjónið hafi verið tilkynnt innan ársfrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 17.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 214/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á léttu bifhjóli í flokki I.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.6.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 11.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 12. maí 2017 datt sonur M á vespu (A) af gerðinni Znen sem er sögð vera „2 kw bensínvespa með hámarkshraða undir 25 km klst.“ Við fallið varð tjón á A sem M hefur krafist að fá bætt úr innbústryggingu sinni hjá V, en innbústryggingin er einn liður í samsettri fjölskylduvátryggingu sem M hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu annars vegar á þeirri forsendu að A geti ekki talist til almenns innbús né tómstundaáhalda skv. 2. gr. skilmála innbústryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V og hins vegar sé A skráningarskyld vélknúid ökutæki sem falli ekki undir vátrygginguna samkvæmt sömu grein skilmálanna.

Álit.

Svofelld skilgreining er á léttu bifhjóli í 2. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. c. lið 1. gr. laga nr. 13/2015 um breytingu á þeim:

„Vélknúid ökutæki á tveimur eða þremur hjólum sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 45 km á klst. og er með:

a. sprengirými sem er ekki yfir 50 sm³ sé það búið brunahreyfli eða

b. samfellt hámarksafl sem er ekki yfir 4 kW sé það búið rafhreyfli.

Létt bifhjól greinast í létt bifhjól í flokki I sem er ekki hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst. og létt bifhjól í flokki II sem er hannað til hraðari aksturs en 25 km á klst. Ákvæði laganna um bifhjól eiga einnig við um létt bifhjól nema annað sé tekið fram.“

Af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en að A sé búið brunahreyfli en á hinn bóginn liggur ekki fyrir hvert sprengirými hreyfilsins er. Þrátt fyrir það verður að líta svo á að A sé létt bifhjól í flokki I samkvæmt skilgreiningu umferðarlaga.

Í I. kafla í skilmálum þeim sem gilda um fjölskylduvátryggingu þá sem M hefur í gildi hjá V er fjallað um innbústryggingu, en skv. 2. gr. skilmálanna tekur innbústryggingin „til innbús, almenns og sérgreinds, sem er í eigu hinna vátryggðu og sem telst ekki vera hluti af fasteign eða almennu fylgifé hennar. Með almennu innbúi er átt við lausafjarmuni sem fylgja almennu heimilishaldi, svo sem húsgögn, heimilistæki, laus gólfteppi, fatnað, bækur og lín. Vátryggingin nær einnig til almenns viðlegubúnaðar og tómstundaáhalda. Þá bætist hvers kyns hlífðarbúnaður sem notaður er til aksturs ökutækja. Einnig tekur vátryggingin til eins gangs sumar- eða vetrarhjólbarða undir hvern einkabíl fjölskyldunnar, sem geymdir eru í bílskúr eða annarri geymslu. Hjólbarðarnir skulu samsvara gerðarlýsingu bílsins.“ Um bótasviðið er í greininni vísað til sérstakrar yfirlitsmyndar sem einnig er að finna í skilmálunum. Þá segir í sömu grein undir fyrirsögninni „Undanskildar áhættur“: „Dýr, skráningarskyld vélknúin ökutæki, óskráningarskyld ökutæki með aflvél yfir 5 kw., skráningarskyldar vinnuvélar, hjólhýsi, tjaldvagna, báta eða hluti sem tilheyra nefndum tækjum. Þessa hagsmuni er hægt að vátryggja sérstaklega. Sjá einnig kafla um vátryggingu á munum til tómstundaiðkana og gæludýratryggingu.“

Í 4. kafla skilmálanna eru ákvæði um vátryggingu á munum til tómstundaiðkana. Þar kemur fram í 20. gr. að undir þennan kafla vátryggingarinnar falli kajakar, arabátar með eða án utanborðsmótors, slöngubátar eða aðrir sambærilega bátar undir 5 metrum á lengd, kanóar, seglbretti, sæpotur, fis- og svifdrekar án mótors svo og fis- og svifvængir með eða án mótors, golfbílar, sláttutraktorar, fallhlífar, kafarabúnaður, hestabúnaður, skíðabúnaður, stangaveiðibúnaður og golfbúnaður auk hlífðarbúnaðar og fatnaðar sem tilheyrir motorsporti. Í 23. gr. segir svo að reglur innbústryggingarinnar gildi að öðru leyti um vátryggingu þessa eftir því

sem við á og að félagið greiði ekki samtímis bætur úr innbústryggingu/innbúskaskó og úr vátryggingu á munum til tómsundaíðkana vegna eins og sama tjóns.

Hvorki í 2. gr. vátryggingarskilmálanna né öðrum ákvæðum skilmálanna, að séð verður, er að finna skilgreiningu á tómsundaáhöldum sem innbústryggingin er sögð ná til. Upptalning á munum í 20. gr. skilmálanna á munum sem 4. kafli skilmálanna um vátryggingu á munum til tómsundaíðkana tekur til getur vart falið í sér tæmandi upptalningu á munum sem teljast til tómsundaáhalda í skilningi 2. gr., en létt bifhjól, eins og A flokkast undir, eru ekki meðal þeirra muna sem taldir eru upp í 20. gr. Í Íslenskri orðabók (3. útg. 2002) er orðið tómsund skýrt svo að um sé að ræða frístund, stund eða tíma þegar ekki þarf að sinna skyldustörfum. Af þessari orðskýringu má draga þá ályktun að tómsundaáhöld séu þau áhöld sem einkum eru notuð í frístund eða þegar ekki þarf að sinna skyldustörfum. Þegar litið er til þess hvers eðlis A er og hvernig ætla megi að notkun þess sé að jafnaði háttáð verður telja að það teljist til tómsundaáhalda í almennum skilningi þess orðs. A telst því til innbús í skilningi 2. gr. téðra vátryggingaskilmála. Kemur þá til skoðunar hvort það teljist til þeirra muna sem falla undir „Undanskildar áhættur“ í sömu grein.

Líkt og áður greinir telst A til létttra bifhjóla samkvæmt skilgreiningu í 2. gr. ufl. og eiga ákvæði laganna um bifhjól einnig við um létt bifhjól nema annað sé tekið fram. Samkvæmt 1. mgr. 63. gr. ufl. skulu bifhjól, þ.m.t. létt bifhjól, skráð og sett á það skráningarmerki áður en það er tekið í notkun. Í þessu felst að létt bifhjól, eins og A, telst vera skráningarskylt og með því að það er vélknúíð telst það lögum samkvæmt vera skráningarskylt vélknúíð ökutæki. Samgöngustofa er sú stofnun ríkisins sem annast skráningu ökutækja, sbr. 1. tölul. 7. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnarsýslustofnun samgöngumála. Í fyrirbyggjandi tölvubréfi Samgöngustofu frá 30. maí 2017 er vikið að breytingu á umferðarlögum með lögum nr. 13/2015 er lýtur að skráningarskyldu létttra bifhjóla. Þar segir enn fremur að helstu atriði er tengjast skráningarskyldu hafi þó verið felld niður í meðförum Alþingis, „þ.e. bótaákvæði, skoðunar- og vátryggingarskylda“. Þá segir í umræddu bréfi stofnunarinnar að þar sem létt bifhjól í flokki I séu þannig undanþegin öllum helstu lagaákvæðum sem eiga venjulega við um skráningarskyld ökutæki hafi stofnunin frestað því að hefja skráningu þeirra og í dag séu bifhjól í þessum flokki því ekki skráð hjá stofnuninni. Ekki er frekari grein gerð fyrir því á hvaða grundvelli verklag þetta byggir þrátt fyrir þá lögmæltu skyldu að skrá ber þau ökutæki sem hér um ræðir. Þetta verklag Samgöngustofu getur í engu breytt því að A telst vera skráningarskylt vélknúíð ökutæki sem telst vera undanskilin áhætta í innbústryggingu V skv. 2. gr. vátryggingarskilmálanna. Af því leiðir að innbústryggingin tekur ekki til þess tjóns sem varð á A umrætt sinn og fæst því ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón á A, Znen vespu, fæst ekki bætt úr innbústryggingu M hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 215/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar launþega X.****Tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna slyss
9.12.2014 sem tilkynnt var 31.1.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 30.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12.7.2017 ásamt höfnunarbréfi V dags. 24.2.2017, bráðamóttökuskra dags. 10.12.2014, niðurstöðu myndgreininga dags. 10.12.2014 og afriti af sjúkraskrá M.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M rann í tröppum fyrir utan heimili sitt þegar hún var á leið til vinnu 9.12.2014. M var flutt á slysideild með sjúkrabíl og var þar greind með samfallsbrot á hrygg. M var óvinnufær vegna afleiðinga slyssins og leitaði síðan til læknis á árinu 2015 og var í sjúkraþjálfun á því ári og fram á árið 2016.

M telur að tímamark það sem henni mátti verið ljós atvik sem krafa hennar um bætur er reist á sé það tímamark þegar henni sjálfri má vera ljóst að varanlegar afleiðingar hafi hlotist af, sbr. dómaframkvæmd Hæstaréttar. M telur að það að hún hafi verið í sjúkraþjálfun fram á árið 2016 hafi veitt von um að M myndi ná sér að fullu. Það hafi því ekki verið fyrr en seinni hluta árs 2016, þegar sjúkraþjálfun bar ekki árangur, sem henni mátti vera ljós umrædd atvik. Tilkynning hafi borist V innan eins árs frá því tímamarki og hafi tilkynning dags. 31.1.2017 því komið innan ársfrests 1.mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um tímamarkið þar sem M eru ljós atvik sem krafa hans um bætur úr slystryggingu launþega er reist á, sbr. orðalag 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga, en M hefur eitt ár eftir þann tímamark til að tilkynna um slysið til V.

Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að M var greind með samfallsbrot á hrygg strax eftir slysið 9.12.2014, varð óvinnufær í kjölfarið og leitaði síða a.m.k. tvisvar til læknis vegna óþæginda á árinu 2015. Af því verður ekki annað ályktað af læknisfræðilegum gögnum málsins að M hafi haft veruleg óþægindi vegna áverkans allt frá degi tjónsatviks og að sjúkraþjálfun hafi ekki borið viðunandi árangur á árinu 2015. Í lok árs 2015 varð M óvinnufær á ný vegna bakverkja og verður þá að ætla að M hafi mátt vera ljós atvik sem krafa hennar um bætur úr slysátryggingu launþega er reist á. Tilkynning M til V barst ekki innan eins árs frá því tímamarki eins og 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga kveður á um og á M því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2017**M og
M og****vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar SF F98 (B).****Árekstur bifreiða á bifreiðastæði við Skaftafellsstofu í Skaftafelli 19.10.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 20.6.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 7.7.2017

Bréf V2, dags. 13.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðastæði við Skaftafellsstofu í Skaftafelli. Í málskoti kemur fram að ökutæki B hafi verið bakkað á hægri hlið ökutækis A. Ökutæki A hafi verið kyrrstætt á bílastæði. Bæði ökutæki eru bílaleigubílar og voru þeir í útleigu er atvikið átti sér stað. Tónaskýrsla var fyllt út á staðnum en hún var ekki undirrituð af ökumanni B, sem leiddi til þess að V2 hafnaði bótaskyldu.

M heldur því fram að það hafi verið mistök hjá ökumanni B að undirrita ekki skýrsluna. Skýrslan hafi verið á íslensku og hugsanlega hafi hann ekki skilið allt sem í henni stóð eða leiðbeiningar um hvar skyldi undirrita hana. Ljóst sé að ökumaður B fyllti út hluta af skýrslunni þar sem þar eru ítarlegar persónuupplýsingar um báða aðila. Þá bendi rithönd og litur á bleiki á tjónskýrslu til þess að leigutaki ökutækis B hafi verið sá sem fyllti út skýrsluna að stærstum hluta. Jafnframt liggur fyrir ljósmynd af leigusamningi ökumanns B, sem að sögn var tekin að beiðni ökumannsins sem sönnun fyrir því að um væri að ræða bílaleigubíl sem hann hefði leigt, sönnun fyrir því hver hann væri, sönnun fyrir því að hann væri sá sem olli tjóninu og sem staðfesting á því sem fram kom í tjónaskýrslu sem báðir aðilar hafi fyllt út í sameiningu. Kvartandi telur að V2, sem og bílaleigan sem á B, hafi ekki gert sitt besta til að ná í ökumann B til að fá staðfestingu á tjónaskýrslunni. Í fyrirliggjandi gögnum sé að finna heimilisfang, netfang og símanúmer hjá ökumanninum og það hafi tekið fyrirsvarsmenn kvartanda aðeins eitt símtal til að ná í ökumanninn og fá tjónið staðfest í gegnum síma.

Í bréfi V2, dags. 13.7.2017, kemur fram að eigandi B hafi ítrekað reynt að ná í ökumann B, en hann svari hvorki í síma né tölvupósti. Fullyrðingum um að litur á bleiki og rithönd bendi til þess að ökumaður B hafi fyllt skýrsluna út teljast, að mati V2, ansi hæpnar, enda hvergi í gögnum að finna rithandarsýnishorn frá honum sem hægt væri að bera saman við rithönd hans á tjónstilkynningunni. Þá megi sjá af framhlið tilkynningarinnar að hún er útfyllt með a.m.k. tveimur, ef ekki þremur mismunandi pennum. Meðal annars sé texti við afstöðumynd á íslensku sem útilokað er að ökumaður B hafi gert, þar sem hann skilur ekki íslensku. Þá eru fleiri atriði tilgreind sem bera með sér að sá sem fyllti skýrsluna út sé íslenskur. Bent er á að engin gögn hafa verið lögð fram til staðfestingar á því að M hafi náð tali af ökumanni B og að hann hafi staðfest að hafa valdið tjóninu. Sú skylda hvíli á tjónþola að sanna tjón sitt, sýna fram á að bótagrundvöllur sé fyrir hendi og gæta þess að tryggja sér sönnun fyrir því. Það hafi M ekki tekist auk þess sem engin ákoma sé á ökutæki B sem staðfest geti að bifreiðin hafi lent í árekstri við ökutæki A í umrætt sinn. Því verði að telja að ósannað sé að árekstur hafi orðið með bifreiðunum.

Álit.

Mál þetta snýst um það hvort komin sé fram fullnægjandi sönnun þess að ökutæki B hafi ekið á ökutæki A, sem hafi verið kyrrstætt á bifreiðastæði. Fyrir liggur að tjónaskýrsla er ekki undirrituð af ökumanni B og ekki liggur fyrir önnur staðfesting frá honum um að atvik hafi verið með þeim hætti

sem haldið er fram. Ekki er unnt að fallast á að önnur atriði sem tilgreind eru leiði til þess að líta megi svo á að fullnægjandi sönnun sé komin fram á að atvik hafi orðið með hætti sem M heldur fram. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2.

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 218/2017**M
og
V1 v/ökutækjatrýggingar A
og V2 v/ökutækjatrýggingar B****Árekstur á bílastæði við Hellnar á Snæfellsnesi.****Gögn.**

Málskot, dags. 03.07.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 04.07.2017.

Bréf V2, váttryggingafélags, dags. 07.09.2018.

Málsatvik.

M er bílaleiga og lenti leigutaki M í árekstri þegar hann var að bakka úr stæði við Hellnar á Snæfellsnesi. M telur að ökumaður B hafi borið ábyrgð á árekstrinum þar sem ökumaður B bakkaði inn í hægri hlið A. Leigutakinn hafi verið kominn vel á veg með að bakka úr bílastæðinu þegar B hafi bakkað inn í hlið A. M telur leigutakann A ekki hafa getað komið í veg fyrir tjónið og hafi sýnt af sér eðlilega aðgæslu en það hafi verið B sem hafi skyndilega bakkað úr stæðinu og á A. Því eigi B að bera alla sök.

Gögn málsins bera með sér að tjónanefnd váttryggingafélaganna hafi úrskurðað að hvor um sig skyldi bera helming sakar við áreksturinn og í tölvupósti V1 er tekið undir þá sakarskiptingu. V tekur hins vegar undir rök M í bréfi til úrskurðarnefndarinnar.

Í bréfi V2 kemur fram að samkvæmt frumskýrslu málsins, þ.e. sameiginlegri tjónstilkynningu hafi báðir ökumenn staðfest með undirskrift sinni að báðum bifreiðum hafi verið ekið afturábak úr stöðureitum bifreiðastæða í aðdraganda árekstursins. Hvorugur ökumanna hafi merkt við kyrrstöðu á framhlið tjónstilkynningar. Þá hafnar félagið þeirri fullyrðingu að A hafi verið kyrrstæð þegar áreksturinn varð og að B hafi hafið akstur afturábak á undan A. Ekkert í gögnum málsins styðji þá staðhæfingu og engin sönnun liggir fyrir um það í gögnum málsins. V2 tekur undir niðurstöðu tjónanefndar um að skipta sök til helminga milli ökumanna.

Álit.

Í tjónaskýrslu sem fylgir gögnum málsins hefur verið merkt við að báðar bifreiðarnar hafi verið að bakka út úr stæði og virðast ökumenn sammála um málsatvik. Framburður ökumanna fylgir ekki með málinu og er því ekki frekar hægt að ráða hvernig áreksturinn atvikaðist. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann snýr ökutæki eða ekur því aftur á bak, ganga úr skugga um, að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Miðað við gögn málsins er ekki annað hægt að ráða en að hvorugur ökumanna hafi gætt að varúðarskyldu umferðarlaga og því telur úrskurðarnefndin að ökumenn skuli bera helming sakar hvor.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 12. september 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 219/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
M og
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bifreiðastæði 23.3.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3. 7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
2. Bréf V-1 dags. 7.7.2017.
3. Bréf V-2 dags. 17.7.2017.

Málsatvik.

Árekstur varð milli bifreiðanna A og B á bifreiðastæði við Víkurbraut í Skaftafellssýslu. Ökumaður A ætlaði að leggja bifreiðinni í bílastæði, en á undan A var bifreiðin B, sem ók í sömu átt. Ökumaður A segist hafa séð laust stæði og ákveðið að bakka og þá áttað sig á að ökumaður B hefði ákveðið að bakka líka og hafi hann þá stoppað en árekstur orðið. Ökumaður B sagðist hafa áttað sig á að ekki var hægt að aka út af bílastæðinu þeim megin sem hann ætlaði og því hafi hann ætlað að bakka út af stæðinu, en þá hafi árekstur orðið.

Álit.

Báðir ökumenn eru að bakka í umrætt sinn og ekki er sýnt fram á að A hafi verið stöðvuð í það langan tíma að það skipti máli. Hvorugur ökumaður gætti þeirrar varúðar sem ökumönnum er skylt að gera þegar þeir aka bifreið sinni aftur á bak sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og bera því báðir ábyrgð á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykja ekki efni til að leggja sök á annan ökumann umfram hinn og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 29.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 220/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar A

Bifreiðastjóri slasaðist við akstur vörubifreiðar við Hafnarfjall 10.5.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 3.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
2. Bréf V dags. 11.7.2017 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

Tjón varð á bifreið sem M ók eftir Vesturlandsvegi við Hafnarfjall, þegar eftirvagn bifreiðarinnar lyftist frá jörðu vegna vinds og valt á hliðina og tók með sér bifreiðina. Við þetta slasaðist ökumaður á höfði og hálsi. V viðurkennir bótaskyldu, en telur rétt að skerða bætur til ökumanns um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis hans. M krefst óskertra bóta. Aðstæður á vettvangi voru þær að vindhraði var 18.5 m/sek en vindhviður farið upp í 26.2 m/sek. Á sama mæli fór mesta vindhviða upp í 28 m/sek og telur M að V geti ekki skert bætur til sín vegna meints stórkostlegs gáleysis fyrir að hafa ekið bifreið og farmi um veginn við þessar aðstæður. M segist hafa metið aðstæður þannig að hann gæti ekið A örugglega um veginn enda hefði hann farið um hann skömmu áður. M segir að afstaða V sé ekki studd neinum gögnum og verði V að bera hallann af sönnunarskorti. Þá byggir M á því að hann hafi fylgt öllum varúðarviðmiðunum sem honum bar. M segist ekki hafa sýnt af sér sök í umrætt sinn heldur hafi ástæða óhappsins verið sú að vindhviða hafi skyndilega lent á bílnum. M telur því að skilyrði 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 sé ekki yfir hendi. Hafi M sýnt af sér sök þá sé hún óveruleg og V geti eingöngu borið fyrir sig almennt gáleysi en ekki stórkostlegt og geti V því ekki skert bætur til M eins og tilvitnuð ákvæði leyfa.

V vísar til þess að M sé atvinnubifreiðarstjóri sem þekki vel til aðstæðna og þrátt fyrir upplýsingar um vindhraða og aðstæður við Hafnarfjall hafi M kosið að halda för sinni áfram. Þá segir V að í umræddu tilfelli hafi verið búið að vara við veðrinu fyrirfram í frétt sem hafi birst daginn áður þar sem sagði að daginn eftir yrði lélegt ferðaveður. V segir að farmurinn í bílnum og eftirvagninum hafi í umrætt sinn verið járnarusl og tómir gaskútar og hafi því akstur bifreiðarinnar í þeim vindi sem var og M lýsi verið mjög varhugavert að vera á ferðinni og með því að aka bifreiðinni á þessu svæði á Vesturlandsvegi með þann farm sem um ræðir hafi M sýnt af sér stórkostlegt gáleysi.

Álit.

Aðstæðum þegar slys M varð er lýst í öðrum úrskurði nefndarinnar í máli nr. 175/2017. Í þeim úrskurði var fyrst og fremst fjallað um áhrif varúðarreglu kaskótryggingarskilmála á bótarétt eiganda þeirrar bifreiðar sem M ók í greint sinn úr kaskótryggingu hans. Í 2. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur hins vegar fram að vátryggingafélög geti takmarkað ábyrgð sína í heild eða að hluta vegna stórkostlegs gáleysis vátryggðs. Í niðurstöðu úrskurðar í máli nr. 175/2017 er hins vegar ekki tekin skýr afstaða til þess hvort í háttsemi M hafi falist stórkostlegt gáleysi eins og V hélt þar fram, eins og vegna bótaréttar úr slysatryggingu ökumanns. Hér er því tekin sjálfstæð afstaða til þess álitaefnis og er það álit nefndarinnar að þó vönum bifreiðastjóra eins og M var ljóst að það gæti að einhverju leyti verið varhugavert að aka A meðfram Hafnarfjalli við þau veðurskilyrði og háttsemi M sem ökumanns bifreiðarinnar hafi almennt verið gáleysisleg, þó hún hafi ekki brotið gegn gildandi varúðarreglum sem giltu fyrir kaskótryggingu bifreiðarinnar eins og niðurstaða í máli 175/2017 sýnir. Vátryggingafélög bera almennt sönnunarbyrði um að skilyrði um takmörkun ábyrgðar séu fyrir

hendi. V þarf því að sýna fram á að það gáleysi sem M sýndi við aksturinn sé þannig að það sé stórkostlegt í skilningi ofangreindra lagaákvæða. Til þess þarf háttsemi að fela í sér verulegt frá vik frá þeirri háttsemi sem ætlast mátti til af M. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu telst V ekki hafa sýnt fram á það nægilega skýrlega að sú háttsemi hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi af hálfu M. Hallann af þeim sönnunarskorti ber V og telst M því eiga rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 22.8.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 221/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar I.

Starfsmaður rann til og féll á landgangi flugvélar og slasaðist 11.4.2014

Gögn.

1. Málskot móttækið 4.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr.1-7
2. Bréf V dags. 17.7.2017 ásamt fylgiskjölum 1-5.

Málsatvik.

M var að stíga um borð í flugvél til að fara að þrifa hana þegar farþegi kom á móti henni, M steig þá til baka inn í landganginn, rann til og féll á blautu yfirborði og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns I vegna slyssins og segir óumdeilt að bleyta hafi verið á yfirborði landgöngubrúar og vinnusvæðið því hált, sbr. upplýsingar í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins. M byggir á því að vinnuaðstæður hafi ekki verið forsvaranlegar né fullnægjandi og séu bein orsakatengsl vegna þess og slyssins. Af hálfu M er vísað til þess að I hafi ekki gert ráðstafanir til að þurrka upp bleytu auk þess sem óvarlegt sé að láta ræstingafólk fara inn í flugvélar meðan farþegar séu ekki farnir frá borði og þá samræmist vinnuaðstæður ekki 5.tl. 6.gr. reglna nr. 581/1995 um húsnæði vinnustaða. Þá er vísað til þess af hálfu M að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits fyrr en 12.5.2014, eða rúmum mánuði eftir að slysið varð. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að slys M verði rakið til vanbúnaðar sem I beri ábyrgð á. V vísar til þess að M hafi langa starfsreynslu við það starf, sem hún var að sinna í umrætt sinn. Vísað er til að yfirborð á plötunni við enda landgangsins sé upphleypt til þess að gera það stamara viðkomu. Þá bendir V á að allir farþegar hafi komist frá borði í umrætt sinn áfallalaust. V segir að I hafi tilkynnt slysið til Vinnueftirlits 12.4.2014 daginn eftir slysið en ekki 12.5. eins og ranglega sé fullyrt í málsskoti. Þá hafi slysið einnig verið tilkynnt lögreglu.

Álit.

Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að um saknæman vanbúnað hafi verið að ræða á slysstað, sem hafi valdið því að M féll og slasaðist. Gögn málsins sýna ekki fram á að I hafi gerst sekur um saknæma vanrækslu eða aðbúnaður og vinnuaðstæður hafi ekki verið forsvaranlegar. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu I hjá V.

Reykjavík 22.8 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2017

M

og

váttryggingafélagið V v/ starfsábyrgðartryggingar fasteignasölu.

**Ágreiningur um bótaskyldu vegna galla í fasteign sem fasteignasala
hafði milligöngu um sölu á.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Með kaupsamningi 14. apríl 2015 keypti M einbýlishús að A á Akureyri. Löggiltur fasteignasali, B, hjá D annaðist milligöngu um kaupin. Í fyrirliggjandi óundirrituðu söluyfirliti kemur fram að húsið hafi verið byggt 1942, parket sé á eldhúsgólfi, og enn fremur í þremur svefnherbergjum, stofu og holi. Dúkur sé á gólfi í baðherbergi og flísar í garðskála. Þá segir í yfirlitinu að um sé að ræða skemmtilegt hús til uppgerðar og eign sem þarfnist endurbóta.

Eftir að M hafði fengið eignina afhenta og hafið vinnu við endurbætur kveður hann að í ljós hafi komið atriði sem bentu til að eignin væri haldin verulegum og alvarlegum göllum sem væri ógerningur að lagfæra. Aflaði M matsgerðar tveggja dómkvaddra matsmanna þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að gallana mætti rekja til sigs á gólfum. Segir í málskoti að vegna sigsins hafi seljandi eignarinnar ráðist í það fyrir nokkrum árum að steypa nýja 15 cm gólfplötu ofan á eldri gólfplötu hússins í því skyni að því er virðist til að lagfæra og hylja sigið auk þess sem lagt hafi verið ofan á þá plötu svokallað „falskt gólf“, þ.e. parketgólf hafi verið lagt yfir hina nýsteyptu plötu þannig að sigið sást ekki við skoðun. Á grunvelli matsgerðarinnar og með vísan til álitsgerðar nafngreinds arkitekts kveður M að A sé óviðgerðarhæft. Með vísan til niðurstöðu matsgerðarinnar og yfirlýsinga nokkurra einstaklinga telur M að A og önnur hús í næsta nágrenni séu byggð í mýri og á byggingartíma hafi ekki tíðkast að hafa jarðvegsskipti niður á fastan botn. Í tímans rás eftir að byggingum hafi fjölgað á svæðinu hafi grunnvatnsstaða lækkað, m.a. vegna fráveitukerfa. Þessi lækun grunnvatnsstöðu hafi valdið sigi á byggingum í hverfinu vegna samþjöppunar jarðvegs og öllum staðkunnugum á svæðinu hljóti að hafa verið kunnugt um sigið og þau vandamál sem því fylgdu. Ríkar kröfur séu gerðar til fasteignasala og eðlilegt sé að gera ríkar kröfur til sérfræðipækkingar fasteignasala á þeim staðbundna markaði sem D starfar á, sem m.a. er á Akureyri.

Ljóst sé að B hafi annað hvort ekki haft nægjanlega þekkingu á svæðinu eða þá að hann hafi vanrækt að upplýsa um þá staðreynd að húsið er staðsett á mýrlendi sem væri líklegt til að valda stórtjóni á eigninni. Hafi hann þannig vanrækt skyldur sínar við gerð söluyfirlits skv. 11. gr. laga nr. 99/2004 um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa sem í gildi voru þegar umrædd húseign var til sölumeðferðar hjá D, sbr. og ákvæði í reglugerð nr. 939/2004 um gerð og efni söluyfirlita. Af þessum sökum hefur M krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Álit.

Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins er óumdeilt að sig á gólfum í A eins og að ofan greinir, var ekki sjáanlegt við sjónskoðun. Ekkert hefur heldur komið fram í tengslum við sölumeðferðina hjá F að upp hafi komið einhver þau atvik sem hafi gefið B tilefni til að ætla að eignin væri haldin þeim göllum sem raun bar vitni. Þrátt fyrir þær yfirlýsingar sem liggja fyrir í málinu um vitneskju nokkurra tilgreindra einstaklinga um mýrlendan jarðveg og jarðvegssig undir húsum í nágrenni A verður ekki fullyrt að B eða aðrir starfsmenn D hafi vitað eða mátt vita um jarðveginn og að almennt væri hætt á að húsbyggingar á svæðinu myndu síga þannig að honum hafi borið að geta þess í söluyfirliti. Hefur því ekki verið sýnt fram á að það verði virt B til sakar að ekki hafi verið getið í söluyfirliti um þann galla sem A var haldin eða í hvers konar jarðvegi A var reist. Skaðabótaábyrgð verður því ekki felld á D vegna þess tjóns sem M hefur orðið fyrir af völdum gallans. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M, á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 19. september 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Hrannar Már Gunnarsson hdl.

Mál nr. 223/2017**M
og
V v/ökutækjategyggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 05.07.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 21.07.2017.

Málsatvik.

M varð fyrir slysi þegar hann ók bifreiðinni A 26. nóvember 2012 aftan á aðra bifreið í hálfu og fann í kjölfarið fyrir verkjum í hálsi, herðum, brjósthrygg framanvert og aftan og baki með leiðni og dofa í hendur og fætur. V hafnaði bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns með bréfi 6. júlí 2016 með vísan til þess að árstilkynningarfræstur væri liðinn skv. 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga. Í bréfinu kemur fram að kærandi hafi átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins þegar hann leitaði til heimilislæknis í janúar og nóvember 2013, fór í segulómum í febrúar 2013, þegar hann leitaði á slysideild í desember 2013 og í síðasta þegar hann fór til taugalæknis í janúar 2014 þar sem hann hafði þá ekki jafnað sig eftir slysið.

M mótmælir afstöðu V og telur að honum hafi ekki verið kunnugt um afleiðingar slyssins fyrr en árið 2015. M hafi verið hjá sjúkrahjálfa á 29 skipti á tímabilinu 27. janúar til 10. desember 2015 og taldi að hann myndi jafna sig að fullu í þeirri meðferð. Það hafi ekki verið fyrr en í lok þeirrar meðferðar sem hann hafði haft raunverulega vitneskju um að ástand hans yrði varanlegt og að starfsgeta hans yrði varanlega skert í framtíðinni.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram í vottorði frá Heilsugæslunni í Grafarvogi dags. 12. janúar 2015 að M hafi leitað til læknis 30. nóvember 2012 vegna slyssins. Í vottorðinu kemur fram að M eigi við flókið verkjavandamál að stríða sem hefst löngu áður en bílslysið verður. M hittir lækni aftur 7. janúar 2013 vegna bakverkja og kemur þá fram að M hafi verið óvinnufær meira og minna frá apríl 2012 og alveg frá 23. október 2012. M fer í segulómum í nóvember 2013 og er vísað til taugaskurðlæknis. M fer síðan á slysideild í desember 2013 vegna bakverkja. 21. janúar 2014 hittir M taugaskurðlækni. Í læknabréfi taugalæknisins kemur fram að M sé undirlagður af verkjum sem hafa verið í mjóbakinu og dreifa sér út í brjóstkassann og leiða til stirðleika í höndum. Taugalæknirinn telur að skoða eigi hvort M sé með gigtarþætti í sér eða bólgusjúkdóm. Fram kemur að hann finni ekki rótareinkenni og við skoðun á segulómsskoðun sé háls hryggurinn saklaus og einnig brjóstbakið þar sem slit sé lítið. Liðþófi sé eðlilegur. Það séu aukin vökvamerki sem bendi til bólgu og auk þess vöka í facetuliðum L3-4. Þar sem ekki sé um brjós-klos að ræða eða röturþrýsting eða neinar klemmur og engin einkenni um það þá hafi læknirinn ekki upp á skurðaðgerð að bjóða. Hins vegar ráðleggur taugalæknirinn áframhaldandi meðferð á Stykkishólmi því ef þetta væru facetuliðirnir þyrfti að skoða M með tilliti til gigtarþátta. 15. október 2014 hittir M aftur heimilislækni vegna verkja og síðan 26. janúar 2015.

Í vottorðinu kemur einnig fram að M hafi fengið hálsþnykk í október 2001 og hafi hann glímt við afleiðingar þess í nokkur ár. Þá kemur fram að M hafi í áráðir átt við stoðkerfisverki að stríða og erfitt sé að meta hvaða einkenni megi rekja beint til slyssins 26. nóvember 2012 en vissulega geri slyss engum gott sér í lagi mönnum með slíka fyrri sögu.

Af gögnum málsins kemur fram að M var bakveikur fyrir slysið og óvinnufær. Slysið hefur ekki gert ástandi hans gott með vísan til framangreinds mátti M vera löngu ljóst að ástand hans var varanlegt og í síðasta lagi þegar hann hitti taugalækninn þar sem fram kom að ekki var hægt að bæta ástand M með aðgerð. Úrskurðarnefndin lítur því svo á að tilkynningarfræstur hafi í síðasta lagi byrjað að líða 15. október 2014 en V er tilkynnt um slysið 8. desember 2015. Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, er tilkynningarfræstur því liðinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns í ökutækjatryggingu A

Reykjavík, 29. ágúst 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 224/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna sjúklingatryggingar A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna afleiðinga tanntöku.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 6.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 14.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf M, dags. 4.7.2017.

Málsatvik.

M greindist með krabbamein í hálskirtli árið 2013 og fór í 35 skipta geislameðferð. Þann 15.3.2016 leitaði M til A til að láta draga úr sér tönn. Tanntakan fór fram án þess að M hafi verið gefin sýklalyf, hvorki fyrir né eftir tanntökuna en tannlæknar A vissu af heilsufars sögu M. Sýking kom síðar upp í kjálkabeini sem þróaðist út í drep og hafði þetta alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar fyrir M.

M heldur því fram að ástæða hinna alvarlegu heilsufarslegu afleiðinga megi rekja til þess að M hafi ekki verið gefin sýklalyf í tengslum við tanntökuna. Byggt er á 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 þar sem segir að greiða skuli bætur án tillits til þess hvort einhver beri skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins ef komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. M telur að tannlæknar A hafi vanrækt rannsóknarskyldu sína fyrir tanntökuna, auk vanrækslu á umsjónar- og eftirlitsskyldu, sbr. 13. gr. laga nr. 55/2009 og 3. mgr. 13. gr. laga nr. 34/2012. M byggir einnig á 4. tl. 2. gr. laga nr. 111/2000 þar sem segir að bæta skuli tjón sem hlýst af meðferð eða rannsókn, þ.m.t. aðgerð, sem ætlað sé að greina sjúkdóm og tjónið er vegna sýkingar eða annars fylgikvilla sem er meiri en sanngjarnt sé að sjúklingur þoli bótalaust. Þá segi í 4. tl. 2. gr. að líta skuli til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklinga að öðru leyti. Þá skuli taka mið af því hvort algengt sé að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera hefði mátt ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni. Ljóst sé að tjón M sé vegna sýkingar sem kom upp í kjölfar tanntöku þar sem ekki var notast við sýklalyf. Tjón M sé mikið og ljóst að afleiðingar tanntökunnar hafa dregið verulegan dilk á eftir sér, sér í lagi þar sem M hafi verið á góðum batavegi eftir krabbameinsmeðferð og hafi ætlað sér á vinnumarkað. Í læknisvottorði Hannesar Hjartarsonar, læknis, dags. 12.6.2017, komi fram að fyrirbyggjandi gjöf á sýklalyfjum kringum tanndráttinn hefði getað komið í veg fyrir afleiðingar tanntökunnar.

Í bréfi V, dags. 14.7.2017, kemur fram að M hafi þann 28.5.2014 komið í áfangaeftirlit hjá A að lokinni krabbameinsmeðferðinni. Var M með veruleg óþægindi vegna tannar 37, enda var tönnin laflaus og illa hafi gengið að þrifa hana. Tönnin var fjarlægð að höfðu samráði við krabbameinsmeðferðarlækni. Engar athugasemdir voru gerðar af hálfu læknis M og var tönnin fjarlægð þann 11.6.2014. M kom í þriggja til A í eftirlit í kjölfar tanntökunnar til þess að líta eftir græðslu svæðisins þar sem þekkt er að gróandi er hægari í vef sem hefur fengið stóran geislaskammt en í heilbrigðum vef. Í journal, sem ritaður er 11.9.2014 segi að M sé aum í vinstri kjálkalið og eigi erfitt með að opna munninn. Í journal frá 3.2.2015 segi að beinkantur sé mikið betri núna og líðanin líka betri. Fram kemur að M eigi erfitt með að opna munninn vegna þess að vöðvafestur og sínar séu stífari og minna eftirgefanlegar en M sé þó að æfa sig að opna munninn á hverjum degi. Þann 9.9.2015 kom M til A og sást þá að tönn 36 var léleg, enda tönnin búin að tapa mikilli festu og komin í sambærilegan farveg og tönn 37, sem var fjarlægð í júní 2014. Tönnin var þó ekki fjarlægð þá, þar sem M verkjaði ekki í hana. Þann 15.3.2016 kom M til A þar sem M var komin með óþægindi frá tönninni. Tönninni hafði hrakað mikið frá síðustu heimsókn. Tönnin var orðin laus og ekki mögulegt að bjarga henni og var hún því fjarlægð í þeirri heimsókn. Ekki var haft samráð við meðferðarlækni

M þar sem hann hafði hálfu ári eftir geislameðferð ekki haft athugasemdir við fjarlægingu tannar 37. Enn fremur hafi engin merki verið um sýkingu á svæðinu. Fjarlæging gekk greiðlega, að sögn A, enda tönnin laflaus. Lágmarks inngríp sé að fjarlægja slíka tönn og sárið margfalt umfangsminna en við hefðbundna fjarlægingu tannar. Sex dögum eftir fjarlæginguna leitaði M til A vegna hvassrar brúnar á tönn 35. Ekki sáust, að sögn A, nein merki um sýkingu og ekkert athugavert var við útlit svæðisins. Þann 31.3.2016, fimmtán dögum eftir fjarlæginguna, leitaði M aftur til A vegna eymsla og þirringa á svæði tannar 36. Matur hafði þá safnast fyrir í útdráttarholunni og var hann skolaður burt. Ekkert annað hafi verið athugavert við útlit svæðisins og engin ummerki um sýkingu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins liggur ekki nákvæmlega fyrir hvenær sýking kom upp. Fyrir liggur að tanntakan átti sér stað þann 15.3.2016 en fyrstu merki um sýkingu er að finna í journal þar sem fram kemur að M hafi, þann 29.4.2016, haft samband við A og sagst vera bólgin og eiga erfitt með að opna munninn. Fékk hún þá ávísun á sýklalyf hjá A. Í vottorði Hannesar Hjartarsonar frá 12.6.2017 kemur fram að M hafi farið í tanntöku í maí 2016 og hún hafi í beinu framhaldi af því fengið sýkingu. Þær upplýsingar virðast fengnar frá M, byggt á minni, sem ljóst er að passaði ekki þar sem tanntakan átti sér stað í mars 2016. Það eru því engin samtímagögn sem staðfesta hvenær sýking kom upp, fyrir utan framangreindan journal A. Þá liggja fyrir samtímagögn um það að í tveimur heimsóknum til A eftir tanntökuna, þá seinni tveimur vikum eftir fjarlæginguna, voru engin merki um sýkingu. Við það verður því að miða að sýkingin hafi í fyrsta lagi komið upp um einum og hálfum mánuði eftir tanntökuna. Í ljósi þessa, og í ljósi þess að samkvæmt gögnum málsins geti geislameðferð eins og sú sem M þurfti að undirgangast haft í för með sér ýmsa síðkomna fylgikvilla, er það niðurstaða nefndarinnar að ekki hafi verið sýnt fram á orsakasamband á milli tanntökunnar þann 15.3.2016 og þeirra einkenna sem M glímir við nú. M á því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ véltryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna bilunar í fánaprentvél.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 19.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um miðjan desember 2016 kom fram bilun í fánaprentvél í eigu M sem virtist helst hafa lýst sér í því að erfitt hafi verið að prenta í svörtum lit með fullnægjandi hætti. Tiltekinn viðgerðaraðili var fenginn til að gera við vélina. Samkvæmt því sem fram kemur í fyrirliggjandi vinnuskýrslum viðgerðaraðilans, sem reyndi að gera við vélina í janúar og febrúar, munu vandamál hafa byrjað með að prenthausar duttu út og vildu ekki koma inn aftur. Skipt hafi verið um „bolla í capping station“ til að athuga hvort hreinsunin á prenthausunum væri ekki að virka vel. Það hafi ekki gengið upp. Þá hafi verið tekin ákvörðun um að skipta um báða prenthausa í vélinni þar sem þeir hafi báðir verið í „annarlegu“ ástandi. Um leið hafi verið settir nýir demparar og nýtt „brakket fyrir capping stöð og wiper“. Einnig kemur fram að skipt hafi verið um kasettur fyrir blek í „hægra setti“ á vélinni. Ekki hafi tekist að fá vélina í ásættanlegt ástand og hafi hún ekki verið söm og frá bilun hennar í desember. Þá segir í umræddum vinnuskýrslum að ekki hafi fengist nákvæm niðurstaða hver bilunin sé og ákvörðun hafi verið tekin um meta vélina óstarfhæfa þar eð ekki svaraði kostnaði að gera við hana eins og staðan væri á henni.

M hefur krafist bóta vegna vélarbilunarinnar úr véltryggingu þeirri sem hann hefur í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu á þeim grundvelli að umrædd vélarbilun falli utan gildissviðs vátryggingarinnar skv. 5. gr. skilmála véltryggingarinnar og falli jafnframt undir þau tilvik sem vátryggingin bætir ekki skv. 6. gr. skilmálanna, auk þess sem vélin hafi ekki verið á þeim stað sem tilgreindur er sem vátryggingarstaður í vátryggingarskírteini, eins og áskilið er skv. gr. 1.1 í skilmálunum.

Álit.

Samkvæmt gr. 5.1 í skilmálum véltryggingar þeirrar sem hér er til skoðunar tekur vátryggingin til beinna skemmda er hljótast á vátryggðum vélum vegna vélarbilunar. Í gr. 5.2 segir að með vélarbilun sé átt við brot eða aðrar skyndilegar og ófyrirsjáanlegar skemmdir sem stöðva vél eða valda því að vél verður að stöðva. Sama gildir ef ekki er unnt að setja vél í gang þannig að nauðsynlegt reynist að gera við hana. Þá segir í gr. 5.3 að samkvæmt þessu greiðist bætur fyrir skemmdir af völdum:

- mistaka starfsmanna við meðferð vátryggðra véla, svo sem vegna vankunnáttu eða óaðgætni starfsmanna þegar þær eru í notkun, þegar verið er að hreinsa þær, halda þeim við eða flytja þær til á vátryggingarstaðnum,
- efnis og steypugalla,
- skammhlaups eða annarra áhrifa rafmagns,
- rangrar hönnunar,
- mistaka við smíði, viðgerð eða samsetningu og
- skemmdarverka.

Eina lýsingin á bilun þeirri sem upp kom í hinni vátryggðu vél er að finna í fyrrgreindum vinnuskýrslum viðgerðaraðilans. Af þeirri lýsingu verður ekki ráðið að um sé að ræða vélarbilun sem fullnægi skilyrðum 5. gr. vátryggingarinnar. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr vátryggingunni. Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki þörf á að taka afstöðu til þess hvaða áhrif ákvæði gr. 1.1 í vátryggingarskilmálunum um vátryggingarstaðinn eða 6. gr. um það sem

vátryggingin bætir ekki eigi að hafa á rétt M til bóta úr vátryggingunni. Tjón M telst því ekki bótaskyld úr véltryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr véltryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. ágúst 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 226/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar F.

Maður slasast við að fylla loftkúta til notkunar við köfun 28.10.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-19
2. Bréf V dags. 20.8.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Köfunarkútur sprakk þegar M var að fylla hann og M slasaðist. M segir ástæðu slyssins vera þá að F sé með í notkun bæði evrópskar og bandarískar gerðir af köfunarkútum sem hafi verið nýkomnir úr sandblæstri og lökkun og krani af amerískri gerð hafi verið settur á kút af evrópskri gerð, sem leiddi til þess að kúturinn sprakk. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu F hjá V. Í gögnum málsins liggur fyrir skýrsla á grundvelli rannsóknar Vinnueftirlits ríkisins (VER) kemur fram að mismunur hafi verið á gengjum ventla kútanna og F hafi ekki gert ráðstafanir til að tryggja að svokallaðir M25 lokar væru ekki settir óvart á kúta með $G \frac{3}{4}$ gengjum þrátt fyrir að þetta sé þekktur og alvarlegur áhættuþáttur.

M byggir á því að verklag hjá F við fyllingu á kútana hafi verið ótraust og á því beri F ábyrgð. Þá vísar M til rannsóknar VER þar sem fram komi að F hafi ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vitlausir lokar séu ekki óvart settir á kúta. M vísar til 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og telur að fyllsta öryggis starfsmanna hafi ekki verið gætt af hálfu F. M segir að verklag hafi verið í ólagi og á því beri F ábyrgð.

V hafnar bótaskyldu og segir að slyss M verði ekki rakið til saknæm vanbúnaðar á vinnustað. Slysið hafi orðið vegna þess að M hafi gert þau mistök að setja krana af amerískri gerð á evrópskan kút og því hafi kúturinn sprungið. V mótmælir fullyrðingu í skýrslu VER um að það sé þekktur áhættuþáttur að nota kúta af tveimur mismunandi tegundum. V segir að M hafi tekið upp á því hjá sjálfum sér að fylla á kútana án þess að honum hafi verið falið það sérstaklega. V bendir á, að slysið verði ekki rakið til bilana á tækjum, ófullnægjandi vinnuáðstöðu eða saknæmrar háttsemi eða mistaka F.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M hafði unnið hjá F í um það bil mánuð þegar slysið varð. Kútarnir sem M var að fylla voru nýkomnir úr sandblæstri og lökkun og setja þurfti krana á þá eftir það. Byggja verður á þeirri niðurstöðu VER að rangur ventill/gengja hafi verið sett á kútin sem M var að fylla og það hafi ollið slysinu. Þá kemur einnig fram í skýrslu VER að F hafi ekki gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir mistök af því tagi sem hér ræðir um, þó að um þekktan áhættuþátt sé að ræða. Ekki verður hjá því komist að byggja á niðurstöðu VER hvað varðar slysið, orsakir þess og aðbúnað á verkstað á meðan önnur gögn hafa ekki verið lögð fram. Af niðurstöðu VER verður ekki annað ráðið, en F hafi ekki gætt að atriðum sem varða öryggi starfsfólks með nauðsynlegum hætti og ber því sök á þeim skorti á fullnægjandi leiðbeiningum um vinnulag sem leiddu til slyss M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 5.9. 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 227/2017**M
og
váttryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna málishöfðunar til efnda á skyldum skv. kaupsamningi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 5.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.7.2017.

Málsatvik.

M og eiginmaður hennar til heimilis að A höfðu í gildi hjá V fjölskyldutryggingu og húseigendatryggingu vegna A.

Þau samþykktu gagntilboð um kaup á húseign að B í eigu D. Þegar kom að gerð kaupsamnings vildu D falla frá kaupunum, en M féllust ekki á það og hafa haldið kaupunum til streitu. Höfðuðu þau dómsmál 6. október 2016 á hendur D og kröfðust þess að D skyldu afhenda B, aflétta öllum veðböndum og gefa út afsal fyrir eigninni allt gegn greiðslu sem nam gagntilboðsfjárhæðinni. Með dómi héraðsdóms 9. maí 2017 var komist að þeirri niðurstöðu að D væri að lögum óheimilt að ganga frá kaupsamningsgerðinni og voru dómkröfur M teknar til greina auk þess sem D var gert að greiða M 850.000 krónur í málskostnað.

Með tilkynningu til V, dags. 12. september 2016, gerðu M kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingu hjá V vegna kostnaðar í tengslum við fyrrgreint dómsmál. V hafnaði greiðslu bóta.

Álit.

Í 25. gr. váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V er fjallað um bótasvið málskostnaðartryggingarinnar og takmarkanir á gildissviði hennar. Þannig segir í gr. 25.1 að váttryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í greinum 25.2 til 25.15 eru talin upp tilvik sem váttryggingin bætir ekki. Samkvæmt gr. 25.9 bætir váttryggingin ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar. Í dómsmáli M og eiginmanns hennar á hendur A er krafist afhendingar á B á grundvelli eignarhalds þeirra á eigninni samkvæmt gagntilboði sem þau höfðu samþykkt. Í ljósi þessa verður ekki fram hjá því litið að málsóknin varðar M og eiginmann hennar sem eigendur B. Fyrrgreint undanþáguákvæði í gr. 25.9 í váttryggingarskilmálunum á því við í þessu tilviki sem leiðir til þess að M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingunni.

Samkvæmt gr. 27.1 í skilmálum húseigendatryggingarinnar bætir váttryggingin málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem eiganda hinnar váttryggðu húseignar eða húseignarluta og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. A var hin váttryggða eign samkvæmt húseigendatryggingu þeirri sem M hafði í gildi hjá V. Dómsmál M og eiginmanns hennar á hendur D lýtur að eignarhaldi þeirra á B. Málskostnaðarliður húseigendatryggingarinnar fyrir A getur því ekki komið hér til álita. M á því ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 5. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 228/2017
M og
vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans F.

Fasteignasali gat ekki um eignarráð á lausafjármunum í seldu húsnæði 15.3.2012

Gögn.

1. Málskot móttækið 5.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
2. Bréf V dags. 30.8.2017.

Málsatvik.

M smíðaði tæki fyrir fyrirtækið X sem varð gjaldþrota árið 2005. Í málskoti kemur fram að ekki hafði að fullu verið greitt fyrir þau tæki sem M smíðaði og segir M að svo hafi farið að hann hafi eignast tækin, en þau voru í húsnæði sem X hafði átt. M segir að frá því að framangreint fyrirtæki varð gjaldþrota hafi fyrrum fasteignir félagsins þar sem tæki M voru, gengið kaupum og sölu nokkrum sinnum og jafnan getið um það í samningum að tækin fylgdu ekki með í kaupunum. M segir að með kaupsamningi um eignina dags. 15.3.2012 hafi þess ekki verið getið að tækin sem M hafði smíðað fyrir X fylgdu ekki með í fasteignakaupunum og með kaupsamningi dags. 17.12.2013 hafi fasteignirnar enn verið seldar og þar hafi verið greint frá tæki sem fylgdi með í kaupunum, sem M segist hafa átt. M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans F og telur að hann hafi vanrækt skyldur sínar þar sem hann gat ekki um að ákveðið fylgifé þ.e. tækin sem M smíðaði upphaflega fyrir X væru eign M við gerð kaupsamnings um fasteign þá sem tækin voru geymd í dags. 15.2.2012 og síðar með framsali ákveðinna tækja í kaupsamningi dags. 17.12.2013. M segir að eignarhald M á tækjunum sé skýrt og M hafi eignast tækin 6.6.2011 þegar Lýsing hf. hafi afsalað þeim til M, en í því afsali afsalaði Lýsing hf. öllu lausafé sem M eignaðist úr þrotabúi X 8.5.2007 sem geymt væri í tilgreindri fasteign á Akranesi.

V hafnar bótaskyldu og segir að krafan sé fyrnd þar sem krafa um skaðabætur fyrnist á fjórum árum og upphaf fyrningarfrests sé 15.3.2012 þegar F gerði ekki fyrirvara um eignarhald á umræddum tækjum. Þá telur V að M hafi ekki sýnt fram á það með sannanlegum hætti að hann sé réttur eigandi þeirra tækja sem krafa hans byggist á og vísar m.a. til þess að í afsali Lýsingar hf. sé ekki tilgreint hvaða tæki um sé að ræða og umdeildur hlaupaköttur hafi verið í byggingu þeirri sem um ræðir frá því að húsið var byggt og í yfirlýsingu fyrri eiganda fasteignarinnar komi fram að M sé ekki eigandi þess tækis. Þá byggir V á því að M hafi ekki sýnt fram á tjón m.a. hafi M ekki sýnt fram á að honum sé óheimilt að sækja þau tæki sem geymd eru í þeirri byggingu sem um um ræðir og hefur gengið kaupum og sölum frá gjaldþroti X en M hafi ekki gert neinn reka að því að ná í tækin. Þá segir V að M hafi aldrei gert reka að því að fá tækin sem hann telji sig eiga í sínar vörslur eða gæta hagsmuna sinna m.a. strax og kaupsamningurinn frá 15.3.2012 var gerður.

Álit.

Í gögnum málsins kemur ekki fram hvaða tæki það eru nákvæmlega sem M telur sig eiga og hafi fengið eignarráð yfir eftir gjaldþrot X. Í tilgreindu afsali Lýsingar kemur fram að M er afsalað öllu því lausafé sem M hafi eignast úr þrotabúi X. Ekki liggur hins vegar fyrir í málinu hvaða lausafé það var sem M eignaðist úr þrotabúi X og engin gögn eru lögð fram frá skiptastjóra sem sýna fram á eignarráð M yfir einhverjum tilgreindum tækjum. Þá liggur ekki fyrir að M geti ekki fengið þau tæki sem hann sannanlega eignaðist við búskipti X og því ekki sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni vegna þess að ekki var fyrirvari í kaupsamningnum frá 15.3.2012 um eignarráð M á ákveðnu óskilgreindu lausafé. Af gögnum málsins verður því ekki ráðið að neinu lausafé sem M á óskoraðan og sannanlega rétt yfir hafi verið ráðstafað og M hafi við það orðið fyrir tjóni. M á því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans F hjá V.

Reykjavík 17.10 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 229/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Fall um skurð vegna ljósleiðaraframkvæmda 30. eða 31.10.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 13.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 28.7.2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M til V kemur fram að hún hafi fallið fyrir utan heimili sitt um skurð sem hafi verið í hellulögn vegna lagningu ljósleiðara í hús hennar, en þær framkvæmdir höfðu verið í gangi í nokkra daga. M segir í sömu tilkynningu að brú hafi verið yfir „sár“ í hellulögninni, en búið hafi verið að taka hana þegar hún féll. Hlaut M líkamstjón af fallinu. Með málskoti fylgja myndir af vettvangi og segir þar að þær hafi verið teknar tveimur dögum eftir fall M. Í málinu liggur fyrir yfirlýsing frá nágrönnum M dags. 31. maí 2017 um að ekki hafi verið merkingar eða keilur við hús M mánudaginn 31.10.2016. M telur að X, sem verktaki á vettvangi við lagningu ljósleiðara, beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar og vísar til þess að ekki hafi verið forsvaranlega gengið frá vinnusvæðinu þar sem skurður hafi verið skilinn eftir opinn án viðvörunarmerkinga eða upplýsinga um uppgröft. M telur að háttsemi starfsmanna X, að hafa ekki gert sérstakar ráðstafanir til viðvörunar, hafi farið gegn fyrirmælum 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sem og reglugerðar nr. 547/1996 sem sett var með stoð í þeim lögum um þess háttar aðstæður á byggingavinnustöðum. Einnig vísar M til leiðbeininga um vinnuvernd nr. 2/1990 varðandi aðstæður þar sem unnið er við skurði, en þar eru m.a. fyrirmæli um lýsingu og aðvörunarbúnað. V vísar til þess að engin vitni hafi verið að falli M og lýsingar af atvikinu einhliða frá M og yfirlýsing nágranna um þær aðstæður hafi komið fram mörgum mánuðum eftir atvikið. V vísar auk þess til þess að ljósmyndir af vettvangi bendi til þess að það sem M kalli skurð hafi í raun verið nokkurra sentimetra mishæð á jarðvegi og hellusteinum. V vísar til þess að X hafi sem verktaki upplýst um fyrirhugaðar ljósleiðaraframkvæmdir fremst í götu þeirri sem hús M stendur við og upplýsingarnar hafi falið í sér að eitthvað rask væri viðbúið. V telur að X hafi gert nægar ráðstafanir vegna framkvæmda við hús M og hafi M borið að haga ferðum sínum í samræmi við það.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir frásögn M af atvikum og aðstæðum á vettvangi þegar hún féll rétt fyrir utan heimili sitt og hlaut líkamstjón. Örlítið misræmi er milli málskots og læknisfræðilegra gagna og tjónstilkynningar um tjóndag, þ.e. hvort hann var 30. eða 31. október 2016. Við mat á aðstæðum á vettvangi liggja fyrir ljósmyndir sem teknar voru af hálfu M einum eða tveimur dögum eftir atvikið og verður að skilja þær þannig að vettvangur hafi ekki breyst í millitíðinni. Af þeim ljósmyndum verður ekki annað ráðið en að vart sé um skurð að ræða heldur það að búið var að taka hluta af gangstéttarhellum í burtu. Það skapaði misfelli, en ekki slíka að sérstakra ráðstafana hafi verið þörf umfram það sem gert var. Verður því ekki fallist á skaðabótaábyrgð X vegna líkamstjóns M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 5. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 231/2017**M****V1 v/ A og****V2 v/B****Árekstur bifreiða á gatnamótum Ármúla, Grensásvegur og Skeifunnar þ. 25.5.2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12. 7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
2. Bréf V-1 dags. 28.7.2017
3. Bréf V-2 dags. 17.7.2017.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Ármúla, Grensásvegur og Skeifunnar í Reykjavík milli A og B. Ökumaður A segist hafa ekið frá Ármúla og beygt til hægri inn á vinstri akrein Grensásvegur og verið kominn í rétta akstursstefnu þegar B ók frá Skeifunni í vinstri beygju og inn á sömu akrein og utan í vinstra afturhorn A. Ökumaður B segist hafa ekið frá Skeifunni í vinstri beygju inn á vinstri akrein Grensásvegur.

Álit.

Ekki liggja fyrir önnur gögn um atvik sjálfs árekstursins en tjónaskýrsla sem báðir ökumenn undirrita. Af afstöðumynd á framhlið tjónstilkynningar verður ekki annað ráðið en að A taki hægri beygju með röngum hætti með vísan til 4.mgr. 15.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 yfir á vinstri akrein Grensásvegur til suðurs og ökumaður B gæti ekki nægjanlegrar varúðar og brjóti gegn ákvæði 6.mgr. 25.gr. umferðarlaga í umrætt sinn þegar hann tekur vinstri beygju frá Skeifunni og inn á Grensásveg og lendir þá í árekstri við A. Við mat á sök ökumanna þykir ekki rétt að leggja meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helmings sök

Reykjavík 5.9. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 232/2017**M og
váttryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
M og
váttryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á vegamótum Vatnsnesvegur og Borgarvirkis 10.5.2017.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 12.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
2. Bréf V-1 dags. 20.7.2017.
3. Bréf V-2 dags. 17. 7.2017.

Málsatvik.

Árekstur varð á vegamótum Vatnsnesvegur og Borgarvirkisvegur með bifreiðunum A og B, en B er vörubifreið. A var ekið til norðurs eftir Vatnsnesvegi, en B var ekið til suðurs eftir Vatnsnesvegi. Ökumaður A segist hafa séð til ferða B og hafi vikið til hægri út í vegarkantinn og stöðvað A en skyndilega hafi vinstra framhorn B lent á vinstra afturhorni A og kastað A til hægri. Ökumaður B segist hafa ekið á um 60 km. hraða en hægt á bifreiðinni rétt áður en áreksturinn varð og segist ekki gera sér grein fyrir hvað kom fyrir, en sér hafi vírst sem A hafi fokið til á veginum, en alla vega hafi A verið skökk á veginum þegar árekstur varð.

Álit.

Í lögregluskýrslu kemur fram, að þegar áreksturinn varð var dagsbirta og færð góð. Ökumenn sáu til hvors annars með töluverðum fyrirvara áður en árekstur varð. Ökumaður A heldur því fram, að hann hafi vikið út í vegarkantinn til hægri og stöðvað og þeirri fullyrðingu er ekki mótmælt af ökumanni B, sem segist ekki gera sér grein fyrir hvað kom fyrir. Áreksturinn varð með þeim hætti að vinstra framhorn B lenti aftarlega í vinstri hlið A. Miðað við gögn málsins m.a. framburð ökumanna, ljósmyndir af vettvangi og ákomu á bifreiðunum þykir mega slá því föstu að ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar þegar hann ók framhá A. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 29.8. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2017

M
og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á hringtorgi á mótum Reykjanesbrautar og Lækjargötu í Hafnarfiði þann 18.6.2017.**Gögn.**

Málskot, móttakið 14.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 25.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags 28.7.2017.

Málsatvik.

Af því sem ráða má af gögnum málsins mun A hafa verið ekið austur Lækjargötu inn á hringtorgið á hægri akrein (ytri hring) og ætlað áfram áleiðis yfir fyrsta útakstur úr hringtorginu, þ.e. útakstur suður Reykjanesbraut. B mun hafa verið ekið suður Reykjanesbraut inn á hringtorgið á hægri akrein (ytri hring) fram hjá fyrsta útakstri, þ.e. vestur Lækjargötu, og ætlað svo út úr hringtorginu suður Reykjanesbraut. Bjart var af degi, rigning og blautt færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa komið inn í hringtorgið frá Lækjargötu og að fyrsta útakstri suður Reykjanesbraut og þurft að stöðva þar til að hleypa umferð á innri hring út úr hringtorginu. Hann hafi verið búinn að bíða og hleypa nokkrum bifreiðum og var að fara að halda áfram þegar ein bifreið til viðbótar hafi komið á mikilli ferð og hafi hann einnig orðið að stöðva fyrir þeirri bifreið. Þá hafi B verið ekið aftan á A. Báðar bifreiðir hafi verið svo til á engri ferð þegar árekstur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á ytri hring hringtorgsins þegar ökumaður A hafi „svínað hressilega“ fyrir sig þar sem gatan hafi verið rennblaut. Ökumaður A hafi síðan stöðvað snarlega og verið kominn rúmlega hálf leið af hans akrein.

Álit.

Af ákomustöðum á bifreiðunum má sjá að vinstri framhorn B hafi stökist með afturhöggvara A frá miðju að hægra afturhorni. Eins og ökumenn hafa lýst tildögum árekstursins verður hann aðallega rakinn til þess að ökumaður B sýndi ekki þá varkárni sem af honum mátti krefjast er hann ók um hringtorgið sem leiddi til þess að bifreið hans rakst aftan á A. Telst ökumaður B því eiga meginsök á árekstrinum. Ökumaður A sýndi heldur ekki næga varkárni, einkum þegar litið er til þess hversu stutt vegalengd er frá Lækjargötu að útakstrinum suður Reykjanesbraut þar sem hann þurfti að stöðva nokkuð snögglega vegna umferðar af innri hring suður Reykjanesbraut í þann mund sem áreksturinn varð. Á hann því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður B beri 2/3 hluta sakar og ökumaður A 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 5. september 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hrl.

Mál nr. 234/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á Norðurlandsvegi 3.1.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 17.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V2, dags. 31.7.2017.

Bréf V1, dags. 3.8.2017.

Málsatvik.

Í frumskýrslu lögreglu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B, sem báðum var ekið eftir Norðurlandsvegi, bifreið A hafði verið ekið í suður og bifreið B í norður í aðdraganda árekstursins. Í skýrslunni kemur fram að mikið tjón hafi verið sjáanlegt á bifreiðunum, sérstaklega á vinstra framdekki hvorrar um sig og mat lögreglumanns, af ákomum að ráða, að bifreiðunum hafi verið ekið beint framan á hvor aðra. Við frekari rannsókn lögreglu var bifreiðum stillt upp í líklega stöðu við árekstur og þá kemur fram að ákoma er fyrst og fremst á vinstri hliðum beggja bifreiða, á vinstra frambretti og hjólbarða bifreiðar B en á allri hlið bifreiðar A. Í framburðarskýrslu ökumanns bifreiðar A kemur fram að hún hafi slasast alvarlega og muni fyrst eftir sér í þyrlu Landhelgisgæslunnar eftir áreksturinn en hún muni ekki eftir aðdraganda árekstursins. Í framburðarskýrslum sem teknar voru af ökumanni bifreiðar B kemur fram að hann geti ekki lýst atburðum í aðdraganda áreksturs þar sem allt hefði gerst svo hratt og hann geti heldur ekki sagt til hvort bifreið A var ekið á réttum vegarhelmingi. Í gögnum málsins liggja einnig fyrir framburðarskýrslum af ökumanni og farþega bifreiðar sem ekið hafði verið á eftir bifreið B áður en árekstur varð og gátu hvorugt þeirra sagt til um staðsetningu bifreiða A og B þegar árekstur varð. Þau báru hins vegar um akstur ökumanns bifreiðar B einhverju áður en áreksturinn varð og að bifreiðinni hafi þá verið ekið þannig að hún hafi rásað milli akreina á veginum. Önnur vitni báru einnig um að aksturslag ökumanns bifreiðar B hafi, nokkru fyrir áreksturinn, verið þannig að bifreiðinni hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming. Í skýrslu frá Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði kemur fram að bæði flogaveikilyf, sem og róandi og kvíðastillandi lyf hafi fundist í blóðsýni sem tekið hafði verið úr ökumanni bifreiðar B rétt eftir áreksturinn. Magn var í lækningalegum skömmtum en mat stofnunarinnar er að sökum slævandi áhrifa umræddra lyfja megi ætla að ökumaður hafi ekki getað stjórnað bifreið með öruggum hætti. Í lokaskýrslu lögreglu vegna rannsóknar málsins kemur fram mat lögreglumanns um að ekki sé hægt að fullyrða hvor ökumanna beri ábyrgð á árekstrinum.

M telur að gögn málsins sýni með að bifreið B hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og á bifreið A við áreksturinn. M vísar til framburða nokkurra vitna um aksturslag ökumanns bifreiðar B yfir á rangan vegarhelming á fjölförnum vegi, sem endað hafi með tilkynningu eins vitnis til lögreglu um aksturslagið. M telur að það að bifreið B hafi ítrekað verið ekið yfir á rangan vegarhelming á leið sinni frá Sauðarkróki að Staðarskála gefi skýrar vísbendingar um að þannig hafi háttað til við árekstur við bifreið A. Einnig vísar M til þess að í framburði ökumanns B hafi komið fram að hann hafi áður en áreksturinn varð ekið yfir á rangan vegarhelming og því sé framburður hans um að hann muni ekki atvik í aðdraganda árekstursins sjálfs misvísandi og ótrúverðugur, en hann beri annars vegar þannig og hins vegar að hann sé viss um að hann hafi ekið á réttum vegarhelmingi. Einnig vísar M til álits Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði um ástand ökumanns bifreiðar B sem og ákoma á bifreiðunum, sem M telur að bendi til að bifreið B hafi verið ekið á bifreið A sem hafi reynt að beygja frá. M telur, af þessum atriðum vegnum, að sannað sé að ökumaður B hafi ekið gegn fyrirmælum 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að hafa ökutæki eins langt til hægri á akbraut og hægt er og beri því fulla ábyrgð árekstri við bifreið A.

Í bréfi V1, dags. 3.8.2017, er tekið undir öll sjónarmið M og þykir því ekki nauðsynlegt að tilgreina þau aftur. V2 telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum.

Í bréfi V2, dags. 31.7.2017 er vísað til niðurstöðu rannsóknar lögreglu vegna málsins um að ósannað sé hvorri bifreiðinni hafi verið ekið yfir á akrein hinnar og telur að skipta eigi sök til helminga á grundvelli þess. Einnig kemur fram að V2 telji ekki óyggjandi af niðurstöðu blóðrannsóknar á blóðsýni úr ökumanni bifreiðar B að hann hafi verið óhæfur til aksturs.

Álit.

Í gögnum málsins liggur fyrir að ekkert vitni sá nákvæmlega stöðu bifreiðanna A og B þegar árekstur varð og í rannsókn lögreglu kemur ekki fram að það megi ráða með skýrum hætti af ummerkjum á vettvangi eða ákomu á bifreiðum A og B. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að sá sem heldur því fram að atvik hafi orðið með ákveðnum hætti beri sönnunarbyrði um það. Í þessu máli má sjá á framburði ökumanna og farþega bifreiða, sem óku um Norðurlandsveg á sama tíma og ökumaður bifreiðar B, að aksturslag þeirrar bifreiðar hafi verið þannig að bifreið B rásaði milli akreina og var þannig ekið yfir á ranga akrein í fleiri en eitt skipti. Þó þær upplýsingar liggja fyrir í skriflegum framburðum er enginn sem sér stöðu bifreiðar B eða A þegar árekstur verður eða rétt fyrir það atvik. Þó leiða megi einhverjar líkur að því að fyrri aksturslag ökumanns B gefi vísbendingar um að þannig hafi það verið þegar hann bætti bifreið A, verður það ekki með nógu óyggjandi hætti leitt af gögnum málsins að sannað sé að ökumaður bifreiðar B hafi ekið yfir á rangan vegarhelming og þannig hafi hann brotið gegn ákvæði 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Að því sögðu verður heldur ekki sannað að árekstur verði rakinn til þess að ökumaður bifreiðar B hafi verið undir áhrifum lyfja, en fram kemur í rannsóknarniðurstöðu Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði að skammtar hafi verið í lækningaskyni og einnig kemur fram að M sé flogaveikur, en mat lækna hafi verið að litlar líkur væru á því að flogaveikin hefði áhrif á aksturshæfni.

Eins og sönnunarstaða málsins er og með hliðsjón af því að mat nefndarinnar fer einungis fram á grundvelli skriflegra sönnunargagna verður að telja ósannað að ökumaður bifreiðar B hafi ekið yfir án rangar vegarhelming og á bifreið A. Vegna óvissu um staðsetningu bifreiðanna skiptist sök því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 5. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 235/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna F.

Sjómaður meiddist í baki þegar hann var að setja pönnu í frystitæki 19.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttækið þ. 18.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
2. Bréf V dags. 16.8.2017.

Málsatvik.

M var við vinnu sína um borð í fiskiskipi og segist hafa verið að setja pönnu neðst í frystitæki þegar small í mjóbakinu og hann skall á dekkið og þurfti að bera M í sjúkrabörum inn í sjúkraherbergi. Vindhraði þegar slysið varð var um 10-12 m. á sekúndu. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna F hjá V og segir að meginorsök slyssins hafi verið veltingur skipsins og stefnið hafi steypst niður og M misst jafnvægið, fallið og fengið slink á bakið. M byggir á því að veltingurinn og höggið þegar stefnið skall niður hafi verið óvæntur utanaðkomandi atburður, sem hafi leitt til þess að hann slasaðist.

V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða og tjón verði ekki rakið til ákomu eða áhrifa utanfrá. V segir lýsingar M í samskiptum við heilbrigðisstarfsmenn séu þannig að hvergi komi fram atvikalýsing sem bendi til þess að eitthvað skyndilegt eða utanaðkomandi hafi valdið því sem gerðist. V bendir á að sú lýsing M að hann hafi orðið fyrir tjóni þegar stefnið hafi skolið niður vegna veltings sé hvorki að finna í lýsingu M á atburðinum fyrir læknum, tjónstilkynningu eða í lögregluskýrslu.

Álit.

Í lýsingu bráðamóttökuskrár Heilsugæslu Sauðárkróks dags. 22.7.2015 er atvikinu lýst með þeim hætti að M hafi verið „að beygja sig og snúa sér með 30 kg. pönnu þegar hann fékk skyndilega mjög slæmt tak í bakið”. Sambærilega lýsing á atvikinu er að finna í lögregluskýrslu dags. 6.8.2015 og í samskiptaseðli Heilsugæslu Sauðárkróks dags. 26.8.2015 en í síðari samskiptaseðli segir að M hafi sögu um brjósk og útbungun og langvarandi bakverki. Sama lýsing af atvikinu er í göngudeildarnótu frá sjúkrahúsi Sauðárkróks dags. 3.3.2016. Í læknisvottorði Stefáns Dalberg bæklunarlæknis dags. 25.1.2017 og segir í vottorðinu að skv. lýsingum M þá gæti öldugangur hafa valdið því að hann hlaut tognun í lendarhrygg og er það í fyrsta skipti sem slík skýring kemur fram. Í vottorði samstarfsmanns M dags. 27.3.2017 segir að atvik hafi verið með þeim hætti sem M lýsir í málsskoti. Fyrir liggur að M lýsir atvikum ítrekað með þeim hætti fyrst eftir atvikið, að hann hafi fengið slæman verk í bakið þegar hann var að beygja sig. Leggja verður upphaflegar lýsingar M til grundvallar um málsatvik, en skv. því verður ekki talið, að M hafi sýnt fram á að líkamstjón hans sé hægt að rekja til skyndilegs utanaðkomandi atburðar sem markar gildissvið slysatryggingar sjómanna heldur verður að rekja það til innra líkamlegs ástands hans.. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna F hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna F hjá V.

Reykjavík 12.9. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 236/2017
M
og váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar ökumanns ökutækisins A.

Gildissvið slysáttryggingar ökumanns vegna slyss í aksturskeppni 10. júní 2016.

Gögn.

1. Málskot, dags. 18. júlí 2017, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 26. júlí 2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M var að keppa á Íslandsmeistaramóti í þolakstri bifhjóla á Akureyri þann 10. júní 2016 og lenti í árekstri við annan keppanda með þeim afleiðingum að M varð fyrir líkamstjóni. M gerði kröfu í ábyrgðartryggingu hins aðilans en þeirri kröfu var hafnað af Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum í máli nr. 37/2017. M fékk A lánað í umrætt sinn. V hafnaði bótaskyldu með bréfi, dags. 2. júní 2017, með þeim rökum að hjólið var lánað án samþykkis V og að ekki hafi verið keyptur keppnisviðauki við trygginguna auk þess sem í 13. gr. skilmála tryggingarinnar komi fram að tilkynna skuli um allar breytingar á notkun ökutækisins sem geti haft í för með sér aukna áhættu á tjóni, svo sem þátttöku í aksturskeppni.

M telur í fyrsta lagi að hann eigi rétt á bótum úr slysáttryggingu ökumanns þrátt fyrir þetta, þar sem lögboðin váttryggingavernd umferðarlaga verði ekki takmörkuð nema með skýru lagaboði svo um. Enga slíka takmörkunarheimild, sem átt geti við tilvik M, sé að finna í lögunum og því sé tjón sem þetta ávallt bótaskyldt á grundvelli 1. mgr. 91. gr. laganna, sbr. og 92. gr. sömu laga. M telur að 1. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar veiti V ekki heimild til að takmarka bótarétt í skilmálum þar sem það gangi í berhögg við skýran lögbundin rétt tjónþola umferðarslysa samkvæmt umferðarlögum. Í öðru lagi byggir M á því að V beri alla sönnunarbyrði um að atvik séu með þeim hætti að heimilt sé að takmarka bótarétt með einum eða öðrum hætti. Jafnvel þótt slíkt væri heimilt hafi V ekki sýnt fram á að atvik séu með þeim hætti að réttlæt看legt hafi verið að fella niður bótarétt. Engin breyting hafi orðið á ökutækinu eða notkun þess þar sem A sé keppnishjól og ætlað til slíkrar notkunar. V hafi því mátt vita að hjólið yrði notað í keppni. M telur að enginn munur sé á áhættunni af notkun A, hvort sem það sé notað í keppni eða ekki, og því sé V óheimilt að hafna bótaskyldu, sbr. 24. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Í þriðja lagi byggir M á því að hann sé ekki eigandi A og ekki váttryggingartaki og sé því þriðji maður, í skilningi Umferðarlaga. Því leiði 4. gr. reglugerðar nr. 424/2008 til þess að V sé óheimilt að takmarka ábyrgð sína vegna gjörða tryggingartaka. Í fjórða lagi byggir M á því að ákvæði sem takmarka löngundna tryggingavernd séu bersýnileg ósamngjörn í skilningi 36. gr. samningalaga nr. 7/1936.

Í bréfi V frá 26. júlí 2017 kemur fram að í 13. gr. skilmála nr. 220 um ökutækjatrýggingar segi að váttryggði skuli tilkynna allar breytingar á ökutækinu eða notkun þess er haft geti í för með sér aukna áhættu á tjóni, svo sem þátttöku í aksturskeppni. Láti váttryggður hjá líða að að gefa slíka tilkynningu leysist félagið undan ábyrgða skv. reglum laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. V telur að ákvæðið eigi við, bæði um ábyrgðartryggingu sem og slysáttryggingu ökumanns, sbr. ákvæði 11.1 í B-hluta skilmálanna. Þá telur V að 1. gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar feli í sér að V geti tekið ákvörðun um þá áhættu sem það tekur að sér. Í þessu tilfelli hafi A verið lánað öðrum án samþykkis félagsins og ekki hafi verið keyptur keppnisviðauki við trygginguna, líkt og váttryggingarskírteini geri kröfu um og því nái tryggingin ekki til slyss M. Þá vísar V til fyrri úrskurðar Úrskurðarnefndar í váttryggingamálum nr. 297/2013 þar sem reyndi á sambærilegt tilvik. V hafnar einnig því að skilmálar félagsins brjóti í bága við ákvæði

samningalaga, enda byggja ákvæðin á ákvæðum umferðarlaga, laga um váttryggingarsamninga og reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar. Einnig er því hafnað að tegund hjólsins eða útlit geti haft áhrif í málinu eða gefið V ástæðu til að gefa sér vilja váttryggingartaka.

Álit.

Í málinu er deilt um hvort M geti sótt bætur í slysatryggingu ökumanns A hjá V, en óumdeilt er að hann slasaðist við notkun þess í aksturskeppni. Eins og kemur fram í fyrri úrskurðum nefndarinnar, s.s. mál nr. 297/2013, sbr. einnig. mál nr. 231/2011 eru í 91.-93.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ákvæði um váttryggingarskyldu eigenda og þeirra sem fara með varanleg umráð skráningarskyldra vélknúinna ökutækja. Í 1.gr. reglugerðar nr. 424/2008 um lögmæltar ökutækjatrýggingar kemur fram að váttryggingafélagi sé skylt að taka að sér m.a. lögmælt slysatryggingu ökumanns fyrir sérhvern váttryggingarskyldan aðila sem undirgengst váttryggingarskilyrði ákvæðin í samræmi við þá áhættu sem félagið tekur að sér. Verður að túlka þessi ákvæði svo að váttryggingafélagi sé heimilt að ákveða hvaða áhættu það tekur að sér. Í 13. gr. váttryggingaskilmálanna kemur fram að félagið leysist úr ábyrgð sé ekki tilkynnt um að ökutækið skuli notað í aksturskeppni og verður að telja félaginu heimilt að setja slík skilyrði í skilmála. Ökumaður ökutækis telst ekki þriðji aðili í skilningi Umferðarlaga og fellur því ekki undir ákvæði laga og reglugerða sem ná eingöngu til þeirra. Þá verður ekki séð að skilmálar eða athafnir V stríði gegn 36. gr. samningalaga. Fyrir liggur að eigandi A tilkynnti ekki um að A yrði notað í aksturskeppni og er niðurstaða þessa máls því að öllu ofangreindu virtu, sú að greiðsluskylda hafi ekki stofnast úr slysatryggingu ökumanns A hjá V, þar sem skýrt kemur fram í 13. gr. skilmála nr. 220 að félagið leysist úr ábyrgð, sé það ekki gert.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr slysatryggingu ökutækisins A hjá V.

Reykjavík 19. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir, lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar sveitarfélagsins B.****Ágreiningur um bótaskyldu er stúlka rann á hálfu og slasaðist á skólalóð.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 17.8.2017.

Málsatvik.

Að morgni 11. janúar 2016 var M að leik í frímínútum á lóð grunnskólans A sem starfræktur er af sveitarfélaginu B. Úti var mikil hálfu og rann M á hálfu með þeim afleiðingum að hún datt og lærbrotnaði á hægri fæti.

Af hálfu M er talið að B beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar vegna saknæmrar og ólögmætrar vanrækslu starfsmanna A, þar sem ekki hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu sökum hálfu á skólalóðinni. Starfsmönnum skólans hafi mátt vera fullljóst að hálfu gæti myndast á lóðinni. Fyrir í þeirri viku sem slysið varð hafi snjóað og verið talsvert frost. Dagana fyrir slysið hafi verið frostlaust með tilheyrandi þýðu, en daginn fyrir slysið hafi fryst skyndilega og slysdaginn hafi verið frost og snjócoma. Til stuðnings bótakröfu sinni vísar M til 3. gr. reglugerðar nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða þar sem segir að húsnaði og skólalóðir skulu m.a. uppfylla kröfur laga nr. 91/2008 um grunnskóla, reglugerðar þessarar og laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig er vísað til 7. gr. reglugerðarinnar, en þar segir í 1. mgr. að húsnaði, lóð, aðstaða, búnaður og öll starfsemi sem börn taka þátt í á vegum grunnskóla skal miðast við að öryggi nemenda sé tryggt. Í 2. mgr. sömu gr. er svo tekið fram að nemandi sé á ábyrgð skólans meðan á daglegum starfstíma skólans stendur, þegar hann tekur þátt í skipulögðu skólastarfi innan skólans, á skólalóð eða í ferðum á vegum skólans. Hefur M krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

V kveður samkvæmt upplýsingum skólastjóra A að hálfu hafi verið á lóð og aðkomuleiðum að skólanum umræddan morgun. Húsvörður hafi sandað helstu aðkomuleiðir og kallað eftir þjónustu gatnadeildar B til að hálfuverja. Kennarar bendi nemendum iðulega á að klæða sig vel og fara varlega í snjó og hálfu, en ekki sé hægt að búast við að skólalóðir séu ávallt háfkulausar. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er ljóst af gögnum málsins hvar á lóð skólans slysið gerðist og hver hafi verið nákvæm tildrög slyssins. Þótt rík skylda hvíli á fyrirsvarsmönnum grunnskóla að gæta að öryggi nemenda á skólalóðum verður ekki fram hjá því litið að við vetraraðstæður eins og voru þegar slysið varð, getur hálfu myndast í einhverjum mæli á skólalóðum án þess að vörnum verði við komið. Eins og mál þetta liggur fyrir verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á að starfsmenn skólans hafi átt þess kost að koma að einhverjum vörnum í tæka tíð áður en slysið varð til að fyrirbyggja á slysstaðnum hálfu eða háfkumyndun. Slysið verður því ekki rakið til atvika sem starfsmenn skólans eða B geta borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 19. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 238/2017**M og****vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóranna A og B.****Gildissvið og gildistími starfsábyrgðartrygginga byggingarstjóra vegna skaðabótakrafna árið 2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 17.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-12.
2. Bréf V dags. 11.8.2017.

Málsatvik.

M keypti fasteign í júlí 2016. Fljótlega varð M var við raka í húsinu og fékk fagmenn til að skoða húsið. Fagaðilarnir komust þeir að þeirri niðurstöðu að mygla og raki hefði myndast í húsinu þar sem frágangur á samsetningu á einingum væru í ólagi við horn hússins, einnig að frágangur vegna öndunar á þaki væri ekki í samræmi við teikningar og samskeyti við glugga væru í ólagi. M krefst bóta úr starfsábyrgðartryggingar byggingarstjóranna A og B. Byggingarstjórinn A hætti störfum sem byggingarstjóri hússins árið 2005, en þá tók B við sem byggingarstjóri. M gerir kröfu um bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóranna A og B hjá V. M byggir á því að gallar sem séu á húsinu séu vegna saknæmrar vanrækslu A og B við byggingarstjórn þess. M byggir á því að krafa á hendur A sé ekki fyrnd sbr. 9. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007. M vísar til þess að úttekt hafi verið gerð á húsinu við byggingarstjóranskiptin og þá hafi komið í ljós að tiltekin atriði voru ófrágengin. M byggir bótakröfu sína á skoðunarskýrslu Reynis Kristinssonar húsasmíðameistara og Arnar Jóhannssonar byggingartæknifræðings og segir ljóst að A og B hafi ekki gegnt skyldum sínum skv. 3. mgr. 51. gr. þágildandi skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og ekki brugðist við athugasemdum sem komu fram í úttektinni í október 2005. Þess vegna hafi hlotist skemmdir á húsinu og þá hafi lokaúttekt ekki farið fram. M heldur því fram að tjónsatburður hafi ekki átt sér stað fyrir árið 2007 heldur sé um viðvarandi ástand hússins að ræða.

V hafnar bótaskyldu og segir að hafi verið um sök að ræða hjá A þá hafi hún fyrnst 8.3.2017. Varðandi ábyrgð B vísar V til þess að framkvæmdum hafi verið lokið á þeim verkþáttum sem M vísar til í málskosti að hafi verið gallaðir þegar B tók við byggingarstjórn. M hafi ekki sýnt fram á að krafa um skaðabætur hafi orðið til eftir 11.7.2007, en þá tók B tryggingu hjá V, en hann var áður tryggður hjá öðru vátryggingafélagi. Ekki liggja fyrir gögn sem bendi til þess að möguleg saknæm háttsemi B hafi átt sér stað eftir að hann tók tryggingu hjá V. Þá vísar V til þess að skyldum byggingarstjóra hafi lokið við afhendingu íbúðar og vísar þar m.a. til dóma Hæstaréttar í málum nr. 240/2012 og nr. 1/2015. V segir að M hafi verið í lófa lagið að sýna fram á að einhverjar framkvæmdir hafi átt sér stað eftir að B tók tryggingu hjá V, en það hafi M ekki gert.

Álit.

Byggingarstjórinn A lét af störfum sem byggingarstjóri árið 2005 og er krafa á hendur honum úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V vegna byggingarstjórnarinnar fyrnd. Ekki hefur verið sýnt fram á það af hálfu M að byggingarstjórinn B hafi komið að einhverjum af þeim verkþáttum sem M byggir á séu gallaðir eða á ábyrgð byggingarstjóra eftir að hann tók starfsábyrgðartryggingu hjá V árið 2007. M hefur því ekki lagt fram gögn eða sannað með óyggjandi hætti að byggingarstjórinn B hafi gerst sekur um háttsemi sem leiði til bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu hans hjá V eftir að hún tók gildi. M á því hvorki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans A eða byggingarstjórans B.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóranna A og B.

Reykjavík 5.9 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 239/2017**M
og
V v/ málskostnaðartryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna málshöfðunar á hendur lánastofnun vegna synjunar á láni.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M og eiginkona hans höfðu á árinu 2008 leitað til tiltekings banka, A, og óskað eftir fjármögnun við kaup á tiltekinni lóð, B, og byggingu húss á lóðinni. M fékk gengistryggt lán hjá A til kaupa á B. Í kjölfar þess varð efnahagsshrun á Íslandi. Leiddi það til þess að A synjaði M um frekari lánveitingar til byggingarframkvæmda á B vegna slæmrar skuldastöðu hans þar sem höfuðstóll hins veitta láns hafði hækkað svo verulega í kjölfar hrunsins auk þess sem veðsetningarhlutfall B var slíkt að hún nýttist ekki sem veð hjá öðrum mögulegum lánveitendum. Viðkomandi sveitarfélag hafði enn fremur synjað M um að skila umræddri lóð. M taldi A hafa skuldbundið sig til að veita honum frekari lán til húsbýggingar á B og að synjunina mætti rekja til þess að gengistryggingarákvæði lóðarlánsins hafi verið ólögmat. Vegna þeirrar stöðu sem hann var kominn í vegna synjunar A á frekari lánveitingu taldi M að A hafi valdið honum og eignikonu hans miklu fjárhagslegu tjóni og höfðuðu þau dómsmál á hendur A til heimtu skaðabóta.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V sem m.a. felur í sér málskostnaðartryggingu. Hefur M krafist bóta úr málskostnaðartryggingunni vegna kostnaðar við málsóknina. V hefur hafnað greiðsluskyldu úr váttryggingunni.

Álit.

Í 25. gr. váttryggingarskilmála fjölskyldutryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V er fjallað um bótasvið málskostnaðartryggingarinnar og takmarkanir á gildissviði hennar. Þannig segir í gr. 25.1 að váttryggingin bæti málskostnað vegna ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og getur komið til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Í greinum 25.2 til 25.15 eru talin upp tilvik sem váttryggingin bætir ekki. Samkvæmt gr. 25.9 bætir váttryggingin ekki málskostnað sem varðar váttryggðan sem eiganda fasteignar. Í dómsmáli M og eiginkonu hans á hendur A er krafist skaðabóta vegna synjunar á láni til uppbyggingar á B. An tillits til þess hver sé grundvöllur málsóknar M á hendur A verður ekki fram hjá því litið að málsóknin varðar M sem eiganda fasteignar. Fyrirgreint undanþáguákvæði í gr. 25.9 í váttryggingarskilmálunum á því við í þessu tilviki sem leiðir til þess að M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu hjá V.

Reykjavík, 5. september 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 240/2017**M
og
V v/ábyrgðartryggingar O****ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

5. Málskot, dags. 21.07.2017 ásamt fylgigögnum.

6. Bréf V, váttryggingafélags, dags. 15.08.2017.

Málsatvik.

Hitaveitulögn fór í sundur í húsi M í nóvember 2015. O bar ábyrgð á hitaveitulögninni og starfsmenn á vegum O grófu skurð út í stofnæð hitaveitunnar sem lá úti við götu vegna viðgerðarinnar sem fyllt var upp í nokkrum dögum síðar. Þegar viðgerð var lokið kom í ljós að gólfplatan við norðurenda hússins hafði dottið niður en við þann enda hafði verið grafið.

M telur O bera ábyrgð á gólfsiginu þar sem gólfið hafi sigið í kjölfar viðgerða O og skurðinum ekki lokað fyrir en að nokkrum dögum liðnum og því hafi vatn seytlað úr skurðinum og valdið tjóni á húsinu. Þá telur M að O beri ábyrgð þar sem húsið standi á svæði sem hafi þekkt sögu um sig á húsum í tengslum við framkvæmdir og jarðvegsskipti og O hafi átt að vita það. M fékk greinargerð hjá Faglausnum vegna tjónsins sem taldi sigið til komið vegna breytinga á rakastigi í berandi undirlagi gólfplötu, rofaáhrifa frá vatnsrennsli af einhverju tagi eða vegna skriðs berandi undarlags vegna afléttunar þrýstings við aðgerðir utan við vegg.

V telur tjónið ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu O þar sem starfsmenn O hafi ekki sýnt af sér saknæma háttsemi og viðgerð og frágangur með eðlilegum hætti. Auk þess telur V tjónið ekki vera sennilega afleiðingu af viðgerðinni þar sem starfsmenn O gátu ekki séð fyrir þær afleiðingar sem hlutust af viðgerðinni.

Álit.

Tjón varð á húsi M í beinu framhaldi af viðgerð O. Greinargerð Faglausna ber með sér að sigið á gólfplötunni hafi orðið í kjölfar breytinga á undirlagi plötunnar. Með vísan til gagna málsins telur úrskurðarnefndin að tjón á húsi M sé sennileg afleiðing af viðgerð O á hitaveitulögnum í húsinu. Forsendur þess að O beri skaðabótaskyldu á tjóninu á húsinu er að um saknæma háttsemi starfsmanna O hafi verið að ræða við viðgerðina, þ.e. mistök eða vanræksla og að tjónið sé sennileg afleiðing af viðgerðinni. Ekki kemur annað fram í málinu en að viðgerðin á hitaveitulögninni hafi verið framkvæmd með eðlilegum hætti og að frágangur hafi verið eðlilegur. O getur ekki borið ábyrgð á því að jarðvegur á svæðinu þar sem húsið er byggt sé þekktur fyrir að síga. Með vísan til þess að ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn O hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við framkvæmd viðgerðarinnar er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að O beri ekki ábyrgð á tjóni á húsi M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu O.

Reykjavík, 5. september 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 241/2017**M
og
váttryggingafélagið V v/ greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna missis flugferðar og ferðarofs vegna veikinda.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.7.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 31.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði keypt flugmiða til Alicante á Spáni 17. apríl 2017, en missti af fluginu. Hann gat keypt flugmiða til sama áfangastaðar daginn eftir. Eftir að hann var kominn til Spánar kveðst hann hafa bólgnað upp á liðum og höndum og leitað læknishjálpar vegna þessa. Hann hafi fengið svonefnt „Reiter“ heilkenni sem hafi valdið því að hann hafi ekki mátt vera úti í sól og hita. Hann hafi dvalist einu sinni yfir nótt á sjúkrahúsi vegna einkennanna og hafi ferðin verið honum ónýtt. Dætur hans hafi komið út til að aðstoða hann við heimferð, en hann hafi þurft að flýta heimferð um 6 eða 7 daga.

M hafði í gildi greiðslukortatryggingu hjá V og hefur krafist bóta úr váttryggingunni annars vegar vegna kostnaðar sem hlaut við það að hann missti af flugferðinni 17. apríl 2017 og hins vegar vegna viðbótarkostnaðar við að flýta heimferðinni. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í málinu liggja fyrir váttryggingarskilmálar fyrir greiðslukortatryggingu þá sem M hafði í gildi hjá V. Í skilmálunum er að finna ákvæði um ýmis tjónstílvik sem leitt geta til greiðslu bóta úr váttryggingunni. Við skoðun skilmálanna verður ekki séð að váttryggingin taki til tjóns sem M varð fyrir vegna þess að hann missti af flugferðinni 17. apríl 2017.

Samkvæmt gr. 4.3.2 í váttryggingarskilmálunum greiðir félagið allt að kr. 16.000.000 vegna slyss eða sjúkdóms hvers einstaklings sem váttryggingin nær til, þ. á m. sjúkraflutning í því landi sem slyss eða veikindi verða og nauðsynlegan dvalarkostnað og heimferðarkostnað í samráði við SOS INTERNATIONAL. Heimferð M var ekki í samráði við SOS INTERNATIONAL eins og áskilið er svo til greiðslu bóta geti komið á grundvelli þessa ákvæðis í skilmálunum. Ekkert liggur fyrir í málinu sem gefur tilefni til að ætla að M hafi ekki átt möguleika á að hafa samráð við SOS INTERNATIONAL áður en hann afréð að halda heim fyrr en ráðgert hafði verið. Skilyrðum greiðsluskyldu samkvæmt ákvæði þessu er því ekki fullnægt.

Samkvæmt gr. 4.4. í váttryggingarskilmálunum greiðir félagið nauðsynleg viðbótarútgjöld allt að 120.000 krónur vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna tilvika sem nánar eru tilgreind í greinum 4.4.2-4.4.4, þ. á m. vegna andláts alvarlegs slyss eða skyndilegra alvarlegra veikinda náins ættingja váttryggðs sem búsettur er á Íslandi eða í dvalarlandi, sbr. gr. 4.4.2. Bætur samkvæmt þessari grein eiga því ekki við um ferðarof vegna veikinda váttryggðs sjálfs. Önnur ákvæði skilmálanna eru ekki til þess fallin að veita M rétt til bóta vegna aukakostnaðar af völdum heimferðarinnar. Hann á því ekki rétt á bótum úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 5. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 242/2017
M og
Tryggingamiðstöðin hf. (V) v. ábyrgðartryggingar fjölskyldutryggingar.

Kona datt um snúrur á dansgólfi í einkasamkvæmi og slasaðist 25.6.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 3.8.2017
3. Bréf lögmanns M dags. 16.8.2017.

Málsatvik.

M var í einkasamkvæmi og var að dansa ásamt hópi fólks á dansgólfi þegar hún tók skref aftur á bak og flækti fætuna í snúru sem lá á dansgólfinu og tengd var hljóðkerfi hússins. M telur að snúran hafi verið á röngum stað. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar veisluhaldara og byggir á því að hætta hafi stafað af snúrunni sem M flæktist í og rík athafnaskylda hvíli á veislustjórnendum og bregðist við hættueiginleikum. M segir að váttryggðir hafi sýnt af sér gáleysi og verði því að bera ábyrgð á tjóni hennar.

V hafnar bótaskyldu og segir að það hafi ekki átt að fara framhjá veislugestum, sem hafi um kvöldið hlustað á ræður og skemmtiatriði, að í veislusalnum væri var hljóðkerfi með snúru. Þá segir V að váttryggðir hafi ekki verið með snúrunar á dansgólfinu þegar þau hafi sett upp sviðið og hefðu ekki haft vitneskju um að snúran hefði færst út á gólf eftir ræðuhöld kvöldsins. V segir að slysið hafi verið óhappatilvik og verði ekki rakið til atvika sem að váttryggðir beri ábyrgð á.

Álit.

M var gestur í einkasamkvæmi í umrætt sinn. Við mat á háttsemi þeirra sem halda slík samkvæmi verður að líta svo á að sakarmat sé fremur vægt og er þar vísað til fræðiskrifa í skaðabótarétti um þær aðstæður sem uppi eru við sambærileg tjón sem oft eru kölluð „gæstebudskader“. M féll um snúrur sem tengdu hljóðkerfi sem notað hafði verið fyrr í samkvæminu og síðan þegar dans hófst þá virðist sem snúrur hafi færst á dansgólfið. Ekkert liggur fyrir í málinu um það að váttryggðum hafi mátt vera ljóst að snúrunar hafi færst á dansgólfið og verður þegar af þeirri ástæðu ekki lögð sök á þá vegna þess tjóns sem M varð fyrir í umrætt sinn. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík 12.9. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 243/2017**M og
V1 v/A og
V2 v/B****Árekstur bifreiða í Lönguhlíð í Reykjavík þ. 22.5.2017****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ.25.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
2. Bréf V-1 dags. 26.7.2017 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf V-2 dags. 4.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3

Málsatvik.

A ók á hægri akrein Lönguhlíðar með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri vestur Miklubraut. B ók á reiðhjólástíg hægra megin við A einnig með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri vestur Miklubraut. Árekstur varð milli bifreiðanna í beygjunni þegar vinstra framhorn B lenti í hægri afturhlíð A. Ökumaður A segist hafa verið að taka “forstjórabeygju” til hægri út af hjólástígnum þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa lagt af stað í hægri beygju og lent á A og framkvæmdir við götuna hafi truflað þar sem búið sé að loka beygjuakreininni.

Álit.

Þegar árekstur varð með bifreiðunum A og B voru viðamiklar framkvæmdir á gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar svo sem fjöldi mynda af vettvangi ber með sér. Gæta varð ítrustu varkárni við akstur á gatnamótunum þar sem áreksturinn varð, en hvorugur ökumaður sýndi þá aðgát sem nauðsynleg var við þær aðstæður og bera því báðir sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykja ekki efni til að leggja meiri sök á annan ökumanninn umfram hinn og er því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 12.9. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 244/2017**M og****vátryggingafélagið V vegna húsvagnatryggingar og ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar.****Tjón á hjólhýsi vegna foks trampólíns 28. eða 29. apríl 2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 24.7.2017, ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V, dags. 10.8.2017 og tölvupóstur dags. sama dag.

Tölvupóstur M, dags. 4.9.2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu M dags. 3.5.2017 til V kemur fram að hinn 29. apríl 2017 hafi komið vindhviða sem feykt hafi trampólíni á hjólhýsi sem hvort um sig stóð í garði við hús M og við það hafi orðið tjón á hjólhýsinu.

M telur að greiða eigi bætur úr húsvagnatryggingu hans hjá V, en óumdeilt er að hjólhýsið var tryggt með þeirri vátryggingu. Í viðbótarupplýsingum frá M kemur fram að hann hafi farið að heiman um kl. 18 28. apríl og komið heim aðfararnótt 29. apríl og tjónið hafi orðið um kl. 23 um kvöldið og þar af leiðandi 28. apríl en ekki 29., eins og misritast hafi í tjónstilkynningu. M lýsir því að hann hafi ekki reiknað með óviðri á þessum árstíma og hjólhýsi hafi verið komið fyrir í garði í skjóli til að koma í veg fyrir frekara tjón sem hefði getað orðið. Einnig er minnst á mögulegan bótarétt úr fjölskyldutryggingu í málskoti.

V telur að gildissvið húsvagnatryggingar nái ekki til tjóns M. V vísar til gr. 4.8 í vátryggingarskilmálum hennar þar sem kemur fram að greiddar séu bætur úr vátryggingunni vegna óveðurs, en það er skilgreint þannig að vindhraði nái 28,5 metrum á sekúndu samkvæmt vottorði Veðurstofu Íslands. V vísar til þess að slík mæling liggja ekki fyrir á þeim tíma sem tjónið á að hafa orðið, auk þess sem ekki sé alveg ljóst af gögnum hvort það hafi orðið 28. eða 29. apríl 2017. Einnig vísar V til undanþáguákvæðis í skilmálum fjölskyldutryggingar varðandi ábyrgðarlið hennar, þar sem kemur fram að V greiði ekki bætur vegna munatjóns þegar vátryggður sé með mun í vörslum sínum. Hjólhýsi M hafi verið í vörslum vátryggðra í fjölskyldutryggingu og hafnar greiðsluskyldu.

Álit.

Í gögnum málsins liggja fyrir upplýsingar um veðurhæð 28. apríl 2017, en það er sá dagur sem M telur að sé tjónsdagur. Í þeim gögnum kemur ekki fram að vindhraði hafi náð 28,5 metrum á sekúndu. Í gr. 4.8 í vátryggingarskilmálum húsvagnatryggingar kemur skýrt fram að bætur vegna óveðurs greiðist ekki nema slíkri veðurhæð sé náð. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr húsvagnatryggingu. Lýsingar í málskoti og öðrum gögnum málsins sýna einnig að M, sem vátryggður í fjölskyldutryggingu, hafi haft hjólhýsið í vörslum sínum og hefur því heldur ekki myndast bótaskylda úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr húsvagnatryggingu né ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 19. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 245/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Skemmdir á húseign vegna rafmagnsleysis 22. mars 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 25.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 17.8.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf lögmanns M dags. 6.9.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að húseign í eigu M hafi orðið fyrir skemmdum þegar vatnslagnir sprungu vegna rafmagnsleysis og þ.a.l. hitaleysis í húseigninni. M hefur fengið tjón á húseigninni sjálfri bætt úr sinni eigin váttryggingu. Eftir stendur annað fjártjón sem M kveðst hafa orðið fyrir og hefur krafið X um skaðabætur vegna þess. X er ábyrgðartryggt hjá V.

M telur í fyrsta lagi að X beri hlutlæga ábyrgð vegna þeirra aðstæðna sem upp komu 22. mars 2016 þegar kom upp bilun í spennu hjá X sem leiddi til rafmagnsleysis. M vísar til 9. gr. laga nr. 19/2011, um breytingu á 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003 þar sem kemur fram að það sé skylda dreifiveitna að greiða notendum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. M vísar til þess að í lögskýringargögnum komi fram að með langvarandi skerðingu sé átt við skerðingu sem nemur meira en 12 klukkustundum og þannig hafi háttað til þegar tjón varð á húseign M og ekki sé vafi á að umrædd lagaregla hafi falið í sér hlutlæga ábyrgð. M telur að í öðru lagi beri X sakarábyrgð á tjóni M þar sem starfsmenn X hafi ekki sinnt viðhaldi raforkubúnaðar með fullnægjandi hætti. M vísar þar til sérstakra lagaskyldna sem hvíli á X skv. raforkulögum nr. 65/2003 um að viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfi skv. 1. mgr. 16. gr. laganna og skyldu X til að tengja alla við dreifikerfið og tryggja áreiðanleika þess skv. 1. og 2. ml. 3. gr. 16. gr. sömu laga. Einnig vísar M til þessa í því samhengi að X hafi einkaleyfi á raforkusölu á svæði því sem húseign M stendur á. Í ljósi þess að 2. gr. váttryggingarskilmála ábyrgðartryggingar X hjá V kveði á um greiðsluskyldu vegna tjóns sem X ber skaðabótaábyrgð á, telur M að V eigi að greiða slíkar bætur vegna þess fjártjóns sem lýst er í gögnum málsins.

V vísar því á bug að í 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003 felist hlutlæg ábyrgðarregla þar sem þar sé um að ræða almennt ákvæði sem ekki feli í sér upplýsingar bótaskyld tilvik eða fjárhæð bóta og ekki hafi verið sett reglugerð til frekari skýringa eins og ákvæðið beri með sér. Um sé að ræða heimildarákvæði, skv. ummælum um í greinargerð, og hafi þær heimildir sem ákvæðið beri með sér ekki verið nýttar. Einnig vísar V til 37. gr. reglugerðar um X nr. 192/1978 þar sem komi fram að X meri ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum er verða á veitukerfi þess vegna frosta, náttúruhamfara eða annarra óviðráðanlegra atvika. V vísar til þess að ástæða rafmagnsleysis í mars 2016 hafi verið ísing á línu spennustöðvar X og að X hafi brugðist strax við þeirri bilun þegar hennar varð vart og viðgerð hafi lokið um þremur tímum eftir að upplýsingar bárust um bilunina. Ekki séu því forsendur til að líta svo á að X beri skaðabótaábyrgð á öðru fjártjóni M vegna rafmagnsleysis.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um gildissvið 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003, með hliðsjón af breytingu sem varð á þeim lögum með 9. gr. laga nr. 19/2011. Í lögskýringargögnum (nefndarálit frá iðnaðarnefnd) kemur skýrlega fram að um sé að ræða heimildarákvæði um bætur til dreifiveitna. Í ákvæðinu sjálfu kemur einnig fram að kveðið skuli á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð. Slík reglugerð hefur ekki verið sett. Orðalag ákvæðis sem þessa verður ekki þannig túlkað að í því geti falist hlutlæg ábyrgðarregla þegar það felur í sér að það eigi að útfæra „bótaskyld tilvik“ í reglugerð. Þannig verður ekki fallist á kröfu M um að X beri hlutlæga ábyrgð á öðru fjártjóni á grundvelli 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga. Ekki verður heldur séð að bilun í spennu X hafi verið

vegna vanrækslu viðhalds, mistaka starfsmanna eða annarra atvika sem X gæti borið skaðabótaábyrgð á m.t.t. almennra reglna skaðabótaréttarins. Verður því ekki fallist á greiðsluskylda sé fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 10. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 246/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys við þrif flugvélar 4.12.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 26.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 11.8.2017 ásamt upplýsingum um dorsifexion.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu X til V dags. 1.6.2016 kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína þegar hún var að stíga út í landgang úr flugvél sem hún var að vinna í við þrif. Í sömu tilkynningu kemur fram sú skýring X að landgangurinn hafi fallið niður eða sigið í stað þess að vera í sömu hæð og þröskuldur flugvélarinnar og hafi þar verið um 30 cm munur frá flugvélinni að landganginum. Einnig kemur fram að X telur að orsakir slyssins hafi verið þær að vélbúnaður virkaði ekki sem skyldi á landgangi og að M hafi verið óvinnufær frá slysdegi til 9.12.2015 vegna afleiðinga slyssins. Slysið var tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins í janúar 2016 en rannsókn fór ekki fram þar sem slysið var ekki tilkynnt þegar það átti sér stað.

M vísar til þess að hún hafi gengið inn í þá flugvél, sem hún var að vinna við þrif á, að aftan en slysið hafi orðið þegar hún var að ganga út úr sömu flugvél að framan. Ekkert hafi verið athugavert við landgang þar þar sem M hafi gengið inn í vélina, en þegar hún gekk út á öðrum stað hafi hún fallið vegna misfelli sem myndast hafi milli flugvélar og landgangs vegna þess að landgangurinn hafði sigið niður. M telur að um vanbúnað hafi verið að ræða sem X ber ábyrgð á og hafi vitneskja verið um þetta á vettvangi þar sem flugliðar hafi þurft að hjálpa aðstoða farþega við að fara út þarna megin í vélinni. Verkstjóri hennar hafi verið á staðnum en ekki varað við aðstæðunum. Einnig vísar M til þess að slys hennar hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins eins og X bar að gera skv. skyldum í 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 og verði X því að bera hallann af sönnun atvika. Einnig vísar M til frekari skyldna X sem atvinnurekanda varðandi það að tryggja öryggi starfsmanna sinna skv. lögum nr. 46/1980 t.d. um húsnæði vinnustaða og reglum sem settar eru með stoð í þeim lögum, þar á meðal reglugerð nr. 637/2006 um notkun tækja.

V telur að um óhappatvik hafi verið að ræða sem X beri ekki skaðabótaábyrgð á. V vísar á bug tilvísunum M til laga og reglna um vinnuvernd og telur að ákvæði um vinnustaði eigi ekki við um það starf sem M vann hjá X við þrif á mismunandi flugvélum þar sem starf hennar fólst m.a. í að fara inn og út úr byggingum og flugvélum en ekki að vera á sama staðnum við störf. Einnig vísar V til þess að enginn starfsmaður X hafi vitað af þeirri mishæð sem var, enginn annar hafi fallið um hana og mishæðin hafi ekki verið það mikil að ætla megi að slyshætta hafi verið af henni. Einnig vísar V til þess að landgangur eða svokallaður rani sem festur sé við flugvélar sé í eigu annars fyrirtækis Einnig telur V að málsatvik séu skýr og vanræksla á tilkynningu til Vinnueftirlitsins hafi ekki áhrif á sönnunarstöðu.

Álit.

Í tilkynningu X til V um slys M kemur fram að M var óvinnufær í meira en einn dag auk slysdags. Við þær aðstæður var X skylt að tilkynna um slys hennar til Vinnueftirlits ríkisins skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Samkvæmt dómaframkvæmd hefur vanræksla þeirrar skyldu þau áhrif að framburður M er lagður til grundvallar um atvik málsins og aðstæður á vettvangi slyssins. Þegar tekið er mið af lýsingum M verður að leggja til grundvallar að hæðarmismunur sá sem var milli flugvélar og landgangs í greint sinn hafi verið til þess fallinn að skapa hættu fyrir þá sem þar gengu um og ástæða þess hafi verið bilun í landgangi eða svokölluðum rana, eins og viðurkennt er í skýrslu X til V. Þó umræddur rani hafi verið í eigu annars fyrirtækis verður ekki hjá því litið að starfsemi X felur í sér að starfsmenn fyrirtækisins þurfi að fara um slíkan landgang ítrekað til að sinna störfum

sínum. Verðu heldur ekki litið framhjá því að samstarfsmenn M voru á vettvangi og einhver vitneskja um þá bilun sem var í landganginum öðru megin í vélinni. Telst X því hafa vanrækt að gera nægilega tryggar ráðstafanir til öryggis M í greint sinn og ber skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hennar.

Þegar litið er til háttsemi M telst hún ekki til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23.gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993 sem varðar meðábyrgð tjónþola í vinnuslysum. Hún ber því ekki hluta af tjóni sínu sjálf.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 247/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á bifreiðaplani á Eiðistorgi á Seltjarnarnesi 10.8.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10.
2. Bréf V-1, dags. 2.8.2017.
3. Bréf V-2, dags. 15.8.2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að bifreið B var ekið suður bifreiðaplan við Eiðistorg áleiðis út af planinu. Ökumaður bifreiðar B ók þar vinstra megin framhjá bifreið A sem var kyrrstæð á bílaplaninu og kveðst hafa stöðvað við útkeyrsluna framan við þá bifreið. Í sömu mund varð árekstur með bifreiðunum þar sem vinstra framhorn A og afturhluti B rákust saman. Ökumaður A segist hafa stoppað við útakstur bifreiðaplansins, sett fótinn á bremsu bifreiðarinnar og sett símann sinn í farþegasætið, hún hafi síðan verið að fara að setja stefnuljósið á til vinstri þegar hún hafi fundið skellinn koma á bifreið sína og telur að bifreið B hafi verið ekið framhjá sér meðan hún hafi verið að gera sig klára. Í málinu liggur einnig fyrir tölvupóstur frá vegfaranda sem kveðst hafa heyrt þegar bifreið A og bifreið B lentu saman, hún hafi ekki séð nákvæman aðdraganda árekstursins en fannst eins og bifreið A hefði verið ekið úr kyrrstöðu á bifreið B.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ökumaður bifreiðar A hafi hafi ekið af stað úr kyrrstöðu frá án þess að gæta að umferð fyrir framan sig. Það gengur gegn fyrirmælum 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um að sá sem aki frá vegarbrún eða að öðru leyti til hliðar verði að gæta að annarri umferð, sbr. 4. gr. sömu laga um að ökumenn sýni tillitsemi við akstur. Framburður aðila á vettvangi, framburður vegfaranda, sem og ákomur á bifreiðunum styðja þá niðurstöðu. Ekki hefur verið sýnt fram á að aksturslag ökumanns B hafi verið með þeim hætti að hann beri hluta sakar á árekstrinum. Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök

Reykjavík 19.9 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 248/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla 23.11.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 20.7.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 3.8.2017, ásamt úrskurðum nefndarinnar í málum 367/2016, 310/2014, 217/2011, 291 og 258/2010 og 360/2009.

Bréf V2, dags. 3.8.2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B á bifreiðastæði við Borgarholtsskóla. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa bakkað úr stöðureit á bifreiðastæðinu og hafi síðan verið að aka af stað beint áfram þegar bifreið B hafi verið ekið af stað aftur á bak og lent í hlið bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B segist hafa snúið í norður, hafi litið aftur fyrir sig og ekki séð neitt og þá bakkað út en lent í hægri hlið bifreiðar A. M telur að ökumaður bifreiðar B beri alla ábyrgð á árekstrinum þar sem þeirri bifreið hafi verið bakkað á bifreið A sem hafi þá verið kyrrstæð og búin að bakka.

V1 tekur undir sjónarmið M og vísar til framburðar ökumanns bifreiðar A um að hann hafi verið búinn að bakka og um það bil að aka áfram þegar árekstur varð og hafi bifreið hans verið búin að vera kyrrstæð nægilega lengi að það eigi að hafa áhrif á sakarskiptingu. V1 vísar einnig til þess að framburður ökumanns bifreiðar B bendi til þess að hann hafi ekki gætt nægilega að sér áður en hann bakkaði. Í bréfi V1 er vísað til nokkurra úrskurða nefndarinnar þar sem það telur aðstæður sambærilegar, þ.e. að sá ökumaður sem bakki í hlið annarrar bifreiðar hafi ekki orði neins var áður en hann hafi bakkað á þá bifreið. V2 telur að skipta eigi sök til helminga og að á báðum öikumönnum hafi hvílt skylda til að gæta að sér þegar þeir bökkuðu, sbr. fyrirmæli í 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Álit.

Eins og kemur fram í úrskurði nefndarinnar í máli nr. 367/2016 verður, við mat á því hvort ökumenn bifreiða A og B hafi gætt nægilegrar varúðar gagnvart annarri umferð við akstur aftur á bak, sbr. háttarnisreglu í 1. gr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, að líta annars vegar til framburðar þeirra um aksturinn sem og annarra gagna málsins. Framburður ökumanns bifreiðar B sýnir fram að hann hafi athugað með umferð og síðan bakkað og ekki orðið var við bifreið A. Í framburði ökumanns bifreiðar A kemur hins vegar fram að hann hafi lokið við að bakka og verið aka af stað þegar árekstur varð.og ákoma á bifreið A er í miðri hlið hennar. Þegar það er metið í samræmi við framburð ökumanns B verður að telja að ökumaður bifreiðar A hafi verið búinn að gæta fyrirmæla 1. mgr 17. gr. umferðarlaga um aðgát við akstur aftur á bak þegar árekstur varð en ökumaður bifreiðar B hafi ekki gætt þess nægilega. Verður því að leggja alla sök á ökumann bifreiðar B.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 249/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Ágreiningur um umfang tjóns sem varð á bifreiðinni A sem varð fyrir steinkasti á árinu 2009.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. júlí 2017 ásamt gögnum.
2. Tölvupóstur V dags. 29. ágúst 2017 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í málskoti M kemur fram að A, sem er Toyota Land Cruiser bifreið, árgerð 1997, hafi orðið fyrir skemmdum af völdum steinkasts á árinu 2009. Var tjónið tilkynnt til V, sem upphaflega hafnaði bótaskyldu úr kaskótryggingu ökutækisins með vísan til þess að tjón af völdum steinkasts falli ekki undir vátrygginguna. Með tölvupósti V, dags. þann 18. mars 2010 féllst V þó á að bæta tjónið úr kaskótryggingu bifreiðarinnra án viðurkenningu á bótaskyldu. Í kjölfarið var M veitt heimild fyrir því að fara með bifreiðina til viðgerðar á viðurkenndu verkstæði sem er með þjónustusamning við V. Af gögnum málsins virðist sem viðgerð hafi í fyrstu farið fram á árinu 2013 og að A hafi farið alls fjórum sinnum á verkstæði vegna tjónsins. Mun M ávallt hafa gert athugasemdir að viðgerð lokinni og talið þær ófullnægjandi. Eftir þriðju heimsóknina á verkstæðið var Tæknimiðstöðin fengin að tilstuðlan V til þess að taka út viðgerðina og skoða fyrirbyggjandi „CABAS“ tjónamatsskýrslu verkstæðisins til samræmis við það sem framkvæmt var í viðgerðarferlinu. Í skoðunarskýrslu Tæknimiðstöðvarinnar, dags. þann 30. maí 2014 eru settar fram ýmsar athugasemdir við viðgerðina. A var í kjölfarið kölluð á verkstæðið í fjórða skiptið til lagfæringa. Skömmu fyrir afhendingu skoðaði starfsmaður Tæknimiðstöðvarinnar bifreiðina og skilaði síðar af sér viðbótarskýrslu, dags. þann 16.10.2014, þar sem m.a. kemur fram að áferð og efnisþykkt málningar sé í góðu lagi og uppfylli þær kröfur sem gerðar eru samkvæmt viðmiðum. Skýrsluhöfundur gerir þó athugasemdir um að gamalt ryð hafi ekki verið fjarlægð fyrir sprautun, en bendir jafnframt á að ryðhreinsun sé ekki hluti tjónaviðgerðar.

M heldur því fram að viðgerðin á A sé ófullnægjandi og vísar sérstaklega til þess að ryðmyndum sé á máluðum flötum bifreiðarinnar. Hann hafi því ekki fengið tjón sitt bætt að fullu. Gerir hann þá kröfu að V verði gert að bæta sér tjónið að fullu. V vísar hins vegar til þess að fullnaðarviðgerð hafi farið fram og að félagið hafi þegar greitt fyrir hana. Hafa báðir aðilar veitt samþykki fyrir því að nefndin fjalli um bótafjárhæðir í málinu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ryðmyndun á viðgerðum flötum A verði rakin til steinkastsins sem bifreiðin varð fyrir á árinu 2009. Hefur því ekki verið sýnt fram á orsakatengsl á milli tjónsatviksins og þeirra skemmda sem nú eru á bifreiðin vegna ryðs. Þá sýna fyrirbyggjandi gögn ekki fram á það með óbyggjandi hætti að viðgerðin sem slík hafi verið ófullnægjandi eftir að bifreiðin fór á verkstæðið í fjórða sinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr kaskótryggingu hjá V.

Reykjavík 24. október 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson. lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 250/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar S.

Köfunarslys í Silfru 26.1.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 26.7.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-13
2. Bréf V dags. 24.8.2017 ásamt fylgiskjölum 1-12
3. Athugasemdir lögmanns M dags. 6.9.2017.
4. Bréf V með viðbótarupplýsingum, dags. 6.10.2017.

Málsatvik.

Hjónin M og kona hans pöntuðu köfunarferð hjá S í Silfru á Þingvöllum og fór köfunin fram 26.1.2016. Í málskoti segir að hjónin hafi haft lágmarksþekkingu á köfun og enga reynslu af köfun við þær aðstæður sem um er að ræða í Silfru og hafi upplýst leiðsögumann frá S um það. M segir að leiðsögumaðurinn hafi ekki farið yfir öryggisatriði eða slíkt fyrir köfunina. M segir að eftir að hann og kona hans hafi verið komin ofan í hafi allt virst vera í lagi, en síðar hafi leiðsögumaðurinn komið og bent fólki á að koma upp úr og þá hafi hann áttað sig á að eitthvað hafði farið úrskeiðis hjá eiginkonu sinni.

Í lögregluskýrslu kemur fram að leiðsögumaðurinn hafi hjálpað M og konu hans í þurrbúningana og að koma köfunarbúnaði fyrir. Leiðsögumaðurinn, sem kveðst hafa réttindi sem köfunarkennari, sagðist hafa lagt sig sérstaklega eftir því að kenna M og konu hans virkni búnaðarins og öryggisatriði og farið sérstaklega yfir flotjöfnunarbúnaðinn. Bandarísk hjón hefðu einnig verið með í för og þau hefðu verið reyndir kafarar og allir hefðu undirritað yfirlýsingu um að þeir ábyrgðust að uppfylla þau skilyrði sem sett eru fyrir að kafa í Silfru. Leiðsögumaðurinn sagði að köfunarbúnaðurinn hafi verið í góðu standi. Leiðsögumaðurinn segir að þegar þau fjögur sem þátt tóku í köfuninni í umrætt sinn hafi verið komin ofan í vatnið hafi hann gengið úr skugga um að allir hefðu tök á þyngdarjöfnuninni og síðan hafi verið haldið af stað. Hann hafi síðan farið fyrir hópnum en síðan fært sig aftur stuttu síðar og þá bara séð þrjá af ferðamönnum, í sömu mund og hann sá miklar loftbólur hinum megin við hrygg sem er í gjánni sem var verið að kafa í. Hann kveðst hafa þá áttað sig á að eitthvað var ekki í lagi og séð að kona M hafi legið á c.a. 5 metra dýpi á bakinu á syllu. Hann hafi þá farið til hennar þá hafi hann séð að hún var með lungað á búningnum uppi í munninum og ofandað. Leiðsögumaðurinn segir að þegar hann hafi ætlað að ná sambandi við konuna hafi hún brotist um og slegið út úr sér lunganu og á þeim tímapunkti hafi hún verið með meðvitund og hafi hann reynt að þrýsta lunganu upp í hana aftur en hún barist um og dottið af syllunni og hann ekki náð að dæla lofti í búnaðinn eða lyfta henni. Hann hafi því ákveðið að segja þeim sem voru með honum að kafa að fara upp úr en beðið ameríska manninn sem var í hópnum að hjálpa sér og hafi hann náð að kippa lóðunum af konunni og koma henni áleiðis upp með aðstoð mannsins sem hann hafði beðið um að hjálpa. Leiðsögumaðurinn segir að allt hafi virst vera í lagi og hann hefði ákveðið hve mikla þyngingu konan hefði við köfunina. Leiðsögumaðurinn segist halda að konan hafi tekið lungað út úr sér og fengið sjokk af kalda vatninu.

Bandarísk hjón sem voru í sömu köfunarferð segja í lögregluskýrslu að leiðsögumaðurinn hafi farið rækilega yfir notkun alls köfunarbúnaðarins uppi á landi áður en farið var í köfunina og hann hafi sýnt notkun þurrbúningans og farið yfir öryggisatriði. Leiðsögumaðurinn hefði síðan gefið grænt ljós á köfun eftir að búið var að þyngdarjafna þau fjögur sem voru í umræddri köfun. Bandarísku hjónin segja að leiðsögumaðurinn hafi verið fremstur til að byrja með en konan sem

lést aftast, en síðan hafi leiðsögumaðurinn fært sig aftur fyrir þau, en gefið sér skömmu síðar merki um að fara upp á yfirborðið og hafi leiðsögumaðurinn beðið manninn um að aðstoða sig við að ná konu M upp úr og hafi leiðsögumaðurinn losað lóðin af konunni og dælt lofti í búning hennar og þeir síðan hjálpast að við að koma henni upp á yfirborðið.

Tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu skoðaði búnaðinn og var niðurstaðan sú að köfunarbúnaður, kafarabúningur, axlarbelti með blýþyngingum, loftkútur og loftgæði, þrýstimminkari og lungu hafi reynst í lagi. Þá segir að staðsetning blýa og blýbeltis miðað við hæð kafarans og búnaðinn sem hún bar hafi ekki verið óeðlileg og ekkert hafi verið fyrir eða heft aðgang að losunarkerfi blýa og blýbeltisins. Þá segir einnig að flotjöfnunarvestið hafi ráðið við þyngd blýa og rifa á bitmunnstykki hafi ekki haft áhrif á getu lungans og ekkert vatn hafi komið inn um það við notkun og það virkað vel niður á 4 metra dýpi.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu S og telur að andlát eiginkonu sinnar verði rakið til atvika sem S ber skaðabótaábyrgð á skv. sakarreglu skaðabótaréttarins um sérfræðiábyrgð og ákvæðum laga nr. 31/1996 um köfun og reglugerð nr. 535/2001 um sama efni.

Af hálfu M er á því byggt að slysið megi rekja til gálausrar háttsemi leiðsögumannsins sem var starfsmaður S. Leiðbeiningar og kennsla um öryggisþætti og virkni búnaðarins áður en köfun hófst hafi verið stórlega ábótavant. Þá telur M að of mikið blý hafi verið notað til þyngingar konu sinnar við köfunina. Þá byggir M einnig á því að viðbrögð leiðsögumannsins þegar hann skynjaði að kona M var í hættu hafi verið röng og slysið verði því rakið til margþætts gáleysis leiðsögumannsins og orsakatengsl á milli þess og slyssins séu til staðar. Þá byggir M einnig á því að slysið verði rakið til ófullnægjandi skipulags og framkvæmdar ferðarinnar. M byggir einnig á því að köfunarbúnaðurinn sem notaður var í umrætt sinn hafi ekki uppfyllt lögmælt skilyrði. Þá byggir M á því að slysið verði rakið til þess að ekki hafi verið fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 535/2001 við köfun og vísar M sérstaklega til 19. gr. reglugerðarinnar í því sambandi.

V hafnar bótaskyldu og byggir á því að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna S eða saknæms vanbúnaðar sem S ber ábyrgð á. V segir að M og kona hans hafi framvísað skírteini um að þau hefðu rétt til köfunar og undirritað yfirlýsingu um að kafað yrði á þeirra eigin ábyrgð og þau hafi sagst fullfær um að takast á við köfun í Silfru og hefðu til þess réttindi auk ýmiss annars sem fram kemur í yfirlýsingunni og mótmælir V því sem röngu að M og konan hans hafi ekki vitað um það hvað þau væru að undirrita. V segir ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi leiðsögumannsins og vísar til framburðar bandarískra hjóna sem voru með í ferðinni varðandi undirbúning fyrir köfun og yfirferð yfir öryggisatriði o.fl. Þá segir V að ósannað sé með öllu að leiðsögumaðurinn hafi sett of mikla þyngingu í búnað konu M og orsakatengsl á milli slyssins og þess að þynging hafi verið of mikil séu ósönnuð. Þá segir V einnig ósannað að leiðsögumaðurinn hafi brugðist rangt við aðstæðum á vettvangi þegar hann varð var við að kona M var í vandræðum. Þá segir V að ósannað sé að búnaðinum sem kona M fékk til köfunar hafi verið ábótavant og þá hafi ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til ófullnægjandi skipulags og/eða framkvæmdar umræddrar ferðar. Loks segir V að ekki hafi verið sýnt fram á orsakatengsl milli meintra brota B á lögum um köfun nr. 31/1996 eða reglugerðar um köfun nr. 531/2001 og slyssins. Þá telur V að ákvæði VI. kafla reglugerðarinnar um köfunarverktaka eigi við um umrædda köfunarferð þar sem um hafi verið að ræða að veita áhugaköfufurum leiðsögn um Silfru.

Álit.

Upplýst er að leiðsögumaðurinn hafði gild réttindi til að hafa með leiðsögn hóps að gera við köfun í Silfru á Þingvöllum, sbr. upplýsingar í bréfi V dags. 6. október sl. Í umrætt sinn voru fjórir farþegar sem ætluðu að kafa í Silfru, M og kona hans og bandarísk hjón. M heldur því fram að ekki hafi verið farið yfir öryggisatriði eða annað áður en köfun hófst, en leiðsögumaðurinn ber á annan veg og framburður hans fær stuðning í framburði bandarísku hjónanna sem voru með í ferðinni, sem segja að leiðsögumaðurinn hafi farið rækilega yfir notkun alls köfunarbúnaðarins

uppi á landi áður en farið var í köfunina og hann hafi sýnt notkun þurrbúningsins og farið yfir öryggisatriði. Ekki hefur því verið sýnt fram á að leiðbeiningar hafi skort eða undirbúningur hafi verið ófullnægjandi áður en köfun hófst. Eftir að leiðsögumaðurinn sá að kona M var í vandræðum við köfunina reyndi hann björgun svo sem lýst er í lögregluskýrslu. Ekki hefur verið sýnt fram á að viðbrögð leiðsögumannsins við þær björgunaraðgerðir eða aðgerðir hans hafi verið rangar eða með öðrum hætti en ætla má af reyndum leiðsögumanni við aðstæður sem þessar. Köfunarbúnaður og kafarabúningur var skoðaður af tæknideild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og var niðurstaðan sú að búnaðurinn hefði reynst vera í lagi. Ekki hefur því verið sýnt fram á að skipulag ferðar, búnaður, leiðsögn og björgunaraðgerðum hafi verið áfátt eða að öðru leyti að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi eða aðstæðna sem S ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V.

Reykjavík, 10.10.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 251/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega hjá S.

Sönnun orsakatengsla milli falls 27.8.2015 og óþæginda í hné.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.7.2017, ásamt fylgiskjölum nr. 1-11.
2. Bréf V dags. 9.8.2017.

Málsatvik.

M sem starfar sem stuðningsfulltrúi hjá S. Hún var að reyna að ná í heimilismann sem hljóp á eftir bifreið og lýsir atvikum þannig að við það hafi bæði hún og heimilismaðurinn dottið og hann ofan á M. Við það kveðst M hafa meiðst á vinstra hné. M krefst bóta úr slysatryggingu launþega S hjá V og telur ljóst að um orsakatengsl sé að ræða milli meiðsla hennar á vinstra hné og þess atviks sem hér ræðir um og skipti þá engu máli þó M hafi ekki leitað til læknis fyrr en fjórum og hálfum mánuði eftir að atvikið átti sér stað. M vísar til fyrirliggjandi læknisvottorða og telur einsýnt skv. þeim að um orsakatengsl sé á milli óhappsins 27.8. 2015 og þeirra verkja í vinstra hné sem M hafi.

V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi fyrst leitað til læknis 12.1.2016 eða fjórum og hálfum mánuði eftir atvikið og tilkynning um slysið til Sjúkratrygginga Íslands sé undirritað tæpum sjö mánuðum eftir slysið. V telur að mat Guðmundar Björnssonar læknis dags. 2.12.2016 á varanlegri örorku M hafi ekki þýðingu í máli þessu enda um tillögu að mati að ræða unna fyrir Sjúkratryggingar Íslands. V segir engin samtímagögn liggja fyrir um það hvenær þau einkenni sem nú hrjá M hafi fyrst komið fram og gögn málsins sýni ekki fram á að atvikið hafi leitt til meiðsla M. Þá segir V að einkenni M geti allt eins komið fram við álag og/eða hægfara rýrnun. V telur orsakatengsl, milli atviksins 27.8.2015 og þeirra verkja sem hrjá M í vinstra hné, ósönnuð

Álit.

Engin samtímagögn liggja fyrir um atvikið 27.8.2015. Ekkert liggur heldur fyrir um að M hafi orðið fyrir meiðslum eða hnjaski í umrætt sinn. Það er fyrst 12.1.2016 sem að fram kemur lýsing á meiðslum M og frásögn hennar um atvikið, miðað við gögn málsins. Af gögnum málsins er ekki sannað að M hafi orðið fyrir áverka sem hafi leitt til núverandi verkja hennar í vinstra hné. Orsakatengsl milli atviksins 27.8.2015 og verkja í vinstra hné M eru því ósönnuð. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega S hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu starfsmanna S hjá V.

Reykjavík 12.9. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 252/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ málskostnaðartryggingarliðs fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um tímafrest til að tilkynna um kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.7.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.8.2017, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V, en málskostnaðartrygging er einn liður í fjölskyldutryggingunni. Með tjónstilkynningu 8.7.2016 gerði M kröfu um bætur úr málskostnaðartryggingunni. Segir í tilkynningunni að ágreiningur sem er tilefni kröfunnar snúist um erfðamál og er í því efni vísað nánar til gagna sem fylgdu tilkynningunni. Í tilkynningunni kemur einnig fram að ágreiningur hafi komið upp á árinu 2008 og sama ár hafi verið leitað til lögmanns. Með bréfi 27. júlí 2016 hafnaði V bótaskyldu úr vátryggingunni m.a. með vísan til gr. 10.3 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggður glati rétti sínum til bóta ef hann tilkynnir ekki félaginu um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um þau atvik sem hún er reist á. Þar sem meira en ár sé frá því ágreiningur hófst og vátryggingartaki hafði möguleika á að tilkynna félaginu um málareksturinn hafni félagið bótaskyldu úr málskostnaðarlið fjölskyldutryggingarinnar. Í málskoti kveður M tilkynningarfræst ekki hafa hafist fyrr en um áramót 2015/2016 þegar ljóst var að skiptastjóri dánarbúsins tók sér skiptalaun sem að mati erfingja voru úr hófi. Með háttsemi sinni hafi búið orðið eignalaust og ljóst að erfingjar urðu hver um sig að bera sinn kostnað. Sú staðreynd hafi ekki legið fyrir fyrr en með úrskurði uppkveðnum 23. febrúar 2016. Ekkert í málinu hafi gefið tilefni til að tilkynna V um ágreininginn fyrr en reikningur skiptastjóra hafi legið fyrir og varð tilefni ágreiningsins og það hafi verið innan eins árs frestsins.

Nánari málsatvik eru þau að M er erfingi eftir A sem lést í mars 2008, en B, maki A lést í febrúar 2008. Dánarbúi A og B voru tekin til opinberra skipta með úrskurði í júní 2008 og var D, hæstaréttarlögmaður, skipaður skiptastjóri í báðum búunum. Hvort hjóna fyrir sig átti arfgenga niðja en enga sameiginlega. Ágreiningur reis með erfingjunum með frumvörp að úthlutunargerð úr báðum dánarbúunum. Úr þeim ágreiningi var leyst með úrskurði héraðsdóms 20. febrúar 2015, en áður hafði kröfu M og annarra erfingja A um frávísun málsins frá héraðsdómi verið hafnað. Hinn 4. júní 2015 beindu M og aðrir erfingjar A þremur tilgreindum ágreiningsefnum við D til úrskurðar héraðsdóms. Meðal ágreiningsefnanna var krafa þeirra um að úrskurðað yrði hvað teldist eðlileg og/eða sanngjörn þóknun skiptastjóra vegna skipta á dánarbúi A. Í úrskurði héraðsdóms, sem kveðinn var upp 23. febrúar 2016, kemur fram að á skiptafundi 28. apríl 2015 hafi D lagt fram nýtt frumvarp að úthlutunargerð í dánarbúi A. Í fundargerð frá fundinum hafi komið fram að erfingjar A hafi lagt fram bókun um að þeir samþykktu ekki frumvarpið þar sem ekki hafi verið tekið tillit til athugasemda þeirra sem fram komu í bréfi lögmannna þeirra frá 12. janúar 2015, en í því bréfi hafi þóknun skiptastjóra verið mótmælt sem of hárrí. Með fyrrgreindum úrskurði 23. febrúar 2016 var málinu vísað frá dómi. Hinn 3. október 2016 var áskorun beint til D af hálfu erfingja A og B. Segir í áskoruninni m.a. að erfingjar hafi verið mjög ósáttir við fjárhæð þóknunar hans og því væri „æskilegt að fá þá fjárhæð sundurliðaða svo freista megi þess að jafna þá tortryggni sem ósundurliðaður reikningur yðar hefur valdið“

Álit.

Eins og málskotið ber með sér er ágreiningur M og annarra meðerfingja hennar við D um þóknun hans vegna skipta á dánarbúi A það ágreiningsefni sem krafa um bætur úr málskostnaðartryggingunni takmarkast við. Af því sem fram kemur í úrskurði héraðsdóms frá 23. febrúar 2016 hafði sá ágreiningur þegar komið upp í byrjun árs 2015 eins og bréf til D 12. janúar það ár bar með sér líkt og áður getur. Á því tímamarki var M kunnugt um þau atvik sem krafa hennar um bætur úr

málskostnaðartryggingunni er reist á. Meira en eitt ár var því liðið þegar hún tilkynnti um kröfuna til V 8. júlí 2016. Með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í gr. 10.3 í váttryggingarskilmálunum, sbr. og 1. mgr. 51. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga, hefur M glatað rétti sínum til bóta og á því ekki rétt til bóta úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 253/2017
M og
vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar fjölskylduþryggingar.

Ágreiningur um gildissvið réttaraðstoðartryggingar vegna málsóknar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.
2. Bréf V dags. 4.8.2017. ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M er með réttaraðstoðartryggingu hjá V og gerir kröfu til að greiðslna úr tryggingunni vegna málsóknar á hendur fyrirverandi eiginmanni sínum. Með þeim komst á samkomulag með svokölluðum skilnaðarsamningi að fjárskipti þeirra væru þannig að honum bæri greiða af námsláni M og greiða viðbótarmeðlög með börnum þeirra. Vegna vanefnda á þeim samningi hefur M stefnt honum fyrir dóm og krefst bóta fyrir réttaraðstoð í tengslum við þá málsókn.

M byggir á því að ágreiningur aðila varði ekki hjónaskilnað heldur vanefndir samnings og ákvæði réttaraðstoðartryggingarinnar sem undanþiggur hvers kyns ágreiningsmál sem upp kunní að koma milli aðila sem verið hafi í hjúskap sé ekki svo víðtækt að það taki til hvers kyns ágreiningsmála sem upp kunní að koma milli aðila sem verið hafi í hjúskap.

V hafnar bótaskyldu og vísar í a.lið 49. gr. vátryggingaskilmála þar sem kveðið er á um það að tryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðni sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunní að koma í sambandi við hjónaskilnað og segir V að ágreiningurinn sem um ræðir komi upp vegna vanefnda fyrrum eiginmanns M á samningi um fjárskipti vegna skilnaðar og ekki skipti máli þó vanefndir eða ágreiningur komi upp löngu eftir skilnað þar sem ágreiningurinn snúist samt sem áður um efndir á samningi vegna hjónaskilnaðar.

Álit.

Í a lið 49.gr. vátryggingaskilmála tryggingar þeirrar sem hér ræðir um er með skýrum hætti tekið fram að tryggingin taki ekki til ágreinings sem varðar hjónaskilnað eða mál sem upp kunní að koma í sambandi við hjónaskilnað. Þó svo að mál það sem hér um ræðir sé vegna vanefnda á skyldum skv. skilnaðarsamningi hjóna, þá breytir það engu um þá staðreynd að málið varðar ágreining sem kemur upp í sambandi við hjónaskilnað. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduþryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík 5.9. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 254/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður timbursölu skarst á hendi í hjólsög.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 15.8.2017, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

M starfaði í timbursölu A. Hinn 24. nóvember 2016, er hann hugðist saga spýtu í svokallaðri bútsög, varð hann fyrir því að sagarblaðið fór þvert yfir handarbak vinstri handar og hlaut hann alvarlegan skurðáverka á hendinni.

Lögregla var kvödd á vettvang. Í vettvangsskýrslu hennar kemur fram að slysið hafi orðið við hjólsög sem er dregin fram til að saga í sundur það sem á að saga. Ekki var rætt við M á slysstað. Rætt var við starfsmann A á vettvangi sem hafði eftir M að hann hefði skorist á söginni sökum þess að spýta sem hann var að saga hafi gengið til. Kvað starfsmaðurinn að hugsanlega hefði sögin náð að grípa í hanska sem M bar á báðum höndum með fyrrgreindum afleiðingum. Þá taldi starfsmaðurinn að M hefði haldið á spýtunni með vinstri hendi og notað hægri hönd til að draga sögina fram. Engin vitni urðu að slysinu.

Hinn 25. janúar 2017 tók lögregla símaskýrslu af M. Aðspurður kvaðst hann ekki muna vel eftir slysinu, en taldi að hann hafi verið að saga spýtu og haldið henni með vinstri hendi. Sennilega hafi spýtan runnið til með þeim afleiðingum að vinstri hönd lenti í sagarblaðinu.

Vinnueftirlit ríkisins (VER) var einnig gert viðvart um slysið og fór eftirlitsmaður á þess vegum á vettvang til að rannsaka slysið. Í umsögn VER um slysið, dags. í janúar 2017, kemur fram að M hafi verið á þriðja degi í starfi hjá A er slysið varð. Helstu verkefni hans hafi verið almenn afgreiðsla á timburvörum og að sníða timbur til eftir óskum viðskiptavina. Slysdaginn hafi hann verið að sníða til grindarefni. Hann hafi ræst sögina með hægri hendi, dregið hana í átt að timbrinu sem hann ætlaði að saga og hafi sagarblaðið farið í vinstri hönd hans. Verkstjóri sem var að störfum í nokkurra metra fjarlægð frá M, þegar hann slasaðist, hafði eftir M að timbrið sem hann ætlaði að saga niður hafi runnið til. Þegar eftirlitsmaður VER hafði samband við M nokkru eftir slysið mundi hann ekki eftir hvað hafði gerst. Þá segir svo í umsögninni: „Þegar skoðaður er frágangurinn á útsogsbúnaðinum (mynd 2 og 3) þá má sjá að það safnast sag, ryk og stubbar bakvið og í kringum sagarblaðið. Mögulega hafa tennur sagarblaðsins náð að festast í sagarbút / timburafskurði þegar [M] dró fram sögina. Hann hefur ef til vill haldið um grindarefnið með vinstri hendi framan við sagarblaðið, ekki búinn að færa efnið til vinstri við sögina, sem er rétt staðsetning á efninu til að saga það í bútsöginni. Þegar [M] gangsetti bútsögina hefur hún hrokkið fram með þeim afleiðingum að sagarblaðið fer í vinstri hendi [M].“ Þá segir í umsögninni að A hafi gert áhættumat fyrir starfseminu. Er það niðurstaða rannsóknar VER að orsök slyssins megi rekja annars vegar til frágangs frásogsbúnaðar þannig að sag og timburafskurður safnist aftan við og í kringum sagarblaðið og hins vegar til þess að mögulega hafi sagarblaðið hrokkið til og kastast fram vegna timburafskurða og timburstubba sem höfðu safnast aftan við sagarblaðið og í kringum það. Meðvirkandi þátt megi telja að M hafi verið á þriðja starfsdegi og því haft takmarkaða reynslu í starfi. Í eftirlitsskýrslu hafi verið gefin fyrirsmáli um að endurskoða skuli áhættumat fyrir vinnu við bútsög í timbursölu og fjarlægja skuli frásogsbúnaðinn og setja upp nýjan þannig auðvelt sé að hreinsa burt timburafskurð og önnur óhreinindi frá sagarblaði.

Með vísan til umsagnar VER kveður M að aðstæður á vinnustaðnum hafi farið í bága við ákvæði 13., 37., 42. og 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 5. gr. reglugerðar nr. 368/2006 um notkun tækja auk þess sem hann hafi ekki fengið nauðsynlega kennslu og þjálfun eins og skylt er skv. 14. gr. laga nr. 46/1980 og 8. gr. rg. nr. 368/2006. Telur M, með vísan

til þessa, að A beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni hans og hefur krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu einkum á þeim forsendum að umsögn VER sé ekki næg sönnun fyrir bótaábyrgð A, gert hafi verið áhættumat fyrir sögina og M hafi fengið þjálfun og leiðbeiningar frá vönum starfsmanni.

Álit.

Samkvæmt því sem fram kemur lögregluskýrslu kvaðst M ekki muna vel eftir slysinu, þegar símasamband var haft við hann nokkru eftir slysið, en taldi að hann hafi verið að saga spýtu og haldið henni með vinstri hendi. Sennilega hafi spýtan runnið til með þeim afleiðingum að vinstri hönd lenti í sagarblaðinu. Í lögregluskýrslunni er haft eftir samstarfsmanni M á slysstað að M hafi tjáð honum að hann hefði skorist á söginni sökum þess að spýta sem hann var að saga hafi gengið til. Á sama veg er í umsögn VER haft eftir verkstjóra á staðnum, að M hafi tjáð honum að timbrið sem hann ætlaði að saga niður hafi runnið til. Í umsögn VER er látið að því liggja að ryk, sag og afsagaðir timburstubbar safnist saman bak við og í kringum sögina og mögulega hafi tennur sagarblaðsins náð í timburafskurð eða eitthvað því um líkt þegar M dró sögina fram. Ekki verður séð að ályktun VER um orsök slyssins eigi sér stoð í gögnum málsins, þ.e. að tennur sagarblaðsins hafi hrokkið fram þegar sögin var ræst. Því verður ekki fullyrt af umsögninni að söginni og útsogsbúnaði við hana hafi verið áfátt. Í umsögninni er ekki að finna skýringu eða rökstuðning fyrir þeirri niðurstöðu að endurskoða þurfi áhættumat vegna vinnu við umrædda sög. Að öllu virtu verður að telja umsögn VER haldna slíkum ágöllum að á henni verði ekki byggt þegar metin er skaðabótaábyrgð A á líkamstjóni M. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að slysið megi rekja til þess að M hafi ekki fengið fullnægjandi leiðbeiningar eða þjálfun við notkun sagarinnar. Telst því ósannað, eins og mál þetta liggur fyrir, að A beri skaðabótaábyrgð á tjóninu. M á því ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 5. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 255/2017**A f.h. ófjárráða dóttur sinnar M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Líkamstjón vegna falls við fasteign 24. júlí 2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 3.8.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 6.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur lögmans V dags. 13.10.2017 sem var svar við fyrirspurn nefndarinnar um hvort frekari lögregluskýrslur væru tiltækar en fylgdu með málskoti, sem reyndist ekki vera.

Málsatvik.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að dóttir M hafi fallið niður í loftræstiop við húseign X. Í bréfi V dags. 6. september 2017 eru tekin af öll tvímæli um að V sannað að dóttir M hafi fallið þar niður. Um tveggja metra fall var að ræða og hlaut dóttir M nokkuð höfuðhögg við fallið. Ágreiningur er um skaðabótaskyldu X vegna líkamstjóns sem dóttir M hlaut við umrætt fall.

M telur að fasteign X hafi verið vanbúin þar sem festingar á járngrind, sem var yfir umræddu loftræstiopi, hafi ekki verið nógu traustar. M vísar til þess að ríkar skyldur hvíli á eigendum og umráðamönnum fasteigna að umbúnaður þeirra sé í lagi, sérstaklega þar sem má vænta umferðar barna. M telur að viðhald hafi verið vanrækt á fasteigninni og X hafi ekki brugðist við þeim aðstæðum sem hafi komið upp við loftræstiopið, hvort sem þar hafi verið um að ræða skemmdarverk eða annað.

V telur að M beri sönnunarbyrði um að fasteign X hafi verið vanbúin eða að X hafi vanrækt viðhald hennar. V telur að unnin hafi verið skemmdarverk á festingum loftræstiopsins og X hafi ekki vitað af því þegar dóttir M slasaðist og geti því ekki borið skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hennar.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að dóttir M hafi fallið niður um tvo metra í loftræstiop við fasteign X. Járngrind sem átti að vera yfir umræddu opi virðist hafa gefið sig vegna ónógra festinga. Ekki verður talið sannað af gögnum málsins að forsvarsmönnum eða starfsmönnum á vegum X hafi verið kunnugt um að festingar járngrindarinnar hafi verið brotnar eða ófullnægjandi. Ekki verður heldur séð að þeim hefði átt að vera það ljóst. Hallann af þeim sönnunarskorti ber M. Verður því, m.v. þau gögn sem liggja fyrir nefndinni, ekki fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns dóttur M og því er ekki fyrir hendi greiðsluskylda úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 256/2017**M
og
vátryggingafélagið V1 v/ábyrgðartrygginga ökutækjanna B og A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar ökutækisins C.****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 04.08.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, vátryggingafélags, dags. 14.08.2017.

Bréf V2, vátryggingafélags, dags. 18.08.2017.

Málsatvik.

M, sem er ökumaður C ekur á hægri akrein suður Reykjanesbraut og ákveður að taka vinstri beygju inn að útskoti við Reykjanesbraut þar sem bifreiðin ofhitnaði. B ekur á vinstri akrein og þar á eftir ekur bifreiðin A. Ökumaður B hemlar þegar C ekur yfir vinstri akrein og þegar hann er að aka aftur af stað ekur A aftan á B.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna skipti sök þannig að M var látinn bera helming sakar fyrir akreinaskeppi í veg fyrir umferð og ökumaður A látinn bera helming sakar fyrir að gæta ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig. M mótmælir þessari niðurstöðu og segist hafa verið komin inn í útskotið þegar B hemlar. Í tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður B segist hafa neyðst til að hemla snögglega niður í ca 20-30 km og sé svo að taka af stað þegar A hafi ekið aftan á B. Þá kemur fram að ökumaður A segist hafa séð B nánast stopp og hafi því hemlað en bifreiðin runnið á götunni og lent aftan á B.

Í bréfi V1 er tekið undir niðurstöðu tjónanefndar vátryggingafélaga. V2 hefur ekki frekari athugasemdir í málinu.

Álit.

Gögn málsins bera með sér að B hafi hemlað og nær stöðvað þegar C keyrði af hægri akrein yfir á vinstri og í útskotið. Í tjónstilkynningu kemur fram hjá ökumanni B að hann hafi verið að aka af stað aftur þegar A hafi lent aftan á B. Þar sem B var nánast stöðvuð og var að aka af stað þegar óhappið varð telur úrskurðarnefndin að A beri alla sök enda hafi honum borið að gæta nægjanlega að umferð fyrir framan sig og hafi því ekki virt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram kemur að ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, skuli vera svo langt frá því, að eigi sé hætta á árekstri, þótt ökutækið, sem er á undan, stöðvist eða dregið sé úr hraða þess.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík, 5. september 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 257/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um fjártjón vegna afnotamissis bifreiðar eftir árekstur 22.12.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 9.8.2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 18.8.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að altjón hafi orðið á bifreið M í árekstri 22.12.2015. Umrædd bifreið hafi verið nýtt til atvinnureksturs og hafi því M orðið fyrir fjártjóni við það að hafa ekki bifreið til umráða í þau verkefni sem fyrirtækið (M) hafði gert ráð fyrir að nota bifreið í. Ný bifreið hafi verið pöntuð strax daginn eftir áreksturinn en langur afgreiðslutími hafi verið á þeirri bifreið og á meðan kveðst M hafa misst tekjur sem fyrirtækið hefði ella haft af akstri sambærilegrar bifreiðar. Í málskoti kemur fram að V hafi greitt 1.000.000 króna fyrir tjón vegna afnotamissis en M vísar til þess að tjón fyrirtækisins nemi mun hærri fjárhæð en það. Sjónarmið um umfang tjónsins eru reifuð í gögnum málsins, þ.á.m. samskiptum M og V eftir tjónið.

V telur í fyrsta lagi að ágreiningur snúist um fjárhæð tjóns M og vísar til 2. mgr. 3. gr. samþykpta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum þar sem komi fram að samþykki beggja málsaðila sé áskilið til að nefndin geti fjallað um ágreining um bótafjárhæðir. V lýsir því jafnframt yfir að það veiti ekki slíka heimild. Að öðru leyti telur V ósannað að M hafi orðið fyrir frekar fjártjóni en nú þegar hefur verið greitt úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykpta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Með því að V hefur ekki samþykkt að nefndin úrskurði um fjárhæð bóta í máli þessu er vísað frá kvörtunum M um er lúta að fjárhæðum bóta fyrir tjónið, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli M er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík, 12. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 258/2017**M og
V1 v/A og
V2 v/B****Árekstur bifreiða á gatnamótum Hafnarfjarðarveggar við Lyngás í Hafnarfirði þ. 10.6.2017.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 10.8.2016 ásamt fylgiskjölum nr.
2. Bréf V-1 dags. 24.8.2017 ásamt fylgiskjölum 1-5.
3. Bréf V-2 dags. 16.8.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B við gatnamót við Lyngás á Hafnarfjarðarvegi. Ökumaður A ók norður Hafnarfjarðarveg með fyrirhugaða vinstri beygju vestur Lyngás og ökumaður B ók Hafnarfjarðarveg til suðurs inn á gatnamótin þar sem árekstur varð með A og B. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja af Hafnarfjarðarvegi inn á Lyngás til vesturs og hafi hann beðið eftir að grænt ljós kviknaði fyrir beygjuakreinina og ekið af stað í beygjuna þegar grænt ljós hafi kviknað fyrir akstursstefnu hans, en þá hafi B ekið í veg fyrir A á töliverðri ferð. Ökumaður B segist hafa ekið suður Hafnarfjarðarveg á vinstri akrein og A hafi ekið í veg fyrir B. Ökumaður A segist telja að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu hans. Vitni sem ók eftir Lyngási til austurs segist hafa séð A aka inn á gatnamótin þegar B kom akandi Hafnarfjarðarveg til suðurs og ekið á A. Vitnið segir að grænt ljós hafi logað fyrir umferð á Lyngási þegar hann ók að gatnamótunum.

Álit.

Ökumaður A segist hafa beðið á gatnamótunum eftir að grænt ljós logaði fyrir akstursstefnu hans á beygjuakrein yfir akreinar Hafnarfjarðarveggar með akstursstefnu til suðurs og inn á Lyngás. Ökumaður B segist telja að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu sína þegar hann ók inn á umrædd gatnamót. Vitni sem kom akandi að gatnamótum Hafnarfjarðarveggar og Lyngás segir að grænt ljós hafi logað fyrir umferð á Lyngási. Vafi er því um stöðu umferðarljósa, þar sem ökumaður A segist hafa beðið eftir að ljósin skiptu yfir á grænt fyrir sína akstursstefnu og ekið á stað þegar það gerðist. Ökumaður B er ekki viss um stöðu ljósanna, en telur að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu sína. Vitnið segir hins vegar að grænt ljós hafi logað fyrir umferð um Lyngás þegar hann nálgast gatnamótin. Ekki liggur fyrir í framburði vitnisins hvenær grænt ljós byrjaði að loga fyrir akstursstefnu um Lyngás. Ljóst er þó að grænt ljós á beygjuakreininni inn á Lyngás kviknar eftir að rautt ljós byrjar að loga fyrir akstursstefnu suður Hafnarfjarðarveg, þannig að hafi grænt ljós komið fyrir asktursstefnu um Lyngás þegar vitnið ók að gatnamótunum er ekki loku fyrir það skotið að ökumaður A hafi ekið yfir gatnamótin gegnt grænu ljósi, en rautt ljóst hafi þá logað fyrir akstursstefnu B. Þá verður einnig að taka tillit til þess að ökumaður B er ekki viss um stöðu umferðarljósa og var auk þess undir töliverðum áhrifum áfengis og kókaíns og óhæfur til að stjórna ökutæki af öryggi. Við mat á því sem gerðist verður ekki litið framhjá því að ökumaður A hafi verið í betri aðstöðu til að meta aðstæður og verður hans framburður um að hann hafi ekið gegn grænu ljósi inn á gatnamótin með fyrirhugaða akstursstefnu inn á Lyngás lagður til grundvallar. Af framangreindu verður ekki hjá því komist að gagnálykta á þann veg að ökumaður B hafi ekki lagt rétt mat á aðstæður i umrætt sinn og ekið gegn rauðu ljósi inn á gatnamótin. Verður því öll sök lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 12.9. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður skipaviðgerðarstöðvar slasaðist um borð í togara.****Gögn.**

Málskot, móttakið 8.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis 22. mars 2016 var unnið við að binda togara, sem var til viðgerðar hjá A, við bryggju. Myrkur var og ljósavél skipsins var óvirk. M, starfsmaður A, hafði ásamt samstarfsmanni sínum lokið við að binda skipið að framan. Hugðist hann þá fara aftur í skipið til að binda skipið þar. Í vettvangsskýrslu lögreglu segir að í stað þess að fara í gegnum dyr bakborðsmegin við grandaraspil á togdekki og þaðan í gegnum eldhúsið og aftur eftir gangi og út, hafi M farið beint aftur togdekkið bakborðsmegin og þegar hann hafi komið að opinni löndunarlúgu aftan við grandaraspilin virðist sem honum hafi skrikað fótur og hann fallið niður um löndunarlúguna um 3 m niður á vinnsludekk og orðið fyrir meiðslum á hægri fæti. Í lögregluskýrslunni segir að í rennunni meðfram löndunarlúgunni hafi verið bobbingar og fleira sem hindruðu umferð þar um bakborðsmegin. Auk þess hafi blár trolltvinni verið strengdur frá grandaraspilinu að veggjum sitt hvoru megin til að hindra umferð þar um.

Í skýrslu lögreglunnar er haft eftir M að eftir að hann hafði bundið skipið að framan hafi hann spurt vinnufélaga sinn hvort ekki væri styttri leið aftur á skipið til að binda það en að fara í gegnum brúna. Þá hafi honum verið sagt að hægt væri að fara niður á togdekk og þannig aftur á skipið. Hann hafi farið niður stiga fyrir framan grandaraspilið á togdekkið og gengið fram með spilinu bakborðsmegin og ekki vitað fyrr til en hann hafi fallið niður á vinnsludekkið.

Daginn eftir slysið voru aðstæður um borð í skipinu kannaðar af hálfu Vinnueftirlits ríkisins. Í umsögn þess um slysið segir að M hafi ætlað að stytta sér leið en ekki hugað nægilega vel að öryggi, en við hlið þess staðar þar sem hann féll hafi verið dyr þar sem hægt var að komast eftir gangi aftur eftir skipinu. Einnig hafi ekki verið settar upp neinar tímabundnar fallvarnir við lúguopið á meðan skipið var í slipp.

Samkvæmt málskoti kveðst M aldrei áður hafa farið um borð í umrætt skip og þar hafi hvorki verið lýsing né neyðarlýsing. Kveður M að af hálfu A hafi ekki verið gætt fyllsta öryggis á slysstaðnum með því að gera ekki fullnægjandi öryggisráðstafanir til að fyrirbyggja fall niður um löndunarlúguna þegar M átti þar leið um. Hafi þessi vanræksla farið í bága við 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. og 27. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum og lið 4.1.5 í II. viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins þykir mega slá föstu að M hafi ætlað að stytta sér leið aftur í skipið til að binda skipið. Af þeim sökum lá leið hans fram hjá opinni lestarlúgunni þar sem fyrir voru bobbingar og trolltvinni sem tengdur var við grandaraspilið. Þótt M hafði ekki unnið áður um borð í skipinu var hann þess meðvitaður að hann var að stytta sér leið og því ekki á eðlilegri leið aftur í skipið. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að viðgerðarvinna á vegum A um borð í skipinu hafi verið í námunda við lestarlúguna þar sem M féll niður. Verður því ekki talið, eins og hér stóð á, að af hálfu A hafi verið nauðsynlegt að koma fyrir sérstökum fallvörnum við lestarlúguna. Samkvæmt þessu og gögnum málsins að öðru leyti verður að telja ósannað að slysið verði rakið til atvika sem A ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 19. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 260/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar launþega hjá A.

Maður sem var að hreinsa snjó af tröppum rann til í hálfu 25.10.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4
2. Bréf V dags. 6.9.2017.

Málsatvik.

M var sem starfsmaður A að hreinsa snjó af tröppum þegar hann rann í hálfu og datt aftur fyrir sig og varð fyrir meiðslum. Slyss M var tilkynnt til M 11.5.2017 og telur V að tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi verið liðinn tjonstilkynning bars. M heldur því fram að svo hafi ekki verið þar sem hann hafi verið í áframhaldandi meðferð hjá lækni vegna afleiðinga slyssins 9.8.2016 þegar M var sendur í segulómun og hafi M ekki talið að hann hefði fullnægjandi upplýsingar um afleiðingar slyssins á þeim tíma og því ljóst að slyss M hafi verið tilkynnt áður en tilkynningarfrestur var liðinn. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki tilkynnt slysið til félagsins fyrr en liðin voru 2 ár og 7 mánuðir frá tjonatsburðinum. V telur að M hafi verið fullljóst í síðasta lagi 3.9.2015 hverjar afleiðingar slyssins voru eða í síðasta lagi tveim vikum eftir það. V vísar til þess að segulómun sem M fór í 9.8.2016 hafi ekki leitt neitt nýtt í ljós varðandi liðan M og greining vegna slyssins hafi legið fyrir í september 2015, M hafi því haft upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á meira en ári áður en tjon hans var tilkynnt til V og tilkynningarfrestur hafi því verið liðinn sbr. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga.

Álit.

M leitaði ítrekað til lækna vegna slyssins sem hann varð fyrir 25.10.2014, fyrst á slyssdegi. Ljóst er af læknisfræðilegum gögnum málsins að fullnægjandi greining á afleiðingum slyssins hafi ekki legið fyrir og í því skyni hafi M verið sendur í segulómun 9.8.2016, þar sem verið var að kanna hverjar væru afleiðingar slyssins. Þó segulómunin hafi ekki leitt neitt nýtt í ljós, þá verður því ekki slegið föstu miðað við læknisfræðileg gögn málsins, að M hafi mátt vita eða fengið fullnægjandi greiningu á varanlegum afleiðingum slyssins fyrr en eftir að hann fór í segulómunina 9.8.2016. Af framangreindu er ekki fallist á að tilkynning til V hafi borist eftir að tilkynningarfrestur 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga var liðinn og M á því rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V
Reykjavík 17.10. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 261/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Ú.

Maður lenti með hendi í færiband og slasaðist 18.8.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-10
2. Bréf V dags. 25.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-7

Málsatvik.

M vann við færiband í fiskverkun og ætlaði að skola af hníf sem M var að vinna með, en þá festist hanski sem hann var með á vinstri hendi í færibandinu og M slasaðist á vinstri hendi. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns Ú hjá V og telur að vinnuaðstæður hafi verið óforsvaranlegar og verkstjórn og þjálfun ófullnægjandi. M var 16 ára þegar slysið varð. M segir að opið hafi verið inn á kefli færibandsins, þar sem hlíf hafi vantað þar sem M lenti með höndina í færibandinu. Vísað er til þess af hálfu M að hann hafi verið í of stórum vinnuhönskum og neyðarstöðvunarbúnaður færisbandsins hafi verið ófullnægjandi. V hafnar bótaskyldu og mótmælir því að slys M verði rakið til aðbúnaður eða vinnuaðstæður hafi verið ófullnægjandi eða að fyllsta öryggis hafi ekki verið gætt sbr. 1. mgr. 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. V telur skýrslu Vinnueftirlitsins byggða á misskilningi og röngum forsendum. V segir að þó að hlíf hafi vantað á enda færibandsins þá þýði það ekki sjálfkrafa að færibaldið hafi verið vanbúið. V mótmælir því að verklag og eftirlit með vinnu ungmenna hafi verið ófullnægjandi og slysið verði ekki rakið til skorts á fræðslu og kennslu eða því að M var í of stórum hönskum. Í umsögn Vinnueftirlitsins vegna slyssins kemur m.a. fram, að engar hlífar voru á færibandinu og opið hafi verið inn á kefli þess, sem Vinnueftirlitið telur m.a. vera orsök slyssins, einnig segir að M hafi ekki fengið viðeigandi öryggisfræðslu og þjálfun. Vinnueftirlitið mæltist til þess við Ú í kjölfar slyssins að settar yrðu hlífar á enda færibandsins til að fyrirbyggja slysaheitu.

Álit.

Atvik málsins eru staðfest í myndbandsupptöku. Þar má sjá M fara að enda færibands og setja hönd sína undir það þannig að hann festist. Af lýsingu í skýrslu Vinnueftirlitsins að dæma var ekki hlíf var á endanum á færibandinu sem M var að vinna við og Vinnueftirlitið telur það vera eina af orsökum slyssins. Í skýrslu þess kemur einnig fram að mælt sé til þess að slík hlíf verði sett á enda færibandsins til að fyrirbyggja slysaheitu. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en það það hafi síðan verið gert. Verður því að líta svo á að færibaldið sem M vann við í umrætt sinn hafi verið vanbúið að því leyti að umrædda hlíf vantaði á endann á færibandinu, en það leiddi til þess að M gat farið með höndina inn að færibandinu og slasast. Vegna þessa vanbúnaðar á færibandinu ber Ú bótaábyrgð á slysi M. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Ú hjá V.

Reykjavík 24.10. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 262/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns bifreiðarinnar X.****Ágreiningur um orsakatengsl líkamstjóns og umferðaróhapps 12.11.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 14.8.2017, ásamt fylgiskjölum.
Tölvupóstur V, dags. 29.8.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að eiginmaður M lést 2. apríl 2016. Í læknisvottorði dags. 23. október 2016 kemur fram að banamein hans hafi verið heilastofnsblæðing sem greinst hafi á tölvusneiðmynd við komu á Landspítala aðfararnótt 13. nóvember 2016. Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að eiginmaður M lenti í umferðaróhappi að kvöldi 12. nóvember 2015 þar sem bifreið sem hann ók (X), fór nokkrar veltur á þjóðvegi 1 í Hrútafirði. Af skýrslum vegfaranda má sjá að eiginmaður M hafi verið með meðvitund fyrst eftir umferðarslysið en misst hana stuttu síðar og var hann fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á Landspítala þar sem fyrrnefnd greining var gerð. Eiginmaður M komst ekki til meðvitundar áður hann lést.

M hefur gert kröfu á V um bætur fyrir missi framfaranda og telur að orsakasamband sé á milli umferðaróhappsins 12. nóvember 2015 og heilastofnsblæðingar sem hafi leitt til andláts eiginmanns hennar 2. apríl 2016. M telur að skilyrði 2. gr. B liðar váttryggingarskilmála, sem gilda um slysatryggingu ökumanns hjá V, séu uppfyllt, sem og skilyrði 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sem kveður á um slíka váttryggingu og váttryggingarskyldu. M vísar til læknisvottorðs dags. 23. október 2016 þar sem kemur fram það álit sérfræðings að vel mögulegt hafi verið að eiginmaður M hafi hækkað það mikið í blóðþrýstingi við umferðaróhappið og það framkallað heilastofnsblæðingu. M vísar til þess að eiginmaður M hafi verið með áverka á höfði eftir umferðaróhappið, sem hafi verið alvarlegt skv. upplýsingum í lögregluskýrslu og bifreið hans farið þrjár veltur.

V telur að ekki sé sannað að orsakatengsl séu milli umferðaróhappsins og heilastofnsblæðingu sem eiginmaður M var greindur með á Landspítala aðfararnótt 13.11.2016. V vitnar til upplýsinga í læknisvottorði dags. 23.10.2016 þar sem komi fram ályktun læknis um að tilurð heilablæðingarinnar hafi ekki getað verið áverkni sem eiginmaður M hafi fengið við að velta bifreið sinni. Á þeim grundvelli telur V að eiginmaður M hafi látist af orsökum sem ekki tengist umferðarslysi og hafi því skilyrði 2. gr. B liðar váttryggingarskilmála um slysatryggingu ökumanns ekki verið uppfyllt, en þar komi fram að félagið greiði bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis.

Álit.

Ágreiningur í málinu lýtur að því hvort sannað sé að umferðaróhapp sem eiginmaður M lenti í að kvöldi 12. nóvember 2015 hafi verið orsök heilastofnsblæðingar sem greindist nokkrum klukkustundum síðar á Landspítala, en ljóst er af gögnum málsins að eiginmaður M varð meðvitundarlaus, að öllum líkindum vegna umræddrar heilablæðingar, stuttu eftir umferðaróhappið.

Í gögnum málsins er ítarlegt læknisvottorð þar sem greiningu, meðferð eiginmanns M á Landspítalanum er lýst sem og banameini hans. Í læknisvottorðinu, sem dags. er 23. október 2016 og vitnað er til hér að ofan, kemur fram sú ályktun læknisins sem það ritar að tilurð heilablæðingarinnar títtnefndu hafi ekki getað verið orsök þess að eiginmaður M velti bifreið sinni. Einnig ályktar lækniurinn að hún hafi ekki heldur verið bein orsök áverka þess sem hann hlaut við bílveltuna. Mat læknisins er rökstutt þannig að „umfang blæðingar í heilastofni og miðheila var það mikið að ekki er talið mögulegt að mati undirritaðs að hann hafi getað komist sjálfur út úr bílnum, gengið upp á veg og náð að tjá sig við vegfaranda eftir að hafa fengið þetta stóra heilastofnsblæðingu. Frekari rök fyrir því að þarna hafi ekki verið um áverkablæðingu að ræða eru þau að áverkablæðingar sem sjást í heilastofni í þessu umfangi fylgir oftast aðrar blæðingar í stóra heila og meðvitundarleysi verður

algert strax við áverkann.“ Engar slíkar hafi hins vegar sést á tölvusneiðmynd. Læknirinn endar síðan á að álykta „vel mögulegt“ að eiginmaður M hafi „hækkað það mikið í blóðþrýsting við að lenda í slysinu að hann hafi fengið blæðinguna fljótlega eftir slysið.“

Ekki liggja fyrir frekari læknisfræðileg gögn þar sem sérfræðingar leggja mat á líkur á því að tengsl hafi verið milli umferðaróhapps eiginmanns M og banameins hans. Við þær aðstæður verður ekki unnt að leggja önnur gögn til grundvallar en títtnefnt læknisvottorð dags. 23. október 2016 og þær ályktanir sem þar eru dregnar. Verður, með vísan til þeirra, ekki talið sannað að líkamstjón það sem eiginmaður M hlaut í umferðaróhappi, þar sem bifreið hans fór þrjár veltur, hafi leitt til heilastofnsblæðingar þeirrar sem leiddi til andláts hans nokkrum mánuðum síðar. Það er rökstutt þannig að í títtnefndu læknisvottorði er skýrlega ályktað um að heilastofnsblæðing eiginmanns M hafi ekki verið vegna áverka og verður orðalag í vottorðinu varðandi mögulega hækkun blóðþrýstings ekki túlkað með þeim hætti að í því felist meiri líkur en minni að heilastofnsblæðingu megi rekja til umferðarslyss í skilningi 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. gildissvið slysatryggingar ökumanns hjá V í 2. gr. B hluta þeirra skilmála. Á meðan ályktunum í læknisvottorði 23. október 2016 hefur ekki verið hnekkkt með öðrum ályktunum eða sérstöku mati á M ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna umferðarslyss úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 19. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 263/2017**M og****vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar A,
vátryggingafélagið V-2 v. ábyrgðartryggingar B og
vátryggingafélagið V-3 v. ábyrgðartryggingar C.****Maður slasaðist þegar hann féll á færiband í verslunarmiðstöð 2.6.2014.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 16.8.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-14
2. Bréf V-1 dags. 18.8.2017 ásamt fylgiskjali
3. Bréf V-2 dags. 31.8.2017
4. Bréf V-3 dags. 30.8.2017

Málsatvik.

M steig á færiband í verslunarmiðstöð og segir að unnið hafi verið við þrif á færibandinu og það hafi verið blautt og hált, en þrátt fyrir það hafi færibaldið verið í gangi og viðskiptavinum ekki meinaður aðgangur að því né sett upp varúðarskilti um að hált gæti verið á færibandinu. M segir að þegar hann hafði gengið framhjá þeim starfsmanni sem vann við færibaldið hafi hann runnið á hálu undirlagi, fallið á vinstra hnéð og verið greindur í framhaldi með þverbrot á vinstri hnéskel. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingum eiganda húsnæðisins A, rekstraraðila verslunarkjarnans B og ræstingaraðila C. M byggir á því að eigandi, rekstraraðili og sá sem sér um ræstingar eigi að gera sanngjarnar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem fara um svæðið þar sem verslun er rekin fyrir neytendur. Aðstæður á færibandinu hafi verið ófullnægjandi, en færibaldið tengi hæðir húsnæðisins saman og því hafi verið um gönguleið viðskiptavina að ræða. M telur að ekki hafi verið gerðar ráðstafanir til að tryggja öryggi þeirra sem leið áttu um verslunarkjarnann og áréttar að engin varúðarskilti hafi verið við færibaldið, sem hafi verið í gangi, þrátt fyrir að verið væri að þrífa það og ljóst að það gæti myndast háлка og sú frásögn M fær stuðning í framburði eiginkonu hans sem var með M í umrætt sinn. M telur að A, B og C hafi vanrækt ríka varúðarskyldu og beri allir ábyrgð á þeim vanbúnaði og/eða skort á viðvörunarmerkjum þegar slysið varð. V-1 hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A, sem er fasteignafélag sem er eigandi verslunarkjarnans þar sem slysið varð. V-1 segir að fasteignin sé alfarið í umsjón leigutaka B á grundvelli leigusamninga og þrif á færibandinu hafi ekki verið á vegum A og hafi A ekki haft neina aðkomu að því með hvaða hætti unnið var að þrifum og meint saknæm mistök þeirra sem unnu að þrifum á færibandinu verði ekki rakin til saknæmra mistaka starfsmanna A eða einhvers sem A ber ábyrgð á. V-2 hafnar bótaskyldu vegna B og segir að B hafi ekki með ræstingar eða þrif á umræddu færibaldi að gera og hafi þeirri staðhæfingu V-2 ekki verið mótmælt. V-2 segir að ekkert í gögnum málsins bendi til þess að umrætt atvik verði rakið til saknæmrar eða ólögðmætrar háttsemi B, starfsfólks B eða einhvers sem B ber ábyrgð á og því bótaskylda ekki til staðar. V-3 hafnar bótaskyldu vegna C og segir að ósannað sé að bleyta hafi verið á færibandinu og það hafi ekki verið á forræði C að stöðva færibaldið eða meina aðgang að því verði það talið til sakar í málinu. V-3 segir að C fullyrði að viðvörunarskilti hafi verið sett upp meðan færibaldið var þrifið og sú staðhæfing M og eiginkonu hans þess efnis að viðvörunarskilti hafi ekki verið þegar slysið átti sér stað sé því einhliða og ekki studd neinum gögnum og því ósönnuð. V-3 segir að C sé verktaki sem hafi hvorki haft umráð yfir húsnæðinu né færibandinu. Þá segir V-3 að umrædd verslunarmiðstöð sé ítrekað þrifin á meðan verslanir eru opnar og það verklag sem viðhaft hafi verið við þrif á færibandinu í umrætt sinn hafi ekki verið með öðrum hætti en venjulega einnig segir V-3 að M verði að sanna tjón sitt og það verði rakið til þess að starfsmaður C eða C sjálfur beri ábyrgð á því að M féll í umrætt sinn.

Álit.

Af gögnum málsins og stöðu aðila verður ekki séð að A beri sem fasteignareigandi ábyrgð á því að M féll á færibaldi í verslunarkjarnanum sem um ræðir að sögn M vegna þess að færibaldið var blautt og hált vegna þess að unnið var að þrifum á því og engin varúðarskilti voru til staðar í umrætt sinn að sögn M. Fasteignareigandinn A hafði ekkert með þrif færibandsins að gera eða uppsetningu varúðarskylda og það sama gildir einnig fyrir rekstraraðilann B, sem var leigutaki að verslunarkjarnanum. Rekstraraðilinn B gerði samning við C um þrif í húsnæðinu þ.á.m. umræddu færibaldi. Ekki hefur verið sýnt fram á að eitthvað í samningum B og C varðandi framkvæmd þrifa sé þess eðlis að það geti leitt til sakar B eða starfsfólks B. Ekki er því sýnt fram á það að B beri einhverja sök í málinu. C sá um þrif á umræddum verslunarkjarna og var starfsfólk C að vinna við færibaldið í umrætt sinn. Af hálfu C er því haldið fram að varúðarskilti hafi verið við færibaldið í umrætt sinn andstætt því sem M og eiginkona hans halda fram. Þá er því haldið fram af V-3 vátryggingafélagi C að ósannað sé að bleyta hafi verið á færibandinu í umrætt sinn. Eins og mál þetta liggur fyrir miðað við þau gögn sem hafa verið lögð fram í málinu er ekki hægt að slá því föstu gegn mótmælum C að varúðarskilti hafi ekki verið við færibaldið meðan starfsfólk C vann að þrifum á því. Þá liggur ekki fyrir hvort bleyta var á færibandinu, en það eitt og sér er algengt þegar unnið er við ræstingar. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður því hins vegar ekki slegið föstu að starfsfólk C hafi ekki viðhaft eðlilegt verklag við þrif færibandsins í umrætt sinn eða vanrækt að setja varúðarskilti til að vara gangandi umferð við. Af framangreindu leiðir að ekki er sýnt fram á að starfsfólk C eða einhver sem C ber ábyrgð á hafi sýnt af sér saknæma háttsemi sem leitt hafi til tjóns M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingum A, B og C.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingum A, B og C.

Reykjavík 14.11. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 264/2017**M
og
V v/réttaraðstoðartryggingar.****Ágreiningur um greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.08.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, váttryggingafélags, dags. 28.08.2017.

Málsatvik.

M sat í stjórn X sem ályktaði um Z á heimasíðu X. Í kjölfarið höfðaði Z mál á hendur stjórnarmönnum X þar sem þess var krafist að ummælin í ályktuninni yrðu dæmd dauð og ómerk og féll dómur í málinu. V hafnaði greiðsluskyldu úr réttaraðstoðartryggingu M á þeim grundvelli að ágreiningur dómsmálsins væri um ályktun sem M hefði átt aðild að sem stjórnarmaður X.

M telur V greiðsluskyld á grundvelli grein 2.1. í 10. kafla váttryggingaskilmálanna þar sem fram kemur að váttryggingin taki til ágreinings sem snerti váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi og er til lykta leiddur með dómi, úrskurði eða dómsátt. M telur að hugtakið embætti geti ekki verið túlkað rýmra en kemur fram í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en þar hafi orðið „embætti“ sérstaka skilgreiningu. Auk þess sé það hvorki almenn málvenja né hefðbundin orðnotkun að telja stjórnarsetu vera embættisrekstur. Hugtakið „embætti“ vísi til þess að um tiltekin störf sé að ræða í þágu hins opinbera og embættisrekstur geti þannig ekki náð til stjórnarsetu einstaklinga í almennu félagi. Það þyrfti að vera skýrt orðað í váttryggingaskilmálum ef hugtakið embættisrekstur ætti að vera túlkað svo víðtækt. Þá áréttar M að stjórnarseta geti ekki talist atvinna í skilningi greinar 3.2. þar sem trúnaðarstörf eins og stjórnarseta sé eðlis ólík launuðu aðalstarfi sem telst til atvinnu. Stjórnarseta sé t.d. ólík launuðu aðalstarfi hvað varðar ráðningartíma, uppsagnarfrest, laun, o.s.frv. X sé almennt félag og stjórn kosin á aðalfundi. Stjórnin fái þóknun fyrir stjórnarfundi og fjöldi funda sé um 16-20 á ári. Þá séu váttryggingarskilmálar samdir einhliða af V og beri því að túlka félaginu í óhag, allavega megi ekki túlka orðalagið þyngra en orðalagið gefur til kynna.

V telur ekki um greiðsluskyldu að ræða og byggir það á grein 3.2. í 10. kafla váttryggingaskilmálanna þar sem fram kemur að váttryggingin taki ekki til máls sem sé í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs. V telur stjórnarsetu M vera embættisrekstur í skilningi greinarinnar. Í bréfi V kemur enn fremur fram að félagið hafni því að skilgreina beri orðið embætti so þröngt að þar sé aðeins átt við atvinnu manna sem skipaðir eru eða settir í embætti á grundvelli laga nr. 70/1996. V andmælir einnig að það sé ekki í samræmi við almenna málvenju eða orðnotkun að orðin embætti eða embættisrekstur nái til stjórnarsetu í almennum félögum.

Álit.

Í 10. kafla í skilmálum heimilistryggingar hjá V er fjallað um réttaraðstoðartryggingu. Samkvæmt grein 2.2. tekur váttryggingin til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og tekur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Fyrir liggur að M var stefnt í dómsmáli og hefur verið kveðinn upp dómur í því máli. Í grein 3.2. er tiltekið að váttryggingin taki ekki til ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisreksturs váttryggðs.

Í þessu máli er um að ræða stjórnarsetu M í frjálsum félagasamtökum og hvort telja skuli það atvinnu eða embættisrekstur M. Í Lögfræðiorðabók með skýringum sem gefin var út af bókaútgáfunni Codex – Lagastofnun Íslands 1. október 2008 er hugtakið embætti skýrt sem opinber staða hjá ríki sem embættismaður stjórnar. Störf fyrir frjáls félagasamtök eru eðlisólík atvinnu eða embættisrekstri einstaklinga og jafnan aukastörf viðkomandi einstaklinga meðfram atvinnu þeirra. Úrskurðarnefndin telur að hugtakið embættisrekstur í grein 3.2. í framangreindum skilmálum verði að skýra þröngt og beri að skilja greinina svo að atvinna eða embættisrekstur einstaklinga nái ekki til starfa fyrir frjáls félagasamtök. V ber því að greiða M úr réttaraðstoðartryggingu í heimilistryggingu hans hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu í heimilistryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. október 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 265/2017**M
og
V v/réttaraðstoðartryggingar.****Ágreiningur um greiðslu úr réttaraðstoðartryggingu.****Gögn.**

Málskot, dags. 15.08.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 28.08.2017.

Málsatvik.

M sat í stjórn X sem ályktaði um Z á heimasíðu X. Í kjölfarið höfðaði Z mál á hendur stjórnarmönnum X þar sem þess var krafist að ummælin í ályktuninni yrðu dæmd dauð og ómerk og féll dómur í málinu. V hafnaði greiðsluskyldu úr réttaraðstoðartryggingu M á þeim grundvelli að ágreiningur dómsmálsins væri um ályktun sem M hefði átt aðild að sem stjórnarmaður X.

M telur V greiðsluskylt á grundvelli 37. gr. váttryggingaskilmála um réttaraðstoð í fjölskylduvernd 2 þar sem fram kemur að váttryggingin taki til ágreinings sem snerti váttryggðan, sem einstakling, og sem kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. M telur að hugtakið embætti geti ekki verið túlkað rýmra en kemur fram í lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins en þar hafi orðið „embætti“ sérstaka skilgreiningu. Auk þess sé það hvorki almenn málvenja né hefðbundin orðnotkun að telja stjórnarsetu vera embættisrekstur. Hugtakið „embætti“ vísi til þess að um tiltekin störf sé að ræða í þágu hins opinbera og embættisrekstur geti þannig ekki náð til stjórnarsetu einstaklinga í almennu félagi. Það þyrfti að vera skýrt orðað í váttryggingaskilmálum ef hugtakið embættisrekstur ætti að vera túlkað svo víðtækt. Þá áréttar M að stjórnarseta geti ekki talist atvinna í skilningi 39. gr, þar sem trúnaðarstörf eins og stjórnarseta sé eðlis ólík launuðu aðalstarfi sem telst til atvinnu. Stjórnarseta sé t.d. ólík launuðu aðalstarfi hvað varðar ráðningartíma, uppsagnarfrest, laun, o.s.frv. X sé almennt félag og stjórn kosin á aðalfundi. Stjórnin fái þóknun fyrir stjórnarfundi og fjöldi funda sé um 16-20 á ári. Þá séu váttryggingarskilmálar samdir einhliða af V og beri því að túlka félaginu í óhag, allavega megi ekki túlka orðalagið þyngra en orðalagið gefur til kynna.

V telur ekki um greiðsluskyldu að ræða og byggir það á 39. gr. váttryggingaskilmálanna þar sem fram kemur að váttryggingin taki ekki til máls sem sé í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs. V telur stjórnarsetu M vera embættisrekstur í skilningi greinarinnar. Í bréfi V kemur fram að óumdeilt sé að stjórnarseta M hafi verið launað starf og að málareksturinn sé í beinum tengslum við starfið. Félagið vísar til þess að samkvæmt almennum málskilningi sé atvinna starf eða vinna sem maður lifir af. Engu máli skipti hvers konar starf um ræðir enda ljóst að atvinna manna geti verið með margvíslegum hætti og ekki óalgengt að menn hafi atvinnu af hinum ýmsu störfum og starfi samtímis á mörgum stöðum.

Álit.

Í 7. kafla í skilmálum heimilistryggingar hjá V er fjallað um réttaraðstoðartryggingu. Samkvæmt 37. gr. tekur váttryggingin til ágreinings sem snertir váttryggðan, sem einstakling, og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi. Fyrir liggur að M var stefnt í dómsmáli og hefur verið kveðinn upp dómur í því máli. Í 39. gr. er tiltekið að váttryggingin taki ekki til ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisreksturs váttryggðs.

Í þessu máli er um að ræða stjórnarsetu M í frjálsum félagasamtökum og hvort telja skuli það atvinnu eða embættisrekstur M. Í Lögfræðiorðabók með skýringum sem gefin var út af bókaútgáfunni Codex – Lagastofnun Íslands 1. október 2008 er hugtakið embætti skýrt sem opinber staða hjá ríki sem embættismaður stjórnar. Störf fyrir frjáls félagasamtök eru eðlisólík atvinnu eða embættisrekstri einstaklinga og jafnan aukastörf viðkomandi einstaklinga meðfram atvinnu þeirra. Úrskurðarnefndin telur að hugtökin atvinna og embættisrekstur í 39. gr. framangreindum skilmálum verði að skýra þröngt og beri að skilja greinina svo að atvinna eða embættisrekstur einstaklinga nái ekki til starfa

fyrir frjáls félagasamtök. V ber því að greiða M úr réttaraðstoðartryggingu í heimilistryggingu hennar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu í heimilistryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. október 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Jóna Björk Guðnadóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 266/2017**M****og****V v/ smábátatryggingar .****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á handfærarúllum úr báti.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.8.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 1.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30. desember 2016 barst lögreglunni á Suðurnesjum tilkynning um innbrot og þjófnað úr bátnum A í eigu M þar sem hann var bundinn utan á annan bát í Njarðvíkurhöfn. Upplýsti fyrirsvarsmadur M að m.a. hafi verið stolið sex handfærarúllum sem hafi verið staðsettar á dekki bátsins. Lás sem læsti skorsteinshúsi hafði verið klipptur í sundur. Þar inni sé rafmagnstafla sem handfærarúllurnar voru tengdar við. Búið var að brjóta framan af rafmagnstöflunni og klippa rafmagnssnúrurnar frá handfærarúllunum í sundur. Einnig hafði verið brotist inn í stýrishús bátsins og rótað þar til. Auk handfærarúllanna hafði ýmsum verkfærum og tveimur björgunargöllum verið stolið.

M hafði í gildi smábátatryggingu hjá V og krafðist bóta úr váttryggingunni vegna þess tjóns sem hann taldi sig hafa orðið fyrir. V mun hafa fallist á greiðslu bóta vegna þeirra muna sem hurfu við þjófnaðinn að frátöldum handfærarúllunum, en hafnaði bótaskyldu vegna þeirra, í fyrsta lagi á þeim forsendum að um veiðarfæri væri að ræða sem váttryggingin tæki ekki til, í öðru lagi félli þjófnaður á þeim ekki undir bótasvið váttryggingarinnar og í þriðja lagi bæti váttryggingin ekki tjón á ýmsum búnaði, svo sem línuvindum og öðrum sambærilegum búnaði. M vill ekki una synjun M um bætur vegna umræddra handfærarúlla.

Álit.

Í 1. gr. váttryggingarskilmála þeirra sem gilda um smábátatryggingu V er fjallað um bótasvið váttryggingarinnar. Segir þar í gr. 1.2 að undir váttrygginguna falli m.a. ekki fiskkassar, afli og veiðarfæri, þ.á m. varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, nemar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri. Í upptalningu þessari eru handfærarúllur ekki nefndar sérstaklega og af henni má ráða að undanþáguákvæði þetta eigi einungis við eiginleg veiðarfæri og ýmsan búnað sem fer í sjóinn meðan á sjálfum veiðunum stendur. Handfærarúllurnar eru á hinn bóginn ætíð um borð og eru þar fastar við borðstokkinn. Undanþáguákvæði þetta getur því ekki átt við um handfærarúllur.

Í gr. 3.1. í váttryggingarskilmálunum er tíu liðum (3.1.1-3.1.10) taldar upp þær tjónsorsakir sem váttryggingin tekur til. Þannig er mælt fyrir um það í gr. 3.1.7 að félagið bæti tjón á bátnum sem stafar á beinan hátt af innbroti, innbrotsþjófnaði eða skemmdarverkum. Handfærarúllurnar voru staðsettar úti, þar sem þær voru fastar við borðstokkinn. Þeim var því ekki stolið við innbrot. Þjófnaður á þeim fellur því ekki undir bótasvið gr. 3.1.7 í skilmálunum og því breytir ekki þótt klippt hafi verið á víra, sem að þeim liggja, inni í skorsteinshúsinu sem brotist hafði verið inn í. Önnur ákvæði í gr. 3.1. geta ekki átt við það tjónstilvik sem hér um ræðir. Þegar af þeirri ástæðu getur ekki komið til þess að tjón vegna þjófnaðar á handfærarúllunum fái bætt úr váttryggingunni. Önnur undanþáguákvæði í skilmálunum koma því ekki til frekari skoðunar í máli þessu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna þjófnaðar á handfærarúllu úr smábátatryggingu A hjá V

Reykjavík, 31. október 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 267/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar eiganda orlofshús.****Kona datt og varð fyrir meiðslum á leið upp úr heitri setlaug við orlofshús.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16.8.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 20.9.2017.

Málsatvik.

Að kvöldi 3. desember 2016 var M gestkomandi í orlofshúsi í eigu A. Er hún var að stíga upp úr heitri setlaug (heitum potti) við húsið hrasaði hún í tröppum sem liggja frá setlauginni og féll á pall fyrir neðan. Varð M fyrir meiðslum á vinstri ökla og ganglim. Mikil rigning mun hafa verið og afar blautt.

Umrætt orlofshús mun hafa verið byggt árið 2007. M kveður húsið vera mannvirki í skilningi áðurgildandi byggingarreglugerðar nr. 441/1998 og frágangur við setlaugina hafi ekki verið í samræmi við gr. 69.4, en samkvæmt því ákvæði skyldi við gerð og frágang sundlauga, setlauga og útibaðstaða á einkalóðum gætt öryggisákvæða og þess sérstaklega gætt að hvergi sé hætta á hálfu. Einnig falli húsið undir reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, en samkvæmt 1. mgr. 14. gr. þeirrar reglugerðar skal húsnæði vera þannig gert og viðhaldið, umgengið og þrifið að þeir sem þar dveljast hljóti ekki heilsutjón eða óþægindi af. Vísar M einnig til gr. 202.14 í reglugerð nr. 441/1998 um að handrið skyldi að jafnaði setja báðum megin á útidyratröppum, kjallaratröppum og öðrum tröppum í aðkomuleiðum að húsum sem að jafnaði skyldu ekki vera lægri en 0.90 m á hæð, en ekkert handrið hafi verið við tröppur þær sem voru við umrædda setlaug. Þá kveður M að uppstig á tröppum við setlaugina hafi verið langt yfir 0.30 m sem sé í andstöðu við byggingarreglugerðir, sbr. gr. 202.8 í reglugerð 441/1998 þar sem kveðið var á um það að framstig útitrappa skyldi eigi vera minna en 0,28 m og uppstig eigi meira en 0,16 m.

Með vísan til þess sem að framan greinir telur M að setlaugin hafi verið vanbúin hvað varðar tröppur þær sem voru við hana. Hefur hún krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt þeim stjórnvaldsfyrirmælum sem vísað er til af hálfu M verður ekki ráðið að umbúnaður við heitar setlaugar skuli fortakslaust vera með þeim hætti sem mælt er fyrir um í gr. 202.8 og 202.14 í byggingarreglugerð nr. 441/1998 hvað varðar tröppur og handrið. Ekki verður séð af gögnum málsins að frágangur við umrædda setlaug, þ. á m. hvað varðar byggingarefni, hafi verið frábrugðinn því sem almennt gerist við slíkar laugar og byggingaryfirvöld hafa samþykkt. Ætíð verður að gæta varkárni þegar farið er ofan í laugar eins og hér um ræðir og upp úr þeim. Ekki verður séð að frágangur eða aðstæður við laugina hafi verið svo hættulegar eða með þeim hætti að fellt geti skaðabótaábyrgð á A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 268/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Laugarvatnsvegi við Þingvöll 24.7.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.8.2017 ásamt fylgiskjali.
2. Bréf V-1 dags. 18.8.2017.
3. Bréf V-2 dags. 31.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.

Málsatvik.

Á framhlið tjónstilkynningar vegna áreksturs bifreiða A og B kemur fram að bifreiðunum var ekið í sömu akstursátt þegar árekstur varð, bifreið A var ekið til vinstri um leið og bifreið B, sem ekið var á eftir bifreið A, var ekið fram úr þeirri bifreið. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til vinstri og gefið stefnumerki um þá fyrirætlun sína og síðan hefði árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa ætlað að aka framúr A þegar A hafi verið beygt til hægri og segir ökumaður að hvorki hann né farþegi í framsæti B hafi séð stefnuljós til vinstri á A þegar ökumaður B hóf framúraksturinn.

M telur ökumaður bifreiðar A hafi gefið stefnuljós til vinstri í tæka tíð og telur hægt að rekja áreksturinn til ógætilegs framúraksturs ökumanns bifreiðar B. Vátryggingafélagið V1 tekur undir sjónarmið M. Vátryggingafélagið V2 telur að eigi að skipta sök þannig að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta hennar en ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta hennar og vitnar til ákvæða umferðarlaga þeirri niðurstöðu til stuðnings.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður sem ætlar að beygja á vegamótum ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra. Þessa gætti ökumaður A ekki nægilega vel og ber því megin sök á árekstrinum. Framúrakstur var heimill þar sem áreksturinn varð, en gæta varð fyllstu varúðar við framúraksturinn sbr. 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga. Ökumaður B þykir ekki hafa sýnt nægjanlega varúð þegar hann hóf framúrakstur framúr A og ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt, að ökumaður A beri 2/3 sakar og ökumaður B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 sakar og ökumaður B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 19.9 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 269/2017
M og
V v. slysatryggingar ökumanns

Bifreið ekið á ljósastaur. Sjálfsvígstilraun. Skerðing bótaréttar þ. 13.7.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 17.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 1.9.2017

Málsatvik.

Skv. lögregluskýrslu var bifreiðin sem M ók mikið skemmd á miðri akbraut Sæbrautar sem liggur til vesturs frá Laugarnesi að Kirkjusandi. Ökumaðurinn M sagði í sjúkrabifreiðinni skv. lögregluskýrslu að hann hefði ekið viljandi á ljósastaurinn sem hann ók á. Engin för voru eftir bifreiðina á vettvangi og ekkert að sjá í umhverfinu sem gæti hafa valdið þessum árekstri að sögn lögreglu. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og segir að M hafi verið settur á þunglyndislyf nokkrum vikum fyrir umferðarslysið og verði að telja fulljóst að andlegt ástand M hafi verið með þeim hætti að hann hafi ekki getað gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna þar sem sjálfsvígshugsanir sóttu þungt á hann. Byggt er á því af hálfu M að M hafi ekki gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna og því verði að telja að undantekningarregla 2.ml.1.mgr.89.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 eigi við um tilvik M og slys M því bóaskyld úr slysatryggingu ökumanns. V hafnar bótaskyldu og vísar til 1.mgr. 89.gr. laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004. V segir óumdeilt að um tilraun til sjálfsvígs var að ræða og segir V að sú fullyrðing í málskoti að M hafi verið á lyfjum sem hafi valdið því að sjálfsvígshugsanir hafi sótt á hann séu ekki studd neinum læknisfræðilegum gögnum. Þá segir V að M hafi reynt sjálfsvíg áður og í framhaldi af því verið settur á það lyf sem hann var að taka í umrætt sinn og því hafi það verið læknisfræðilegt mat að lyfið ætti að koma í veg fyrir aðra sjálfsvígstilraun. Þá vísar V til að almenn skilgreining á slysi, sem skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans sé lögð til grundvallar í málinu.

Álit.

Í 89.gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga segir að valdi váttryggður því af ásetningi að váttryggingaratburður verður sé félagið ekki ábyrgt, en félagið beri þó ábyrgð ef váttryggður vegna aldurs eða andlegs ástands gerði sér ekki grein fyrir afleiðingum gerða sinna. Í málingu liggur fyrir að M gerði sér fulla grein fyrir afleiðingum gerða sinna og tilgangur hans var beinlínis sá að fremja sjálfsvíg. Ekki hefur verið sýnt fram á að það lyf sem M tók í umrætt sinn skv. læknisráði skipti einhverju máli í sambandi við umrætt atvik. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík 10.10 2017.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 270/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ vatnstjónstryggingarliðar fasteignatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatns- og rakaskemmda í fjölbýlishúsi.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 8. júlí 2016 mun vatnstjón hafa orðið í húseign M í Reykjavík. M hafði í gildi fasteignatryggingu hjá V vegna húseignarinnar, en fasteignatryggingin felur í sér m.a. sérstaka vatnstjónstryggingu. Var tjónið tilkynnt V samdægurs. Samkvæmt skýrslu pípulagningameistara, dags. 8. júlí 2016, sem V fékk til að kanna orsök tjónsins og umfang þess, kemur fram að leki hafi verið út frá stíflu í gegnumstreymisniðurfalli frá handlaug íbúðar fyrir ofan og óverulegar skemmdir hafi orðið á neðri hæð. Einnig segir í skýrslunni að niðurfall hafi verið hreinsað, en þörf sé á að ganga betur frá umgjörð við niðurfall.

Í málinu liggur einnig fyrir minnisblað A, tiltekinnar verkfræðistofu, sem í grunninn virðist dagsett 6. október 2016 en að því er virðist einnig byggt á skoðun 3. nóvember og 13. desember sama árs. Þar kemur fram að tiltekinn einstaklingur hafi óskað eftir skoðun á íbúðum í umræddri húseign sem viðkomandi einstaklingur hafði nýverið keypt. Um sé að ræða steinsteyppt hús upp á þrjár hæðir auk kjallara eða hálfgrafinnar neðstu hæðar. Varðandi skoðun íbúðar á efstu hæð segir í minnisblaðinu að yfirborð flísa baðherbergisgólfs hafi borið vott um raka og eins framan á baðkeri. Við rakamælingu hafi komið í ljós að talsverður raki var undir flísum. Þar sem timburgólf var á efstu hæðinni hafi strax vaknað grunur um að vatn væri komið í uppbyggingu gólfsins. Grunur væri um að vatn væri einnig komið í gegnum vegg þar sem vaskur hafi verið og til að athuga það þurfti að taka frá skáp „herbergismegin“ til að kanna hvort grunur væri réttur sem síðar hafi reynst vera. Um niðurstöðu skoðunar segir í minnisblaðinu að í ljós hafi komið að mikið vatn hafi komið, að því er ætlað var, frá sturtu og blöndunartækjum efstu hæðar sem leitt hafi síðan inn í svefnherbergi á þeirri sömu hæð og síðan niður næstu tvær íbúðir fyrir neðan. Við opnun gólfefna á efstu hæðinni hafi komið í ljós verulegar rakaskemmdir og ákvörðun tekin um að rjúfa byggingarefni og taka sýni til greiningar hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Niðurstaða greiningar hafi gefið til kynna að veruleg mygla sé í gólfi og veggjum baðsins ásamt gólfefni herbergis til hliðar við baðið. Sé horft til ástands þessara byggingarluta sé ljóst að fjarlægja þurfi allt sýkt byggingarefni og byggja upp aftur. Afleiðingar vatnsins sé einnig að finna á næstu hæðum fyrir neðan og sé vatn komið bæði í vegg, gólfefni og loftaefni.

Með tölvubréfi V 7. nóvember 2016, eftir að minnisblaðið A hafði verið kynnt fyrir V, var M gerð grein fyrir þeirri afstöðu V að skemmdir sem rekja megi til leka frá niðurfalli séu af völdum flísalagnar á baðherbergi á efstu hæð hússins. Tölvubréfinu fylgdi mat V á tjóninu og segir „að tjónamatið er nokkurn veginn á pari við eigin áhættuna.“ Reikningur pípulagningameistarans sem hafði annast viðgerðina í júlí muni félagið greiða og loka svo tjóninu í kjölfarið.

Í málskoti segir að tjónið hafi verið tilkynnt V þegar tjónið varð 8. júlí 2016 og sérfræðingur á þess vegum hafi komist að orsökum lekans en þá hafi vatn flætt um vegg og loft í töluverðan tíma. Við skoðun málsins í nóvember 2016 hafi matsmaður á vegum V komið að nýju og metið tjónið og fallist á bótaskyldu án fyrirvara sem M kveður að sé bindandi fyrir V, sem virðist eiga að skilja svo að þær vatns- og rakaskemmdir sem gerð er grein fyrir í minnisblaði A séu af völdum vatnslekans í júlí 2016 og því beri að bæta það tjón sem hlaust af þessum sökum úr vatnstjónstryggingunni hjá V. V hefur á hinn bóginn hafnað frekari bótagreiðslum.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. í vátryggingarskilmálum fasteignatryggingar þeirrar sem M hafði í gildi hjá V segir að vátryggingin bæti skemmdir sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislöngnum hennar. Í skýrslu pípulagningameistara, sem V fékk til að fara á vettvang sama dag og tjónið varð til að kanna skemmdir og umfang þeirra, segir að leki hafi verið út frá stíflu í gegnumstreymisniðurfalli frá handlaug íbúðar og óverulegar skemmdir hafi orðið á hæðinni fyrir neðan. Af fyrrgreindu minnisblaði A verður ekki ráðið að þær vatns- eða rakaskemmdir sem þar er lýst megi rekja til stíflulekans sem varð í júlí 2016. Af gögnum málsins að öðru leyti verður heldur ekki ráðið að skemmdirnar hafi orðið af völdum atviks sem falli undir bótasvið vátryggingarinnar, þ.e. ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislöngnum húseignarinnar. Þá er ósannað að V hafi með samskiptum sínum við M í nóvember 2016, eftir að minnisblað A lá fyrir, skuldbundið sig til að greiða það tjón sem lýst er í minnisblaðinu. Að þessu virtu telst M ekki eiga rétt á frekari bótum úr vatnstjónstryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr vatnstjónstryggingu hjá V.

Reykjavík, 10. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 271/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Orsakatengsl líkamstjóns og áreksturs 3. ágúst 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 21.8.2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 11.9.2017, ásamt úrskurði í máli nr. 345/2012.
Tölvupóstur lögmanns M dags. 12.9.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins er því atviki lýst að árekstur hafi orðið með strætisvagninum X og bifreið sem M var farþegi í 3. ágúst 2016. Ekki virðist vera ágreiningur um að atvikið hafi átt sér stað og í gögnum málsins er mynd af brotnum hliðarspegli þeirrar bifreiðar sem M var farþegi í. Gögn málsins sýna einnig að M tilkynnti um líkamstjón til V með tjónstilkynningu dags. 9. september 2016 og læknisvottorð sýnir að M leitaði á heilsugæslustöð 18. ágúst 2016 og vísar þá til óþæginda sem hún telur tengjast árekstrinum 3. ágúst 2016. Einnig liggur fyrir skýrsla sjúkraþjálfara dags. 3. apríl 2017. M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni í árekstrinum og vísar til læknisfræðilegra gagna máli sínu til stuðnings. M telur að hún eigi alla vega rétt á fá afleiðingar líkamstjónsins metnar, þó geti verið óljóst á þessum tímapunkti hversu miklar þær eru.

V telur ósannað að M hafi hlotið líkamsmeiðsli við áreksturinn og vísar til þess að ekki sé getið um slíkt á upphaflegri tjónstilkynningu vegna árekstursins, M hafi ekki leitað til læknis fyrr en 15 dögum eftir áreksturinn og að skemmdir á bifreið þeirri sem hún hafi verið í bendi ekki til þess að þungt högg hafi komið á hana við áreksturinn. V bendir á að sönnunarbyrði hvíli á M um að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni í umræddum árekstri og slík sönnun liggja ekki fyrir.

Álit.

Í gögnum málsins kemur skýrt fram að M leitaði ekki lækniástoðar vegna óþæginda sem hún tengir við árekstur 3. ágúst 2016, fyrr en 15 dögum eftir að sá árekstur átti sér stað. Í læknisfræðilegum gögnum koma fram lýsingar á almennum einkennum sem M tengir við áreksturinn sem og að hún hafi einnig leitað til læknis vegna slíkra einkenna í lok júní 2016, eða áður en áreksturinn varð. Verulegur vafi er því á því hvort óþægindi M tengist umræddum árekstri 3. ágúst 2016, en skv. almennum sönnunarreglum skaðabótaréttar ber sá sem telur sig eiga rétt til skaðabóta sönnunarbyrði fyrir því að skilyrði skaðabótaréttarins séu uppfyllt. Eitt af þeim er það að sýnt sé að tjónþoli hafi orðið fyrir tjóni. Gögn þessa máls bera það ekki skýrlega með sér og verður því ekki fallist á greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 272/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Áræktur á Smiðjuvegi 13.6.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 22.8.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V2, dags. 28.8.2017.

Tölvupóstur V1, dags. 5.9.2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að áræktur varð með bifreiðum A og B á Smiðjuvegi. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa verið að beygja inn á Smiðjuveg til suðurs þegar bifreið B hafi verið ekið af stað. Ökumaður bifreiðar A kveðst hafa flautað en bifreið B hafi haldið áfram og ekið utan í vinstra framhorn bifreiðar A. Ökumaður bifreiðar B sagðist hafa verið kyrrstæður á akbrautinni og hafi síðan farið af stað og ekið þannig að hann hafi verið að forðast holu á akbrautinni þegar bifreiða A hafi verið utan í bifreið B.

M var ökumaður bifreiðar A í greint sinni og telur að bifreið B hafi verið kyrrstæð við malbikunarvél á akbraut Smiðjuvegar áður en áræktur varð og megi rekja áræktur til þess að bifreið B hafi verið ekið úr kyrrstöðu, yfir miðlínu og inn í hlið bifreiðar A, sem hafi þá verið orðin kyrrstæð og hafi hann flautað til að reyna að vara ökumann bifreiðar B við. M vísar til þess að vitni hafi verð að atburðinum.

V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir vegna málsins en V2 telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar A fyrir að hafa ekið af einkalód inn á akbraut án þess að veita umferð um akbrautina forgang.

Álit.

Í gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M, sem ökumaður bifreiðar A, hafi verið að aka frá bílaplani við Smiðjuveg inn á akbraut rétt fyrir áræktur. Bifreið B var inni á akbrautinni og bar ökumanni bifreiðar A að veita umferð um akbrautina forgang, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Engin gögn liggja fyrir nefndinni þar sem vitni lýsir atvikum og verður því að leggja framburði ökumanna bifreiða A og B til grundvallar. Af þeim og myndum af vettvangi verður ekki ráðið að árækturinn sé hægt að rekja til aksturslags ökumanns bifreiðar B, sem ökumaður bifreiðar A átti að veita forgang skv. ofansögðu. Öll sök verður því lögð á ökumann bifreiðar A (M).

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 19. september 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 273/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysaftryggingar ökumanns bifhjólsins A.

Ökumaður missir stjórn á mótorhjóli vegna bilunar og slasast 11.3.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22.8.2017 ásamt fylgiskjölum 1-5.
2. Bréf V dags. 26.9.2017.
3. Bréf lögmans M dags. 30.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

M segist hafa verið að færa mótorhjólið A, sem er í eigu þriðja aðila, milli húsa. M segir að mótorhjólið hafi ekki látið að stjórn og spólast undan sér með þeim afleiðingum að M lenti í götunni og slasaðist. M krefst bóta úr bifhjólaftryggingu A hjá V. V viðurkennir bótaskyldu en segir að M hafi ekki verið með hjálm á höfði i umrætt sinn og telur að rétt sé að M beri tjón sitt sjálfur að helmingi þar sem hann hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. V segir þó að M hafi ekki orðið fyrir teljanlegum höfuðmeiðslum og segir að ekki hafi verið sýnt fram á að hjólið hafi verið bilað eða að bensínjölf hafi náð að festast niðri eins og komi fram í frásögn M.

Álit.

V viðurkennir bótaskyldu en telur að M eigi að bera tjón sitt sjálfur að helmingi vegna stórkostlegs gáleysis við aksturinn. V ber sönnunarbyrði á því að slíkar aðstæður hafi verið fyrir hendi.

Fyrir liggur að M var ekki með hlífðarhjálm eins og lögboðið er og skortur á slíkum búnaði felur í sér gáleysi af hálfu M. Miðað við fyrirhugaða stutta akstursleið milli húsa, það að höfuðáverkar M voru mjög léttvægir og önnur atvik þá verður ekki séð að það að M var ekki með hlífðarhjálm feli í sér stórkostlegt gáleysi við akstur við þær aðstæður sem uppi voru. Ekki er heldur sýnt fram á að aksturslag M hafi verið með þeim hætti að öðru leyti að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn. M á því rétt á fullum bótum úr slysaftryggingu ökumanns bifhjólsins A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysaftryggingu ökumanns bifhjólsins A hjá V.

Reykjavík 31.10.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 274/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna tjóns á bifreiðinni A.****Óljós málatilbúnaður. Frávísun.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 24.8.2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 22.9.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að tjón varð á bifreiðinni A, sem er í eigu M, þegar fellihýsið B rann eða fauk á bifreiðina. Fellihýsið er í eigu einstaklingsins X sem á einnig bifreiðina C.

Í málskoti segir vegna rökstuðnings fyrir kvörtun: „Fellihýsið var óbundið og ekki í bremsu, auk þess sem bremsuvír virkaði ekki. Eigandi bifreiðar varð fyrir verulegu fjárhagstjóni.“

Í bréfi V kemur fram að eigandi bifreiðarinnar C hafi verið með kaskótryggingu hjá félaginu og tjónið sé þar fullbætt. V vísar einnig til þess að eigandi fellihýsisins B eða bifreiðarinnar C sé ekki með váttryggingavernd hjá V vegna þess. V telur að vísa eigi málinu frá vegna vanreifunar og vísar um það til 3. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005 sem birt sé í B-deild Stjórnartíðinda.

Álit.

Í málskoti er alls ekki ljóst hvort krafa M byggist á eigin váttryggingum eða skaðabótaskyldu eiganda fellihýsisins. Upplýsingar frá V sýna ekki að slíkar váttryggingar séu fyrir hendi þar og getur nefndin því ekki úrskurðað um ágreining varðandi bótaskyldu milli M og váttryggingafélags, þar sem óljóst er af málskoti hvaða váttrygging það er sem M krefst bóta úr. Í 1. mgr. 3. gr. samþykktar fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, kemur fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu milli málskotsaðila og váttryggingafélags. Með vísan til c. liðar 4. gr. sömu samþykktar er máli þessu vísað frá nefndinni þar sem málið er það óljóst og krafa aðila svo óskýr að málið telst ekki tækt til úrskurðar.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá.

Reykjavík, 24. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 275/2017
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar læknisins J.

Óþægindi eftir laser aðgerð á augum 16.11.2012 og 10.1.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið 24.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
2. Bréf V dags. 6.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-21

Málsatvik.

M gekkst undir laseraðgerð á augum hjá læknum J 16.11.2012 og segist M hafa séð rendur með vinstri auga eftir aðgerðina. M gekkst þá 10.1.2014 aftur undir laseraðgerð hjá J á vinstra auga og kveðst eftir þá aðgerð farið að finna fyrir óþægilegum verkjum og óþægindum í vinstra auga. Við skoðun J á auganu sagði hann að hornhimna augans væri rifin og lét M hafa linsu til að hlífa auganu. Eftir það leitaði M til ýmissa lækna og telur að verkir sem hún er með í vinstra auga megi rekja til aðgerðarinnar sem hún gekkst undir hjá J. M vísar til 1. mgr. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000 og telur að tjónið megi að öllum líkindum rekja til atvika sem talin eru upp í 1., 3. og 4.tl. lagagreinarinnar. V hafnar bótaskyldu og telur að gögn málsins sýni ekki annað en að laseraðgerðirnar sem um ræðir hafi gengið vel. Nokkrum vikum eftir síðari aðgerð hafi borið að vexti þekjufrumna undir flípa vinstri augans en J segir að slík einkenni séu ekki óalgeng og hafi flípanum verið lyft og þekja hreinsuð. Nokkru síðar hafi M leitað kvartað undan verkjum í vinstra auganu. Í læknisvottorði Þórðar Sverrissonar dags. 23.7.2017 sé auk þess staðfest að verkir M lágu um vinstra auga og aftan þess auk þess sem M hafi bólgnað á augnlokunum. V telur að ekki liggja fyrir önnur læknisfræðileg gögn í málinu en að læknar sem rannsakað hafa M hafi enga skýringu á verkjunum og ástæðum þeirra og Þórður Sverrisson augnlæknir vísi til þess að hann hafi aldrei hafa séð verki sem þessa eftir laser aðgerð og telur líklegast að verkir M séu taugaverkir. V segir að J neiti því að M hafi fengið sár á hornhimnu við síðari laseraðgerðina og orsök verkja M séu afar óljós og ekkert sem staðfestir með vissu að um orsakatengsl sé að ræða milli aðgerðanna og þeirra einkenna sem hrjá M.

Álit.

Af læknisfræðilegum gögnum málsins verður ekki séð að það megi að öllum líkindum rekja óþægindi M til þeirra atriða sem vísað er til í 1., 3. og 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu eða að mistök hafi verið gerð af J við framkvæmd laseraðgerða þeirra sem framkvæmdar voru 16.11.2012 og 10.1.2014. Þá liggja ekki fyrir gögn í málinu eða læknisfræðilegar niðurstöður sem sýna fram á það með fullnægjandi hætti að orsakatengsl á milli þess sem átti sér stað í laseraðgerðum J og þeirra verkja sem eru að hrjá M og hafa verið viðvarandi frá því nokkru eftir síðari aðgerð J. Þar sem sönnun á orsakatengslum verkja sem hrjá M og ofangreindra tveggja laseraðgerða J á M liggur ekki fyrir á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu J hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu J hjá V

Reykjavík 17.10. 2017.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 276/2017
M og
vátryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar vegna þjófnaðar.

Ferðatösku stolið þegar verið var að gera upp hótél 7.7.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.
2. Bréf V dags. 6.9.2017.
3. Svar lögmanns M, dags. 8.9.2017.

Málsatvik.

M var í anddyri hótels á Alicante á Spáni og var að tékka sig út og var með tvær ferðatöskur sínar fyrir aftan sig. Þegar M hafði lokið við að gera upp við hótelið hafi önnur ferðataskan verið horfin og hafi sést á eftirlitsmyndavél hótelsins að maður sem var fyrir aftan M hafi farið með töskuna. Lögregla var kölluð til. V krefst bóta úr kortatryggingu sinni hjá V og telur sig ekki hafa brotið varúðarreglu um eftirlit með farangri sínum í umrætt sinn og eigi því rétt á bótum úr tryggingunni. M hafi ekki skilið tösku sína eftir á almannafæri heldur í anddyri hótels sem geti ekki talist vera almannafæri. M byggir líka á því að hann hafi ekki sýnt af sér vítavert gáleysi í umrætt sinn og þjófnaður sá sem um ræðir hafi verið sérlega biræfinn, en dætur M hafi verið í námunda við töskurnar.

V hafnar bótaskyldu og vísar til varúðarreglu í vátryggingaskilmálum gr. 5.1. þar sem segir að skilyrði bótaskyldu vegna þjófnaðar sé að hinn vátryggði hafi gætt fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða. Þá vísar V einnig til greinar 5.5.2 í vátryggingaskilmálum en þar segi að vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannafæri og í grein nr. 5.2.14 segi að vátryggður skuli umgangast farangur sinn með tryggilegum hætti. V telur að M hafi brotið varúðarreglu vátryggingaskilmála þeirra sem um trygginguna gilda og ekki gætt fyllsta öryggis við vörslu farangurs síns. V segir ótvírætt að um almannafæri hafi verið að ræða þar sem tösku M var stolið.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort háttsemi M hafi verið með þeim hætti að V geti takmarkað ábyrgð sína úr farangurslið greiðslukortatryggingar hans, en ekki er ágreiningur um að slíkar vátryggingar hafi verið í gildi á tjónsdegi. Í gr. 5.1 og gr. 5.2.14 vátryggingarskilmála eru fyrirmæli til vátryggðs um að hann skuli umgangast farangur sinn með tryggilegum hætti eða gæta fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða. Í gr. 5.5.2 kemur einnig fram að ef vátryggður skilur hluti eftir m.a. á almannafæri þá teljist hann hafa brotið varúðarreglu. Afleiðingar þess koma síðan fram í gr. 5.6 í sömu skilmálum þar sem vátryggingafélagið áskilur sér rétt til að takmarka ábyrgð sína ef vátryggður brýtur gegn varúðarreglum. Umrædd ákvæði verða ekki skilin öðruvísi en þau feli í sér fyrirmæli til vátryggðs um hvornig hann á að fara með þá muni sem hann hefur vátryggt. Því er um að ræða varúðarreglu í skilningi 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Til þess að vátryggingafélag geti takmarkað ábyrgð sína vegna þess að varúðarreglum er ekki fylgt verður það að hafa áskilið sér rétt til þess í vátryggingarskilmálum og það er gert í umræddri gr. 5.6 í skilmálunum, sem vísa með beinum hætti til 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Þar kemur fram að vátryggingafélag getur ekki borið fyrir sig að varúðarreglum sé ekki fylgt ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans.

Við mat á því hvort hér hafi verið brotið gegn varúðarreglu fyrrnefndra skilmálaákvæða verður að líta til þess að M skildi muni í sinni eigu eftir í anddyri hótels þar sem hann var að gera upp reikning vegna dvalar sinnar þar. Umrætt anddyri verður verður ekki skilgreint með öðrum hætti en þeim að um almannafæri sé að ræða, en af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að engar hindranir séu á inn- eða útgöngu fólks á það svæði sem anddyrið markast af. Með því að M skildi

ferðatöskur sínar eftir í anddyrinu telst hann hafa vanrækt að fylgja fyrirælum sem koma fram í varúðarreglum þeim sem vísað hefur verið til, bæði almennu fyrirmælanna í gr. 5.1. og 5.2.14 sem og sérstöku fyrirmælanna um almannafæri í gr. 5.5.2 í váttryggingaskilmálum. Telst M því hafa brotið gegn varúðarreglur váttryggingarskilmálanna með þeim hætti að sök telst ekki óveruleg og að V hafi því heimild til að takmarka ábyrgð sína.

Þegar litið er til þess að hve miklu leyti ábyrgð getur takmarkast verður að skoða hvernig varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvik að öðru leyti, sbr. orðalag 26. gr. laga um váttryggingarsamninga. Í lýsingu M sjálfs á því hvernig hann hann hagaði vörslum farangurs síns í greint sinn verður að líta til þess að hann var ekki langt frá farangrinum og aðrir fjölskyldumeðlimir voru nálægt. Þó sök M teljist ekki óveruleg þá er hún ekki þannig við þannig aðstæður að V geti takmarkað ábyrgð sína að fullu. Verða þeir þættir sem tilgreindir eru í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga metnir þannig að V geti samanlagt takmarkað bótaábyrgð sína um helming vegna brots á þeim varúðarreglum sem vísað hefur verið til. M á því rétt á bótum úr farangurslið greiðslukortatryggingar sinnar en V getur takmarkað ábyrgð sína um 50%.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr farangurslið greiðslukortatryggingar sinnar en greiðsluskylda V takmarkast við ábyrgð 50% af tjóni M.

Reykjavík, 10.10.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 277/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Piltur sem var farþegi í bifreið slasaðist er ölvaður ökumaður velti bifreiðinni.****Gögn.**

Málskot, móttakið 25.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 1.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust fyrir kl. 4 aðfaranótt 1. ágúst 2016 valt bifreiðin A á Þórsmerkurvegi við Seljalandsfoss. Í vettvangsskýrslu lögreglu kemur fram að svo hafi virst sem A hafi verið ekið suður Þórsmerkurveg og af ummerkjum á vettvangi hafi mátt ráða að bifreiðin hafi farið þrjár til fjórar veltur og brak og hlutir hafi verið á víð og dreif um brekku þar sem bifreiðin hafnaði við bráðabirgðabílastæði við Seljalandsfoss. Tveir 17 ára piltar voru í bifreiðinni, M og félagi hans, B, sem átti A.

Í skýrslu lögreglunnar á vettvangi er haft eftir M að hann hafi ekið A og B verið í farþegasæti við hlið hans. Hann hafi ekið á um 60-70 km hraða og hann hafi ekki áttað sig á einbreiðri brú framundan og því klesst á enda brúarinnar og misst stjórn á A með þeim afleiðingum að hún valt. Hann kvað B ekki vera með ökuréttindi og því hefði hann ekið. Í framburðarskýrslu sem tekin var af M 3. ágúst 2016 kvaðst hann hafa farið með B deginum áður á tjaldstæðið við Seljalandsfoss og staðið hafi til að hann myndi aka A til baka um nóttina þar sem hann hafi ekki ætlað að drekka áfengi. Um nóttina hafi B verið orðinn „vel fullur“, verið búinn að drekka bjór, vodka og bacardi. Er þeir voru að leggja af stað heimleiðis hafi B krafist þess að fá að bakka A úr bifreiðastæðinu þar sem þetta hafi verið hans bifreið. Hann hafi látið undan B og sest sjálfur í farþegasætið við hlið ökumanns. B hafi bakkað A úr stæðinu en síðan ekið bifreiðinni að hliðinu og svo upp á veg og gefið þar vel í og farið strax upp í 90-100 km hraða á klst. Frá því B hafði bakkað bifreiðinni og alveg þar til slysið varð kvaðst M hafa reynt að stöðva B. Hafi hann hótað því að setja A í „park“ ef hann stöðvaði ekki aksturinn. Hafi hann öskrað á B til að fá hann til að stöðva aksturinn. Fljótlega eftir að þeir komu upp á veginn kvaðst M hafa séð í hvað stefndi. Ástæðu þess að M sagðist í fyrstu hafa ekið A í umrætt sinn kvað hann vera þá að hann hafi ætlað að taka á sig sök á slysinu þar sem hann hafi vitað að B var ekki með ökuréttindi auk þess sem hann hafi verið „blindfullur“.

Á vettvangi er haft eftir B í lögregluskýrslu að hann hafi ekið bifreiðinni og verið á um 60 km hraða þegar hann missti stjórn á A. Hann kvaðst hafa drukkið áfengi um nóttina áður en slysið varð og síðast um 80 mínútum áður en hann ók bifreiðinni. Í framburðarskýrslu sem tekin var af B 4. ágúst 2016 kvaðst hann hafa drukkið fimm bjóra og „tvö skot“ á tímabilinu 23:30 til 2:30. Hann hafi verið undir áhrifum áfengis en hann hafi ekkert drukkið eftir slysið. Hann taldi sig ekki hafa verið mjög ölvaðan en fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Í byrjun hafi hann aðeins ætlað að bakka A úr stæði en síðan ákveðið að aka lengra. M hafi setið í farþegasæti við hlið sér og hafi hann reynt að stöðva aksturinn. Hann kvaðst ekki vita hversu hratt hann ók þegar slysið varð né heldur hvort hann hafi hemlað áður en það gerðist. Þá kvaðst B aldrei hafa öðlast ökuréttindi. Í sektargerð sem B mun hafa gengist undir kemur fram að vínandi í blóði hans hafi reynst vera 1,48%.

M varð fyrir meiðslum í slysinu og hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur viðurkennt rétt M til bóta að 1/4 en telur að skerða beri bætur til hans um 3/4 vegna stórkostlegs gáleysis með því að taka sér far með B sem var bæði ölvaður og próflaus.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki skal bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar má lækka eða fella niður bætur fyrir líkamstjón ef sá sem varð fyrir tjóni var meðvaldur að tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Eins og áður getur reyndist áfengismagn í blóði B vera 1,48%. Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20% eða meira telst hann óhæfur til að stjórna ökutæki, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga. M hefur lýst áfengisáhrifum B svo að hann hafi verið „vel fullur“ eða „blindfullur“. Þá er óumdeilt að M vissi að B hafði aldrei öðlast réttindi til að stjórna bifreið. Jafnvel þótt B hafi í fyrstu einungis ætlað að bakka A úr bifreiðastæði gat M ekki verið þess dulinn, er hann settist upp í bifreiðina hjá B í því ölvunarástandi sem hann var í, að engin vissa væri fyrir því hvernig B myndi haga akstri sínum og hvar hann myndi stöðva bifreiðina. Við þessar aðstæður og þegar er litið til ölvunarástands B og þess að hann hafði aldrei öðlast ökuréttindi, sýndi M stórkostlegt gáleysi með því að setjast upp í bifreiðina hjá B og telst því einnig vera meðvaldur að því tjóni sem hann varð fyrir. Þegar litið er til allra atvika þykkir rétt að bætur til M lækki um 2/3 hluta og hann eigi því rétt á bótum að 1/3 úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að 1/3 úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá váttryggingafélaginu V.

Reykjavík, 10. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 278/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna greiðslukortatryggingar gullkorts VISA.****Forföll í ferð 19. maí 2017 – gildissvið váttryggingar.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 28.8.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 4.9.2017.

Málsatvik.

M keypti ferð til Póllands sem fyrirhugað var að fara í 19. maí 2017 með því að greiða staðfestingargjald 11. janúar sama ár og greiddi síðan ferðina að fullu hinn 8. mars sama ár. Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið á sjúkrahúsi á tímabilinu 17. – 19. apríl 2017 vegna brjóstverkja. Einnig kemur fram að eftir það hafi M fengið einkenni í formi viðvarandi höfuðverks, svima og slappleika og ekki treyst sér til að fara í umrædda utanlandsferð til Póllands. Í læknisvottorði dags. 16. júlí 2017 kemur fram lýsing á veikindum M sem og álit læknis um að veikindi M hafi byrjað eftir að hún festi kaup á þeirri ferð sem hún ætlaði að fara í 19. maí 2017. M telur að greiðsluskylda sé fyrir hendi úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar og vísar til áður nefnds læknisvottorðs dags. 16. júlí sl. Einnig vísar M til þess að þau veikindi sem hún átti við að stríða áður séu ekki þau sem leiddu til þess að hún fór ekki umrædda verð í maí 2017.

V telur að þau veikindi sem hafi leitt til forfalla M séu þess eðlis að þau hafi verið til staðar þegar hún keypti ferðina. Þar vísar V til upplýsinga í læknisvottorðum sem og gr. 6.2.1. í váttryggingarskilmálum þar sem kemur fram að *félagið bæti ekki tjón sem verður vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem váttryggður þjáðist af og/eða var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt*. V telur að einkenni þau sem leiddu til sjúkrahúsvistar M í apríl 2017 og þau einkenni sem hún hafði í kjölfarið vera þekkt sem einkenni þeirra sjúkdóma sem M hafði verið áður greind með.

Álit.

Í gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi um nokkurt skeið verið kransædasjúklingur með of háan blóðþrýsting, sbr. læknaþrýsting dags. 24. apríl 2017. Í læknisvottorði dags. 16. júlí 2017 kemur eftirfarandi fram: „Er með þekktan arthura, DMII, væga nýrnabilun (krea 130) og AF, fengið gangráð, er á blóðþynningu og mikilli hjartabilunarmeðferð.“ Í gögnum málsins liggur ekki fyrir formleg tjónstilkynning þar sem ástæður forfalla eru tilgreindar en ráða má af málskoti að það hafi verið viðvarandi höfuðverkur, svimi og slappleiki og að það hafi verið ný einkenni sem M kveðst ekki hafa þekkt áður. Þegar metið er hvort undanþáguákvæði gr. 6.2.1. eigi við verður ekki hjá því litið að einkenni þau, sem M lýsir að hafi leitt til forfalla hennar í ferð, eru nokkuð almenn og verða ekki tekin úr samhengi við þau þekktu veikindi og sjúkdóma sem M átti við að stríða áður. Telst undanþáguákvæði gr. 6.2.1. í váttryggingarskilmálum því eiga við í máli M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr forfallatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 10. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 279/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækisins A
og frjálsrar ábyrgðartryggingar H.

Ökumaður steypubíls slasast þegar hann klemmdist á fingri 7.1.2017

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 19.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M vann við að dæla steypu úr steypubílnum A og tók stiga aftan á bílnum. Stiginn féll ekki alveg niður og þegar M steig upp í stigann féll hann niður í fals og lenti M með litla fingur hægri handar á milli og slasaðist. M segist ekki vinna lengur á umræddum steypubíl og að hann hafi verið að hlaupa í skarðið í umrætt sinn. M krefst bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A hjá V og segir slysið hafa verið við notkun A. Í því sambandi verði að líta til eðlis ökutækisins A og í hvaða tilgangi það var notað. Um notkun hafi verið að ræða á A í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M byggir einnig á því, að stiginn á A hafi staðið á sér og ekki fallið í réttar skorður og því um vanbúnað að ræða. Þá hafi áhættumat og áætlun um forvarnir vantað. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til notkunar A og því eigi 1. mgr. 88. gr. umfl. ekki við. V segir að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið verði rakið til saknæms vanbúnaðar sem H beri ábyrgð á og ekkert í gögnum málsins sýni að H eða starfsfólk H hafi vitað af stirðleika stigans, sem olli slysinu. Ekki hafi heldur verið sýnt fram á orsakatengsl slyssins og skorts á áhættumati. Í skýrslu Vinnueftirlitsins segir að M sé vanur bílstjóri og hafi stjórnað umræddum steypubíl frá árinu 2009, orsök slyssins sé að stigi á A hafi staðið á sér og meðvirkandi að ekkert áhættumat og áætlun um forvarnir hafi legið fyrir.

Álit.

Þegar slysið varð, var hvorki vélaraflið bifreiðarinnar A né nokkuð annað, sem tengist almennt notkun A sem bifreiðar nýtt við það þá fyrirætlun M að taka stiga sem var á bifreiðinni og fara upp stigann. Slysið M er því ekki bótaskyldt úr lögboðinni ábyrgðartryggingu A. M gjörþekkti bifreiðina, sem hann var að vinna við og hafði unnið með hana frá 2009 þegar slysið varð skv. því sem kemur fram í skýrslu Vinnueftirlitsins. Skortur á skriflegu áhættumati getur því ekki eins og þær aðstæður eru skipt máli við mat á bótaskyldu. Þá hefur ekki verið leitt í ljós að H eða starfsfólk H hafi vitað af því að stiginn sem um ræðir féll ekki greiðlega í falsið sem hann átti að falla í. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A né frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 24.10. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 281/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ frítímaslysátryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er kona varð fyrir meiðslum eftir að hafa verið slegin í andlitið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1. mars 2016 gaf M skýrslu hjá lögreglu vegna atviks kvöldið áður er hún kvað A, fyrrum unnusta sinn, hafa á heimili hennar slegið sig í andlitið með þeim afleiðingum að hljóðhimna hafi rofnað og tönn losnað. Kvað hún þau hafa átt í orðahnippingum í tengslum við barnapössun. Hafi hún sagt A að fara út af heimilinu. Þá hafi A hreytt niðurlægjandi orðum um M í dóttur hennar. A hafi ekki hætt að hreyta orðum í sig og dóttur sína. Hafi hún þá ýtt við honum. Hafi A þá lamið sig í andlitið með fyrrgreindum afleiðingum.

Í lögregluskýrslu er haft eftir A að hann og M hafi rifist í sambandi við pössun barna. Þau hafi verið inni í svefnherbergi þegar M hafi ýtt honum aftur á bak á borð sem þar var og hafi hann dottið með bakið á borðið. Þegar hann reisti sig við hafi hann augnablik „misst sig“ og slegið M með vinstri lófa á hægri vanga hennar og eyra.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V sem m.a. felur í sér sérstaka slysátryggingu í frítíma. Hefur hún krafist bóta úr slysátryggingunni vegna þess líkamstjóns sem hún varð fyrir. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt skilmálum slysátryggingar þeirrar sem hér um ræðir bætir vátryggingin slys sem vátryggður verður fyrir, þ.e. atburð sem telst vera skyndilegur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs án hans vilja. Á hinn bóginn eru undanþegin bótaskyldu tjón vegna slysa sem vátryggður verður fyrir í handalögmálum eða við þátttöku í refsiverðum verknaði. Þegar litið er til lýsingar M sjálfar á því hvernig hún varð fyrir meiðslunum af völdum A, þá er ljóst að hún hafði stuggað eða ýtt við A sem varð til þess að A sló hana í andlitið. Ekki verður séð að M hafi ýtt við A í því skyni að verja sjálfa sig eða það hafi verið til þess að fá hann út af heimilinu. Að öllu virtu verður að telja að við þær aðstæður sem þarna voru komnar upp hafi M verið í handalögmálum við A. Með vísan til fyrrgreinds undanþáguákvæðis í vátryggingarskilmálunum á M því ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysátryggingu hjá V.

Reykjavík, 17. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 282/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Vinnuslys við affermingu gáms úr gámaflugvél 13.3. 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28. ágúst 2017 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 13. september 2017 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M hlaut líkamstjón í vinnu sinni hjá X þar sem hann starfaði sem „Loading Supervisor“ á flugvelli. Í tilkynningu um vinnuslys til Vinnueftirlitsins dags. 23.8.2016 lýsir fulltrúi X atvikum þannig að M hafi verið að afhlaða gám úr holdi 2 og verið að nota rafmagnsstýripinna sem stýrir gámnum út. Þegar gámurinn hafi verið kominn í hurðina hafi gámurinn staðið eitthvað á sér. M hafi af þeim sökum reynt að rétta hann af með því að ýta með handafla á gáminn. Gámurinn hafi verið blautur eftir rigningu og hafi M því runnið til og dottið með allan þungann á gáminn en hægri höndin runnið upp þannig að hún festist upp við gáminn á meðan M datt niður

M telur að aðstæður á vinnustað hafi verið ófullnægjandi og að X ber skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjónsins auk þess sem ekki hafi verið tilkynnt um slysið á tilætluðum tíma til Vinnueftirlitsins. M vísar til þess að slysið verði rakið til vanbúnaðar á vinnustaðnum og skorts á verkstjórn og verklagsreglum. Byggir M á því að X hafi brugðist skyldum sínum með því að hafa ekki tryggt nægilegar öryggisráðstafanir á vinnustaðnum auk þess sem verkstjórn hafi verið verulega áfátt og verklagsreglum ekki fylgt eftir. Vísar M sérstaklega til ákvæða 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem m.a. er kveðið á um að atvinnurekandi skuli tryggja að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta á vinnustað. Þá vísar M sérstaklega til þess að áður en M vann verkið hafi hann kvartað yfir því við yfirmenn sína að of mikill vindur væri til að vinna verkið. Samkvæmt gögnum frá Veðurstofu Íslands var meðalvindhraði á flugvellinum 14,9 m/s og vindhviður allt að 22,3 m/s þegar slysið varð.

V vísar til þess að M sé með 2 ára starfsreynslu sem „loading supervisor“. Á þeim starfsmönnum hvíli meiri ábyrgð en almennum hleðslumönnum. Þeir séu yfirmenn á staðnum sem ráða yfir 3-5 manna hleðsluteymi. Þá hafi M lokið sérstökum námskeiðum til að geta starfað sem „Loading supervisor“ auk þess sem hann hafi lokið tilskyldum öryggisnámskeiðum. Þá vísar V til þess að flugafgreiðslutækið (loaderinn) sem M var að vinna við í umrætt sinn hafi ekki verið bilaður. Algengt sé að gámar standi á sér við þessa vinnu og að yfirleitt sé nóg að stjaka aðeins við þeim með handafla til að losa þá. Hafi það ekki dugað til hafi M átt að kalla til sín auka mannskap til að vinna verkið. Enn fremur vísar V til þess að vindur hafi ekki átt nokkurn þátt í því að slysið varð.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að efnislegur ágreiningur sé um málsatvik. Vanræksla X á því að tilkynna slysið strax til Vinnueftirlitsins, líkt og skylt er skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 hefur af þeim sökum ekki áhrif á sönnunarmat. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn sem staðfesta að aðbúnaður á vinnustað M hafi verið ófullnægjandi. Þá er ekkert í gögnum málsins eða framburði M sem bendir til þess að mikill vindur hafi verið meðvirkandi þáttur í slysi M. Ekki verður heldur sýnt að eftirliti með aðbúnaði hafi verið ábótavant, hvorki almennt né sérstaklega gagnvart þeim búnaði sem M var að vinna við. M hefur því ekki sýnt fram á að X beri ábyrgð á líkamstjóni sínu og á hann því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 24. október 2017,

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 283/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar byggingarverktaka (D).****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka í húseign.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 3.10.2017, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Málskotsaðili rekur snyrtistofu á 1. hæð að A á Akureyri. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti mun vatn hafa lekið inn í húsnæði M í þriggja mánuðum frá nóvember og desember 2015 og janúar 2016, og valdið þar talsverðu tjóni. M.a. hafi hlutar úr loftaplötum fallið niður, vatn legið á gólfinu um lengri tíma og mygla gert vart við sig. Eigandi húseignarinnar að A er B sem á árinu 2015 mun hafa fengið byggingarverktaka, D, til að framkvæma tilteknar breytingar á húseigninni, m.a. að setja tvo kvista á húsið, þ. á m. einn yfir húsnæði M.

M telur ljóst að vatnslekann megi rekja til þeirra framkvæmda sem stóðu yfir á þaki A og hefur af þeim sökum krafist V, ábyrgðartryggjanda D, um bætur fyrir tjón sitt af völdum vatnslekans. Í málinu liggur fyrir tjónaskoðunarskýrsla frá 4. desember 2015 sem unnin var af hálfu V. Þar segir að framkvæmdir stæðu yfir á 2. hæð í suðvesturhluta A, verið væri að stækka rými með nýjum útveggjum og þaki. Búið hafi verið að ganga frá byggingu að utan en ekki hafi verið búið að einangra upp í allt þakvirkið að innan sem hafi valdið snjóbráðnun á þaki. Vatn hafi síðan frosið í þakrennu, stíflað og vatn lekið inn með þakkanti og inn í byggingu. Vatn hafi lekið niður í snyrtistofuaðstöðu á 1. hæð á snyrtingu og snyrtiherbergi. Verktaki (D) hafi borað drengöt á botnstykki á þakkanti en ekki liggi fyrir upplýsingar hvort verktakinn hafi getað komið í veg fyrir lekavandamál.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu D. M vill ekki una þeirri afstöðu V.

Álit.

Gögn málsins eru mjög fátækleg um orsakir tjónsins. Engin haldbær sönnunargögn, svo sem álitsserðir eða matsgerðir, liggja fyrir um hvað kunni að hafa farið úrskeiðis við byggingarframkvæmdirnar og sem rakið verður til mistaka starfsmanna D. Skortur á sönnunargögnum að þessu leyti er tilfinnanlegur. Eins og málið liggur fyrir telst því ósannað að tjón M megi rekja til atvika sem D getur borið skaðabótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu D hjá V.

Reykjavík, 31. október 2017.

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 284/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans X.****Ágreiningur um bótafjárhæð. Afmörkun tjónshugtaks.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 29.8.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 12.9.2017, ásamt afriti váttryggingaskírteinis, greiðsluyfirlits vegna tjóns og váttryggingarskilmála sem voru í gildi 1.1.2006-9.6.2011.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi fengið greiddar bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X hjá V upp á 3.128.050 krónur ásamt útlögðum kostnaði. Gerður var fyrirvari við uppgjör bóta af hálfu M þar sem krafa M var upp á 213.935 krónur til viðbótar við þá fjárhæð sem greidd var og ágreiningur þessa máls snýst um hvort V sé skylt að greiða þá fjárhæð.

M telur að greiðsluskylda V byggist á því að líta verði svo á að tjón vegna byggingar á fasteign þeirra, Álaþingi 8, sé eitt tjón í skilningi váttryggingarskilmála og við mat á greiðsluskyldu V verði því að líta til lágmarksbótafjárhæðar í heild og rúmist umræddar 213.935 innan þeirrar fjárhæðar. M bendir á að við byggingarstjórn á húseignunum A og B hafi verkkaupi ekki verið sá sami og engin tengsl milli þeirra, auk þess sem framkvæmdir hafi verið mismunandi. Tveir mismunandi samningar hafi verið gerðir um hvort verk fyrir sig og verði því að líta svo á að saknæm háttsemi byggingarstjóra vegna byggingar hvors hluta fasteignarinnar um sig sé einn tjónsatburður.

V vísar til þess að A og B sé parhús og verði því ekki litið öðruvísi á en að gallar sem komið hafi upp við byggingu þess parhúss sé eitt tjónsatvik í skilningi váttryggingarskilmála. V vísar til Hrd. 3/2011 og Hrd. 123/2011 máli sínu til stuðnings. V vísar auk þess til þess að váttryggingarfjárhæð hafi verið tæmd með greiðslu 3.128.050 til M og geti því ekki komið til frekari greiðslna vegna tjónsatviksins við byggingu Álaþings 8-10.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að A og B sé parhús sem lotið hafi sömu byggingarstjórn. M hefur ekki rennt nægum stöðum undir fullyrðingar sínar um að um tvö sjálfstæð verk hafi verið að ræða af hálfu byggingarstjórans X. Með vísan til dómafordæma, sérstaklega Hrd. 3/2011, verður að líta svo á að saknæm háttsemi byggingarstjóra bygging húseignar feli í sér einn tjónsatburð þó eigendur húseignarinnar séu fleiri og háttsemin eigi sér stað á lengra tímabili. M á því ekki rétt á frekari bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjórans X hjá V.

Reykjavík, 24. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 285/2017

M

og

váttryggingafélag V v/ábyrgðatryggingar ökutækis og ábyrgðartryggingar atvinnureksturs.

Ágreiningur um greiðslu vegna slyss.**Gögn.**

Málskot, dags. 30.08.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 14.09.2017 og 13.10.2017.

Málsatvik.

M sem var starfsmaður X, slasaðist við fall úr stiga sem hann var að klífa niður á sérútbúinni jöklabifreið 6. nóvember 2016. M hafði verið að kveikja á miðstöð í farþegarými sem er á palli bifreiðarinnar og er aðskilið frá stjórnhúsi hennar. Í bréfi M kemur fram að hann hafi verið að klífra niður áfastan stiga þegar gúmmímotta hafi losnað og hann því runnið til og fallið niður stigann. M krafðist bóta úr slysatryggingu ökumanns í ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar og frjálsri ábyrgðartryggingu X. M taldi það vera hluta af starfi ökumanns við stjórnun ökutækisins að ræsa miðstöðina og því eigi hann rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns. Þá telur M að um augljósan vanbúnað hafi verið að ræða eða galla af hálfu X hvernig stigi ökutækisins var búin. Stiginn hafi losnað eða brotnað undan fæti M og hljóti X því að bera skaðabótaábyrgð á atvikinu sem hvorki verði rakið til óhappatilviljunar né tjónþola sjálfs. Bifreiðin hafi ekki sætt gagnaráyni Samgöngustofu við skoðun en öryggisbúnaðurinn hafi alls ekki hentað við þær aðstæður sem bifreiðin var notuð í. Eftir slysið hafi X látið endurbæta þrep stigann.

Afstaða V er sú að slys M verði ekki rakið til notkunar ökutækis í skilningi 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 né hafi það orðið við stjórn ökutækisins. Sá hluti starfsins að kveikja á miðstöð í farþegarýmum sé ekki í beinum tengslum við stjórn bifreiðarinnar. V andmælir því að M hafi runnið á gúmmímottu og telur lýsinguna ekki í samræmi við tilkynningu til Vinnueftirlitsins þar sem segir að M hafi runnið til á gúmmímottu og fallið niður. Það sé því ekki mottan sem hafi valdið slysinu og því ekki orsök slyssins heldur hafi mottan losnað í ferlinu. Búnaður bifreiðarinnar hafi ekki verið í andstöðu við reglugerð um þetta efni og bifreiðin hafi hlotið athugasemdaleusa skoðun fagaðila. X hafi því uppfyllt allar þær öryggiskröfur sem með sanngirni mátti ætlast til og slysið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi X né ófullnægjandi búnaðar enda hafði í öllu verið farið að reglum og tilmælum eftirlitsaðila. V telur að athafnaskyldu váttryggingartaka að þessu leyti verði að setja í samhengi við það að búnaður bifreiðarinnar var á allan hátt í samræmi við reglugerð um gerð og búnað ökutækja þar sem sérstaklega er fjallað um m.a. gerð þrepa af þessu tagi. Þá bendir félagið á að samkvæmt yfirlýsingu P hafi leiðsögumenn og bílstjórar bifreiðarinnar allir haft vitneskju um að fara þyrfti varlega í tröppum þessarar bifreiðar. Að því virtu telur félagið að málskotsaðili hafi haft tilefni til að sýna sérstaka aðgæslu við vinnu sína og för um tröppurnar.

Álit.

Skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla í tækinu eða ógætni ökumanns. Ekki er á það fallist að það að ræsa miðstöð í farþegarými bifreiðarinnar sem er sér rými og ekki áfast stjórnstöð bifreiðarinnar teljist notkun bifreiðar í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga og er M því ekki tryggður skv. 1. mgr. 92. gr. laganna vegna slyssins.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins og tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands um slysið kemur fram að M hafi verið að ganga niður tröppur á bifreiðinni þegar hann rennur til og fellur út úr bílnum. Samkvæmt vitnisburði E, þáverandi vaktstjóra X, fóru fljótlega að koma kvartanir vegna trappanna eftir að bifreiðin var tekin í notkun. Í vitnisburðinum kemur fram að farþegar hafi verið að hrasa og renna út úr bílnum og að í raun hafi verið mildi að ekki hafi orðið oftar slysi á fólki. Leiðsögumenn og bílstjórar hafi ítrekað verið búnir að benda á þetta og því hefðu allir starfsmenn hvort sem þeir voru á

jöklinum eða í bænum átt að vita af þessu. Þá kemur fram að fljótlega eftir að M datt hafi verið reynt að lagfæra frágang trappanna til bráðabirgða.

Í ljósi þessa vitnisburðar og lýsingar á frágangi í tilkynningu um slysið til Sjúkratryggingar Íslands sem X ritaði einnig undir má rekja slysið til þess að frágangur trappanna á bifreiðinni hafi verið ófullnægjandi og ber X, eigandi bifreiðarinnar og vinnuveitandi M, ábyrgð á því.

Ekki verður séð af gögnum málsins að M hafi átt þátt í því að tjónsatburður varð með stórkostlegu gáleysi né ásetningi, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993, þótt hann hafi hugsanlega haft vitneskju um hinn ófullnægjandi frágang og eru því ekki skilyrði til að skerða bætur til hans.

M á fullan rétt til bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar X hjá V.

Reykjavík, 31. október 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 286/2017
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Gildissvið kaskótryggingarskilmála vegna tjóns á bifreið 9.7.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5
2. Bréf V dags. 11.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-4

Málsatvik.

M var að aka eftir Þorlákshafnarvegi þegar vinstra afturdekk bifreiðarinnar losnaði þ.e. felguboltar drógust út úr hjólnafi með þeim afleiðingum að dekkið sjálft fór fram úr bifreiðinni, sem skall niður og varð fyrir tjóni. M krefst bóta úr kaskótryggingu A hjá V og telur að atvikið eigi undir grein 2.4 í vátryggingaskilmálum kaskótryggingarinnar. V hafnar bótaskyldu og telur að felguboltarnir hafi losnað vegna þess að þeir voru ekki nægjanlega vel festir og tjón vegna þess geti ekki talist til skyndilegra óvæntra utanaðkomandi atvika og telur að tjónið falli ekki undir ákvæði gr. 2.4 í vátryggingaskilmálum. V vísar til greinar 3.5 í vátryggingaskilmálum og telur að sú ábyrgðartakmörkun sem þar er vísað til eigi við í málinu, þar sem bifreiðin varð fyrir tjóni þegar hún rakst niður í akstri enda gildi tilvikið um öll tjónstilvik sem verða vegna þess að bifreið rekst niður í akstri.

Álit.

Þegar hjól losnar undan bifreið sem er á akstri þá er þar um skyndilegan, óvæntan utanaðkomandi atburð að ræða. Ekki hefur verið sýnt fram á að felguboltar á dekkinu sem losnaði undan bílnum hafi ekki verið nægjanlega vel festir eða orsök tjónsins verði rakin til M eða aðila sem M ber ábyrgð á. Í grein 2.4. í vátryggingaskilmálum segir að vátryggingin bæti hvers konar önnur tjón á hinu vátryggða ökutæki sem verður vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika eigi undanþágur og takmarkanir ekki við. Í því sambandi vísar V til greinar 3.5. sem er undanþáguákvæði sem er ekki unnt að skilja þannig að eigi við um það tilvik sem hér um ræðir skv. orðanna hljóðan. M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu M hjá V.

Reykjavík 17.10.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 287/2017**M****og****V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****og****V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Ágreiningur um bótaskyldu er bifreið varð fyrir skemmdum af völdum grjótkasts.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.8.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 18.9.2017.

Bréf V2, dags 6.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 1. ágúst 2017 gaf M skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík vegna atviks sem kvað hafa gerst 27. júlí sama árs. Þann dag um kl. 14:00 kvaðst hann hafa verið á ferð á þjóðvegi 1 við Reykhóla í bifreið sinni, A, þar sem nýbúið hafi verið að leggja olíumöl. Kveður hann að þá hafi B verið ekið fram úr sér á miklum hraða og við það hafi nýlögð olíumöl kastast yfir A þannig að tjón hafi orðið á vinstri hlið, þaki og vélarhlíf.

Vitni sem var í samfylgd með M kvaðst hafa ekið á eftir honum á þjóðvegi 1 við Reykjaskóla og hafi þeir verið á leið til Reykjavíkur. Góðar merkingar hafi verið sem gáfu til kynna að framkvæmdir væru framundan og hafi vitnið ásamt M verið búíð að lækka hraðann niður í 40-50 km á klst. Kvaðst vitnið þá hafa litið í hliðarspegil og séð B nálgast á miklum hraða og hafi B verið ekið fram úr báðum bifreiðunum með þeim afleiðingum að lausamöl hafi þeyst yfir bifreiðirnar. Er þeir stöðvuðu í Staðarskála hafi komið í ljós að töluvert tjón var á A.

Ekkert er haft eftir öikumanni B, sem er bílaleigubifreið. Erlendur ríkisborgari mun að öllum líkindum ekið B um það leyti sem atvikið er sagt hafa átt sér stað, en lögreglu tókst ekki að hafa tal af honum vegna málsins.

Fyrir liggur ljósmynd af afturenda B sem virðist hafa verið tekin í Sveitarfélaginu Skagafirði kl. 11:48 sama dag og atvikið varð.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu B hjá V2 vegna þess tjóns sem varð á A. V2 hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru mjög takmörkuð. Engar skoðunarskýrslur eða matsgerðir liggja fyrir um það tjón sem á að hafa orðið á A. Einungis einu vitni er til að dreifa sem var í samfloti með M í umrætt sinn. Vegna þeirra tengsla þykir varhugavert að framburður þess ráði úrslitum um ábyrgð eiganda B. Þá getur fyrirliggjandi ljósmynd heldur ekki haft þýðingu í málinu. Af gögnum málsins verður ekki talið nægilega sannað að skemmdir hafi orðið á A sem rekja megi til atviks sem eigandi B ber fébótaábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Reykjavík, 17. október 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 288/2017
M og
V v. réttaraðstoðartryggingar

Krafa um réttaraðstoðartryggingu. Frávísun

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 30.8.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-23
2. Bréf V dags. 15.9.2017 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmanns A dags. 7.8.2017

Málsatvik.

M krefst þess að úrskurðað verði að hann eigi rétt á að M greiði útlagðan kostnað og áfallinn kostnað vegna málssóknar gegn T og byggir á því að V eigi að bera kostnað af málarekstrinum. Þá vísar M til þess að réttaraðstoðartrygging sé til þess að gera viðkomandi tjónþola kleift að höfða mál og framkvæmd þessara mála hjá V sé ekki í samræmi við reglugerð nr. 510/2017. V segist hafa samþykkt að dómsmál vegna ágreinings M og T falli undir réttaraðstoðartryggingu M hjá V og ágreiningur sé eingöngu um hvenær greiðsla bóta fari fram. Ágreiningur aðila varði því ekki bótaskyldu, sök eða sakarskiptingu eða ákvæði l. nr. 30/2004 um váttryggingasamninga sbr. 1.mgr. 3.gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd váttryggingamála og með vísan til þessa krefst V að málinu verði vísað frá nefndinni. Verði málinu ekki vísað frá bendir V á grein 2.1. í váttryggingaskilmálum 10. kafla, þar sem segir að það sé ein forsenda þess að bætur séu greiddar að mál hafi verið til lykta leitt með dómi, úrskurði eða dómssátt skv. 109.gr. l. nr. 91/1991 og því stofnist ekki greiðsluskylda V fyrr en ljóst hafi orðið um lyktir málsins.

Álit.

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu í máli þessu, heldur hvenær bætur skuli greiddar. Í 3.gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum segir hvert verksvið nefndarinnar er. Þar segir að nefndin úrskurði um ágreining sem varðar bótaskyldu þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli málsskotsaðila og váttryggingafélags sem starfsleyfi hefur hér á landi, sem og ágreining sem varðar ákvæði laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga. Þá segir í nefndri grein samþykktanna, að nefndin úrskurði hvort ágreiningur aðila heyrir undir nefndina, en telji nefndin svo ekki vera vísi hún máli frá. Í máli þessu er eins og að framan greinir ekki ágreiningur um bótaskyldu, sök, sakarskiptingu og ágreiningurinn varðar ekki ákvæði laga nr. 30/2004. Málið heyrir því ekki undir nefndina og er því vísað frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá

Reykjavík 31.10 2017.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.
Guðmundur S. Martinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 289/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar sjómanna.****Fyrning kröfu vegna slyss 14. maí 2008.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 31.8.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 2.10.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi slasast við vinnu sína í fiskiskipi 14. maí 2008. Í sömu gögnum kemur einnig fram að í málinu liggi fyrir matsgerð dómkvaddra matsmanna á afleiðingum slyssins dags. 11. ágúst 2016. Einn af matsþáttum í þeirri matsgerð var hvenær fyrst væri tímabært að meta afleiðingar slyss M. Niðurstaða matsmanna var sú að það hafi verið ári eftir slysið eða 14. maí 2009.

M telur að niðurstaða dómkvaddra matsmanna sé röng og hafi þeir ekki haft öll nauðsynleg gögn til að meta umræddan tímapunkt með réttum hætti. M vísar til þess að fjöldi gagna liggi fyrir um versnandi ástand M eftir þetta og að upplýsingar í sjúkrasögu M, sem lagðar séu fyrir nefndina, sýni að ekki hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyssins ári eftir að það gerðist, eins og matsmenn hafi talið. M telur að það hafi ekki verið tímabært að meta afleiðingar slyssins fyrr en nýlega og segir í málskoti, „a.m.k. fyrir árið 2014.“ og leiðir af því að krafa M sé því ekki fyrnd.

V telur að fyrningarfrestur vegna kröfu M um bætur úr slysatryggingu sjómanna hafi byrjað að líða við áramótin 2009/2010 og vísar til niðurstöðu matsmanna um að fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingarnar í maí 2009. V vísar til 1. mgr. 125. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 og telur að krafa M hafi fyrnst á fjórum árum, eða í síðasta lagi um áramót árána 2013/2014. Að mati félagsins hafi ekki verið rökstutt eða sýnt fram á að réttara sé að miða við eitthvað annað tímamark og engar upplýsingar í sjúkraskrá M sem réttlæti það heldur. Máli sínu til stuðnings vísar V til dóma um upphaf fyrningarfrests í dómum þar sem hefur reynt á slíkt í skilningi 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, t.d. Hrd. 661/2007, Hrd. 77/2008 og Hrd. 71/2008.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort krafa M um bætur úr slysatryggingu sjómanna vegna tjónsatburðar sem varð 14. maí 2008 sé fyrnd.

Í 1.mgr. 125. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 kemur fram að krafa um váttryggingarfjárhæð samkvæmt höfuðstólstryggingum fyrnist á tíu árum og aðrar kröfur um bætur á fjórum árum. Einnig kemur fram að fyrningarfrestur hefjist við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Í 2. mgr. 125. gr. laganna segir síðan að krafa samkvæmt lífeyristryggingu fyrnist þegar liðin eru tíu ár frá þeim degi sem síðasta lífeyrisgreiðsla var innt af hendi. Í 62. gr. laganna eru hugtökin höfuðstólstrygging og lífeyristrygging skilgreind. Höfuðstólstrygging er skv. d.lið 62. gr. sú „váttrygging þar sem félagið skal greiða tiltekna fjárhæð sem þó getur verið skipt niður á fleiri en einn gjalddaga.“ Í e.lið sömu greinar kemur síðan fram að lífeyristrygging sé „váttrygging þar sem félagið á að greiða fjárhæð fyrir tiltekið tímabil svo lengi sem tilgreindur maður lifir eða þar til hann nær ákveðnum aldri.“

Þegar litið er til þessa orðalags 125. gr. laga um váttryggingarsamninga verður í fyrsta lagi að taka afstöðu til þess hvert sé upphaf fyrningarfrests vegna líkamstjóns M og hins vegar að meta hvort krafa hans um bætur sé krafa um bætur úr höfuðstólstryggingu í skilningi 1. mgr. 125. gr., önnur krafa um bætur í skilningi sömu 1. mgr. 125. gr. eða krafa um bætur úr lífeyristryggingu í skilningi 2. mgr. 125. gr. Þetta skiptir máli vegna þess að fyrningarfrestur er mislangur eftir því hvernig kröfu er verið að gera.

Hvað varðar ágreiningur um upphaf fyrningarfrests þá verður ekki hjá því litið að dómkvaddir matsmenn lögðu sérstakt mat á það hvenær fyrst hefði verið tímabært að meta afleiðingar slyss M í fyrrnefndri matsgerð sinni frá 11. ágúst 2016. Því mati hefur ekki verið hnekk og verður ekki séð

með greinilegum hætti af læknisfræðilegum upplýsingum í málinu að það mat matsmanna sé rangt. Verður því að miða við að upphaf fyrningarfrests kröfu M hafi verið í lok almanaksársins 2009.

Þegar litið er til þess að M gerir kröfu um bætur í slysatryggingu sjómanna vegna slyssins 14. maí 2008 og uppgjör bóta fer fram með hliðsjón af mati á afleiðingum líkamstjónsins í skilningi skaðabótalaga nr. 50/1993, leiði það til hærri heildarbóta en samkvæmt 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, verður ekki litið svo á að sú váttrygging sé höfuðstólstrygging eða lífeyristrygging í skilningi d. eða e.líðar 62. gr. laga um váttryggingarsamninga, þar sem váttryggingarsamningur kveður hvorki á um tiltekna fjárhæð né tiltekið tímabil. Verður því að líta svo á að um sé að ræða aðrar kröfur um bætur í skilningi 1. mgr. 125. gr. laga um váttryggingarsamning og fyrnast slíkar kröfur á fjórum árum frá upphafi fyrningarfrests. Eins og áður segir telst hann hafa verið í lok árs 2009 og telst krafa M um bætur úr slysatryggingu sjómanna hjá V því fyrnd.

Niðurstaða.

Krafa M um bætur úr slysatryggingu sjómanna hjá V er fyrnd.

Reykjavík, 14. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 290/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna brunatryggingar húseigna.****Gildissvið váttryggingarskilmála vegna tjóns 8.1.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 31.8.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 7.9.2017.

Athugasemdir M með bréfi dags. 29.9.2017, ásamt yfirlýsingum íbúa dags. í september 2017.

Frekari athugasemdir V með bréfi dags. 16.10.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á íbúðarhúsi M af völdum eldingaveðurs 8.1.2017. Tjónið hafi orðið þannig að eldingu hafi slegið niður, sem olli því að rafmagni sló út í húsi M og þannig hafi hitakerfi hússins orðið óvirkt. Þegar M hafi síðan komið að húsinu eftir þetta hafi auk þess verið frostsprungur í hita- og neysluvatnslögnum hússins, en þær hafi myndast vegna þess að hitakerfið var óvirkt. Að auki hafi orði skemmdir á innbúi húseignarinnar vegna þessa. Í bréfi sem V sendir M dags. 27. júlí 2017 kemur fram V telji tjón á húseign ekki falla undir váttryggingu M þar sem undanþáguákvæði í gr. 3.1.5 í váttryggingarskilmálum eigi við, en þar segir að váttryggingin bæti ekki „tjón á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum þegar tjón orsakast af spennubreytingu, ofhitnun, skammhlaupi eða öðru hreinu rafmagnsfyrirbrigði, og spani frá rafmögnum óveðri, nema af því leiði eldsvoða eða sé afleiðing eldsvoða.“ V vísaði auk þess í bréfi þessu til þess að tjón á lögnum í húseign M væri afleitt tjón sem váttryggingin tæki ekki til.

M telur að tjónið falli undir gildissvið brunatryggingar húseignar hjá V, nánar tiltekið gr. 3.1.2 í váttryggingarskilmálum þar sem komi fram að váttryggingin bæti tjón sem verði á húseign vegna eldinga. M vísar einnig til gr. 1.1, 1.2 og 1.2.2 í váttryggingarskilmálum þar sem komi fram að váttryggingin taki til húseignar M og venjubundins fylgifyrirlýsingar hennar. M telur að sannað sé að eldingu hafi slegið niður í húseign M þann 8. janúar 2017 og vísar til fjögurra undirritaðra staðfestinga nágretta M um að eldingaveður hafi verið á svæðinu á tímabilinu 6.-12. janúar 2017. Einnig byggir M á að í samskiptum sínum við V hafi ekki verið byggt á því fyrr en ágreiningi um bótaskyldu var skotið til nefndarinnar að ósannað sé að eldingu hafi slegið niður í hús M. Telur M að V geti ekki haldið slíku fram og sé bundið af yfirlýsingum sínum í upphafi um að eldingu hafi slegið niður. Einnig telur M að ákvæði í gr. 3.1.5 í umræddum skilmálum V eigi ekki við um mál M þar sem orðalag ákvæðisins vísi til þess að þar sé einungis verið að vísa til rafmagnstækja og rafmagnslagna.

V telur í fyrsta lagi ósannað að tjón á húseign M sé hægt að rekja til eldingar og leggur fram upplýsingar frá Veðurstofu Íslands dags. 18. ágúst 2017 um að engar eldingar hafi mælst á landinu frá 1.-16. janúar 2017. Sönnunarbyrði um að það hafi verið elding sem olli tjóni M hvíli á M og hafi hann ekki uppfyllt þá sönnunarbyrði m.v. þær upplýsingar sem komi fram hjá Veðurstofu Íslands. V telur sig auk þess geta vísað til þessara röksemda hvenær sem er við afgreiðslu málsins og að ekki hafi verið tilefni til að benda á það að ósannað væri um eldingaveður fyrr en yfirlýsing Veðurstofunnar hafi borist, en það hafi verið eftir að bréf V var sent til M 27. júlí 2017. Auk þessa ítrekar V álit sitt um að tjón á húseign M hafi fyrst og fremst verið á lögnum og skv. gr. 3.1.5 í váttryggingarskilmálum séu slík tjón undanskilin ef þau verða vegna spans frá rafmögnum óveðri eða annarra ástæðna sem tiltekna séu í undanþáguákvæðinu.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að í fyrsta lagi sé ágreiningur um hvort tjón á húseign M hafi orði vegna eldingar í skilningi gildissviðsákvæðis gr. 3.1.2 í váttryggingarskilmálum brunatryggingar húseigna

hjá V og í öðru lagi, ef svo er, hvort það tjón sem varð falli undir undanþáguákvæði gr. 3.1.5 í sömu skilmálum.

Til að leysa fyrst úr ágreiningi um hvort tjón M eigi undir gildissvið váttryggingarinnar verður að líta til þess að almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir að það sé váttryggður sem ber sönnunarbyrði fyrir því. Í váttryggingarskilmálum eru ekki sett nokkur hlutlæg skilyrði fyrir því hvernig slík sönnun fæst, t.d. er ekki gert að skilyrði að það liggja fyrir vottorð Veðurstofu eða önnur viðlíka gögn. Þó upplýsingar frá Veðurstofu í þessu máli, sbr. yfirlýsing dags. 18. ágúst 2017, staðfesti ekki eldingar á þeim tíma sem tjón varð á húseign M í janúar 2017, verður ekki litið svo á að það eitt og sér útiloki að M sýni fram á að tjón hafi orðið á húseign hans vegna eldingar. Í fjórum undirrituðum yfirlýsingum íbúa á svæði því sem húseign M er á kemur fram að eldingar hafi verið á svæðinu ásamt vonskuveðri þegar rafmagn fór af húseign M. Þegar tekið er tillit til samskipta milli M og V eftir að M tilkynnir um tjón sitt, m.v. það sem kemur fram í gögnum málsins, verður ekki séð að V hafi gefið M nokkurt tilefni til að ætla annað en að V leggi til grundvallar að elding hafi verið orsök tjóns á húseign M, en V hefði ekki þurft að vísa til undanþáguákvæðis í váttryggingarskilmálum öðruvísi en að félagið teldi að eitthvað af gildissviðsákvæðum váttryggingar væri uppfyllt. Dregur það því ekki úr sönnunargildi yfirlýsinganna að þær séu dagsettar nýlega, en það var ekki fyrr en þá sem M mátti vita að V teldi ósannað að elding hefði leitt til tjóns hans. Verða umræddar yfirlýsingar því lagðar til grundvallar sem sönnun fyrir því að elding hafi leitt til tjóns á húseign M.

Það stendur þá eftir að leysa úr því álítaefni hvort undanþáguákvæði í gr. 3.1.5 váttryggingarskilmála taki til tjóns M og ber V sönnunarbyrði um að tjón M falli undir gildissvið þess undanþáguákvæðis. Umrætt undanþáguákvæði er hluti af stöðluðum samningsskilmálum lögboðinnar brunatryggingar húseigna. M, sem húseigandi, er skyldugur til að kaupa slíka váttryggingu skv. 1. gr. laga nr. 48/1994 um brunatryggingar með síðari breytingum. Í reglugerð um lögboðna brunatryggingu húseigna nr. 809/2000, með síðari breytingum, kemur fram í 12. gr. að í váttryggingarskilmálum brunatryggingar skuli tjónsorsakir sem váttryggingin nær til og undanskildar áhættu skilgreindar. Hvorki í ofangreindum lögum né reglugerðinni er sérstaklega tilgreint hvernig slík ákvæði eiga að vera. Það er því váttryggingafélögum að nokkru í sjálfsvald sett hvernig þau skilgreina gildissvið umræddrar váttryggingar, svo lengi sem það fer ekki gegn öðrum ákvæðum laganna eða reglugerðarinnar. Verður því að gera nokkrar kröfur til V að það sé skýrt af orðalagi váttryggingarskilmála hvert gildissvið váttryggingarinnar er og sérstaklega að orðalag undanþáguákvæða sé hafið yfir vafa. Þegar litið er til gr. 3.1.5 í heild sinni verður ekki annað séð en að þar sé með orðalaginu „Á rafmagnsvélum, lögnum eða tækjum“ sé fyrst og fremst verið að vísa til rafmagnslagna eða rafmagnstækja, þó ekki sé bandstrik í textanum sem gefi það beint til kynna. Verður V að bera hallann af þeim vafa sem alla vega er uppi um túlkun umrædds orðalags að mati nefndarinnar. Verður því ekki séð að umrætt undanþáguákvæði eigi við um aðstæður M og telst hann eiga rétt á bótum úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr brunatryggingu húseigna hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 291/2017
M og
V1 v. ábyrgðartryggingar S og
V2 v. ábyrgðartryggingar N

Maður rann niður af palli sem hann var að fara upp á við steypuvinnu þ. 20.7.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.9.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8
2. Bréf V-1 dags. 18.9.2017
3. Bréf V-2 dags. 27.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M sem var 18 ára þegar slysið varð, var starfsmaður N. N var undirverktaki hjá fyrirtækinu S. Í umrætt sinn var M að vinna á palli við frágang við uppslátt, en rafmagnstæki hafði dottið úr sambandi og fór M niður af pallinum og setti tækið í samband og hugðist stökkva upp á pallinn, en rétt náði taki á pallinum með höndunum og rann niður og féll um 1.7 metra og slasaðist. M krefst bóta úr hendi N og S og byggir á því að fallvarnir hafi vantað á pallinn og ekki hafi verið búið að tryggja öruggan aðgang upp á pallinn. M byggir á því að hann hafi í umrætt sinn verið í vinnu hjá N, en S hafi sett upp umræddan pall og vinnuáðstöðu, sem hafi verið ófullnægjandi. M krefst bóta úr hendi N og S og vísar í lög nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. M byggir á því að N hafi ekki gætt þess að farið væri að ákvæðum laganna varðandi aðbúnað og öryggi M sem starfsmanns N, þá beri S líka ábyrgð á slysinu þar sem vinnuástaðan var útbúin af S og hún hafi verið óviðunandi og fjarri því að vera örugg. Vinnuástaðan sem boðið var upp á og S ber ábyrgð á hafi því verið óviðunandi.

V-1 hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki verið starfsmaður S heldur N og S segist ekki hafa óskað eftir aðstoð M við verkið sem verið var að vinna. V-1 vísar til þess að ekki hafi verið um að ræða vinnupall í hefðbundnum skilningi og skilyrði skaðabótaréttar um saknæma háttsemi sé ekki fyrir hendi. V-1 vísar einnig til þess að það hljóti að vera hlutverk vinnuveitanda að tryggja öryggi starfsmanna sinna, en S hafi ekki verið vinnuveitandi M.

V-2 hafnar einnig bótaskyldu og segir að starfsmaður S hafi óskað eftir því að N lánaði S tvo starfsmenn til steypuvinnu og hafi N fallist á það og hafi M alfarið verið undir stjórn S þegar slysið varð. V-2 segir að jafnvel þó að M hafi verið undir stjórn N þá sé ekki um skaðabótaskyldu N að ræða og vísar til að stigi hafi verið til staðar til að nota við að fara upp á pallinn og pallurinn hafi ekki verið í tveggja metra hæð og því ekki skylda að setja handrið á pallinn.

Í skýrslu Vinnueftirlitsins um slysið segir að orsök slyssins megi rekja til að allar fallvarnir hafi vantað á pallinn og ekki hafi verið búið að tryggja öruggan aðgang að pallinum.

Álit.

Fram kemur í skýrslu Vinnueftirlitsins að fallvarnir vantaði á pallinn sem ræðir um varðandi slysið og ekki var búið að tryggja öruggan aðgang að pallinum. Fram kemur hjá V-2 að stigi hafi verið til staðar til að fara upp á pallinn, en það kemur ekki fram í skýrslu Vinnueftirlitsins og verður skoðun Vinnueftirlitsins á vettvangi lögd til grundvallar hvað varðar aðstæður á vettvangi þegar slysið varð. Fyrir liggur, sbr. álit Vinnueftirlitsins, að ekki var fylgt öryggiskröfum varðandi starfsmenn þar sem vinna á pallinum sem og uppgangur á hann var óviðunandi. Í umrætt sinn var

M starfsmaður N, en var að vinna verk sem gögn málsins sýna að var unnið fyrir S. Ekki verður séð að það fari á milli mála að M var að vinna verk skv. ósk S í umrætt sinn og hafði N fallist á að M yrði lánaður tímabundið til þess ákveðna verks sem um ræðir og þar sem hann slasaðist. S gekk frá aðbúnaði á verkstað og sá aðbúnaður var ófullnægjandi. S ber því ábyrgð á því að hafa ekki gengið frá fullnægjandi aðstöðu fyrir starfsfólk á verkstað. Þá bar N að sjá til þess að starfsmaður hans ynni við öruggar aðstæður og ganga úr skugga um að svo væri enda var það engum vandkvæðum bundið fyrir N að ganga úr skugga um það. Bæði N og S bera því sök á því að M varð fyrir slysi og á M rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V-1 og N hjá V-2

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu S hjá V-1 og N hjá V-2

Reykjavík 17.10. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 292/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ barnatryggingar.****Gildissvið barnatryggingar vegna andláts barns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.5.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 25.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 30. apríl 2013 fæddist A, sonur M. Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti áttu M og eiginmaður hennar fyrir tvö börn og höfðu þau áður keypt barnatryggingu vegna þeirra hjá V. Skömmu eftir fæðingu A keyptu þau hjá V einnig barnatryggingu vegna hans. Fljótlega eftir fæðingu A komu í ljós sjúkdómseinkenni hjá honum þannig að hann mun allur hafa verið linur og gat ekki nærst sjálfur. Fór svo að V afturkallaði vátrygginguna að lokinni þriggja mánaða skoðun vegna ástands barnsins. Veikindi A héldu áfram. Glímdi hann við flogaköst, þurfti að nærast í gegnum sondu og fékk ítrekað sýkingar. Við 16 mánaða aldur komust lækningar að því að A bjó við alvarlegan erfðagalla án þess þó að nákvæm sjúkdómsgreining hafi legið fyrir.

Kveður M að í mars 2015 hafi starfsmenn A haldið kynningu á barnatryggingunni hjá tiltekinni stuðningsmiðstöð fyrir langveik börn og foreldra þeirra. Þar hafi komið fram að V væri eina vátryggingafélagið sem byði upp á tryggingar fyrir öll börn og ekki þyrfti að gefa upp heilsufarsupplýsingar. Í kjölfarið hafi M og eiginmaður hennar fengið í þrjú skipti samtöl frá starfsmanni V þar sem þau hafi verið hvött til að kaupa barnatryggingu fyrir A. Hafi þeim sérstaklega verið bent á að vátryggingin næði ekki til þeirra sjúkdóma sem A þjáðist af við töku vátryggingarinnar, en hann gæti hæglega veikst af einhverju öðru. Að lokum keyptu þau barnatryggingu fyrir A og tók hún gildi 14. apríl 2015. M og eiginmaður hennar kveðast aldrei hafa dregið dul á þá staðreynd að A væri langveikur; þvert á móti hafi þau upplýst starfsmann V ítrekað um það auk þess sem starfsmönnum V hafi verið fullkunnugt um sjúkdómsástand A, enda hafði vátryggingin sérstaklega verið kynnt fyrir foreldrum langveikra barna á vettvangi þar sem foreldrar langveikra barna komu saman.

A lést 28. maí 2015 og samkvæmt fyrirbyggjandi læknisvottorði mun hann hafa látist vegna alvarlegrar sýkingar sem ekki fékkst ráðið við. Hinn 28. apríl 2016 tilkynnti M um andlát A til V. Fyrir liggur dánarvottorð læknis, dags. 8. mars 2016, þar sem fram kemur að dánarorsök A sé lungnabólga („pneumonia“) og að undirrót „sjúkdóms/ástands“ sé fjölfötlun.

Með bréfi 3. maí 2016 hafnaði V greiðslu bóta úr barnatryggingunni með vísan til 21. gr. skilmála barnatryggingarinnar, þar sem segir að vátryggingin taki ekki til sjúkdóma, slyss, líkamsá galla eða andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þessi sýnt sig áður en vátryggingin tók gildi. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hafi ástand það sem leiddi til veikinda og síðan andláts A þegar verið fyrir hendi þegar barnatryggingin tók gildi. Því sé réttur til dánarbóta ekki til staðar úr vátryggingunni.

Í athugasemdum sínum við málskotið hefur V gert nánari grein fyrir synjun sinni á bótaskyldu. Það andmælir ekki hvernig stofnað var til vátryggingarinnar. Í kjölfar kynningar og söluherferðar á vegum tiltekins umboðsaðila V hafi barnatrygging vegna A tekið gildi 15. apríl 2015. A hafi látist 28. maí 2015 og samkvæmt dánarvottorði hafi dánarorsökin verið lungnabólga og undirrót hennar verið fjölfötlun. Kveður V það vera óumdeilt að M hafi verið kunnugt um þá takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar sem var að finna í fyrrgreindri 21. gr. vátryggingarskilmálanna. Einnig sé óumdeilt að umboðsmenn V og þar með V sjálf hafi við töku vátryggingarinnar vitað að um langveikt barn var að ræða þótt nákvæmar upplýsingar um eðli veikinda og ástand hafi að líkindum ekki verið fyrir hendi, enda ekki um það spurt. Í málinu sé aðeins deilt um það hvort framangreint undanþáguákvæði eigi við, þ.e. hvort lungnasýkingin og andlátið sé afleiðing af undirliggjandi ástandi A eða með öðrum

orðum hvort nægjanleg tengsl séu milli þeirra veikinda sem A var haldinn fyrir töku váttryggingarinnar og þeirra veikinda sem að lokum drógu hann til dauða. Þótt sú lungnasýking sem dró A til dauða hafi ekki verið komin fram við töku váttryggingarinnar einum og hálfum mánuði fyrir andlátíð geti V ekki fallist á að túlka beri umrætt skilmálaákvæði svo þröngt að sýkingin teljist ekki til afleiðinga þess sjúkdómsástands sem A bjó við þegar váttryggingin var tekin. Orðalag skilmálaákvæðisins sé skýrt, eðlilegt og málefnalegt í ljósi þess að ekkert áhættumat fari fram og í ljósi þeirrar kynningar sem á sér stað fyrir væntanlega váttryggingartaka. Markmið ákvæðisins sé að afmarka gildissvið váttryggingarinnar við slys og veikindi sem fyrst koma upp eftir töku váttryggingarinnar og undanskilja áhættu félagsins atvik sem á einhvern hátt má rekja til fyrra heilsufars eða verða alvarlegri vegna slíks ástands. V líti svo á að lungnasýkingin og andlátíð séu í raun afleiðingar undirliggjandi veikinda A sem hafi verið til staðar frá fæðingu. Þá hafi afleiðingar sýkingarinnar einnig orðið mun verri en ella vegna þessara undirliggjandi veikinda. Því falli tilvikið undir tilvitnað undanþáguákvæði hvort sem litið sé til orðalags þess eða markmiðs.

Álit.

Samkvæmt málskoti er kvartað yfir synjun V á bótaskyldu úr hinni umdeildu barnatryggingu vegna andláts A, en samkvæmt 14. gr. skilmála váttryggingarinnar greiðast dánarbætur ef váttryggður deyr á váttryggingartíma. Samkvæmt 1. tölul. 21. gr. skilmálanna tekur váttryggingin á hinn bóginn, eins og áður getur, ekki til sjúkdóma, slysa, líkamságalla eða andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þessa sýnt sig áður en váttryggingin tók gildi.

Ekki virðist um það deilt að skömmu eftir fæðingu A greindist hann með alvarleg sjúkdómseinkenni sem lýstu sé m.a. í því að hann gat ekki nærst af sjálfsdáðum. Leiddi það til þess að V afturkallaði barnatryggingu sem hafði verið keypt vegna A eftir þriggja mánaða skoðun. Tæpum tveimur árum síðar, eftir ítrekaðar sölutilraunir umboðsmanna á vegum V, keyptu foreldrar A að nýju barnatryggingu vegna hans. Ekki fór á milli mála hvernig þá var komið fyrir heilsu A. Þeir sem komu að sölu váttryggingarinnar máttu gjörlla gera sér grein fyrir að vart gæti komið til greiðslu bóta samkvæmt váttryggingunni nema slík tilvik myndu með einhverjum hætti tengjast því sjúkdómsástandi sem A bjó við. Að öðrum kosti væri váttryggingin til lítils gagns þeim sem hún átti að vera til hagsbóta fyrir. Verður ekki séð hvernig V, eða sá sem kom fram fyrir þess hönd, hafi séð til þess að M hafi við töku váttryggingarinnar fengið nauðsynlega ráðgjöf um hvernig þörfum hennar um váttryggingarvernd væri mætt með váttryggingunni, sbr. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Skilmála váttryggingarinnar verður því í þessu sérstaka tilviki að skýra með tilliti til þessa, svo og þeirrar skyldu V að viðhafa góða viðskiptahætti í starfsemi sinni og með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi sem í gildi voru þegar váttryggingin var tekin.

Samkvæmt læknisfræðilegum gögnum málsins lést A af völdum lungnabólgu. Ekkert er um það í gögnum málsins að A hafi þjáðst af lungnabólgu þegar sótt var um váttrygginguna og hún tók gildi 15. apríl 2015. Í ljósi þess sem að framan er rakið verður váttryggingarsamningur milli V og M um barnatrygginguna fyrir A ekki skilinn svo að V hafi undanþegið sig ábyrgð af völdum þessa dánarmeins. Samkvæmt þessu og með skírskotun til niðurstöðu nefndarinnar 21. mars 2017 í máli nr. 42/2017 telst M eiga rétt á bótum úr váttryggingunni vegna andláts A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna andláts A úr barnatryggingu hjá V.

Reykjavík, 24. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 293/2017**M og****vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur í bílageymslu í Engjaseli 17.8.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 6.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V2, dags. 8.9.2017.

Tölvupóstur V1, dags. 20.9.2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu frá ökumanni bifreiðar A (M) kemur fram að árekstur varð með bifreiðum A og B og á að bifreið A hafi verið akið aftur á bak og beygt til vinstri á meðan bifreið B hafi verið úr bifreiðastæði. Í frekari gögnum frá ökumanni bifreiðar A kemur fram að hann kveðst hafa stöðvað bifreið sína vegna viðvörunar frá bakkskynjara bifreiðarinnar og þá hafi bifreið B verið ekið á bifreið A, þannig að kerra aftan í bifreið B fór utan í bifreið A. Ökumaður bifreiðar A bendir einnig á rispur bifreið sinni máli sínu til stuðnings.

Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið kyrrstæður fyrir aftan bifreið A og þegar bifreið A hafi verið ekið aftur á bak þá segist ökumaður bifreiðar B hafa ekið aðeins áfram til að reyna að koma í veg fyrir árekstur, en það hafi ekki dugað til og ökumaður bifreiðar B hafi lent á kerru sem var aftan í bifreið A.

V1 telur að leggja eigi til grundvallar að bifreið A hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð og hafi ökumaður bifreiðar B því ekki gætt nægilegrar varúðar í skilningi 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga þegar hann ók af stað úr kyrrstöðu þannig að árekstur varð með bifreiðum A og B og fyrirmæli greinarinnar séu að hann skuli gæta þess að slíkur akstur sé án óþæginda fyrir aðra.

V2 telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A fyrir að hafa ekki gætt nægilega að sér við akstur aftur á bak og þannig hafi ökumaðurinn ekki gætt fyrirmæla 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem fram komi að ökumanni sem ekur aftur á bak beri að ganga úr skugga um að það sé hægt án hættu og óþæginda fyrir aðra.

Álit.

Ökumönnum bifreiða A og B ber ekki að öllu leyti saman um aðdraganda áreksturs og þeir skila ekki sameiginlegri tjónstilkynningu til sinna vátryggingafélaga. Af þeim gögnum sem liggja fyrir verður ekki séð að bifreið A hafi verið kyrrstæð við árekstur, eða það löngu fyrir að máli skipti við sakarskiptingu. Ökumanni bifreiðar A bar að gæta að umferð fyrir aftan sig þegar hann ók aftur á bak, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Verður hann að bera hallann af sönnunarskortum um að ökumaður bifreiðar B hafi einnig ekið gegn fyrirmælum umferðarlaga. Af gögnum málsins verður ekki séð að akstur ökumanns bifreiðar B hafi verið með þeim hætti. Ökumaður bifreiðar A ber því alla sök.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar A.

Reykjavík, 14. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 294/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Breiðholtsbraut í Reykjavík 16.8.2017

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Bréf V-1 dags. 21.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-5.
3. Bréf V-2 dags. 8.9.2017.

Málsatvik.

A var ekið suður Breiðholtsbraut með fyrirhugaða akstursstefnu áfram sömu leið. B ók af Vatnsveituvegi í austurátt inn á Breiðholtsbraut í suðurátt þegar árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa séð þegar ökumaður B hafi ekið inn á Breiðholtsbraut í veg fyrir A og hún hafi þá hemlað og reynt að beygja frá en farið utan í vegkantinn og skotist þaðan og á B. Ökumaður B segist hafa stöðvað við vegamótin og séð til ferða A og ekið á hægri ferð inn á Breiðholtsbrautina og ekki vitað fyrir en að A skall utan í B.

Álit.

Ökumaður B gætti ekki nægjanlega að aðstæðum og virti ekki biðskyldu og forgang umferðar um Breiðholtsbraut gagnvart umferð af Vatnsveituvegi. Ökumaður B ber því meginsök á árekstrinum. Miðað við lýsingu á aðdraganda árekstursins og árekstrinum þykir mega slá því föstu að ökumaður A hafi ekið of hratt miðað við aðstæður, auk þess sem mæld hemlaför á vettvangi yfir 40 metrar styðja þá niðurstöðu. Þó mæling hafi ekki farið fram formlega fyrr en nokkru eftir áreksturinn þykir mælingin hafa næg stoð í framburði þess sem ritaði tjónstilkynningu á vettvangi. Ökumaður A ber því einnig nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að ökumaður B beri 2/3 sakar og ökumaður A beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík 31.10. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 295/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ húftryggingar fyrir fiskiskip 100,49 brl. og minni.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns vegna olíuleka í vél.****Gögn.**

Málskot, móttakið 7.8.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 21.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Vél í fiskiskipinu A, í eigu M, mun hafa bilað á árinu 2013 og var þá skipt um stimpla, slífar og allar pakkdósir og hafi tjónið verið bætt af V, húftryggjanda skípsins. Eftir bilunina kveður M að stöðugur olíuleki hafi verið frá vélinni. Ekki hafi tekist að gera við olíulekann fyrr en skipt hafi verið um vélarblokk. Telur M að blokkinn sem var í A hafi því ekki verið nothæf og þar með ónýtt. Hins vegar hafi ekki verið sjáanlegar sprungur eða neitt sem skýrði lekann á blokkinni.

Í bréfi tiltekinnar vélsmiðju til M, dags. 12. maí 2017, kemur fram að vélsmiðjan hafi m.a. verið fengin til að „meta þá kosti sem til staðar eru varðandi viðgerð á vélinni“ vegna olíulekans. Þá kemur fram í bréfinu að vélin í A sé frá 1999 en hafi verið endurbyggð. Tjón hafi orðið á vélinni er tengi á milli gírs og vélar hafi gefið sig og fyrir nokkrum árum hafi verið skipt um gír í bátnum.

M hefur krafist bóta úr húftryggingu A hjá V vegna kostnaðar við að skipta um vélarblokkina. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 16.1 í vátryggingarskilmálum þeim sem gilda um húftryggingu A segir varðandi bætur vegna tjóns að hluta að vátryggingin bæti skemmdir á hinu vátryggða skipi af völdum nánar tilgreindra tjónsorsaka. Þar segir einnig að um skemmdir á vélum skípsins gildi sérstakar reglur sem nánar eru tilgreindar í greinum 16.2 og 19.4 í skilmálunum. Gr. 19.4, sem lýtur að ákvörðun bótafjárhæðar, hefur ekki þýðingu við úrlausn þess ágreinings sem hér er til úrlausnar. En samkvæmt gr. 16.2 bætir vátryggingin skemmdir á aðalvél skípsins ef eftirtaldir aðalhlutar hennar eyðileggjast af öðrum ástæðum en greinir í gr. 16.1: Vélarblokk, stimplar, slífar, strokklok, kambás ásamt legum, tannhjól og ásar, forþjappa, sveifarás, sveifaráslegur og botnskál.

Þótt ekki hafi tekist að koma í veg fyrir olíuleka frá vél A fyrr en skipt hafði verið um vélarblokk verður af fyrirliggjandi gögnum ekki ráðið að sú vélarblokk sem hafði verið í vélinni hafi eyðilagst eins og áskilið er í vátryggingarskilmálunum svo bótaskylda geti stofnast úr húftryggingunni. Af því leiðir að M á ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M, Hlunnar ehf., á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A hjá V.

Reykjavík, 17. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 296/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar sjómanna.

Orsakatengsl vegna hnémeiðsla og tjónsatviks 17.3.2013.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.9. 2017 ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 4.10.2017

Málsatvik.

M segist hafa verið við vinnu sína um borð í skipinu X 17.3.2013 þegar hann rann til og marðist á hægra hné. M krefst bóta úr slysatryggingu sjómanna hjá V og segir að þrátt fyrir það að hann hafi ekki leitað til læknis strax eftir atburðinn þá sé hann skráður í slysskráningarkerfi sem hafi verið samstarfsverkefni vátryggingataka og V og áverka M, sé lýst þar. V hafnar bótaskyldu og segir atvikinu lýst þannig að M hafi reynt að losa kassa sem voru fastir á færibaldi og M síðan kippt í band sem hafi slitnað og hnéð farið niður á færibaldi og hann strax hafa fundið til í hnénu. V segir að M hafi fyrst leitað til læknis vegna einkenna í hægra hnénu meira en tveimur og hálfu ári eftir atburðinn. V segir að í læknisvottorði sé einnig talað um slitbreytingar í hnénu, stirðleiki og álagstengdir verkir og hvergi getið að þessir verkir verði raktir til atviksins 17.3.2013. V bendir á að engin samtímagögn liggi fyrir um slys M og atvikið hafi ekki verið skráð í skipsdagbók.

Álit.

M segist hafa lent í slysi hinn 17.3.2013 svo sem hann lýsir í málsskoti og fyrirliggjandi tjónstilkynningum til V og Sjúkratrygginga Íslands, en þær tilkynningar eru allar frá árinu 2016. M leitaði ekki til læknis vegna atviksins 17.3.2013 fyrr en rúmum tveim árum eftir að það varð. Miðað við fyrirliggjandi læknisvottorð og önnur gögn málsins verður því ekki slegið föstu eða leiddar líkur að því, að orsakasamband sé á milli þeirra meiðsla sem eru að hrjá M í dag og þess atburðar sem hann lýsir að hafi orðið 17.3.2013. M á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu sjómanna hjá V.

Reykjavík 31.10.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 297/2017**M og
vátryggingafélagið V v/starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans X.****Gildissvið vátryggingarskilmála varðandi upphafstíma kröfu.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 11.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 20.9.2017, ásamt höfnunarbréfi V dags. 16.5. 2017 og tölvupóstsamskiptum milli X og lögmanns M dags. 30.6.2015.

Málsatvik.

Sá vátryggingarsamningur sem er til skoðunar í þessu máli tók fyrst gildi hjá V um miðjan desember 2015 og ekki er upplýst sérstaklega í málinu hvar X var tryggður með starfsábyrgðartryggingu fasteignasala áður en sú vátrygging tók gildi, en í 4. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa er kveðið á um skyldu fasteignasala til að kaupa slíka vátryggingu.

Í gögnum málsins kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir fjártjóni í tengslum við kaup á fasteign sem áttu sér stað með kaupsamningi 21. nóvember 2014. Fasteignasalinn X sá um sölu eignarinnar. Í kaupsamninginum komu fram upplýsingar um greiðslufyrirkomulag og var þar kveðið á um að aflýsa skyldi tilteknum lánnum sem kaupanda voru óviðkomandi fyrir 10. desember 2014. Í málinu liggur einnig fyrir afrit tölvupósts frá lögmanni M til X dags. 30. júní 2015 um að aflýsing hefði ekki átt sér stað fyrir 10. desember 2014, auk þess sem ekki hafi verið hlutast til um þinglýsingu tveggja veðskuldabréfa M, sem áttu skv. kaupsamningi að hvíla á eigninni. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að lögmaður M hafi átt samskipti við X og eftir atvikum lánveitendur og veðhafa. Fasteignin hafi síðan verið seld nauðungarsölu í febrúar 2016 og í mars 2017 hafi loks verið þinglýst fullnægjandi veðleyfi sem hafi verið nauðsynlegt til að tryggja efndir kaupsamnings sem hafði verið gerður, eins og fyrr segir, í desember 2014. M lýsir því tjóni sem hún kveðst hafa orðið fyrir í gögnum málsins sem og þeirri háttsemi X sem hún telur hafa leitt til tjónsins.

M telur að starfsábyrgðartrygging fasteignasalans X eigi að taka til tjóns hennar og vísar til þess að vátryggingaratburður í skilningi f.liðar 2. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi ekki orðið fyrir en í fyrsta lagi á árinu 2016 eftir að upplýsingar bárust frá veðhafa um að ekki væri heimilt að aflétta láni af fasteigninni og að tjón hennar hafi ekki raungerst fyrir en á árinu 2017 þegar fyrst var hægt að gera tölulega skaðabótakröfu. M vísar til þess að skv. lögum um vátryggingarsamninga hafi vátryggingafélag takmarkaðan mótbáru rétt, sérstaklega með vísan til 45. gr. laganna þar sem fjallað sé um lögboðnar ábyrgðartryggingar. Það verði auk þess að túlka ákvæði laganna um vátryggingaratburð með hliðsjón af þeirri vernd sem lögboðin starfsábyrgðartrygging fasteignasala eigi að veita viðskiptamönnum. M telur að tölvupóstur sá sem sendur var 30. júní 2015 af hálfu lögmanns hennar hafi ekki getað verið krafa í skilningi vátryggingarskilmála V þar sem ekki hafi verið unnt að koma fram með skaðabótakröfu fyrir en í fyrsta lagi á árinu 2016.

V vísar til þess að vátryggingarsamningur um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala geri ráð fyrir því að samið sé þar sérstaklega um hvenær vátryggingaatburður geti orðið. Nánar tiltekið komi það fram gr. 6.2 í vátryggingaskilmálum að skaðabótakrafa teljist hafa stofnast í skilningi skilmálanna við hið fyrra af þeim tímamörkum sem komi síðan fram í a. og b. lið ákvæðisins. Í a.lið sé fjallað um þegar þriðji maður geri fyrst skriflega skaðabótakröfu á hendur vátryggingartaka. Í b.lið sé síðan vísað til þess tímamarks þegar vátryggingartaka verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem gæti fallið undir vátryggingu þessa og kunni að verða rakið til vátryggingartaka eða starfsmann hans, eða að bein hætta sé á að slíkt tjón verði. V telur að ákvæði b.liðar eigi við í málinu og að skilyrði þess ákvæðis hafi verið uppfyllt þegar lögmaður M sendi X tölvupóst 30. júní 2015 og gerði grein fyrir því að vanefndir hefðu orðið á kaupsamningi dags. 21. nóvember 2014. V telur að X hefði mátt vera ljóst eftir að hafa fengið umræddan tölvupóst að M hefði orðið fyrir tjóni eða veruleg hætta væri á því að hún yrði fyrir tjóni vegna þessa. V vísar einnig til þess að samið sé sérstaklega um tímamörk í vátryggingarskilmálum og sé það gert í starfsábyrgðartryggingu fasteignasala í samræmi við þau sjónarmið sem gilda um kröfugerðarreglur í

vátryggingarrétti 45. gr. laga um vátryggingarsamninga eða önnur ákvæði þeirra komi ekki veg fyrir að samið sé með þeim hætti.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um þau ákvæði vátryggingarsamnings um starfsábyrgðartryggingu fasteignasala sem lúta að þeim tímamörkum sem vátryggingaratburður telst hafa orðið. Í lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 er ekki kveðið sérstaklega á um það hvort slík tímamörk grundvallast af orsökum eða kröfugerð, eða því sem kallað er í vátryggingarétti orsakaregla og kröfugerðarregla. Í f.lið 2. gr. laganna kemur fram að vátryggingaratburður sé „atvik, sem samkvæmt vátryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið“. Er því beinlínis gert ráð fyrir því í ákvæðinu að samið sé sérstaklega um slík tímamörk.

Í vátryggingarsamningi þeim sem hér er til umfjöllunar, sem tók gildi um miðjan desember 2015 milli X og V, kemur fram í 6. kafla hennar um tímamörk, nánar tiltekið í gr. 6.1. að vátryggingin taki „til skaðabótakröfu gegn vátryggingartaka er til stofnast á vátryggingartímanum.“ Í gr. 6.2. er síðan frekari skýring á því hvenær skaðabótakrafa telst hafa stofnast. Ekki verður annað séð af gögnum málsins en að M hafi fyrst gert skriflega skaðabótakröfu á hendur X með bréfi dags. 27. apríl 2017 í skilningi a.liðar gr. 6.2. Þegar litið er hins vegar til ákvæðis b.liðar gr. 6.2 verður að taka afstöðu til þess sérstaklega hvenær má ætla að X hafi verið fyrst kunnugt um að M hafði orðið fyrir fjárhagslegu tjóni eða að bein hætta hafi verið á að slíkt tjón yrði. Þegar litið er til þeirrar stöðu sem komin var upp þegar lögmaður M sendi tölvupóst á X 30. júní 2015 verður að ætla að X hafi mátt vera ljóst að stórkostlegar vanefndir höfðu átt sér stað vegna kaupsamnings sem gerður var um sex mánuðum áður. Verður að ætla að X hafi ekki mátt dyljast sú alvarlega staða og hafi honum mátt vera ljóst fljótlega eftir að honum barst sá tölvupóstur að bein hætta væri á að M yrði fyrir fjárhagstjóni. Telst skaðabótakrafa því hafa komið fram á hendur honum á árinu 2015, áður en vátrygging hans tók gildi hjá V um miðjan desember 2015. Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005, tekur nefndin einungis afstöðu til ágreinings málskotsaðila og vátryggingafélags. Ekki kemur fram í gögnum málsins hjá hvaða vátryggingafélagi X var tryggður á árinu 2015, áður en vátryggingin hjá V tók gildi um miðjan desember. Þegar af þeirri ástæðu getur nefndin ekki tekið frekari afstöðu til mögulegrar skaðabótaskyldu X vegna málsins.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasalans X hjá V.

Reykjavík, 17. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 298/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ innbústryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna þjófnaðar á skartgripum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 11.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi fjölskyldutryggingu hjá V, en einn þáttur þeirrar vátryggingar er innbústrygging sem m.a. bætir tjón af völdum þjófnaðar úr ólæstri íbúð. Hinn 18. nóvember 2016 tilkynnti eiginmaður M tjón til V vegna þjófnaðar á skartgripum í eigu M. Er tjónið sagt hafa orðið á heimili þeirra hjóna hinn 19. september 2016. Kemur fram í tjónstilkynningunni að sonur þeirra búi á heimili þeirra og hafi hann fengið óboðna gesti á heimilið sem hafi stolið öllu skarti á heimilinu, það hafi ekki komið í ljós fyrr en nokkrum klukkustundum eftir að þeir yfirgáfu heimilið. Erfitt sé að svara hvort vitni hafi orðið að atvikinu þar sem vitni hafi verið á staðnum en ekki vitað af þessum þjófnaði. Lögregla hafi komið á staðinn og fengið upplýsingar um hverjir hafi verið að verki. Dagsetning atviksins sé ekki á hreinu en hana megi finna í lögregluskýrslu.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á Suðurnesjum sem gerð var 27. nóvember 2016 má ráða að hún þann dag verið kvödd að heimili M þar sem M tók á móti henni. Af skýrslunni má ráða að M hafi komið heim til sín síðdegis 22. september 2016 eftir að hafa verið úti allan daginn. Um kl. 19:00 hafi hún farið inn á baðherbergi og þá tekið eftir því að rótað hafi verið í baðherbergisskápunum. Við nánari athugun hafi hún séð að skartgripi í tveimur skartgripaskrínunum ásamt snyrtitösku hafi vantað í skápinn. Kvaðst M hafa hringt strax í son sinn, A, sem átti að hafa verið heima fyrr um daginn. Hafi A sagst hafa boðið tveimur vinum sínum, B og D, í heimsókn, og hafi þeir verið inni á baðherberginu í einhvern tíma. A sagðist þó aldrei hafa séð þá fara með þýfið en að hann grunaði þá sterklega. Í framburðarskýrslu hjá lögreglu 26. febrúar 2017 lýsti M atvikum í meginatriðum á sama veg og hún hafði áður gert fyrir lögreglu. Þar kom fram að eftir aðstoð utanaðkomandi aðila hafi hluti þýfisins skilað sér, en verðmætustu hlutirnir ekki. M lét lögreglu í té lista yfir þá muni sem hún saknaði ásamt áætluðu verðmæti. Í lögregluskýrslunni eru taldir upp munir í 17 liðum að heildarverðmæti 625.000 til 655.000 krónur.

Hinn 26. febrúar 2017 var tekin skýrsla af A hjá lögreglunni á Suðurnesjum. Hann kvaðst umræddan dag hafa verið á heimili sínu með þeim B og D auk E. Þeir hafi farið út að ganga en hann hafi svo farið aftur heim til sín, en B, D og E farið heim til B. Þeir hafi svo allir komið heim til A og hann og E farið að horfa á sjónvarp en B og D farið inn á baðherbergi og læst að sér. Um klukkustund síðar hafi þeir komið fram og skömmu síðar hafi þeir allir fjórir yfirgefið íbúðina. Áður en þeir fóru út úr húsinu kvaðst A hafa kíkt inn á baðherbergið og séð að rótað hafði verið í skartgripum sem héngu á skáp inni á baðherberginu og fundist þeir vera frekar fáir en „þældi“ svo ekkert meira í því. Þegar M, móðir A, hafi komið heim um tveimur sólarhringum síðar hafi hún hringt beint í A og tilkynnt honum að skartgripina vantaði. Hafi hann þá strax grunað B og D um verknaðinn.

Við skýrslutöku hjá lögreglu 26. febrúar 2017 neitaði D öllum sakargiftum. Hann kvaðst ekkert vita um umræddan þjófnað og hann hafi aldrei farið heim til A svo hann muni.

M hefur krafist bóta úr innbústryggingu sinni hjá V vegna þess tjóns sem hún varð fyrir af völdum þjófnaðarins. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og fyrr greinir bætist m.a. tjón af völdum þjófnaðar úr ólæstri íbúð samkvæmt innbústryggingu þeirri sem M hafði í gildi hjá V. Hvað varðar tjón af völdum þjófnaðar úr ólæstri

Íbúð er bótaskylda úr váttryggingunni háð því skilyrði að þjófnaðurinn sé ekki framinn af einhverjum hinna váttryggðu eða með vitneskju einhvers þeirra. Þótt ráða megi af gögnum málsins að sonur, sem búi á heimilinu og sé því váttryggður samkvæmt váttryggingunni, hafi verið inni á heimilinu þegar skartgripunum var stolið, verður að telja ósannað að hann hafi vitað af þjófnaðinum fyrr en tveimur dögum síðar þegar M hafði símasamband við hann. Bótaskylda V verður því ekki felld niður á grundvelli þessa ákvæðis.

Um þjófnað úr ólæstri íbúð segir í skilmálum váttryggingarinnar að það sé forsenda bótaskyldu að eðlileg aðgát sé viðhöfð. Þetta ákvæði skilmálanna felur í sér reglu um að viðhafa skuli tiltekna aðgát við geymslu og vörslu þeirra innbúsmuna sem váttryggingin tekur til. Ber því óhjákvæmilega að skýra hana út frá reglum laga og sjálfra skilmálanna um varúðarreglur. Í 61. gr. fjölskyldutryggingarinnar sem innbústryggingin er hluti af segir að varúðarreglur séu háttarnisreglur sem settar séu í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón. Það sé forsenda fyrir greiðslu bóta úr váttryggingunni að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 getur váttryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Í fyrrgreindri varúðarreglu sem hér er til skoðunar segir að viðhafa skuli eðlilega aðgát. Þegar litið er til þess að um nokkuð verðmæta skartgripa var að ræða og þar á meðal hafi verið skartgripir sem hengu á skáphurð í baðherberginu verður að telja að M hafi vanrækt þessa varúðarreglu og það hafi haft í för með sé að skartgripunum var stolið. Var sök hennar í þessum efnum ekki óveruleg jafnvel þótt sökin geti heldur ekki talist veruleg. Eru því efni til að skerða bætur til M. Kemur þá til skoðunar að hve miklu leyti ber að skerða bæturnar með tilliti til þeirra fyrirmæla sem greinir í 26. gr. laga nr. 30/2004. Þegar litið er til sakar M, þess að þjófnaðurinn virðist hafa borið að með nokkuð óvenjulegum og bíræfnum hætti, svo og að varúðarregla sú sem hér um ræðir er mjög almennt orðuð, þykir rétt að skerða bæturnar um helming. Samkvæmt því á M rétt að fá tjón sitt bætt að helmingi úr innbústryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum að helmingi úr innbústryggingarlið fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 31. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 299/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs G.

Ágreiningur um bótaskyldu úr vegna vinnuslyss.

Gögn.

1. Málskot móttakið dags. 13. september 2017, ásamt fylgiskjöllum
2. Bréf V dags. 27. september 2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að málsatvik hafi verið þau að G hafi verið fengið til að flota gólf fyrir M. Við flotun gólfsins flæddi flot ofan í niðurfall, sem ekki var lokað fyrir, og komst þaðan í aðrar lagnir hússins sem olli talsverðum skemmdum og fjártjóni.

M telur að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi G ehf. M. telur að starfsmenn G hafi ekki gætt nægilega að öllum niðurföllum sem voru í því rými sem flotunin tók til. M. byggir málatilbúnað sinn m.a. á því að G sé sérfræðingar á sínu sviði og því þurfi þeir að gæta ríkrar aðgæsluskyldu. Með vísan til þess að gerðar eru ríkari kröfur til aðgæslu en almennt gerist, auk þess sem sérfræðingurinn á að vera betur í stakk búinn til að sjá fyrir mögulegar afleiðingar gjörða sinna, telur M að það verði að meta starfsmönnum G til gáleysis að hafa ekki aflað sér nægilegra upplýsinga um staðsetningu allra niðurfalla í rýminu áður en hafist var handa um flotun gólfsins. Það hafi staðið sérfræðingunum nær að afla upplýsinga um niðurföllin við framkvæmd verksins, svo sem teikningum af lögnum og niðurföllum, fremur en ófaglærðum verkkaupa að veita þær.

V hafnar bótaskyldu. V vísar til þess að samkvæmt íslenskum lögum beri menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögumætum hætti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta ber ekki ábyrgð á því tjóni, beri hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Samkvæmt gögnum málsins var G sagt frá tveimur niðurföllum í því rými sem það átti að flota og lokuðu starfsmenn þess þeim niðurföllum áður en farið var að flota. Daginn eftir hafi niðurföll í húsinu stíflast. Við skoðun kom í ljós að flot hafði lekið undir vegg í því rými sem var verið að flota, en umrætt niðurfall var staðsett undir veggnum og sást ekki með berum augum. Fyrir liggir að enginn vissi starfsmanna G hafi vitað af þessu niðurfalli, sem búið var að setja vegg yfir.

Eftir að V hafði sent Úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum athugasemdir sínar vegna málsskotsins barst nefndinni yfirlýsing frá sölustjóra málsskotsaðila um að hann hafi ekki upplýst verktaka um nein niðurföll í rýminu og kannist ekki við að nokkur hafi verið spurður um staðsetningu þeirra.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir í gögnum málsins voru starfsmenn G ekki upplýstir um tilvist umrædds niðurfalls sem var staðsett undir vegg í rýminu sem átti að flota. Gögn málsins bera með sér að niðurfallið hafi ekki sést með berum augum við skoðun á því rými sem átti að flota og ekkert hafi verið gefið til kynna um að önnur niðurföll en þau sem sást við eðlilega skoðun væru til staðar. Í ljósi þess að umrætt niðurfall sást ekki við eðlilega skoðun á rýminu, og engar upplýsingar voru gefnar um tilvist þess, er það mat nefndarinnar að það sé bæði rétt og eðlilegt að gera þá kröfu til verkkaupa við þessar aðstæður að hann upplýsi verktaka um tilvist tiltekins niðurfalls sem falið er undir vegg. Af þeim sökum telur nefndin að ekki sé hægt að fallast á það með M að umræddu tjóni hafi verið valdið með saknæmum hætti af hálfu starfsmanna G. Er því bótaskyldu V hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 14.11.2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, hrl..

Lúðvík Bergvinsson, hdl.

Mál nr. 300/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna sjúkdómatryggingar.****Gildissvið váttryggingarskilmála vegna veikinda á árinu 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 14.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 5.10.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M er í dag 56 ára gamall. Í læknisfræðilegum gögnum sem lögð hafa verið fram með málskoti kemur fram að sérfræðingar hafa greint M með sjúkdóminn „Dementia with Lewy Body“ eða alvarlegan heilahrönnunarsjúkdóm „þá líklegast Lewy sjúkdóm, þó ekki væri hægt að útiloka aðra möguleika eins og Alzheimer sjúkdóm, Framheilabilun.“ Um er að ræða greiningar tveggja sérfræðinga og einkennum M er frekar lýst í læknisvottorðum þeirra.

M telur að einkenni hans séu þess eðlis að hann sé haldinn þeim sjúkdómum sem tilgreindir eru í váttryggingarskilmálum sjúkdómatryggingar V, nánar tiltekið í gr. 6.12 (Alzheimersjúkdómur) og 6.13 (Parkinsonsjúkdómur) og hafi greinst með þá fyrir sextíu ára aldur, eins og áskilið sé. M bendir á að greining vegna veikinda M sé vegna sjúkdóms sem er á mörkum Alzheimer og Parkinson og frekari greining eigi sér ekki stað nema með krufningu heila. Í ljósi þess að ekki séu aðstæður til að greina sjúkdóminn frekar verði V að bera hallann af því. M vísar til þess að váttrygging M hjá V hafi verið seld sem hlut af lífeyrissparnaði M og verði því að líta til þeirrar markaðssetningaaðferða sem V hafi viðhaft í samvinnu við ráðgjöf banka um lífeyrissparnað. Frekari athugasemdir M lúta að því að gefa til kynna að söluráðgjöf við kaup á umræddri tryggingu, með því að ráðstafa hluta lífeyrissparnaðar til þeirra kaupa, hafi ekki haft hagsmuni lífeyrisþega í huga.

V telur að gildissvið váttryggingarsamnings M við V sé skýrt í váttryggingarskilmálum sjúkdómatryggingar. Þar komi fram að V greiði bætur ef M greinist með tiltekna sjúkdóma sem tilgreindir eru í 6. gr. skilmálanna með nánari skilyrðum. V vísar til þess að M hafi ekki formlega greinst með Alzheimer- eða Parkinsonsjúkdóm og því séu hugtaksskilyrði gr. 6.12 og 6.13 ekki uppfyllt gagnvart M, en læknisfræðileg gögn sýni ekki með greinilegum hætti að M hafi greinst með umrædda sjúkdóma. Einnig telur V að ekki sé vafi um það og því sé ekki fyrir hendi nokkur vafi sem túlka beri M í hag.

Álit.

Gildissvið sjúkdómatryggingar þeirrar sem M keypti hjá V er skilgreint í váttryggingarskilmálum fyrst og fremst. Skilur váttryggingin sig ekki frá öðrum sambærilegum váttryggingum. Þó M hafi keypt sjúkdómatryggingu með samningi um að hluti af iðgjaldi hans í lífeyrissparnaði sé ráðstafað til að borga iðgjald váttryggingarinnar verður ekki litið svo á að hún hafi sérstaka stöðu þegar kemur að sjúkdómatryggingavernd. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að upplýsingaskylda váttryggingafélagsins hafi verið vanrækt þegar váttryggingarsamningur komst á.

Í málinu liggja fyrir læknisfræðileg gögn um veikindi M. Í þeim gögnum kemur fram að líklegast sé að M sé haldinn heilahrönnunarsjúkdómi sem kenndur er við Lewy. Þó einkenni slíks sjúkdóms séu með einhverjum hætti svipuð og einkenni Alzheimer- og Parkinsonsjúkdóma kemur ekki fram með skýrum hætti í þessum gögnum að M hafi greinst með annan þeirra sjúkdóma. Í 6. gr. váttryggingarskilmála sjúkdómatryggingar M hjá V eru váttryggingaratburðir og skilgreiningar þeirra tæmandi taldar. Þó einkenni M svipi að einhverju leyti til einkenna þeirra sjúkdóma sem tilgreindir eru í 6.12 (Alzheimersjúkdómur) og 6.13 (Parkinsonsjúkdómur) verður ekki ráðið af þeim gögnum að M hafi greinst með annan hvorn þeirra sjúkdóma eða að skilyrði þeirra ákvæða séu að öllu leyti uppfyllt. Veikindi M falla því ekki undir gildissvið váttryggingarinnar, eins og því er lýst í 6. gr.

vátryggingarskilmálanna. Eru því ekki forsendur, m.v. þau gögn sem liggja fyrir, að V sé gert að greiða bætur úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík, 31. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 301/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Suðurlandsvegi við afleggjarann að Sólheimajökli 4.8.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14.9.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V-1 dags. 28.9.2017
3. Bréf V-2 dags. 20.9.2017
4. Athugasemdir lögmanna M dags. 20.9.2017.

Málsatvik.

Báðum bifreiðunum var ekið austur Suðurlandsveg og var B fyrir framan A. Eftir að ekið hafði verið yfir einbreiða brú færði B sig yfir á afrein en gaf síðan stefnuljós til vinstri skv. lýsingu ökumanns A. Ökumaður A taldi að B ætlaði að stoppa á afreininni og ók fram úr B vinstra megin og lenti á vinstri framhlið B og ökumaður A missti stjórn á bifreiðinni. Vitni segja að ökumaður B hafi hægt á B á miðjum vegi og verið hikandi nokkra stund en um leið og ökumaður B hafi beygt til vinstri hafi þau séð A sveigja framhjá B vinstra megin en rekist á B og segja vitnin að A hafi verið á mikilli ferð.

Álit.

Árekstur bifreiðanna varð á gatnamótum þar sem ökumaður A freistaði þess að aka fram úr B án þess að sýna nægjanlega aðgæslu. Þrátt fyrir að ökumaður B hafi verið hikandi nokkra stund eins og vitni bera áður en ökumaður B gaf stefnumerki til vinstri, þá verður ekki séð að ökumaður A hafi hagað akstri sínum svo sem honum bar að gera við þessar aðstæður og framúrakstur á gatnamótum. Ökumaður A ber því sök á árekstrinum. Ökumaður B hugaði ekki að umferð fyrir aftan sig áður en hún beygði til vinstri og vanrækti með því að sýna þá aðgæslu og varkárni sem henni bar. Ökumaður B ber því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir ekki rétt að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 31.10. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 302/2017
M
og váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega A.

Krafa um bætur úr slysatryggingu launþega. Tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004

Gögn.

1. Málskot, móttakið 18. september 2017, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 29. september 2017, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var á leið heim úr vinnu þann 23. janúar 2015 þegar hún féll fram fyrir sig í hálfu. Bar hún fyrir sig hendur og meiddist á hægri úlnlið. M leitaði samdægurs á slysa- og bráðadeild Landspítala og var greind með tognun á úlnlið. Vegna þráláttra verkja fór M í segulómun 6. mars 2015 sem sýndi ekkert sem gat skýrt verki í úlnliðnum. Sterum var sprautað í úlnliðinn 26. mars 2015 og aftur 2. ágúst 2016 án árangurs auk þess sem bólgueyðandi lyf voru reynd. M fór aftur í segulómun 8. nóvember 2016 sem aftur sýndi ekki ástæður verkja. Tjónið var tilkynnt til V þann 28. apríl 2017. V hafnaði bótaskyldu með tölvupósti dags. 4. maí 2017 á þeim forsendum að tjónið hafi verið tilkynnt eftir að ársfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. váttryggingarsamningalaga nr. 30/2004 var liðinn.

M telur að allt of snemmt hafi verið að beita 1. mgr. 124. gr. váttryggingarsamningalaga þar sem M hafi lengi verið að reyna að fá bót meina sinna og hafi haft væntingar um að meðferðir bæru árangur og að úlnliðurinn myndi lagast að fullu. Það hafi ekki verið fyrr en í skoðun í mars 2017 sem ljóst hafi verið að meiðslin væru varanleg og því sé ekki unnt að beita 1. mgr. 124. gr. framangreindra laga.

Í bréfi V frá 29. september 2017 kemur fram að M hafi haft mikil óþægindi frá úlnliðnum allt frá slysdegi og verið í ýmsum meðferðum án þess að fá bata. Félagið líti svo á að ári eftir slys hafi M mátt vera ljós atvik sem krafa hennar um bætur út slysatryggingu launþega er reist á. Tilkynningarfrestur hafi því hafist þann 23. janúar 2016 og hafi því verið liðinn þegar tilkynning barst félaginu þann 28. apríl 2017.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um tímamarkið þar sem M eru ljós atvik sem krafa hennar um bætur úr slystryggingu launþega er reist á, sbr. orðalag 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga. M féll í hálfu þann 23. janúar 2015 og bar fyrir sig hendur með þeim afleiðingum að hún tognaði á úlnlið. Almennt mátti M gera ráð fyrir að jafna sig á áverkanum en sú varð ekki raunin, þrátt fyrir ýmiss konar rannsóknir og meðferð. Hún fór í myndatöku í mars 2015 sem skýrði ekki verki og sterasprautu síðar í sama mánuði. Verkir voru viðvarandi og fékk hún aftur sterasprautu 2. ágúst 2016 og fór svo í segulómun þann 8. nóvember 2016, sem enn sýndi ekkert sem skýrt gæti verkina. M fór enn í skoðun 17. mars 2017 þar sem fram kom að hún væri þreifiaum víða í hægri hendi. Að mati nefndarinnar er það í fyrsta lagi við sterasprautu, sem gefin var 2. ágúst 2016, sem M má vera ljóst að afleiðingar slyssins gætu verið varanlegar og því ber að miða við að M hafi fyrst þá fengið vitneskju um þau atvik sem krafan er reist á. Árs tilkynningarfrestur, skv. 1. mgr. 124. gr. váttryggingarsamningalaga nr. 30/2004, var því ekki liðinn þegar tilkynning barst V þann 28. apríl 2017 og á M því rétt til bóta úr slysatryggingu launþega, sem A var með hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega A hjá V.

Reykjavík 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir, lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 303/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið af völdum malar- eða steinkasts.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.9.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.10.2017.

Málsatvik.

Hinn 5. ágúst 2017 gaf ökumaður bifreiðarinnar A skýrslu hjá lögreglunni á Akranesi vegna tjónsatviks sem hann kvað hafa gerst á Borgarfjarðarbraut síðdegis 28. júlí 2017. Kvaðst hann hafa verið á leið í Húsafell í Borgarfirði og fljótlega eftir að hann var búinn að beygja inn á Borgarfjarðarbraut hafi hann komið að vegaframkvæmdum þar sem nýtt slitlag hafði verið lagt á veginn og hámarkshraði verið dreginn niður í 50 km á klst. Er hann ók eftir veginum á þessu nýja slitlagi hafi bifreið komið á móti á mikilli ferð og spýtt grjóti yfir A og við það hafi framrúða A brotnað og framendi rispast talsvert. Hann hafi fengið í hendurnar myndbandsupptöku úr annarri bifreið sem hafi verið ekið fyrir aftan A þar sem hann hafi séð hvar bifreiðin B hafi mætt honum á miklum hraða eins og fyrir segir.

Lögregla hafði símasamband við M, eiganda B. Umræddan dag kvaðst M hafa ekið um Borgarfjarðarbraut á leið frá Reykholti til Reykjavíkur. Hún mundi þó ekki eftir að vegaframkvæmdir hafi verið á leiðinni eða ökuhraði verið lækkaður í 50 km á klst. Hún vildi þó ekki fullyrða það þar sem hún mundi það ekki alveg.

Fyrirgreind myndbandsupptaka var skoðuð af lögregluþjóni þeim sem ritaði skýrslu um atvikið. Samkvæmt lýsingu hans á upptökunni, sem fram kemur í lögregluskýrslunni, má sjá fyrirgreindar bifreiðir, A og B, mætast. Þar sjáist greinilega að lausamöl hafi verið á veginum „sem vel gæti hafa kastast frá einni bifreið yfir á aðra.“ Einnig sjáist hvernig grjót spýttist af annarri bifreið sem hafi komið á eftir B á bifreiðina úr hverri myndbandið var tekið upp. Myndbandsupptakan er sögð vera vistuð á lögreglustöðinni á Akranesi.

Af málskoti má ráða að M fallist ekki á að hún beri fébótaábyrgð á tjóni því sem varð á A og það fáist bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V. Samkvæmt gögnum málsins verður ráðið að V geri ekki athugasemdir við málskotið.

Álit.

M, ökumaður og eigandi B, mótmælir því að tjón á A verði bætt úr ábyrgðartryggingu B. Samkvæmt lýsingu í lögregluskýrslu af fyrirgreindri myndbandsupptöku má ráða að A og B hafi mæst á Borgarfjarðarbraut og þar hafi laust grjót verið á veginum sem gæti skotist undan bifreið og á aðra. Af lýsingunni að dæma verður ekki ráðið að á upptökunni hafi mátt sjá steina eða mól spýttast undan B og yfir A. Á hinn bóginn hafi mátt sjá grjót spýttast frá annarri bifreið sem kom á eftir B og á bifreið sem var ekið á eftir A. Öðrum sönnunargögnum er ekki til að dreifa í málinu um það að grjót hafi skotist undan hjólum B og valdið tjóni á A. Gegn mótmælum M verður að telja ósannað samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að hún, sem eigandi B, beri ábyrgð á tjóni því sem varð á A.

Niðurstaða.

M ber ekki bótaábyrgð á tjóni á A sem bættist því ekki úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 31. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 304/2017**M og
váttryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
váttryggingafélagið V- vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á hringtorgi á Dalvegi, við Sorpu, Kópavogi, 22.8.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið dags. 19.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 23.10.2017

Bréf V2, dags. 3.10.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð á hringtorgi á Dalvegi, móts við Sorpu. A og B var ekið austur Dalveg með fyrirhugaða akstursstefnu áfram Dalveg til austurs. Árekstur varð skömmu eftir að bifreiðarnar voru komnar út úr hringtorginu. Ökumaður B kveðst hafa ekið inn á hringtorgið af hægri akrein og ekið sem leið lá í gegnum hringtorgið á ytri akrein. Ökumaðurinn segir að A hafi verið ekið á B þegar A var ekið af innri hring hringtorgsins og beint út á hægri akrein hringtorgsins. Ökumaður A kveðst hafa verið búinn að skipta um akrein eftir að hafa ekið út úr hringtorginu þegar B hafi verið ekið á A.

Í málskoti kemur fram að ökumaður A telur ljóst af ákomum á ökutækin að um aftanákeyrslu hafi verið að ræða. Einnig sé hakað í reit 8 á tjónaskýrslu, sem felur í sér að B hafi ekið aftan á A. Því beri ökumaður B alfarið ábyrgð á tjóninu. Í athugasemdum V2 kemur fram að tjónstilkynning sé nokkuð ónákvæm. Fram komi m.a. að B hafi skipt um akrein en af afstöðumynd á tilkynningunni megi hins vegar greina að það var A sem skipti um akrein rétt áður en árekstur varð. Þrátt fyrir þann rugling megi af öðrum gögnum málsins ráða að óumdeilt sé að áreksturinn hafi orðið með þeim hættu að A var á vinstri akrein á leið út úr hringtorginu og B samsíða henni á hægri akrein, einnig á leið út úr hringtorginu, þegar A hafi verið beygt til hægri af vinstri akrein yfir á þá hægri í sömu mund, eða rétt eftir að bifreiðunum var ekið út hringtorginu. Ökumaður B hafi gefið hljóðmerki með flautu bifreiðarinnar til að aðvara ökumann A en það hafi ekki dugað til og því hafi B lent á hægri afturhorni A. V2 telur að í ljósi þess stutta tíma sem leið frá akreinaskiptum þar til árekstur varð megi ætla að ökumaður A hafi farið inn í það bil sem ökumaður B hafði skapað sér, skv. 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga, á þeirri akrein sem hann ók og A var ekið inn á. Áreksturinn verði því rakinn til akreinaskiptanna og þess að ökumaður A hafi brotið gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga. Þá sé ekkert í gögnum sem bendi til þess að B hafi verið ekið ógætlega.

Álit.

Af gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en að A hafi verið ekið í veg fyrir B um leið, eða mjög skömmu eftir, að ökutækin komu út úr hringtorginu og hafi því brotið gegn 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Ökumaður bifreiðar A ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 305/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans X
og fasteignasölnunnar Y.

Skaðabótaábyrgð fasteignasala vegna sölu fasteignar að Engjadal 2, með
kaupsamningi dags. 3.12.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 19. september 2017 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 25. september 2017 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M keyptu íbúð að A, Reykjavík með kaupsamningi um eignina dags. 3. desember 2015 og var eignin afhent 3. janúar 2016. Í söluýfirliti eignarinnar undir liðnum gallar segir: „sjá skjal um málaferli húsfélags“. Skjalið var ekki kynnt M í söluferlinu. Í yfirlýsingu húsfélags dags. 1. nóvember 2015 kemur fram að fyrirtækið Eftirlit og hönnun hafi framkvæmt úttekt á húsnæðinu vegum húsfélagsins 3. september 2014. Í málskoti M kemur fram að úttektin hafi ekki verið kynnt söluferlinu. Þá hafi hvorugt fyrrnefndra skjala verið hluti af fylgiskjölum við sölu eignarinnar.

Fram kemur í málskoti M að fljótlega eftir að þau fluttu inn í fasteignina hafi farið að bera á rakaskemmdum og sveppamyndun í gluggum og vaski, ásamt því sem hiti í gólfi virkaði ekki og vaskur var ónýtur. Sendu M því tölvupóst á X og framkvæmdastjóra fasteignasölnunnar ann 24. janúar 2016 og spurðust fyrir um hvað þau ættu að gera í ljósi þeirra galla sem þau höfðu orðið vör við. Þann 27. janúar sendi X þeim samskipti sín við formann húsfélagsins þar sem fram kemur að matsmaður hafi nýlega tekið út húsið og að aðeins hafi borið á leka- og rakaskemmdum en ekki myglu. Þann 19. febrúar sama ár sendu M tölvupóst til X og spurðust fyrir um hljóð sem heyrðust í óveðrum og hvoft úttektin hafi tekið til hljóðanna. Tjáði X þeim að svo hafi verið.

Í kjölfarið óskaði M eftir því við X að fá sent afrit af fyrrgreindri úttektarskýrslu og fengu þau hana senda þann 22. febrúar 2016. Í skýrslunni, sem er dagsett þann 22. janúar 2015 kemur fram lýsing á ýmsum göllum á fasteigninni að A og að viðgerðir muni kosta samtals kr. 23.112.056,-. Upplýsti X ekki sérstaklega um framangreinda galla og ágreining þeim tengdum í sölumeðferð fasteignarinnar.

M telur að X hafi brotið gegn ákvæðum 12. og 13. gr. laga nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa, með því að hafa ekki getið sérstaklega um galla fasteignarinnar í söluýfirliti eignarinnar. Þá vísar M til þess að samkvæmt c-lið 2. mgr. 11. gr. lagana sé sérstaklega tekið fram að fasteignasali skuli í söluýfirliti upplýsa um ástand og galla fasteignarinnar sem honum er kunnugt um. Þá beri fasteignasali ábyrgð á því ef upplýsingar í söluýfirliti reynast rangar eða ófullnægjandi, sbr. 2. mgr. 12. gr. laganna. Byggir M á því að X hafi sýnt gáleysi með því að hafa ekki upplýst M um þá galla á eigninni sem voru útlistaðir í úttektarskýrslunni sem Eftirlit og hönnun framkvæmdi, en í þeirri skýrslu hafi komið fram upplýsingar sem hefðu haft veruleg áhrif á afstöðu M til tilboðsgerðar. M telur að með hliðsjón af þessu beri X skaðabótaábyrgð skv. 27. gr. laga nr. 70/2015 og beri að greiða bætur úr starfsábyrgðartryggingu hans sem fasteignasala hjá V.

V hafnar greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu X og vísar til þess að ekki sé sýnt að M hafi orðið fyrir tjóni sem rakið verði til saknæmrar háttsemi X. M hafi við kaupin haft upplýsingar um að fyrirhuguð væri málaferli af hálfu húsfélagsins gegn byggingarstjóra fasteignarinnar vegna galla, auk þess sem þeim hafi verið kunnugt um að úttektarskýrsla hafði verið gerð til að leggja mat á gallana. M hafi því verið fulljóst um tilvist skýrslunnar og fyrirhuguðu málaferli en þó ekki látið það stöðva sig við kaupin. Telur V því ósannað að málinu hefði lokið með öðrum hætti ef skýrslan hefði legið fyrir við kaupin. Þá vísar félagið til þess að ósannað sé að M hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni og vísar til þess að M hafi verið veittur afsláttur af söluverðinu, þar sem eignin hafi verið seld nokkuð undir ásettu verði.

Álit.

Í lögum nr. 70/2015 um sölu fasteigna og skipa kemur fram í 10. gr. að fasteignasali skuli gera söluþfirlit vegna fasteignar sem hann er með í sölumeðferð og í 11. gr. kemur fram hvert efni söluþfirlits skuli vera. Þar er sérstaklega tilgreint í c.lið 2. mgr. að söluþfirlit skuli geyma „upplýsingar um ástand eignar og einstakra hluta hennar, þar á meðal um galla sem seljanda og/eða fasteignasala er kunnugt um á eign“. Í j. lið sömu greinar kemur síðan fram að söluþfirlit skuli geyma „önnur atriði sem kunnugt er um, svo sem skýrslur um ástand eignar sem gerðar hafa verið.“

Verður að telja það gáleysi af hálfu fasteignasalans að hafa ekki getið sérstaklega um fyrirbyggjandi galla á eigninni í söluþfirliti. Fasteignasala bar jafnframt að afla upplýsinga, skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 70/2015 og þar sem skýrslur eru sérstaklega tilgreindar í j.lið 2. mgr. 11. gr. laganna verður að telja að það hvíli sérstök skylda á fasteignasalanum að upplýsa um hvort slík skýrsla sé til staðar og eftir atvikum tilgreina í söluþfirliti um þá galla sem þar er getið. Verður einnig lagt til grundvallar að það hafi verið auðvelt að gera það í þessu tilviki. Verður því að fallast á að skilyrði skaðabótaábyrgðar fasteignasala séu uppfyllt skv. 27. gr. laga nr. 70/2015 og þar af leiðandi bótaskylda úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala hjá V.

Það sem eftir stendur er hins vegar að taka afstöðu til þess hvort það gáleysi, sem felst í því að hafa ekki upplýst um galla á eigninni, hafi leitt til tjóns fyrir M. Í málinu liggur ekki fyrir sérstakt samþykki aðila um að fjallað sé um bótafjárhæðir, sbr. 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005. Þá liggja ekki fyrir nákvæmar upplýsingar um tjón M, svo sem hvort eða að hve miklu leyti tjónið hafi fengist bætt úr váttryggingu byggingarstjórans eða í formi afsláttu. Af framangreindum ástæðum verður því ekki tekin afstaða til bótafjárhæða.

Niðurstaða.

Fallist er á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V en ekki er tekin afstaða til ágreinings um bótafjárhæð.

Reykjavík 24. október 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 306/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Vinnuslys 18. nóvember 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 21.9.2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 2.10.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M hafi verið að vinna á vegum X í húsnæði Y, nánar tiltekið í skæralyftu að rífa niður svokallaðar afsogslagnir sem eru í um 3 metra hæð frá gólfi. M lýsir atvikum þannig að hann hafi verið við vinnu við að rífa lagnirnar í þeirri hæð og hafi ekki vitað fyrir en hann lá á gólfi skæralyftunnar. M var með sérstaka grímu með ryksíum sem X hafði útvegað honum vegna tilmæla frá Y. Eftir umrætt atvik hefur M verið með bólgur í öndunarvegi.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M þar sem vinnuáðstæður hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum m.v. að unnið var með hættuleg efni á vinnustað M. Vísað er til þess að ófullnægjandi loftræsting hafi verið á vinnustaðnum og áhættugreining hafi ekki verið fullnægjandi af hálfu X. Einnig er vísað til þess að m.t.t. þess hafi sú rykgríma sem M hafi verið uppálagt að hafa ekki dugað til að verja hann fyrir loftmengun.

V telur að vinna M hafi átt sér stað í samræmi við áhættugreiningu þá sem X var látin í té vegna þess vinnusvæðis sem unnið hafi verið í, en það vinnusvæði sé ekki í heild á forræði X heldur Y. V telur þau efnasambönd sem hafi myndað þær gufur sem leitt hafi til aðsvifs M hafi komið frá öðru svæði en því sem M var að vinna á og geti X ekki borið ábyrgð á því. Starfsmenn X hafi gert þær ráðstafanir sem unnt var að gera m.v. áhættugreiningu starfs M og sé ekki sýnt fram á að þær ráðstafanir hafi verið þess eðlis að skyldur gagnvart starfsmönnum X hafi verið vanræktar.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að áhættugreining hafi verið gerð fyrir störf starfsmanna X í húsnæði Y. Í henni er gert ráð fyrir að starfsmenn X noti sérstakar rykgrímur í ákveðinni hæð og verður ekki annað séð en að störf M og aðstæður verið í samræmi við þá áhættugreiningu. Ekki hefur verið sýnt fram á það með nægilega skýrum sönnunargögnum að X hefði átt þess kost að tryggja öryggi starfsmanna sinna með frekari ráðstöfunum vegna vinnu þeirra í húsnæði Y. Verður því ekki lögð skaðabótaskylda á X vegna líkamstjóns M og kemur ekki til greiðsluskyldu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 24. október 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 308/2017**M og
vátryggingafélagi V vegna ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 15. júlí 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 21.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 4.10.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M rann á blautu gólfi í svokölluðu tæknirými á vinnustað sínum og datt á hillu með þeim afleiðingum að hann skarst á únlið. Í tjónstilkynningu X til V dags. 15. ágúst 2016 kemur sérstaklega fram að M hafi runnið í bleytu sem og í tilkynningu X til Sjúkratrygginga Íslands. Í gögnum málsins kemur einnig fram að það virðist sem sápuvátur í svokölluðu tæknirými hafi fyllst við áfyllingu hans og sápuvatn hafi farið út á gólf í því rými. M hafi síðan dottið í því rými stuttu eftir það.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga líkamstjóns M vegna vanrækslu X sem vinnuveitanda á skyldum skv. lögum nr. 46/1980 sem og vegna saknæms aðbúnaðar á vinnustað og vegna slægrar verkstjórnar. Auk þess megi rekja líkamstjón M til saknæmrar háttsemi samstarfsmanna sem X beri ábyrgð á skv. reglunni um vinnuveitandaábyrgð. M byggir einnig á því að hann hafi verið óvinnufær frá slysdagi í 7 daga og við þær aðstæður hafi vaknað skylda X um að tilkynna um slysið til Vinnueftirlits ríkisins, skv. 79. gr. laga nr. 46/1980. Það hafi ekki verið gert og verði því að leggja frásögn M til grundvallar af aðstæðum á vettvangi. Þær hafi verið með þeim hætti að ekki hafi verið niðurfall eða frárennsli til að taka við vatni sem lak á gólf á vinnustaðnum, gólfefni hafi verið þannig að gólf hafi verið mjög hál í bleytu og lagerhillur húsnæðisins hafi verið með beittum endum sem hafi skapað hættu vegna slysa eins og M varð fyrir í greint sinn. M vísar til laga nr. 46/1980 um almennar skyldur atvinnurekanda til að skapa öruggar aðstæður á vinnustað sem og reglna um húsnæði vinnustaða nr. 581/1995 þar sem komi fram fyrir mæli í 5. mgr. 6. gr. að gera skuli ráðstafanir til að draga úr hálfu á gólfum þar sem þess gerist þörf. Einnig vísar M til þess að skort hafi verklagsreglur og leiðbeiningar til starfsmanna á vinnustað M um hvernig ætti að fylla á sápuvátur eða hvaða ráðstafanir ætti að gera þegar hann yfirfyllist. Auk þessa bendir M á að sá samstarfsmaður M sem sá um að fylla á sápuvátur hafi farið frá áfyllingunni með þeim afleiðingum að sápuvatn fór á gólf þar sem fleiri starfsmenn ganga um og hann hafi ekki gert sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir slyshættu þess vegna. Það hafi verið saknæm háttsemi af hálfu starfsmanns X sem X beri ábyrgð á.

V telur að ekki sé sýnt fram á saknæman vanbúnað á vinnustað M eða að X beri að öðru leyti skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyss hans. Ekki hafi verið í gildi reglur um að það ættu að vera niðurföll eða frárennsli í hverju rými, auk þess sem um bílaþvottastöð sé að ræða þar sem iðulega sé verið að vinna með vatn. Auk þess hafi áfylling sápuváturs verið einfalt verk sem hafi ekki þurft sérstakra leiðbeininga við. Einnig bendir V á að tilkynning til Vinnueftirlits hafi ekki þýðingu í málinu. V hafnar því einnig að það hafi verið gáleysi af hálfu samstarfsmanns M að fara frá áfyllingu á sápuvatnskút þar sem það skapaði ekki neina sérstaka hættu í bílaþvottastöð þar sem vænta mátti, í ljósi eðli starfseminnar, að gólf væru hál.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að tilkynningarskylda skv. 79. gr. laga nr. 46/1980 til Vinnueftirlits ríkisins var vanrækt af hálfu X vegna slyss M. Verður því að leggja til grundvallar frásögn hans af atvikum máls og aðstæðum á vinnustaðnum, sbr. fjölmörg dómfordæmi um slíka beitingu sönnunarreglna í skaðabótamálum. Þegar litið er til þess verður ekki annað séð en að slysið M verði rakið til saknæmrar háttsemi samstarfsmanns M við áfyllingu sápuvatnskúts á vinnustaðnum, sem leiddi til þess að sápuvatn flæddi um gólf í svokölluðu tæknirými þar sem starfsmenn þurftu að ganga um til að ná í hluti úr hillum. Leggja verður til grundvallar sápuvatn hafi þannig verið í meira magni en starfsmenn

hefðu mátt búast við og verður X að bera hallann af sönnunarskorti um annað. M telst því eiga fullan rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V, en háttsemi hans sjálfs telst ekki til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr.a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 14. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 309/2017**M og****vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á akstursleið bifreiðastæðis við Leifsstöð 29.8.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 28.9.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 29.9.2017.

Bréf V2, dags. 11.10.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu vegna árekstur bifreiðanna A og B kemur fram að þeim hafi báðum verið ekið um akstursleið bifreiðastæðis við Leifsstöð þegar árekstur varð. Bifreið A hafi ekið eftir stæðinu til austurs og bifreið B til norðurs. Báðir ökumenn segja á vettvangi að þeir hafi ekið mjög hægt í aðdraganda áreksturs og hvorugir séð til hins áður en árekstur varð.

M telur að leggja eigi alla sök á bifreið B þar sem henni hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður og gegn merktri akstursstefnu á bifreiðastæðinu. Einnig kemur fram í málskoti frá M að ökumaður bifreiðar B hafi viðurkennt sök á vettvangi.

V1 telur að leggja eigi til grundvallar að bifreið B hafi verið ekið of hratt miðað við aðstæður og gegn merktum akstursleiðum og þannig hafi ökumaður bifreiðarinnar ekki fylgt fyrirmælum 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Það hafi því verið ómögulegt fyrir ökumann bifreiðar A (M) að veita bifreið B forgang við akstur um bifreiðastæðið.

V2 telur að það eigi að leggja alla sök á ökumann bifreiðar A fyrir að hafa ekki virt almennan umferðarforfang á bifreiðastæðinu, sbr. fyrirmæli 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga um að veita umferð frá hægri forfang. Bifreið A hafi haft bifreið B á hægri hönd og hafi því ökumaður bifreiðar A (M) átt að veita bifreið B forgang.

Álit.

Í lögregluskýrslu er haft eftir báðum ökumönnum á vettvangi að hvorugur hafi séð til hins áður en árekstur varð og bera báðir að þeir hafi ekið á litlum hraða eða um 10 km/klst. Við þær aðstæður sem uppi eru á bifreiðastæðum verður að gera þær kröfur til ökumanna að þeir gæti að annarri umferð og horfi fram fyrir sig við akstur. Ekki er að sjá að ökumenn bifreiða A og B hafi gert það með fullnægjandi hætti í greint sinn. Af öðrum gögnum málsins verður heldur ekki ráðið að aðalorsök áreksturs hafi verið sú að ökumaður bifreiðar A gætti þess ekki að veita forgang um akstur skv. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga. Með hliðsjón af atvikum öllum verður áreksturinn rakinn til óaðgæslu beggja ökumanna og er sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 310/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar G.

Maður varð fyrir fiski sem starfsmaður henti í fiskikar 26.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 28.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 3.11.2017.

Málsatvik.

M segir málsatvik hafa verið þau að skipsfélagi hans á skipi sem G gerir út, hafi verið að vinna við skiljara og verkefni skipsfélagans hafi m.a. verið að tína úr aflanum þann fisk sem ekki átti að fara í lestar og henda honum í fiskikar á dekkinu rúmunum tveimur metrum neðar. M segist hafa verið að ganga eftir dekkinu og fengið fisk, sem ofangreindur skipsfélagi hans kastaði, í höfuðið og hafi meiðst við það. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu G útgerðar skipsins og segir óforsvaranlegt að starfsmaður hendi þungum fiskum yfir gönguleið og það hafi verið of lítið að hafa bara einn mann við það verkefni sem ofangreindur skipsfélagi hans vann við í umrætt sinn og hann hefði ekki getað fylgst með mannaferðum um dekkið. Þá byggir M á því að ofangreindur starfsmaður hafi gert mistök og ekki gætt nægjanlegrar varúðar við vinnu sína. Starfsmaðurinn sem henti fiskinum segist ekki hafa séð M fyrir en fiskurinn lenti á honum. V hafnar bótaskyldu og telur ekki vera sýnt fram á orsakatengsl á milli atviksins 26.6.2008 og þeirra einkenna sem M rekur til þess atburðar sem þá gerðist. V segir að rúm fimm ár líði milli þess að M fái útgefið áverkavottorð, eða 21.4.2009, og til þess tíma að hann leiti til lögmanns og í kjölfarið á heilsugæsluna vegna einkenna frá hálsi. M eigi engar skráðar komur til lækna eða heilsugæslu á þessu tímabili, sem M reki til slyssins. Þá segir V að um óhappatívik hafi verið að ræða og ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði sakarreglunnar sé uppfyllt. Þá bendir V á að M hafi verið 2. stýrimaður og yfirmaður á dekki og hafi haft forræði á mannskapnum sem þar vann í umrætt sinn og hafi vitað nákvæmlega um verklag sem var viðhaft. Þá segir V að um alvanalegt verklag hafi verið að ræða.

Álit.

Umrætt atvik varð 26.6.2008 og fékk M læknisvottorð um áverka sína dags. 21.4.2009. Samkvæmt gögnum málsins leitar hann síðan ekki til lækni eða heilsugæslu fyrir en síðla árs árið 2014 og á engar skráðar komur til lækni eða heilsugæslu vegna atviksins 26.6.2008 á um fimm ára tímabili. Ekki liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem sýna fram á eða gera sennilegt að orsakatengsl séu á milli þess áverka sem M varð fyrir 26.6.2008 og þess sem var að hrjá hann á árinu 2014 og síðar. Orsakatengsl á milli þeirra einkenna sem M krefst bóta fyrir og atviksins þ26.6.2008 eru því ósönnuð og þegar af þeirri ástæðu á M því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr

ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 12.12.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 311/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar N.

Starfsmaður lenti með fingur í sinaflettivél og slasaðist. 27.12.2016

Gögn.

1. Málskot móttakið 2.10.2017 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 12.10.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M var að hreinsa nautavöðva í sinaflettivél og skrikaði fótur og fór með litlafingur vinstri handar í valsinn og slasaðist. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu N hjá V og byggir á því að vélin sem M vann við hafi ekki uppfyllt þær öryggiskröfur og mikil slyshætta fylgi notkun hennar. Þá hafi hún verið án nauðsynlegs hlífðarbúnaðar. M segir verkstjórn hafa verið áfátt og slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlitsins svo sem lög mæla fyrir um. V hafnar bótaskyldu og segir að M hljóti að hafa hvílt fótinn á fótstigi vélarinnar, því annars hefði vélin ekki verið í gangi. V hafnar því að vélin uppfylli ekki öryggiskröfur, hún sé CE merkt og á henni séu varúðarmerkingar. V segir að ekki sé hlíf á valsinum og ekki hægt að koma slíku við á svona vél. Vélin sé enn í notkun nákvæmlega eins og hún var þegar M slasaðist. V segir að vélin sé búin fótstigi og fari vélin í gang þegar stigið er á það og stöðvist þegar fótur er tekinn af því. V mótmælir því að verkstjórn hafi verið ábótavant og segir M sem er 27 ára hafa unnið við svipuð störf og unnið hjá N í nokkra daga áður en slysið varð. V segir rétt að N hafi ekki kallað til lögreglu eða Vinnueftirlit, en engin ágreiningur sé um það hvernig slysið varð og vélin sé enn á sínum stað óbreytt.

Álit.

Hvorki Vinnueftirlit eða lögregla voru kölluð til eftir að slysið varð svo sem N bar að gera, en ekki er ágreiningur um það með hvaða hætti slysið bar að höndum og fyrir liggur og ómótmælt að vélin sem M vann við í umrætt sinn sé enn til staðar og óbreytt frá því sem var þegar M slasaðist. Ekki er sýnt fram á það vélin sem M vann við hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur og viðhlítandi varúðarmerkingar hafi ekki verið til staðar á vélinni sbr. myndir sem fylgja með í gögnum málsins. Þá verður ekki séð að hlífum verði komið fyrir á vélinni sem hefðu komið í veg fyrir slys eins og það sem varð þegar M lenti með höndina í vélinni, vegna þess að henni skrikaði fótur. Einnig er ósannað að skortur á verkstjórn og leiðbeiningum hafi verið þess valdandi að slysið varð og hefur staðhæfingu V um reynslu M af störfum sem þeim sem hér ræðir um ekki verið mótmælt. Ekki hefur því verið sýnt fram á saknæman vanbúnað á verkstað eða að verkstjórn hafi verið ófullnægjandi þannig að orsakasamband sé milli þess og slyss M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu N hjá M.

Reykjavík 14.11.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 312/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Starfsmaður klemmdi finger við að losa landfestar 28. nóvember 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. október 2017 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 19. október 2017 ásamt gögnum.

Málsatvik.

M var sem starfsmaður G að vinna við löndun úr skipinu S, sem er gert út af útgerðarfélaginu X. Að löndun lokinni var M að leysa landfestar S af bryggjupolla þegar finger hans klemmdust á milli bryggjupollans og landfestanna með þeim afleiðingum að hann missti framan af fingrum vinstri handar.

Af hálfu M er málavöxtum lýst með þeim hætti að hann hafi fengið merki um að losa landfestar og hann hafi verið búinn að losa landfestarnar af hægri hluta bryggjupollans, en vantað meiri slaka til að geta losað hann vinstra megin. Kveðst hann hafa hrópað „slaka“ tvisvar til þrisvar til áhafnarmedlima S. Hann hafi verið með vinstri hendi í lykkju að reyna að losa hana en í stað þess að fá slaka hafi verið híft í landfestarnar. Við það hafi finger hans klemmst svo hann sat fastur við pollann í 5-10 sekúndur, þar til hann fékk slaka.

Um borð í S er glussavinda sem dregur inn umrædda landfesti. Stjórnþæki hennar eru staðsett í brúnni þar sem stýrimaður var í umrætt sinn. Stýrimaðurinn og M voru ekki í sjónlínu og ekki í talstöðvarsambandi. Fóru samskipti á milli þeirra því fram með þeim hætti að háseti, sem staðsettur var aftur á svokölluðum bögglabera skipsins og var í sjónlínu við bæði M og stýrimanninn kom merkjaskilaboðum á milli þeirra.

Samkvæmt því sem fram kemur í skipsdagbók S atvikaðist slysið með þeim hætti að hásetinn hafi séð að M var búinn að losa landfestina og fengið merki frá M um að hífa. Hafi M haldið í landfestina með vinstri hendi en gefið merki með uppréttri hægri hönd um að hífa. Í stað þess að sleppa landfestinni þegar byrjað var að hífa hafi M haldið í hana og tekið skref áfram þegar vindan tók í landfestina. Hafi lykkjan þá krækst utan um bryggjupollann og finger M orðið á milli. Kannast hásetinn ekki við að M hafi hrópað „slaka“. Þá kemur fram að veður hafi verið stillt og hefðu hróp M því átt að heyrast vel til hásetans þar sem einungis um 5 metrar voru á milli þeirra.

G tilkynnti slysið til Vinnueftirlits ríkisins (VER) daginn eftir slysið. Í tilkynningunni kemur fram að um leið og M ætlað að smeygja landfestinni af bryggjupollanum hafi áhafnarmedlimir S híft í landfestina með þeim afleiðingum að M klemmdist á milli landfestar og bryggjupollans.

M telur X bera skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hann hlaut við atvikið. Vísar M til þess að starfsmenn X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hífa í landfestina áður en þeir höfðu fengið skýr skilaboð um að hann hefði lokið við að losa landfestar. Þvert á móti hafi hann kallað eftir slaka sem gaf það til kynna að hann væri ekki búinn. Þá gerir M athugasemdir við að VER hafi ekki verið kallað til samdægurs. Þá hafi lögregla heldur ekki verið kvödd til og engar skýrslur teknar af starfsmönnum. Verði X því að bera hallann af öllum vafa um málsatvik.

V vísar til þess að VER hafi ekki verið kallað til samdægurs, þar sem ekki hafi legið fyrir að slysið væri jafn alvarlegt síðar kom í ljós. VER hafi þó verið kallað til innan sólahrings frá því að slysið varð líkt og skylt er skv. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980. Þá innihaldi skipsdagbók samtímagögn um málsatvik.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til VER öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. Gögn málsins bera með sér að starfsmönnum X mátti strax vera ljóst að um væri að ræða alvarlegt slys sem myndi leiða til óvinnufærni M í fleiri en einn dag. Verður því litið svo á að skilyrði 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 um að tilkynna slysið til VER án ástæðulausrar tafar sé ekki uppfyllt í máli þessu. Með hliðsjón af dómaframkvæmd Hæstaréttar verður frásögn M um atvik því lögð til grundvallar við mat á skaðabótaábyrgð X. Með hliðsjón af frásögn hans um að híft hafi verið án þess að hann hafi gefið skýr fyrirmæli um það sjálfur verður að líta svo á að um gáleysi af hálfu starfsmanna X hafi verið að ræða og verði X að bera hallann af þeim misskilningi sem upp hafi komið. Á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X þar sem starfsmenn X gættu ekki fyllsta öryggis við að hífa landfestina í umrætt sinn.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 14. nóvember 2017

Póra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 313/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ barnatryggingar.****Gildissvið barnatryggingar vegna andláts barns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 6.10.2017, ásamt fylgigögnum og athugasemdum með bréfi dags. 31.10.2017.
Bréf V, dags. 19.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 4. júlí 2014 fæddist A, sonur M. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins greindist A með „Othara syndrome“ sem er sjaldgæfur og alvarlegur hrörnunarsjúkdómur í miðtaugakerfi sem veldur m.a. floga- og krampaköstum og verulegri þroskaskerðingu. Í sjúkraskrá kemur fram að A hafi ítrekað verið lagður inn á sjúkrahús ýmissa veikinda.

Kveður M að í mars 2015 hafi hann fengið símtal frá vátryggingasöllumanni V. M kveðst hafa upplýst um að A væri langveikur og fjölfatlaður en sölumaðurinn hafi sannfært hann um að það skipti engu máli. Vátrygging vegna A tók tildi 17. mars 2015 og innihélt bæði aðhlyningarvernd og dánarbætur.

A lést 8. janúar 2016 og hinn 19. janúar 2016 tilkynnti M um andlát A til V. Í málskoti kemur fram að dánarorsök A hafi verið lungnabólga, sem rekja mætti til undirliggjandi veikinda A. M krefst dánar bóta úr barnatryggingu V og af málskoti má einnig ráða að krafist sé bóta vegna aðhlyningarverndar. Röksemdir M lúta að því að V hafi ekki sinnt upplýsingaskyldu sinni skv. 1. mgr. 64. gr. laga um vátryggingarsamninga með fullnægjandi hætti með því að upplýsa M ekki um verulegar takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar, sérstaklega í ljósi þess að M kveðst hafa upplýst um að A væri langveikur í símtali við vátryggingarsöllumann V. Þannig geti V ekki borið fyrir sig takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar. Einnig vísar M til þess að V hafi ekki verið heimilt að takmarka ábyrgð sína með þeim hætti sem gert var og vísar til 86. gr. laga um vátryggingarsamninga því til stuðnings. M vísar því á bug að hafa fengið tölvupóst frá V og bendir á að slíkur póstur hafi verið sendur á vitlaust netfang.

Með bréfi 12. maí 2017 hafnaði V greiðslu bóta úr barnatryggingunni með vísan til 21. gr. skilmála barnatryggingarinnar, þar sem segir að vátryggingin taki ekki til sjúkdóma, slyss, líkamsáagalla eða andlegs seinþroska/þroskaröskunar né heldur til afleiðinga slíks ástands hafi einkenni þessi sýnt sig áður en vátryggingin tók gildi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum hafi ástand það sem leiddi til veikinda og síðan andláts A þegar verið fyrir hendi þegar barnatryggingin tók gildi. Því sé réttur til dánarbóta ekki til staðar úr vátryggingunni.

Í athugasemdum sínum við málskotið hefur V gert nánari grein fyrir synjun sinni á bótaskyldu. Það telur að M hafi verið upplýstur í símtali af vátryggingasöllumanns um takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar sem var að finna í fyrrgreindri 21. gr. vátryggingarskilmálanna. Einnig vísar V til þess að M hafi fengið sendan tölvupóst um takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar. Einnig telur V að það sé ósannað að M hafi upplýst um veikindi A og ekki unnt að fallast á að M hafi getað haft réttmætar væntingar um að vátryggingin tæki til undirliggjandi sjúkdóma A, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Einnig vísar V til þess að því sé heimilt að takmarka ábyrgð sína með ákvæði eins og 21. gr. vátryggingarskilmála og vísar til þess að samkomulag hafi verið um að upplýsinga um heilsufar væri aflað, sbr. c.liður 1. mgr. 86. gr. laga um vátryggingarsamninga. V telur að lungnasýkingin og andlátið sé afleiðing af undirliggjandi ástandi A eða með öðrum orðum að nægjanleg tengsl séu milli þeirra veikinda sem A var haldinn fyrir töku vátryggingarinnar og þeirra veikinda sem að lokum drógu hann til dauða. Orðalag skilmálaákvæðisins sé skýrt, eðlilegt og málefnalegt í ljósi þess að ekkert áhættumat fari fram og lungnasýkingin og andlátið séu í raun afleiðingar undirliggjandi veikinda A sem hafi verið til staðar frá fæðingu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 64. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga skal váttryggingafélag, eða sá sem kemur fram fyrir þess hönd, sjá til þess við töku váttryggingar eins og hér um ræðir að váttryggingartaki fái nauðsynlega ráðgjöf um hvernig þörfum hans um váttryggingarvernd er mætt með váttryggingunni. Þá segir í 2. mgr. sömu lagagreinar að félagið skuli veita váttryggingartaka upplýsingar um mikilvæg atriði þeirra tegunda váttrygginga sem fullnægt geta þörf hans fyrir váttryggingarvernd. Félagið skal í því skyni meðal annars veita upplýsingar um skilmála og takmarkanir á gildissviði váttryggingarinnar miðað við það sem váttryggingartaki má með réttu ætla að hún taki til. Enn fremur er þess getið í 1. mgr. 69. gr. laganna að váttryggingafélög skulu sjá til þess að starfsemi sérhvers sem hefur með höndum sölu váttrygginga á þeirra vegum sé þannig háttáð að við öflun váttrygginga sé gætt hags váttryggingartaka, váttryggðra og annarra sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta.

Eins og mál þetta horfir við verður að líta til þess að M kveðst hafa sérstaklega upplýst í símtali því sem söluráðgjafi á vegum V átti við hann í mars 2015, að A væri langveikur og það hefði úrslitabýðingu fyrir M, er hann samþykkti að kaupa váttrygginguna, að hún tæki til heilsufars A eins og það var á því tímamarki, enda má fullvíst telja að þörf hans fyrir váttrygginguna hafi engin verið ef svo hefði ekki verið. Sú takmörkun sem fólst í 21. gr. váttryggingarskilmálanum fól því í reynd í sér verulega takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar fyrir M og það mátti söluráðgjafanum vera ljóst af upplýsingum sem M kveðst hafa látið í té. Var því brýnt, sbr. fyrrgreind lagaákvæði, að hann upplýsti M um þessa takmörkun og gengi úr skugga um að ekki færi á milli mála að M væri upplýstur um hana áður en hann samþykkti töku váttryggingarinnar. Við þessar sérstöku aðstæður verður að telja að V hafi sönnunarbyrðina um það að M hafi verið upplýstur um þá takmörkun sem fólst í 21. gr. skilmálanna áður en ábyrgð félagsins hófst. M undirritaði ekki váttryggingarbeiðni og gegn mótmælum M verður að telja ósannað að tilkynning V um gildistöku váttryggingarinnar hafi ekki verið send á netfang sem M réð yfir og hafði aðgang að. Þá var áminning í váttryggingarskírteini um að váttryggingartaki kynnti sér skilmála váttryggingarinnar og m.a. sérstaklega takmörkunarákvæði hans ekki svo afgerandi að ástæða væri fyrir M að ætla að takmörkun á gildissviðinu eins og mælt er fyrir um í 21. gr. myndi gilda í þeirri barnatryggingu sem hann tók fyrir A.

Verður því ekki séð hvernig V, eða sá sem kom fram fyrir þess hönd, hafi séð til þess að M hafi við töku váttryggingarinnar fengið nauðsynlega ráðgjöf um hvernig þörfum um váttryggingarvernd væri mætt með váttryggingunni, sbr. 1. mgr. 64. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Skilmála váttryggingarinnar verður því í þessu sérstaka tilviki að skýra með tilliti til þessa, svo og þeirrar skyldu V að viðhafa góða viðskiptahætti í starfsemi sinni og með hag váttryggingartaka og váttryggðra fyrir augum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi sem í gildi voru þegar váttryggingin var tekin.

Samkvæmt þessu og gögnum málsins virtum að öðru leyti verður að telja ósannað að við töku váttryggingarinnar hafi M vitað eða mátt vita um þá takmörkun á gildissviði váttryggingarinnar samkvæmt 21. gr. váttryggingarskilmála í því tilviki sem hér um ræðir. Af því leiðir að V getur ekki borið hið umdeilda skilmálaákvæði fyrir sig gagnvart þeim kröfum sem M hefur gert um bætur úr váttryggingunni. Samkvæmt þessu og með skírskotun til niðurstöðu nefndarinnar í málum nr. 395/2016, 42/2017 og 292/2017 telst M eiga rétt á bótum úr váttryggingunni vegna andláts A.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna andláts A úr barnatryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 314/2017
M og
vátryggingafélagið V v. greiðslukortatryggingar.

Gildissvið og undanþáguákvæði ferðatryggingar vegna afleiðinga veikinda 4.8.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 6.10.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2.
2. Bréf V dags. 25.10.2017.
3. Athugasemdir M dags. 1.11.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa verið á gönguleið umhverfis Mont Blanc í ferð sem skipulögð var af ferðaskrifstofu. Áætlaður ferðatími var 1-15. ágúst 2017, en 4. ágúst þurfti M að hætta í göngunni vegna háfjallaveiki og flaug M heim 6. ágúst 2017 vegna þess. M krefst bóta úr kortatryggingu sinni hjá V og segist M hafa verið á vinsælli gönguleið í umrætt sinn sem liggur um Sviss, Frakkland og Ítalíu og sé merkt með sérstöku merki sem gönguleið þar sem fjöldi fólks gangi um og því sé þessi gönguleið ekki utan alfaraleiðar. V hafnar bótaskyldu og vísar til undanþáguákvæðis í grein 1.8 í vátryggingaskilmálum þar sem segir að vátryggingin gildi ekki á ferðalögum á landi eða legi utan alfaraleiða og telur V að ákvæðið eigi við í tilviki M. Þá vísar V til þess að sérstaks búnaðar sé þörf til að fara þá gönguleið sem M var að ganga, sem sé um 170 kílómetrar og farið í allt að 2.700 metra hæð. M hafnar því að sérstaks búnaðar sé krafist við gönguferð þessa og þá hafi takmörkunarákvæði það sem V vísar til ekki verið kynnt fyrir vátryggingatökum.

Álit.

Ekki er ágreiningur um það að M hafi veikt og þurft að stytta ferð sína svo sem um getur í lýsingu málavaxta hér að framan. Ágreiningur er um það hvort undanþáguákvæði greinar 1.8 í vátryggingaskilmálum eigi við í tilviki M þar sem hún hafi í umrætt sinn verið „utan alfaraleiða“. Það ákvæði í vátryggingarsamningi, sem V vísar til, er undanþáguákvæði samningsins þar sem V semur einhliða vátryggingarskilmála hans. Þegar M veiktist af háfjallaveiki var hún á viðurkenndri gönguleið í ferð sem skipulögð var af ferðaskrifstofu um svæði þar sem þúsundir manna fara árlega. Með hliðsjón af því verður orðalagið „utan alfaraleiða“ ekki túlkað með það þröngum hætti að það nái yfir þær aðstæður sem M var í þegar hún veiktist. Ekki er því hægt að fallast á það með V að sýnt sé fram á að M hafi verið utan alfaraleiðar og á M því rétt á bótum úr ferðatryggingu greiðslukortatryggingar sinnar hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ferðatryggingu greiðslukortatryggingar sinni hjá V.

Reykjavík 28.11.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 315/2017**M
og
V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um hvort akstur á gangandi vegfaranda megi rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 2.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 9.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir kl. 16 þann 14. desember 2016 var M á leið til vesturs yfir Fjarðarhraun í Hafnarfirði á gangbraut að sunnanverðu verðu við gatnamót þeirrar götu og Hjallahrauns. Umferð um gatnamótin og gangbrautina er stjórnað með umferðarljósum. Í sömu andrá var A ekið suður Fjarðarhraun og yfir gatnamótin við Hjallahraun. Varð þá M fyrir A. Samkvæmt lögregluskýrslu var rökkur, rigning og mikil umferð. Lýsing er sögð engin þar sem ekki hafi verið búið að kveikja á götulýsingu.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 30-40 km hraða suður Fjarðarhraun og áleiðis yfir gangbrautina gegnt grænu ljósi. Hann kvaðst ekki hafa séð til ferða M fyrr en í sama mund og A lenti á henni. Þá hafi hann stöðvað A strax.

Síðar sama kvöld og slysið varð ræddi lögregla við M á slysa- og bráðadeild Landspítalans. Hún kvaðst hafa gengið á grænu gangbrautarljósi áleiðis yfir götuna en að öðru leyti kvaðst hún ekki muna eftir slysinu.

Fjögur vitni gáfu sig fram við lögreglu á vettvangi. Eitt vitnið kvaðst hafa ekið bifreið sinni næst á eftir A og hafi A verið ekið inn á gangbrautina gegn rauðu gangbrautarljósi. Annað vitni kvaðst hafa verið í bifreið sem hafi verið fremst á beygjuakrein fyrir umferð af Fjarðarhrauni úr suðri í beygju til vinstri vestur Hjallahraun. Þriðja vitnið kvaðst hafa verið í bifreið á beygjuakreininni næst á eftir síðastgreinda vitninu og fjórða vitnið kvaðst einnig hafa verið í bifreið á sömu beygjuakrein. Öll þrjú síðastgreindu vitnin kváðu A hafa verið ekið gegn rauðu ljósi.

M varð fyrir nokkrum áverkum við slysið, svo sem á höfði og hnjám. Hún telur ökumann A hafa valdið slysinu með stórkostlegu gáleysi og hefur krafist miskabóta skv. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 úr ábyrgðartryggingu A hjá V. Af hálfu V er bent á að rannsókn lögreglu vegna slyssins sé ekki lokið og því sé rétt að bíða með afgreiðslu málsins uns lögreglurannsókninni er lokið. Að öðru leyti telur V að ekki hafi verið sýnt fram á stórkostlegt gáleysi ökumanns A og því eigi M ekki rétt á miskabótum eins og hún gerir kröfu um í máli þessu.

Álit.

Í vettvangsskýrslu lögreglu liggja fyrir framburðir M, ökumanns A, svo og fjögurra vitna. Jafnvel þótt frekari rannsókn lögreglu á slysinu, sem viðbúið er að lúti fyrst og fremst að refsipætti málsins, sé ekki endanlega lokið er ekki talið að við þá rannsókn muni koma fram frekari upplýsingar sem þörf er á til að taka afstöðu til þess hvort ökumaður A hafi valdið slysinu með háttsemi sem verður virt honum til stórkostlegs gáleysi í skilningi 26. gr. skaðabótalaga. Verður málið því tekið nú til efnislegrar meðferðar.

Samkvæmt a. lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim, er heimilt er að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni að greiða miskabætur til þess sem misgert var við. Þótt ökumaður A beri því við að hann hafi ekið áleiðis yfir gatnamótin andspænis grænu ljósi bera fjögur vitni hins vegar að hann hafi ekið gegn rauði ljósi. Með vísan til þessara vitna verður að telja að lögfull sönnun sé fyrir því að ökumaðurinn hafi ekið á móti rauðu ljósi er hann ók yfir gatnamótin með þeim afleiðingum að M varð fyrir A. Þá varð hann ekki var við ferðir M á leið sinni yfir götuna fyrr en slysið varð. Þótt ósannað sé samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum að A hafi verið ekið óhæfilega hratt umrætt sinn verður engu að síður að telja

að ökumaðurinn hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi er hann ók gegn rauðu ljósi í þeirri andrá er slysið varð og varð ekki var við ferðir M í tæka tíð. M á því rétt á miskabótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á rétt á miskabótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 316/2017**Endurupptaka****M****og****V1 v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A****og****V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið vegna steinkasts frá annarri bifreið.****Gögn.**

Gögn sem lágu fyrir við úrskurð málsins 28.11.2017.

Beiðni M um endurupptöku málsins, dags. 10.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf (tölvupóstur) V1, dags. 15.12.2017.

Bréf V2, dags 18.12.2017.

Málsatvik.

Að morgni 13. ágúst 2017 var A ekið í átt að Landeyjahöfn. Er henni var ekið á vegarkafla með nýlagðri olíumöl var B ekið fram úr A og við það kastaðist mól yfir A. Með úrskurði nefndarinnar 28. nóvember 2017 var komist að þeirri niðurstöðu að nægilega teldist sannað að steinar hafi kastast undan hjólum B og lent á A og atvikið verði rakið til notkunar B í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga 50/1987. Hins vegar hafi engin gögn legið fyrir í málinu um tjón á A sem átti að hafa hlotist við steinkastið er B var ekið fram úr A og gegn mótmælum V2 var talið ósannað að tjón hafi orðið A sem fengist bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Ný gögn hafa nú verið lögð fram, þ.e. tjónsmat sem unnið var af tilteknu bifreiðaverkstæði fyrir annað váttryggingafélag svo og ljósmyndir af A, en hún mun hafa verið um þriggja mánaða gömul þegar atvikið gerðist. M átti þess ekki kost að leggja gögn þessi fram við meðferð málsins á sínum tíma. Með vísan til 10. gr. samþykktu fyrir nefndina, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, verður málið nú endurupptekið.

Álit.

Þegar litið er til aldurs A, svo og tjónsmats og ljósmynda sem nú liggja fyrir, verður að telja nægilega sannað að skemmdir hafi orðið á lakki A við atvikið. Tjón á A fæst því bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á rétt bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2 vegna tjóns á bifreiðinni A.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 316/2017**M
og
V1 v/ kaskótryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á bifreið vegna steinkasts frá annarri bifreið.****Gögn.**

Málskot, móttakið 3.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 25.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 18.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 8:35 að morgni 13. ágúst 2017 var A ekið í átt að Landeyjahöfn. Er henni var ekið á vegarkafli með nýlagðri olíumöl kvað ökumaður A að B hafi verið ekið fram úr A og ausið skæðadrífu af mól yfir framhlið, framrúðu og þak A. Nokkrar skemmdir („hvítar flögur“) hafi mátt sjá á vinstri hlið A, grilli, húddi og þaki auk þess sem framrúðan hafi verið með ummerki grjótkastsins.

Ökumaður B kvaðst minnst þess að hafa farið frá Hvolsvelli um kl. 8:30 umræddan morgun svo atvikið hljóti að hafa gerst nærri þeim slóðum. Hann kannaðist ekki við að hafa ekið ógætilega, né heldur að hættulegar aðstæður hafi skapast við aksturinn eða honum hafi verið gefið hljóðmerki. Hann varð þess heldur ekki var að B hafi rekist utan í aðra bifreið. Hann geti því ekki séð að hann beri ábyrgð á tjóni á A.

Þrír farþegar í A ásamt ökumanni hennar hafa undirritað sameiginlega yfirlýsingu, dags. 3. október 2017, þar sem segir m.a. að þau hafi verið á leið frá Reykjavík að Landeyjahöfn. Er þau nálguðust Landeyjahöfn við Hellu og Hvolsvöll hafi þau komið á vegarkafli með nýlagðri olíumöl og svo enn styttri vegarkafli um kl. 8:30. Ökumaðurinn hafi dregið úr hraða, en þá hafi hvítir sendibifreið, B, verið ekið fram úr A og við það hafi komið mikið grjótkast sem hafi lent á vinstri hlið A, framan á henni, á framrúðu og toppi hennar. Ökumaður B hafi ekið ótrauður áfram og svo hafi virst sem hann hafi ekki tekið eftir því sem gerðist. Er komið hafi verið að bifreiðastæðum við Landeyjahöfn hafi þau séð hvar verið var að leggja B en ekki náð að hafa tal af fólki sem var í bifreiðinni þar það hafi horfið í mannmegðina sem þarna hafi verið.

M, eigandi A, hefur krafist bóta vegna þess tjóns sem varð á A annars vegar úr kaskótryggingu bifreiðarinnar hjá V1 og hins vegar úr ábyrgðartryggingu B hjá V2. Bæði félög, V1 og V2, hafa hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í 4. gr. í kaskótryggingarskilmálum V1 eru tilgreindar tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til. Þannig segir m.a. í gr. 4.1 að félagið bæti „skemmdir á ökutækinu sjálfu, eða eðlilegum aukahlutum, svo sem grjótgrindum, silsalistum og venjulegum útvörðum, af eldingu, eldsvoða (ef eldur verður laus) og sprengingu sem stafar af honum, af árekstri, áakstri, veltu, útafakstri eða hrapi ökutækisins, grjóthruni, snjóflóði úr fjallshlíð og skriðufalli.“ Enn fremur segir í gr. 4.5 í skilmálunum að félagið bæti brot á rúðum ökutækisins, en ekki teljist brot þótt flísist úr rúðu eða hún rispist eða skrámist. Samkvæmt þessu og ákvæðum vátryggingarskilmálanna að öðru leyti verður ekki séð að tjón sem varð á A umrætt sinn hafi orðið af völdum tjónsorsakar sem vátryggingin tekur til. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr kaskótryggingu A hjá V2.

Ökumaður B kannaðist við að hafa ekið frá Hvolsvelli um það leyti sem atvikið varð. Samkvæmt þessu og með vísan til framburða þriggja farþega í A, sbr. og Hrd. 1964 bls. 138, verður að telja nægilega sannað að steinar hafi kastast undan hjólum B og lent á A. Umrætt atvik verður því rakið til notkunar B í skilningi 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga 50/1987. Hins vegar liggja engin gögn fyrir í

málinu um tjón á A sem á að hafa hlotist við steinkastið er B var ekið fram úr A. V2 hefur mótmælt bótaskyldu m.a. vegna skorts á sönnunargögnum um það tjón sem M kveður að hafi orðið á A umrætt sinn. Eins og málið liggur fyrir verður því að telja ósannað að tjón hafi orðið A sem fáist bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá V2.

Niðurstaða.

M á ekki rétt bótum úr kaskótryggingu bifreiðarinnar A hjá V1, né heldur úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar B hjá V2.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 317/2017
M og
vátryggingafélagið V v. réttaraðstoðartryggingar fjölskyldutryggingar

Gildissvið og undanþáguákvæði réttaraðstoðartryggingar vegna málssóknar.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 3.10.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
2. Bréf V, dags. 19.10.2017 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M keyptu fasteign í Reykjavík og er ágreiningur um greiðslu eftirstöðva kaupssamningsverðs fasteignarinnar. M segja að eftir gerð kaupsamnings hafi komið upp atriði sem seljendur hefðu átt að upplýsa þau um, en ekki gert m.a. að húsfélagið ræki mál gegn byggingarstjóra hússins og vátryggingafélagi hans og þá hafi komið í ljós gallar á eigninni sem að mati M eru bótaskyldir af hálfu seljenda. Seljendur eignarinnar höfðuðu mál á hendur M með stefnu útgefni 8.9.2017 til heimtu lokagreiðslu kaupverðs eignarinnar og tóku M til varna í því máli. M krefjast bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V vegna ofangreindra málaferla og segja að ágreiningurinn varði þau ekki sem eigendur fasteignar heldur lúti ágreiningurinn að framkvæmd kaupsamnings milli kaupanda og seljanda vegna sviksemi seljenda. Þá varði dómsmálið M sem aðila að kaupsamningi en ekki sem eigendur fasteignar. V hafnar bótaskyldu og telur ljóst að M hafi verið eigendur umræddrar fasteignar frá 4.4.2016 þegar kaupsamningur um eignina var undirritaður og ágreiningur í málinu varði M sem kaupendur og verðandi eigendur fasteignarinnar. Þá segir V að ágreiningurinn hafi komið upp þegar lögmaður M tilkynnti seljendum að M mundu halda eftir greiðslu á gjalddaga 6.6.2016, en á þeim tímapunkti hefðu M ekki verið með fasteignatryggingu hjá V í samfelldu tvö ár samliggjandi. Varðandi bótaskyldu úr réttaraðstoðartryggingu vísar V til f liðar 38.gr. vátryggingaskilmála þar sem mál sem varða vátryggða sem eigenda fasteignar er sérstaklega undanskilin.

Álit.

Ágreiningur í máli þessu varðar M sem eigendur fasteignar. Við undirritun kaupsamnings og greiðslu hluta kaupverðsins við undirritun kaupsamnings eignuðust M ákveðinn eignarrétt í eigninni. Þar sem málið varðar M sem eigendur fasteignar, með vísan til f. liðar 38.gr. vátryggingaskilmála þar sem bótaréttur eigenda fasteigna úr réttaraðstoðartryggingu M hjá V er undanskilin, eiga M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt til bóta úr réttaraðstoðartryggingu sinni hjá V vegna málssóknar seljanda eignarinnar á hendur þeim til heimtu kaupssamningsgreiðslu skv. kaupssamningi aðila.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.11. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 318/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 12. janúar 2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 3.10.2017, ásamt fylgiskjölum og viðbótarathugasemdum með tölvupósti dags. 1. nóvember 2017.

Bréf V, dags. 25.10.2017.

Málsatvik.

M slasaðist í vinnuslysi 12. janúar 2017 þar sem hann var við vinnu sína sem bakari. Í tjónstilkynningu til V sem lögmaður M undirritar er atvikum þannig lýst: „Var að þrifa rúnstykkið á vél. Þurfti að fara með hendina inn í vélina á meðan hnífarnir voru ekki alveg komnir í kyrrstöðu, Hnífarnir fóru í fingur hans og hann missti framan af 2 fingrum.“ Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins dags. 4. maí 2017 kemur fram að niðurstaða rannsóknar sé sú að rúnstykkið væri ekki merkt sem hættuleg og að M hafi farið með fingurna í hreyfanlega hluta vélarinnar í stað þess að bíða eftir að vinnuferlinu lyki. Einnig er tilgreindur meðvirkandi þáttur að ekki hafi legið fyrri skriflegt áhættumat og áætlun um forvarnir um vinnuna.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð vegna líkamstjónsins og vísar um það til skýrslu Vinnueftirlitsins og að þar komi fram að X hafi vanrækt skyldur sínar um merkingu vélar og gerð áætlunar. Einnig vísar M til þess að verkstjóri X hafi vitað til þess að það væri freistandi að nota fingur til að hreinsa þá vél sem M var að vinna við og því hafi verið þörf á ríkari verkstjórn og skriflegu áhættumati vegna vinnu við vélina. Einnig vísar M til ákvæða laga nr. 46/1980 og reglna nr. 367/2006 varðandi nauðsyn þess að hafa aðvörunarmerki á vélum og kröfur um öryggisbúnað þeirra, auk þess að vísa til myndbands sem sýni hættueiginleika vélarinnar. Einnig vísar M til þess að leiðbeiningum til M hafi verið ábótavant.

V telur að líkamstjón M sé ekki hægt að rekja til saknæmrar og ólögætrar háttsemi X, ekki sé sýnt að orsakasamband sé milli líkamstjónsins og þeirra athugasemda sem Vinnueftirlitið geri um merkingu vélarinnar sem M vann við þegar hann slasaðist og vöntun á skriflegu áhættumati. V vísar til þess að vélin hafi verið búin öryggishlíf og í ljósi langrar starfsreynslu M og menntunar sem bakari þá hafi hann mátt gera sér grein fyrir hættu á því að fara með fingur að hreyfanlegum hlutum vélarinnar áður en vinnuferli lauk. Það hafi verið augljós hætta og ekki sýnt að frekari merkingar eða skriflegt áhættumat hefðu breytt þeirri stöðu.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M fór með fingur inn í svokallaða rúnstykkið á meðan hún var í gangi á vinnustað hans. Af slíku athæfi er svo augljós hætta að ekki verður metið X til sakar hafa hafa ekki merkt umrædda vél sem hættulega eða að orsakatengsl séu ljós milli þess að ekki hafi verið gert skriflegt áhættumat vegna vinnu M. Ekki verður heldur séð af gögnum málsins að vélin hafi verið með einhverjum hætti vanbúin eða öryggisbúnaði hennar áfátt. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 319/2017
M og
vátryggingafélagið V v. málskostnaðartryggingar fjölskyldu- og fasteignatryggingar.

Gildissvið og undanþáguákvæði réttaraðstoðartryggingar vegna málssóknar.

Gögn.

1. Málskot móttakið 9.10.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-5.
2. Bréf V, dags. 12.10.2017.

Málsatvik.

M gerir þær dómkröfur í dómsmáli sem hún hefur höfðað ásamt eiginmanni sínum að kauptilboð þeirra dagsett 12. júní 2017 um ákveðna fasteign, sé gildur og skuldbindandi kaupsamningur á milli stefndu og stefnenda. M er með málskostnaðartryggingu í fjölskyldu- og fasteignatryggingu hjá V og gerir þær kröfur að bótaskylda V verði viðurkennd vegna ofangreindra málaferla. M segir að dómsmálið sem slíkt varði hana ekki sem eiganda fasteignar heldur snúist það um gildi kauptilboðs til að kaupa fasteign og skv. vátryggingaskilmálum beri því V að bæta það tjón sem M kunnir að verða fyrir vegna málaferlanna. V hafnar bótaskylda og telur að ákvæði vátryggingaskilmála grein 25.9 eigi við í þessu máli, en þar komi fram að málskostnaðartryggingin greiði ekki málskostnað vegna ágreinings sem varði vátryggðan sem eiganda fasteignar. V segir að ágreiningur aðila í ofangreindu dómsmáli varði eignarhald á ákveðinni fasteign.

Álit.

Í dómsmálinu sem M og eiginmaður hennar hafa höfðað á hendur seljanda fasteignar er um það deilt hvort kauptilboð þeirra M og eiginmanns hennar sé gildur skuldbindandi samningur um kaup þeirra stefnenda á ákveðinni fasteign. Krafan í dómsmálinu varðar því eignarhald M á þeirri fasteign sem um ræðir. Með vísan til greinar 25.9 í vátryggingaskilmálum þar sem undanskilin eru tjón sem varða vátryggingataka sem eigendur fasteignar er því ekki hægt að fallast á, að M eigi rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V vegna þess dómsmáls sem hér ræðir um.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 28.11. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 320/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/starfsábyrgðartryggingar vátryggingamiðlunarinnar T.****Ágreiningur um bótaskyldu er sjúkdómatrygging féll niður vegna vanskila á iðgjaldi.****Gögn.**

Málskot, dags. 11.10.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, vátryggingafélags, dags. 20.11.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M veiktist skyndilega 23. nóvember 2015 og var greind með heilablóðfall. Í kjölfarið leitaði hún eftir bótum úr sjúkdómatryggingu hjá F. Bótum var hafnað á þeim grundvelli að vátryggingin hefði fallið niður þar sem ekki hefðu verið greidd iðgjöld. Tildrög málsins eru þau að í byrjun árs 2014 var M og eiginmanni hennar tilkynnt að greiðslur hefðu ekki borist fyrir iðgjöld sjúkdómatrygginga þeirra. Í kjölfarið óskaði eiginmaður M eftir því við F að greiðslur vegna vátryggingarsamninga þeirra yrðu skuldfærðar á kreditkort hans. Gekk M út frá því að vátrygging hennar væri virk eftir það. Í símtali 14. desember 2015 við eiginmann M kom í ljós að sjúkdómatrygging M hafi aldrei orðið virk eftir að greiðslur hættu að berast í lok árs 2013.

M telur að T beri bótaábyrgð á því að sjúkdómatryggingin hafi ekki orðið gild aftur þar sem starfsmenn T hafi ekki vandað vinnubrögð sín sem leiddi til þess að iðgjöld vegna vátryggingarinnar bárust ekki. Starfsmönnum T hafi borið að tryggja að greiðslur vegna allra samninga þeirra hjóna yrðu skuldfærðar á það kort sem hann óskaði eftir og að fylgja því eftir að greiðslur yrðu inntar af hendi. M hafi verið grunlaus um að vátryggingin væri ekki í gildi.

V hafnaði bótaskyldu 2. júní 2017 á þeim grundvelli í fyrsta lagi að ekki væri samningssamband milli M og T heldur hafi M tekið vátrygginguna hjá annarri vátryggingamiðlun, Í. Í öðru lagi að símasamskipti um kortagreiðslur séu ósannaðar og í þriðja lagi að M hafi mátt vita að hún hafi ekki verið að greiða iðgjöld fyrir sjúkdómatryggingu. Óumdeilt sé að M hafi fengið tvær greiðsluáskoranir áður en tryggingin var felld niður. Verktaki á vegum T hafi haft samband við eiginmann M sem hafi gefið upp nýtt kreditkort fyrir sínar tryggingar en ósannað sé að það símtal hafi snúist um tryggingar M. Þær greiðslur sem hafi farið á greiðslukort eiginmanns M hafi borið með sér að vera eingöngu vegna iðgjalda hans og hafi verið teknar tvær færslur af kortinu í stað fjögurra áður.

Álit.

Í gögnum málsins er greiðslukortayfirlit M hjá VISA með gjalddaga 2. desember 2013 þar sem eru fjórar færslur frá F. Einnig er greiðslukortayfirlit eiginmanns M hjá VISA með gjalddaga 3. mars 2014 þar sem eru tvær færslur í janúar 2014 og tvær færslur í febrúar 2014. Það er því ljóst að greiðslur M og eiginmanns hennar til F höfðu lækkað. Vátryggingartaki verður að bera sjálfur ábyrgð á því að standa skil á greiðslum og að gæta að því að greiðslur skili sér þannig að vátrygging sé gild. Miðað við framangreind gögn málsins mátti M vera ljóst að ekki voru greidd iðgjöld fyrir sjúkdómatryggingu hennar. Starfsmenn T gátu ekki borið ábyrgð á því að iðgjöld væru greidd og ekkert hefur komið fram í málinu sem sýnir fram á að greiðslufall vegna vátryggingarinnar hafi orðið vegna mistaka starfsmanna T eða annarra sem vátryggingamiðlunin kann að bera ábyrgð á að lögum. M verður að bera hallan af því að hafa ekki gætt nægjanlega að því að sjúkdómatrygging hennar hafi verið í gildi og á hún því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu T hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 321/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar fasteignasalans X.

Krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu fasteignasala vegna ófullnægjandi upplýsinga um virðisaukaskattskvöð

Gögn.

1. Málskot móttakið 10. október 2017 ásamt gögnum og viðbót við málskot.
2. Bréf V til M, dags. 22. september 2017 og greinargerð X dags. 15. september 2017.
3. Bréf lögmanns M, dags. 2. nóvember 2017, ásamt gögnum.

Málsatvik.

Þann 6.5.2015 var gerður kaupsamningur um fasteignina F hjá fasteignasalanum X sem sá um gerð kaupsamningsins. M var seljandi og K var kaupandi.

Í málskoti vísar M til þess að forsenda fyrir sölunni hafi m.a. verið sú að K myndi yfirtaka virðisaukaskattskvöð vegna eftirstöðva tímabils líkt og heimilt er skv. 15. gr. reglugerðar nr. 192/1993 um innskatt. Við söluna á umræddri eign var samkvæmt M áhvílandi virðisaukaskattskvöð að fjárhæð kr. 963.903,-, sem ekki var getið um í kaupsamningi eða öðrum skjölum í tengslum við söluna á eigninni. M heldur því fram að í sölufurfinu hafi alltaf legið fyrir að K hygðist yfirtaka leiðréttingarskyldu innskatts vegna eignarinnar og vísar í þeim efnum til yfirlýsingar K dags. 2.1.2017. Eftir gerð kaupsamningsins hafi komið í ljós að K var ekki til þess bær að yfirtaka umrædda virðisaukaskattskvöð og hafi M því neyðst til að leiðrétta innskattsfrádrátt í samræmi við 2. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1998.

Byggir M kröfu sína á því að á því að X hafi mátt vera ljóst að virðisaukaskattskvöð væri á eigninni þar sem tiltekinn leigusamningur hafi verið þinglýstur á eignina og að í leigusamningnum komi orðrätt fram að „*leigutaki samþykkir fyrir sitt leyti frjálssa skráningu leigusala á ofangreindri fasteign og að til viðbótar leigufjárhæðinni reiknist virðisaukaskattur*“. Umrædd kvöð sé því sannanlega þinglýst á eignina. Telur M að F hafi vanrækt skyldur sínar sem fasteignasali með því að láta fyrir farast að afla fullnægjandi upplýsinga um þá virðisaukaskattskvöð sem hvíldi á eigninni, setja ekki ákvæði í kaupsamninginn þess efnis að kaupandi hygðist yfirtaka leiðréttingarskyldu innskatts vegna eignarinnar og með því að ganga ekki úr skugga um að K væri til þess bær að yfirtaka virðisaukaskattskvöðina. Hafi það leitt til tjóns fyrir M sem nemur fyrrgreindri fjárhæð auk kostnaðar.

V telur hins vegar ósannað að F hafi vanrækt einhverjar þær skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögum um sölu fasteigna og skipa. Vísar V sérstaklega til þess að F hafi ekki verið meðvitaður um að það hafi verið forsenda fyrir kaupunum að K hafi ætlað að yfirtaka umrædda kvöð, þar sem hvorki M né K hafi getið þess í sölufurfinu. Þá séu upplýsingar kvöðina hvergi að finna í skjölum sem tengjast eigninni og sölunni á henni og ljóst að engri slíkri kvöð hafi verið þinglýst á eignina.

Álit.

Í d-lið 3. mgr. 11. gr. þágildandi laga um sölu fasteigna og skipa nr. 99/2004 kemur m.a. fram að í söluyfirliti skuli koma fram upplýsingar um „...*veðskuldir, kvaðir og önnur eignahöft, samkvæmt veðbókarvottorði*...“. Þá kemur fram í 2. mgr. 12. gr. sömu laga að fasteignasali skuli afla þeirra upplýsinga sem fram eiga að koma í söluyfirliti og að hann skuli sækja upplýsingarnar í opinberar skrár og skýrslur ef unnt er.

Af gögnum málsins er ljóst að engri virðisaukaskattskvöð var þinglýst á eignina. Hins vegar var getið í leigusamningi sem þinglýstur var á eignina að leigutaki hafi fyrir sitt leyti samþykkt frjálsa skráningu leigusala á fasteigninni.

Fasteignasali ber skaðabótaábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmenn hans valda í störfum sínum. Við mat á bótaskyldu þarf því að meta hvort að í því felist skaðabótaskyld háttsemi af hálfu F að hafa ekki getið um það í söluyfirliti eða kaupsamningi að M hafi verið skráð frjálsri skráningu í skilningi laga um virðisaukaskatt.

Þegar gögn málsins eru virt með hliðsjón af lögum um sölu fasteigna og skipa verður ekki séð að skráning M á virðisaukaskatti hafi falið í sér þinglýsta kvöð í skilningi 2. mgr. 12. gr. laga nr. 99/2004, sem honum hefði verið skylt að geta um í söluyfirliti. Þá hefur M ekki sýnt fram á það með óyggjandi hætti að F hafi mátt vita að það hafi verið forsenda fyrir sölunni að K hygðist yfirtaka leiðréttingarskyldu M vegna eftirstöðva tímabilsins líkt og heimilt er skv. 15. gr. reglugerðar nr. 192/1993 um innskatt. Verður því ekki fallist á skaðabótaábyrgð F á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 28. nóvember 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 322/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega hjá Í.

Kona rann til þegar hún var að bera fötu fulla af vatni 23.7.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.10.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-21.
2. Bréf V dags. 9.11.2017

Málsatvik.

M var í vinnu við ræstingar hjá Í og segist hafa haldið á skúringafötu fullri af vatni, runnið til á blautu gólfinu og gripið í veggfasta skóhillu til að detta ekki í gólfið. Hún kveðst hafa fengið við það hnykk á bakið. M segist hafa beðið samstarfskonu sína um að koma skilaboðum til verkstjóra um að hún hefði meiðst og hringdi í eiginmann sinn, sem sótti hana. M var rúmföst eftir ofangreint atvik í nokkurn tíma og frá vinnu í nokkrar vikur. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega Í hjá V og byggir á því að hún hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína eins og lýst er hér að ofan og hlotið áverka á baki. V hafnar bótaskyldu og vísar til framburðar þáverandi verkstjóra í lögregluskýrslu 14.9.2017 þar sem hann segist hafa talið að fjarvistir M frá vinnu hafi stafað af þekktum bakmeiðslum M og hann ekki verið upplýstur um atvikið fyrr en mörgum vikum síðar. Þá vísar V líka til framburðar samstarfskonu M hjá lögreglu dags. 21.3.2017, en samstarfskonan kom að henni í kjölfar atviksins og ber að hún hefði skilið M þannig að gömul meiðsl væru að hrjá hana. V segir að M hafi langa sögu um bakverki, en V telur ósannað að atvikið hafi gerst með þeim hætti sem M lýsir í málskoti. V segir að allt að einu þó að það teljist sannað að atvikið hafi átt sér stað með þeim hætti sem M lýsir að þá sé ekki um slys að ræða í skilningi slyshugtaks í gr. 1.4. í vátryggingaskilmálum slysátryggingar launþega hjá V. Þá segir V að fyrsta lýsing M og samstarfskonu af atvikinu hafi verið að M hafi fengið tak í bakið.

Álit.

Í grein 1.4 í vátryggingaskilmálum slysátryggingar launþega hjá V er slyshugtakið skilgreint svo: „Með orðinu slys er átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð, sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist sannanlega án vilja hans“. Þó svo að byggt sé á atvikalýsingu M af því sem gerðist 23.7.2015, þá verður ekki séð, að um slys skv. ofangreindri skilgreiningu sé að ræða. Ekki er um að ræða að utanaðkomandi atburður hafi leitt til þess atviks sem M lýsir. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega Í hjá V.

Reykjavík 20.12. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 323/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega X.****Upphaf tilkynningarfrests skv. 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 11.10.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 1.11.2017.

Málsatvik.

M slasaðist í vinnuslysi 20. september 2013. Slyshennar var tilkynnt til V 1. nóvember 2016.

M byggir kröfu sína um bætur á læknisfræðilegum gögnum þar sem kemur fram að hún hafi greinst með úlnliðsbrot á slysdegi og læknað hafi lítið svo á að góðar batahorfur hafi verið vegna þess, hún hafi leitað til heilsugæslulæknis í mars 2014 og mars 2015 vegna óþæginda og sótt sjúkraþjálfun vegna einkenna. Það hafi síðan ekki verið fyrir en í maí 2016 sem hún hafi verið send til sérfræðings sem hafi greint einkenni hennar þannig að hún hafi gert sér grein fyrir því að um varanleg einkenni væri að ræða. M telur því að hún hafi tilkynnt slysið til V innan árs frá þeim tímapunkti, þ.e. fresturinn hafi ekki byrjað að líða fyrir en í maí 2016.

V telur að það að M hafi ekki leitað til sérfræðings fyrir en í maí 2016 marki ekki upphaf tilkynningarfrests þar sem hún hafi mátt vita um atvik sem krafa hennar er reist á heldur hafi það verið í síðasta lagi í mars 2015. V vísar til þess að þá hafi M fengið vottorð frá lækni um að henni hafi verið ráðlagt frá því að lyfta þungu í vinnu og hafi þær ráðleggingar ekki verið tímabundnar. Einnig vísar V til þess að þó að M hafi leitað til sérfræðings á árinu 2016 hafi sú heimsókn ekki leitt til nokkurrar meðferðar. V telur því að ársfrestur hafi verið liðinn við tilkynningu 1. nóvember 2016.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um tímamarkið þar sem M eru ljós atvik sem krafa hennar um bætur úr slystryggingu launþega er reist á, sbr. orðalag 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga, en M hefur eitt ár eftir þann tímapunkt til að tilkynna um slysið til V. Þegar lítið er til gagna málsins er ljóst að M var greind með úlnliðsbrot eftir vinnuslysi 20. september 2013, varð óvinnufær í kjölfarið. Þrátt fyrir að batahorfur væru taldar góðar leitaði M til læknis í mars 2014 og í mars 2015 þar sem hún kvartar undan einkennum tengdum slysinu. Eftir seinni heimsóknina fékk hún vottorð frá lækni í tengslum við að geta ekki lyft þungum hlutum. Þegar þannig aðstæður eru komnar upp, óvinnufærni hefur verið til staðar og nær tvö ár liðin frá tjónsatburði án þess að einkenni M hafi horfið telst M hafa mátt vita um atvik sem krafa hennar um bætur fyrir varanleg einkenni er reist á. Tilkynning M til V barst ekki innan eins árs frá því tímamarki eins og 1. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga kveður á um og á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 324/2017

M
og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu vegna einkenna eftir liðspeglun í mjöðm.

Gögn.

Málskot, móttakið 11.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í desember 2015 tagnaði M, þá 18 ára gamall, í nára á knattspyrnuæfingu. Hann leitaði af þeim sökum til heimilislæknis í janúar 2016 og í kjölfarið mun honum hafa verið vísað í sjúkraþjálfun sem skilaði litlum árangri. Hinn 17. mars 2016 leitaði M til Páls Sigurgeirs Jónassonar (A) bæklunarlæknis vegna einkenna sinna í nára. Í sjúkraskrá A vegna þessarar komu segir svo undir yfirskriftinni „Álit“: „Þannig nokkuð óljósir náraverkir. Það eina sem maður finnur við skoðun er vægt pos. impingement test og þreifiefymsli yfri symphysu. Þreifa einnig upp inguinal canal og ekki hægt að framkalla nein einkenni þaðan og ekki nein þreifanleg hernia. Panta segulómsskoðun af mjaðmaliðnum og sympysu, sjáum hvernig hún lítur út en líklegast doagnostisk injection næsta skref, þá annað hvort í mjaðmaliðinn eða symphysuna.“ Hinn 31. mars 2016 bókar A í sjúkraskrá sína að M sé búinn að fara í segulómsskoðun sem sýni slitbreytingar í „sympysu“, væg rifa í „labrum“ og einhverjar smá breytingar á „labrum / brjósksmótunum“.

Hinn 13. apríl 2016 var M gefin sprauta í vinstri mjöðm í endurkomu hjá A. Í símtali A við M 28. sama mánaðar kom fram að M hafi engan mun fundið af sprautunni. Hann hafi farið út að hlaupa meðan deyfingin varði og fundið fyrir sömu einkennum og hann hafði fundið fyrir. Er skráð í sjúkraskrá A að vafasamt sé að þessi „labrum rifa“ sé að valda einhverjum einkennum. Ráðlagði A að M bóki sér tíma hjá skurðlækni til að meta hvort hann sé með kviðslit „þó það sé ekki mikið endilega í skoðun sem bendi til þess“.

Hinn 11. maí var M gefin sprauta í „symphysuna“.

Í símasímtali sem A átti við móður M 6. júní 2016 kom fram að það eina sem A hafði fundið fram til þessa sé fyrrgreind „labrum rifa“ sem hann ætli að skoða betur í speglun og kíkja þá samtímis á brjóskið og meta hvort það sjáist eitthvað „impingement“.

Hinn 10. júní 2016 kom M til liðspeglunaraðgerðar í mjöðminni hjá A. Í sjúkraskrá A kemur m.a. fram að M sé búinn að fá sprautur bæði í mjöðm og „symphysu“ og hafi honum fundist hann verða örlítið betri við sprautuna í mjöðmina en ekkert afgerandi. Þennan dag sé hann settur upp fyrir „fyrst og fremst diagnostiska arthroscopiu“ vegna langvarandi mikilla einkenna sem eru að há honum. Þá segir svo, orðrétt í sjúkraskrá A um þá aðgerð sem hann framkvæmdi: „Svæfing, baklega, tog, gegnumlýsing, anterior og ant.lat portalar. Xylocain + Adrenalín í portala og intraarticulert. Byrjum að scopera centralt. Það er örlítil fissura á labrum-brjósksmótunum. Engin labrum ruptura, engin delamination á brjóskinu og brjóskið lítur ágætlega út a.ö.l. Færi mig því perifert og það er vægt CAM-form og þegar maður testar hann dynamískt þá sér maður smá impingement lengst anteriort og caput-collum mótunum. Hreinsa því upp þetta svæði og forma caput-collummótin upp á nýtt. Tékka síðan dynamískt hvort það sé klemma einhvers staðar og þá hleypur collum frír frá labrum við flexion-innrotation. Lýk því aðgerðinni, tæmi liðinn. Marcain + adrenalín í scopið. Saumar. Umbúðir.“

Tíu dögum síðar, eða 20. júní 2016, átti M símaviðtal við A. Þar kom fram að M sé með „aðeins verki“ á kvöldin en annars hafi engin vandamál verið fram til þessa.

M kom til viðtals hjá A 6. janúar 2017. Er þá skráð í sjúkraskrá hjá A að M hafi ekki fundið mikinn mun eftir aðgerðina. Hann hafi heldur engan mun fundið eftir sprautuna hvorki í „symphysuna“ eða í sjálfan mjaðmaliðinn. Lítið hafi verið að sjá við speglun annað en örlitla rifu í „labrum“ en engin eiginleg „ruptura“. Þá segir í sjúkraskránni að A hafi áður grunað kviðslitsvandamál en M hafi farið í

einhverja kviðslitsrannsókn sem hafi verið neikvæð en M hafi líklegast ekki verið skoðaður af neinum skurðlækni bara af röntgenlækni. Kvaðst A því mæla með því að M færi í skoðun hjá nafngreindum skurðlækni, B, og þá í framhaldinu ómskoðun.

Hinn 22. maí 2017 er fært í sjúkraskrá hjá A að ómskoðun hafi bæði sýnt „inguinal og femoral herniu“. Eitthvað sem ekki hafi sést við skoðun. B hafi mælt með aðgerð sem A myndi einnig gera.

Hinn 12. maí 2017 er skráð í sjúkraskrá hjá heimilislækni M á heilsugæslustöð að eftir umfangsmiklar rannsóknir hafi komið í ljós að það sem hafi verið að hrjá M hafi ekki verið í mjöðminni heldur nárvæðslit sem gekk illa að greina. Hinn 22. júní 2017 er skráð í sjúkraskrá heilsugæslustöðvarinnar: „Slæmur status eftir óljósa aðgerð á vi. mjöðm.“ Þrítugasta sama mánaðar er einnig skráð í sjúkraskrána að M sé slæmur í vinstri mjöðminni.

Í tölvubréfi A til V 25. september 2017 kvaðst A hafa skoðað M og grunað að hann væri með kviðslit og vildi þess vegna að hann yrði skoðaður af B. Þar sem ekkert annað hafði komið í ljós en breytingar í mjaðmarliðnum hafi verið ákveðið að kíkja inn í liðinn og gera að þeim breytingum með þeim fyrirvara að óljóst væri hvort þær væru að valda einkenninum. Aðgerðin hafi engin áhrif haft á einkennin og því hafi hann viljað að M færi aftur í mat á því hvort kviðslit væri að ræða og hafi hann þá farið til B sem sendi hann í ómskoðun sem sýndi kviðslit. A hafnar því að honum hafi orðið á mistök við meðhöndlun á einkennum M þar sem fyrri skoðun hafði ekki leitt í ljós kviðslit.

M telur að A hafi orðið á mistök í starfi sem hafi haft í för með sér tímabundnar og varanlegar afleiðingar fyrir sig. Að því er ráða má af rökstuðningi í málskoti gerir M kröfu um bætur úr sjúklingatryggingu sem A hefur keypt hjá V með vísan til 4. tölul. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans, rétt til bóta samkvæmt lögnum. Samkvæmt 4. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum rekja tjónið til meðferðar eða rannsókna, þ.m.t. aðgerðar, sem ætlað er að greina sjúkdóm og tjónið er af sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að sjúklingur þoli það bótalaust. Við mat á því hvort fylgikvilli telst meiri en svo að sanngjarnt er að sjúklingur þoli bótalaust skal annars vegar líta til þess hve tjón er mikið og hins vegar til sjúkdóms og heilsufars sjúklings að öðru leyti. Þá skal taka mið af því hvort algengt er að tjón verði af meðferð eins og þeirri sem sjúklingur gekkst undir og hvort eða að hve miklu leyti gera mátti ráð fyrir að hætta væri á slíku tjóni.

Engin gögn liggja fyrir málinu, svo sem matsgerðir dómkvaddra matsmanna, sem sýna fram á að M hafi orðið fyrir tjóni í tengslum við lækni meðferð þá sem M gekkst undir hjá A eins og áskilið er samkvæmt 1. gr. laga nr. 111/2000. Ekkert liggur heldur fyrir um það að hann hafi orðið fyrir sýkingu eða öðrum fylgikvilla sem er meiri en svo að sanngjarnt sé að hann þoli það bótalaust eins og mælt er fyrir um í 4. tölul. 2. gr. laganna. Auk þess eru engin gögn í málinu sem geta gefið til kynna að stofnast hafi bótaréttur úr sjúklingatryggingunni á grundvelli annarra tölulíða 2. gr. laga nr. 111/2000. Við svo búið á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 326/2017
M og
V v. óþekkrar bifreiðar (A)

Umferðaróhapp þegar maður varð fyrir bifreið 17.2.2013.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 12.10.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.
2. Bréf V, dags. 2.11.2017.

Málsatvik.

M segist hafa verið að skemmta sér í miðbæ Reykjavíkur og verið að ganga á Hverfisgötu þegar leigubíll ók á hann með þeim afleiðingum að hann kastaðist í götuna og slasaðist. Ekki tókst að hafa upp á bifreiðinni eða ökumanni hennar sem ók af vettvangi. Fram kemur í læknaþreffi frá 17.2.2013, haft eftir sjúkraflutningamönnum, að M hafi ætlað að hlaupa yfir götuna. M krefst bóta frá V og vísar því á bug að slysið hafi orðið vegna ásetnings hans eða stórkostlegs gáleysis.

V segist hafa gengist við ábyrgð vegna aðkomu að því tjóni sem hér ræðir um. Þegar matsbeiðni dags. 18.9.2017 ásamt fylgigögnum hafi borist V, hafi þar verið þar gögn sem ekki höfðu verið kynnt V áður þar sem komi fram að M hafi sögu um sjálfskaðahegðun með sjálfsvígstílaunum. Þar hafi einnig verið færsla í læknisvottorði sem benti til þess að umrætt tjón M mætti rekja til ásetnings M um að fara fyrir hina óþekktu bifreið í greint sinn, eða a.m.k. stórkostlegs gáleysis, en M hafi verið undir áhrifum áfengis þegar ekið hafi verið á hann í umrætt sinn.

Álit.

Ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir slysi þegar óþekkt bifreið ók á hann. Fram kemur í einu læknisvottorði að haft sé eftir M að einhvern tíma hafi hann hlaupið út á götu í veg fyrir bifreið. Engin samtímagögn styðja þó þá staðhæfingu sem kemur fram hjá V að þetta slys hafi orðið vegna tilraunar M til sjálfskaða eða sjálfsvígs og þar af leiðandi ásetnings hans, sbr. 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, eða af stórkostlegu gáleysi. V ber sönnunarbyrði um að tjón M hafi orðið vegna ásetnings hans eða stórkostlegs gáleysi og verður að bera halla af sönnunarskorti sem uppi er í málinu. Á M því rétt á bótum frá V vegna slyssins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum frá V vegna umferðarslyss 17.2.2013.

Reykjavík 28.11.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 327/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar X og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Áræktur bifreiðar og rafmagnskerru á Keflavíkurlflugvelli 28.7.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 12.10.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 17.10.2017, ásamt tölvupóstsamskiptum V og X.

Bréf V2, dags. 25.10.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að áræktur hafi orðið með rafmagnskerru á vegum X og bifreiðinni A við svokallað loftfarsstæði nr. 65 á Keflavíkurlflugvelli. Bifreiðinni A var ekið út af akstursleið vegna flugafgreiðslutækja sem ökumaður bifreiðarinnar taldi hafa verið í vegi fyrir bifreiðinni og þá verður áræktur við rafmagnskerru, sem fer í hlið bifreiðarinnar.

M telur að starfsmenn X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreið A þar sem rafmagnskerru á vegum X var ekið í hlið bifreiðarinnar A og tæki frá X hafi verið lagt þvert yfir akbraut og þannig hafi ökumaður bifreiðarinnar A þurft að sveigja frá akstursleiðinni í greint sinn. M telur að X hafi ekki komið umræddum tækjum fyrir með réttum hætti.

V2 tekur undir sjónarmið M og telur að stjórnandi rafmagnskerrunnar hafi ekki fylgt fyrirmælum umferðarlaga nr. 50/1987 og hafi þannig valdi árækstri sem X verði að bera skaðabótaábyrgð á. V1 telur að þar sem bifreiðinni A hafi verið ekið inn á svæði sem ekki sé ætlað til aksturs skv. öryggisreglum Keflavíkurlflugvallar, þurfi ökumaður bifreiðarinnar að bera alla sök á árækstrinum.

Álit.

Ágreiningur málsins snýst fyrst og fremst um það hvort X beri skaðabótaábyrgð á tjóni sem varð á bifreiðinni A við þær aðstæður sem lýst er hér að ofan. M ber sönnunarbyrði um að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt vegna þess tjóns. Þegar litið er til gagna málsins telst ekki fyllilega sanna að aðstæður á vettvangi hafi í umrætt sinn verið þannig að starfsmenn X hafi komið fyrir tækjum eða búnaði í bága við fyrirmæli í öryggisreglum Keflavíkurlflugvallar. Ekki verður heldur talið nægilega sannað af gögnum málsins að stjórnandi rafmagnskerru á vegum X hafi sýnt gáleysi við stjórn hennar. Telst M því ekki hafa sýnt fram á skaðabótaskyldu X og verður því ekki falist á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu fyrirtækisins hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 328/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.

Ágreiningur um greiðslu bóta vegna læknisvottorð í tengslum við umferðarslys 8.7.2015.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 16.10.2017 ásamt fylgiskjölum 1-18.
2. Bréf V, dags. 18.10.2017.

Málsatvik.

M varð fyrir umferðarslysi 8.7.2015. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu í málinu og greiddi V bætur skv. skaðabótalögum nr. 50/1993 til M á grundvelli matsgerðar dags. 26. júní 2017. V hafnaði hins vegar að greiða reikning að fjárhæð kr. 140.000 vegna vottorðs heimilislæknis dags. 17.10.2016, þar sem V taldi þann reikning of háan. M telur að V beri að greiða reikninginn sbr. 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga og að sá kostnaður við öflunar vottorðs frá heimilislækni hafi verið nauðsynlegur og eðlilegur í málinu auk þess sem tryggingafélög greiði almennt fyrir öflunar gagna sem þessara í bótamálum. V segir að ágreiningur í máli þessu varði ágreining um bótafjárhæð og telur að vísa eigi málinu frá sbr. orðalag 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum. Þar að auki vísar V til þess að fallist hafi verið á greiðslu kostnaðar að hluta.

Álit.

Ekki er ágreiningur í málinu um bótaskyldu í málinu heldur snýst ágreiningur í málinu hvort tiltekinn kostnaður sem felst í fjárhæð reiknings frá heimilislækni M sé hluti af sjúkrakostnaði eða öðru fjártjóni skv. 1. gr. skaðabótalaga. Af þessu verður að telja ljóst að ágreiningur í málinu snýst um bótafjárhæð og skv. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsing nr. 1090/2005 úrskurðar nefndin ekki um slíkan ágreining nema með sérstöku samþykki beggja máladaila. Þar sem slík heimild liggur ekki fyrir er málinu vísað frá með vísan í fyrrnefndar 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 28.11.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 329/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X

Kona féll um misfelli í gangstétt

Gögn.

1. Málskot móttakið 17. október 2017 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 30. október 2017 ásamt gögnum.

Málsatvik.

Þann 31. mars 2017 var M á gangi eftir gangstétt í sveitarfélaginu X. Hnaut hún um misfelli á gangstéttinni sem varð til þess að hún féll fram fyrir sig. Við fallið hlaut M áverka á andliti og hægri handlegg auk þess sem hún rifbeinsbrotnaði.

M kveður bæjaryfirvöld X bera ábyrgð á líkamstjóni sínu og krefst viðurkenningu á bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins hjá V.

V telur að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn X hafi sýnt af sér vanrækslu við ráðstafanir vegna ástands gangstéttarinnar. Þá vísar V til þess að engin vitneskja hafi verið hjá starfsmönnum X um ástand gangstéttarinnar á þeim tímapunkti sem slysið varð.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M varð fyrir líkamstjóni þegar hún féll um misfelli á gangstétt í sveitarfélaginu X. M ber sönnunarbyrðina um að skilyrði skaðabótaábyrgðar séu fyrir hendi vegna tjónsins. Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á starfsmönnum X hafi verið kunnugt um að misfella væri í gangstéttinni á þeim tímapunkti er slysið varð. Telst því ósannað er að X hafi sýnt af sér vanrækslu eða aðra saknæma háttsemi er leitt getur til bótaskyldu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 28. nóvember 2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 330/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar flugeldasala.****Maður meiddist er skoteldseining úr skotköku skaust í andlit hans.****Gögn.**

Málskot, móttakið 19.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 22.11.2017.

Málsatvik.

Laust eftir miðnætti 1. janúar 2017 kveikti M í skotköku og samkvæmt því sem greinir í málskoti hafði hann lagt eld að kveikjuþræði kökunnar en ekkert hefði gerst þegar kveikjuþráðurinn hafði brunnið upp í kökuna. Hafi hann þá gengið að kökunni og kropsið niður til að athuga málið. Hafi kakan þá skyndilega farið í gang með þeim afleiðingum að ein skoteldseining lenti í andliti hans svo hann varð fyrir meiðslum í andliti og auga. Í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu um atvikið kemur fram að M hafi ekki verið með öryggisgleraugu.

M hafði keypt skotkökuna hjá A, flugeldasölu, sem keypt hafði ábyrgðartryggingu hjá V vegna starfsemi sinnar. Þar sem skotkakan hafi ekki farið af stað þrátt fyrir að kveikiþráðurinn hafi brunnið alla leið inn í hana taldi M umrædda skotköku vera haldna ágalla í skilningi laga nr. 25/991 um skaðsemisábyrgð. Auk þess sem ekki hafi verið varað við því á kökunni að bið kynni að vera á því að hún færi af stað þrátt fyrir að kveikiþráðurinn væri bruninn eða að menn ættu að halda sig frá skotkökunni í lengri tíma eftir að eldur væri borinn að kveikiþræðinum. Þá hafi kakan ekki verið boðin og kynnt í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 942/2003 um skotelda, sbr. reglugerð nr. 964/2015 um breytingar á henni, að því er varðar varúðarmerkingar og leiðbeiningar með skoteldum. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin gögn liggja fyrir um rannsókn á leifum skotkökunnar eða hvort slík rannsókn hafi yfir höfuð farið fram. Þótt skotkakan hafi ekki farið af stað strax og kveikiþráðurinn hafði brunnið inn í skotkökuna verður ekki ráðið af því að hún hafi verið haldin ágalla. Þá verður ekki séð af fyrirbyggjandi gögnum að varúðarmerkingar á kökunni hafi ekki verið í samræmi þágildandi reglur þar um. Samkvæmt þessu og málsatvikum að öðru leyti, eins og þau liggja fyrir í málinu, verður að telja að ekki hafi verið sýnt fram á að slysið megi rekja til þess að umrædd skotkaka hafi verið haldin ágalla eða til annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 331/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 28. janúar 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 17.10.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 24.10.2017, ásamt váttryggingarskilmálum og váttryggingarskírteini.

Málsatvik.

M slasaðist í vinnuslysi 28. janúar 2016 þar sem hann var skv. tjónstilkynningu og skýrslu Vinnueftirlits ríkisins að starfa hjá fyrirtækinu Y að taka við forsteyptum loftaplötum við byggingu fjölbýlishúss. Í lögregluskýrslu og skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að M hafi ásamt öðrum verið að vinna við að hífa forsteyptar loftaplötur til að koma þeim fyrir í loftaplötustæði í veggjum. M hafi síðan verið ofan á loftaplötu sem hífð hafi verið og stigið út á burðarbita og við það fallið og slasast á fæti.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns hans og rekja vinnuna til notkunar byggingarkrana X. Þannig telur M að gildissvið ábyrgðartryggingar fyrirtækisins X uppfyllt og eigi að greiða honum skaðabætur úr þeirri váttryggingu. M vísar einnig til þess að honum hafi verið falið að vinna verk án þess að fallvarnir væru settar upp á vinnustaðnum, burðarbiti hafi ekki verið tryggilega festur, ekki hafi áhættumat legið fyrri og verkstjórn hafi verið ófullnægjandi. Vísar M til laga nr. 46/1980 og reglna þeim tengdum máli sínu til stuðnings. Einnig vísar V til skýrslu Vinnueftirlits ríkisins sem segi að orsök slyssins hafi m.a. verið sú að fallvarnarbúnaður hafi ekki verið fyrir hendi.

V telur í fyrsta lagi að gildissvið ábyrgðartryggingar X nái einungis til tjóna sem rekja megi til byggingarkrana með vísan til áritunar á váttryggingarskírteini. Slyss M hafi orðið þegar hann var að ganga um á byggingarstað og hífingu hafi verið lokið. Þannig geti umrædd ábyrgðartrygging ekki tekið til tjónsins. Einnig bendir V á að ekki sé sýnt fram á saknæma háttsemi starfsmanna X sem leitt hafi til slyssins.

Álit.

Í málinu er í fyrsta lagi ágreiningur um gildissvið ábyrgðartryggingar váttryggingartakans X en á váttryggingarskírteini þeirrar váttryggingar kemur fram að starfsemi sé „Byggingarkrani“ og tilgreint sérstakt skráningarnúmer hans. Í gr. 3.1 í váttryggingarskilmálum kemur fram að váttryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á váttryggðan vegna starfsemi þeirrar sem getið sé í váttryggingarskírteini. Þegar gögn málsins eru virt verður með skýrum hætti séð hvort byggingarkrani hafi verið í notkun þegar slyss M varð eða ekki. Ekki verður heldur annað séð en að stuttur tími hafi liðið frá þeirri notkun og þar til slysið varð. Þegar litið er auk þess til skráningar starfsemi X í fyrirtækjaskrá, „41.20.0 Bygging íbúðar- og atvinnuhúsnæðis“ verður með hliðsjón af Hrd. 312/2012 talinn vera slíkur vafi um skilgreiningu gildissviðs ábyrgðartryggingarinnar V verði að bera hallann af. Í öðru lagi verður að skera úr um hvort sannað sé að X beri skaðabótaábyrgð vegna afleiðinga slyss M. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að eftirlitið telur orsök slyssins m.a. vera skort á fallvörnum á vinnustaðnum og M telur að farið hafi verið gegn fyrirmælum í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og skortur hafi verið á verkstjórn á vettvangi. Þegar litið er til gagna málsins þá verður ekki séð með skýrum hætti hver það var sem stýrði verki því sem M vann við, en eins og kemur fram hér að ofan var M ekki starfsmaður X heldur annars fyrirtækis (Y). Á meðan ekki liggur fyrir nægilega skýr sönnun þess hver bar ábyrgð á aðbúnaði á vinnustaðnum og með hliðsjón af því að ekki liggur heldur nægilega skýrt fyrir að orsakatengsl hafi verið milli slyss M og þess að farið hafi verið gegn fyrirmælum um öryggi á vinnustöðum, verður ekki fullyrt um

skaðabótaábyrgð X. Ekki verður heldur séð að X beri ábyrgð á slysi M af öðrum ástæðum. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 333/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið váttryggingar vegna bóta fyrir varanlega örorku vegna slyss 2.3.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 13.10.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 10.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M handleggsbrotnaði þegar hún féll í hálfu 2. mars 2016 og var til meðhöndlunar vegna brotsins á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi. Í gögnum málsins kemur fram að M hlaut ekki rétta meðhöndlun vegna brotsins. Í málinu liggur fyrir matsgerð tveggja matsmanna dags. 13. júlí 2017 þar sem þeir komast að þeirri niðurstöðu að afleiðingar slyss M séu varanlegar og gera þar grein fyrir því sem reikna má með að hefðu orðið almennar afleiðingar slyssins ef rétt hefði verið staðið að meðhöndlun brotsins, sem og þeim afleiðingum sem urðu af þeirri meðhöndlun. Að því er virðist liggja fyrir tvær útgáfur af umræddri matsgerð þar sem gerð er grein fyrir því að varanlegar afleiðingar séu metnar til 18 miskastiga (læknisfræðilegrar örorku) og þar er greint á milli almennra afleiðinga slyssins (8 stig) og „sjúklingatryggingaratburðar“, þ.e. þess sem rekja má til rangrar meðhöndlunar (10 stig). Í seinni útgáfu matsgerðar koma síðan fram eftirfarandi sjónarmið matsmanna um miska M: „telst vera 18 stig og er það heildartjón tjónþola vegna afleiðinga slyssins. Mistök við gífsum hefur ekki áhrif á niðurstöðu þar sem bein orsakatengsl eru milli allra þátta og er þetta niðurstaðan sem gildir fyrir útreikning bóta skv. váttryggingarskilmálum.“

M byggir á síðastnefndu orðalagi matsmanna og krefst bóta úr slysáttryggingu fjölskyldutryggingar hjá V vegna 18 stiga mats á miska hennar. M vísar til váttryggingarskilmála V, m.a. gr. 4.1.4, og þess að ekki sé ágreiningur um að tjónsatburður hafi orðið og að bein orsakatengsl séu milli hans og handleggsbrots M sem og allra þeirra afleiðinga sem það hafði í för með sér.

V vísar gr. 6.2.2 í váttryggingarskilmálum sínum þar sem kemur fram að bætur fyrir læknisfræðilega örorku greiðist ekki úr váttryggingunni ef hún er lægri en 15%. V telur að afleiðingar slyssins séu metnar til 8 stiga miska (læknisfræðilegrar örorku) og að slysáttryggingin nái einungis til þess atburðar en ekki til afleiðinga þeirrar meðferðar sem M hlaut á Landspítala-Háskólasjúkrahúsi. Það sé sjálfstæður atburður og ekki séu greiddar bætur vegna hans úr umræddri slysáttryggingu. V telur því að afleiðingar slyss M nái ekki 15% lágmarki sem tilgreint er í gr. 6.2.2 í váttryggingarskilmálum og er skilyrði fyrir greiðslu bóta vegna læknisfræðilegrar örorku.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að því hvort greiða eigi bætur til M fyrir læknisfræðilega örorku hennar m.t.t. þess lágmarksákvæðis sem er í gr. 6.2.2 í váttryggingarskilmálum hjá V um að slík örorka þurfi að ná 15% til að það greiðist bætur úr váttryggingunni. Í þeim gögnum sem fylgja málskoti og athugasemdum má sjá að handleggsbrot M vegna falls í hálfu er sá tjónsatburður sem telst sem slys í skilningi 3. gr. váttryggingarskilmála V. Af sömu gögnum verður ekki annað ráðið en að afleiðingar handleggsbrotsins hafi orðið aðrar og meiri vegna rangrar meðhöndlunar brotsins á sjúkrahúsi. Þó komi fram í matsgerð sú túlkun matsmanna að heildartjón M sé 18% læknisfræðileg örorka verður ekki hjá því litið að ef sú ranga meðhöndlun sem M hlaut hefði ekki komið til þá hefðu afleiðingar slyssins orðið minni, eða leitt til 8% læknisfræðilegrar örorku. Túlkun matsmanna á váttryggingarskilmálum er ekki bindandi fyrir nefndina en niðurstaða hennar er sú að sá atburður sem váttryggingarskilmálar V ná til sé fall M 2. mars 2016 og þau líkamsmeiðsli sem leiddu af því falli séu það handleggsbrot sem hún hlaut. Annar atburður hafi síðan leitt til þess að afleiðingar handleggsbrotsins urðu meiri en þær hefðu orðið hefði sá atburður ekki komið til, þ.e. sú meðhöndlun sem M fékk vegna brotsins. Telst ekki sannað, m.v. fyrirliggjandi gögn, að afleiðingar

handleggsbrotsins sem slíks náí 15% læknisfræðilegri örorku. eins og áskilið er í gr. 6.2.2 í váttryggingarskilmálum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysaftryggingu fjölskylduaftryggingar hjá V.

Reykjavík, 9. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 335/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðar.****Frestur til að tilkynna um líkamstjón skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.****Gögn.**

Málskot, móttakið 24.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 2.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28. desember 2013 ók M bifreið sinni eftir hringveginum í Hrótafirði er bifreiðin lenti út af og valt á toppinn. M leitaði á Læknavaktina í Kópavogi 2. janúar 2014 þar sem hann hafi smám saman eftir atvikið farið að finna fyrir einkennum. Hafi hann stirðnað upp í líkamanum og fundið fyrir verkjum í miðju bak út í hægri herðablað. Einnig hafi hann fundið fyrir náladofa fram í hægri hönd. Eymсли fundust og kringum hægri öxl. Samkvæmt læknisvottorði var hann sagður hafa greinst með tognun á brjósthrygg og á hægri öxl.

Hinn 18. febrúar 2014 leitaði M til heimilislæknis síns á heilsugæslustöð. Var hann þá talinn búa við tognun á hægri öxl og vöðvabólgu. Var honum vísað til meðferðar hjá sjúkrahjálfa. Samkvæmt fyrirbyggjandi sjúkraskrá M hjá hlutaðeigandi heilsugæslustöð leitaði M næst á heilsugæslustöðina 20. júlí 2016 vegna þeirra einkenna sem hann bjó við af völdum umferðarslyssins, eða verkja í hægri öxl. Var sjúkdómsástandi hans þá lýst þannig að eftir slysið hefði hann verki og stífleika í hægri öxl. Stundum verri köst með verkjum, stífleika og þá náladofa fram í hægri handlegg og fingur. Við skoðunina umræddan dag væri hann slæmur sem og síðastliðna daga. Við skoðun væri hreyfihindrun í öxlinni og náladofi í handlegg. Var honum vísað til frekari skoðunar hjá bæklunarlækni.

M kom til skoðunar hjá bæklunarlækni 6. október 2016 og 1. mars 2017 gekkst hann undir liðspeglunaraðgerð á hægri öxl.

Með tilkynningu 6. október 2016 var tjónið tilkynnt V. V hafnaði bótaskyldu með tölvubréfi 3. nóvember 2016 á þeirri forsendur að ársfrestur til að tilkynna félaginu um tjónið samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga hafi verið fyrir löngu liðinn þegar tjónstilkynningin barst.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 glatar sá sem á rétt á til bóta samkvæmt slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Í samræmi við orðanna hljóðan verður að skýra niðurlag þessa ákvæðis svo, þegar krafist er bóta vegna varanlegs líkamstjóns, að upphaf eins árs frestsins beri að miða við hvenær sá, sem orðið hefur fyrir slíku tjóni, hafi raunverulega gert sér grein fyrir að það hefði varanlegar afleiðingar fyrir hann, eins og getið er í dómi Hæstaréttar 21. maí 2015 í máli nr. 10/2015, sbr. og dóm réttarins 22. október 2009 í máli nr. 7/2009. Af gögnum málsins verður ekki ráðið með fullnægjandi vissu að M hafi raunverulega gert sér grein fyrir því að hann byggji við varanlegar afleiðingar af völdum slyssins í desemberlok 2013 ári áður en hann tilkynnti um slysið til V 6. október 2016. Verður því ekki fallist á að hann hafi glatað rétti sínum úr slysatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 28. nóvember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 336/2017**M****og****V v/ábyrgðatryggingar ökutækja B og A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 23.10.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 07.11.2017.

Málsatvik.

M var að bakka B út úr bílastæði og A er ekið inn í bílastæðið við hliðina. Bifreiðarnar rákust á og skemmdust báðar. Niðurstaða tjonanefndar váttryggingafélaganna var sú að leggja alla sök á ökumann B þar sem hann þótti ekki hafa gætt nægjalega að sér við akstur afturábak.

M skaut þeirri niðurstöðu til úrskurðarnefndarinnar og kveður málavexti ranga ásamt afstöðumynd á tjonaskýrslu. Í bréfi M kemur fram að ökumaður A hafi ekið á framdekk B.

Álit.

Í tjonstilkynningu kemur ekki fram í lýsingu á atburði hvor ökumannanna ekur inn á bílastæði hins. Gegn mótmælum M og miðað við gögn málsins þykir ekki ljóst hvernig áreksturinn bar að. Hvorki ökumaður A gætti ekki nægjalega að sér þegar hann keyrði inn í bílastæðið né ökumaður B þegar hann bakkaði úr bílastæðinu. Við mat á sök þykir ekki forsenda til að leggja sök á annan ökumanninn umfram hinn og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík, 12. desember 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 338/2017**M og
V-1 v. A
V-2 v. B****Árekstur bifreiða á Drekaavöllum í Hafnarfirði þ. 7.9.2017.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 25.10.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Bréf V-1 dags. 2.11.2017
3. Bréf V-2 dags. 9.11.2017.

Málsatvik.

Báðar bifreiðarnar óku suður Drekaavelli og var A fyrir framan B og sá ökumaður A laust bifreiðastæði á vinstri hönd og beygði til vinstri, en þá ók B inn í hlið A. A var ótryggð þegar atvikið átti sér stað. Ökumaður A segist hafa ekið á hægri akrein og séð laust bifreiðastæði og beygt inn í það og ekki séð B fyrr en árekstur varð. Ökumaður A segist nokkuð viss um að hafa gefið stefnuljós. Akoma á A er á afturhurð bifreiðastjórarnegin. Ökumaður B segir að skyndilega hafi A verið fyrir framan B og hún ekki náð að hemla og aldrei séð bílinn fyrir framan sig og verið að skipta um gír og horft aðeins niður. Ökumaður B bar síðar að A hefði bakkað skyndilega inn á akrein sem B ók eftir.

Álit.

Í framburði ökumanns B kemur fram að hún var ekki að fylgjast með umferð fyrir framan sig og segist m.a. hafa litið niður þegar hún var að skipta um gír á beinskiptum bíl sínum. Ökumaður B gætti því ekki nægjanlega vel að umferð fyrir framan sig og ber alla sök á árekstrinum. Framburður ökumanna á árekstrarstað eins og hann er skráður af starfsfólki Akstur og öryggi er lagður til grundvallar í málinu.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber alla sök.

Reykjavík 12.12. 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 339/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ sjúklingatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna lækni meðferðar og sjúkdómsgreiningar vegna sjúkdómseinkenna í augum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 26.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 6.11.2017.

Málsatvik.

Við sjónsviðsmælingu í júní 2013 greindist M með mikinn sjónsviðsskaða til hægri á hægri auga og hægri megin og neðan til á vinstra auga auk þess sem sjónsviðsskaðinn innihélt sjónmiðju á vinstra auga sem skýrði sjóndepru þeim megin. Sjónsviðsskaði þessi benti til fyrirferðaraukningar nálægt heiladingli og við segulómun (MRI) með „gadolinium“ greindist stórt heiladingulsæxli sem vaxið var út fyrir „sella turcica“. M gekkst strax í kjölfarið undir lækni meðferð á vegum sérfræðinga í innkirtlasjúkdómum og taugaskurðlækningum og svaraði hann meðferðinni vel og æxlið minnkaði. Sjónsvið batnaði einnig mjög, sjónsvið til hægri mun hafa orðið eðlilegt, en eftir situr nokkur sjónsviðsskerðing niður og til vinstri á vinstra auga, þó ekki alger sjónsviðsskerðing eins og áður hafði verið. Augnskoðun reyndist eðlileg, „en hann er þó með mildan fólva á sjóntaug á vinstra auga sem samsvarar sjónsviðsskerðingunni sem eftir er“, eins og segir í fyrirliggjandi vottorði þess augnlæknis sem annaðist fyrrgreinda sjónsviðsmælingu.

Áður en heiladingulsæxlið greindist mun M hafa um nokkurra ára skeið verið til lækni meðferðar hjá A augnlækni. Telur M að eftirlit og skoðun af hálfu A hafi ekki verið eins og best væri á kosið þar eð hann hefði ekki orðið fyrir sjónsviðsskerðingu hefði æxlið uppgötvast fyrr. Ábendingar hafi verið fyrir betra eftirliti og því verið hægt að koma í veg fyrir sjónsviðsskerðinguna með viðeigandi ráðstöfunum fyrr. Telur M að hann eigi rétt til bóta úr sjúklingatryggingu sem A hefur í gildi hjá V með vísan til 1. tölul. 2. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu.

V hefur hafnað bótaskyldu úr sjúklingatryggingunni og hefur í þeim efnum vísað til greinargerðar A sem félagið kveðst hafa undir höndum. Samkvæmt þeirri greinargerð mun M fyrst hafa komið til skoðunar hjá A í september 2005 eftir að hafa í mánuðinum áður verið skoðaður m.a. af tauglæknum á bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss vegna sjóntruflana. Við þá skoðun staðfesti A að M væri þá með eðlilega sjón, með væga „depression“ í sjónsviði vinstra auga og sjónsvið á hægri auga væri eðlilegt. Sjúkdómseinkenni þessi voru talin vera vegna bjúgs í sjónhimnu. M mun hafa leitað að nýju á bráðadeild Landspítalans á nýársdag 2006 vegna „sama skugga“ og var þá talið að þetta mætti rekja til sjónhimnubjúgs og afleiðinga hans en ekki frá heila eða vegna æxlis. Þremur dögum síðar hafi M verið á ný skoðaður af A. Þá hafi aðeins aukinn „partial skuggi“ verið vinstra megin, en einungis væg „depression“ og að teknu tilliti til breytileika milli prófanna hafi verið um ómarktæka breytingu að ræða. Sjónsvið á hægri auga hafi áfram verið eðlilegt. Hafi A fylgt M eftir og við skoðun í júní 2007 hafi einkenni verið minni og í nóvember sama árs enn betri. Við skoðun í ágúst 2009 hafi sjón M verið talin eðlileg og vottað fyrir sama skugga í sjónsviðinu við miðju auga. Við eftirlit í janúar 2012 hafi sjón enn verið eðlileg en áfram með skugga í sjónsviðinu sem fyrr. Engin breyting hafi orðið á einkennum hans í sjó ár og hafi hann verið hvattur til að koma ef breyting yrði á. Veturinn 2012-2013 hafi farið að bera á versnandi einkennum og í kjölfar þess hafi hann svo leitað til þess augnlæknis sem framkvæmdi sjónsviðsmælinguna í júní 2013 og fyrr er getið og í framhaldi þess hafi æxlið við heiladingul greinst.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem verða fyrir líkamlegu eða geðrænu tjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð m.a. hjá heilbrigðisstarfsmanni sem starfar sjálfstætt og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans, rétt til bóta samkvæmt lögunum. Samkvæmt 1. tölul. 2. gr. laganna skal greiða bætur án tillits til þess hvort einhver ber skaðabótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins, enda megi að öllum líkindum ætla að komast hefði mátt hjá tjóni ef rannsókn eða meðferð við þær aðstæður sem um ræðir hefði verið hagað eins vel og unnt hefði verið og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði.

Engin læknisfræðileg gögn liggja fyrir í málinu, svo sem matsgerðir matsmanna, sem sýna fram á að heiladingulsæxli það sem greindist hjá M um mitt ár 2013 hafi að öllum líkindum mátt greina fyrr en raunin var og þannig komast hjá þeim augnskaða sem M býr við. Verður samkvæmt þessu að telja ósannað að stofnast hafi réttur til bóta úr sjúklingatryggingunni á grundvelli 1. tölul. 2. gr. laganna um sjúklingatryggingu. Þá verður heldur ekki séð af gögnum málsins að réttur til bóta hafi stofnast samkvæmt öðrum töluliðum umræddrar lagagreinar. Við svo búið á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 340/2017**M
og
V v/ábyrgðatryggingar ökutækis A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 26.10.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 07.11.2017 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

M segir að farþegahurð A hafi verið skellt utan í bifreið hans þar sem þær stóðu báðar kyrrstæðar á bílaplani.

Ökumaður A segir farþegahurðina ekki hafa farið utan í bifreið M og ennfremur að hæðin á ákomu á bifreið M passi ekki við hæð á farþegahurð A.

Í bréfi V kemur fram að það sjáist greinilega á mynd í skýrslu Aðstoðar og Öryggi að ákoma á bifreið M passi ekki við hæð farþegahurðar A. Hurðin sé u.þ.b. ½ cm hærri en ákoman og neðri mörk ákomunnar séu um 3 cm fyrir neðan hurðina. Ómögulegt sé fyrir hurð A að valda þessari ákomu. V telur ósannað með öllu að tjón á bifreið M megi rekja til notkunar A.

M segir farþega A hafa misst hurð á sinn bíl og þar með valdið ákomu.

Álit.

Samkvæmt mynd sem fylgir gögnum málsins þar sem hurð A liggur við bifreið M liggur ekki ljóst fyrir að ákoman á bifreið M sé af völdum farþegarhurðar A. Með vísan til þess telst ekki sannað að ákoman sé af völdum A. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðatryggingu A hjá V.

Reykjavík, 12. desember 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 341/2017**M****og****V vegna heimilistryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu. Handalögmál.****Gögn.**

Málskot, dags. 27.10.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 10.11.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í kærnu M kemur fram að hann hafi verið að skemmta sér á skemmtistað aðfarnótt 29. ágúst 2015 og þegar hann hafi farið út hafi hann séð vin sinn í handalögmálum. Hann hafi dregið vin sinn frá staðnum og út á bílastæði og verið að tala við hann þegar hann hafi verið sleginn aftan frá fyrirvaralaust með þeim afleiðingum að hann tvíkjálkabrotnaði og hlaut tannbrot. Hann hafi hvorki verið þátttakandi í handalögmálum né ekki átt í útistöðum við neinn þetta kvöld. Það sé því rangt sem fram komi hjá V að hann hafi tekið þátt í handalögmálum. M krefst bóta úr heimilistryggingu vegna afleiðinga slyssins.

V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að það hafi sent afstöðubréf sitt í tölvupósti 24. október 2016 á netfang sem málskotsaðili hafi gefið upp og M því fengið bréfið sama dag. Niðurstöðu félagsins beri að kæra innan árs frá því málskotsaðili fái tilkynningu um höfnun og þar sem kæran er dagsett 27. október 2017 eða einu ári og þremur dögum eftir að M fékk bréfið sé tímafresturinn því liðinn. Þá kemur fram hjá V að skv. grein 9.14 í 4. kafla skilmála tryggingarinnar bæti váttryggingin ekki slys sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli. Í tilkynningu um atburðinn sem félaginu barst komi fram að V hafi verið kýldur aftan frá. Samkvæmt lögregluskýrslu um atburðinn komi fram að M hafi ýtt í tjónvald og í framhaldinu verið kýldur. Vitnið Þ beri um að því hafi sýnst að M hafi verið að stöðva tjónvald þegar hann var svo kýldur.

Hjá M kemur fram varðandi kærufrestinn að hann hafi ekki fengið neitun V um bótaskyldu fyrr en helgina 29.-30. október 2016 þegar hann sótti póst á lögheimili sitt. M telur að miða þurfi við hvenær hann fékk bréfið í hendur en ekki þegar V sendi bréfið. Einnig kemur fram að síðar hafi komið í ljós að netfang kæranda hafi misritast í tilkynningu hans til V. Bréf V hafi því verið sent á rangt netfang og M því ekki fengið upplýsingar um höfnunina 24. október 2016 og því séu lagaskilyrði um ársfrest ekki uppfyllt.

Álit.

Fyrir liggur að höfnunarbréf V um bótaskyldu var sent 24. október 2016 á rangt tölvupóstfang. M fékk því ekki vitneskju um höfnunarbréfið þann dag og leiða má líkum að því að bréfið hafi borist í pósti til hans í fyrsta lagi 27. október 2016. Með vísan til þess var eins árs tímafrestur skv. 124. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, ekki liðinn þegar málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar og er það málið því tekið til meðferðar hjá nefndinni.

Í gögnum málsins liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem rætt er við vitni að atburðinum. Tvö vitni bera að M hafi virst ætla að stöðva tjónvald eða ýtt við honum en eitt vitni telur M hafa verið kýldan án ástæðu. Í grein 9.14 í 4. kafla skilmála tryggingarinnar kemur fram að slys sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli séu ekki bætt. Miðað við framburði vitna, gögn málsins og aðstæður þegar atburðurinn átti sér stað verður ekki annað ráðið en að M hafi verið í handalögmálum þegar hann var kýldur og á hann því ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr heimilistryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 343/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á aðrein að Vesturlandsvegi til austurs 29.4.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.9.2017 ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V-1 dags. 20.11.2017.
3. Bréf V-2 dags. 2.11.2017 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Bifreiðunum A, B og C var ekið til norðurs aðrein að Vesturlandsvegi til austurs A var fremstur, B í miðjunni og C aftastur. Skyndilega hægðist á umferðinni og ökumaður A hemlaði og það gerðu einnig ökumenn B og C, en þeim tókst ekki að koma í veg fyrir árekstur og lenti B aftan á A og C aftan á B. Ökumaður A segir að umferðin hafi verið þétt og skyndilega hafi hægst á henni sennilega vegna bifreiðar sem hafi skotið sér inn í bílaröðina og allir bremsað. Ökumaður A segir að hann hafi í kjölfar þess að hann bremsaði fengið tvo dynki aftan á A. Ökumaður B segist hafa hemlað og fengið C aftan á sig og við það hafi B kastast á A, sem var fyrir framan B. Ökumaður C segist hafa snarhemlað og sveigt frá en það ekki dugað til og hann hafi lent á B.

Álit.

Ágreiningur í málinu snýst um það hvort að B hafi fyrst ekið á A eða hvort B hafi kastast á A þegar C ók aftan á A. Samkvæmt framburði ökumanns A fékk A á sig tvö högg sem vísar til þess að B hafi fyrst lent á A og síðan hafi komið annað högg þegar C ók aftan á B og verður að telja sannað miðað við gögn málsins að þannig hafi atvik verið. Að þessu virtu ber ökumaður B sök á afturtjóni A og eigið framtjón, en ökumaður C ber sök á afturtjóni B og framtjóni á C.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber sök á afturtjóni A og eigin framtjóni. Ökumaður C ber sök á afturtjóni B og eigin framtjóni.

Reykjavík 20.12.2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 344/2017**M****og****V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss.****Gögn.**

Málskot, móttakið 30.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 4.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M varð fyrir vinnuslysi 6. september 2016 við störf sín hjá A. Í tilkynningu A um slysið til Vinnueftirlits ríkisins (VER), dags. 12. september 2016, kemur fram að M hafi starfað hjá A frá á árinu 2006 og hann gegni stöðu yfirmanns hjá fyrirtækinu. Um tjónsatvikið segir í tilkynningunni að M hafi misstigið sig á gámasliskju sem liggja inn í gám og að hann hafi verið í öryggisskóm.

M gaf sjálfstæða skýrslu um atvikið hjá lögreglu 20. september 2016. Þar kemur fram að M hafi verið starfsmaður í vöruhúsi (lager) A. Hann hafi verið að setja upp nýja sliskju fyrir aðra sem hafi verið föst. Við það hafi fasta sliskjan hreyfst þannig að hann hafi misst jafnvægið og stigið til hliðar og við það hafi hann hafi misstigið sig vegna hæðarmunar. Hafi hann ristarbrotnað á vinstri fæti.

Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), sem er dagsett 31. janúar 2017 og undirrituð af M og A, segir að M hafi verið að tæma gám, en þá hafi gámasliskja, sem er áföst við gámagatið, verið eitthvað biluð og setið föst undir gáminum. Hafi hann þá náð í færanlega sliskju og sett ofan á biluðu sliskjuna „sem er í sömu hæð og pallurinn í gámagatinu“. M hafi svo farið út úr lyftaranum sem hann hafi verið á til að setja niður tönn á sliskjunni svo unnt væri að aka inn í gáminn, en þá hafi komið „rosalega högg“ á sliskjuna og við það hafi hann skotist upp í loftið og lent illa á vinstri fæti og við það hafi ristin brotnað illa. Efnislega samhljóða lýsingu á tildrögum slyssins er að finna í tilkynningu M um slysið til V sem einnig er dagsett 31. janúar 2017.

Í málskoti kveður M að slysið megi fyrst og fremst rekja til vanbúnaðar á vinnustaðnum. Þá segir í málskotinu m.a. að færanlega sliskjan sem hann þurfti að nota og iðulega hafi verið notuð þegar bilanir, eins og hér um ræðir, hafi komið upp í römpum hafi verið ófullnægjandi og vanbúin. Sú staðreynd að sliskjan hafi þeytt honum í loft upp þegar rampurinn fór af stað bendi til að ekki hafi verið öruggt að nota hana. Þannig hafi tönn verið laus sem hafi átt að vera föst við sliskjuna. Því hafi ekki verið hægt að setja hana niður með því að standa við hliðina á henni. Þegar sliskjan hafi verið komin inn í opið á gáminum og ofan á rampinn hafi ekki verið möguleiki á öðru en standa ofan á henni eins og M gerði, enda hafi hún naumlega passað inn í opið. Í þessu sambandi er af hálfu M vísað m.a. til 46. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, höllustuhætti og öryggi á vinnustöðum og 5. og 10. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja varðand skyldu A til að sjá til þess að fyllsta öryggis sé gætt á vinnustaðnum, þ á m. við notkun tækja við starfið.

M hefur krafist bóta vegna þess líkamstjóns sem hann varð fyrir í slysinu úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980 skal atvinnurekandi án ástæðulausrar tafar tilkynna til Vinnueftirlits ríkisins öll slys þar sem starfsmaður deyr eða verður óvinnufær í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð. M varð óvinnufær um nokkurn tíma strax í kjölfar slyssins. Bar A að hlutast til um að tilkynna VER um slysið án ástæðulausrar tafar eins kveðið er á um í lagaákvæðinu. Fyrrgreind tilkynning til VER var hins vegar ekki útbúin fyrr en 12. september 2016 og móttakin af stofnuninni 14. sama mánaðar.

Nokkurs misræmis gætir í frásögn M af tildrögum slyssins annars vegar í skýrslu hans hjá lögreglu og hins vegar í tilkynningunum til SÍ og V frá 31. janúar 2017. Með hliðsjón af því að A hefur

einnig undirritað tilkynninguna til SÍ þykir mega miða við að A geri ekki athugasemdir við þá lýsingu málsatvika sem þar kemur fram. M telur að sliskjan sem hann hafði lagt í op gámsins hafi verið vanbúin og getur það fengið stoð í frásögn hans af tildrögum slyssins eins og hún birtist m.a. í tilkynningunni til SÍ 31. janúar 2017. Með því að það fórst fyrir af hálfu A að tilkynna VER um slysið eins og lög kveða á um var það ekki rannsakað. Hefur A því sönnunarbyrði um það að slys M megi ekki rekja til bilunar eða vanbúnaðar sliskjunnar sem hann ber ábyrgð á, eins og M heldur fram. Sú sönnun hefur ekki tekist og telst A því bera ábyrgð á líkamstjóni M. Á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 345/2017

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur á Hringveginum austan Varmahlíðar í Skagafirði 15.9.2017.**Gögn.**

Málskot, móttækið 23.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 9.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 22.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Um kl. 23 var A ekið austur Hringveginn á eftir hópibifreið (strætisvagni). Er A var ekið fram úr hópibifreiðinni rakst hún utan í B sem var kyrrstæð og ljóslaus í vegkantinum að norðanverðu og sneri til vesturs. Við atvikið brotnuðu vinstri hliðarspeglar á bifreiðunum. Myrkur var og engin lýsing á árekstrarstað. Veður var þurr og færi þurr.

Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að stjórnandi hópibifreiðarinnar hafi gefið honum stefnuljósamerki til hægri um að framúrakstur væri í lagi. Við svo búið hafi hann ekið fram úr hópibifreiðinni, en ekki séð B fyrir en árekstur varð með þeim.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á suðurleið þegar B hafi bilað og hafi fljótlega orðið rafmagnslaus og án allra ljósa, þar sem hún stóð í vegkantinum. Hann kvaðst hafa hringt eftir aðstoð til Akureyrar og beið hennar þegar óhappið varð. Hann hafi lagt framsætið aftur og legið út af og ekki orðið var við A fyrir en árekstur varð. Eigandi B kvað afturdekk B hafa verið „ca 5-10 cm innfyrir veglínuna að aftan en innfyrir að framan því billinn var aðeins snúinn.“ Eftir óhappið var B ýtt út fyrir veginn með samþykki ökumannsins svo hún skapaði ekki frekari hættu.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. og a. lið sömu málsgreinar, skal ökumaður, sem ætlar fram úr ökutæki, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega að akrein sú, sem nota á til framúraksturs, sé án umferðar á móti á nægilega löngum kafla og að ekki sé annað er hindri framúraksturinn. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni A þar sem hann vissi ekki af B á akbrautinni fyrir framan sig fyrir en áreksturinn varð. Hann á nokkra sök á árekstrinum. Hafi ökutæki stöðvast, m.a. vegna vélarbilunar, á þannig stað eða svo að hætta eða óþægindi stafi af fyrir umferðina, skal ökumaður gera ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við þar til það hefur verið flutt brott, sbr. 1. mgr. 30. gr. ufl. Ökumaður B var á suðurleið þegar B bilaði og varð rafmagnslaus þannig að hún varð ljóslaus. Hann hafði hringt til Akureyrar og beið um aðstoð. Hafði hann beið drygklanga stund eftir aðstoðinni. Meðan hann beið eftir aðstoð hafði hann lagt framsætið aftur og lá út af þegar árekstur varð. B stóð að hluta inni á akbrautinni og skapaði þannig hættu eins og fram kemur í lögregluskýrslu. Ökumaðurinn hafði ekki gert neinar ráðstafanir til að koma B út af veginum eða gert ráðstafanir til að vara aðra vegfarendur við henni. Sök ökumanns B er alvarleg og telst hann eiga meginsök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 sakar og ökumaður B ber 2/3 sakar.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 346/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna vatnstjónstryggingar fasteignatryggingar.****Greiðsla bóta vegna vatnstjóns sumarið 2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 30.10.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 17.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur frá 18.12.2017 með myndum af vettvangi.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að tjón hafi orðið á baðherbergi í húseign M í lok sumars 2017. Með bréfi dags. 21. ágúst 2017 frá V var M tilkynnt um að tjónið væri bótaskyldt og hún minnt á eigin áhættu vegna tjónsins sem og bent á að tiltekinn kostnaður vegna endurlagnar á rörum sé ekki greiddur.

Af málskoti verður ekki annað ráðið en að M fari fram á að kostnaður við flísalögn á öllu baðherbergi sé greiddur sem og kostnaður við að flytja flygil út úr húseign hennar vegna framkvæmda sem tengist tjóninu. M bendir á að heildarútlit raskist við mismunandi flísar á baðherbergi en upprunalegar flísar séu ekki fáanlegar.

V vísar til ákvæðis í váttryggingarskilmálum, nánar tiltekið gr. 9.1.1, þar sem kemur fram að váttryggingin bæti tjón af völdum vatns en vísar síðan til eftirfarandi orðalags ákvæðisins: „Váttryggingin greiðir kostnað við uppbot og rask sem óhjákvæmilegt er til þess að stöðva leka, svo og frágang að nýju vegna slíkra aðgerða, þannig að húseignin sé í sama og eigi verra ástandi en hún var fyrir tjónið. Bætur fyrir uppbot og rask að öðru leyti en því að stöðva leka greiðast ekki.“ V telur að félagið hafi greitt bætur í samræmi við umrætt ákvæði og ekki sé sýnt að húseign M sé í lakara ástandi en fyrir tjónið eða að kostnað við flutning innbús eigi að greiða úr vatnstjónstryggingu hjá V.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 35. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga á váttryggður rétt á fullum bótum fyrir fjártjón sitt ef ekki er um annað samið í váttryggingarsamningi. Í fyrrnefndri gr. 9.1.1 í váttryggingarskilmálum V kemur fram að V hefur samið við sína viðskiptavini hvernig bótauppgjóri er háttað. Af skilmálaákvæði þessu leiðir að bætur úr váttryggingunni takmarkast við þær skemmdir sem hlutust af vatnslekanum í húseign M og greiðast bætur einungis fyrir aðgerðir til að stöðva lekann og nauðsynlegan frágang þannig að eignin verði ekki í lakara ástandi en fyrir tjónið. Þótt flísar á baðherbergi verði ekki að öllu leyti sömu gerðar og á öðrum flísalögðum flötum liggur ekki fyrir af fyrirliggjandi gögnum að ástand eignarinnar verði af þeim sökum lakara eða lélegra en það var fyrir tjónið eða að heildarútlit raskist þannig að sjálfstæður bótaréttur stofnist þess vegna. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að kostnaður við flutning flygils falli undir gr. 9.1.1 í váttryggingarskilmálum. M á því ekki rétt á frekari bótum úr vatnstjónstryggingunni en V hefur þegar boðið.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingu fasteignatryggingar hjá V.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 347/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar verktaka.

Krafa um bætur vegna rekstrarstöðvunar verslunar 14.8.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 30.10.2017 ásamt fylgiskjölum og tölvupósti M dags. 14.11.2017.
2. Bréf V dags. 14.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M rekur verslun og varð fyrir tjóni þegar unnið var við framkvæmdir á húsinu þar sem verslunin er og verktaki rauf þakið og það rigndi ofan í rýmið fyrir ofan verslunina og vatnið kom síðan í gegn og inn í verslunarrýmið. M segir að V hafi viðurkennt beint tjón vegna þessa og bætt það, en verslunin hafi verið óstarfhæf á eftir og af því hafi hlotist mikið tjón vegna rekstrarstöðvunar verslunarinnar og krefst M að það tjón verði bætt úr ábyrgðartryggingu verktakans. V hefur greitt bætur vegna beins tjóns af völdum lekans sem varð við vinnu verktaka, sem eru með ábyrgðartryggingu hjá V. V hafnar hins vegar að greiða óbeint tjón M vegna rekstrarstöðvunar verslunar M og segir að trygging vátryggingataka taki ekki til slíks tjóns. V segir að í grein 4.1. í vátryggingaskilmálum sé kveðið á um bótasvið vátryggingarinnar og þar liggi fyrir að bótasvið tryggingarinnar nái ekki til óbeins tjóns eins og rekstrarstöðvunar verslunar.

Álit.

Um ábyrgðartryggingu þá sem M hafði í gildi hjá V, þegar tjónið varð, giltu skilmálar félagsins um ábyrgðartryggingu atvinnurekstrar. Í gr. 4.1 í skilmálunum er kveðið á um bótasvið vátryggingarinnar. Þar segir m.a., sbr. gr. 4.1.1, að vátryggingin bæti beint líkams- eða munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun. Í þessu felst að vátryggingin tekur einungis til beins tjóns, líkams- eða munatjóns, sem vátryggður ber skaðabótaábyrgð á, en tekur hins vegar ekki til óbeins eða afleidds tjóns, svo sem tjóns af völdum rekstrarstöðvunar.

Þar sem ágreiningur er um greiðslu bóta vegna rekstrarstöðvunar verslunarinnar og ábyrgðartryggingin tekur ekki til slíks tjóns á M þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu verktaka hjá V.

Reykjavík 20.12.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 348/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur á bifreiðastæði á Garðatorgi, Garðabæ, þann 23.8.2017.****Gögn.**

Málskot, móttakið 31.10.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 20.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 16.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum sem vísuðu skáhallt á móti hvor öðrum. Rákust þá saman afturendi A og hægra afturhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum og verið að setja bifreiðina í áframgír þegar bakkað hafi verið á A. Ökumaðurinn kvað A vera búna bakkmyndavél og skynjara og er hann hafi bakkað hafi enginn verið þar sem hann var að setja í áframgír. Þá hafi myndavélin og skynjarinn ekki verið á og því hafi hann ekki séð þegar ekið var á A.

Ökumaður B kvað báða ökumenn hafa ekið samtímis aftur á bak úr gagnstæðum áttum og lagt á til hægri og bifreiðirnar rekist á á miðju bifreiðastæðinu.

Eitt vitni, sem kvaðst þekkja til ökumanns A, kvaðst hafa séð að búið hafa verið að bakka A úr stöðureit og verið að leggja af stað þegar B hafi komið úr stöðureit fyrir aftan A og verið bakkað aftan á A.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi ljósmyndum sem teknar voru á vettvangi má sjá að báðar bifreiðir sneru á ská á leið þerra úr stöðureitum sínum, m.ö.o. hvorug þeirra var komin í beina akstursstefnu eftir akleiðinni á milli stöðureitanna. Á framhlið tjónstilkynningar vegna árekstursins kemur fram að báðum bifreiðunum var ekið aftur á bak. Af fyrirliggjandi gögnum og að virtum framburðum beggja ökumanna verður ekki ráðið með nægri vissu að gáleysi annars ökumannsins hafi verið meira en hins þannig sönnunarbyrðin verði lögð á hann um að áreksturinn verði rakinn til aksturslags hinnar bifreiðarinnar. Þá verður ekki talið, eins og hér stendur á, að framburður fyrrgreinds vitnis geti ráðið úrslitum um það hvor ökumanna eigi sök. Eftir atvikum öllum verður því ekki ráðið hvor ökumanna eigi sök fremur en hinn. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 350/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna málskostnaðartryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið váttryggingar vegna kröfu um málskostnað vegna ágreinings í skaðabótamáli.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 1.11.2017, ásamt fylgiskjölum og viðbótarathugasemdum með tölvupósti dags. 14. nóvember 2017.

Bréf V, dags. 25.10.2017.

Málsatvik.

M var stefnt til greiðslu skaðabóta í dómsmáli fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í júní 2016. Hinn 2. maí 2017 gekk dómur í málinu þar sem M var dæmdur til að greiða stefnanda miskabætur. Atvikum er lýst þannig í dómnum að M hafi veist að stefnanda og valdið með því líkamstjóni og vísað til sönnunarfærslu sem fór fram í sakamáli um atvikið og dæmt var í Hæstarétti með máli nr. 179/2016.

M krefst þess að greiddar verði bætur úr málskostnaðartryggingu og vísar til þess að kostnaður sé til kominn bæði vegna skaðabótamálsins sem og sakamálsins sem áður hafi verið dæmt í Hæstarétti.

V telur að skilyrði til greiðslu bóta séu ekki fyrir hendi þar sem ágreiningur sé þess eðlis að hann falli undir undanþáguákvæði í gr. 25.2 og 25.11 í váttryggingarskilmálum þar sem komi annars vegar fram að málskostnaðartrygging M bæti ekki málskostnað „vegna sakamála“ og heldur ekki málskostnað „sem varðar skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt.“

Álit.

Í váttryggingarskilmálum vegna málskostnaðartryggingar M kemur fram að hlutverk málskostnaðartryggingarinnar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum. Í gr. 25 í váttryggingarskilmálum kemur fram að váttryggingin taki til ágreinings sem snertir váttryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar héraðsdóms eða Hæstaréttar hér á landi skv. nánar tilgreindum skilyrðum. Í váttryggingunni eru síðan nokkuð víðtækar takmarkanir á bótasviði sem tilgreindar eru meðal annars tilgreindar í gr. 25.2-25.12.

Í þessu máli varðar ágreiningur í dómsmáli því sem M krefst málskostnaðar vegna, skaðabótakröfu vegna líkamsárásar sem M var dæmdur til refsingar fyrir með dómi Hæstaréttar í máli nr. 179/2016. Þegar af þeirri ástæðu verður ekki annað séð en að málskostnaður varði skaðabætur eða aðrar kröfur sem varða verknað sem leiðir til gruns eða ákæru á hendur váttryggðum vegna brots sem er saknæmt eins og undanþáguákvæði gr. 25.11 í váttryggingarskilmálum gerir ráð fyrir. Þannig nær gildissvið málskostnaðartryggingar M ekki til þess málskostnaðar sem varð til vegna skaðabótamálsins og heldur ekki vegna sakamálsins, sbr. undanþáguákvæði gr. 25.2. M á því ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 351/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar H.

Maður rann til utan við húsnæði H og slasaðist 11.2.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-4
2. Bréf V dags. 22.11.2017

Málsatvik.

M segist hafa runnið til í tröppum fyrir utan húsnæði H og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V, þar sem hann telur að um saknæman vanbúnað fasteignarinnar sé að ræða hjá aðkomuleið að húsinu. M byggir á því að ekki sé farið eftir ákvæðum 202 gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 þar sem ekki hafi verið komið fyrir handriðum, sem skylt hafi verið að gera. M segir bein orsakatengsl milli háttsemi H og slyssins sem hann varð fyrir. V hafnar bótaskyldu og segir að tröppur sem M vísi til séu ekki eiginlegar tröppur heldur “strúktúr” við vesturhlið hússins, einskonar pallar eða sæti sem horfi út yfir höfnina. Engin athugasemd hafi verið gerð við þennan hluta lóðarinnar við úttekt þar til berra aðila. Fram með pöllunum sé breiður göngustígur að steypu plani fyrir framan inngang H og fara þurfi af göngustígnum til að komast að pöllunum. V segir að þar sem ekki sé um eiginlegar tröppur eða aðkomuleið að ræða eigi ákvæði í gr. 202.14 í byggingarreglugerð ekki við í þessu tilviki.

Álit.

Við skoðun á aðstæðum við H sést, að M var ekki á eðlilegri eða venjulegri gönguleið að inngangi í H í umrætt sinn. Ekki er heldur um venjulegan stiga eða tröppur að ræða, heldur fremur misháa palla sem gangandi vegfarendur geta farið inn á sérstaklega, en eru ekki hluti af venjulegri gönguleið um göngustíg eða aðkomu að inngangi hússins. Bótakrafa M byggist á því að um saknæman frágang sé að ræða við Hörpu þar sem ekki hafi verið fylgt ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 441/1998 gr. 202.14 um að setja upp handrið við frágang þessara palla. Miðað við aðstæður verður ekki séð að tilvísað ákvæði byggingarreglugerðar eigi við um þau mannvirki þar sem M féll. Þá hafa eftirlitsstjórnvöld ekki gert athugasemdir við þann frágang sem þar um ræðir og ekki sýnt fram á að um saknæman vanbúnað sé að ræða. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 20.12. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 352/2017

M
og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Ágreiningur um sök þegar saman rákust opin bílhurð og hlið annarrar bifreiðar.**Gögn.**

Málskot, móttakið 2.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 15.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 20.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Atvik sem mál þetta varðar gerðist á bifreiðastæði við Hrísalund á Akureyri 29. september 2017.

Samkvæmt málskoti kveðst ökumaður B hafa opnað afturhurð B til að taka börn úr bifreiðinni. Hafi hann þá tekið eftir því að ökumaður A hafi komið í bifreið sína og ekið af stað. Hafi hann þá tekið eftir að A hafi verið ekið á afturhurðina á B og hafi hann þá bankað í þak A til að láta ökumanninn vita og stöðva hann. Ökumaðurinn hafi stöðvað og bakkað þannig að afturhurð B fari aftur í samt horf og þá líti út fyrir að ökumaður B hafi skellt hurðinni í A. Ef myndir eru skoðaðar megi sjá að skemmdin á A sé mun meiri en eðlilegt sé eftir venjulega hurðarskellu og greinilegt sé að A hafi verið ekið á hurðina á B.

Ökumaður A kvað afturhurð B hafa verið opnaða og hún rekist í A.

Álit.

Af fyrirliggjandi ljósmyndum af skemmdum á A sem urðu við óhappið, verður telja að atvikið hafi ekki getað gerst með öðrum hætti en að afturhurð B hafi skollið í hið A og telst ökumaður B því eiga sök á því hvernig fór. Á hinn bóginn verður að telja ósannað, eins og málið liggur fyrir, að ökumaður A eigi sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 353/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar dýraeiganda.****Skaðabótaskylda hundeiganda vegna bits 22.3.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 3.11.2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 8.11.2017, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa verið stödd í bakgarði við heimili sitt hinn 22. mars 2017 þegar hundur nágranna hennar beit bæði hana sjálfa og hennar hund þannig að tjón varð af. Umræddur nágranni er váttryggður sem hundaeigandi hjá V. Í lögregluskýrslu sem gerð var fimm dögum eftir atvikið kemur fram lýsing M á aðstæðum þannig að hún hafi athugað sérstaklega þegar hún fór út með sinn hund hvort hundar nágranna hennar hafi verið á staðnum en svo hafi ekki verið. Þá hafi komið að þrír stórir hundar og einn þeirra hafi bitið hana og hennar hund. Einnig kemur fram í lögregluskýrslunni að hundur sama nágranna hafi hinn 24. október 2016 ráðist á annan hund í eigu M. Í gögnum málsins eru einnig áverkavottorð vegna áverka á M og hundi hennar. Í gögnum málsins er ekki sjálfstæð skýrsla frá váttryggðum, nágranna M, um hvernig atvik voru í umrætt sinn.

M telur að váttryggður beri skaðabótaábyrgð á því tjóni sem hlaust af biti hunds hans og vísar til þess sem kemur fram í 2. mgr. 33. gr.c í lögum um fjöleignar hús nr. 26/1994 um að hundar og kettir skuli vera í taumi og í umsjá manns sem hefur fulla stjórn á þeim ef þeir eru í sameign eða á sameiginlegri lóð. Einnig vísar M til þess að lausaganga hunda sé alvarlegt brot í skilningi 4. mgr. 33.gr.c sömu laga. einnig vísar M til samþykpta um hundahald sem gildir í sveitarfélagi því sem M og váttryggður búa og telur að váttryggður hafi ekki fylgt þeim eftir þannig að öryggi annarra væri tryggt gagnvart hundi hans. Einnig vísar M til þess atviks sem varð í október 2016 og því hefði verið ástæða til að gæta enn meiri varúðar við vörslur hunds váttryggðs.

Í bréfi V dags. 8. nóvember 2017 er haft eftir váttryggðum að hundum M og hans hafi lent saman í bakgarði við hús þeirra. Í sama bréfi er vitnað til samkomulags um að hundar þeirra væru ekki úti í garðinum á sama tíma en V hefur eftir váttryggðum að hundar hans hafi verið í garðinum í umsjá tengdamóður hans þegar M hafi komið út með sinn hund. Því hafi M brotið umrætt samkomulag og auk þess hafi M ekki beitt réttum aðferðum þegar hún reyndi að stilla til friðar milli hundanna, eftir að þeim lenti saman. V telur ósannað að váttryggður hafi sýnt gáleysi með því að vera með hunda sína lausa í bakgarði við hús það sem hann og M búa bæði í og vísar til þess að M hleypi einnig sínum hundum út í sama garð.

Álit.

Ágreiningur málsins snýr fyrst og fremst að sönnun málsatvika. Í málinu liggur fyrir framburðarskýrsla M hjá lögreglu nokkrum dögum eftir atvikið en ekki frekari rannsóknargögn í málinu, t.d. framburðarskýrsla af váttryggðum eða vitnum. Almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að M sýni fram á að skilyrði skaðabótaréttar séu uppfyllt, þ.e. sönnunarbyrði um málsatvik og frekari skilyrði hvílir á M. Í þessu máli greinir aðila nokkuð á um aðdraganda þess sem leiddi til áverka M og hunds hennar. Verður ekki litið svo á að hægt sé að leggja eingöngu framburð M til grundvallar þó hún hafi borið um atvik hjá lögreglu heldur verður að leggja heildstætt mat á aðstæður sem lýst er í gögnum málsins. Við það mat er ekki hægt að líta framhjá þeim ágreiningi sem er um málsatvik og með hliðsjón af honum liggur ekki nægilega skýrlega fyrir að tjón M megi rekja til þess að váttryggður eða einhver sem hann bar ábyrgð á hafi sýnt saknæma háttsemi við vörslur hunda váttryggðs. Með vísan til þeirra gagna sem liggja fyrir hjá nefndinni er því ekki hægt að fallast á greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu dýraeiganda hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu dýraeiganda hjá V.

Reykjavík, 9. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Lúðvík Bergvinsson hdl.

Mál nr. 354/2017

M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Hólshrauni við Fjarðarkaup 25.9.2017.**Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 7.10.2017 og tölvupóstur f.h. M dags. 27.11.2017.

Bréf V2, dags. 15.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 24.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að árekstur varð milli bifreiða A og B á Hólshrauni þar sem bifreið A var ekið austur þá götu með fyrirhugaða akstursleið af götunni og inn á bifreiðastæði við verslunina Fjarðarkaup en bifreið B var ekið vestur götuna. Í skýrslunni kemur fram að hemlaför eftir bifreið B hafi verið 12 metrar á þurru malbiki. Í skýrslunni kemur fram að ökumaður bifreiðar A (M) kveðst hafa haft fyrirhugaða akstursstefnu inn á bifreiðaplan og hafi ekki séð bifreið B fyrr en hún lenti á bifreið A. M bendir á í lögregluskýrslu að bifreið A hafi ekki verið kominn inn á rangan vegarhelming þegar árekstur varð, heldur hafi hann rétt verið byrjaður að taka beygjuna. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa ekið eftir Hólshrauni á 40-50 km hraða þegar bifreið A hafi verið beygt í veg fyrir hann.

M telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið á bifreið A kyrrstæða. M bendir á hemlaför og sagðan ökuhraða bifreiðar B og telur að af myndum af vettvangi megi ráða að bifreið B hafi verið ekið of hratt og í óeðlilegri akstursstefnu. V1 segir í bréfi sínu til nefndarinnar að það telji af myndum af vettvangi sýnt að bifreið B hafi verið komin inn á rangan vegarhelming þegar árekstur varð og verði ökumaður bifreiðar B því að bera alla sök á árekstrinum. V2 telur hins vegar að ökumaður bifreiðar A (M) beri alla sök á árekstrinum fyrir að hafa beygt til vinstri í veg fyrir bifreið B og vísar til þess að ósannað sé að bifreið B hafi verið ranglega staðsett á akbrautinni, en myndir af hemlaförum beri með sér að sú bifreið hafi verið staðsett langt til hægri á akbrautinni.

Álit.

Í gögnum málsins er skýrt að í aðdraganda áreksturs var bifreiðum A og B ekið á móti hvor annarri. Við þær aðstæður hvílir aðgæsluskylda á báðum ökuönnum að aka sem næst hægri brún akbrautar og að ökuhraði sé í samræmi við aðstæður. Það að ökumaður bifreiðar A (M) hafi ætlað að aka til vinstri og segist í lögregluskýrslu hafa verið rétt byrjaður að beygja þegar árekstur bendir til þess að hann hafi ekið til vinstri og þannig hafi ökumaður bifreiðar B fípast. Af myndum og hemlaförum má hins vegar ráða að ökumaður bifreiðar B hafi ekið of hratt m.v. aðstæður. Þegar allar aðstæður eru metnar telst hvorugur ökumaður hafa gætt nægrar varúðar og rétt að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 355/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Árekstur bifreiða 11.1.2010. Líkamstjón. Orsakatengsl.

Gögn.

1. Málskot móttakið 7.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-15.
2. Bréf V dags. 21.11.2017.

Málsatvik.

M var ökumaður bifreiðar þegar A ók á bifreið M 11. janúar 2010. Í lögregluskýrslu segir M, að hann sé mjög aumur í vinstri hendi eftir áreksturinn. M leitaði til læknis á árinu 2016 vegna verkja í baki. M var vísað til bæklunarlæknis og í vottorði hans dags. 4.7.2017, segir, að M hafi ekki þekkt sögu um bakverki fyrir umferðarslysið 2010, hann hafi lent í hörðum árekstri og lýsi upphaflega einkennum frá úlnlið/handlegg, sem hafi gengið yfir. Þá segir í vottorði að M lýsi mjóbaksverkjum eða verkjum á mótum mjóbaks og brjósthryggjar, en skráningu þeirra einkenna frá þessum tíma sé ábótavant og M hafi í fyrstu ekki tengt þessi einkenni við slysið. M segir að einkenni frá mjóbaki hafi komið löngu eftir áreksturinn og vísar til þess að í fyrrnefndu vottorði komi fram að meiri líkur en minni á því að bakverkir þeir sem M glími við í dag séu vegna afleiðinga umferðarslyssins. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki sé hægt að leggja til grundvallar að einkenni M frá mjóbaki verði rakin til umferðarslyss sem varð 11. janúar 2010 enda hafi M ekki verið greindur með mjóbakstögnun í upphafi. V vísar til dóms Hæstaréttar í máli nr. 21/2010 og segir ekki nægjanlegt til sönnunar á orsakatengslum milli atburðar og tjóns í líkamstjónamálum að hugsanlega geti verið um slík tengsl að ræða. V vísar til þess að sex ár líði frá því að slysið varð þar til M nefni einkenni frá mjóbaki. V telur líklegra að mjóbaksverkir M megi rekja til vinnu hans fremur en umferðarslyssins.

Álit.

M kvartaði fyrst undan verkjum í baki eða mjóbaki sex árum eftir tjónsatvik. Í læknisvottorði bæklunarlæknis dags. 4.7.2017 segist læknirinn telja að meiri líkur en minni séu á því, að bakverkir þeir sem M býr við frá mótum brjóst- og lendarhryggjar séu vegna afleiðinga umferðarslyss. Þessi umsögn læknisins gefa vísbendingu um að orsakatengsl kunni að vera á milli umferðarslyssins og þeirra verkja sem eru að hrjá M í dag. Hins vegar er ekki hægt, miðað við heildstæða skoðun á gögnum málsins, að leggja ofangreinda umsögn bæklunarlæknisins alfarið til grundvallar sem sönnun þess að mjóbaksverkirnir sem eru að hrjá M í dag stafi frá árekstrinum 11.1.2010 í ljósi þess að engin samtímagögn liggja fyrir um skráningu bakeinkenna á löngu tímabili eða önnur gögn sem styrkja þá ályktun læknisins. Fyrirliggjandi gögn sýna því ekki ótvírátt að orsakatengsl séu á milli þeirra verkja í mjóbaki sem eru að hrjá M í dag og umferðarslyssins 11.1.2010 og verður M að bera hallann af þeim sönnunarskortum. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V að svo stöddu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna líkamstjóns úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 20.12.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 356/2017**M og****vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar fjölskylduátryggingar.
Gildissvið vátryggingarskilmála vegna dánarbóta vegna slyss 17.10.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 8.11.2017.

Bréf V, dags. 7.12.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að eiginmaður M slasaðist hinn 17. október 2015 þegar sjálfvirk hurð í verslun lokaðist á hann með þeim afleiðingum að hann skall í gólfið og slasaðist. Eiginmaður M lést 22. nóvember sama ár. M telur að hún eigi rétt til greiðslu dánarbóta skv. vátryggingarskilmálum V vegna afleiðinga slyssins. M bendir á að afleiðingar slyssins hafi verið þær að eiginmaður hennar, sem var fæddur árið 1926, brotnaði illa á nærenda vinstri lærleggs og hafi þurft að gangast undir aðgerð vegna þess. Hann hafi fengið bæði lungnabólgu og nóró veirusýkingu á meðan hann var inni á sjúkrahúsi vegna þessa og hafi síðan útskrifast þaðan 12. nóvember 2015. Daginn eftir hafi hann verið fluttur aftur á sjúkrahús vegna blóðugra uppkasta og meðvitundarleysis, þurft að fara í aðgerð vegna þess á maga og skeifugörn sem hafi leitt til andláts hans hinn 22. nóvember 2015, eins og fyrr segir. M telur að orsakatengsl séu milli tjónsatburðarins 17. október 2015 og þeirra læknisfræðilegu afleiðinga sem leiddu til andláts eiginmanns hennar og vísar um það til læknisvottorðs dags. 20. október 2016 þar sem sérfræðingur í bæklunarlækningum segir að það sé ótvírætt samband á milli brota og sáramyndunar í gögnum sem hafi leitt til andlátsins.

V vísar til ákvæðis í vátryggingarskilmálum sínum, nánar tiltekið gr. 6.1.4 þar sem segir: „Dánarbætur greiðast því aðeins að slysið sé bein og eina orsök að andláti vátryggðs. Ef sjúkdómur, veiklun eða sjúklegt ástand vátryggðs eru meðorsakir dauða hans greiðast engar dánarbætur. Þetta gildir hvort sem ástand þetta var til staðar þegar slysið varð eða skapaðast síðar, án þess þó að vera beinlínis og einungis afleiðing af slysi sem vátryggingin nær til.“ V telur að fótbot eiginmanns M hafi verið bein og eina orsök slyss hans og þar sem það hafi ekki eitt leitt hann til dauða þá greiðst ekki dánarbætur úr vátryggingunni.

Álit.

Í vátryggingarskilmálum V kemur fram í gr. 6.1.1 að látist vátryggður innan eins árs frá slysdegi greiði félagið dánarbætur, sbr. þó gr. 5.3, þar sem fjallað er um áhrif aldurs á vátryggingafjárhæðir. Í fyrirnefndri gr. 6.1.4 er takmörkun á gildissviði vátryggingarinnar þar sem fjallað er um að dánarbætur greiðist því aðeins að slys sé bein og eina orsök að andláti vátryggðs. Í gögnum málsins liggur fyrir álit sérfræðings í bæklunarlækningum um að ótvírætt samband sé milli brota og sáramyndunar í gögnum og vísar auk þess til að aukið stress og álag í kjölfar stórra brota og aðgerðar sé þekktur valdur sáramyndunar í meltingarvegi.

Við túlkun á takmörkunarákvæði gr. 6.1.4 verður að líta til þess að V ber sönnunarbyrði um að efnisleg skilyrði þess ákvæðis séu uppfyllt meðal annars í ljósi þess að félagið semur einhliða þá vátryggingarskilmála sem liggja til grundvallar vátryggingarsamningi M við V. Með hliðsjón af því verður að líta svo á að V beri sönnunarbyrði um að andlát eiginmanns M sé hægt að rekja til annars en þess fótbrots sem hann hlaut þegar hurð lokaðist á hann í verslun 17. október 2015. Á meðan ekki liggur annað álit fyrir um afleiðingar fótbrots eiginmanns M en það sem áður hefur verið vísað til um ótvírætt samband brota og sáramyndunar í gögnum verður V að bera hallann af slíkum sönnunarskorti.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu dánarbóta úr slysátryggingarlið fjölskylduátryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 357/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar A.

Maður slasaðist þegar verið var að hífa tjakk af gröfu 6.9.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-11.
2. Bréf V dags. 23.11.2017.
3. Bréf lögmanns M dags. 28.11.2017.

Málsatvik.

M segist hafa verið að hífa 500 kg. tjakk af gröfubómu og tjakkurinn hafi staðið á sér og til að forðast fall hafi hann gripið í bómuna og fengið við það högg á vinstra brjóst og öxl. M kveðst síðan hafa fallið niður á bómuna og hlotið áverka á báðum fótum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns A og segir að slysið megi rekja til þess að öryggisráðstöfunum var áfátt og um saknæman aðbúnað hafi verið að ræða. M segist hafa verið látinn vinna í mikilli hæð án fallvarnarbeltis og öryggisgrindar og hafi A með því brotið gegn ákvæðum laga nr. 46/1980 og reglugerða settra á grundvelli þeirra laga. M telur að A sé skaðabótaskyldur gagnvart sér á grundvelli sakarreglunnar og reglum um vinnuveitendaábyrgð. M segir að verklagsreglur og almennar leiðbeiningar fyrir umræddan verkþátt hafi ekki verið til staðar. M segir að verkstjóri hafi gefið honum og samstarfsmanni fyrirmæli um að vinna það verk sem þeir voru að vinna þegar slysið varð, en hann hafi þó ekki stýrt verkinu, en hægt hefði verið að afstýra slysinu með því að viðhafa verkstjórn og skipulag við verkið. Þá segir M að A hafi vanrækt tilkynningarskyldu skv. 79-81. gr. laga nr. 46/1980 og því hafi slysið ekki verið rannsakað með fullnægjandi hætti af Vinnueftirlitinu. Af hálfu M er því haldið fram að engin eigin sök hafi verið hjá honum og hafnar því að reynsla hans hafi nokkuð að segja við þær aðstæður sem hann var settur í á slysdegi.

V hafnar bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu A. Af hálfu V er atvikum lýst þannig að M og samstarfsmaður hans hafi verið búnir að taka einn tjakk niður af gröfubómunni og það hefði gengið mjög vel en síðari tjakkurinn hefði staðið á sér og hafi þurft að beita afli og við það. Hafi tjakkurinn losnað og á sama tíma hefði M haldið í krók sem bundinn var við tjakkinn og nánast fallið fram af bómunni, en náð að henda frá sér kúbeini og grípa í rör á bómunni og slasast við það. V segir að atvikum sé þannig lýst í málsskoti að byrjað hafi verið að losa neðri festingar tjakksins og farið síðan í mannkörfu til að losa efri festingarnar, en síðan segist M hafa farið upp á bómu gröfunnar til að hnýta stroffu um tjakkinn til að krókur skotbómulyftara gæti lagt hann á jörðina. Þá hafi tjakkurinn staðið á sér og hafi M reynt að koma tjakknum af stað með kúbeini og tjakkurinn losnað eftir nokkurn barning þannig að M hafi strekkst á milli króks á skotbómulyftara og rörs sem hann hefði gripið í á bómu gröfunnar. V segir að skv. upplýsingum A þá hafi M og samstarfsmaður hans ekki unnið verkið í samræmi við það sem talað hefði verið um við þá og fallvarnarbúnaður af ýmsum toga hafi verið til staðar. Þá segir V að annar skotbómulyftari hafi verið á staðnum, mannkarma auk þess sem auðvelt var að nálgast fallvarnarbelti og M vel kunnugt um það. V segir að A verði ekki kennt um það að M hafi kosið að leggja mannkörfunni og vinna verkið með þeim hætti sem hann gerði auk þess sem M hefði borið að tilkynna um það teldi hann öryggi sínu ábótavant sbr. 26. gr. 1. nr. 46/1980 auk þess sem það hefði staðið M næst að tryggja öryggi sitt og gera athugasemdir hafi hann talið ástæðu til. V segir að M hafi unnið við samskonar störf og þarna var um að ræða í 39 mánuði áður en slysið varð og hafi mátt vera fullkomlega ljós hættan sem fólst í að vinna verkið með þeim hætti sem hann gerði. V segir að A haldi því fram að M hafi unnið verkið í umrætt sinn þvert á verklag það sem lagt hafði verið upp með áður en verkið

hófst og ekki ráðfært sig við verkstjóra þegar upp komu vandkvæði við verkið. V fellst ekki á að óljóst sé um atvik málsins eða aðstæður á vettvangi þannig að ástæða sé að láta A bera hallann af sönnunarskorti. V telur að slys M verði eingöngu rakið til eigin gáleysis hans. Það hafi verið stórkostlegt gáleysi af hálfu M að standa uppi á bómu í þeirri hæð sem um var að ræða og vinna verkið með þeim hætti sem hann gerði í því sambandi vísar V til 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993. V telur að verði ekki fallist á þau sjónarmið að ekki sé um bótaskyldu að ræða þá sé full ástæða til að skerða bótarétt til M vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Af hálfu M er því mótmælt að rétt hafi verið um það við hann að nota annað verklag en hann gerði. Þá mótmælir M því að annar skotbómulyftari hafi verið til staðar á vinnustað. Einnig mótmælir M því að fallvarnarbúnaður af ýmsum toga hafi verið til staðar.

Álit.

Ágreiningur er um málsatvik í ýmsum veigamiklum atriðum m.a. hvort að til staðar hafi verið annar skotbómulyftari á verkstað þegar verkið var unnið og fallvarnarbúnaður af ýmsum toga. A vanrækti tilkynningarskyldu sína skv. 79.-81.gr. l. nr. 46/1980 og Vinnueftirlitið sinnti þar af leiðandi ekki rannsókn á vettvangi. A verður að bera hallann af því að hafa ekki sinnt tilkynningaskyldu að því marki sem ágreiningur er um málavexti og verður því að leggja framburð M til grundvallar við mat á sönnun atvika um að verkstjórn hafi verið ófullnægjandi og viðeigandi búnaður hafi ekki verið fyrir hendi. A ber sök á því miðað við fyrirliggjandi gögn, þar sem ekki er af hálfu A sýnt fram á að verkstjórn hafi verið fullnægjandi eða til staðar hafi verið fullnægjandi fallvarnarbúnaður eða annar skotbómulyftari þegar verkið var unnið. Framhjá því verður hins vegar ekki litið að skv. lýsingu M sjálfs á verkinu og verklagi þá var það stórkostlegt gáleysi að fara úr mannkörfunni sem M og samstarfsmaður hans höfðu til að sinna verkinu og fara upp á bómu skotbómulyftarans til að beita afli við að losa tékkinn og standa að öðru leyti að verkinu með þeim hætti sem M lýsir sjálfur í málsskoti. M var reyndur starfsmaður og hafði unnið við verk eins og þau sem hér var um að ræða í rúm 3 ár. M verður því að bera hluta tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis við framkvæmd verksins. A ber því bótaábyrgð á ófullnægjandi búnaði og verkstjórn miðað við gögn málsins að teknu tilliti til vanrækrar upplýsingaskyldu A, en rétt þykir að M beri 1/3 hluta tjóns síns sjálfur vegna stórkostlegs gáleysis við framkvæmd verksins, sbr. 23. gr. a. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V, en ber 1/3 hluta tjóns síns sjálfur.

Reykjavík 20.12.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 359/2017**M
og
vátryggingafélagið V v/ greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu er spjaldtölvu og fleiri munum var stolið í gestamóttöku hótels.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.11..2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 16.11.2017.

Málsatvik.

Hinn 4. janúar 2016 var M staddur í gestamóttöku tiltekins hótels í Stokkhólmi þar sem hann var m.a. með spjaldtölvu, farsíma og fartölvu. Brá hann sér frá til að ræða við son sinn sem tók þátt í skákmóti sem fram fór á hótelinu og skildi fyrrgreinda muni eftir í móttökunni. Er hann kom til baka skömmu síðar hafði munum þessum verið stolið.

M hefur krafist bóta fyrir hina stolnu muni úr greiðslukortatryggingu sem hann hafði í gildi hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Í gr. 5.1 í skilmálum vátryggingarinnar segir að vátryggt sé gegn tjóni sem verður á einkamunum vátryggðs af völdum bruna, þjófnaðar, innbrots, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss. Í gr. 5.5.2 í skilmálunum er kveðið á um tiltekna varúðarreglu sem hljóðar á þá leið vátryggður skuli ekki skilja við hina vátryggðu muni eftirlitslausa á almannaferi og gæta þess að taka þá með þegar staður er yfirgefinn. Þá er tekið fram í gr. 5.6 að skylt sé að fara eftir varúðarreglum í skilmálum þessum. Sé varúðarreglum ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 getur félagið gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Um gestamóttöku hótels fara margir, gestir og gangandi. Telst slíkur staður vera á almannaferi í skilningi gr. 5.5.2 í vátryggingarskilmálunum. Með því að skilja munina eftir í gestamóttökunni um stund án þess að þeir væru þar í umsjá einhvers braut M gegn þeirri varúðarreglu sem mælt er fyrir um í téðri grein. Þegar litið er til þess að um tiltölulega dýra muni var að ræða sem auðvelt var að taka ófrjálsri hendi og nokkuð fyrirsjáanlegt að þeim gæti verið stolið við þær aðstæður sem þarna sköpuðust verður að telja sök M alvarlega. Verður að telja, eftir atvikum öllum, að ekki verði hjá því komist að skerða bótarétt M að fullu. Hann á því ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu sinni hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 360/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar H.

Álplata skaust í andlit manns þegar bindivír var losaður 30.9.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-13.
2. Bréf V dags. 15.12.2017.

Málsatvik.

M segist hafa verið að störfum hjá H ásamt samstarfsmanni og var M að vinna við kassa með álplötum, sem haldið var saman með bindivír og gaf verkstjóri M fyrirskipun um að klippa á bindivírinn. Þegar M klippti á vírinn skaust ein plata í andlit M með þeim afleiðingum að hann slasaðist. Slysið var ekki tilkynnt til Vinnueftirlitsins fyrr en 18. október 2016 og því fór engin rannsókn fram af þess hálfu. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V og segir að verkstjórar hafi ekki gætt ákvæða í lögum nr. 46/1980 þegar M var skipað að klippa á bindivírinn án þess að fyllsta öryggi hafi verið tryggt. Gáleysi verkstjóra hafi verið til þess fallin að valda tjóni og á því beri H ábyrgð. M segist hafa unnið verkið skv. fyrirmælum og hafi ekki vitað af þeirri hættu sem gæti hlotist af því að bindivír væri klipptur. V hafnar bótaskyldu og segir að ekki hafi verið sýnt fram á það að slysið verði rakið til saknæmrar hegðunar H eða starfsfólks H. V segir að umrætt kar hafi komið ofhlaðið/ofhert til H og hafi H ekki átt nokkra sök á því. Þá segir V að erfitt sé að sjá hvaða leiðbeiningar verkstjóri hefði átt að beina til M við framkvæmd verksins enda ekki hægt að greina það að karið hafi verið ofhlaðið. V segir að M hafi unnið hjá H í 4 ár þegar slysið varð og oft unnið sambærilegt verk og fengið leiðbeiningar og sagt að gæta þyrfti fyllstu varúðar. V segir að verkið sjálft sé einfalt og almennt áhættulaust. V hafnar því að það hafi þýðingu í málinu að rannsókn Vinnueftirlitsins fór ekki fram enda séu tildrög óhappsins óumdeild.

Álit.

Af hálfu H hefur ekki verið upplýst hvernig verklagið hafi verið við framkvæmd þess verks sem M var að vinna m.a. hvort honum hafi verið gerð grein fyrir því með hvaða hætti hann ætti að standa að verkinu, þó að einfalt væri. Þá liggur ekki fyrir að M hafi verið upplýstur um eða bent á vanda sem því gæti fylgt að kassi með álplötum væri ofhlaðinn eða hvernig ætti að bregðast við. Þar sem Vinnueftirlitið var ekki kallað til svo sem lög áskilja þegar slys eins og þetta á sér stað, verður H að bera hallan af því að nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd verksins og vinnulag og verkstjórn liggja ekki fyrir. Þar af leiðir að leggja verður frásögn M til grundvallar, að á hafi skort tilhlýðilega verkstjórn við framkvæmd verksins og ábendingar um áhættuþætti sem því fylgdi. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 23.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 361/2017
M og
vátryggingafélagið V v. slysatryggingar ökumanns og eiganda bifhjólsins A.

Sönnun líkamstjóns vegna umferðaróhapps 17.4.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 18.12.2017 ásamt fylgiskjali.
3. Bréf lögmans M dags. 28.12.2017.

Málsatvik.

M kveðst hafa ekið bifhjóli sínu A eftir vegi við Rauðavatn 17.4.2017 en misst stjórn á hjólinu og það farið á hliðina og M lent á vinstri öxl við fallið. M átti bókað flug til Spánar daginn eftir og segist hafa ákveðið að fara þrátt fyrir meiðsli eftir það atvik. Í málskoti segir að eftir að M hafði borið töskur á Spáni hafi honum verið ljóst að ástandið á vinstri öxlinni var alvarlegt og leitaði hann læknis og í framhaldi af því tók hann flug fyrir heim en ætlað hafði verið eða 20.4.2017. M leitaði til læknis hér á landi 21.4.2017 og var þá greindur með afmyndun á vinstri öxl og aukið bil í liðnum og tognun á háls hrygg. M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A og segir að tjónsatvik 17.4. 2017 hafi sannarlega átt sér stað og að fullu sé sannað að höggið sem hann fékk við það sé mjög sértækt og allar líkur séu á að það hafi komið fram við umferðarslys. M byggir á framlögðum gögnum málsins og telur þau renna nægjanlegum stöðum undir að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni við slysið. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M lýsi atvikum m.a. með þeim hætti að þegar hann hafi verið að lyfta töskum á Spáni hafi eitthvað „poppað“ upp í vinstri öxlinni. V byggir á því að orsakatengsl milli slyssins og einkenna M séu ósönnuð. Þá segir M að meint umferðaróhapp hafi ekki verið tilkynnt til lögreglu eða annarra aðila og engin vitni verið tilgreind. V segir að fyrirbyggjandi gögn veiti ekki fullnægjandi sönnun fyrir því að einkenni M verði rakin til þess atviks sem bótakrafa hans er reist á.

Álit.

M kveðst hafa orðið fyrir líkamstjóni við akstur bifhjólsins A hinn 17.4.2017. Hann leitaði ekki til læknis eða tilkynnti um atburðinn og fór til Spánar daginn eftir þar sem hann lýsir því að eitthvað hafi „poppað“ upp í vinstri öxlinni á honum þegar hann var að lyfta töskum þar. Fyrir liggur í læknisvottorði frá 21.4.2017 að M er með áverka á vinstri öxl og tognun. Engin læknisfræðileg gögn liggja hins vegar fyrir í málinu um að áverki M stafi frá atvikinu sem hann byggir kröfu sína á að öllu leyti eða að hluta. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er því ekki sýnt fram á orsakatengsl í málinu. Miðað við þau á M því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifhjólsins A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A.

Reykjavík 16.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 362/2017**M
og
váttryggingafélagið V v/ frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um hvort krafa um bætur úr slysáttryggingu hafi verið tilkynnt of seint.****Gögn.**

Málskot, móttakið 16.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 24.11.2017, ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

Hinn 20. júní 2014 var M að pressa pappakassa á hálu eldhúsgólfi í orlofshúsi. Rann hann aftur fyrir sig og skall vinstri olnbogi í gólfið. Þremur dögum síðar, eða 23. júní 2014, leitaði M á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi vegna verkja í vinstri úlnlið sem og olnboganum. Í læknisvottorði, dags. 12. september 2016, segir að tekin hafi verið röntgenmynd sem sýndi vökva í olnbogalið og brot „radialt í caput radii en þar sé horizontal brot sem gengur inn í liðflötinn miðjan og 1,3 cm fragment radially niðurpressað.“ Var talið nauðsynlegt að gefa M gifs um olnboga og úlnlið til að minnka snúningshreyfingu á úlnlið og til að minnka hreyfímöguleika um olnboga og voru spelkur ráðlagðar í um tvær vikur. Einnig var gerð sjúkrahjálfunarbeiðni þar sem ráðlagt var að hann hefji sjúkrahjálfun um leið og hann losnar úr umbúðunum.

Hinn 4. júlí 2016 leitaði M til A, bæklunarskurðlæknis. Í vottorði hans, dags. 9. október 2016, kemur fram að M hafi farið í sjúkrahjálfun og náð góðum liðleika í olnboganum. Það sem hái honum aðallega sé dofi niður í „V. fingur“ og „hálfan IV. fingur“ og ölnarmegin í framhandleggnum. Hann vakni oft með dofa í hendi og sé með greinileg einkenni frá ölnartauginni. Segir í álitu læknisins að um sé að ræða áverka á vinstri olnboga með broti í efri enda sveifarabeinsins sem ekki þurfi að gera við. Hann hafi jafnað sig að mestu á brotinu en sé með einkenni frá ölnartauginni sem að „klínískt“ sé í klemmu og líklega hægt að laga með aðgerð, en þar sem alltaf sé ákveðin áhætta við slíkar aðgerðir hafi verið ákveðið að bíða aðeins og sjá til. Taldi læknirinn að þessi einkenni væru bein afleiðing af áverkanum, en afleiðingar slyssins myndu ekki hafa áhrif á starfsgetu M til frambúðar.

Með matsgerð, dags. 19. desember 2016, mat annar bæklunarlæknir, B, varanlega læknisfræðilega örorku M af völdum slyssins. Samkvæmt matsgerðinni bjó M við gróið brot á sveifarhöfði vinstri handar og ertingu í ölnartaug sömu handar í hæð við olnboga. Læknisfræðileg örorka af völdum slyssins var metin 3%. Við mat á stöðugleikatímupunkti var talið að þremur mánuðum eftir slysið, eða 20. september 2014 hafi M ekki mátt vænta frekari bata. Þá var talið að fyrst hafi verið tímabært að meta afleiðingar slyssins einu ári eftir það, eða 20. júní 2015.

Slysið var tilkynnt V 28. nóvember 2016. V hafnaði bótaskyldu þar sem eins árs frestur til að tilkynna félaginu um kröfu M um bætur úr slysáttryggingunni hafi verið liðinn þegar tilkynningin barst.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga glatar sá sem á rétt til bóta samkvæmt slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð krafa um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á.

Líkt og áður getur var slysið fyrst tilkynnt V 28. nóvember 2016. Voru þá liðin tvö ár og rúmir fimm mánuðir frá því slysið gerðist. Ekki liggur fyrir vottorð sjúkrahjálfara eða önnur gögn um það hvernig að sjúkrahjálfuninni var staðið, á hvaða tímabili hún fór fram og hverjar heilsufarsbreytingar voru hjá M meðan á sjúkrahjálfuninni stóð. Liggja í reynd engin gögn fyrir um liðan M eftir að hann var til lækni meðferðar á Selfossi þremur dögum eftir slysið uns hann leitaði til A í júlí 2016. Þegar litið er til þess hvers eðlis þeir áverkar voru sem M hlaut í slysinu, svo og þess að samkvæmt fyrirliggjandi örorkumati var talið tímabært að meta örorkuna 20. júní

2015, verður að telja að ársfrestur til að tilkynna V um slysið hafi verið liðinn þegar það var tilkynnt 28. nóvember 2016. M hefur því glatað rétti til bóta úr frítímaslysáttryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frítímaslysáttryggingu hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 364/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega X.****Túlkun á slyshugtaki vátryggingarskilmála vegna líkamsmeiðsla 18.11.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 16.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 30.11.2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M kveðst hafa orðið fyrir líkamsmeiðslum þegar hann var við vinnu sína við að hnoða brauðdeig hjá X. Í tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 5.1.2017, sem undirrituð er af bæði M og fulltrúa X, kemur fram eftirfarandi lýsing: „Var að hnoða deig þegar hægri hendi snerist og bögglaðist undir og small í við hnykkinn.“ Í tölvupósti lögmanns M dags. 3.3.2017 kemur hins vegar fram að líkamsmeiðsli M hafi komið til við þær aðstæður að M hafi staðið við álborð og verið að hnoða brauðdeig sem hafi þá runnið borðinu með þeim afleiðingum að M missti jafnvægi og datt fram á borðið þannig að hægri hönd hans varð undir líkamanum. M kveðst hafa heyrt smell við fallið. Sambærileg lýsing kemur fram í seinni tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands, sem undirrituð er af lögmanni M og dags. 3.3.2017. M leitaði lækniástoðar nokkrum dögum seinna og var greindur með mjúkvæfjabólgu í úlnlið. Í læknaþreffi bráðadeildar dags. 21.11.2016 kemur fram að M haf verið með bólgu og þrútna hægri hendi og hafi lýst atvikum þannig að hann hafi heyrt smell í úlnliðnum þegar hann var að hnoða deig nokkrum dögum áður.

M telur að líkamsmeiðsli hans verði rakin til slyss í skilningi vátryggingarskilmála slysatryggingar launþega, nánar tiltekið gr. 1.4. M vísar til þess að lýsing í fyrstu tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands dags. 5.1.2017 hafi ekki verið fullnægjandi og megi rekja það til þess að M tali ekki íslensku og litla sem enga ensku og enginn túlkur hafi verið með honum þegar hann lýsti atvikum fyrir vinnuveitanda sínum og hann hafi ekki getað lesið það sem hann undirritaði. M telur að sönnunargildi umræddrar tilkynningar verði að meta með hliðsjón af þessu. Einnig að leggja verði til grundvallar ítarlegri lýsingar í tjónstilkynningum sem sýni að líkamsmeiðsli M séu rakin til þess utanaðkomandi atburðar að deig sem M var að hnoða rann til á borði og hægri hönd hans „bögglaðist“ þannig að M missti jafnvægið og féll fram fyrir sig og lenti á hendinni. Um sé að ræða atburðarás sem sé í samræmi túlkun á því hvað sé slys í dómum Hæstaréttar í málum nr. 289/2010 og 412/2011. M bendir á að sérstaklega m.v. orðalag síðari dómsins beri V að sýna fram á að fall M megi rekja til sjúkdóms eða innra ástands M og ekkert hafi komið fram um slíkt.

V telur að ekki sé sýnt að líkamsmeiðsli M séu rakin til utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 1.4. í vátryggingarskilmálum. V vísar til þess að orðalag í fyrstu tjónstilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands sé í samræmi við lýsingu M á atvikum þegar hann leitaði til læknis. Um sé að ræða samtímagögn sem leggja eigi til grundvallar sönnun atvika og hvergi komi fram í gögnum málsins að tungumálaerfiðleikar hafi verið milli M og vinnuveitanda eða lækna þegar hann leitaði á bráðadeild, auk þess sem M hafi skrifað undir umboð til lögmanns á íslensku. V telur að ekki sé hægt að leggja lýsingu lögmanns M til grundvallar atvikum þar sem hún hafi ekki stoð í samtímagögnum og eigi tilvísuð dómafordæmi því ekki við.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sannað sé að líkamsmeiðsli M megi rekja til utankomandi atburðar í skilningi slyshugtaks vátryggingaréttar, sbr. orðalag gr. 1.4 í vátryggingarskilmálum V um að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans. Þegar litið er til þeirra lýsinga sem liggja fyrir að atvikum er ljóst að fyrsta lýsing á atvikinu, bæði gagnvart vinnuveitanda og á hjá læknum á bráðadeild bendir til þess að M hafi fengið verk í hægri hönd við að hnoða brauðdeig. Tveimur mánuðum síðar berst V síðan ítarlegri lýsing atvika frá lögmanni V. Þegar litið er til sönnunargildis þeirra gagna sem liggja fyrir

um atvikið og heildarmats á því hvaða afleiðingar þau umdeildu atvik höfðu er ekki hægt að líta framhjá því að einu upplýsingar sem liggja fyrir um líkamsmeiðsli M eru þær að hann hafi verið greindur með mjúkvefjabólgu í úlnlið. Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum verður ekki talið sannað að slík líkamsmeiðsli sé hægt að rekja til utanaðkomandi atburðar í skilningi gr. 1.4 í váttryggingarskilmálum heldur sé eins líklegt að slík meiðsli komi fram vegna sjúkdóms eða innra ástands M. Við þær aðstæður og með vísan til þess að ekki eru til samtímagögn, skýrslur vitna eða annað sambærilegt, sem styðja nægilega vel við síðari lýsingar af atvikum, verður M að bera hallann af sönnunarskorti um utanaðkomandi atburð. Hann á því ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 365/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á gatnamótum Mýrarvegur og Skógarlundar 27.10.2017.

Gögn.

1. Málskot móttækið 16.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V-1 dags. 28.11.2017.
3. Bréf V-2 dags. 30.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Árekstur varð á gatnamótum Mýrarvegur og Skógarlundar á Akureyri. A var ekið norður Mýrarveg og hugðist ökumaður beygja til vinstri vestur Skógarlund. Á sama tíma var B ekið austur Skógarlund og stöðvuð við biðskyldu á Skógarlundi nokkuð fyrir framan stöðvunarlínu þegar A var ekið á vinstri hlið B. Ökumaður A segist hafa verið að keyra á Mýrarvegi og verið að beygja til vinstri þegar B hafi ekið af stað við biðskyldu áður en ökumaður A var búinn að beygja. Ökumaður B segist hafa ekið austur Skógarlund að Mýrarvegi þegar hann hafi fengið A í vinstri hlið B.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn verður ekki annað séð en að ökumaður A hafi tekið of þrönga vinstri beygju og ekki gætt nægjanlegrar varúðar við aksturinn. Þá ók ökumaður B fram yfir biðskyldu og gætti heldur ekki nægjanlegrar varúðar við aksturinn. Af öllum gögnum virtum verður ekki séð að sök annars ökumannsins sé meiri en hins á árekstrinum og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 20.12.2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 366/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X og slysátryggingar launþega.****Ágreiningur um bótaskyldu úr frjálstri ábyrgðartryggingu og slysátryggingu launþega.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 13.11.2017, ásamt fylgiskjölum 1-11.

Bréf V, dags. 13.12.2017

Málsatvik.

M starfaði í gróðrarstöð X og kveðst hafa verið við vinnu sína þann 15. febrúar 2016 þegar hann rann í bleytu og þörungum sem höfðu myndast á röku gólfi gróðurhússins. Kveðst hann hafa verið keyrður samdægurs á slysadeild LSH í Fossvogi þar sem hann kvartaði undan verk í vinstri úlnlið.

M leitaði á bráðamóttöku LSH 15. febrúar 2016 vegna verkja í úlnlið eftir fall þann sama dag kl. 11:10. Segir í fyrirliggjandi bráðamóttökuskrá vegna komu hans á bráðadeildina að við komuna hafi hann hafi verið talsvert verkjaður og átt erfitt með að hreyfa höndina. Klínískur grunur hafi verið um brot en röntgenmyndir sýndu ekki beináverka. Einnig kemur fram að M hafi langa sögu um verki í úlnliðnum sem gæfu ekki góða sögu og að hann hafi áður farið í segulómun sem sýndu bólgur, sem virðist hafa versnað í dag. Upplýsingar um það klukkan hvað M kom á bráðamóttökuna, hvar eða hvernig hann féll er ekki að finna í bráðamóttökuskránni.

M byggir kröfu sína á því að X hafi brugðist skyldum sínum skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað og hollustuhætti á vinnustöðum og reglugerðum settum með stoð í lögnum. Vísar M m.a. til þess að X hafi vitað af þeirri hættu sem fylgdi því að gólf gróðurhússins væru blaut og að sleipir þörungar væru fljótir að myndast á röku gólfinu. Þrátt fyrir það hafi engar verklagsreglur verið til staðar um umræddan verkþátt og að M hafi aldrei fengið leiðbeiningar um það hvenær gólfinn skyldu þrífín. Þá hafi ekkert áhættumat verið framkvæmt. Vísar M til þess að hægt hafi verið að koma í veg fyrir slysið með því að viðhafa fullnægjandi verkstjórn og skipulag, þar sem fram kæmi hvenær og hversu oft ætti að háþrýstíþvo gólf og fjarlægja þörungana og/eða setja gúmmímottur.

Einnig byggir M á því að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980 og að af þeim sökum hafi slysið ekki verið rannsakað með fullnægjandi hætti. Þá hafi lögreglan ekki verið kvödd á vettvang og því engin vettvangsskýrsla til í málinu. Í ljósi þess að málið var ekki tilkynnt strax til Vinnueftirlitsins telur M, með vísan til dómafordæma að X skuli bera hallann af skorti á upplýsingum sem ætla megi að unnt hefði verið að afla hefði rannsókn farið fram.

V vísar til þess að X hafi ekki verið kunnugt um að M hafi dottið þennan tiltekna dag við vinnu sína og hafi af þeim sökum ekki átt kost á að tilkynna til Vinnueftirlitsins og óska eftir rannsókn á meintu atviki. Einnig vísar V til þess að í bráðamóttökuskránni séu engar upplýsingar um hvar málskotsaðili datt, hvernig það atvikaðist eða hvort það hafi verið við vinnu. Aukinheldur vísar V til þess að í skráningu X yfir viðveru starfsmanna sé ekkert skráð á slysdegi um umrætt fall en daginn eftir, þann 16. febrúar 2016 komi fram að málskotsaðili verði eitthvað frá vinnu þar sem hann datt. X hafi hins vegar ekki verið kunnugt um hvernig það atvikaðist eða hvort það gerðist við vinnu. Verði því að teljast ósannað að atvikið hafi gerst við vinnu M í gróðrarstöðinni og að það megi rekja til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í málinu er fyrst og fremst ágreiningur um það hvort M hafi slasast við vinnu sína hjá X. Gögn málsins eru nokkuð takmörkuð, þar sem engin samtímagögn, svo sem framburður samstarfsmanna sýna fram á það með óyggjandi hætti að M hafi dottið við störf sín hjá X. Til að mynda bera gögn málsins ekki með sér klukkan hvað M mætti á bráðamóttöku LSH og er því ekki hægt að staðfesta að M hafi mætt þangað á vinnutíma eða strax eftir fallið. Með vísan til framangreinds er ljóst að ekki hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að M hafi dottið við störf sín hjá X. Þar af leiðandi

er heldur ekki hægt að fallast á það með M að X hafi verið kunnugt um hið meinta vinnuslys eða að X hafi vanrækt tilkynningarskyldu sína samkvæmt 79. gr. laga nr. 46/1980. Af þeim sökum er ekki hægt að fallast á að X skuli bera hallann af sönnunarskorti um málsatvik. Hefur því ekki verið sýnt fram á bótarétt úr slysatryggingu launþega eða ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

M á ekki rétt á bótum úr slysatryggingu launþega.

Reykjavík 23. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 367/2017**M
og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar atvinnureksturs A.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns er rafmagnsknúin hurð rakst í konu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 15.11.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 29.11.2017.

Málsatvik.

Samkvæmt því sem fram kemur í málskoti átti M viðskipti við A hinn 19. nóvember 2015. Kveðst M hafa verið á leið út úr móttökustöð A og stöðvað aðeins við hurðarkarm og hafi sjálfvirk rafmagnshurð lokast á hana. Við það hafi hún dottið í gólfíð og slasast.

Af hálfu M var haft samband við tiltekið vitni, B, sem mun hafa verið starfsmaður A þegar slysið varð. Í tölvubréfi 7. mars 2017 svaraði B tilteknum spurningum sem fyrir það voru lagðar. Þar kom fram að B hafi verið starfsmaður A þegar slysið varð og eftir því sem það man best hafi hurðin verið endurstíllt til að opnast aftur við minna mót vægi. Með tölvubréfi 19. nóvember 2017 svaraði B að nýju nokkrum spurningum frá lögmanni M. Kom þá fram að hurðin hafi ekki stöðvast strax þegar hún varð fyrir fyrirstöðu. Hurðin hafi ekki verið biluð en kannski vanstíllt að mati vitnisins. Kvað vitnið hurðina kannski ekki hafa verið almennt hættulega en fyrir börn og fullorðna. Vitnið kvað hurðina hafa verið búna hreyfiskynjara, ef það man rétt.

M telur hurðina hafa verið vanbúna umrætt sinn og hefur hún krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Gögn málsins eru um margt ófullkomin og greinargóð lýsing á tildrögum slyssins er ekki fyrir hendi. Þannig liggja t.d. haldlitlar upplýsingar fyrir um hurð þá sem skall á M svo sem um virkni hennar og hvernig hún er sett upp. Litlar upplýsingar liggja fyrir um vitnið B sem getið er um í málgögnum, svo sem um stöðu hans hjá A þegar slysið varð. Svör hans eru frekar óskýr um það sem hann var spurður um. Þegar til þessa er lítið, svo og þess hvernig svaranna var aflað, verður framburður B ekki lagður til grundvallar við mat á skaðabótaábyrgð A. Að öllu virtu verður ekki talið að sýnt hafi verið fram á samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að líkamstjón M verði rakið til vanbúnaðar hurðarinnar eða annarra atvika sem A getur borið fébótaábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 20. desember 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 368/2017**M og****vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.
Takmörkun á ábyrgð vátryggingafélags vegna umferðarslyss 31. júlí 2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 17.11.2017.

Bréf V, dags. 23.11.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M ók bifreiðinni X um Suðurfell við Völvufell þegar hann ók á aðra bifreið. Ekki er að sjá að ágreiningur sé um að öll sök á árekstrinum hvíli á ökumanni bifreiðarinnar X. Ágreiningur er hins vegar um hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar.

M telur að ósannað sé að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur í ljósi þess að hann var ekki óhæfur til aksturs á grundvelli magns alkóhóls í blóði, sbr. það sem kemur fram í 2. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Í öndunarprófi hjá M mældist 0,65 prómill og M bendir á að það sé í lægri mörkum. Einnig bendir M á að magn kódeins sem hafi verið í blóði hans sé ekki þannig að hægt sé að álykta að það hafi haft áhrif á getu hans til aksturs. Bæði komi það fram í matsgerð sem liggur fyrir í málinu að magn lyfja í blóði eitt og sér segi ekki til um áhrif sem og liggi ekki fyrir hvort það hafi haft áhrif með ölvunaráhrifum. M vísar til þess að algjör takmörkun á bótarétti hans sé ekki réttlætunleg og bendir í því samhengi einnig til dóms Hæstaréttar í máli nr. 352/2007 þar sem fjallað var um stórkostlegt gáleysi einstaklings með 2,39 prómill í blóði sem látinn var bera þriðjung tjóns síns sjálfur.

V vísar til upplýsinga í lögregluskýrslu um að M hafi verið illa áttaður þegar lögregla kom á vettvang eftir áreksturinn, í öndunarmæli á vettvangi hafi mælst 0,65 prómill og grunur hafi vaknað að M væri undir áhrifum fíkniefna þar sem hann hafi verið sljór í háttum, þvoglumæltur og með útþanin sjáöldur. Í ljósi þess að magn kódeinlyfja hafi auk þess mælst í meira en lækningaskömmtum í blóði M telur V að það geti takmarkað ábyrgð sína að fullu úr slysatryggingu ökumanns á grundvelli 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 vegna stórkostlegs gáleysis.

Álit.

Við mat á því hvort vátryggður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi skv. 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 við akstur bifreiðarinnar X verður að líta til atvika málsins heildstætt. Ljóst er að M sýndi gáleysi við akstur bifreiðarinnar í greint sinn með því að aka yfir miðlínu vegar á aðra bifreið. Þegar það er metið saman að M var auk þess undir áhrifum áfengis við aksturinn, magn kódeins í blóði hans mældist í meira en lækningaskömmtum og upplýsingar í lögregluskýrslu um háttsemi hans og ástand á vettvangi rétt eftir árekstur verður að líta svo á að fullnægjandi sönnun sé komin fram um að ástand M hafi verið með þeim hætti að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi þegar hann ók bifreiðinni X um götur borgarinnar. Ekki er hægt að líta til dóms sem fordæmis þar sem um var að ræða háttsemi gangandi vegfaranda sem varð fyrir bifreið. Það að stjórn bifreið í því ástandi sem lýst er í gögnum málsins felur í sér mikla sök og teljast skýr orsakatengsl milli þess ástands og líkamstjóns M auk þess sem hann var undir áhrifum áfengis og lyfja sem hann neytti sjálfviljugur. Þegar lítið er til þeirra viðmiðana sem koma fram í 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga um mat á hversu mikið vátryggingafélag getur takmarkað ábyrgð sína vegna slíkrar háttsemi telst hún vera með þeim hætti að bótaréttur M takmarkast að fullu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 369/2017

M
og
váttryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar A.

Ágreiningur um bótaskyldu er tjón var á bifreið af völdum brunnlöks.

Gögn.

Málskot, móttekið 16.11.2017, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 1.12.2017.

Málsatvik.

Bifreið í eigu A var ekið yfir brunnlök á athafnasvæði A. Mun brunnlökið þá hafa hrokkið upp með þeim afleiðingum að tjón varð neðarlega á vinstri hurð bifreiðarinnar.

M hefur krafist bóta fyrir tjónið úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M verður að sýna fram á að tjónið sé rakið til atvika sem A ber ábyrgð á, svo sem saknæmrar háttsemi starfsmanna A, svo það geti átt rétt til bóta úr ábyrgðartryggingunni. Engin gögn liggja fyrir í málinu hvað olli því að brunnlökið hrökk upp umrætt sinn. Ekkert hefur komið fram sem gefur tilefni til að ætla að það hafi verið vegna saknæmrar háttsemi starfsmanna A eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 370/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysáttryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.****Líkamstjón við að lyfta dekki strætóbifreiðar 22.12.2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 21.11.2017.

Bréf V, dags. 20.12.2017.

Málsatvik.

M var ökumaður strætóbifreiðarinnar þegar dekk losnaði undan bifreiðinni og rann út á götu. Í tjónstilkynningu til V kemur fram að M hafi farið út úr bifreiðinni til að fjarlægja dekkið af götunni, þar sem það hafi verið fyrir umferð, verið að reyna að lyfta því þegar hann tagnaði á baki.

M telur að líkamstjón hans hafi orðið við stjórn bifreiðarinnar X sem og að það sé rakið til notkunar bifreiðarinnar í skilningi 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Tjón M megi rekja til hættueiginleika bifreiðarinnar í skilningi dómafordæma vegna túlkunar á notkunarhugtaki umferðarlaga. M bendir á að það verði að líta heildstætt á þá atburðarás sem leiddi til líkamstjóns hans og bendir á að mikilvægt hafi verið að fjarlægja dekkið sem rann undan bifreiðinni sem hann stýrði þar sem um hafi verið að ræða umferðargötu og mikilvægt hafi verið að koma í veg fyrir frekar tjón. Einnig vísar M til dóms Hæstaréttar í máli 426/2011 máli sínu til stuðnings vegna orsakatengsla, sem og dóms í máli 331/2014 um gildissvið slysáttryggingar ökumanns.

V telur að líkamstjón M verði ekki rakið til notkunar bifreiðarinnar X þar sem ekki sé sýnt að það megi rekja til sérstakra hættueiginleika hennar þar sem bifreiðin hafi verið kyrrstæð auk þess sem enginn búnaður hennar hafi verið í notkun þegar tjónið varð, auk þess sem M hafi verið farinn frá stjórn bifreiðarinnar út á götu. V vísar auk þess til tveggja dóma Hæstaréttar um að háttsemi ökumanna sem stígi út úr ökutæki sé komin út fyrir það að þeir séu við stjórn þess sem og að líkamstjón M verði ekki rakið til skyndilegs og utanaðkomandi atburðar.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að M steig út úr strætóbifreið sem hann ók til að reyna að fjarlægja dekk bifreiðarinnar af akbraut, en það hafði runnið undan bifreiðinni stuttu áður. Ljóst er að M var ekki lengur við stjórn bifreiðarinnar í skilningi 92. gr. umferðarlaga, eftir að hann hafði numið staðar og gengið út úr bifreiðinni og frá stjórn tækjum hennar. Við það verður einnig það rof í atburðarásinni sem leiddi til líkamstjóns hans að ekki verður heldur litið svo á það verði rakið til notkunar bifreiðarinnar. Slysahugtak slysáttryggingar ökumanns er ekki skilgreint sem skyndilegur og utanaðkomandi atburður, en það breytir ekki því að skilyrði 92. gr. umferðarlaga þurfa að öðru leyti að vera uppfyllt. Eins og hér segir eru þau það ekki í tilviki M og á hann því ekki rétt til bóta.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 371/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar F.

Ágreiningur um greiðslu miskabóta skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna tjónsatviks 26.3.2017.

Gögn.

1. Málskot móttakið 19.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 28.11.2017.
3. Athugasemdir lögmanns M dags. 30.11.2017.

Málsatvik.

M var gestur á hóteli F og keypti kjúklingavefju af hótelinu, eftir að hafa lesið innihaldslýsingu vel, þar sem hann er með bráðaofnæmi fyrir hnetum og penisilíni. Þar sem innihaldslýsing kjúklingavefjunnar tiltók ekkert af ofnæmisvöldum sem M er haldinn, borðaði hann kjúklingavefjuna, en fékk í framhaldi af því alvarleg ofnæmisviðbrögð. M segir að komið hafi í ljós að vefjan innihélt „pesto“, sem innihélt hnetur, en ekki „guacamole“ eins og tiltekið var í innihaldslýsingunni. M krefst miskabóta úr ábyrgðartryggingu F hjá V sbr. 1. mgr. 26.gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og segir að innihaldslýsingin á þeim matvælum sem hann keypti af F hafi verið röng og fari það gegn lögum nr. 93/1995 um matvæli og reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda. M segir að gerðar séu ríkar kröfur til matvöruframleiðenda um að innihaldslýsingar séu réttar og ofnæmisvakar séu ekki fyrir hendi í vörunni. M vísar sérstaklega til 8. gr., 11. gr. og 18.gr. laga nr. 93/1995 í þessu sambandi. M segir að mistök við framleiðslu kjúklingavefjunnar og rangrar innihaldslýsingar sé stórkostlegt gáleysi af hálfu F. Af hálfu V er upplýst, að fallist hafi verið á skaðabótaskyldu F og bættur hafi verið útlagður kostnaður M vegna atburðarins í samræmi við 1. gr. skaðabótalaga úr ábyrgðartryggingu F. V segir ekki ágreining um málsatvik eða að F beri skaðabótaábyrgð vegna skaðsemisábyrgðar og ekki sé ágreiningur um að vefjan hafi ekki verið í samræmi við innihaldslýsingu. V segir að ágreiningur aðila einskorðist við það hvort að mistök starfsmanns í eldhúsi verði talin stórfellt gáleysi sem veitt geti rétt til bóta skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. V telur að tjónsatburðurinn verði rakinn til gáleysis starfsmanns F, en gáleysi hans sé með þeim hætti að það geti ekki talist stórfellt. Þá segir V að vefjan hafi ekki verið kynnt þannig eða boðin með þeim hætti að hún væri ofnæmisfrí. Af hálfu V er sérstaklega tekið fram að félagið fallist ekki á að úrskurðarnefndin taki afstöðu til bótafjárhæða heldur aðeins hvort um stórfellt gáleysi starfsmanns hafi verið að ræða við að útbúa vefjuna sem um ræðir.

Álit.

Ákveðnar reglur hafa verið settar um matvælaöryggi og merkingar matvæla. Þeim reglum var ekki fylgt af hálfu F þegar kjúklingavefjan sem M keypti var útbúinn með rangri innihaldslýsingu. Sá aðili sem útbýr matvæli þannig að þau eru ekki í samræmi við það sem þau eiga að vera og kynnt eru sérstaklega í innihaldslýsingu gerist sekur um stórkostlegt gáleysi. Ofnæmisvakar í matvælum geta leitt til alvarlegra sjúkdóma og dauða þeirra sem haldnir eru bráðaofnæmi og neyta viðkomandi matvæla. F bar að gæta þess sérstaklega að matvæli sem F bauð til sölu væru þannig úr garði gerð að innihaldslýsing væri rétt. Það stoðar ekki fyrir framleiðanda matvæla að halda því fram að augnabliks athugunarleysis starfsmanns við framleiðslu matvæla sé ekki stórkostlegt gáleysi, þegar sett eru efni í matvæli sem geta valdið bráðaofnæmi hvað þá eru algengir ofnæmisvakar og þess er ekki getið sérstaklega í innihaldslýsingu. Innihaldslýsing

kjúlingavefjunar var röng og ber F ábyrgð á því og telst það stórkostlegt gáleysi af hálfu söluaðila matvæla að markaðssetja matvöru með rangri innihaldslýsingu. M á því rétt á miskabótum skv. 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr ábyrgðartryggingu F hjá V. Ekki verður tekin afstaða til bótafjárhæða þar sem samþykki V er áskilið til að nefndin geti tekið afstöðu til slíks, sbr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum sem birtar eru með auglýsingu nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

M á rétt á miskabótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu F hjá V.

Reykjavík 19.12. 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 372/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.

Kona datt í tröppum hópferðabifreiðar 30.5.2015

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf V dags. 20.12.2017.

Málsatvik.

M var farþegi í hópferðabifreið (A) og stóð upp til að sækja tösku þegar A var beygt snögglega og féll M niður tröppur og hlaut áverka af fallinu. Umræddur atburður átti sér stað 30.5.2015. M leitaði til læknis 17.11.2015 og hefur síðar verið í meðferð hjá læknum og sjúkrahjálfa. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V og vísar til læknisvottorðs Þorsteins Þorsteinssonar dags. 12.7.2017 þar sem fram kemur að M hafi aldrei verið með umkvartanir um verki á því svæði sem er að hrjá hana nú, fyrir en eftir slysið. M telur að einkennin sem hún hefur falli vel að slysatilvikinu og vísar til þess að engin önnur atvik fyrir slysið geti útskýrt einkenni hennar nú. M telur því nægjanlega sannað að orsakatengsl séu á milli verkjanna sem hrjá hana nú og slyssins í hópferðabifreiðinni 30.5.2015. V hafnar bótaskyldu og vísar til að tæpir sex mánuðir hafi liðið frá því að M varð fyrir slysinu þar til hún leitaði til læknis og telur ósannað að orsakatengsl séu á milli slyssins og þeirra áverka sem M rekur til slyssins. V hafnar því að umsögn meðferðarlæknis M hafi endanlegt sönnunargildi um orsakatengsl í málinu. V vísar til þess að einkenni M séu stoðkerfiseinkenni og þegar svo langt hafi liðið frá óhappi til læknisskoðunar og einkenni svo almenn eins og hjá M þá sé ósannað að meiri líkur en minni séu fyrir því að einkennin megi rekja til umferðaróhappsins.

Álit.

Í málinu liggur ekki annað fyrir um slysið en frásögn M sjálfar. M leitaði fyrst til læknis um sex mánuðum eftir slysið og er þar greind með tiltekna áverka sem hún rekur til þess að hún féll í hópferðabifreiðinni 30.5.2015 og heimilislæknir M slær því föstu að um orsakatengsl sé að ræða milli atviksins í hópferðabifreiðinni og þeirra verkja sem hrjá M nú. Þrátt fyrir þetta álit heimilislæknis M verður ekki á það fallist að þetta álit læknisins miðað við fyrirbyggjandi gögn taki af tvímæli um að meiri líkur en minni séu fyrir því að þau einkenni sem hrjá M í dag stafi frá því atviki sem hér ræðir um. Miðað við fyrirbyggjandi gögn er því ekki komin fram nægjanleg sönnun fyrir því að orsakatengsl séu á milli umferðaróhappsins 30.5.2015 og þeirra verkja sem M rekur til þess. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík 16.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 373/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.
Orsakatengsl líkamstjóns vegna umferðaróhapps 19.1.2017****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttekið 21.11.2017.

Bréf V, dags. 19.12.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekið bifreiðinni X út af Reykjanesbraut við Iðavelli 19. janúar 2017. Í skýrslunni kveðst M hafa ekið út af til að forðast árekstur við bifreið sem var fyrir framan hann á akbrautinni og hafði snarhemað. M kvaðst hafa verið í öryggisbelti en í skýrslunni kemur fram að hann hafi verið bólginn á hægri kinnbeini og á vettvangi kvartar hann undan verkjum í höfði og hnjám. Í skýrslunni kemur einnig fram að ekkert tjón hafi verið sjáanlegt á X og ljósmynd sem tekin er framan á bifreiðina.

M krefst bóta úr slysatryggingu ökumanns og vísar til þess að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni við útafaksturinn. M telur óumdeilt m.v. upplýsingar í lögregluskýrslu og læknisvottorði að hann hafi slasast og vísar einnig til ljósmyndar af áverkum í andliti sínu. Einnig bendir M á að bifreiðin X hafi lent á brekku með grjóti í og hafi það verið eins og að aka á steinvegg. Skemmdir á bifreiðinni hafi verið nokkrar en tengdafaðir M hafi gert við bifreiðina á sínu verkstæði. V telur að ekki sé sýnt að meiri líkur en minni séu á því að M hafi hlotið líkamstjón í árekstrinum. Það sem komi fram um að M hafi fengið sambærilegt högg við útafaksturinn eins og að aka á steinvegg sé ótrúverðugt m.v. gögn málsins og ef bifreið M hefði lent á því grjóti sem sést á mynd í lögregluskýrslu þá hefðu skemmdir á bifreiðinni átt að vera sjáanlegar. Einnig telur V að M hafi ekki greint lækni rétt frá atvikum þegar hann leitaði á heilsugæslu, áverkar í andliti M hafi ekki getað komið til vegna útafakstursins og m.v. hjólför hafi M ekki snarhemað áður en hann ók út af. V telur því ekki orsakatengsl milli þeirra óþæginda sem M lýsir og umferðaróhappsins.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort þau óþægindi sem M lýsir í nokkrum læknisheimsóknum á árinu 2017 séu vegna umferðaróhapps sem varð 19. janúar 2017. Það liggur fyrir að M lýsti óþægindum á vettvangi skv. upplýsingum í lögregluskýrslu og leitar strax til læknis. Í læknisvottorði kemur fram að M hafi lýst umferðaróhappinu þannig að hann hafi „skallað andlitið í stýrið“, en ekkert slíkt kemur fram í lögregluskýrslu. Í nokkrum læknisheimsóknum eftir það lýsir M verkjum en engin áverkamerki finnast í sneiðmyndarannsóknunum eða sambærilegum rannsóknunum. Miðað við lýsingar í lögregluskýrslu á vettvangi umferðaróhappsins og ástandi bifreiðarinnar X verður ekki séð að mikið högg hafi komið á bifreiðina þegar henni var ekið út af. Verður ekki séð með fullnægjandi hætti, að sá áverki sem var í andliti M hafi komið til vegna útafakstursins. Þegar metið er hvort meiri líkur en minni séu á því að óþægindi þau sem M lýsir hjá lækni hafi komið til vegna umferðaróhapps verður að líta til þess sem og þess að einkenni M eru nokkuð almenn. Engin áverkamerki eru í rannsóknunum og ekkert liggur fyrir um fyrri sögu um heilsufar eða önnur gögn sem gætu varpað skýrara ljósi á læknisfræðilegar afleiðingar. Með hliðsjón af ofangreindu og þeim gögnum sem lögð hafa verið fyrir nefndina telst nokkur vafi á orsakatengslum og því ekki hægt að fallast á að V sé greiðsluskylt, á meðan ekki liggja fyrir ítarlegri gögn eða sérstakt læknisfræðilegt mat á orsakatengslum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 374/2017**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar H.****Starfsmaður var að færa deigluvagn sem féll á fót hans 10.10.2016****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 22.11.2017 ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V dags. 11,12,2917.

Málsatvik.

M segir að málsatvik vera, að hann hafi verið að færa þungan deigluvagn á milli vinnusvæða og fest keðjur með krókum í vagninn og híft hann töluvert upp þegar þurfti að komast yfir bita á gólfinu. Þegar M fór yfir bitann féll vagninn á fót M. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V og segir að hlífðarbúnaður sem M var látið í té hafi verið vanbúinn. Þá segir M að hífingabúnaðurinn sé vanbúinn, en það sé meginorsök slyssins. Þá segir M að verkstjórn hafi verið ófullnægjandi. M vísar til skýrslu Vinnueftirlitsins vegna rannsóknar á slysinu. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að notuð hafi verið tveggja leggja lyftikeðja með krókum á endanum sem húkkuð hafi verið inn í göt á vagninum og um brún hans þannig að þeir náðu ekki að læsast saman og segir Vinnueftirlitið að orsök slyssins sé að krókarnir á lyftikeðjunni gátu runnið af flötum kantinum og læstust ekki saman. V hafnar bótaskyldu. V segir að ástæða þess að krókarnir hafi ekki læsts saman hafi ekki verið vegna vanbúnaðar eða að þeir hafi verið í ólagi, hið rétta sé að krókarnir læstust ekki saman af því að þeir gátu það ekki á þeim stað á deigluvagninum þar sem M krækti þeim í. Krókunum hafi verið krækt í kant á gati deigluvagnsins og því staðið opnir við hífinguna og því getað runnið til á kantinum, sem síðar gerðist með þeim afleiðingum að M slasaðist. V segir að M hafi ekki farið að reglum H um rétta notkun hífingabúnaðarins og segir H að ítrekað hafi verið farið yfir rétta notkun hífingabúnaðarins með M. V segir að M hafi haft aldur til og reynslu til að gera sér grein fyrir þeim hættueiginleikum sem því fylgdu að framkvæma verið svo sem hann gerði þvert á leiðbeiningar og fyrirmæli H. Hlífðarbúnaður og hífingabúnaður hafi verið í fullkomnu lagi og verði tjónið ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsfólks H.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að hífingabúnaður sem notaður var við að flytja deigluvagninn hafi verið í fullkomnu lagi. Þá liggur fyrir að ekkert var athugavert við hlífðarbúnað sem M klæddist og stóð til boða. Samkvæmt skýrslu Vinnueftirlitsins læstust krókarnir ekki saman við hífingu í umrætt sinn þó ekkert væri athugavert við hífingabúnaðinn. Af hálfu M hefur ekki verið sýnt fram á að um vanbúnað hafi verið að ræða hvað varðar hlífðarbúnað eða tæki og þá hefur ekki verið sýnt fram á að verkstjórn hafi verið ábótavant eða önnur þau atvik fyrir hendi sem leiði til sakar H á slysinu. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 23.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 375/2017**M****og****V v/ lögboðinnar slysatryggingatryggingar ökumanns bifhjóls.****Ágreiningur um hvort stjórnandi bifhjóls hafi slasast við æfingu fyrir aksturskeppni.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.11.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.

Bréf V, dags. 5.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 25. júlí 2017 var M við akstur á bifhjóli sínu, A, sem er svo kallað „mótorcrosshjól“ á þar til gerðu aksturssvæði fyrir slík hjól í Bolaöldum í Svínahrauni. Í lögregluskýrslu er haft eftir M að hann hafi verið nýbyrjaður á æfingu og verið að hjóla fyrsta hringinn í akstursbrautinni þegar hann hafi komið á stökkpall. Hafi hann þá farið fram fyrir sig á hjólinu og þá reynt að stökkva af því með þeim afleiðingum að hann hafi lent á jafnsléttu með fæturna á undan sér. Við það mun M hafa brotnað á vinstri lærlegg og hlotið áverka í baki.

M hefur krafist bóta úr lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu með vísan til sérstaks ákvæðis í váttryggingarskilmálum varðandi aksturskeppni, en þar segir að váttryggingin nái ekki til tjóns við kappakstur eða aksturskeppni, né æfinga við slíkan akstur, nema um annað sé samið og þess getið á váttryggingarskírteini. M hafi ekki keypt viðauka við váttrygginguna samkvæmt ákvæði þessu. M stundi aksturkeppni á A og í skýrslu lögreglunnar komi fram að hann hafi verið á æfingu þegar slysið. Því taki slysatryggingin ekki til þessa slysaatviks.

Álit.

Samkvæmt skilmálum umræddrar slysatryggingar ökumanns og eiganda greiðir félagið bætur fyrir tjón vegna umferðarslyss sem ökumaður verður fyrir við stjórn ökutækis, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt gögnum málsins var einungis ein keppni eftir í Íslandsmótaröðinni í „mótorcross“ þegar slysið varð, eða laugardaginn 26. ágúst 2017. M hefur lagt fram í málinu ítarleg gögn um að þann dag hafi honum verið boðið í brúðkaup vinar síns og hann hafi þegið það boð. Þegar til þessa er litið og gagna málsins að öðru leyti er ekkert fram komið til stuðnings þeirri staðhæfingu V að M hafi verið við æfingu fyrir kappakstur eða aksturskeppni þegar slysið varð, eins og áskilið er samkvæmt fyrrgreindu skilmálaákvæði svo félagið geti borið það fyrir sig og, eftir atvikum, hafnað bótaskyldu. Við svo búið telst M eiga óskoraðan rétt til bóta fyrir líkamstjón sitt úr slysatryggingu ökumanns og eiganda A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 376/2017**M
og
V v/slysatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu – upplýsingaskylda.****Gögn.**

Málskot, dags. 21.11.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 07.12.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M varð fyrir umferðarslysi 2. apríl 2015 þegar strætisvagn ók á bifreið hans. Strætisvagninn bar ábyrgð á árekstrinum en M slasaðist við áreksturinn. M var á þessum tíma með almenna slysatryggingu hjá V þar sem hann hafði þá nýlega hafið störf sem sjálfstætt starfandi húsasmiður.

V hafnaði bótskyldu og telur að M hafi gefið rangar upplýsingar þegar váttryggingin var tekin. Hann hafi ekki merkt rétt við spurningar um sjúkdóma og slys, heilsu og vinnufærni, lækniskomur, lyfjanotkun né um vandamál tengd áfengis- eða vímuefnum. Ekki sé gerður greinarmunur á skyldu váttryggingartaka til þess að veita upplýsingar hvort sem um slysa- eða sjúkdómatriyggingu sé að ræða og skipti fyrra heilsufar miklu máli við áhættumat félagsins enda um persónutryggingu að ræða. Umsóknin hafi ekki gefið tilefni til þess að V kallaði eftir ítarlegri upplýsingum um heilsufar M og því hafi félagið ekki nýtt þá heimild sína. Þá kemur fram hjá V að í gögnum málsins komi fram að M hafi verið atvinnulaus frá árinu 2013, verið í vinnu til skamms tíma en hafi veikt og verið frá vinnu sökum þess. Einnig komi fram í matsgerðinni að M hafi verið greindur með geðhvarfasýki um nítján ára aldur, misnotað áfengi þá og farið í meðferð. Geðhvarfasýkin hafi reynst honum erfið og M oft verið inniliggjandi á geðdeild vegna þess og bæði fyrir og eftir slysið. Fram kemur hjá V að skv. grein 4.1. í 2. kafla tryggingarinnar sé upplýsingaskylda váttryggingartaka skilgreind. Þar segi að váttryggingartaka beri að veita félaginu þær upplýsingar um váttryggingaráhættuna sem félagið óskar, sbr. 82. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga. Þá segi í grein 4.2. að skýri váttryggingartaki sviksamlega frá eða leyni atvikum, er skipta máli um áhættu félagsins, eða gefi að öðru leyti rangar upplýsingar til þess, geti það haft í för með sér að bótaábyrgð félagsins takmarkist eða falli niður, sbr. 83. gr. laga nr. 30/2004. V tiltekur að hefði það haft upplýsingar um sjúkdómssögu M hefði hann ekki fengið almenna slysatryggingu hjá félaginu þar sem einstaklingar með geðhvarfasýki fái ekki slysatryggingu hjá félaginu. Ef bæði er til staðar geðsjúkdómur og misnotkun áfengis fái einstaklingur ekki heldur tryggingu. Slysatryggingin feli í sér bætur fyrir lækisfræðilega og einnig dagpeninga vegna tímabundinnar óvinnufærni. Það skipti því máli við áhættumat hver vinnufærni tjónþola hafi varið. Áður skert vinnufærni skipti máli um það hvort félagið samþykki að dagpeningar séu innifaldir í tryggingunni

Afleiðingar slyssins á M voru metnar af matsmönnum og í matsskýrslu kom fram að tímabundið atvinnutjón vegna slyssins hafi verið frá 2. apríl til 31. október 2015 og varanlegur miski metinn 5 stig. M var áfram óvinnufær eftir 31. október 2015 og samkvæmt matsskýrslunni hafi aðrir þættir í heilsufari M orsakað það, sérstaklega geðhvarfasýki sem hann þjáist af. Hann hafi verið lagður inn á geðdeild 4. nóvember 2015 og verið mikið inniliggjandi fram á vorið 2016.

M telur að geðhvarfasýki sín hafi hvorki með orsök né afleiðingar slyssins að gera. Hann hefði verið metinn óvinnufær með öllu á framangreindu tímabili þótt hann væri ekki með geðhvarfasýki. Þá sé ekki hægt að skilja það með öðrum hætti en að áður þekkt veikindi skerði ekki bótarétt nema þau eigi þátt í örorkunni. M hafi svarað spurningum um heilsufar sitt almennt en hann hafi ekki verið að leyna upplýsingum enda verið að kaupa slysatryggingu en ekki sjúkdómatriyggingu. Slys verði þegar óvæntur atburður verði þess valdandi að tjónþoli slasist. V hafi getað sótt allar upplýsingar um heilsufar M en V hafi ekki gert það.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins gaf M ekki réttar upplýsingar þegar hann sótti um slysatryggingu hjá V. Skv. 1. mgr. 82. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, kemur fram skylda váttryggingartaka og váttryggðs til þess að veita upplýsingar um áhættu. Þar kemur fram að váttryggingafélagi sé heimilt að óska upplýsinga um sjúkdóma sem váttryggingartaki eða váttryggður, foreldri hans eða systkini eru haldin eða hafa verið haldin óháð því hvernig sjúkdómur hefur greinst. Slíkra upplýsinga skal aflað beint hjá váttryggingartaka, eða eftir atvikum váttryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör eftir bestu vitund við spurningum félagsins. Í 83. gr. laganna kemur fram að hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. og váttryggingaratburður hafi orðið beri félagið ekki ábyrgð. Ennfremur kemur fram að hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta.

Í áhættumati persónutrygginga hjá V sem fylgdi með gögnum V kemur fram að geðsjúkdómar geti leitt til hækkunar á iðgjaldi, synjunar á tryggingu eða frestunar á tryggingartöku. Í bréfi V kemur fram að einstaklingur með geðhvarfasýki fái ekki slysatryggingu hjá félaginu. Ekki verður hægt að líta öðruvísi til upplýsingaskyldu M vegna umsóknar hans um slysatryggingu en að V hafi átt að fá upplýsingar um sjúkdómssögu hans. Miðað við gögn málsins og upplýsingar frá V þykir ljóst að ef réttar upplýsingarnar hefðu legið fyrir þegar M sótti um slysatryggingu hjá V eru yfirgnæfandi líkur fyrir því að V hefði synjað M um slysatrygginguna. Með vísan til þess á M ekki á rétt á bótum úr slysatryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr almennri slysatryggingu hjá V.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 377/2017
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar L.

Gildissvið sjúklingatryggingar vegna læknismeðferðar 2.2.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.11.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-12.
2. Bréf V dags. 5.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3.

Málsatvik.

M, sem er píanóleikari, fékk glerflís í vísifingur hægri handar 14.1.2015 og leitaði til L til að fjarlægja flísina og gekkst undir aðgerð í því skyni 2.2.2015. Í framhaldi af aðgerðinni leið M illa og var sett á sterk sýklalyf þar sem að L taldi að sýking væri komin í fingurinn. Líðan M lagaðist að einhverju leyti við það en ekki ljóst hvort sýking hafi verið í fingrinum. M leitaði síðan til annars læknis til að fá bót meina sinna og framkvæmdi hann aðra aðgerð. Í málinu liggur fyrir matsgerð Magnúsar Páls Albertssonar læknis dags. 21.11.2016, þar kemur fram að svo virðist sem að M hafi fengið skaða á lítilli taugagreini í gómi hægri vísifingurs, sem þó hafi tekist að komast fyrir að mestu leyti og í álitinu segir að M glími enn við afleiðingar þeirrar meinsemdar. M telur að mistök hafi átt sér stað við gerð við framkvæmd aðgerðar L 2.2.2015 og krefst bóta úr sjúklingatryggingu hans hjá V. M segir að aðgerðin hafi skilið eftir sig varanlegar líkamlegar menjar og M geti ekki lengur leikið flókin verk á píanó. M heldur því fram að áhættan af aðgerðinni hafi ekki að neinu leyti verið réttlætt miðað við það að M er píanóleikari. M vísar til matsgerðar Magnúsar Páls Albertssonar dags. 21.11.2016, þar sem því sé lýst hvernig fingurinn breyttist við aðgerðina. V hafnar bótaskyldu og segir L hafa útskýrt fyrir M möguleika á örmyndun og öðrum aukaverkunum áður en aðgerð hafi átt sér stað. V vísar til þess að skv. gögnum málsins hafi M leitað til annars læknis 18.2.2015 og hafi hún síðan leitað aftur til hans tveimur dögum síðar og þá hafi sárið verið skorið upp og hreinsað úr fingrinum. V vísar til þess að í málskoti sé fullyrt að það sé mat Jóhanns Róbertssonar læknis að M hafi hlotið örvefsmýndun og taugaerting í kjölfar aðgerðarinnar hjá L þannig að fingurgómurinn varð ofurviðkvæmur í kjölfar aðgerðarinnar. V telur þessa staðhæfingu úr lausu lofti gripna og segir engin gögn liggja fyrir í málinu sem sýni fram á að eitthvað hafi farið úrskeiðis við læknismeðferð L eða að henni hafi ekki verið hagað eins vel og unnt var. V telur ekkert fram komið sem sýni fram á orsakatengsl milli einkenna M og læknismeðferðar L.

Álit.

Ekki liggja fyrir læknisfræðileg gögn sem sýna fram á orsakatengsl aðgerðarinnar sem L framkvæmdi á M 2.2.2015 og þeirra verkja sem eru að hrjá hana í fingurgóm vísifingurs hægri handar. Í örorkumati Magnúsar Páls Ásgeirssonar frá 21.11.2016, sem M vísar sérstaklega til í málskoti, kemur ekki ótvírætt fram að orsakatengsl séu á milli aðgerðar L og þeirra verkja sem hrjáðu M eftir aðgerðina. Þá liggur ekki fyrir í málinu nein læknisfræðileg gögn sem sýna fram á eða gera líklegt að L hafi bakað sér bótaskyldu við framkvæmd aðgerðarinnar á M 2.2.2015. Miðað við framlögð gögn á M ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 16.1.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 378/2017**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.****Árekstur bifreiða á Reykjanesbraut/Sæbraut, til suðurs við gatnamót Miklubrautar,
Reykjavík, 13.2.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið dags. 24.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V1, dags. 8.12.2017

Bréf V2, dags. 6.12.2017, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Árekstur varð á Reykjanesbraut/Sæbraut til suðurs við gatnamót Miklubrautar. Ökumaður B kvaðst hafa verið á leið suður Reykjanesbraut/Sæbraut er bilur kom upp í bifreiðinni og vélin drap á sér. Kvaðst hann hafa verið staddur á miðjurein og haft áhyggjur af því að ekið yrði á hann. Hann hafi sett B í „park“ og sett viðvörunarljós á er hann yfirgaf B, til þess að tryggja sitt eigið öryggi. Hann hafi svo hringt í Neyðarlínuna í þann mund er A hafi verið ekið aftan á B. Ökumaður A sagðist hafa ekið af afrein frá Miklubraut inn á Reykjanesbraut/Sæbraut til suðurs. Kvaðst hann ekki hafa tekið eftir B, sem var kyrrstæð á miðakrein Sæbrautar. Hann sagðist ekki hafa séð að kveikt hafi verið á aðvörunarljósum á B en hann hafi veitt athygli manni sem stóð á gangstéttinni, vestan við veginn, og kannski hafi maðurinn tekið athygli hans stutta stund. M er ósátt við sakarskiptingu í málinu þar sem 1/3 sakar féll á ökumann B á grundvelli þess að hann hafi orðið bensínlaus og hafi ekki sett viðvörunarljósinn á. M hafnar því að fyrir liggi að B hafi orðið bensínlaus. Ekkert slíkt komi fram í lögregluskýrslu en því hafi fyrir misskilning verið haldið fram í bréfi til Tjónanefndar, þar sem ökumaður B, sem ekki var eigandi ökutækisins, hafi talið það orsök stöðvunarinnar. Bensínljós hafi þó ekki kviknað. Ástæða stöðvunarinnar liggi því ekki fyrir. Ökumaður hafi kveikt viðvörunarljós en ekki hafi verið mögulegt að setja út viðvörunarþríhyrning sökum hættu fyrir ökumanninn.

Í bréfi V2 er tekið undir sjónarmið M. Ekki hafi verið sýnt fram á hver ástæða stöðvunar B var eða að stöðvunin verði rakin til sakar ökumanns B. Ekki hafi heldur verið sýnt fram annað en að ökumaður B hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að tryggja öryggi ökumanna eftir a B stöðvaðist. Því beri að leggja alla sök á ökumann A, fyrir að gæta ekki að umferð fyrir framan sig. V1 gerir ekki sérstakar athugasemdir í málinu, þar sem gögnin tali sínu máli. Þó er vakin athygli á fylgiskjali 1 til tjónanefndar þar sem fram komi frá M að B hafi orðið bensínlaus.

Álit.

Að gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en að ósannað sé hvers vegna B stöðvaðist. Einnig hefur fullyrðingu ökumanns B um að hann hafi sett viðvörunarljós á, áður en hann yfirgaf ökutækið, ekki verið hnekkt. Ökumaður A heldur ekki öðru fram en að hann hafi ekki tekið eftir þeim, enda hugsanlega með athyglina á mannum sem stóð í vegkantinum. Ekki hefur því verið sýnt fram á sök ökumanns B og ber ökumaður A því alla sök á árekstrinum fyrir að gæta ekki nægilega vel að umferð fyrir framan sig.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðar A ber alla sök.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 379/2017**M
og
V v/ húftryggingar vinnuvélar.****Ágreiningur um gildissvið vátryggingar samkvæmt vátryggingarskilmálum.****Gögn.**

Málskot, móttakið 23.11.2017, ásamt fylgigögnum.
Bréf V, dags. 11.12.2017.

Málsatvik.

M hafði keypt á kaupleigu tiltekinn byggingarkrana. Hinn 23. nóvember 2017 urðu stjórnanda byggingarkrans á mistök við stjórn hans með þeim afleiðingum að snúningskrans kranans og snúningsdrifhjól brotnuðu. Fella þurfti kranann og koma honum af vinnusvæðinu til viðgerðar.

M hafði vátryggt kranann hjá V með svonefndri húftryggingu vinnuvéla. M krafðist bóta úr húftryggingunni vegna þess tjóns sem hafði orðið á krananum. V hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að húftryggingin tæki ekki til tjóns sem orsakaðist með þeim hætti sem raunin var. M vill ekki una afstöðu félagsins. Telur M að skilmálar vátryggingarinnar beri þess merki að þeim er einkum ætlað að ná til farandvinnuvéla en ekki vinnuvéla sem ekki hreyfast úr stað fyrir eigin vélarafli, auk þess sem vátrygging þessi er flokkuð með bifreiðatryggingum á heimasíðu V. Umrædd vátrygging ásamt skilmálum hennar geti því ekki átt við um vátryggingu fyrir byggingarkrana. Þá kveður M að M eigi rétt til bótanna en ekki fjármálafyrirtæki það sem hafi selt M kranann samkvæmt kaupleigusamningi.

Álit.

Samkvæmt skilmálum V fyrir húftryggingu vinnuvéla eru vátryggðar „allar vélar og öll þau tæki, sem greind eru í sundurlíðun skírteinis“, en tæki til neðanjarðargangagerðar og námuvinnslu, svo og vélar og tæki á strandvinnupöllum eða prömmum og flatbytnum, fást eingöngu vátryggð samkvæmt sérstökum samningi við félagið. Af þessu ákvæði verður að telja ljóst að vátryggingunni er ætlað að taka til flestra tegunda vinnuvéla án tillits til þess hvort þær hreyfist úr stað fyrir eigin vélarafæi eða ekki, jafnvel þótt fallast megi á að ýmis ákvæði skilmálanna eigi einvörðungu við farandvinnuvélar. Í 4. gr. skilmálanna eru tæmandi taldar þær tjónsorsakir sem vátryggingin tekur til. Þótt tiltekin ákvæði í grein þessari séu orðuð með þeim hætti að þau geti ekki tekið til tjóns á byggingarkrana eins og hér um ræðir getur það ekki leitt til þess að gildissviðið verði talið víðtækara en skilmálaákvæðið sjálft kveður á um. Samkvæmt 4. gr. vátryggingarskilmálanna tekur vátryggingin ekki til tjóns eins og varð á byggingarkrananum umrætt sinn. Þegar af þeirri ástæðu fæst tjón M ekki bætt úr vátryggingunni. Að þessari niðurstöðu fenginni kemur ekki til frekari skoðunar hver skuli eiga rétt til bótanna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu vinnuvéla hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2018.
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 380/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna slysatryggingar ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.****Takmörkun á ábyrgð váttryggingafélags vegna umferðarslyss 12.3.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 27.11.2017.

Bréf V, dags. 15.12.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M ók bifreiðinni X um Vífilstaðaveg og gegn biðskyldu inn á Elliðavatnsveg fyrir aðra bifreið. Ekki er að sjá að ágreiningur sé um að öll sök á árekstrinum hvíli á ökumanni bifreiðarinnar X. Ágreiningur er hins vegar um hvort M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar.

M telur ósannað að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við akstur þrátt fyrir að tetrahýdrókannabinól hafi mælst 1,1 ng/ml í blóði hans. M vísar til þess að hann hafi neytt kannabis 2 dögum fyrir tjónsdag og að ekki sé sannað að efnið hafi haft áhrif á ökuhæfni hans auk þess sem fyrirbyggjandi gögn sýni það ekki með fullnægjandi hætti hvort og þá með hvaða hætti það hafði á atvikið. Einnig vísar M til þess að það að mælast með umrætt efni feli ekki sjálfkrafa í sér að bótaréttur falli niður heldur verði að meta atvik heildstætt, sbr. úrskurð nefndarinnar í máli nr. 335/2016. V telur að M hafi verið óhæfur til að aka ökutæki í skilningi 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem ávana- og fíkniefni hafi mælst í blóði hans. V telur einnig að horfa þurfi heildstætt á það atvik sem leiddi til líkamstjóns M þar sem hann hafi ekið eftirtektarlaust framhjá biðskyldu inn á gatnamót í veg fyrir aðra bifreið undir áhrifum fíkniefna og það feli í sér það stórkostlega gáleysi af hans hálfu að félagið geti takmarkað ábyrgð sína að fullu.

Álit.

Við mat á því hvort váttryggður hafi sýnt stórkostlegt gáleysi skv. 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 við akstur bifreiðarinnar X verður að líta til atvika málsins heildstætt. Ljóst er að M sýndi gáleysi við akstur bifreiðarinnar í greint sinn með því að aka gegn biðskyldu á aðra bifreið. Þegar það er metið saman við að tetrahýdrókannabinól hafi mældist 1,1 ng/ml í blóði hans M telst M hafa verið undir áhrifum ávana- og fíkniefna við aksturinn í skilningi 2. mgr. 45. gr. a. umferðarlaga. Telst sú háttsemi stórkostlegt gáleysi. Þegar litið er til þeirra viðmiðana sem koma fram í 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga um mat á hversu mikið váttryggingafélag getur takmarkað ábyrgð sína vegna slíkrar háttsemi verður hins vegar að líta til þess að ekki er að öllu leyti ljóst hvort aksturshæfni M var mikið skert og þess að ekkert kemur fram um það í gögnum málsins að hann hafi verið óáttaður á vettvangi eftir áreksturinn verður bótaréttur hans ekki skertur að fullu. Með hliðsjón af aðstæðum öllum getur V takmarkað ábyrgð sína að helmingi bóta.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu helmings bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar X.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 381/2017**M
og
V vegna fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu. Réttaraðstoðartrygging.****Gögn.**

Málskot, dags. 27.11.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 11.12.2017 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M höfðaði mál á hendur fyrrum eiginmanni sínum og vegna skuldar hans við hana og sótti síðan um bætur úr réttaraðstoðartryggingu í heimilistryggingu hjá V.

V hafnaði bótaskyldu 29. september 2016 á þeim grundvelli að ágreiningurinn tengdist skilnaðaruppgjöri milli M og fyrrverandi eiginmanns hennar en fram komi í grein 3.1. í 10. kafla skilmála tryggingarinnar að tryggingin taki ekki til ágreinings, máls eða málsbeiðna sem varða hjónaskilnað eða mál sem upp kunna að koma í sambandi við hjónaskilnað. Þá telur V að málskotið sé of seint fram komið, skv. 51. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamningar, þar sem fram kemur að váttryggður glati rétti til bóta ef hann krefst ekki meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laganna innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað.

M óskaði eftir endurskoðun V á fyrri ákvörðun sinni með bréfi 28. nóvember 2016 og fékk synjun við því símleiðis frá V nokkrum dögum seinna.

Álit.

Með bréfi dags. 29. september 2016 hafnaði V bótaskyldu úr heimilistryggingu M vegna réttaraðstoðar. Frestur til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar skv. 141. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, byrjaði að líða þann dag. Ekki skiptir máli þótt óskað væri eftir endurskoðun ákvörðunar V. M skaut málinu til úrskurðarnefndarinnar 27. nóvember 2017. Með vísan til þess er málskotið of seint fram komið þar sem ársfrestur skv. 51. gr. laga nr. 30/2004 er liðinn og er málinu því vísað frá úrskurðarnefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 382/2017
M og
vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar H.

Líkamstjón vegna umferðarslyss 17.10.2013. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-12.
2. Bréf V dags. 6.12.2017.

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi 17.10.2013 og var slysið tilkynnt til V 12.1.2016. M leitaði til læknis strax eftir slysið og var greind með tognun/ofreynslu á háls hrygg skv. samskiptaseðils læknis dags. 17.10.2013. M hafði samband við lækni 3.1.2014 og lýsti áframhaldandi verkjum og var ráðlagt að fara í meðferð hjá sjúkraþjálfara. M var í meðferð hjá sjúkraþjálfara frá 15.1.2014 til 22.4. s.á. M krefst bóta úr launþegatryggingu H hjá V og segist ekki fallast á að hún hafi fengið vitneskju um atvik sem bótakrafa hennar er reist á þegar hún lauk meðferð hjá sjúkraþjálfara og staðið í þeirri trú að henni myndi batna enda hafi hún orðið betri við meðferðina. Þegar einkennin löguðust ekki hafi hún síðan leitað til lögmanns í desember 2015 og telur að þá fyrst hafi henni orðið ljóst að um varanlegar afleiðingar var að ræða og í kjölfarið leitaði M til heimilislæknis og var send í röntgenmyndatöku og þá sáust töluverðar slitbreytingar á hálsi. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið hafi verið tilkynnt eftir að frestur skv. 1. mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 var liðinn. V segir M hafa leitað til læknis strax eftir slysið og við skoðun hjá sjúkraþjálfara 6 mánuðum eftir slysið þ.15.4.2014 komi fram m.a. að M hafi verið með aukna stífni í axlaragrind og vöðvar þar eigi það til að stífna upp til að veita hálsinum aukinn stuðning og telur sjúkraþjálfarinn að M hafi fengið “whiplash” áverka á háls. V segir að M hafi fengið ítarlega skoðun hjá sjúkraþjálfara þ.15.4.2014 og þar hafi einkenni M verið greind, en áður hafi hún tvívegis leitað læknis. V telur að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanleika einkenna sinna þegar hún hætti í sjúkraþjálfun í apríl 2014.

Álit.

M varð fyrir slysi 17.10.2013 og leitaði strax til læknis vegna verkja og síðan aftur 3.1.2014. Við skoðun hjá sjúkraþjálfara 15.4.2014 var M greind með “whiplash” áverka. Engin gögn liggja fyrir í málinu um að M hafi leitað til lækna eða meðferðaraðila vegna þeirra meina sem hún lýsir sem afleiðingar slyssins 17.10.2013 frá því að hún fékk greiningu sjúkraþjálfara og þangað til hún leitar til lögmanns í desember 2015. Miðað við fyrirliggjandi læknisvottorð á árunum 2013 og 2014 svo og með greiningu sjúkraþjálfara 15.4.2014 hefði M átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins á árinu 2014. Þar sem slysið var ekki tilkynnt fyrr en 12.1.2016 var því liðinn sá frestur sem kveðið er á um í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2014. M á því ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu H hjá V.

Reykjavík 23.1.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 384/2017
M og
vátryggingafélagið V v. sjúklingatryggingar L.

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúklingatryggingu læknis eftir læknisaðgerð 3.2.2014.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.11.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 11.12.2017.

Málsatvik.

M segir málsatvik vera þau að 12.2.2013 hafi M farið til skoðunar hjá L vegna bólgu í hægri öxl. Í kjölfarið hafi M verið settur í sterameðferð og í framhaldi af segulóm skoðun á öxlinni hafi L talið að nauðsynlegt væri að framkvæma aðgerð á öxlinni. Aðgerðin var framkvæmd 3.2.2014. Við endurkomur eftir aðgerðina lýsti M því fyrir L að hann ætti erfitt með að lyfta höndum fram og til hliðar, gamlir verkir væru að byrja aftur og nýir verkir væru nú til staðar, sem hefðu ekki verið fyrir aðgerðina. M leitaði síðan til sérfræðinga og lækna hérlendis og erlendis og taldi í framhaldi af því að núverandi einkenni hans mætti rekja til aðgerðar L á M. M gerir kröfu til bóta úr sjúklingatryggingu L. Í framhaldi af því var ákveðið að fá mat dómkvaddra matsmanna. Í matinu kemur m.a. fram að M væri með einkenni frá hægri öxl, sem ekki væri hægt að rekja beint til aðgerðar L og ekki verði séð að rangt hafi verið staðið að aðgerð. M telur að matsmennirnir taki ekki afstöðu til lykilsþurvinga í matsbeiðni auk þess, sem á skorti að rökstuðningur sé fullnægjandi. Þá telur M að sú niðurstaða matsins, að ekki sé um fylgikvilla að ræða vegna aðgerðarinnar geti ekki staðist enda sé hann talsvert verr staddur eftir aðgerð en fyrir hana. M telur aðgerð L bótaskylda á grundvelli 4. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu nr. 111/2000þ M byggir einnig á læknisvottorði Boga Jónssonar bæklunarlæknis og álitsgerð Graham Tytherleigh Strong sem telji að of mikið hafi verið fjarlægð af axlarhyrnubeini og ástand M í dag megi rekja til mistaka í greiningu á vandamáli hans og rangri aðferð. M byggir á því að þeir fylgikvillar sem hrjái hann séu tiltölulega sjaldgæfir og hann hafi ekki mátt gera ráð fyrir þeim. Þá heldur M því fram að L hafi sagt við hann fyrir aðgerðina, að hún væri eingöngu til að spegla öxlina og telur M að hann hafi ekki verið upplýstur um að það hafi komið til greina að fjarlægja hluta meira af axlarhyrnubeini. Þá byggir M á því að aðgerðin sem L framkvæmdi hafi verið með öllu óþörf.

V hafnar bótaskyldu og segir að þó svo að lög um sjúklingatryggingu setji sérstakar og almennt vægari kröfur til bótaábyrgðar en almennt gerist í skaðabótarétti þá þurfi sjúklingur eftir sem áður að sýna fram á orsakatengsl á milli læknismeðferðar og þeirra einkenna sem hrjá sjúklinginn. V vísar til matsgerðar dómkvaddra matsmanna þeirra, Rikharðs Sigfússonar bæklunarskurðlæknis og Torfa Magnússonar taugalæknis dags. 18.10.2016 en niðurstaða þeirra hafi verið sú að M væri með einkenni frá hægri öxl, sem ekki væri hægt að rekja beint til aðgerðar L. Vera kunnir að einkenni hafi aukist í kjölfar aðgerðarinnar, en ekki verði sagt að rangt hafi verið staðið að aðgerð. V segir að niðurstaða dómkvaddra matsmanna sé því skýr og henni hafi ekki verið hnekk. Þá vísar V einnig til þess að hinir dómkvöddu matsmenn telji að sú ákvörðun L að framkvæma aðgerðina hafi verið réttmæt og aðgerðin sjálf hafi verið framkvæmd með venjubundnum og eðlilegum hætti. Þá segi matsmenn einnig að meðferð í kjölfar aðgerðarinnar hafi verið samkvæmt læknisfræðilegri venju og í samræmi við þekkingu og reynslu. V segir að bótaskylda á grundvelli 1. tl. 2. gr. laga um sjúklingatryggingu eða 3. tl. sömu greinar sé ekki uppfyllt enda telji matsmenn að sjúkdómsgreiningu hafi verið hagað með eðlilegum hætti. Þá segir V að matsmenn telji að núverandi einkenni M ekki teljast til fylgikvilla skv. 4. tl. 2. gr. laganna og ósannað sé að um varanlegt tjón sé að ræða af aðgerðinni.

Álit.

Í málinu liggja fyrir læknavottorð og álitserð vegna læknismeðferðar M hjá L og einnig liggur fyrir matsgerð dómkvaddra matsmanna dags. 18.10.2016. Í matsgerðinni kemur fram að ekki sé hægt að rekja einkenni M í hægri öxl beint til aðgerðar L og ekki verði séð að rangt hafi verið staðið að aðgerð. Matsmenn telja líka að sjúkdómsgreining L í aðdraganda aðgerðarinnar hafi verið með fullnægjandi hætti og í samræmi við þekkingu og reynslu á viðkomandi sviði. Þá telja matsmenn einnig að ekki hafi komið upp nýtt sjúkdómsástand í kjölfar speglunaraðgerðarinnar sem L framkvæmdi á M heldur hafi verið til staðar verkjaástand í öxlinni sem ekki hafi lagast við aðgerðina en fremur aukist vegna líkamlegra viðbragða M. Matsmenn telja því að núverandi einkenni M sé ekki fylgikvilli af læknismeðferð eins og þeirri sem M gekkst undir hjá L. Niðurstöðu matsgerðar dómkvaddra matsmanna í málinu hefur ekki verið hnekkt. Af hálfu M liggja því ekki fyrir í málinu læknisfræðileg gögn sem sýna fram á bótaskyldu L vegna læknismeðferðar hjá L og á M því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu L hjá V.

Reykjavík 16.1.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur S. Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 386/2017

M

og

váttryggingafélagið V v/ kaskótryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um hvort varúðarregla hafi verið brotin þegar árekstur varð með bifreiðum.**Gögn.**

Málskot, móttakið 29.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 12.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Upplýsingar varðandi samskipti aðila sem aflað var við meðferð málsins í úrskurðarnefnd.

Málsatvik.

Seinni hluta dags laugardaginn 21. október 2017 ók M bifreið sinni, A, vestur Laugaveg í Reykjavík og inn á beygjuakrein fyrir umferð áleiðis suður Nóatún. Þar rakst A aftan á bifreiðina B. M hvarf af vettvangi, en ökumaður B kvaddi til lögreglu. Í skýrslu lögreglunnar er haft eftir ökumanni B að B hafi verið kyrrstæð á akreininni þegar högg hafi skyndilega komið aftan á B. Hafi hann séð að A hafði verið ekið á hægri afturhorn B. Hafi hann stigið út úr bifreið sinni til að ræða við ökumann A, M, sem hafi verið bakkað frá B. Hafi M opnað ökumannshurð A líkt og hún hafi ætlað að stíga út úr bifreiðinni, en þá hafi A runnið áfram og lent öðru sinni aftan á B. Hafi M þá lokað ökumannshurðinni og ekið af staðnum suður Nóatún. Ökumaður B kvaðst hafa fundið áfengisþef sem hafi lagt frá A og taldi hann að ökumaðurinn, M, hafi verið undir áhrifum áfengis.

Í þann mund sem lögregla var að yfirgefa vettvang barst henni tilkynning um að A hafi verið ekið inn í garð í vesturbæ Reykjavíkur og hafi tilkynnandi talið að ökumaður hennar væri í annarlegu ástandi. Er lögregla kom þar á vettvang kom í ljós að A hefði verið ekki inn í ógirtan garð og þaðan í burtu.

Leitað var árangurslaust að A í Vesturbænum og við heimili M. Einnig var reynt að hafa símasamband við M án árangurs. Við skoðun á ökuréttindum M í ökutækjaskrá kom í ljós að hún hafði verið svipt ökuréttindum ævilangt 16. september 2015.

Við umferðareftirlit miðvikudaginn 25. október 2017 var för M á A stöðvuð í Kópavogi. Við skýrslutöku þann dag kvaðst M umrætt sinn hafa ætlað að beygja til vinstri suður Nóatún. Skyndilega hafi högg komið framan á A og hafi hún þá áttað sig á að hún hefði ekið aftan á bifreið, B. Hún hafi fengið mikið „sjökk“ og því tekið ákvörðun um að aka í burtu. Hún sagðist ekki vita af hverju hún hafi tekið þessa ákvörðun og eins hvað hafi orðið til þess að hún ók aftan á B. Hún hafi haft samband við tryggingafélag sitt, V, eftir óhappið og tilkynnt þeim um tjónið. Í málskoti M kemur fram að hún hafi ekið aftan á B á Laugaveginum í nokkurri umferð. Hún hafi fengið sjökk vegna ógnandi hegðunar hins ökumannsins. Er lögregla hafði tal af henni hafi hún verið upplýst um frásögn ökumanns B um tildrög árekstursins og hafi hún samþykkt hana. Hins vegar kveður hún vera rangt sem fram kemur í lögregluskýrslu um að hún hafi verið ölvuð og ekið inn í garð í vesturbæ Reykjavíkur.

M hefur krafist bóta úr kaskótryggingu A hjá V vegna þess tjóns sem varð á A við áreksturinn. V kveður M hafa brotið varúðarreglu í gr. 8.2 og 8.3 í skilmálum váttryggingarinnar sem hafi leitt til þess að tjónið varð. Af þeim sökum hefur V hafnað kröfu M.

Með vísan til þess sem haft er eftir M í lögregluskýrslu, þ.e. að hún hafi haft samband við V eftir umferðaróhappið og tilkynnt um tjónið, svo og þess að í upphafi fyrirliggjandi tölvupósts V til M 14. nóvember 2017 er frá því greint að félagið hafi móttakið tjónstilkynningu vegna tjónsins, var þess farið á leit með tölvupósti til V 12. janúar 2018 að nefndinni yrði látin í té umrædd tjónstilkynning. Í svari V sama dag kom fram að búið væri að skoða gögnin hjá félaginu og athugasemdir og þrátt fyrir það sem er haft eftir M væri ekkert sem það hefði sem sýni fram á að hún hefði tilkynnt tjónið strax í kjölfar óhappsins. V hefði fengið lögregluskýrsluna til sín 2.

nóvember 2017 og tjónið verið skráð samdægurs og það hefði verið fyrsta „snertingin okkar“ í málinu. Hvað varðar orðalag tölvupóstsins frá 14. nóvember 2017 um móttöku tjónstilkynningar þá sé þetta staðlaður texti og í þessu tilfalli hafi tilkynningin því verið í formi lögregluskýrslunnar. M var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum við framangreindar skýringar V. Í tölvupósti M 17. janúar 2017 kveðst hún hafa hringt í V eftir óhappið og tilkynnt það. Að svo búnu hafi hún farið með A í viðgerð og hafi viðgerðaraðilinn séð um að hafa samband við V um greiðslu sem kom ekki „vegna villna í skýrslunni sem ég skrifaði til ykkar.“ Hún kveðst hafa haft samband við lögreglu vegna rangrar viðbótar í lögregluskýrslunni, þ.e. að hún hafi verið drukkin og hún hafi ekið inn í garð í Vesturbænum.

Álit.

Í gr. 8.3 í skilmálum kaskótryggingar V er að finna varúðarreglu sem lýtur að ástandi ökumanns. Þar segir að ökumaður skuli vera í andlegu og líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutækinu örugglega og ekki undir áhrifum áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja. Enn fremur er kveðið á um þá varúðarreglu í gr. 8.2 í sömu skilmálum að váttryggðum og þeim sem með samþykki váttryggðs er ábyrgur fyrir hinu váttryggða beri að gæta þess að hafa gild ökuréttindi við akstur ökutækisins. Þá kemur fram í 17. gr. skilmálanna (gr. 17.1 og 17.2) að varúðarreglur séu háttarnisreglur sem settar eru í því skyni að koma í veg fyrir og takmarka tjón og það sé forsenda fyrir greiðslu bóta að settum varúðarreglum sé ávallt fylgt. Hafi váttryggður vanrækt að hlíta varúðarreglum eða öðrum fyrirmælum í váttryggingarsamningi megi lækka eða fella niður ábyrgð félagsins, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 getur váttryggingafélag gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara geti félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verði ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Í lögregluskýrslu er haft eftir M að skyndilega hafi högg komið framan á A og þá hafi hún áttað sig á að hún hefði ekið á aðra bifreið, B. Af þessu verður ekki annað ráðið en ökumaður hafi verið annars hugar í aðdraganda þess að áreksturinn varð og ekki haft þá athygli á umferð ökutækja fyrir framan sig eins og af henni mátti krefjast. Eftir ökumanni B er haft að hann hafi fundið áfengisþef sem lagt hafi frá A og því talið að M hafi verið undir áhrifum áfengis. M hvarf nær samstundir af vettvangi án haldbærra skýringa og kom sér með því undan þátttöku sem óhappið sem gaf tilefni til, sbr. 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, svo sem með því að gefa upp nafn sitt og heimilisfang, gera nauðsynlega skýrslu um atvikið á staðnum og, eftir atvikum, kveðja til lögreglu til að ganga úr skugga um að hún væri ekki undir áhrifum áfengis og kanna hvort hún hefði haft nægilega hæfni til að stjórna ökutæki eftir að hafa verið svipt ökuréttindum í um tvö ár þegar óhappið varð. Í þessu samhengi verður að líta til þess að skömmu efir að M hafði horfið af árekstrarstað barst lögreglu tilkynning um að A hefði verið ekið inn í ógirtan garð í vesturbæ Reykjavíkur og ökumaður væri í annarlegu ástandi. Þá verður að telja ósannað að M hafi tilkynnt sérstaklega um tjónið til V. Að öllu framangreindu virtu og þrátt fyrir mótmæli M verður að telja nægilega sannað að M hafi við áreksturinn valdið tjóni á A með því að hafa ekki virt fyrrgreindar varúðarreglur í gr. 8.3 og 8.2 í váttryggingarskilmálum. Einkum sú varúðarregla sem mælt er fyrir í gr. 8.3 hefur mikla þýðingu og er sérstaklega sett til að sporna við þeirri miklu hættu á að tjón verði við þær aðstæður sem þar er fjallað um. Sök M verður að teljast alvarleg og eru ekki efni til annars en að V teljist laust úr ábyrgð að öllu leyti. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótrygging A hjá V.

Ekkert hefur komið fram, varðandi samskipti M við V eftir að óhappið varð eða varðandi samskipti hennar við lögreglu um það sem fram kom í lögregluskýrslu, sem fær breytt þessari niðurstöðu.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu A hjá V.

Reykjavík, 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 387/2017**M
og
V v/ húseigandatryggingar.****Ágreiningur um hvort skilyrðum bótaskyldu vegna vatnstjóns hafi verið fullnægt.****Gögn.**

Málskot, móttakið 22.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 13.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hefur í gildi húseigandatryggingu hjá V. Með tjónstilkynningu í tölvubréfi M til V 11. apríl 2017 var V tilkynnt um leka í tveimur tilgreindum íbúðum á fyrstu og annarri hæð. Taldi M að um skyndilegan leka væri að ræða. Þá kveður M að um mitt ár 2016 hafi „örlað á mjög óverulegum leka“ í stofu íbúðar á 2. hæð. Hafi sá leki ranglega verið talinn stafa frá lofttúðum á þaki og því hafi það tjón ekki verið þegar tilkynnt til V.

M hefur aflað skoðunargerðar húsasmíðameistara vegna tjónsins. Í skoðunargerðinni kemur fram að leki hafi komið upp í íbúðum á fyrstu og annarri hæð um mitt ár 2016. Ástæðan hafi verið leki í skólplögn, klósettstamma, sem lá frá kjallara og upp á þak. Búið sé að lagfæra lögnina. Skemmdir hafi orðið á loftaklæðningum á böðum og stofu á annarri hæð. Tjónið sé ekki síst vegna uppgufunar frá gati á skólplögn sem hafi lekið niður á hæðirnar fyrir neðan. Þegar kalt er í veðri sé uppgufunin mikil og hafi þessi uppgufun varað lengi.

M hefur krafist bóta vegna tjónsins úr húseigandatryggingunni hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.1 í skilmálum húseigandatryggingarinnar hjá V bætir vátryggingin tjón á hinu vátryggða af völdum „vökva, sem á upptök sín innan veggja hússins, og stafar eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess.“ M hefur sönnunarbyrðina um að bótaskilyrðum vátryggingarinnar sé fullnægt að þessu leyti, þ.e. að tjón það sem varð í fyrrgreindum íbúðum hafi orðið af völdum vökva sem eigi upptök sín innan veggja hússins og stafi eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislögnum þess. Af þeim gögnum sem liggja fyrir í málinu verður að telja að M hafi ekki tekist að sýna fram á að tjón í íbúðunum megi rekja til skyndilegs og óvænts leka. Með því að sönnunarbyrði M hefur ekki verið fullnægt að þessu leyti eru skilyrði bótaskyldu ekki fyrir hendi. M á því ekki rétt á bótum úr húseigandatryggingunni hjá V.

Niðurstaða.

M, húsfélag, á ekki rétt á bótum úr húseigandatryggingu hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 388/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.
Vinnuslys við beygjuvél 5.5.2015.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 29.11.2017.

Bréf V, dags. 27.12.2017.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu kemur fram að M slasaðist við vinnu sína hinn 5. maí 2015 þar sem hann var að vinna við svokallaða beygjuvél við að beygja álrenninga. Nánar tiltekið hafi vökvatjakkur á sérstöku vinnuborði eða hleðsluvagni, sem álrenningarnir hafi verið settir á, gefið sig og þrýst M að vélinni sjálfri með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði. Í framburðarskýrslu M kemur fram að hann hafi vitað að hleðsluvagninn tæki ekki nema 300 kg en hann hafi ekki hugsað út í það. Einnig vísar M til þess í skýrslu sinni að hann hafi skorðast á milli án þess að hafa tækifæri til að ýta á neyðarhemil. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram sú niðurstaða rannsóknar að meginástæða slyss M hafi verið að borð (hleðsluvagn) hafi látið undan þrýstingi vegna yfirþyngdar og að samverkandi þáttur væri að M hafi snúið baki í borðið og þannig fest þegar stangir (álrenningar) féllu allar í einni svipan fyrir aftan fætur hans, en á sama augnabliki hafi beygjuvélina verið að keyra niður. Einnig kemur fram að X hafi ekki lokið við gerð áhættumats.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sínu þar sem vinnuaðstæður hafi ekki verið fullnægjandi og að öllu í samræmi við lög nr. 46/1980. Ekki hafi verið lokið við áhættumat sem hefði getað komið í veg fyrir að þær aðstæður sköpuðust sem M slasaðist við, einnig bendir M á að hjólabúnaður vinnuborðsins (hleðsluvagnsins) hafi ekki verið læstur auk þess sem öryggisgrind milli vélar og M hefði getað forðað slysi. Einnig vísar M til þess að hann hafi ekki náð til neyðarhemils á beygjuvélinni við þær aðstæður sem hann var að vinna. M telur að hætta sú sem skapaðist þegar mikill þungi hvíldi á vinnuborðinu hafi fyrst og fremst verið vegna þess að hjól þess voru ekki læst og að hann hafi verið að vinna verkið einn.

V telur að skaðabótaskylda sé ekki fyrir hendi af hálfu X. Það borð sem M hafi verið að notað sé vinnuborð sem sé CE merkt og uppfylli þær kröfur sem um það gilda auk þess sem öllum starfsmönnum hafi verið ljóst hver burðargeta þess var. Einnig vísar V því á bug að staðsetning neyðarhemils á beygjuvél hafi verið röng eða þess eðlis að hægt hefði verið að koma í veg fyrir slys M. Auk þess telur V að ekki séu orsakatengsl milli slyss M og þess að áhættumati hafi ekki verið endanlega lokið en starfsmenn hafi allir fengið eintak af öryggishandbók og sérstaka kynningu á henni rétt fyrir slysið. V vísar auk þess til þess að M hafi langa reynslu af sambærilegum störfum og hafi haft fullan aðgang að vinnuborðum sem hafi þolað meiri þunga en það sem hann notaði, auk þess sem hann hafi sjálfur átt að meta hvort verkið hafi verið eins manns verk eða fleiri.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort aðstæður á vinnustað X hafi verið ófullnægjandi og þannig leitt til slyss M. Í skýrslu Vinnueftirlitsins kemur fram að meginástæða slyss M er sú að það vinnuborð sem hann var að vinna við gaf sig vegna þunga, en M viðurkennir í lögregluskýrslu vegna málsins að hafa ekki gætt að þunganum. Ekki verður séð að annar en M hafi átt að gæta að því að ofhlaða ekki borðið og augljós hætta er af því að slíkt sé gert. Verður ekki séð að hjólabúnaður eða staðsetning neyðarhemils hefði breytt aðstæðum sérstaklega eða að X hafi átt að gera frekari ráðstafanir til að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustaðnum. Við þær aðstæður, og með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, verður ekki séð að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 389/2017**M****V-1 v/A****V-2 v/B****Árekstur bifreiða á Aðalgötu í Reykjanesbæ þ. 17.9.2017****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 27.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V-1 dags. 6.12.2017.
3. Bréf V-2 dags. 14.12.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

Árekstur varð á Aðalgötu í Reykjanesbæ milli bifreiðanna A og B. Ökumaður B ók eftir Aðalgötu þegar ökumaður A ók út frá bifreiðastæði við götuna í veg fyrir B og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa ekið út úr bifreiðastæðinu þar sem hann hafði ekki séð til neinnar umferðar og segir að B hafi verið ekið á mikilli ferð og beint aftan á A. Af hálfu A er sagt að Aðalgata 60 standi nokkuð hátt og útsýni gott í báðar áttir, hámarkshraði á Aðalgötu sé 50 km og hefði B ekið á löglegum hraða þá hefði áreksturinn aldrei orðið þar sem að B hefði þá verið á svipuðum hraða og A. Þá er haldið fram af hálfu A að frekar sé um gatnamót að ræða þar sem áreksturinn varð en að það sé verið að koma út af bílastæði.

Álit.

Bifreiðinni A var ekið út frá bílastæði við Aðalgötu 60 Reykjanesbæ þegar B kom akandi eftir götunni. Skv. 3.mgr.25.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar A að veita B forgang en það gerði B ekki heldur ók inn á götuna í veg fyrir B og ber því sök á árekstrinum. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of hratt í umrætt sinn eða gerst brotlegur við umferðarlög. Öll sök er því lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík 23.1. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 390/2017**M og****vátryggingafélagið V vegna slysaftryggingar ökumanns og eiganda bifhjólans X.****Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna umferðaróhapps 10.6.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 30.11.2017.

Bréf V, dags. 15.1.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist í umferðaróhappi í sunnanverðum Bjarnarfirði 10.6.2017 og fallist hefur verið að greiðslu bóta að 2/3 hluta úr slysaftryggingu ökumanns vegna líkamstjóns hans. Í lögregluskýrslu kemur fram að M hafi ekki getað rætt um aðdraganda slyssins á vettvangi og liggur frásögn hans því ekki fyrir. Í skýrslunni kemur fram að skransför eftir bifhjól M hafi byrjað á blindhæð um 70 metrum frá því að hjólið stöðvaði. Í skýrslunni kemur fram í frásögn félaga M að þeir hafi tveir ekið sínum bifhjólum síðast í hópi þar sem þeirra hjól hafi ekki verið til þess fallin að aka í lausamöl. Einnig kemur þar fram að fótstig á bifhjóli M hafi verið brotið.

M telur að hann hafi hagað akstri sínum þannig að hann hafi gætt fyllstu varúðar, hann hafi ekið síðastur með öðrum í stærri hópi og ekki sé sýnt að það að fótstig hafi verið brotið á bifhjólinu hafi haft áhrif á akstur þess, enda hafi M náð vel í fótbremsu. M telur að V hafi ekki sýnt fram á stórkostlegt gáleysi hans með hliðsjón af 1. mgr. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

V hefur takmarkað ábyrgð sína með vísan til þess að M hafi brotið varúðarreglu í gr. 4.6 í vátryggingarskilmálum um að ekki hafi verið heimilt að aka í lausamöl. Einnig telur V að M hafi sýnt stórkostlegt gáleysi við aksturinn þar sem löng skriðför eftir bifhjólið hafi bent til þess að M hafi ekið of hratt m.v. aðstæður auk þess sem félagi hans hafi borið í lögregluskýrslu um að fótstig á bifhjóli M hafi verið brotið. V telur að allt þetta hafi haft áhrif á getu M til að stjórna bifhjólinu og rétt sé að skerða bótarétt hans um þriðjung vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut.

Álit.

Þegar vátryggingafélag ætlar að takmarka ábyrgð sína m.t.t. 90. gr. laga um vátryggingarsamninga gera almennar sönnunarreglur ráð fyrir því að félagið beri sönnunarbyrði um hvort varúðarregla vátryggingarskilmála hafi verið brotin af stórkostlegu gáleysi eða hvort háttsemi sem leiddi til tjóns verði að öðru leyti rakin til stórkostlegs gáleysis þess sem krefst bóta. Í lögregluskýrslu vegna málsins kemur fram að skransför hafi verið um 70 metrar eftir bifhjól M og að fótstig á hjóli hans hafi verið brotið. Ekki var hægt að taka skýrslu af M þegar lögregla kom á vettvang og liggja skýringar fyrir í málskoti M. Þegar litið er til fyrrnefndrar sönnunarstöðu verður ekki talið nægilega sýnt fram á að M hafi ekið of hratt miðað við aðstæður þótt skransför hafi verið nokkuð löng. Ekki verður heldur fullyrt um aðstæður á veginum þannig að M hafi brotið gegn varúðarreglu þannig að háttsemi hans megi jafna til stórkostlegs gáleysis í skilningi fyrrnefndrar lagagreinar. Telst M því eiga rétt á bótum úr slysaftryggingu ökumanns að fullu.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr slysaftryggingu ökumanns hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 391/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Skaðabótaábyrgð vegna tjóns á bifreið við Smáralind 9.11.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 30.11.2017 og bréf M dags. 18.12.2017 sem og tölvupóstur dags. 19.12.2017.

Bréf V, dags. 14.12.2017.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að M ók bifreið sinni um akbraut við bifreiðastæði verslunarmiðstöðvarinnar Smáralindar þegar hún ók bifreiðinni á það sem nefnt er „stuðlabergsklettur“. Af myndum, sem teknar voru á vettvangi, má sjá að einn af nokkrum stuðlabergsklettum, sem virðast vera notaðir til skrauts eða til að afmarka afbrautir á bifreiðastæðinu, hafði fallið niður og lent aðeins inn á akbrautinni þar sem M hafði ekið á hann.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á tjóni á bifreiðinni þar sem hún telur að frágangi steinsins hafi verið ábótavant, engar festingar hafi verið við steininn og þegar hann féll að þá hafi hann verið nokkuð samlitir akbrautinni og þannig illsjáanlegur. M vísar því á bug að steininn hafi færst mikið til þegar ekið var á hann og bendir á að af hálfu X hafi verið gerðar ríkari ráðstafanir til að tryggja festingar umræddra steina eftir þetta atvik og bendi það til þess að ekki hafi verið staðið rétt að málum áður. Auk þess bendir M á skyldur X sem veghaldara skv. 56. gr. vegalaga nr. 80/2007.

V vísar til almennra sönnunarreglan og bendir á að það sé sé sem krefjist bóta sem ber sönnunarbyrðina á því að aðstæður hafi verið ófullnægjandi. Í þessu máli telur V ekki sýnt að frágangur steinsins hafi verið ófullnægjandi. Auk þess bendir V á að M hefði átt að sjá steininn á akbrautinni en líklegt sé að bifreið hennar hafi dregið steininn meira inn í beygju við umferðareyjuna sem umræddir steinar voru á. V telur líklegt að stuttu áður en tjón M varð hafi flutningabíll bakkað á steininn sem hafi fært hann úr stað án þess að starfsmenn X hafi vitað af því eða haft tækifæri til að bregðast við.

Álit.

Ljóst er að sönnunarbyrði um ófullnægjandi aðstæður hvílir á M en almennar sönnunarreglur í skaðabótarétt gera ráð fyrir því að sé sem krefst bóta sýni fram á með hvaða hætti atvik voru sem og að skilyrði skaðabótaskyldu séu uppfyllt. Í málinu kemur fram að að einn steinn á umferðareyju færðist úr stað og lenti út í akleið framhjá umferðareyjunni. Ekki liggur fyrir hvenær það gerðist og hvort starfsmenn X höfðu tækifæri til að bregðast við aðstæðum. Ekki liggur heldur fyrir m.v. fyrirbyggjandi gögn að umbúnaður eða festingar hafi verið með þeim hætti að að meta megi X til sakar. Hallann af slíkum sönnunarskortum ber M sem á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V m.v. þau gögn sem liggja fyrir.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 392/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ greiðslukortatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna kostnaðar af völdum þess að utanlandsferð var rofin.****Gögn.**

Málskot, móttækið 19.11.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 28.12.2017.

Málsatvik.

M og eiginmaður hennar fóru í ferð á vegum ferðaskrifstofu til Tenerife 14. september 2017 með áætlaðri heimkomu 27. sama mánaðar. Fyrstu nóttina vaknaði M upp með andnað og mikinn brjóstverk sem leiddi út í hönd og var auk þess með verki í höndum og fótum af völdum bjúgs. Hún átti erfitt með gang vegna verkjanna og komst ekki í neina skó. Hinn 16. september leitaði M á sjúkrahús þar sem hún kveðst hafa fengið góða rannsókn sem þó hafi engu skilað. Þar hafi hins vegar orðið þau mistök eða óhapp að nál, sem sett var í handabak hennar til að sprauta geislavirku efni fyrir myndatöku, hafi ekki verið á réttum stað. Hafi höndin orðið eins og gúmmíhanski og var efnið kreist út með tilheyrandi verkjum og hafi hendin verið reyrð upp að olnboga og þannig hafi hún verið látin vera með hendina upprétta í sólarhring. Hún hafi fengið lyf sem hún hafi ekki fundið að gerðu neitt fyrir sig.

Hún hafi reynt að þrúka í nokkra daga og m.a. ekki komist í neina skó og verið með stöðugan verk fyrir brjósti. Hafi þau hjón haft samband við fararstjóra og sagst vilja fara heim með næstu vél sem hafi verið 19. september, en engin sæti hafi verið laus í þeirri ferð og næsta flug hafi ekki verið fyrr en 25. september og þá hafi þau þurft að greiða fullt verð. Þau hafi svo fengið flug með öðru flugfélagi 23. september og greitt fyrir það 54.191 krónu.

M leitaði til heimilislæknis eftir heimkomuna. Í fyrirliggjandi vottorði læknisins er lýst framangreindum sjúkdómseinkennum M. Þar kemur og fram að M hafi ekki leitað til heilsugæslunnar vegna einkennanna, sérstaklega ekki á árinu 2017. Kveðst læknirinn ekki tengja þessi einkenni beint við þá sjúkdóma sem M hafi þurft að glíma við á undanförunum árum.

M hefur krafist endurgreiðslu kostnaðar vegna flugferðarinnar heim úr greiðslukortatryggingu sem hún hafði í gildi hjá V þegar atvik urðu. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gr. 4.3.2 í skilmálum viðkomandi greiðslukortatryggingar segir að félagið greiði heimferðarkostnað þess sem veikist í samráði við SOS INTERNATIONAL. Hvað ferðakostnað annarra segir í 4.5.1 að félagið greiði nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað allt að kr. 240.000 vegna ættingja eða vinar vátryggðs sem dvelst hjá eða fylgir vátryggðum heim samkvæmt læknisráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða sjúkleika vátryggðs.

Samkvæmt gögnum málsins liggur ekkert fyrir um það að heimferð M og eiginmanns hennar þann 23. september 2017 hafi verið tekin í samráði við SOS INTERNATIONAL eða V, né heldur að það hafi verið að læknisráði sem heimferðin var ákveðin. Á það skal bent að í málinu liggur fyrir læknisvottorð sem er ritað á spænsku. Íslensk þýðing fylgir hins vegar ekki. Er því ekki vítað hvert efni vottorðsins er. Að framangreindu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að fullnægt hafi verið skilyrðum greiðsluskyldu úr vátryggingunni. M á því ekki rétt á bótum hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 393/2017
M og
vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar bifreiðarinnar A.

Tjón á bifreið vegna ofhitnunar á vél 18.11.2017.

Gögn.

1. Málskot móttækið 30.11.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2
2. Bréf V dags. 18.12.2017 ásamt fylgiskjölum 1-2

Málsatvik.

M ók bifreið sinni A út af í Bröttubrekku. A var síðan hífð upp á veginn af annarri bifreið. Ökumaður A ók síðan inn í Hítardal og þegar hann síðan ók frá Hítardal varð hann þess var að vél A fór að hitna og sótti ökumaður vatn og fékk brúsa með vatni og segist hafa bætt vatni á kælikerfið þegar hann sá að vélin fór að hitna. Bifreiðaverkstæði mat síðar að heddið í A væri ónýtt vegna ofhitnunar á vél. Ekki er ágreiningur um bótaskyldu á tjóni því sem varð á bifreiðinni vegna útafakstursins, en hins vegar hafnar V að bæta tjónið á heddinu. M krefst bóta á heddinu og segir miðstöð A hluta af kælikerfi bifreiðarinnar og segist M hafa gengið í kring um A eftir að hún var dregin upp og ekki orðið var við að neitt væri að. V segist hafa viðurkennt bótaskyldu vegna þess tjóns sem varð við útafaksturinn, en segir að tryggingin taki ekki til vélarbilunar sem stafi af akstri bifreiðar án þess að nokkuð utanaðkomandi tjónsatvik komi til. Tjónið á vélinni segir V að sé tilkomið vegna aksturs A eftir útafaksturinn, en vélin hafi verið í lagi eftir útafaksturinn og hafi M ekki sýnt fram á að tjónið á vélinni hafi orðið við það að bifreiðinni var ekið út af veginum.

Álit.

Í 4. gr. skilmála kaskótryggingarinnar er skilgreint hvert bótasvið vátryggingarinnar er. Samkvæmt grein 4.4. bætir vátryggingin tjón á vátryggðu ökutæki vegna útafaksturs. Ljóst er af gögnum málsins að vél A skemmdist ekki við útafaksturinn heldur nokkru síðar þegar hún ofhitnaði eftir að kælivatn hafði lekið af henni og hún ofhitnað með þeim afleiðingum að heddið varð ónýtt. Samkvæmt gögnum málsins verður ekki séð að vél A hafi orðið fyrir skemmdum við útafaksturinn og fellur því utan við bótasvið vátryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingunni hvað varðar tjón á vélinni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum vegna skemmda á vél A úr kaskótryggingu hennar hjá V.

Reykjavík 16.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 394/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.
Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu vegna slyss þann 19. janúar 2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 4. desember 2017 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V dags. 15. desember 2017 ásamt fylgigögnum 1-8.
3. Bréf M dags. 3. janúar 2018.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M starfaði á verkstæði X og að þann 19. janúar 2016 hafi honum verið falið að framkvæma mælingar í vélaolíutönkum við afgreiðslustöð Orkunnar í Klettagörðum. Bensíndælur stöðvarinnar eru undir skýli en nokkrum metrum frá þeim er upphækkun sem nefnist „púlt“. Á þeim stað eru vélaolíutankar sem M átti að framkvæma mælingar á. Eftir að hafa opnað hlera, sem hylur op inn í einn tankanna hafi M runnið í hálfu og fallið á kant lúgunnar sem hlerinn féll að. Við það fékk M högg á vinstri síðuna með þeim afleiðingum að hann slasaðist.

M telur X bera sakarábyrgð á tjóni sínu og vísar til þess að vinnuástandur hafi verið óforsvaranlegar, aðbúnaður ófullnægjandi og að vinnuveitandi hafi vanrækt að tryggja öryggi starfsmanna á vinnustað. Vísar M sérstaklega til þess að ekki hafi farið fram áhættumat fyrir þennan þátt starfsmannar, engar hálkuvarnir hafi verið á umræddum stað auk þess sem M hafi ekki haft aðgang að viðeigandi persónuhlífum þegar hann vann umrætt verk, þ.e. mannbrodda. Þessu til stuðnings vísar M til umsagnar frá Vinnueftirlitinu þar sem segir „*Starfsmaðurinn var ekki útbúinn til þess að framkvæma þessa vinnu með tilliti til þessarar hálfu sem myndaðist vegna mikillar ísingar.*“.

V vísar til þess að M hafi áratuga starfsreynslu hjá X og að honum líkt og öðrum starfsmönnum í sambærilegum störfum hafi verið skaffaðir mannbroddar, sem gert væri ráð fyrir að þeir hefðu um borð í bifreiðum sínum. Þá vísar V til þess að sú hætta sem almennt getur hlotist af hálfu verði að teljast augljós og notkun mannbrodda einföld. Því hafi ekki þurft að fræða M sérstaklega um það. Einnig kemur fram í gögnum frá V að um ekki hafi verið unnt að grípa til sérstakra ráðstafanna við hálkuvarnir í umrætt sinn, þar sem hálfkan hafi myndast nokkuð skyndilega og að hún hafi verið illsjáanleg.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að X datt í hálfu á svokölluðu „púlti“, sem er innan lóðar X, en utan alfaraleiðar. Af framburði M og öðrum gögnum málsins verður einnig að teljast líklegt að hálfkan sem myndaðist hafi verið illsjáanleg. Að teknu tilliti til framangreinds er ljóst að X hafði engar forsendur til þess að bregðast við hálfu á umræddum stað. Þá verður það ekki metið X til sakar að ekki hafi farið fram áhættumat um umræddan verkþátt, þar sem um er að ræða frekar einfalt og hefðbundið verk. Þá verður að fallast á það með V að sú hætta sem almennt getur hlotist af hálfu verði að teljast augljós og að almennt verði að gera ráð fyrir því að starfsmenn geti sjálfir metið hvenær þörf er á notkun mannbrodda.

M hefur ekki sýnt fram á að stjórnendur X eða aðrir sem X ber ábyrgð á hafi vanrækt að fara að lögum nr. 46/1980 eða gerst sekir um brot sem leiddu til þess að M slasaðist. Miðað við það sem fyrir liggur í málinu verður slys M því rakið til óhappatilviks en ekki vanbúnaðar eða þess að öryggismálum hafi verið ábótavant. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 23. janúar 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 395/2017**M og****vátryggingafélagið V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans B og hönnuðarins H.****Ágreiningur um skaðabótaábyrgð hönnuðar og byggingarstjóra vegna vinnu þeirra við húseignina X.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 6.12.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V, dags. 11.12.2017

Málsatvik.

Í september 2017 aflaði M skoðunargerðar um ástand húseignarinnar X. Laut skoðunargerðin að nokkrum húshlutum, einkum ytra byrði hússins, gluggum og svölum. Með vísan til skoðunargerðarinnar var með bréfi dags. 6. desember 2017 krafist bóta af hálfu M úr starfsábyrgðartryggingu B og H hjá V, vegna galla á húseigninni og óvandaðra vinnubragða B og H við byggingaframkvæmdirnar. Lokaúttekt byggingarfulltrúa fór fram 6. desember 2012.

V vísar til þess að H sé ekki með starfsábyrgðartryggingu löggiltra hönnuða aðal- og séruppdráttu hjá félaginu. Einnig vísar V til þess að skoðunargerðin hafi takmarkað sönnunargildi þar sem henni var aflað einhliða og án vitneskju V, auk þess sem orsakir einstakra annmarka séu ekki tilgreindar í henni. Þá vísar V til þess að í kröfubréfi M komi ekki fram í hverju vanrækslan, og þar með skaðabótaábyrgð byggingarstjóra eigi að felast.

Álit.

V heldur því fram að H hafi ekki verið með í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá félaginu vegna starfa sinna sem hönnuður húseignarinnar. Þá verður ekki ráðið af gögnum málsins hvort að H hafi haft í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V. Af þeim sökum og með vísan til þess að engin gögn hafa verið lögð fram sem sýnt gætu fram á að H hafi haft í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V, svo sem skráning hönnuðar hjá byggingaryfirvöldum, verður að líta svo á að H hafi ekki haft í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V. Í 1. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu um samþykktirnar nr. 1090/2015, kemur fram að nefndin úrskurði um ágreining varðandi bótaskyldu, þ.m.t. sök og sakarskiptingu milli málskotsaðila og vátryggingafélags sem hefur starfsleyfi hér á landi. Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að H hafi haft í gildi starfsábyrgðartryggingu hjá V telur úrskurðarnefnd í vátryggingamálum að krafa M á hendur V heyri ekki undir starfssvið nefndarinnar og er málinu vísað frá.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaskyldu úr starfsábyrgðartryggingu byggingastjórans B. Ósannað er m.v. fyrirbyggjandi gögn að hann hafi vanrækt starfsskyldur sínar og að bygging húseignarinnar hafi verið ófullnægjandi.

Niðurstaða.

Vísað er frá kröfu M á hendur H. M eiga ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 16. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 396/2017**M****og****V vegna starfsábyrgðartryggingar byggingarstjórans A og aðalhönnuðar B****Ágreiningur um bótaskyldu. Starfsábyrgðartrygging.****Gögn.**

Málskot, dags. 06.12.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 22.12.2017 ásamt fylgigagni.

Málsatvik.

M gerði kröfu í starfsábyrgðartryggingu A og B hjá V vegna galla er þau töldu að hefðu komið fram víðsvegar á eigninni, bæði sameign og séreignum. Fyrir liggur matsgerð þar sem húsið er skoðað og ástandsmetið.

V hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að ekki sé hægt að skoða né taka afstöðu til kröfunnar þar sem M hafi ekki svarað tölvupósti 28. september 2017 þar sem V óskaði frekari gagna. Matsgerðin hafi verið einhliða aflað af hálfu M og ekki sé rökstutt á hvaða grundvelli byggingarstjóri og hönnuður eigi að bera ábyrgð á þeim göllum sem matsmaður telur vera til staðar.

Álit.

Með bréfi dags. 22. september 2017 óskaði M eftir viðurkenningu á bótaskyldu V vegna starfsábyrgðartryggingar A og B. Með tölvubréfi 28. september 2017 óskar V eftir byggingarsögu hússins svo unnt sé að taka kröfuna til skoðunar. M skýtur málinu til úrskurðarnefndar váttryggingamála með bréfi dags. 6. desember 2017.

Í 3. mgr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum frá 21. nóvember 2005, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005 kemur fram að bregðist váttryggingafélag ekki við skriflegri kröfu málskotsaðila innan þriggja vikna frá móttöku hennar sé málskotsaðila heimilt að leita með málið beint til úrskurðarnefndar. Í málinu liggur ekki fyrir neitun V á viðurkenningu á bótaskyldu heldur óskaði V eftir frekari gögnum til að taka afstöðu til bótaskyldu. Með vísan til þess og 3. mgr. 5. gr. fyrrgreindra samþykktu er málinu vísað frá.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá úrskurðarnefnd í váttryggingamálum.

Reykjavík, 30. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 397/2017**M f.h. ófjárráða sonar síns og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Slys nemanda í skólastofu 8.2.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 7.12.2017, ásamt athugasemdum með bréfi dags. 2.1.2018.

Bréf V, dags. 22.12.2017.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að sonur M hafi verið nemandi í Hólabrekkuskóla 8. febrúar 2017 þegar verið var að framkvæma efnafræðitilraun sem gekk út á að sandi, sykri, matarsóða og etanóli var blandað saman til að líkja eftir eldgosi. Í skýrslu Vinnueftirlitsins dags. 23. ágúst 2017 kemur fram að kennari hafi tekið saman rétt magn efna á tveimur borðum í skólastofunni fyrir tilraunina, mótað efnin eins og eldfjall og síðan kveikt í. Síðan hafi samnemandi sonar M tekið etanólbrúsa og hellt yfir opinn eld, sem hafi leitt til eldblossa og líkamstjóns hjá syni M.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sonar þeirra þar sem kennari sonar M hafi ekki gætt nægilegrar varúðar þegar hann skildi etanólbrúsa eftir í skólastofu þannig að annar nemandi gat nálgast brúsann. M vísar til þess að það sé ósamræmi í frásögn kennarans af atvikinu og bendi allt til þess að ekki hafi verið gætt nægilegrar varkárni við umgengni um jafnhættulegt efni og etanól. M heldur því fram að í ljósi þess að kennari var með nemendur á unglingsaldri í kennslu og að vinna með hættuleg efni og hefði þess vegna átt að gæta sérstakrar varúðar. Einnig vísar M til þess að brotið hafi verið gegn háttnerisreglum í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum sem og háttnerisreglum í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 en þau ákvæði sem vísað er til lúta að því að tryggja þurfi öryggi nemenda og starfsfólks almennt. Einnig bendir M á að skortur hafi verið á áhættumati vegna tilraunar sem þessarar, sérstaklega þar sem verið var að vinna með eldfim efni og vísar til skýrslu Vinnueftirlitsins varðandi umræddan skort. Einnig vísar M til þess að aðstæður í skólastofunni eða háttsemi kennara hafi ekki verið í samræmi við fleiri skráðar háttnerisreglur eins og reglugerð nr. 553/2004 um verndun starfsmanna gegn hættu á heilsutjóni af völdum efna á vinnustað og með hliðsjón af lögum um grunnskóla eigi ákvæði reglugerðarinnar jafnt við nemendur og starfsfólk skóla. Einnig verði að líta til reglna í reglugerð nr. 657/2009 um öryggi og velferð nemenda og laga um grunnskóla í þessu samhengi þar sem kemur fram að skólastarf skuli vera þannig að öryggi nemenda sé haft að leiðarljósi.

V telur að X beri ekki skaðabótaábyrgð vegna líkamstjóns sonar M og vísar til þess að kennari hafi gætt fyllstu varúðar og kynnt nemendum hættueiginleika etanóls áður en svokölluð eldfjallatilaun hafi verið framkvæmd. Þegar kennarinn hafi síðan farið að sinna öðrum nemendum hafi, án hans vitundar, annar nemandi tekið etanólbrúsann í óleyfi og hellt yfir eld með þeim afleiðingum sem að ofan greinir. V telur að ekki sé ljóst að skriflegt áhættumat hefði breytt nokkru hvað varðar atvik málsins en til staðar hafi verið vinnuumhverfsvísir og öryggisblað. Einnig telur V að nemendur geti ekki fallið undir hugtakið starfsmaður í skilningi reglugerðar nr. 553/2004, sem M hefur vísað til. V telur að slys sonar M sé fyrst og fremst rakið til þess að nemandi fór gegn skýrum fyrirmælum kennara um bann við að nota það efni sem hann síðan notaði.

Álit.

Í málinu er ágreiningur um hvort sú háttsemi kennara að skila við etanólbrúsa í kennslustund í efnafræði hafi verið gáleysi af hans hálfu og hvort X sem vinnuveitandi hans beri ábyrgð á slíkri háttsemi eða því að ekki hafi verið gerðar nægar öryggisráðstafanir m.t.t. þeirra almennu háttnerisreglna sem lúta að öryggi og heilbrigðisháttum í grunnskólum. Sem og er ágreiningur um hvort tiltekna háttnerisreglum í reglugerð nr. 553/2004 hafi verið brotnar og hvort þær eigi við um nemendur grunnskóla.

Þegar litið er til málsins í heild verður ekki annað séð en að það séu bein orsakatengsl milli þess að samnemandi sonar M tók etanólbrúsa í óleyfi og hellti innihaldi hans yfir eld sem skapaði augljósa hættu. Ekki er varhugavert að leggja til grundvallar þá frásögn kennarans að hann hafi brýnt fyrir nemendum hættueiginleika etanólsins og í ljósi aldurs nemendanna verður að ætla að þeim hafi verið þeir eiginleikar ljósir og að það væri kennarinn sjálfur sem einn gæti notað það efni. Verður ekki litið svo á að notkun á slíku efni ein og sér innan grunnskóla sé þess eðlis að hún brjóti gegn þeim almennu háttætnisreglum sem M hafa vísað til í lögum og reglum. Verður því ekki, m.v. framlögð gögn, fallist á að X beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni sonar M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 399/2017**M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar L.****Maður slasaðist þegar hann rann til og féll í hálfu þ. 9.3.2016.****Gögn.**

1. Málskot móttakið þ. 8.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-9.
2. Bréf V dags. 20.12.2017.

Málsatvik.

M rann til og féll í hálfu fyrir utan inngang í apótek L á Ísafirði. M segir að hvorki hafi verið saltað né sandað fyrir utan innganginn, en það hafi verið gert strax eftir slysið. Þá segir M að ekkert handrið sé fyrir utan þó aðkoman gefi fullt tilefni til þess. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu L hjá V og vísar til ríkrar aðgæsluskyldu fasteignareigenda til að koma í veg fyrir að þeir sem eigi erindi í fasteignina eða leið hjá verði ekki fyrir tjóni. M telur að þessa hafi ekki verið gætt þar sem L hafi ekki verið með fullnægjandi hálfuvarnir. M telur að L hafi með saknæmum hætti vanrækt þá ríku aðgæsluskyldu sem á L hafi hvílt við aðstæður eins og þær sem fyrir voru á slysegi og ekki hafi verið búið að hálfuverja innganginn að verslun L þegar M kom að honum. Þá segir M að fyrir utan verslun L sé halli en þó sé ekkert handrið og þetta sé sérstaklega hættulegt þegar veður og færð eru slæm. V hafnar bótaskyldu og telur að slys M verði ekki rakið til saknæmrar ólögmetrar háttsemi L. V segir að engin gögn hafi verið lögð fram til staðfestingar þess að aðstæður við inngang verslunar L hafi verið óforsvaranlegar. Þá segir V að engin rannsókn eða skráning hafi farið fram á atvikinu. V heldur því fram og hefur eftir vátryggingataka að blöndu af grófu salti og sandi sé dreift yfir stéttina við innganginn fyrir framan verslun L á hverjum morgni og það hafi verið gert þann morgun sem M varð fyrir slysinu.

Álit.

Ekki hafa verið lögð fram gögn sem sýna fram á að aðstæður við verslun L hafi verið óforsvaranlegar þegar M féll fyrir framan inngang verslunarinnar. Engin skráning fór fram á slysinu og engin samtímagögn liggja fyrir um það. Af hálfu L er fullyrt að gætt sé að því að hálfuverja fyrir framan verslunina við inngang hennar á hverjum morgni. Miðað við fyrirliggjandi gögn er ósannað að aðstæður fyrir framan inngang verslunar L hafi verið óforsvaranlegar eða ekki hafi verið hálfuvarið. Ekki liggja heldur fyrir gögn sem sýna fram á að sök verði lögð á L vegna saknæmrar ólögmetrar háttsemi. M á því ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 23.1 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 401/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðanna A og B.

Vörubifreiðastjóri slasaðist við affermingu tengivagns 24.1.207.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11.12.2017 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf V dags. 4.1.2018.

Málsatvik.

M slasaðist þegar hann vann að timburafferminu hengivagns, sem tengdur var við B. M notaði krana sem var áfastur A. M krefst bóta úr lögmæltum ökutækjatrýggingum bifreiðanna A og B og byggir á því að hann hafi verið við stjórn A og lestun og losun sé þáttur í eðlilegri og venjulegri notkun slíkra bifreiða sbr. 1. mgr. 88. gr. og 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Til vara krefst M þess að verði ekki fallist á að slysið eigi undir slysatryggingu ökumanns A þá telur hann sig eiga rétt til bóta úr tryggingu B sem dró hengivagninn en verið var að afferma timbur af hengivagninum og bifreiðin í eðlilegri notkun og M við stjórn hennar. V hafnar bótaskyldu og segir að bifreiðin B hafi flutt timbrið en bifreiðin A hafi verið kyrrstæð á áfangastað og eingöngu notuð til að afferma timbrið. V segir að með því að nota krana A til að afferma B hafi verið farið út fyrir beina affermingu í þröngri merkingu og því hafi ekki getað verið um að ræða notkun í merkingu 1.mgr. 88. gr. umferðarlaga. V segir að slys M hafi því ekki hlotist af venjulegri og eðlilegri notkun A, sem hafi í þessu tilviki verið notuð sem sjálfstæð vinnuvél og A því kyrrstæð og ekki í notkun að öðru leyti en því að hún hafi verið aflgjafi kranans. V telur að ekki hafi verið um affermingu að ræða, sem fellur undir notkun vörubifreiðar sem vélknúins ökutækis sbr. 1. mgr. 88. gr. og 2. mgr. 90. gr. umferðarlaga. Þá telur V að tjón M hafi ekki hlotist af notkun B og tjón M verði ekki að neinu leyti rakið til aksturs þeirrar bifreiðar.

Álit.

Vörubifreiðin A sem er með áfastan krana var kyrrstæð og fastskorðuð þegar slysið varð og í aðdraganda þess og vann M með krananum á A að affermingu timburs af hengivagni sem var ekið af B á staðinn. Bifreiðinni A var ekki ekið í aðdraganda slyssins og aflvél A eingöngu notuð til að veita krananum afl. Við þessar aðstæður þar sem um er að ræða affermingu af öðru ökutæki, sem kemur með farminn á þann stað þar sem A var fyrir og A eingöngu notuð sem aflvél fyrir krana fellur slys M ekki undir ákvæð 1. mgr. 88. gr. og 2. mgr. 92. gr. umferðarlaga þar sem ekki var um eiginlega notkun A sem vélknúins ökutækis að ræða. Slys M verður að engu leyti rakið til notkunar B þó svo að B hafi dregið hengivagninn sem timburbúntin voru á. B var kyrrstætt og að ekki í notkun þegar slysið varð.

Niðurstaða.

M á hvorki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu eða slysatryggingu ökumanns og eiganda A né B.

Reykjavík 30.1.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 402/2017

**M og
vátryggingafélagið V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.**

Árekstur á bifreiðastæði við verslunarmiðstöðina Glæsibæ í Reykjavík þann 25.11.2017.**Gögn.**

Málskot, móttakið 13.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 27.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 5.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Athugasemdir ökumanns B, dags. 7.1.2018.

Málsatvik.

A og B var ekið aftur á bak úr stöðureitum inn á akleið sem liggur á milli þeirra. Rákust þá saman hægra framhorn A og vinstra afturhorn B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið út úr stöðureit og beygt til vinstri og fannst honum hann vera kominn ágætlega út á akleiðina þegar B hafi verið bakkað úr stöðureit og á A.

Á vettvangi er haft eftir ökumanni B að hann hafi verið að bakka út úr stöðureit og verið á ferð þegar allt í einu hafi komið högg. Hann kvaðst ekki hafa séð A fyrir aftan sig og eiginlega hafi hann ekki vitað hvað gerðist. Hann kvaðst hafa ekið hægt aftur á bak út úr stöðureitnum og ekki séð A og árekstur orðið. Báðar bifreiðir hafi þá verið á ferð. Taldi ökumaðurinn að stór bifreið hafi verið lagt „hægra“ megin við B sem hafi byrgt honum sýn.

Álit.

Samkvæmt því sem haft er eftir ökumanni B á vettvangi vissi hann ekkert af ferðum A fyrir en árekstur varð og vart vitað hvað hafi gerst. Hann gætti því ekki að umferð á akleiðinni fyrir aftan sig eins og af honum mátti krefjast, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Telst hann því eiga sök á árekstrinum. Af ljósmyndum af vettvangi má sjá að A var komin í rétta akstursstefnu aftir akleiðinni á milli stöðureitanna sem bifreiðirnar voru í. Þegar til þessa er litið og ákomustaða á bifreiðunum eru ekki talin næg efni til að fella sök á ökumann A vegna árekstursins. Verður öll sök því lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 30. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 403/2017**M og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar X.****Miskabætur skv. a-lið 1. mgr 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna umferðarslyss 7.5.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 13.12.2017, ásamt tölvupósti dags. 8.1.2018.

Bréf V, dags. 4.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M slasaðist í fjöldaárekstri og enginn ágreiningur er um að sök vegna árekstursins liggur hjá ökumanni bifreiðarinnar X sem ábyrgðartryggð var hjá vátryggingafélaginu V á tjónsdegi. Í lögregluskýrslu kemur fram að kumaður bifreiðarinnar X gat lítið tjáð sig um aðdraganda áreksturs á vettvangi og niðurstöður blóðrannsóknar sýndu að hann var undir áhrifum áfengis við aksturinn niðurstöður blóðrannsóknar sýndu endanlega niðurstöðu upp á 2,36 prómill í blóði ökumannsins.

M telur að ökumaður bifreiðarinnar X hafi valdið líkamstjóni af stórkostlegu gáleysi í skilningi a-lið 1. mgr 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og eigi M því rétt á miskabótum skv. því ákvæði úr ábyrgðartryggingu X hjá V. M bendir á dóma Hæstaréttar í málum nr. 502/2016 og 449/2009 máli sínu til stuðnings auk þess sem hann lýsir þeim afleiðingum sem slysið hafði fyrir hann. M vísar til þess að miskabætur skv. ofangreindu ákvæði séu samhliða bótum skv. I. kafla skaðabótalaga og vísar því á bug að V geti hafnað greiðslu miskabóta á þeim grundvelli að 26. gr. skaðabótalaga sé heimildarákvæði.

V vísar til þess að í a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga felist heimildarákvæði, en orðalagið að það sé heimilt að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur skv. ákvæðinu, taki af öll tvímæli um það. Þannig telur V að því sé ekki skylt að greiða slíkar bætur og að M hafi ekki sýnt fram á að hann hafi orðið fyrir frekara tjóni en þegar hafi verið bætt. V bendir einnig á að tjón séu algeng í umferðinni og ekkert bendi til þess að M hafi orðið fyrir frekara tjóni en aðrir sem lenda í slíku. Einnig vísar V á bug sjónarmiðum um fjárhagslega getu M eftir slysið og tengsl við rekstur hans á leigubifreið.

Álit.

Í a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga kemur fram að heimilt að láta þann sem af ásetningi eða stórfelldu gáleysi veldur líkamstjóni greiða miskabætur. Þó um heimildarákvæði sé að ræða verður það ekki túlkað þannig að í því felist að sérstök skilyrði þurfi að vera uppfyllt til greiðslu miskabóta, önnur en þau sem skv. orðanna hljóðan koma fram í umræddri grein. Í þessu máli er hafð yfir allan vafa að ökumaður bifreiðarinnar X var undir verulegum áfengisáhrifum og gat á vettvangi ekki gert grein fyrir aðdraganda árekstursins. Með vísan til áralangrar dómaframkvæmdar verður að telja slíka háttsemi stórfellt gáleysi í skilningi a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Þegar lítið er til þess hvort M hafi orðið fyrir því ófjárhagslega tjóni sem felst í rétti til miskabóta verður að líta til þess að þau óþægindi sem fylgja því að verða fyrir líkamstjóni eru ekki sjálfkrafa tæmandi talin þegar lítið er til þeirra atriða sem liggja að baki mati á varanlegum miska skv. 4. gr. skaðabótalaga. M hefur sýnt fram á að óþægindi hans voru nokkur vegna umferðarslyssins, bæði hvað varðar líkamleg óþægindi og önnur óþægindi því tengist að verða fyrir líkamstjóni. M telst því eiga rétt til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V. Ekki liggur fyrir samþykki málsaðila um að nefndin taki afstöðu til mögulegs ágreinings um fjárhæð bóta og felur niðurstaðan því ekki í sér ákvörðun um fjárhæð.

Niðurstaða.

M á rétt til greiðslu miskabóta skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 404/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar B.

Tjón á bifreið vegna innkaupakerru 28.12.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 23.11.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
2. Bréf V, dags. 5.1.2018.

Málsatvik.

M segir málavexti vera þá að innkaupakerra hafi fokið á bifreið sína, en kerran hafi komið úr kerrugrind. M segir að vindur hafi verið um 10 metrar á sekúndu. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu B hjá V og telur að tjón á bifreið sinni megi rekja til ófullnægjandi búnaðar í geymslum fyrir innkaupakerrur. V hafnar bótaskyldu og segir að kerruskýlið hafi ekki verið fullt og megi sennilega rekja óhappið til þess að viðskiptavinur hafi ekki gengið nægjanlega vel frá innkaupakerru í skýlinu. V hafnar því að geymslan fyrir innkaupakerrur hafi verið vanbúin.

Álit.

Gögn málsins eru afar takmörkuð. M byggir kröfu sína á því að kerruskýli fyrir innkaupakerrur hjá B hafi verið ófullnægjandi. Engin gögn sýna það eða benda til þess að kerruskýli það, sem hér ræðir um hafi verið vanbúið eða með þeim hætti að leiði til sakar vátryggingartaka. Ekki er sýnt fram á að tjón M verði rakið til starfsfólks B eða aðila sem B ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík 30.1.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 405/2017**M og
V-1 vegna bifreiðarinnar A og
V-2 vegna bifreiðarinnar V
Árekstur á Hafnargötu í Reykjanesbæ þann 11.12.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið þann 23.11.2017, ásamt fylgiskjölum.

Bréf V1, dags. 5.1.2018.

Bréf V2 dags. 29.12.2017.

Tölvupóstar frá málskotsaðila, dags. 9.1.2018 og 25.1.2018.

Málsatvik.

Árekstur varð á milli bifreiðanna A og B þann 11.12.2016. Í málskoti M kemur fram að kl. 02:41 þann sama dag hafi M hringt í föður sinn og beðið hann um að koma á staðinn vegna þess að lögreglubifreiðinni B hafi verið bakkað á bifreið sína, A. Nokkrum mínútum síðar hafi M og faðir hennar haft uppi á öikumanni B og óskað eftir því að skýrsla yrði gerð um atvikið. Ökumaður B hafi hins vegar brugðist illa við og neitað að gera skýrslu, þar sem hann teldi útilokað að árekstur hefði átt sér stað. Það hafi ekki verið fyrr en M og faðir hennar mættu á lögreglustöðina og ræddu við yfirmann sem lögreglan féllst á að gera skýrslu um málið og bera saman bifreiðarnar. Við samburðinn hafi komið í ljós að ákomur bifreiðanna stemmdu miðað við lýsingu M.

Í lögregluskýrslu sem lögreglan á Suðurnesjum gerði um atvikið kemur fram að tveir lögreglumenn ásamt öikumanni bifreiðarinnar voru í lögreglubifreiðinni í umrætt sinn og þegar faðir M gaf sig á tal við þá hafi þeir allir þvertækið fyrir að umrætt atvik hafi getað átt sér stað, þar sem bifreiðinni hafi aldrei verið ekið aftur á bak niður aðkeyrsluna að skemmtistaðnum. Haft er eftir öikumanni B að hann, ásamt tveimur öðrum lögreglumönnum hafi setið í kyrrstæðri bifreiðinni og verið að fylgjast með umferð um Hafnargötu. Þeir hafi verið búnir að vera þar í um 40-50 mínútur þegar faðir M kom og lét vita að B hafi verið bakkað á bifreið dóttur sinnar. Ökumaður B kveðst þá hafa farið út úr bifreiðinni ásamt hinum lögreglumönnum og þeir allir verið fullvissir um að það væri útilokað að árekstur hafi orðið með bifreiðunum. Þá er haft eftir öikumanni B að á vinstra afturhorni bifreiðarinnar hafi verið óhreinindi svo útilokað væri að hornið hafi farið utan í A. Þá væri smá skemmd á afturhorninu en hún væri gömul.

M lýsir atvikum hins vegar með þeim hætti að hún hafi verið að skutla vini sínum á skemmtistað við Hafnargötu og þegar hann hafi verið nýbúinn að yfirgefa bifreiðina hafi B verið bakkað á bifreið sína. Þá kemur fram í gögnum málsins að hún hafi ekki þorað að vekja athygli öikumanns B á atvikinu fyrr en faðir hennar hafi verið kominn á staðinn. Engin vitni urðu að atvikinu.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að annars vegar er ágreiningur á milli aðila annars vegar um það hvort árekstur hafi orðið með bifreiðunum og hins vegar með hvaða hætti áreksturinn varð. Taka verður upplýsingum úr lögregluskýrslunni sem lögreglan á Suðurnesjum gerði um atvikið með nokkrum fyrirvara, þar sem um er að ræða skýrslu sem unnin er af sama embætti og lögreglumennirnir í bifreið B störfuðu við. Af þeim mælingum á ákomum bifreiðanna, sem lögreglan framkvæmdi og getið er um í skýrslunni, verður þó að teljast sannað að árekstur hafi orðið með bifreiðunum í umrætt sinn. Ökumenn greinir á um aðdraganda árekstursins og með hvaða hætti hann varð. Miðað við fyrirliggjandi gögn eru ekki forsendur til að leggja sök á annan öikumann fram yfir hinn og er sök því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 30. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 406/2017
M og
V vegna bifreiðanna A og B

Ágreiningur um bótaskyldu úr frjálstri ábyrgðartryggingu og slysatryggingu launþega.

Gögn.

Málskot málskotsaðila, móttakið 14.12.2017, ásamt fylgiskjölum.
Bréf V, dags. 5.1.2018.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið til norðurs á hægri akrein Vesturlandsvegur að hringtorgi við Úlfarsárveg. Málskotinu fylgdi myndbandsupptaka af atvikinu þar sem sjá má að B er ekið á eftir A að hringtorginu. Þegar A kemur að biðskyldumerki við hringtorgið má sjá að ökumaður A stöðvar bifreiðina og ekur svo áfram inn í hringtorgið og stöðvar bifreiðina aftur, að því er virðist að ástæðulausu, áður en hann hyggst aka út úr hringtorginu við fyrsta útakstur. Í sömu mund og A stöðvar bifreiðina í seinna skiptið er B ekið aftan á A.

Álit.

B var ekið aftan á A. Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökutæki, sem ekið er á eftir öðru ökutæki, vera svo langt frá því að eigi sé hætt á árekstri þótt ökutækið sem er á undan stöðvist eða dregið sé úrhraða þess. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 50/1987 ber ökumanni sem ætlar að stöðva ökutæki eða draga snögglega úr hraða þess að ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Þá segir í g-lið 1. mgr. 28. gr. sömu laga að eigi megi stöðva ökutæki í hringtorgi. Telst ökumaður A hafa brotið gegn framangreindum umferðarreglum. Ber hann því einnig nokkra sök á árekstrinum. Með hliðsjón af ofanrituðu ber A 1/3 hluta sakar og B 2/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 23. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 407/2017**M****og****V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs A
Ágreiningur um bótaskyldu. Ábyrgðartrygging.****Gögn.**

Málskot, dags. 01.09.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags.04.01.2018 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M sem var starfsmaður I var að vinna við þrif á handflökunarlínu þegar vélin fór af stað og dreif eitt færibaldið af stað með þeim afleiðingum að tannhjól í vélinni læstu sig í bakið á stakk og peysu sem hann var í og drógu hann inn í vinnslulínuna þar sem hann klemmdist á ofanverðum líkamanum inni í vélinni. Samstarfsmaður M kom svo að og stöðvaði vélina. M hlaut margvíslega áverka, meðal annars á mjóbaki og vinstri síðu, tognaði á öxl, brjósthygg, lendahrygg, fékk mar á brjóstakassa, eymsli í maga, mar og bólgu á baki vinstra megin og mjúkáverka undir húð aftan við hryggjarliði.

M telur A bera ábyrgð á slysinu sökum skorts á viðeigandi öryggisráðstöfunum til þess að koma í veg fyrir slys. A hafi átt að gæta að því að hægt væri að þrifa vélina án þess að hún færi í gang. Einnig hafi A átt að tryggja að hægt væri að sinna þrifum á tækinu án þess að hlífar eða annar búnaður til verndar væri fjarlægður. Þá hafi áhættumat A og I ekki tekið nægjanlega á öryggi verkþátta við þrif. Einnig kemur fram hjá M að hann hafi slegið vélinni út, að neyðarrofi hafi ekki virkað þegar samstarfsmaðurinn hafi reynt að ýta á hann og hafi hann þurft að toga í sérstakan glæran og þunnan spotta sem var staðsettur fyrir ofan vélina til að stöðva vélina.

V hafnar bótaskyldu og kemur fram í bréfi V að M hafi slegið vélinni út áður en hann hófst handa við þrifin. Samstarfsaðili M hafi samkvæmt lögregluskýrslu ýtt á neyðarhnapp og stöðvað mótór vélarinnar. V telur að slysið megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis M þar sem hann hafi ekki gætt þess að taka strauminn af vélinni áður en hann tók til við að þrifa hana og að auki farið inn í vélina. Megi rekja þessa háttsemi M til kunnáttuleysis hans eða skorts á þjálfun eða verkstjórn við þetta tiltekna verk og á því geti A ekki borið ábyrgð. Félagið telur því ekki sýnt fram á sök A, ófullnægjandi aðstæðna né annarra atvika sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í málinu er ósamræmi milli málsatvikalýsingar í lögregluskýrslu og lýsingu á slysinu í málskotinu. Leggja verður til grundvallar þá lýsingu á tildrögum slyssins sem koma fram í upphaflegum gögnum, þ.e. lögregluskýrslu. Þar kemur fram að M hafi togað í band sem hangir úr loftinu til að stöðva færibaldið og verið að þrifa undir handflökunarlíkunni þegar mótórinn sem drífur færiböndin hafi allt í einu farið af stað. Einnig kemur þar fram hjá M að vinnufélagi hans hafi komið og ýtt á neyðarhnappinn og stöðvað þannig mótórinn. Vinnufélaginn bar því sama við í skýrslunni. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins kemur fram að óvarið tannhjól hafi verið í gangi þegar slysið átti sér stað, er þrif voru framkvæmd og að áhættumat I hafi ekki tekið nægjanlega á öryggi verkþátt við þrif. Fyrir liggur að samningur er á milli A og I um að I taki að sér framkvæmd á þrifum í vinnslusölum A. Í samningnum kemur einnig fram að I sjái um alla kennslu og leiðbeiningar til starfsmanna sinna. Miðað við gögn málsins, það ósamræmi sem kemur fram í atvikalýsingu verður að telja að M hafi sýnt af sér aðgæsluleysi sem rekja megi til kunnáttuleysis hans eða skorti á kennslu og leiðbeiningum af hálfu I og þykir því ekki sannað að A beri sök á slysi M. Með vísan til framangreinds á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 408/2017**M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega T.****Maður steig á þröskuld við búningsklefa og datt 22.11.2013. Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 14.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 5.1.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M hafði lokið vinnu og var að fara úr búningsklefa yfir í matsstofu og steig vitlaust á þröskuld og datt og slasaðist. Vinnuveitandi M tilkynnti slysið sama dag og M slasaðist til V. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega T hjá V. V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að ársfrestur skv. Þágildandi 1. mgr. 124.vgr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga hafi verið liðinn þegar tjónið var tilkynnt. V segir að umboð hafi borist frá lögmanni M rúmlega 3 árum eftir að slysið varð og það hafi verið hin eiginlega tilkynning frá M, en áður hafi borist tilkynning frá vátryggingataka, en það hafi verið á ábyrgð tjónþola sjálfs að tilkynna um slysið. V segir að ótvírætt sé að tilkynningaskyldan hvíli á vátryggðum vegna tjónsins og tilkynning frá vinnuveitanda leysi hann ekki undan þeirri skyldu. Af hálfu M er því haldið fram að tilkynning vinnuveitanda fullnægi skilyrði 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga auk þess hafi M tilkynnt um tjónið innan tímafrestsins frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans sé reist á. M segir að með breytingu á 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga með breytingalögum 15/2015 hafi verið tekinn af allur vafi um það að ekki skipti máli með hvaða hætti tryggingafélagi berst tilkynning um tjón. Tilkynning vinnuveitanda sé því fullnægjandi skv. núgildandi lögum. Þá byggir M á því að honum hafi ekki verið að fullu ljóst að tjón hans yrði varanlegt fyrr en á árinu 2017.

Álit.

Sá tímafrestur sem settur er fyrir tilkynningar á tjónum, sem settur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga er ekki síst til þess að vátryggingafélög viti innan eðlilegs tíma hvaða kröfum kunni að verða að þeim beint. Í máli þessu er ljóst að V var tilkynnt um slys M á slysdegi af vinnuveitanda M. Þó tekin hafi verið af öll tvímæli, með lögum nr. 15/2015, um að það væri sama hvernig tilkynning bærst til vátryggingafélaga um tjón í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga verður ekki litið svo á að vátryggingafélag geti borið því við að það hafi ekki fengið tilkynningu um tjónið ef annar en vátryggður tilkynnti það. Í þessu tilviki hafði V borist tilkynning um tjón vegna slysátryggingar launþega innan tímafrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga og verður umrædd lagagrein ekki túlkuð með þeim hætti að form tilkynningar beri efni hennar ofurliði.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá T.

Reykjavík 30.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 409/2017**M og
váttryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.****Orsakatengsl vegna líkamstjóns og árekstur 27.5.2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 13.12.2017, ásamt tölvupósti dags. 5.1.2018.
Bréf V, dags. 5.1.2018.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna ökutækjatjóna kemur fram að M hafi verið farþegi í bifreið sem bifreiðinni X var ekið aftan á á Langholtsvegi á gatnamótum við Sæbraut. Lýsing ökumanns bifreiðar X er svohljóðandi: „Bíllinn er stöðvaður á rauðu ljósi. Eftir fullt stopp rennur fótur ú bremsu og bíll rennur á innan við eins kílómetra hraða og snertir baklið bílsins fyrir framan.“ Ekki liggur fyrir framburður af ökumanni bifreiðarinnar sem M var farþegi í en í tjónstilkynningu til V, dags. 31.5.2016, segir M „var stopp í rauða ljósið allt í einu keyrði bíll aftan á okkur. Ég hef meidd mig í hálsinn og bak.“ M leitaði á slysadeild 27.5.2016 og þar fékk hún almennar ráðleggingar vegna óþæginda í hálsi, en engir áverkar greindust sérstaklega í læknisfræðilegum rannsóknum. Í gögnum málsins liggur einnig fyrir svokölluð PC-crash skýrsla sem V aflaði einhliða og þar kemur fram það mat skýrsluhöfundar að höggkraftur í árekstrinum hafi verið rétt rúmlega 1g.

M telur sig hafa orðið fyrir varanlegu líkamstjóni í umræddum árekstri og bendir á að hún hafi verið nýbúin að eignast barn þegar áreksturinn varð og þannig verið viðkvæmari fyrir líkamlega, einnig vísar M til þess að hún hafi leitað til heimilislæknis og farið í sjúkraþjálfun. Lýsingar á einkennum hennar sé í samræmi við fyrstu komu á slysadeild og því sé sannað að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni þó ekki liggja fyrir mat á því hvort afleiðingar séu varanlegar. Það sé mat sem þurfi að fara fram og V geti ekki hafnað bótaskyldu vegna málsins. M vísar einnig til þess að ekki sé hægt að leggja PC crash- skýrslu til grundvallar í málinu þar sem hennar sé einhliða aflað af V, auk þess sem líta verði heildstætt á gögn málsins. Einnig vísar M til þess að skv. upplýsingum úr sjúkraskrá hafi hún ekki haft sambærileg einkenni og hún lýsir eftir áreksturinn, fyrir hann og þannig sé sýnt að orsakatengsl séu fyrir hendi.

V telur ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem leitt hafi til varanlegra afleiðinga fyrir hana. V vísar til PC crash-skýrslu þar sem kemur fram að hraði bifreiðar X hafi verið mjög lítill og því hafi högg á þá bifreið sem M var farþegi í verið mjög lítið og þyngdarkraftar rétt um 1g. Þegar þannig standi á sé ekki hægt að leggja til grundvallar að árekstur hafi leitt til varanlegs líkamstjóns. Einnig bendir V á að m.v. gögn málsins virðist sem M hafi verið algjörlega óvinnufær fyrir áreksturinn.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón vegna áreksturs 27.5.2016. Meta verður öll gögn málsins í heild. Í málinu liggur fyrir sú lýsing af umferðaróhappinu að bifreið X hafi verið ekið aftan á þá bifreið sem M var farþegi í á mjög litlum hraða, eða þannig að bifreið X hafi verið stopp og svo runnið á bifreiðina fyrir framan. Einnig liggja fyrir ljósmyndir af bifreiðunum þar sem nær ekkert sjáanlegt tjón er á þeim. Þetta styður engan veginn framburð M um að mikið högg hafi komið á þá bifreið sem hún var farþegi í og styður niðurstaða PC crash-skýrslu þeirrar, sem V leggur fram, það. Hvað varðar upplýsingar í læknisfræðilegum gögnum verður að líta til þess að M leitaði til læknis samdægurs en á hinn bóginn eru einkenni hennar nokkuð almenns eðlis. Saga M um óvinnufærni fyrir umferðaróhappið, og greiðslu endurhæfingar- eða eftir atvikum örorkulífeyris, hefur einnig þau áhrif að erfitt er að sjá að hve miklu leyti þau hafa áhrif á heilsufar M nú. Verður því ekki, m.v. þau gögn sem fyrir nefndinni

liggja, hægt að líta svo á að nægilega miklar líkur séu á því að M hafi hlotið varanlegar afleiðingar af líkamstjóni því sem hún tilkynnti V um hinn 31.5.2016.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá V.

Reykjavík, 23. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.
Valgeir Pálsson hrl. Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 410/2017

M
og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B

Árekstur á gatnamótum Engjasels og Seljabrautar í Reykjavík þann 7.11.2017.**Gögn.**

Málskot, mótttekið 12.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1, dags. 3.1.2018.

Bréf V2, dags. 3.1.2018.

Málsatvik.

A var ekið eftir Seljabraut og beygt til vinstri áleiðis inn á Engjasel. Í sömu andrá var B ekið eftir Engjaseli og áleiðis inn á gatnamót Engjasels og Seljabrautar. Rákust þá saman á gatnamótunum vinstri hlið A og vinstra framhorn B. Á Engjaseli hvílir biðskylda gagnvart umferð á Seljabraut.

Ökumaður A kvaðst hafa verið að taka vinstri beygju inn á Engjasel og gefið stefnumerki um þá fyrirætlun. Ökumaður B hafi ekki náð að hemla vegna háлку og runnið á A.

Ökumaður B kvaðst hafa verið að beygja til hægri inn á Seljabraut þegar ökumaður A hafi tekið of þrönga vinstri beygju og rekist utan í vinstri framenda B. Í reit nr. 17 á forsíðu sameiginlegrar tjónstilkynningar, sem m.a. er undirrituð af ökumanni B, er merkt að hann hafi ekki sinnt biðskyldu.

Álit.

Aðstæður á árekstrarstað hafa verið skoðaðar. Ljóst þykir að leiðir bifreiðanna áttu ekki að þurfa að skerast er þeim var beygt annars vegar af Seljabraut til vinstri inn á Engjasel og hins vegar af Engjaseli til hægri inn á Seljabraut. Á afstöðumynd á forsíðu tjónstilkynningarinnar má sjá að B er komin fram yfir biðskyldumerkingu sem er röð þríhyrninga þvert á akbraut og sýnir á hvaða stað á akbrautinni ökumaður hefur biðskyldu við vegamót, sbr. 28. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Ökumenn virðast sammála um að B hafi runnið um 3 m fram yfir biðskyldumerkinguna. Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. umferðarlaga skal ökumaður, sem ætlar að aka inn á eða yfir veg, veita umferð ökutækja á þeim vegi úr báðum áttum forgang, ef það er gefið til kynna með umferðarmerki um biðskyldu. Auk þess skal hann gefa greinilega til kynna, að hann muni veita forgang með því að draga úr hraða í tæka tíð eða nema staðar, sbr. 5. mgr. sömu gr. Á þessu hefur orðið misbrestur hjá ökumanni B og að virtum gögnum málsins verður að telja að þessi misbrestur ökumanns B sé frumorsök þess að áreksturinn varð og ber hann því megin sök. Við vinstri beygju skal aka sem næst miðju akbrautar og beygjuna skal taka þannig, að þegar ökutækið kemur út af vegamótunum, sé það hægra megin á akbrautinni, sem beygt er inn á, sbr. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þegar litið er til þess hvar B var staðsett á akbrautinni, sem ökumenn virðast sammála um, má ráða að ökumaður A hafi tekið ívið of þrönga beygju inn á Engjasel. Telst hann því einnig eiga nokkra sök. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 1/3 hluta sakar og ökumaður B beri 2/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B ber 2/3 hluta sakar.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 411/2017**M og****vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar ökutækis.****Orsakatengsl vegna líkamstjóns í umferðaróhappi 21.5.2014.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttækið 15.12.2017.

Bréf V, dags. 8.1.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að M tilkynnti V um umferðaróhapp með tjónstilkynningu dags. 28.5.2014 og líkamstjón með tjónstilkynningu dags. 11.9.2014. Þar kemur fram að M hafi ekið bifhjóli sem öðru bifhjóli var ekið á. Í tjónstilkynningu dags. 11.9.2014 kemur fram að M finni fyrir einkennum í öxl, mjöðm og baki og síðar sama mánaðar fer hann til skoðunar hjá heilsugæslulækni vegna einkenna sem hann rekur til umferðaróhappsins. M lendir síðan í öðrum slysum 1. nóvember 2014 og í nóvember 2017. Í málinu liggur fyrir læknisvottorð frá heilsugæslu og frá sérfræðingi sem M leitaði til á árinu 2017.

M telur að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni sem þurfi að meta sérstaklega og vísar til þess að læknisfræðileg gögn málsins sýni fram á það. Ástæða þess að hann hafi ekki leitað strax til læknis eftir óhappið hefði verið sú að hann hefði ætlað að reyna að takast á við áverka sjálfur. M telur að sýnt sé fram á orsakatengsl milli óþæginda hans og óhappsins 21.5.2015 með ofangreindum læknisfræðilegu gögnum.

V telur að ekki sé sannað að hægt sé að rekja óþægindi M í dag til umferðaróhappsins 21.5.2014. Það hafi liðið um fjórir mánuðir á árinu 2014 frá óhappinu þar til M hafi leitað læknis og síðan hafi liðið um þrjú ár þar til hann hafi leitað aftur læknis vegna óþæginda sem hann rekur til þess og þess á milli hafi M lent í tveimur öðrum slysum. Einnig vísar V til dómaframkvæmdar.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að meta hvort nægilega miklar líkur eru á því að M hafi hlotið líkamstjón vegna áreksturs 21.5.2014. Meta verður öll gögn málsins í heild en fyrir liggur að læknisheimsóknir M vegna óþæginda sem hann rekur til óhappsins áttu sér ekki stað fyrr en fyrst um fjórum mánuðum eftir atvikið og voru eftir það aftur um þremur árum síðar. Í ljósi þess að M hefur lent í tveimur öðrum slysum og ekki er ljóst hvort önnur atvik eða fyrra heilsufar hafi áhrif á þau óþægindi sem hann hefur nú. Í ljósi þess að almennar sönnunarreglur gera ráð fyrir því að tjónþoli beri sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir líkamstjóni verður M að bera hallann af þeim sönnunarskortum sem er í málinu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu ökutækis hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 412/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis.

Ágreiningur um greiðslu fyrir skýrslu sjúkraþjálfara vegna slyss 6.5.2015.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.12.2017 ásamt fylgiskjöllum nr. 1-31.
2. Bréf V dags. 9.1.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M varð fyrir umferðarslysi 6.5.2015 og sem lið í gagnaöflun vegna slyssins var óskað eftir skýrslu frá sjúkraþjálfara, sem hafði annast um meðferð M. V hafnaði greiðslu fyrir skýrslu sjúkraþjálfara með vísan til þess að skýrslans félli ekki undir nauðsynlega gagnaöflun. M gerir kröfu til þess að V greiði fyrir skýrsluna og telur hana nauðsynlegan hluta gagnaöflunar vegna slyss M og bótakröfu hennar á hendur V. M telur skýrslu sjúkraþjálfarans vera mikilvægt gagn og tekið sé mið af henni í fyrirliggjandi matsgerð. M vísar til 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og telur einsýnt að V beri að greiða fyrir skýrsluna en heildarkostnaður vegna skýrslunnar sé kr. 93.500.- V hafnar bótaskyldu og segir að til þess að reikningur vegna skýrslu sjúkraþjálfara fái greiddur þurfi skýrslan að vera nauðsynlegt gagn í málinu til að hann verði talinn sem sjúkrakostnaður. V segir að greiðslu fyrir skýrsluna hafi verið hafnað þar sem ekki hafi komið fram í skýrslunni umfjöllun um áverka M sem ekki sé fjallað um í öðrum gögnum málsins. V segir ekki alls kostar rétt að matsmenn hafi grundvallað niðurstöðu fyrirliggjandi mats á skýrslu sjúkraþjálfarans.

Álit.

Af öllum gögnum málsins virtum þá verður ekki annað séð, en það hafi verið eðlilegur þáttur í gagnaöflun vegna slyssins sem M hlaut að fara fram á að sjúkraþjálfari sem er með M í meðferð gæfi skýrslu um ástand M, meðferð og batahorfur. Skýrslan getur ekki talist vera ónauðsynleg eða að hún gefi ekki greinargóða lýsingu á málsatvikum að því leytir sem þau heyra undir sjúkraþjálfara og kostnaður við hana er ekki úr hófi. Skýrsla sjúkraþjálfarans telst því vera eðlilegur og nauðsynlegur liður í gagnaöflun og á M því rétt á því að V greiði fyrir skýrslu sjúkraþjálfarans. Ekki er tekin afstaða til bótafjárhæðar.

Niðurstaða.

V ber að greiða kostnað vegna gerðar skýrslu sjúkraþjálfara.

Reykjavík 30.1.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 413/2017**M****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitandans A.****Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður í póstdreifingu rann til í hálfu og fótbrotnaði.****Gögn.**

Málskot, móttakið 18.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 29.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Laust eftir hádegi 9. desember 2015 vann M við póstútburð fyrir A á Digranesvegi í Kópavogi. Rann hún þá til í hálfu og fótbrotnaði. Kveður M að yfirmaður hennar hjá A hafi ekki orðið við beiðni hennar um að fá viðunandi skó til að ganga í við aðstæður eins og þarna voru. Þannig hafi af hálfu A ekki verið gætt að fyllsta öryggis M við störf hennar. Með því hafi A brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og beri því ábyrgð á líkamstjóni því sem hún hlaut í slysinu. Hefur hún krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá A mun M hafa haft samband við yfirmann sinn og beðið um fé til kaupa á skóm. Ekki var orðið við beiðni M þar sem hún hafi ekki verið fastráðin, en samkvæmt kjarasamningi sem tók til starfa hennar hjá A eiga fastráðnir bréfberar, sem ekki fá öryggisskó, rétt á skófatnaði að tiltekinni fjárhæð. Hafi yfirmaðurinn þá sagt henni frá mannbroddum, sem eru tiltækir í kassa við útgönguleið á vinnustöðum A eins og á dreifingarstöð þeirri sem M vann á. Minnti yfirmanninn að M hafi svarað því til að hún væri með mannbrodda.

Eins og gögn málsins liggja fyrir þykir mega slá föstu að M hafi átt kost á að fá mannbrodda við störf sín hjá A. Með slíkum búnaði átti öryggi að vera tryggt svo sem kostur er við göngu á hálum svæðum. Verður því ekki talið að slys M megi rekja til þess að ekki hafi verið gætt að fyllsta öryggi M við störf hennar hjá A eða annarra atvika sem A getur borið ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 414/2017**M
og
V vegna kortatryggingar****Ágreiningur um bótaskyldu. Forfallatrygging.****Gögn.**

Málskot, dags. 19.12.2017 ásamt fylgigögnum.

Bréf V, váttryggingafélags, dags. 29.12.2017.

Málsatvik.

Atvik voru með þeim hætti að M hafði áætlað að fara í ferð til útlanda með Bændaferðum (B) 10. september 2017. M óskaði eftir bótum úr kortatryggingu sem var í gildi hjá V vegna forfalla í ferðina og framvísaði læknisvottorði dags. 1. ágúst 2017. Í læknisvottorðinu kom fram að veikinda M hafi fyrst orðið vart þann dag en að þau hafi borið að með skyndilegum hætti. Nánari lýsing á einkennum var að hreyfing geta væri minnkuð.

Á grundvelli þessara upplýsinga hafnað V bótaskyldu.

Nýtt læknisvottorð með nánari upplýsingum var gefið út 28. ágúst 2017 þar sem fram kom að M hafi dottið erlendis í apríl 2017 og hafi eftir það haft verki og bólgu í hægri hné og minnkaða göngugetu. Einnig kemur fram að hann hafi fengið stera og röntgenmynd hafi sýnt bólgu og slit. Þá kemur fram að M hafi hrasað 9. september 2017, hafi þá farið á bráðavakt og sé ennþá með sár á höndum og fótum.

V hafnaði aftur bótaskyldu á þeim grundvelli að ósannað sé að óhapp M í apríl 2017 hafi orsakað líkamstjón hans. Slit á hné á eldri manneskju sé hvorki óvænt né skyndilegt og ekki sé minnst á óhappið í fyrri læknisvottorði né tjónstilkynningu. Þá sé misræmi í læknisvottorðum og telur V að síðari tíma lýsingar á atvikum feli ekki í sér nægilega skýra eða afgerandi sönnun um að óhappið hafi orsakað líkamstjón M. Að lokum telur V að umrætt óhapp falli ekki undir skilgreiningu orðsins „slys“ samkvæmt váttryggingaskilmálum GT84 og geti þar af leiðandi ekki átt við um óhappið.

Álit.

Um kortatrygginguna sem bætur í þessu máli eru sóttar í gilda váttryggingaskilmálar GT84. Í þeim skilmálum kemur fram að bættur sé ferðakostnaður sem greiddur er fyrirfram og ekki fæst endurgreiddur vegna ferðar sem hinn váttryggði kemst ekki í ef ástæðan er meðal annars andlát líkamsmeiðsl, veikindi, barnsburður eða sóttkví hins váttryggða enda vottað af starfandi lækni, sbr. grein 7.1.1. Orðalag váttryggingaskilmála GT84 er viðtækara en almennt er í forfallatryggingum þar sem ekki er skilyrði að um alvarlegt slys hafi borið að höndum né að veikindin séu skyndileg.

Samkvæmt læknisvottorði var tekin röntgen mynd af M sem sýndi bólgu og slit í hné og fram kemur að M var með minnkaða göngugetu. Hvort sem bólgan eða slitið stafaði af óhappi sem varð í apríl 2017 eða hafi komið síðar er ekki hægt að líta öðruvísi á en að veikindi eða slys hafi valdið þeim einkennum sem gerðu það að verkum að M forfallaðist í áætlaða ferð. Af þeim sökum á M rétt á bótum úr forfallatryggingu kortatryggingarinnar hjá V. Það getur ekki komið í veg fyrir bótaskyldu að tjónþoli fái nánari upplýsingar um veikindi á nýju læknisvottorði.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr forfallatryggingu kortatrygginga hjá V.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 415/2017
M og
vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis A.

Maður slasaðist þegar hann reyndi að stökkva inn í bifreið á ferð 11.12.2016.

Gögn.

1. Málskot móttakið 18.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-4.
2. Bréf V dags. 27.12.2017.

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi þegar A ók yfir vinstri fót hans með þeim afleiðingumað hann fótbrotnaði. A rann aftur á bak og M reyndi að koma í veg fyrir tjón með því að setjast inn í bifreiðina og stöðva hana en komst ekki inn í bifreiðina og lenti undir henna með fyrrgreindum afleiðingum. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V og segir að það hafi ekki verið stórkostlegt gáleysi af sinni hálfu miðað við aðstæður að reyna að komast inn í A, sem rann stjórnlaust aftur á bak í því skyni að stöðva A því ella var fyrirsjáanlegt að verulegt tjón mundi af hljótask. M segist eingögnu hafa gert það sem eðlilegt var miðað við þessar aðstæður. V viðurkennir bótaskyldu en telur þá háttsemi M að stökkva inn í bifreið sem rann stjórnlaust teljist vera stórkostlegt gáleysi í skilningi 2. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Þá vísar V einnig til 6. gr. umferðarlaga þar sem bann er lagt við því að stökkva upp í bifreið á ferð. V telur að hættan af tjóni hafi ekki verið slík að M hafi verið nauðsynlegt að bera sig að með þeim hætti sem hann gerði. V telur því að skerða eigi bætur til M um 1/3 vegna stórkostlegs gáleysis hans.

Álit.

M sýndi af sér stórkostlegt gáleysi þegar hann reyndi að stökkva inn í bifreið sem rann mannlau og stjórnlaus niður brekku. Miðað við fyrirliggjandi gögn þá verður ekki séð að hætta hafi skapast fyrir fólk vegna þess að bifreiðin rann stjórnlaust niður brekkuna og því gat ekki orðið um annað en ákveðið tjón á bifreiðinni að ræða. Við þessar aðstæður verður það að teljast varhugavert og stórkostlegt gáleysi af hálfu M að stökkva inn í bifreiðina. Þrátt fyrir að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi þá á hann samt rétt á bótum vegna slyssins, en rétt þykir að M beri tjón sitt sjálfur að 1/3 hluta.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V, en ber 1/3 tjón síns sjálfur.

Reykjavík 30.1.2018.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Jón Magnússon lögmaður.

Mál nr. 416/2017**M****og****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar loftfars.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns er fisflugvél brotlenti.****Gögn.**

Málskot, móttakið 21.12.2017, ásamt fylgigögnum.

Bréf V, dags. 8.1.2018, ásamt fylgigögnum.

Bréf f.h. M, dags. 11.1.2018.

Málsatvik.

Að morgni 4. júní 2016 brotlenti fisflugvél (A) á túni í nánd við Úlfarsfell. M var farþegi í A og slasaðist nokkuð við brotlendinguna. Eigendur A munu vera fjórir, þ. á m. M og flugmaður vélarinnar umrætt sinn.

Í skýrslu lögreglu er haft eftir flugmanni A að hann hafi deginum áður flogið A í um eina klukkustund eftir vetrargeymslu og einnig hafi hann flogið henni um morguninn þegar slysið varð. Hann hafi flogið frá tilteknum fisflugvelli ásamt M sem hafi verið farþegi um borð. Þeir hafi verið við flug- eða landingaræfingar og um það leyti sem hann hafi verið að snúa við til flugvallarins hafi hann fundið bensínlykt og því snúið strax við, en stuttu síðar hafi mótörinn drepíð á sér. Hann hafi þá sett bensíndælu í gang og reynt að starta mótörnum án árangurs. Ekkert annað hafi verið í stöðunni en finna landingarstað. A hafi farið út af túninu sem hann ætlaði að lenda á og hægra aðalhjólíð hafi festst í girðingarstreng og við það hafi A hvolft.

Í lokaskýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa, dags. 27. júní 2017, segir að komið hafi í ljós að skipt hafi verið um eldsneytisleiðslur og hreyfil um tveimur mánuðum fyrir atvikið. Einnig hafi vængirnir verið teknir út daginn fyrir atvikið og festir í læstri stöðu, en þeir séu lagðir aftur með skrokki fisins til að koma því fyrir í litlu skýli. Aðgerðin, þegar vængirnir eru teknir út, krefjist aðgæslu vegna hlífa sem leggjast að framrúðunni, tenginga í hallastýri og vængbörð og „síðast en ekki síst“ vegna leiðsla sem liggja í gegnum vængrótina. Til þessara leiðsla teljast loftslanga frá „stemmuröri“ (Pilot tube) í væng, eldsneytisleiðslur úr báðum eldsneytisgeymum í vængjum, sem og öndunarleiðslur úr báðum eldsneytisgeymum í vængjum. Þá er frá því greint að við rannsóknina hafi komið í ljós að eldsneytisleiðsla úr hægri eldsneytisgeymi hafi verið klemmd saman við vængrótina vegna rangs frágangs og því hafi verið lokað fyrir flæði eldsneytis úr hægri vænggeymi. Hægri eldsneytiskrani A hafi verði opinn en sá vinstri verið lokaður. Af þessum sökum hafi hreyfill A aðeins fengið eldsneyti úr litlum safngeymi sem eldsneyti rennur í úr vænggeymum ef opið er fyrir annan hvorn eða báða eldsneytiskrana. Þegar eldsneytið safngeyminum þraut, eftir um 40 mínútna flug, hafi hreyfillinn misst afl.

Eigendur A hafa keypt ábyrgðartryggingu vegna vélarinnar hjá V. M telur slysið mega rekja til vanrækslu flugmannsins þar sem hann hafi ekki gætt þess eins og honum hafi borið þegar vængirnir voru settir upp fyrir flug að flæði frá eldsneytistanki hafi verið óhindrað. Hefur M krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingunni. V hefur ekki gert athugasemdir við að umrædd ábyrgðartrygging taki til tjónsins en hafnar því að sýnt hafi verið fram á skaðabótaskyldu flugmannsins.

Álit.

Eins og atvikum er lýst í skýrslu rannsóknarnefndar samgönguslysa þykir mega slá föstu að atvikið megi rekja til þess að mistök hafi orðið þegar vængirnir voru teknir út þannig að eldsneytisleiðsla úr hægri eldsneytisgeymi hafi verið klemmd saman við vængrótina vegna rangs frágangs og því hafi verið lokað fyrir flæði eldsneytis úr hægri vænggeymi. Vegna þessa og þar sem vinstri eldsneytiskrani hafi verið lokaður hafði A einungis eldsneyti til um 40 mínútna flugs. Af rannsóknargögnum málsins verður ekki fullyrt hver hafi tekið vængina út deginum áður og orðið á þau mistök að eldsneytisleiðslan klemmdist. Með því að ekki er nægilega í ljós leitt að einhver

eigenda A eða aðrir sem eftir atvikum kunna að vera vátryggðir samkvæmt ábyrgðartryggingunni beri skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M á hann ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 30. janúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 417/2017
M og
vátryggingafélagið V-1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið V-2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B.

Árekstur bifreiða á Grindavíkurvegi 9.11.2017

Gögn.

1. Málskot móttækið 18.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-3
2. Bréf V-1 dags. 9.11.2017
3. Bréf V-2 dags. 15.1.2018

Málsatvik.

Árekstur varð á Grindavíkurvegi þar sem bifreið B var ekið til hægri af vinstri akrein og bifreið A ekið hægra megin við bifreið B. Ökumaður bifreiðar A segir að bifreið B hafi verið nánast stopp á miðjum Grindavíkurvegi og hann sá að hann gæti ekki stöðvað A í tæka tíð og sveigði því til hægri og reyndi að keyra út af veginum og segist hafa haldið flautunni inni, en þegar A hafi verið komin að hlið B hafi B verið beygt til hægri og árekstur orðið með bifreiðunum. Ökumaður B segist hafa ekið eftir leiðbeiningum GPS tækis og tækið hefði gefið honum upplýsingar um að beygja til hægri eftir um 500 metra og hafi hann hægt á B og beygt til hægri að Bláa Lóns afleggjara þegar árekstur varð.

Álit.

Hvorugur ökumaður gætti að aðstæðum í aðdraganda árekstursins og bera þeir báðir sök á árekstrinum. Ökumaður A gætti ekki nægjanlega að umferð fyrir framan sig og ökumaður B gætti ekki að aðstæðum þegar hann ók af stað úr nánast kyrrstöðu og tók hægri beygju af rangri akrein. Við mat á skiptingu sakar þykja ekki efni til að leggja sök á annan ökumanninn umfram hinn og skiptist sök því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 6.2.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 418/2017**M og
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Krafa um bætur vegna líkamstjóns í umferðarslysi 4.12.2009. Orsakatengsl. Fyrning.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 19.12.2017 ásamt fylgiskjölum 1-10.
2. Bréf V dags. 2.1.2018 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir líkamstjóni í umferðarslysi 4.12.2009 þegar A var ekið inn í hlið bifreiðar M. M leitaði til bráðadeildar LSH í Fossvogi daginn eftir og var greind með áverka og tognun í lendar- og háls hrygg. M var síðan lítið undir læknishendi fyrir en á árinu 2014, en þá leitaði M á bráðadeild LSH í Fossvogi vegna skyndilegar versunar og vaxandi verkja í mjóbaki. M leitaði líka til heimilislæknis síns vegna bakverkja á tímabilinu 2009 til dagsins í dag. Í vottorði heimilislæknis M kemur fram að M hafi ekki orðið ljóst fyrir en á árinu 2014 að um varanleg einkenni væri að ræða. Í vottorði Stefáns Dalberg bæklunarlæknis dags. 8. júní 2017 kemur fram að áverkar sem M hlaut í umferðarslysinu hafi háð henni síðan. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá V vegna líkamstjóns sem hún hlaut í umferðarslysinu og segir ágreiningslaust að M hafi orðið fyrir líkamstjóni við áreksturinn. M heldur því fram að krafa hennar sé ekki fyrnd og hafi hún ekki fyrir en árið 2014 gert sér grein fyrir að áverkar hennar voru varanlegir, er hún leitaði á bráðadeild LSH 23.7.2014 og markist því upphaf fyrningarfrests við árslok 2014. M tilkynnti tjón sitt til V 31.1.2017.

V hafnar bótaskyldu og telur að orsakatengsl á milli árekstursins og þeirra einkenna sem M rekur til þess ósönnuð. Þá telur V að séu orsakatengsl til staðar þá sé krafa M fyrnd skv. 99.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. V segir að M hafi verið greind með tognun í háls- og lendarhrygg eftir áreksturinn og í byrjun árs 2010 eigi hún nokkrar komur á heilsugæslu vegna afleiðinga slyssins aðallega vegna einkenna í við. öxl. M hafi síðan kvartað vegna verkja í spjaldhrygg rétt fyrir júl árið 2013 og frá áramótum 2013/2014 eigi M margar komur vegna bakvandamála, en þau einkenni séu ekki afleiðingar slyssins heldur sjúkdómur í stoðkerfi. Orsakatengsl séu ekki á milli verkja sem hrjá M nú og slyssins. V telur að krafa M hafi verið fyrnd sbr. 99.gr. umferðarlaga þegar krafan var tilkynnt V 31.1.2017, en M hljóti að hafa gert sér grein fyrir því að einkenni hennar væru varanleg í síðasta lagi fyrir áramótin 2011/2012 og því hafi krafa M verið fyrnd um áramótin 2015/2016.

Álit.

M lenti í umferðarslysi 4.12.2009 og var greind daginn eftir með tognun í lendarhrygg og ofreynslu á háls hrygg. Hinn 23.7.2014 leitaði M aftur til læknis og skv. læknabréfi dags. þann dag, segir að M hafi komið vegna mjóbaksverkja, sem hefðu versnað þann dag. Í læknabréfinu 23.7.2014 kemur fram að M hafi verið frá unglingsárum slæm í mjóbaki og M haldi að hún hafi versnað við bílslys sem hún lenti í 2006 og 2009. Í vottorði Stefáns Dalberg bæklunarlæknis dags. 8.6.2017 kemur fram að M hafi orðið fyrir meiðslum í slysinu 5.12.2009 og tognað á hálsi og lendarhrygg. Einkenni frá hálsi hafi að mestu gengið til baka, en hún sé enn með verki frá lendarhrygg. Samkvæmt framangreindum læknagögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu er ljóst að M varð fyrir líkamsáverka í slysinu 4.12.2009. Miðað við heilsufarssögu M verður ekki ráðið að orsakatengsl séu á milli þeirra verkja sem eru að hrjá M í dag og umferðarslyssins. Ekki

liggur fyrir læknisfræðilegt mat eða greining á því hvort um orsakatengsl sé að ræða milli verkja M nú og umferðarslyssins, sem hún krefur bóta fyrir í máli þessu. Þegar af þeirri ástæðu að orsakatengsl milli núverandi verkja og umferðarslyssins 4.12.2009 eru ósönnuð á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu M hjá V.

Reykjavík 23.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 420/2018
M og
vátryggingafélagið V vegna slysatryggingar launþega.

Ágreiningur um hvort lögmæltis tilkynningarfrests vegna slyss hafi verið gætt.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.12.2017, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf V, dags. 10.1.2018.

Málsatvik.

Hinn 31.7.2014 slasaðist M á leið sinni til vinnu. Varð slysið með þeim hætti að M var að hjóla í vinnuna að morgni dags þegar öðru hjóli var hjólað í hliðina á henni með þeim afleiðingum að hún féll af hjólinu. Leitaði M samdægurs á heilsugæsluna í Grafarvogi. Í málskoti M kemur fram að hún hafi ekki verið með hjálm þegar slysið varð og að hún hafi orðið fyrir höfuðhöggi og fengið opið sár á vinstra hné auk þess sem hún kvartaði undir kviðverkjum sbr. læknisvottorð dags. 20.7.2015.

Í læknisvottorði frá Heilsugæslunni í Grafarvogi, dags. þann 7.8.2017 kemur fram að M hafi á þeim tíma verið óvinnufær. M hóf meðferð hjá sjúkrahjálfa 25.8.2014 og var hún í meðferð vegna verkja í hálsi, brjóstbaki og vinstra hné eftir umrætt slys. Mætti hún samtals í 44 meðferðartíma hjá sjúkrahjálfa á tímabilinu frá 25.8.2014 - 3.2.2016. Hinn 2. júlí 2015 undirritaði M umboð hjá lögmanni vegna slyssins, þar sem lögmanninum var veitt umboð til að gæta hagsmuna M vegna afleiðinga slyssins. M leitaði til heimilislæknis 3.2.2016 vegna verkja í hálsi eftir slysið og fékk þá nýja beiðni í sjúkrahjálfun. Slysið var tilkynnt til V í ágúst 2016. M hefur gengist undir mat á varanlegum afleiðingum slyssins hjá Sjúkratryggingum Íslands og var metin með 5% varanlega læknisfræðilega örorku vegna einkenna frá hálsi skv. örorkumatgerð dags. 16.7.2017.

M byggir á því að henni hafi ekki verið orðið ljóst að afleiðingar slyssins væru varanlegar fyrr en í júní 2016, þegar hún leitaði til heimilislæknis vegna einkenna í hálsi, eða 3. febrúar 2016 þegar meðferð lauk hjá sjúkrahjálfa. V hafnaði bótaskyldu og vísaði til þess að M hefði glatað rétti sínum til bóta skv. 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 sökum þess hversu seint hún tilkynnti slysið. Telur V að M hafi mátt vera ljóst um varanlegar afleiðingar slyssins og að tilkynningarfrestur skv. framangreindu ákvæði hafi byrjað að líða þann þann 2.7.2015, þegar M undirritaði umboð hjá lögmanni vegna slyssins.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysatryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð til vátryggingafélags innan árs frá því að hann fékk vitneskju um atvik sem hún er reist á. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að M hafi mátt vera ljóst að afleiðingar slyssins væru varanlegar þann 2.7.2015, þegar hún leitaði til lögmanns og undirritaði umboð hjá honum umboð vegna slyssins. Tilkynningarfrestur skv. 1. mgr. 124. gr. vsl. var því liðinn þegar M tilkynnti slysið til V í ágúst 2016.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 6. febrúar 2018

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 421/2017**M****vátryggingafélagið V vegna innbústryggingar fjölskyldutryggingar.****Takmörkun ábyrgðar vátryggingafélags vegna innbrots 13.10.2017.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, móttakið 28.12.2017.

Bréf V, dags. 12.1.2018.

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að brotist hafi verið inn í íbúð M og skv. rannsókn lögreglu og upplýsingum í lögregluskýrslu virðist hafa verið farið inn um glugga í þvottahúsi á húsi M og þannig inn í íbúð. V hefur fallist á bótaskyldu en takmarkað ábyrgð sína um fjórðung vegna brots á varúðarreglu í vátryggingarskilmálum.

M telur að aðferðin sem notuð var til að brjótast inn til hennar hafi verið þannig að gluggi hafi verið eyðilagður og verkfæri hafi þurft til að komast inn. M vísar til þess að glugginn hafi verið læstur og því hafi ekki verið um brot á varúðarreglu að ræða. Einnig vísar M til samtala við fulltrúa annarra vátryggingafélaga vegna sambærilegra mála.

V vísar til þess að í varúðarreglu í gr. 4.5.7 í vátryggingarskilmálum komi fram að læsa skuli íbúðarhúsum og loka öllum gluggum og krækja aftur. Af gögnum málsins megi hins vegar ráða að glugginn hafi ekki verið kræktur aftur heldur læstur með um 3 cm opi. Verði að meta það sem brot á umræddri varúðarreglu og leiði það til fjórðungs skerðingar á bótarétti M.

Álit.

Í fjölskyldutryggingu þeirri sem M hefur í gildi hjá V er í gr. 4.5.7 að finna fyrrnefnda varúðarreglu sem segir að vátryggður skuli sjá til þess að íbúðarhús sé alltaf læst og öllum gluggum lokað og þeir kræktir aftur þegar enginn er þar. Samkvæmt 26. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga getur vátryggingafélag ekki borið fyrir sig varúðarreglu eins og hér um ræðir ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt lagagrein þessari borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Af gögnum málsins má vera ljóst að brotist var inn í íbúðarhús þar sem gluggi var ekki lokaður að fullu þannig að hann er kræktur aftur. Það verður að líta svo á að þannig ekki verið farið eftir varúðarreglunni skv. orðanna hljóðan. Varúðarregla sem þessi hefur mikla þýðingu til að afstýra hættu á innbroti. Þegar til þessa er litið og þess að á glugga í húsnæði M var gluggi þannig opinn að hægt var að spenna hann upp með verkfærum verður ekki hjá því litið að sök vátryggðs sé einhver og því sé rétt að skerða bætur til hans að hluta. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skerða bætur um 1/4 hluta og hann eigi því rétt á bótum að 3/4 hlutum og hefur því fengið tjón sitt bætt að fullu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna innbrots úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V en V er heimilt að takmarka ábyrgð sína um ¼ hluta.

Reykjavík, 6. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 422/2017**M****vátryggingafélagið V v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.****Ágreiningur um rétt til bóta vegna tímabundins atvinnutjóns.****Gögn.**

Málskot, móttakið 28.12.2017, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum.
Bréf V, dags. 30.1.2018.

Málsatvik.

M varð fyrir líkamstjóni 24. maí 2017 er árekstur varð með bifhjóli sem hann stjórnaði og A. Vegna afleiðinga slyssins var M metinn óvinnufær til 31. ágúst 2017. Hann mun á slysdegi hafa verið í fæðingarorlofi vegna barns sem fæddist í febrúar 2017, en mun annars hafa verið í fullu námi í háskóla. Í málinu liggja fyrir tvær yfirlýsingar B, frænda M, um að hann hafi ráðið M tímabundið í almenna byggingarvinnu frá 29. maí 2017 til 1. september sama árs. Hafi M m.a. átt að vinna við húsaviðgerðir og plötuuppslátt og umsamin laun hafi verið 2.600 krónur á dagvinnutaxta og vinnutími átt að vera frá 7:30 til 17:00 alla virka daga en ekki skyldi unnið um helgar. Samkvæmt því sem fram kemur í gögnum málsins mun B ekki hafa ráðið neinn til starfa í stað M þegar ljóst var að hann forfallaðist af völdum slyssins, en að sögn B mun ráðning M hafa verið af greiðasemi við M. Samkvæmt gögnum frá ríkisskattstjóra hafði B eigin atvinnurekstur með höndum samkvæmt skráningu 28. febrúar 2015 undir atvinnugreinaflokkuninni „uppsetning innréttinga“.

Vegna þess tekjumissis sem M telur sig hafa orðið fyrir við að hafa misst af starfinu hjá B hefur hann krafist bóta fyrir tímabundið atvinnutjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V. V hefur hafnað bótakröfunni.

Álit.

Engin skriflegur samningur liggur fyrir í málinu um hina tímabundnu ráðningu M hjá B sem gæti tekið af tvímæli um að það væri á rökum reist að M hefði ráðið sig til starfa hjá B áður en slysið varð, né heldur önnur gögn sem sýnt geta fram á að svo hafi verið. Þá liggja heldur engin gögn fyrir um starfsemi og umfang reksturs B sem gert gætu sennilegt að ráðningin gæti hafa átt við rök að styðjast. Af virtum gögnum málsins verður ekki talið nægilega sannað að M hafi orðið fyrir tímabundnu atvinnutjóni af völdum slyssins 24. maí 2017. Við svo búið á hann ekki rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum fyrir tímabundið atvinnutjón úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 27. febrúar 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 423/2017
M og
V-1 v. Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs E og
V-2 v. Ábyrgðartryggingar atvinnureksturs J
Stroffa í krana slitnaði og skemmdir urðu á palli vörubifreiðar þ. 17.5.2017

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr.1-4
2. Bréf V-1 dags. 12.1.2018 ásamt fylgiskjölum 1-3.
3. Bréf V-2 dags. 10.1.2018

Málsatvik.

Vörubifreið í eigu M flutti steypustyrktarjárn á vinnustað E. Við hífingu járns af pallinum var notaður krani og stroffur í eigu E, en starfsmaður sem setti stroffur utan um járníð var starfsmaður J. Þegar járníð var híft slitnaði stroffan og lenti hlassið á pall vörubifreiðarinnar og hlaust af því talsvert tjón. M krefst bóta úr frjálstri ábyrgðartryggingu E og J og segir ljóst, að um bótaskyldan atburð sé að ræða hvort sem E verði talin bera ábyrgð á því eða J vegna starfsmanns frá J sem setti stroffuna utan um járníð. V-1 hafnar bótaskyldu v. E og segir að starfsmaður J hafi slegið á tvö járnþúnt, sem voru í stroffum sem slitnuðu og hafi hann sett stroffuna í gegn um annað augað utan um járnþúntið í stað beggja en við það hafi burðargetan minnkað verulega. V-1 segir að starfsmaður J hafi valið stroffurnar og sett þær á og því framkvæmt verkið með röngum hætti. V-1 telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi hjá E og starfsmenn E ekkert gert rangt. V-2 hafnar bótaskyldu vegna J og segir að ekki hafi verið farið eftir hefðbundnum og formlegum leiðum þegar starfsmaður J var fenginn til að aðstoða við affermingu. V-2 segir að engar upplýsingar liggi fyrir í málinu um háttsemi starfsmanns J við framkvæmd verksins. V-2 hafnar því að starfsmaður J hafi farið rangt að við framkvæmd verksins og segir engin gögn liggja fyrir um það nema fullyrðingar E. V-2 segir að vinnuveitandi beri einungis ábyrgð á saknæmri háttsemi starfsmanns ef skaðaverkið sé unnið í tengslum við framkvæmd starfs sem starfsmaðurinn er ráðinn til að gegna. Starfsmaður J hafi ekki verið ráðinn til að aðstoða við affermingu og það hafi ekki verið í neinum tengslum við starf hans heldur greiðasemi við starfsmenn E. V-2 segir E hafa borið ábyrgð á verkinu. Þegar um sé að ræða lán á starfsmönnum þá beri leigutakinn ábyrgð á saknæmri háttsemi þeirra. Þá telur V-2 að um óhappatilvik sé að ræða og tjónið því ekki bótaskyld.

Álit.

E hafði alfarið með affermingu vörubifreiðarinnar að gera. Þeir sem unnu að affermingjunni lutu verkstjórn og skipunarvaldi E. Þó svo að fenginn hafi verið starfsmaður frá J til að hjálpa til við afferminguna, leysir það ekki E undan ábyrgð á framkvæmd verksins. Ekki liggur annað fyrir en að vírstroffa hafi gefið sig og E heldur því fram að það hafi verið vegna þess að stroffan hafi verið sett í gegn um annað augað utan um járnþúntið í stað beggja en við það hafi burðargetan minnkað verulega. Þó á það skorti að fullnægjandi gögn hafi verið lögð fram um þetta atriði, þá má byggja á því hvað E varðar. Að því virtu þá ber E ábyrgð á því gagnvart M að ekki var staðið rétt að framkvæmd verksins og ber ábyrgð á þeim starfsmönnum sem E fékk til að vinna verkið, sem sannanlega var á vegum E. E hafði skipunarvald yfir þeim starfsmönnum sem unnu að affermingu og hafði með verkstjórn að gera og bera þegar af þeirri ástæðu ábyrgð gagnvart M á þeim starfsmönnum sem unnu við verkið.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr frjálstri ábyrgðartryggingu E hjá V.

Reykjavík 6.2. 2018.

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon lögmaður.